ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 11

31. árgangur

1.2.2024

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

**2024/EES/11/01** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2123 frá 30. nóvember 2016 um samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir almenn tilflutningsleyfi fyrir heri og innkaupastofnanir, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB ..... 1

**2024/EES/11/02** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2124 frá 30. nóvember 2016 um samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir almenn tilflutningsleyfi fyrir vottaða viðtakendur, eins og um getur í 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB ..... 5

**2024/EES/11/03** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2077 frá 10. nóvember 2017 um breytingu á ákvörðun 2005/50/EB um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu ..... 9

**2024/EES/11/04** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1230 frá 31. maí 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar hlutlægu viðbótarviðmiðanirnar fyrir beitingu ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalls lausafjár vegna ónotaðra lána eða lausafjárfyrirgreiðslu innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis ..... 11

**2024/EES/11/05** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1475 frá 2. október 2018 um lagaramma um Evrópsku samstöðusveitina og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1288/2013, reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 og ákvörðun nr. 1313/2013/ESB ..... 15

**2024/EES/11/06** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/743 frá 16. maí 2018 um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda þeim ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn ..... 35

**2024/EES/11/07** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/896 frá 19. júní 2018 um aðferðafræði fyrir útreikning á árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti og um breytingu á ákvörðun 2005/270/EB ..... 39

**2024/EES/11/08** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/519 frá 3. apríl 2020 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir úrgangsstjórnunargeirann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ..... 44

**2024/EES/11/09** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2031 frá 12. nóvember 2019 um að fastsetja niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna matvæla-, drykkjarvöru- og mjólkuriðnaðarins ..... 93

**2024/EES/11/10** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1106 frá 24. júlí 2020 um skipulagningu tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB og 2002/57/EB að því er varðar hlutfall opinbers eftirlits vegna akurskoðunar undir opinberu eftirliti á stofnfræi, kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi og vottuðu fræi ..... 127

**2024/EES/11/11** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2166 frá 17. desember 2020 um að ákvarða uppboðshlutdeild aðildarríkja í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á tímabilinu 2021–2030 ..... 131

**2024/EES/11/12** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1211 frá 22. júlí 2021 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 ..... 135

**2024/EES/11/13** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1839 frá 15. október 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kreósóti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ..... 154

**2024/EES/11/14** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2146 frá 3. desember 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir N,N-díetýl-m-tólúamíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 ..... 156

**2024/EES/11/15** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2148 frá 3. desember 2021 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna Oxybio í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 158

**2024/EES/11/16** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2149 frá 3. desember 2021 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði bráðabirgðaleyfis fyrir sæfivöru sem inniheldur 5-klóró-2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón (C(M)IT) sem Frakkland vísaði áfram í samræmi við 1. mgr. 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 .... 162

**2024/EES/11/17** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/300 frá 19. febrúar 2019 um að koma á almennri áætlun um krísustjórnun á sviði öryggis matvæla og fóðurs ..... 165

**2024/EES/11/18** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2166 frá 3. desember 2021 um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Teknol Aqua 1411-01 í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 176

**2024/EES/11/19** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/146 frá 1. febrúar 2022 um að ákvarða hvort vara sem inniheldur alkýl(C12–16)-dímetýlbensýlammóníumklóríð sé sæfivara skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ..... 179

**2024/EES/11/20** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/665 frá 17. apríl 2019 um breytingu á ákvörðun 2005/270/EB þar sem mælt er fyrir um eyðublöð fyrir gagna-grunnskerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang ..... 182

**2024/EES/11/21** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/986 frá 23. júní 2022 um að samþykkja ekki N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ..... 203

**2024/EES/11/22** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/120 frá 26. janúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2002/840/EB um samþykkt skrár yfir stöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu til að geisla matvæli ..... 205

**2024/EES/11/23** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1316 frá 25. júlí 2022 um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir ..... 210

**2024/EES/11/24** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1451 frá 13. júlí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 að því er varðar tilkynningar um sjúkdóma og upplýsingar sem aðildarríkin skulu leggja fram varðandi samþykki fyrir og skýrslugjöf um skyldubundnar og valkvæðar útrýmingaráætlanir og í umsóknum um sjúkdómalausa stöðu ..... 214

**2024/EES/11/25** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2503 frá 19. desember 2022 um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 að því er varðar hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með lifandi samlokum, lagar-afurðum eða í tengslum við útfjólublá geislun ..... 223

**2024/EES/11/26** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1646 frá 23. september 2022 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni ásamt bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim, um sértækt innihald landsbundinna eftirlitsáætlana til margra ára og sértækar ráðstafanir vegna undirbúnings þeirra ..... 227

**2024/EES/11/27** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1329 frá 29. júní 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólýglýserólpólýrísínóleati (E 476) og viðaukanum við reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar fyrir glýseról (E 422), pólýglýserólestera af fitusýrum (E 475) og pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) ..... 241

**2024/EES/11/28** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1428 frá 7. júlí 2023 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471) ..... 251

**2024/EES/11/29** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1333 frá 29. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og fráfærugrísi (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1811/2005 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1259/2004 ..... 257

**2024/EES/11/30** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1195 frá 20. júní 2023 um reglur um einstök atriði og snið upplýsinga sem aðildarríkin skulu láta í té um niðurstöður úr opinberum rannsóknum á tilvikum mengunar af völdum vara eða efna sem eru ekki leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu ..... 262

**2024/EES/11/31** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1202 frá 21. júní 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið ..... 266

**2024/EES/11/32** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1581 frá 1. ágúst 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu óleóresínum úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni ..... 271

**2024/EES/11/33** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1582 frá 1. ágúst 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu 3'-síalýllaktósanatríumsalti sem er framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3) ..... 275

**2024/EES/11/34** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1583 frá 1. ágúst 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu laktó-N-neótetraósa (af örverufræðilegum uppruna) ..... 280

**2024/EES/11/35** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1627 frá 10. ágúst 2023 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 að því er varðar leyfi fyrir efninu bis(2-etýlhexýl)sýklóhexan-1,4-díkarboxýlati (FCM nr. 1079) ..... 284

**2024/EES/11/36** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1396 frá 11. ágúst 2022 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar tilvist etýlenoxíðs í matvælaaukefnum ..... 287

**2024/EES/11/37** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/972 frá 10. maí 2023 um leyfi til að setja á markað vatnskenndan etanólútdrátt úr *Labisia pumila* sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ..... 290

**2024/EES/11/38** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1766 frá 29. júní 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 658/2014 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum, með tilliti til verðbólgu, sem greiða ber til Lyfjastofnunar Evrópu vegna framkvæmdar á lyfjagátarstarfsemi að því er varðar mannalyf ..... 296

**2024/EES/11/39** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/409 frá 18. nóvember 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar lágmarksinnihald kalsíumoxíðs í eingildum, föstum, ólífrænum áburði með megin-næringarefnum ..... 298

**2024/EES/11/40** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/464 frá 3. mars 2023 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni, í því skyni að laga hann að tækniframförum ..... 300

**2024/EES/11/41** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/689 frá 20. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, Cydia pomonella-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram ..... 314

**2024/EES/11/42** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/918 frá 4. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin aklónífen, ametóktradín, beflúbútamíð, benþíavalíkarb, boskalíð, kaptan, kletódím, sýkloxýdím, sýflúmetófen, dasómet, díklófóp, dímetómorf, etefón, fenasakín, flúópíkólíð, flúoxastróbín, flúrklóridón, fólpet, formetanat, *Helicoverpa armigera*-kjarnmargflötungaveiru, hýmexasól, indólýlsmjörsýru, mandíprópamíð, metalaxýl, metaldehýð, metam, metasaklór, metríbúsín, milbemektín, paklóbútrasól, penoxsúlam, fenmedífam, pírimífosmetýl, própamókarb, prókínasíð, próþíókónasól, S-metólaklór, *Spodoptera littoralis*-kjarnmargflötungaveiru, *Trichoderma asperellum* af stofni T34 og *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237 ..... 320

**2024/EES/11/43** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1020 frá 20. júní 2019 um markaðseftirlit og samræmi vara við kröfur og um breytingu á tilskipun 2004/42/EB og reglugerðum (EB) nr. 765/2008 og (ESB) nr. 305/2011 ..... 326

**2024/EES/11/44** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1121 frá 8. júlí 2021 þar sem tilgreindar eru upplýsingar um tölfræðileg gögn, sem aðildarríkin eiga að leggja fram að því er varðar eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, með tilliti til öryggis og samræmi vara ..... 370

**2024/EES/11/45** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1267 frá 20. júlí 2022 um að tilgreina verklagsreglur við tilnefningu prófunarstöðva Sambandsins vegna markaðseftirlits og sannprófunar á samræmi vöru við kröfur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1020 ..... 372

**2024/EES/11/46** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344 ..... 374

**2024/EES/11/47** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ..... 410

**2024/EES/11/48** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2014 frá 18. júlí 2014 um ítarlegar reglur um álagningu sekta og févíta og um afturköllun viðurkenninga stofnana sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit skv. 6. og 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 ..... 423

**2024/EES/11/49** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/492 frá 25. mars 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 391/2009 að því er varðar útgöngu Bretlands úr Sambandinu ..... 436

**2024/EES/11/50** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1355/2014 frá 17. desember 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 391/2009 að því er varðar samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á tilteknum kóðum og tilheyrandi breytingum á tilteknum samningum og bókunum ..... 438

**2024/EES/11/51** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ..... 443

**2024/EES/11/52** Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/111/ESB frá 17. desember 2014 um breytingu á tilskipun 2009/15/EB að því er varðar samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á tilteknum kóðum og tilheyrandi breytingum á tilteknum samningum og bókunum ..... 453

**2024/EES/11/53** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. september 2009 um að framlengja án takmarkana viðurkenningu á pólskri skipaskrá í Bandalaginu ..... 458

**2024/EES/11/54** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. desember 2013 um breytingu á viðurkenningu Det Norske Veritas samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 um sameiginlegar reglur og staðla um stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ..... 460

**2024/EES/11/55** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. maí 2014 um að veita króatískri skipaskrá ESB-viðurkenningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ..... 462

**2024/EES/11/56** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/668 frá 24. apríl 2015 um breytingu á viðurkenningu tiltekinna stofnana í samræmi við 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 ..... 464

**2024/EES/11/57** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1327 frá 1. ágúst 2016 um að veita indverskri skipaskrá ESB-viðurkenningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ..... 466

**2024/EES/11/58** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 100/2013 frá 15. janúar 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu .... 468

**2024/EES/11/59** Reglugerð evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1625 frá 14. september 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu .... 479

**2024/EES/11/60** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1152 frá 12. júní 2023 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ..... 482

**2024/EES/11/61** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/917 frá 4. maí 2023 um leiðréttingu á pólsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 651/2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans ..... 484

**2024/EES/11/62** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/789 frá 17. apríl 2019 um reglur um nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem gilda um tilteknar netútsendingar útvarpsfyrirtækja og endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis og um breytingu á tilskipun ráðsins 93/83/EBE ..... 485

**2024/EES/11/63** Tilskipun evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB ..... 495

**2024/EES/11/64** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/958 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og viðeigandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdar ráðstöfunar ..... 529

**2024/EES/11/65** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/136 frá 18. janúar 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar tilkynningu um jöfnun er varðar hnattræna markaðstengda ráðstöfun fyrir umráðendur loftfara með staðfestu í Sambandinu ..... 548

**2024/EES/11/66** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/957 frá 10. maí 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/757 til að gera það kleift að fella sjóflutningastarfsemi inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og varðandi vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun fleiri gróðurhúsalofttegunda og losun frá fleiri tegundum skipa ..... 552

**2024/EES/11/67** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og ákvörðun (ESB) 2015/1814 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda ..... 562

**2024/EES/11/68** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/852 frá 19. apríl 2023 um breytingu á ákvörðun (ESB) 2015/1814 að því er varðar fjölda losunarheimilda sem skal setja í markaðsstöðugleikavarasjóðinn fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda fram til 2030 ..... 631

**2024/EES/11/69** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2526 frá 23. september 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 að því er varðar bráðabirgðageymslu kvikasilfursúrgangs í vökvaformi ..... 635

**2024/EES/11/70** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1327 frá 23. júní 2023 um að veita heitinu „Canelli“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ..... 637

**2024/EES/11/71** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1418 frá 30. júní 2023 um að veita heitinu „Pic Saint-Loup“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ..... 638

**2024/EES/11/72** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/661 frá 26. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/750 um samræmingu á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Sambandsins að því er varðar rýmkun ákvörðunarinnar þannig að hún taki til samhæfðra tíðnisviða 1427-1452 MHz og 1492-1517 Mhz ..... 640

**2024/EES/11/73** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/256 frá 16. desember 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 að því er varðar að koma á hlaupandi áætlanagerð til margra ára ..... 647

**2024/EES/11/74** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1640 frá 12. ágúst 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti breytna í sérstöku viðfangsefni 2022 „færni í starfi“ og þeirra breytna sem er safnað áttunda hvert ár um „lífeyri og þátttöku á vinnumarkaði“ á sviði vinnuafls ..... 655

**2024/EES/11/75** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/466 frá 17. nóvember 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti breytna á sviðinu „tekjur og lífskjör“ að því er varðar heilbrigði og lífsgæði 658

**2024/EES/11/76** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/944 frá 17. janúar 2023 um breytingu og leiðréttingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 að því er varðar tilteknar kröfur um gagnsæi sem gilda um viðskipti með hlutabréfagerninga ..... 662

**2024/EES/11/77** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/945 frá 17. janúar 2023 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/583 að því er varðar tilteknar kröfur um gagnsæi sem gilda um viðskipti með aðra gerninga en hlutabréfagerninga ..... 678

**2024/EES/11/78** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/960 frá 1. febrúar 2023 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/588 að því er varðar árlegan gildistökudag útreikninganna á meðalfjölda viðskipta á dag með hlutabréf, heimildarskírteini og kauphallarsjóði að því er varðar verðskref ..... 779

**2024/EES/11/79** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1442 frá 11. júlí 2023 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli að því er varðar breytingar á leyfum fyrir efnum og viðbót nýrra efna ..... 781

**2024/EES/11/80** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/669 frá 24. apríl 2015 um niðurfellingu á ákvörðun 2007/421/EB um birtingu skrár yfir viðurkenndar stofnanir sem aðildarríkin hafa tilkynnt um í samræmi við tilskipun ráðsins 94/57/EB ..... 795

**2024/EES/11/81** Skrá yfir stofnanir sem eru viðurkenndar á grunni reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ..... 796

**2024/EES/11/82** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1575 frá 27. júlí 2023 um heildarfjölda losunarheimilda í Sambandinu sem gefa skal út samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir fyrir árið 2024 ..... 797

**2024/EES/11/83** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1642 frá 14. júní 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 að því er varðar nútímavæðingu reksturs á skrá Sambandsins ..... 799

**2024/EES/11/84** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2297 frá 26. október 2023 um að tilgreina aðliggjandi gámaumfermingarhafnir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ..... 808

**2024/EES/11/85** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2599 frá 22. nóvember 2023 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar stjórnun stjórnsýsluyfirvalda, að því er varðar skipafélag, á skipafélögum ..... 811

**2024/EES/11/86** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2776 frá 12. október 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 að því er varðar reglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og öðrum viðeigandi upplýsingum frá sjóflutningum ..... 816

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III ESB-STOFNANIR**

**1. Framkvæmdastjórnin**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

**TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2123** **2024/EES/11/01**

**frá 30. nóvember 2016**

**um samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir almenn tilflutningsleyfi fyrir heri og innkaupastofnanir, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB**

*(tilkynnt með númeri C(2016) 7711)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 5 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB ([1]) ber aðildarríkjum skylda til að birta a.m.k. fjögur almenn tilflutningsleyfi.

2) Almenn tilflutningsleyfi eru lykilþáttur í því einfaldaða leyfisveitingakerfi sem er innleitt með tilskipun 2009/43/EB.

3) Mismunur á gildissviði almennra tilflutningsleyfa sem aðildarríki birta, að því er varðar varnartengdar vörur sem falla undir það, og mismunandi skilyrðum fyrir tilflutningi á þessum vörum, gæti hindrað framkvæmd tilskipunar 2009/43/EB og að markmiðum hennar um einföldun verði náð. Samræming gildissviðs og skilyrða fyrir tilflutningum samkvæmt almennu tilflutningsleyfunum, sem aðildarríki birta, er mikilvæg til að tryggja aðdráttarafl og notkun þessara leyfa.

4) Fulltrúar aðildarríkjanna í nefndinni sem komið var á fót skv. 14. gr. tilskipunar 2009/43/EB hafa gefið til kynna að samræming gildissviðs og skilyrða fyrir tilflutningum samkvæmt almennu tilflutningsleyfunum, sem aðildarríki birta, gæti náðst með því að samþykkja tilmæli framkvæmdastjórnarinnar.

5) Þær viðmiðunarreglur sem settar eru fram í þessum tilmælum eru niðurstöður úr samningaviðræðum við aðildarríki varðandi samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir tilflutningi samkvæmt almenna tilflutningsleyfinu fyrir heri og innkaupastofnanir, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/43/EB.

6) Litið er á þessi tilmæli sem grundvöll fyrir almennu tilflutningsleyfunum fyrir heri og innkaupastofnanir, sem aðildarríki birta. Varnartengdu vörurnar, sem tilgreindar eru í lið 1.1 í þessum tilmælum, tákna lágmarksskrá, sem er ekki tæmandi, yfir vörur sem aðildarríki leyfa tilflutning á samkvæmt almenna tilflutningsleyfinu þeirra fyrir heri og innkaupastofnanir. Þetta þýðir að almenna tilflutningsleyfið fyrir heri og innkaupastofnanir, sem aðildarríki birtir, getur einnig veitt heimild til tilflutnings á öðrum varnartengdum vörum sem skráðar eru í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB en eru ekki tilgreindar í þessum tilmælum.

7) Aðildarríkin minna á að þau eru bundin skyldum samkvæmt evrópskum lögum, svo sem sameiginlegri afstöðu ráðsins 2008/944/SSUÖ ([2]) og alþjóðlegum skuldbindingum á sviði útflutningseftirlits.

8) Tilmæli þessi gilda um sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB. Tilmæli þessi verða uppfærð þegar nauðsynlegt er til þess að endurspegla framtíðaruppfærslur á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 329, 3.12.2016, bls. 101. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 30.1.2020, bls. 34.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1).

([2]) Sameiginleg afstaða ráðsins 2008/944/SSUÖ frá 8. desember 2008 um skilgreiningu á sameiginlegum reglum um eftirlit með útflutningi á hernaðarlegri tækni og búnaði (Stjtíð. ESB L 335, 13.12.2008, bls. 99).

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

1. ALMENN TILFLUTNINGSLEYFI FYRIR HERI OG INNKAUPASTOFNANIR, EINS OG UM GETUR Í A-LIÐ 2. MGR. 5. GR. TILSKIPUNAR 2009/43/EB

1.1. **Varnartengdar vörur sem heimilt er að flytja samkvæmt almenna tilflutningsleyfinu fyrir heri og innkaupastofnanir, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/43/EB**

Eftirfarandi ML-flokkar, með undirliðum, eru hluti skrárinnar yfir varnartengdar vörur sem mælt er fyrir um í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB. Almenna tilflutningsleyfið fyrir heri og innkaupastofnanir, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar, skal, að lágmarki, heimila flutning á varnartengdum vörum sem tilgreindar eru í ML-flokkunum hér að neðan. Aðildarríki geta valið að bæta við fleiri ML-flokkum með samsvarandi varnartengdum vörum í almennu tilflutningsleyfin sín fyrir heri og innkaupastofnanir.

Skrá yfir ML-flokka sem leyfið þarf að ná yfir að lágmarki:

— ML4, a- og b-liður. Allar vörur eru innifaldar nema:

  — jarðsprengjur og tundurdufl,

  — klasasprengjur, sprengifimar smásprengjur og dreifisprengjur og sérhannaðir íhlutir þeirra,

  — riffilsprengjur og handsprengjur,

  — tundurskeyti, tundurskeyti án sprengjuodda og tundurskeytahylki,

  — sprengjur,

  — markstýrð, ómarkstýrð og önnur skeyti (eldflaugar, flugskeyti, handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS) o.s.frv.),

  — sprengibúnaður fyrir fótgönguliða, viðloðunar- og holuhleðslur.

  Að því er varðar þessi vopn, er eftirtalið einnig undanskilið:

  — sprengjuoddar og sprengjuhleðslur,

  — kveikjuhleðslur,

  — markgreiningaroddar, stýrikerfi, miðunarbúnaður,

  — stök eldflaugaþrep,

  — endurinnkomugeimfarartæki,

  — hreyflar,

  — stýrikerfi þrýststefnu (e. *thrust vector control systems*)

  — skotkerfi og skotbúnaður,

  — kerfi fyrir lagningu, ginningu, truflun eða splundrun,

  — sérhannaðir íhlutir fyrir handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS).

— ML5. Allar vörur eru innifaldar nema:

  — hlutir til gagnaðgerða,

  — íhlutir og búnaður sem er undanskilinn öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

— ML6. Allar vörur eru innifaldar nema:

  — fullbúin ökutæki,

  — undirvagnar og byssustæði,

  — íhlutir og búnaður sem er undanskilinn öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

— ML7, g-liður.

— ML9. Allar vörur nema:

  — fullgerð skip og kafbátar

  — leitartæki undir yfirborði vatns/sjávar og sérhannaðir íhlutir í þau,

  — kerfi með knúningsafl óháð lofti fyrir kafbáta og sérhannaðir íhlutir í þau,

  — heilir skipsskrokkar,

  — hlutir til gagnaðgerða,

  — íhlutir og búnaður sem er undanskilinn öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

— ML10. Allar vörur nema:

  — fullgerð loftför,

  — fullgerð ómönnuð loftför (UAV) og íhlutir sem eru sérhannaðir eða hefur verið breytt sérstaklega fyrir ómönnuð loftför,

  — bolir orrustuflugvéla og orrustuþyrlna,

  — hreyflar fyrir orrustuflugvélar,

  — íhlutir og búnaður sem er undanskilinn öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

— ML11, a-liður. Einungis eftirtaldar vörur:

  — stýri- og leiðsögubúnaður, að undanskildum kerfum fyrir handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS) eða kerfi sem skilgreind eru í I. flokki Eftirlitskerfisins með flugskeytatækni (MTCR I),

  — sjálfvirk skipana- og stjórnkerfi.

— ML13, c- og d-liður.

— ML14. Allar vörur nema þjálfar fyrir handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS).

— ML15, b-, c-, d- og e-liður.

— ML16. Allar vörur nema:

  — hlutir sem varða handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS),

  — allir hlutir sem varða vörur, sem ekki er leyft að flytja út með sama almenna tilflutningsleyfinu.

— ML17, a-, b-, d-, e-, j-, k-, l-, m-, n-, o- og p-liður. Allar vörur nema:

  — n-liður: prófunarlíkön eru undanskilin ef þau eru sérhönnuð fyrir þróun hluta sem taldir eru upp í ML4, ML6, ML9 eða ML10, sem og sérhannaðir íhlutir fyrir þessi prófunarlíkön.

— ML21, a- og b-liður. Einungis eftirtaldar vörur og einungis ef þær eru leyfðar í öðrum flokkum í sama almenna leyfinu:

  a) „hugbúnaður“ sem er sérhannaður eða breyttur fyrir eitthvað af eftirtöldu:

    1. rekstur eða viðhald búnaðar sem mælt er fyrir um í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB,

  b) sérstakur „hugbúnaður“, annar en sá sem tilgreindur er í ML21.a, sem hér segir:

    1. „hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður til líkanagerðar, hermunar eða mats á hervopnakerfum,

    4. „hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður fyrir skipanir, fjarskipti, stjórnun og greiningarstarfsemi (C3I) eða skipanir, fjarskipti, stjórnun, tölvumeðferð og greiningarstarfsemi (C4I).

— ML22, a-liður. Öll tækni önnur en sú sem er nauðsynleg til þróunar og framleiðslu og einungis ef hún er leyfð í öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

1.2. **Skilyrði sem felld skulu inn í almenna tilflutningsleyfið fyrir heri**

Eftirfarandi skrá yfir skilyrði er ekki tæmandi. Samt sem áður skulu önnur skilyrði, sem aðildarríki hefur bætt inn í almennt tilflutningsleyfi fyrir heri og innkaupastofnanir, ekki stangast á við eða grafa undan neðangreindum skilyrðum.

— Landfræðilegt gildissvæði: Evrópska efnahagssvæðið (ESB 28 + Ísland og Noregur ([1])).

— Endurtekinn tilflutningur innan EES er leyfður án fyrirframeftirlits; einungis væri hægt að krefjast skýrslu eftir á.

— Almenna tilflutningsleyfið fyrir heri og innkaupastofnanir er ætlað til endanlegrar notkunar þar til bærra viðtakenda, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/43/EB. Sölur sem eiga sér stað síðar og sem ekki er vitað um þegar tilflutningur hefst teljast nýr útflutningur. Að því er varðar nýjan útflutning er það skylda lögbærs yfirvalds í viðtökuaðildarríkinu að stýra útflutningi eða tilflutningi sem settur er af stað með sölu sem á sér stað síðar og sem ekki er vitað um þegar tilflutningur hefst.

— Að því er varðar sannprófun, sem fer fram eftir á í samræmi við almenna tilflutningsleyfið fyrir heri og innkaupastofnanir, ættu aðildarríki að tryggja að birgjar gefi skýrslu um notkun almenna tilflutningsleyfisins fyrir heri og innkaupastofnanir, í samræmi við kvaðir um lágmarksskýrslugjöf, eins og tilgreint er í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/43/EB.

2. EFTIRFYLGNI

Aðildarríkin eru hvött til að koma tilmælum þessum í framkvæmd eigi síðar en 1. júlí 2017.

Aðildarríkin eru hvött til þess að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að koma þessum tilmælum til framkvæmda.

3. VIÐTAKENDUR

Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Elżbieta BIEŃKOWSKA

*framkvæmdastjóri*

([1]) Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013 frá 14. júní 2013 (Stjtíð. ESB L 318, 28.11.2013, bls. 12), sem felldi tilskipun 2009/43/EB inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, innihélt afdráttarlausan aðlögunartexta:*„Tilskipun þessi gildir ekki um Liechtenstein“*.

**TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2124** **2024/EES/11/02**

**frá 30. nóvember 2016**

**um samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir almenn tilflutningsleyfi fyrir vottaða viðtakendur, eins og um getur í 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB**

*(tilkynnt með númeri C(2016) 7728)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 5 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB ([1]) ber aðildarríkjum skylda til að birta a.m.k. fjögur almenn tilflutningsleyfi.

2) Almenn tilflutningsleyfi eru lykilþáttur í því einfaldaða leyfisveitingakerfi sem er innleitt með tilskipun 2009/43/EB.

3) Mismunur á gildissviði almennra tilflutningsleyfa sem aðildarríki birta, að því er varðar varnartengdar vörur sem falla undir það, og mismunandi skilyrðum fyrir tilflutningi á þessum vörum, gæti hindrað framkvæmd tilskipunar 2009/43/EB og að markmiðum hennar um einföldun verði náð. Samræming gildissviðs og skilyrða fyrir tilflutningum samkvæmt almennu tilflutningsleyfunum, sem aðildarríki birta, er mikilvæg til að tryggja aðdráttarafl og notkun þessara leyfa.

4) Fulltrúar aðildarríkjanna í nefndinni sem komið var á fót skv. 14. gr. tilskipunar 2009/43/EB hafa gefið til kynna að samræming gildissviðs og skilyrða fyrir tilflutningum samkvæmt almennu tilflutningsleyfunum, sem aðildarríki birta, gæti náðst með því að samþykkja tilmæli framkvæmdastjórnarinnar.

5) Þær viðmiðunarreglur sem settar eru fram í þessum tilmælum eru niðurstöður úr samningaviðræðum við aðildarríki varðandi samræmingu gildissviðs og skilyrða fyrir tilflutningi samkvæmt almenna tilflutningsleyfinu fyrir viðtakendur sem hafa verið vottaðir, í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2009/43/EB.

6) Litið er á þessi tilmæli sem grundvöll fyrir almennu tilflutningsleyfunum fyrir vottaða viðtakendur, sem aðildarríki birta. Varnartengdu vörurnar, sem tilgreindar eru í lið 1.1 í þessum tilmælum, tákna lágmarksskrá, sem er ekki tæmandi, yfir vörur sem aðildarríki leyfa tilflutning á samkvæmt almenna tilflutningsleyfinu þeirra fyrir vottaða viðtakendur. Þetta þýðir að almenna tilflutningsleyfið fyrir vottaða viðtakendur, sem aðildarríki birtir, getur einnig veitt heimild til tilflutnings á öðrum varnartengdum vörum sem skráðar eru í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB en eru ekki tilgreindar í þessum tilmælum.

7) Aðildarríki minna á að þau eru bundin skyldum samkvæmt evrópskum lögum, svo sem sameiginlegri afstöðu ráðsins 2008/944/SSUÖ ([2]) og alþjóðlegum skuldbindingum á sviði útflutningseftirlits.

8) Tilmæli þessi gilda um sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB. Tilmæli þessi verða uppfærð þegar nauðsynlegt er til þess að endurspegla framtíðaruppfærslur á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 329, 3.12.2016, bls. 105. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 30.1.2020, bls. 34.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1).

([2]) Sameiginleg afstaða ráðsins 2008/944/SSUÖ frá 8. desember 2008 um skilgreiningu á sameiginlegum reglum um eftirlit með útflutningi á hernaðarlegri tækni og búnaði (Stjtíð. ESB L 335, 13.12.2008, bls. 99).

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

1. ALMENN TILFLUTNINGSLEYFI FYRIR VOTTAÐA VIÐTAKENDUR, Í SAMRÆMI VIÐ 2. MGR. 9. GR. TILSKIPUNAR 2009/43/EB

1.1. **Varnartengdar vörur sem heimilt er að flytja samkvæmt almenna tilflutningsleyfinu fyrir vottaða viðtakendur, í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2009/43/EB**

Eftirfarandi ML-flokkar, með undirliðum, eru hluti skrárinnar yfir varnartengdar vörur, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB. Almenna tilflutningsleyfið fyrir vottaða viðtakendur,í samræmi við 9. gr. þeirrar tilskipunar, skal, að lágmarki, heimila flutning á varnartengdum vörum sem tilgreindar eru í ML-flokkunum hér að neðan. Aðildarríki geta ákveðið að bæta við fleiri ML-flokkum með samsvarandi varnartengdum vörum í almennu tilflutningsleyfin sín fyrir vottaða viðtakendur.

Skrá yfir ML-flokka sem leyfið þarf að ná yfir að lágmarki:

— ML6. Allar vörur eru innifaldar nema:

  — fullbúin ökutæki,

  — undirvagnar og byssustæði,

  — íhlutir og búnaður sem er undanskilinn öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

— ML9. Allar vörur nema:

  — fullbúin skip og kafbátar,

  — leitartæki undir yfirborði vatns/sjávar og sérhannaðir íhlutir í þau,

  — kerfi með knúningsafl óháð lofti fyrir kafbáta og sérhannaðir íhlutir í þau,

  — heilir skipsskrokkar,

  — hlutir til gagnaðgerða,

  — íhlutir og búnaður sem er undanskilinn öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

— ML10. Allar vörur nema:

  — fullgerð loftför,

  — fullgerð ómönnuð loftför (UAV) og íhlutir sem eru sérhannaðir eða hefur verið breytt sérstaklega fyrir ómönnuð loftför,

  — bolir orrustuflugvéla og orrustuþyrlna,

  — hreyflar fyrir orrustuflugvélar,

  — íhlutir og búnaður sem er undanskilinn öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

— ML11, a-liður. Einungis eftirtaldar vörur:

  — stýri- og leiðsögubúnaður, að undanskildum kerfum fyrir handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS) eða kerfi sem skilgreind eru í I. flokki Eftirlitskerfisins með flugskeytatækni (MTCR I),

  — sjálfvirk skipana- og stjórnkerfi.

— ML13, c- og d-liður.

— ML15, b-, c-, og d-liður.

— ML16. Allar vörur nema:

— hlutir sem varða handfæranleg loftvarnarkerfi (MANPADS),

— allir hlutir sem varða vörur, sem ekki er leyft að flytja út með sama almenna tilflutningsleyfinu.

— ML17, a-, b-, d-, e-, j-, k-, l-, m-, n-, o- og p-liður. Allar vörur nema:

— n-liður: prófunarlíkön eru undanskilin ef þau eru sérhönnuð fyrir þróun hluta sem taldir eru upp í ML4, ML6, ML9 eða ML10, sem og sérhannaðir íhlutir fyrir þessi prófunarlíkön.

— ML21, a-liður. Einungis eftirtaldar vörur og einungis ef þær eru leyfðar í öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu:

a) „hugbúnaður“ sem er sérhannaður eða breyttur fyrir eitthvað af eftirtöldu:

1. rekstur eða viðhald búnaðar sem mælt er fyrir um í viðaukanum við tilskipun 2009/43/EB,

b) sérstakur „hugbúnaður“, annar en sá sem tilgreindur er í ML21.a, sem hér segir:

1. „hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður til líkanagerðar, hermunar eða mats á hervopnakerfum,

4. „hugbúnaður“, sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaður fyrir skipanir, fjarskipti, stjórnun og greiningarstarfsemi (C3I) eða skipanir, fjarskipti, stjórnun, tölvumeðferð og greiningarstarfsemi (C4I).

— ML22, a-liður. Öll tækni önnur en sú sem er nauðsynleg til þróunar og framleiðslu og einungis ef hún er leyfð í öðrum flokkum í sama almenna tilflutningsleyfinu.

1.2. **Skilyrði sem felld skulu inn í almenna tilflutningsleyfið fyrir vottaða viðtakendur**

Eftirfarandi skrá yfir skilyrði er ekki tæmandi. Samt sem áður skulu önnur skilyrði, sem aðildarríki hefur bætt inn í almennt tilflutningsleyfi fyrir vottaða viðtakendur, ekki stangast á við eða grafa undan neðangreindum skilyrðum.

— Landfræðilegt gildissvæði: Evrópska efnahagssvæðið (ESB 28 + Ísland og Noregur ([3])).

— Endurtekinn tilflutningur innan EES er leyfður án fyrirframeftirlits; einungis væri hægt að krefjast skýrslu eftir á.

— Endurútflutningur: Aðildarríki skulu heimila undanþágu frá öllum útflutningstakmörkunum við aðra hvora eða báðar eftirfarandi aðstæður:

— þegar um er að ræða innfellda íhluti í samræmi við markmið 8. mgr. 4. gr. tilskipunar 2009/43/EB,

— ef endanlegur notandi er staðsettur í einu af eftirtöldum löndum: Ástralíu, Kanada, Japan, Nýja-Sjálandi, Sviss, Liechtenstein eða Bandaríkjunum.

Í báðum þessum tilfellum endurútflutnings getur lögbært landsyfirvald í upprunaaðildarríkinu beðið birginn um yfirlýsingu um notkun, sem viðtakandi, sem er vottaður skv. 9. gr. tilskipunar 2009/43/EB, skal láta í té.

— Að því er varðar sannprófun, sem fer fram eftir á í samræmi við almenna tilflutningsleyfið fyrir vottaða viðtakendur, ættu aðildarríki að tryggja að birgjar gefi skýrslu um notkun almenna tilflutningsleyfisins fyrir vottaða viðtakendur, í samræmi við kvaðir um lágmarksskýrslugjöf, eins og tilgreint er í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/43/EB.

([3]) Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013 frá 14. júní 2013 (Stjtíð. ESB L 318, 28.11.2013, bls. 12), sem felldi tilskipun 2009/43/EB inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, innihélt afdráttarlausan aðlögunartexta: *„Tilskipun þessi gildir ekki um Liechtenstein“*.

2. EFTIRFYLGNI

Aðildarríkin eru hvött til að koma tilmælum þessum í framkvæmd eigi síðar en 1. júlí 2017.

Aðildarríkin eru hvött til þess að tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að koma þessum tilmælum til framkvæmda.

3. VIÐTAKENDUR

Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Elżbieta BIEŃKOWSKA

*framkvæmdastjóri*

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2077** **2024/EES/11/03**

**frá 10. nóvember 2017**

**um breytingu á ákvörðun 2005/50/EB um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu**

*(tilkynnt með númeri C(2017) 7374)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 6. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EB ([2]), eins og henni var breytt með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/485/ESB ([3]), voru samræmd tæknileg skilyrði fyrir aðgengi og skilvirkri notkun á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum. Þessi ratsjárbúnaður hjálpar til við að koma í veg fyrir árekstur bifreiða.

2) Ákvörðun 2005/50/EB leggur kvöð á aðildarríki um skil á tölfræðilegum gögnum, þ.m.t. kröfu um að safna árlega gögnum um þann fjölda ökutækja sem búinn er skammdrægum ratsjárbúnaði sem notar tíðnisviðið 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar.

3) Jafnvel þótt viðhalda ætti þeirri kvöð um að hafa náið eftirlit með notkun tíðnisviðsins 24 GHz fyrir skammdrægan ratsjárbúnað virðist ósanngjarnt að krefja hvert landsyfirvald um að leggja fram kerfisbundið, ár hvert, tölfræðileg gögn, eins og gert er ráð fyrir í ákvörðun 2005/50/EB. Úrræði landsbundinna stjórnvalda myndu nýtast betur ef aðildarríki legðu einungis fram þessar tölfræðiskýrslur óski framkvæmdastjórnin eftir því. Framkvæmdastjórnin gæti óskað eftir þessum tölfræðiskýrslum í þeim fáu tilvikum sem tilkynnt er um truflanir eða verulega fjölgun ökutækja sem eru búin ratsjárbúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz.

4) Frá því ákvörðun 2005/50/EB var samþykkt hafa ekki borist neinar tilkynningar um skaðlegar truflanir vegna ýmis konar þjónustu sem nýtur verndar samkvæmt ákvörðuninni. Þau ökutæki sem búin eru skammdrægum ratsjárbúnaði og nota tíðnisviðið 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar hafa almennt verið fá og í öllum tilvikum vel fyrir neðan viðmiðunarmörkin sem nema 7% af heildarfjölda ökutækja sem eru í notkun í hverju aðildarríki. Prósentutalan, sem er undir viðmiðunarmörkunum, telst ekki valda neinum skaðlegum truflunum fyrir aðra notendur tíðnisviðsins 24 GHz.

5) Því ætti að breyta ákvörðun 2005/50/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 2005/50/EB er breytt sem hér segir:

Í stað orðanna „Safna skal eftirfarandi gögnum árlega:“ í viðaukanum við ákvörðunina kemur:

„Safna skal eftirfarandi gögnum óski framkvæmdastjórnin eftir því:“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 13, 25.2.2021, bls. 46.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EC frá 17. janúar 2005 um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 21, 25.1.2005, bls. 15).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/485/ESB frá 29. júlí 2011 um breytingu á ákvörðun 2005/50/EB um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjárbúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 71).

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mariya GABRIEL

*framkvæmdastjóri.*

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1230** **2024/EES/11/04**

**frá 31. maí 2017**

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar hlutlægu viðbótarviðmiðanirnar fyrir beitingu ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalls lausafjár vegna ónotaðra lána eða lausafjárfyrirgreiðslu innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 10. mgr. 422. gr. og 6. mgr. 425. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Beiting ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalls lausafjár vegna ónotaðra lána eða lausafjárfyrirgreiðslu yfir landamæri innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis, eins og kveðið er á um í 29. og 34. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 ([2]), takmarkast við þau tilvik þar sem nauðsynlegar verndarráðstafanir hafa verið gerðar og aðeins með fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda. Kveðið er á um þessar verndarráðstafanir í 2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61 að því er varðar hlutlægar viðbótarviðmiðanir sem skal uppfylla í tengslum við þessi viðskipti. Þessar verndarráðstafanir ætti að tilgreina nánar til að skýra skilyrðin um uppfyllingu þeirra.

2) Tryggja ætti að beiting slíkra ívilnandi hlutfalla ógni ekki traustri lausafjárstöðu lausafjárveitanda og auðveldi í raun viðtakanda lausafjár að uppfylla lausafjárþekjuhlutfallið. Lánastofnanir ættu að sýna fram á lágt lausafjáráhættusnið með því að uppfylla lausafjárþekjuhlutfall og aðrar eftirlitskröfur og ráðstafanir í tengslum við lausafjárstöðu skv. III. og IV. þætti 2. kafla í VII. bálki tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([3]), en það, ásamt mati lögbærra yfirvalda, samkvæmt síðasta könnunar- og matsferli, um að lítil áhætta stafi af lausafjárstöðu stofnunarinnar, eru hlutlægar heimildir um lausafjárstöðu þeirra.

3) Tryggja ætti skilvirkni lausafjárstuðnings innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis yfir landamæri með traustum samningsramma sem koma skal fram í lögfræðiáliti sem stjórn lánastofnunar samþykkir. Lágmarkseftirstöðvatími línunnar ætti að tryggja að skuldbindingin sé ekki takmörkuð við tiltekin viðskipti heldur endist yfir lágmarkstímabil.

4) Tryggja ætti að lausafjárveitandi geti veitt viðtakanda lausafjárins nauðsynlegan lausafjárstuðning tímanlega, jafnvel á álagstímum. Lausafjárveitandinn ætti í þessum tilgangi að vakta lausafjárstöðu viðtakanda lausafjárins og allar áætlanir um varúðarfjármögnun veitanda lausafjár og viðtakanda lausafjár ættu að taka á áhrifum þess að beita ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalli.

5) Skilyrðin fyrir því að uppfylla hlutlægu viðbótarviðmiðanirnar, sem settar eru fram í 2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 34 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61, ættu miða að því að veita næga ástæðu til að vænta meira flæðis lausafjár en venjulega yfir landamæri innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis á álagstímum án þess að það hindri skilvirkni og árangur líkans þar sem lausafjárstöðunni er venjulega stjórnað miðlægt. Við tilteknar aðstæður þar sem þessi skilyrði eru ekki uppfyllt, þ.e. þegar veitandi eða viðtakandi lausafjár uppfyllir ekki eða reiknar ekki með að uppfylla lausafjárþekjuhlutfallið eða aðrar eftirlitskröfur í tengslum við lausafjárstöðu, eða ef eftirstöðvatími lausafjár- eða lánalínu fer niður fyrir fyrirframákveðið lágmark eða tilkynnt er um afturköllun línu, ættu viðkomandi lögbær yfirvöld að endurmeta hvort halda ætti áfram beitingu ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalla með það að markmiði að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 8.7.2017, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 321, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 frá 10. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lausafjárþekjukröfu fyrir lánastofnanir (Stjtíð. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

komast hjá ótilætluðum afleiðingum sem sjálfkrafa niðurfelling fríðindameðferðar gæti haft í för með sér að því er varðar sveiflumögnun og smitáhrif.

6) Nánari tilgreining þessara hlutlægu viðbótarviðmiðana ætti ekki að breyta ábyrgð lánastofnananna — sem veitandi eða viðtakandi lausafjár — á að stýra lausafjáráhættu sinni á varfærnisgrunni.

7) Nánari tilgreining þessara hlutlægu viðbótarviðmiðanna ætti einnig að miða að því að veita lögbærum yfirvöldum fullnægjandi tól til að ákvarða beitingu ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalls.

8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

9) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([4]), og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Efni**

Í þessari reglugerð er nánar kveðið á um hlutlægu viðbótarviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 34 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61 að því er varðar beitingu á undanþágunni sem mælt er fyrir um þar.

*2. gr.*

**Lágt lausafjáráhættusnið veitanda og viðtakanda lausafjár**

1. Lága lausafjáráhættusniðið, sem um getur í a-lið 2. mgr. 29. gr. og a-lið 2. mgr. 34 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61, skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) veitandi lausafjár og viðtakandi lausafjár uppfylla kröfuna um lausafjárþekjuhlutfall, sem sett er fram í 4. og 38. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61, sem og eftirlitskröfur eða -ráðstafanir í tengslum við lausafjárstöðu sem beitt er skv. III. og IV. þætti 2. kafla VII. bálks tilskipunar 2013/36/ESB, á viðvarandi grunni og í a.m.k. 12 mánuði fyrir veitingu leyfis til að beita ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalli vegna ónotaðrar lána- eða lausafjárfyrirgreiðslu skv. 1. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61,

b) lausafjárstaða veitanda lausafjár og viðtakanda lausafjár veldur lítilli áhættu samkvæmt síðasta könnunar- og matsferli sem framkvæmt var í samræmi við III. þátt 2. kafla VII. bálks tilskipunar 2013/36/ESB.

Í þeim tilgangi að ákvarða hvort skilyrðið sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar er uppfyllt skal reikna út lausafjárþekjuhlutfallið sem krafist er á grundvelli þess ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalls sem beitt er á tólf mánaða tímabilinu sem um getur í þeim lið.

2. Ef veitandi lausafjár eða viðtakandi lausafjár hefur hlotið undanþágu hjá viðkomandi lögbæru yfirvaldi frá skilyrðinu, sem sett er fram í d-lið 1. mgr. 29. gr. og d-lið 1. mgr. 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61, og veitandi lausafjár eða viðtakandi lausafjár uppfyllir ekki eða væntir þess ekki að uppfylla þær kröfur um lausafjárþekjuhlutfall sem settar eru fram í 4. og 38. gr. þeirrar framseldu reglugerðar eða aðrar eftirlitskröfur eða -ráðstafanir í tengslum við lausafjárstöðu sem beitt er

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

skv. III. og IV. þætti 2. kafla VII. bálks tilskipunar 2013/36/ESB, skal hann án tafar tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum um það og láta fylgja lýsingu á áhrifunum af því að uppfylla ekki lausafjárþekjuhlutfallið eða aðrar eftirlitskröfur eða -ráðstafanir í tengslum við lausafjárstöðu, á samsvarandi ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfall sem beitt er á mótaðilann.

3. Ef veitandi lausafjár eða viðtakandi lausafjár hefur hlotið undanþágu hjá viðkomandi lögbæru yfirvaldi frá skilyrðinu, sem sett er fram í d-lið 1. mgr. 29. gr. og d-lið 1. mgr. 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61, og veitandi lausafjár eða viðtakandi lausafjár uppfyllir ekki eða væntir þess ekki að uppfylla kröfurnar um lausafjárþekjuhlutfall sem settar eru fram í þeirri framseldu reglugerð, skal tilkynningin sem um getur í 2. mgr. höfð með í tafarlausu tilkynningunni og áætluninni um skjóta reglufylgni sem krafist er skv. 414. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. Í tilvikunum sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu viðkomandi lögbær yfirvöld ákvarða hvort ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutföll gilda áfram í samræmi við ferlið sem um getur í b-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

*3. gr.*

**Lagalega bindandi samningar og skuldbindingar milli eininga samstæðu varðandi ónotaðar lánsheimildir og lausafjárlínur**

1. Lagalega bindandi samningar og skuldbindingar, sem um getur í b-lið 2. mgr. 29. gr. og b-lið 2. mgr. 34 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61, skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) lána- eða lausafjárlínan er bindandi lína og er lagalega og raunverulega tiltæk hvenær sem er á líftíma fyrirgreiðslunnar, jafnvel á álagstímum, þvert á landamæri. Hún er sérstaklega sett upp vegna beitingar á ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalli, sem kveðið er á um í 29. og 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61, og aðgengileg sé þess óskað. Lánastofnanir skulu í þessum tilgangi hafa framkvæmt fullnægjandi lögfræðilegt mat, byggt á skriflegu, rökstuddu lagalegu áliti sem samþykkt er af stjórn þeirra, sem staðfestir lögmæti og fullnustuhæfi samningsins eða skuldbindingarinnar um lána- eða lausafjárlínu í öllum viðeigandi lögsagnarumdæmum,

b) gjaldmiðill hinnar bindandi lána- eða lausafjárlínu skal vera í samræmi við dreifingu hreins lausafjárútstreymis eftir gjaldmiðli viðtakanda lausafjár sem tengjast ekki línunni,

c) fjárhæð og kostnaður hinnar bindandi lána- eða lausafjárlínu eru tilgreind í viðkomandi samningi,

d) samningarnir og skuldbindingarnar innihalda ekki ákvæði sem gætu gefið veitanda lausafjár tækifæri til:

   i. að krefjast þess að tiltekin skilyrði séu uppfyllt áður en lausafé er veitt,

   ii. að falla frá skuldbindingum sínum um að uppfylla þessa samninga eða skuldbindingar,

   iii. að breyta skilmálum samninganna eða skuldbindinganna án fyrirframsamþykkis viðkomandi lögbærra yfirvalda,

e) lána- eða lausafjárlínan hefur eftirstöðvatíma sem er ávallt lengri en sex mánuðir. Ef lána- eða lausafjárlínan hefur ekki lokadag hefur hún uppsagnarfrest sem er ekki styttri en sex mánuðir.

2. Lögfræðilega matið sem um getur í a-lið 1. mgr. skal uppfæra með reglulegu millibili til að endurspegla allar breytingar á lögum allra viðeigandi lögsagnarumdæma. Tilkynna skal lögbærum yfirvöldum um niðurstöður þessara lögfræðilegu mata.

3. Fjárhæð lána- eða lausafjárlínu, sem um getur í c-lið 1. mgr., skal ekki endurskoðuð án fyrirframsamþykkis viðkomandi lögbærra yfirvalda.

4. Ef eftirstöðvatíminn sem um getur í e-lið 1. mgr. fer undir sex mánuði eða tilkynning um afturköllun lána- eða lausafjárlínu er send skulu lánastofnanir án tafar tilkynna það viðkomandi lögbærum yfirvöldum. Þau yfirvöld ákvarða hvort ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutföll gildi áfram í samræmi við ferlið sem um getur í b-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

*4. gr.*

**Tillit tekið til lausafjáráhættusniðs viðtakanda lausafjár við stýringu lausafjáráhættu veitanda lausafjár**

Tekið er tillit til lausafjáráhættusniðs viðtakanda lausafjár við stýringu lausafjáráhættu veitanda lausafjár eins og um getur í c-lið 2. mgr. 29. gr. og c-lið 2. mgr. 34 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/61 ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) veitandi lausafjár vaktar og hefur yfirsýn yfir lausafjárstöðu viðtakanda daglega. Ef um er að ræða millibankaviðskipti getur vöktunin og yfirsýnin yfir lausafjárstöðu viðtakanda takmarkast við stöður á reikningum erlendra fjármálafyrirtækja í innlendum gjaldeyri (vostro-reikningum) viðtakanda lausafjár,

b) áhrifin af ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalli eru tekin til greina að fullu og samþætt í áætlanir veitanda lausafjár og viðtakanda lausafjár um varúðarfjármögnun, sem taka tillit til mögulegra hindrana á yfirfærslu slíks lausafjár og meta tímann sem þarf til að framkvæma slíka yfirfærslu. Lausafjárveitandinn skal í þessum tilgangi sýna viðkomandi lögbærum yfirvöldum fram á að búast megi við, með sanngjörnum hætti, að hann haldi áfram að veita viðtakanda lausafjár lausafjárfyrirgreiðsluna, jafnvel á álagstímum, án þess að það hafi veruleg neikvæð áhrif á eigin lausafjárstöðu. Áætlun veitanda lausafjár um varúðarfjármögnun tryggir að hann treystir ekki á lausaféð sem þarf til að standa við hina bindandi lána- eða lausafjárlínu viðtakanda lausafjár,

c) áætlun veitanda lausafjár um varúðarfjármögnun tekur tillit til ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalls til að tryggja getu hennar til að veita nauðsynlegt lausafé þegar þess þarf.

*5. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. maí 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/1475** **2024/EES/11/05**

**frá 2. október 2018**

**um lagaramma um Evrópsku samstöðusveitina og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1288/2013, reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 og ákvörðun nr. 1313/2013/ESB** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 165. gr. og 4. mgr. 166. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samstaða meðal borgara Sambandsins og meðal aðildarríkja þess er eitt þeirra almennu gilda sem Sambandið byggist á. Þetta sameiginlega gildi er leiðarljós í aðgerðum Sambandsins og ljáir því þá einingu sem nauðsynleg er til að takast á við samfélagslegar áskoranir, nú og í framtíðinni, sem ungmenni í Evrópu eru reiðubúin að taka þátt í að takast á við með samstöðu í verki. Samheldni örvar einnig áhuga ungs fólks á hinu samevrópska verkefni. Meginregluna um samstöðu er að finna í 2. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og í inngangsorðum sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

2) Í stefnuræðu forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þann 14. september 2016 var áréttað að fjárfesta þyrfti í ungu fólki og tilkynnt að til stæði að stofna Evrópska samstöðusveit með það fyrir augum að skapa tækifæri fyrir ungt fólk í öllu Sambandinu til að færa marktækt framlag til þjóðfélagsins, sýna samstöðu og þróa færni sína, hæfni og þekkingu og afla sér þannig ómetanlegrar mannlegrar reynslu sem einnig er lykillinn að virkri og öflugri borgaralegri þátttöku í Sambandinu.

3) Í orðsendingu sinni frá 7. desember 2016 undir yfirskriftinni „Evrópsk samstöðusveit“, lagði framkvæmdastjórnin áherslu á að styrkja þyrfti grunnstoðir samstöðustarfs í Evrópu, veita ungmennum fleiri og betri tækifæri til að taka þátt í samstöðustarfi sem einkennist af miklum gæðum á mörgum sviðum og styrkja landsbundna, svæðisbundna og staðbundna aðila í viðleitni sinni til að takast á við mismunandi áskoranir og krísur. Með þeirri orðsendingu var hleypt af stokkunum fyrsta áfanga Evrópsku samstöðusveitarinnar, þar sem hinar ýmsu áætlanir Sambandsins voru virkjaðar til að bjóða ungmennum víðs vegar í Sambandinu upp á tækifæri til sjálfboðastarfs, starfsþjálfunar eða starfs. Um þessa starfsemi, hvort sem hún fór fram áður eða eftir að reglugerð þessi tekur gildi, ættu áfram að gilda reglur og skilyrði viðkomandi áætlunar Sambandsins sem fjármagnaði hana innan ramma fyrsta áfanga Evrópsku samstöðusveitarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 250, 4.10.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 69, 27.10.2022, bls. 45.

([1]) Stjtíð. ESB C 81, 2.3.2018, bls. 160.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. september 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. september 2018.

4) Að því er varðar þessa reglugerð má skilja samstöðu sem ábyrgðartilfinningu af hálfu hvers og eins gagnvart öðrum, sem fær fólk til að skuldbinda sig til að vinna að almannahag og birtist í gagngerum aðgerðum án þess að neins sé vænst á móti.

5) Sjá ætti ungmennum fyrir aðgengilegum tækifærum til að taka þátt í samstöðustarfi sem einkennist af miklum gæðum og sterkri áherslu á Evrópuþáttinn, sem leið til að stuðla að eflingu samheldni, samstöðu, félagslegrar inngildingar og lýðræðis í þátttökulöndunum og í þágu sveitarfélaganna, jafnframt því að bæta hæfni þeirra og persónulegan þroska, og efla þannig sjálfstraust þeirra, sjálfstæði og hvata til að læra, örva námslegan, félagslegan, listrænan, tungumálalegan, menningarlegan, borgaralegan og faglegan þroska þeirra auk þess að efla virka borgaralega þátttöku þeirra og ráðningarhæfi og auðvelda umskiptin við að koma inn á vinnumarkaðinn. Slíkt samstöðustarf myndi einnig styðja við hreyfanleika þátttakenda.

6) Með þessari reglugerð er komið á fót áætlun um Sambandsaðgerð sem nefnist Evrópska samstöðusveitin, sem grunni til að ná fram jákvæðri, samfélagslegri breytingu með því að styðja við samfélög einstaklinga og aðila sem eru staðráðnir í að efla samstöðu í gjörvallri Evrópu. Reglugerðin kveður því á um fjármögnunarleið fyrir Sambandsaðgerð, sem beita skal stöðugt frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, auk þess sem hún leggur grunn að Evrópsku samstöðusveitinni sem samfélagi og uppsprettu innblásturs fyrir aukinn anda samstöðu í Evrópu fyrir tilstilli víðtækari áhrifa þeirrar starfsemi sem fram fer innan ramma Evrópsku samstöðusveitarinnar.

7) Samstöðustarf sem ungu fólki býðst að taka þátt í ætti að vera af miklum gæðum, í þeim skilningi að það ætti að vinna að því að ná markmiðum Evrópsku samstöðusveitarinnar og aðstoða við að sigrast á samfélagslegum áskorunum, jafnframt því að koma til móts við þarfir sveitarfélaga. Samstöðustarfið ætti að veita ungu fólki tækifæri til að tileinka sér dýrmæta hæfni til að öðlast persónulegan, félagslegan, borgaralegan og faglegan þroska, fela í sér traustan náms- og þjálfunarþátt, vera aðgengilegt öllum ungmennum, fara fram við öruggar og heilnæmar aðstæður og því ætti að fylgja tilhlýðileg staðfesting. Samstöðustarf ætti ekki að hafa neikvæð áhrif á störf eða starfsþjálfun sem fyrir er og það ætti að stuðla að því að styrkja skuldbindingar fyrirtækja á sviði samfélagslegrar ábyrgðar án þess þó að koma í þeirra stað.

8) Sérhver aðili sem vill taka þátt í Evrópsku samstöðusveitinni, hvort sem hann fær fjármagn af fjárhagsáætlun hennar, annarri áætlun Sambandsins eða annars staðar frá, ætti að fá gæðavottun ef hann uppfyllir sértæku kröfurnar. Krafan um að fá gæðavottun ætti ekki að gilda um einstaklinga sem leita eftir fjárstuðningi fyrir samstöðuverkefnum fyrir hönd óformlegs þátttakendahóps. Gæðavottun sem veitt er stofnunum og fyrirtækjum sem taka þátt ætti að votta getu þeirra til að tryggja gæði samstöðustarfsins sem þau bjóða upp á. Ferlið við veitingu gæðavottunar ætti að vera í höndum framkvæmdaraðila Evrópsku samstöðusveitarinnar og vera aðgengilegt og gagnsætt. Gæðavottun, sem veitt hefur verið, ætti að endurmeta reglulega og hægt ætti að vera að afturkalla hana ef slíkt endurmat leiðir í ljós að skilyrðin, sem leiddu til veitingar þess, eru ekki lengur uppfyllt.

9) Evrópska samstöðusveitin mun verða miðstöð alls samstöðustarfs í Sambandinu. Tryggja ætti að Evrópska samstöðusveitin sé samræmd og samstillt við aðrar viðeigandi stefnur, áætlanir og verkfæri Sambandsins. Evrópska samstöðusveitin ætti að byggja á styrkleikum og samlegðaráhrifum núverandi og fyrrverandi áætlana, einkum Erasmus+ og Evrópu unga fólksins (Youth in Action). Hún ætti einnig að vera samstillt viðleitni aðildarríkjanna til að styðja við ungt fólk og auðvelda þeim umskiptin milli skóla og vinnumarkaðarins með áætlunum eins og atvinnutryggingu fyrir unga fólkið (Youth Guarantee) sem komið var á fót í samræmi við tilmæli ráðsins frá 22. apríl 2013 um að koma á atvinnutryggingu fyrir unga fólkið ([3]) með því að veita því fleiri tækifæri til þátttöku í samstöðustarfi í formi starfsþjálfunar eða starfa innan aðildarríkis síns eða í öðru landi. Einnig ætti að tryggja samstillingu við net á vettvangi Sambandsins sem fyrir eru og sem varða starf Evrópsku samstöðusveitarinnar, s.s. samstarfsnet opinberra vinnumiðlana í Evrópu, EURES-netið og Evróvísis-netið (Eurodesk network). Enn fremur ætti að ýta undir samstillingu og trygga samvinnu milli Evrópsku samstöðusveitarinnar og tengdra áætlana sem fyrir eru, einkum áætlana á sviði samstöðu, sjálfboðastarfs, borgaralegrar þjónustu í þágu almannahagsmuna og hreyfanleika ungs fólks sem starfræktar eru á landsvísu, svæðisvísu og staðarvísu, sem og forgangsatriða sem tengjast samstöðu og ungu fólki í þátttökulöndunum, eins og við á, til að efla megi og bæta með gagnkvæmum hætti áhrif og kosti slíkra áætlana og byggja á góðum starfsvenjum.

([3]) Stjtíð. ESB C 120, 26.4.2013, bls. 1.

Evrópska samstöðusveitin ætti ekki að koma í stað svipaðra landsbundinna áætlana á sviði samstöðu, sjálfboðastarfs, borgaralegrar þjónustu í þágu almannahagsmuna og hreyfanleika. Tryggja ætti öllum ungmennum jafnan aðgang að landsbundnu samstöðustarfi. Hvetja ætti til að stofnað sé til samstarfs við evrópsk net sem sérhæfa sig í tilteknum brýnum félagslegum vandamálum.

10) Til að áhrif Evrópsku samstöðusveitarinnar verði sem mest ættu aðrar áætlanir Sambandsins að geta lagt sitt af mörkum til þess að markmiðum hennar verði náð með því að styðja við starfsemi sem heyrir undir hana. Fjármögnun slíks framlags ætti að vera í samræmi við réttargerðir viðkomandi áætlana og hafa það að markmiði að tryggja aukna þátttöku ungs fólks, hins borgaralega samfélags og núverandi sjálfboðaliðaáætlana í aðildarríkjunum. Þegar þátttökustofnanir og -fyrirtæki hafa öðlast gilda gæðavottun ættu þau að fá aðgang að gátt Evrópsku samstöðusveitarinnar og njóta góðs af þeim gæða- og stuðningsráðstöfunum sem í boði eru, allt eftir því hvers konar samstöðustarf þau bjóða upp á.

11) Evrópska samstöðusveitin ætti að opna ungu fólki ný tækifæri til að vinna sjálfboðastarf, fá starfsþjálfun eða störf og einnig til að finna upp á og þróa, að eigin frumkvæði, samstöðuverkefni með skýrt evrópskt gildi. Þessi tækifæri ættu að stuðla að því að takast á við félagslegar þarfir sem ekki er mætt og stuðla að því að styrkja samfélög og efla persónulegan, námslegan, félagslegan, borgaralegan og faglegan þroska ungmenna. Evrópska samstöðusveitin ætti einnig að styðja við netsamstarf meðal þátttakenda og þátttökustofnana og -fyrirtækja, auk ráðstafana til að tryggja gæði starfsins sem stutt er við og til að gefa staðfestingu á þeim hæfniviðmiðum sem viðkomandi hefur náð aukið vægi. Hún ætti einnig að stuðla að því að styðja og styrkja stofnanir og fyrirtæki sem fyrir eru sem vinna að samstöðuaðgerðum.

12) Sjálfboðastarf er dýrmæt reynsla í formlegu og óformlegu námsumhverfi sem eflir persónulegan þroska, félagsþroska og faglegan þroska ungmenna, ráðningarhæfi þeirra og virka borgaralega þátttöku. Sjálfboðastarf ætti ekki að koma í stað starfsþjálfunar eða starfa og það ætti að vera á grundvelli skriflegs samnings um sjálfboðastarf. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin munu eiga með sér samstarf um stefnur varðandi sjálfboðastarf á sviði æskulýðsmála með opna samráðsferlinu.

13) Starfsþjálfun og störf ættu að vera skýrt aðgreind frá sjálfboðastarfi, bæði frá fjárhagslegu sjónarmiði og að því er varðar skipulag. Starfsþjálfun ætti aldrei að koma í stað starfa. Launuð starfsþjálfun og störf geta þó verið hvati fyrir ungmenni úr viðkvæmum hópum og ungmenni sem njóta færri tækifæra til að taka þátt í samstöðutengdu starfi sem þau hefðu e.t.v. annars ekki getað haft aðgang að. Starfsþjálfun getur auðveldað ungu fólki umskiptin milli skóla og vinnumarkaðarins og hjálpað til við að stuðla að ráðningarhæfi ungs fólks, sem er lykillinn að sjálfbærri aðlögun þess að vinnumarkaðnum. Starfsþjálfun og störf á vegum Evrópsku samstöðusveitarinnar ættu ávallt að vera launuð af þátttökustofnuninni eða -fyrirtækinu sem tekur við þátttakandanum eða ræður hann til starfa. Starfsþjálfun ætti að byggjast á skriflegum starfsþjálfunarsamningi í samræmi við gildandi regluramma landsins þar sem starfsþjálfunin fer fram, eins og við á, og ætti að fylgja þeim meginreglum sem settar eru fram í tilmælum ráðsins frá 10. mars 2014 um gæðaramma fyrir starfsþjálfun ([4]).

Störf ættu að grundvallast á ráðningarsamningi í samræmi við landsbundinn regluramma eða gildandi kjarasamninga, eða hvoru tveggja, í þátttökulandinu þar sem starfið er unnið. Fjárstuðningur til þátttökustofnana og -fyrirtækja sem bjóða störf ætti ekki að vara lengur en tólf mánuði. Starfsþjálfun og störfum ætti að fylgja viðeigandi undirbúningur, þjálfun á vinnustað og stuðningur eftir ráðningu í hlutfalli við þátttöku viðkomandi þátttakanda. Viðeigandi aðilar á vinnumarkaði gætu greitt fyrir starfsþjálfun og störfum, einkum einkareknar og opinberar vinnumiðlanir, aðilar vinnumarkaðarins og verslunarráð, auk aðildarsamtaka EURES-netsins, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 ([5]) þegar um er að ræða starfsemi yfir landamæri.

14) Framtakssemi og virk borgaraleg þátttaka ungs fólks eru verðmæti fyrir samfélagið. Evrópska samstöðusveitin ætti að stuðla að því að hlúa að þessum þætti með því að gefa ungmennum tækifæri til að finna upp á og framkvæma sín eigin verkefni, sem fela í sér skýran virðisauka og miða að því að taka á lykiláskorunum í þágu sveitarfélaga, einkum samfélaga í dreifbýli eða á einangruðum eða jaðarsettum svæðum. Slík verkefni ættu að gefa ungu fólki tækifæri til að þróa nýsköpunarlausnir og prófa hugmyndir sínar á sjálfbæran hátt og upplifa það að vera drifkrafturinn í samstöðuaðgerðum. Þau gætu einnig verið stökkbretti til aukinnar þátttöku í samstöðustarfi og gætu verið fyrsta skrefið í þá átt að hvetja þátttakendur til þátttöku í félagslegri frumkvöðlastarfsemi eða sem sjálfboðaliðar í samtökum, frjálsum félagasamtökum, æskulýðssamtökum eða hjá öðrum aðilum sem eru virkir innan samstöðutengda geirans, geirans sem

([4]) Stjtíð. ESB C 88, 27.3.2014, bls. 1.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 frá 13. apríl 2016 um vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið), aðgang launafólks að þjónustu vegna hreyfanleika og frekari samþættingu vinnumarkaða, og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) nr. 1296/2013 (Stjtíð. ESB L 107, 22.4.2016, bls. 1).

er ekki rekinn í hagnaðarskyni og æskulýðsgeirans og til þess að stofna sín eigin samtök. Stuðningur eftir ráðningu mun beinast að því að styðja ungmenni til áframhaldandi þátttöku og virkni innan samstöðutengda geirans, þ.m.t. með þátttöku í samtökum, samvinnufélögum, félagslegum fyrirtækjum, æskulýðssamtökum og félagsmiðstöðvum.

15) Sjálfboðastarf og samstöðuverkefni ættu að standa undir kostnaði þátttakenda af þátttöku sinni í slíkum samstöðuverkefnum en þeir ættu ekki að fá laun eða hafa af þeim annan fjárhagslegan ávinning.

16) Þátttakendum jafnt sem þátttökustofnunum og -fyrirtækjum ætti að finnast þau tilheyra samfélagi einstaklinga og aðila sem eru staðráðnir í að efla samstöðu í gjörvallri Evrópu og utan hennar. Jafnframt þurfa þátttökustofnanir og -fyrirtæki stuðning til að efla getu sína til að bjóða sívaxandi fjölda þátttakenda upp á samstöðustarf sem einkennist af miklum gæðum og til að laða að nýliða. Evrópska samstöðusveitin ætti að styðja við netsamstarf sem miðar að því að efla getu ungmenna, þátttökustofnana og -fyrirtækja til þátttöku í slíku samfélagi, hlúa að anda Evrópsku samstöðusveitarinnar og hvetja til þess að skipst sé á gagnlegum starfsvenjum og reynslu á sviði samstöðu og byggja einnig á reynslu af almannavörnum, eftir því sem við á. Netsamstarf ætti einnig að stuðla að því að vekja athygli opinberra aðila og einkaaðila á Evrópsku samstöðusveitinni og að því að fá endurgjöf frá þátttakendum og þátttökustofnunum og -fyrirtækjum um framkvæmd Evrópsku samstöðusveitarinnar.

17) Gæta ætti sérstaklega að því að tryggja gæði samstöðustarfs og annarra tækifæra á vegum Evrópsku samstöðusveitarinnar, einkum með því að bjóða þátttakendum upp á þjálfun á netinu og utan þess og tungumálaaðstoð, þó með þeim hætti að virt sé meginreglan um fjöltyngi, tryggingar, stjórnsýsluaðstoð og stuðning áður en samstöðustarf hefst, eftir að því lýkur eða hvoru tveggja, auk staðfestingar á þeirri hæfni sem viðkomandi aflar sér með reynslu sinni hjá Evrópsku samstöðusveitinni. Þessar stuðningsráðstafanir ætti að þróa og bjóða upp á í samstarfi við æskulýðssamtök og önnur samtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni og borgaraleg samtök til að nýta sérþekkingu þeirra á þessu sviði. Stuðningsráðstafanirnar ættu að taka mið af umhverfi og eðli þeirra starfa sem þátttakendur sinna og beina ætti sérstaklega sjónum að hugsanlegum hættum.

18) Til að tryggja áhrif Evrópsku samstöðusveitarinnar á persónulegan, námslegan, listrænan, félagslegan, borgaralegan og faglegan þroska þátttakenda ætti að greina og skjalfesta með tilhlýðilegum hætti þá hæfni sem myndar hæfniviðmið samstöðustarfsins, í samræmi við aðstæður og sérstöðu hvers aðildarríkis, eins og mælt er fyrir um í tilmælum ráðsins frá 20. desember 2012 um staðfestingu á óformlegu og formlausu námi ([6]). Í því skyni ætti að hvetja til þess að notuð séu skilvirk verkfæri á vettvangi Sambandsins og á landsvísu til viðurkenningar á óformlegu og formlausu námi, s.s. ungmennavegabréfið (Youthpass) og evrópska starfsmenntavegabréfið (Europass), eins og við á.

19) Sérhver opinber aðili eða einkaaðili ætti að geta sótt um gæðavottun, þ.m.t. alþjóðastofnanir, borgaraleg samtök, æskulýðssamtök og félagsleg fyrirtæki. Koma ætti á fót aðskilinni gæðavottun fyrir sjálfboðastörf og fyrir starfsþjálfun og störf til að tryggja að þátttökustofnanir og -fyrirtæki uppfylli með skilvirkum hætti og stöðugt meginreglur og kröfur Evrópsku samstöðusveitarinnar að því er varðar réttindi þeirra og skyldur á öllum stigum samstöðustarfsins. Það að öðlast gæðavottun ætti að vera forsenda þátttöku en það ætti þó ekki sjálfkrafa að leiða til fjármögnunar á vegum Evrópsku samstöðusveitarinnar.

20) Þátttökustofnanir og -fyrirtæki geta gegnt ýmsum hlutverkum innan Evrópsku samstöðusveitarinnar. Í móttökuhlutverki mun starfsemi þeirra felast í að taka á móti þátttakendum, m.a. skipuleggja starfið og veita þátttakendum leiðsögn og stuðning meðan á samstöðustarfinu stendur, eins og við á. Í stoðhlutverki mun starfsemin felast í því að senda þátttakendur af stað og undirbúningi þeirra fyrir brottför, meðan á samstöðustarfinu stendur og eftir að því lýkur, m.a. með þjálfun þátttakenda og með því að koma þeim í samband við stofnanir og fyrirtæki á staðnum eftir að samstöðustarfinu lýkur.

21) Úrræðamiðstöðvar Evrópsku samstöðusveitarinnar (e. European Solidarity Corps Resource Centres) ættu að vera framkvæmdaraðilum, þátttökustofnunum og -fyrirtækjum og þátttakendum til aðstoðar í því skyni að auka gæði samstöðustarfsins og framkvæmdar þeirra á því, og einnig til að gefa greiningu og staðfestingu á þeirri hæfni sem fæst með samstöðustarfi aukið vægi, m.a. með útgáfu ungmennavegabréfa (e. Youthpass).

([6]) Stjtíð. ESB C 398, 22.12.2012, bls. 1.

22) Gátt Evrópsku samstöðusveitarinnar ætti að vera í stöðugri þróun til að tryggja að aðgangur að henni sé greiður og að þar geti verið afgreiðsla á einum stað fyrir jafnt áhugasama einstaklinga sem og stofnanir og fyrirtæki að því er varðar m.a. skráningu, greiningu og pörun upplýsinga um fólk og tækifæra, netsamstarf og rafræn skipti (e. virtual exchanges), nám á netinu, tungumálaaðstoð auk hvers konar stuðnings annars áður en samstöðustarfið hefst, eftir að því lýkur, eða hvoru tveggja, og annarra gagnlegra þátta sem upp kunna að koma í framtíðinni.

23) Þeir sem fara með framkvæmdina munu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að umsækjendum á skrá séu boðin tækifæri til sjálfboðastarfs, starfsþjálfunar og starfa innan hæfilegs og nokkuð fyrirsjáanlegs frests. Enn fremur mun reglulega fara fram upplýsinga-, samskipta- og netsamstarf til að hvetja til ráðningar umsækjenda á skrá.

24) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma fyrir tímabilið 2018–2020, sem skal vera heildarfjárveiting Evrópuþingsins og ráðsins við árlega fjárlagagerð, í skilningi 17. liðar samstarfssamningsins frá 2. desember 2013 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn ([7]).

25) Til að tryggja samfellu starfs, sem nýtur stuðnings áætlana sem leggja af mörkum til Evrópsku samstöðusveitarinnar, ætti fjárstuðningur til samstöðustarfs til viðmiðunar að vera 90% þegar um er að ræða sjálfboðastarf og samstöðuverkefni annars vegar og 10% þegar um er að ræða annað hvort starfsþjálfun eða störf eða hvoru tveggja hins vegar, og skulu að hámarki 20% renna til starfs innanlands.

26) Til að áhrif Evrópsku samstöðusveitarinnar verði sem mest ætti að sjá til þess að þátttökulöndum verði heimilt að leggja til viðbótarfjármagn á lands-, svæðis eða staðarvísu í samræmi við reglur Evrópsku samstöðusveitarinnar.

27) Til að einfalda kröfur til styrkþega ætti að nota eingreiðslur, einingarverð eða fasta fjármögnun sem allra mest.

28) Aðildarríki ættu að geta tekið þátt í sjálfboðastarfi, starfsþjálfun, störfum, samstöðuverkefnum og netsamstarfi. Auk þess ættu sjálfboðastarf, samstöðuverkefni og netsamstarf, á sama hátt og í Evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunni (European Voluntary Service), einnig að vera opin öðrum löndum til þátttöku og skal þá einkum líta til landa sem liggja að Sambandinu. Þar sem við á ætti slík þátttaka að byggjast á aukafjárveitingum sem unnt verður að nálgast í samræmi við verklagsreglur sem samið skal um við viðkomandi lönd.

29) Þátttaka í Evrópsku samstöðusveitinni ætti að vera opin ungmennum á aldrinum 18–30 ára. Til að taka þátt í samstöðustarfi ætti að þurfa að skrá sig fyrir fram í gegnum gátt Evrópsku samstöðusveitarinnar og stendur það til boða einstaklingum á aldrinum 17–30 ára.

30) Gæta ber sérstaklega að því að starf sem nýtur stuðnings Evrópsku samstöðusveitarinnar standi öllu ungu fólki til boða, einkum ungmennum með færri tækifæri, eins og gerð er nánari grein fyrir í stefnuáætluninni um inngildingu og fjölbreytileika sem þróuð var og beitt innan ramma Erasmus+-áætlunarinnar á sviði æskulýðsmála. Því ætti að koma á fót sérstökum ráðstöfunum, s.s. samstöðustarfi með viðeigandi sniði og einstaklingsmiðaðri leiðsögn, til að stuðla að félagslegri inngildingu og þátttöku ungmenna úr viðkvæmum hópum, auk þess að taka tillit til þeirra erfiðleika sem skapast vegna fjarlægðar ystu svæða Sambandsins og landanna handan hafsins, í samræmi við ákvörðun ráðsins 2013/755/ESB ([8]). Á sama hátt ættu aðildarríkin að leitast við að samþykkja allar viðeigandi ráðstafanir til að fjarlægja lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir á eðlilegri starfsemi Evrópsku samstöðusveitarinnar. Í því felst m.a. að leysa, eftir föngum og með fyrirvara um Schengen-réttarreglurnar og lög Sambandsins um komu og dvöl ríkisborgara þriðju landa, ýmis stjórnsýsluleg atriði sem valda erfiðleikum við að fá vegabréfsáritanir og dvalarleyfi.

31) Forsenda þess að aðili geti sótt um fjármagn til að bjóða upp á samstöðustarf undir merkjum Evrópsku samstöðusveitarinnar er að honum hafi verið veitt gæðavottun með aðgengilegum og gagnsæjum hætti. Þessi krafa ætti ekki að eiga við um einstaklinga sem leita eftir fjárstuðningi fyrir samstöðuverkefnum fyrir hönd óformlegs þátttakendahóps. Þar til bærir framkvæmdaraðilar ættu að láta fara fram gæðaeftirlit til að tryggja að slíkir einstaklingar uppfylli kröfur Evrópsku samstöðusveitarinnar.

([7]) Stjtíð. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

([8]) Ákvörðun ráðsins 2013/755/ESB frá 25. nóvember 2013 um tengsl landa og yfirráðasvæða handan hafsins við Evrópusambandið („Ákvörðunin um tengsl handan hafsins“) (Stjtíð. ESB L 344, 19.12.2013, bls. 1).

32) Þarfir og væntingar sveitarfélaga ættu að vera mikilvægur mælikvarði við mat á gæðum verkefna. Því ætti að ákvarða viðeigandi vísa.

33) Forsenda skilvirkrar árangursstjórnunar, þ.m.t. mats og eftirlits, er að þróað verði safn sértækra, mælanlegra og raunhæfra eigindlegra og megindlegra vísa sem unnt er að meta yfir lengra tímabil og sem endurspegla rökin fyrir íhlutuninni.

34) Tryggja ætti viðeigandi starf við að vekja áhuga út á við, kynningu og miðlun upplýsinga um tækifæri og um niðurstöður starfs sem nýtur stuðnings Evrópsku samstöðusveitarinnar á vettvangi Evrópu, lands-, svæðis- og staðarvísu. Veita ætti félagslegum fyrirtækjum sérstaka athygli og hvetja þau til að styðja starf Evrópsku samstöðusveitarinnar. Starf við að vekja áhuga út á við, kynning og miðlun upplýsinga ætti að hvíla á herðum allra framkvæmdaraðila Evrópsku samstöðusveitarinnar, án þess þó að auka stjórnsýslubyrði þeirra, með stuðningi annarra helstu hagsmunaaðila, þar sem við á.

35) Til að markmiðum Evrópsku samstöðusveitarinnar verði betur náð er ákjósanlegt að framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og landsskrifstofur vinni náið með frjálsum félagasamtökum, æskulýðssamtökum og hagsmunaaðilum á staðnum sem hafa sérþekkingu á samstöðuaðgerðum.

36) Til að tryggja árangursríka og skilvirka framkvæmd þessarar reglugerðar ætti Evrópska samstöðusveitin að nýta eins og kostur er það stjórnunarfyrirkomulag sem þegar er fyrir hendi innan áætlunarinnar Erasmus+. Því ætti að fela fyrirliggjandi aðilum, s.s. framkvæmdastjórninni, framkvæmdaskrifstofu mennta- og menningarmála og hljóð- og myndmiðlunar og landsskrifstofunum sem tilnefndar eru til að stjórna aðgerðunum sem um getur í III. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1288/2013 ([9]), framkvæmd Evrópsku samstöðusveitarinnar. Skýrar og ítarlegar verklagsreglur verða settar fyrir þátttakendur og þátttökustofnanir og -fyrirtæki um alla áfanga samstöðustarfsins í viðeigandi skjölum áætlunarinnar, s.s. árlegri vinnuáætlun og leiðarvísi áætlunarinnar (e. Programme Guide). Framkvæmdastjórnin ætti reglulega að hafa samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. þátttökustofnanir og -fyrirtæki, um framkvæmd Evrópsku samstöðusveitarinnar.

37) Til að tryggja fjárhagslega trausta framkvæmd og náið eftirlit með Evrópsku samstöðusveitinni á landsvísu er mikilvægt að nota þau landsyfirvöld sem fyrir eru og sem tilnefnd voru til að stjórna aðgerðunum sem um getur í III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013.

38) Landsyfirvöldin, sem tilnefnd eru til þess að stjórna aðgerðunum sem um getur í III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013, ættu einnig að fara með hlutverk landsyfirvalda að því er varðar þessa reglugerð. Þetta ætti þó ekki að koma í veg fyrir að tilnefnt séu fleiri en eitt landsyfirvald í samræmi við landslög og venju, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar. Ef þátttökuland óskar eftir að skipta um landsyfirvald meðan Evrópska samstöðusveitin er við lýði ætti sama aðferð og kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar að gilda.

39) Til að tryggja trausta fjármálastjórnun og réttarvissu í hverju þátttökulandi fyrir sig ætti hvert landsyfirvald að tilnefna óháðan endurskoðanda. Ef gerlegt er og til að hámarka skilvirkni má óháði endurskoðandinn vera sá sami og tilnefndur er fyrir aðgerðirnar sem um getur í III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013.

40) Vernda ber fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með hóflegum ráðstöfunum meðan á öllu útgjaldatímabilinu stendur, þ.m.t. með því að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, eftir því sem við á, með viðurlögum.

41) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([10]).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1288/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót „Erasmus+“: áætlun Sambandsins um menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir og um niðurfellingu ákvarðana nr. 1719/2006/EB, nr. 1720/2006/EB og nr. 1298/2008/EB (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 50).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

42) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ([11]) ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja vinnuáætlanir og tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um það. Í vinnuáætlununum ættu að koma fram þær ráðstafanir sem þarf til að framkvæma þær í samræmi við almenn og sértæk markmið Evrópsku samstöðusveitarinnar, viðmiðanir varðandi val og úthlutun styrkja auk allra annarra nauðsynlegra þátta. Vinnuáætlanir og allar breytingar á þeim ætti að samþykkja með framkvæmdargerðum í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina.

43) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að stofna Evrópska samstöðusveit, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

44) Af ástæðum er varða hagkvæmni og skilvirkni ætti nefndin, sem stofnuð er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1288/2013 einnig að aðstoða framkvæmdastjórnina við framkvæmd þessarar reglugerðar. Að því er varðar Evrópsku samstöðusveitina ætti nefndin að koma saman í sérstakri samsetningu og umboð hennar aðlagað að þessu nýja hlutverki. Þátttökulöndin ættu að skipa viðeigandi fulltrúa fyrir þessa fundi með hliðsjón af efni, tilgangi, markmiðum og aðgerðum Evrópsku samstöðusveitarinnar.

45) Breyta ætti reglugerð (ESB) nr. 1288/2013 til að taka tillit til þeirra breytinga á Evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunni sem sjálfboðastarf samkvæmt þessari reglugerð leiðir af sér.

46) Fjárhagsrammi Evrópsku samstöðusveitarinnar skv. 1. lið a í fjárhagsáætluninni til margra ára byggist einnig á fjármunum sem fluttir eru til frá Erasmus+ áætluninni. Þeir fjármunir ættu einungis að koma af fjárveitingum sem ætlað er að fjármagna störf Evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunnar sem myndu falla undir gildissvið sjálfboðastarfs samkvæmt þessari reglugerð.

47) Til viðbótar við fjárhagsramma Evrópsku samstöðusveitarinnar skv. 1. lið a í fjárhagsáætluninni til margra ára ættu auk þess að koma fjárframlög frá öðrum áætlunum og liðum, sem krefst breytingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1293/2013 ([12]) og einnig á ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1313/2013/ESB ([13]).

48) Reglugerð þessi ætti að koma til framkvæmda á gildistökudegi hennar. Til að beita megi ráðstöfunum þessarar reglugerðar skjótt ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

**ALMENN ÁKVÆÐI**

*1. gr.*

**Efni**

1. Í reglugerð þessari er mælt fyrir um lagaramma um Evrópsku samstöðusveitina sem auka skal þátttöku ungs fólks og stofnana og fyrirtækja í aðgengilegu samstöðustarfi sem einkennist af miklum gæðum með það að markmiði að stuðla að því að efla samheldni, samstöðu og lýðræði í Evrópu, með sérstakri áherslu á að efla félagslega inngildingu.

2. Evrópska samstöðusveitin skal vinna að markmiðum sínum með samstöðustarfi og gæða- og stuðningsráðstöfunum. Samstöðustarf skal framkvæma í samræmi við sértækar kröfur sem mælt er fyrir um fyrir hverja tegund samstöðustarfs sem fram fer innan ramma Evrópska samstöðusveitarinnar og í samræmi við gildandi regluramma þátttökulandanna.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1293/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á áætlun um aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum (LIFE) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 614/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 185).

([13]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1313/2013/ESB frá 17. desember 2013 um almannavarnakerfi Sambandsins (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 924).

3. Evrópska samstöðusveitin skal styðja samstöðustarf með skýran evrópskan virðisauka, t.d. vegna:

a) þess hve fjölþjóðlegt það er, einkum að því er varðar hreyfanleika í námi og samstarf,

b) þess hvernig unnt er að samstilla það öðrum áætlunum og stefnum á staðar-, svæðis- og landsvísu, á vettvangi Sambandsins og á alþjóðlegum vettvangi,

c) Evrópuþáttar síns að því er varðar málefni, tilgang, nálganir, niðurstöður sem vænst er og aðra þætti þessa samstöðustarfs,

d) nálgunar sinnar að því er varðar að fá ungmenni með ólíkan bakgrunn til þátttöku,

e) þess að það stuðlar að skilvirkri notkun á gagnsæis- og viðurkenningaraðferðum Sambandsins.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „samstöðustarf“: tímabundið starf sem einkennist af miklum gæðum og raskar ekki virkni vinnumarkaðarins; sem tekur á mikilvægum samfélagslegum áskorunum í þágu samfélags eða þjóðfélags í heild og stuðlar þannig að því að ná markmiðum Evrópsku samstöðusveitarinnar; sem er í formi sjálfboðastarfs, starfsþjálfunar, starfa, samstöðuverkefna og netsamstarfs á hinum ýmsu sviðum; sem tryggir evrópskan virðisauka og að farið sé að reglum um heilbrigði og öryggi; sem felur í sér traustan náms- og þjálfunarþátt gegnum viðeigandi starf sem hægt er að bjóða þátttakendum upp á áður en starfið hefst, meðan á því stendur eða eftir að því lýkur; sem fer fram á hinum ýmsu sviðum, s.s. á sviði umhverfisverndar, að draga úr loftslagsbreytingum og aukinnar félagslegrar inngildingar, en sem tekur ekki til starfsemi sem er hluti af námsskrá formlegs náms, starfsmenntunarkerfa og aðgerða á sviði neyðarviðbragða,

2) „umsækjandi á skrá“: einstaklingur á aldrinum 17–30 ára með lagalega búsetu í þátttökulandi sem hefur skráð sig í gátt Evrópsku samstöðusveitarinnar til að láta í ljósi áhuga sinn á þátttöku í samstöðustarfi en sem enn tekur ekki þátt í samstöðustarfi,

3) „þátttakandi“: einstaklingur á aldrinum 18–30 ára með lagalega búsetu í þátttökulandi, sem hefur skráð sig í gátt Evrópsku samstöðusveitarinnar og tekur þátt í samstöðustarfi,

4) „ungmenni sem njóta færri tækifæra“: einstaklingar á aldrinum 18–30 ára sem þurfa viðbótarstuðning vegna þess að þau standa höllum fæti miðað við jafnaldra sína af ýmsum orsökum, t.d. vegna fötlunar, heilbrigðisvandamála, náms-örðugleika, menningarmismunar eða efnahagslegra, félagslegra eða landfræðilegra hindrana, þ.m.t. ungmenni frá jaðarsettum samfélögum eða sem eru í hættu á að verða fyrir mismunun á grundvelli einhverra þeirra ástæðna sem er að finna í 21. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi,

5) „þátttökustofnun eða -fyrirtæki“: opinber aðili eða einkaaðili, hvort sem hann er rekinn í hagnaðarskyni eða ekki, staðbundinn, svæðisbundinn, innlendur eða alþjóðlegur, sem veitt hefur verið gæðavottun, annað hvort í móttökuhlutverki eða stoðhlutverki , þ.m.t. sendingarhlutverki, eða hvoru tveggja, sem tryggir að stofnunin eða fyrirtækið getur tryggt gæði samstöðustarfs í samræmi við meginreglur og markmið Evrópsku samstöðusveitarinnar og sem býður þátttakanda sjálfboðastarf, starfsþjálfun eða atvinnutækifæri eða framkvæmir og styður við önnur störf innan ramma Evrópsku samstöðusveitarinnar,

6) „sjálfboðastarf“: samstöðustarf í formi ólaunaðrar sjálfboðavinnu í allt að tólf mánuði; sem veitir ungmennum tækifæri til að leggja sitt af mörkum til daglegra starfa stofnana eða fyrirtækja við samstöðustarf sem fyrst og fremst er í þágu samfélaganna þar sem starfið fer fram; sem fer fram annað hvort í öðru landi en því þar sem þátttakandi býr (yfir landamæri) eða í landinu þar sem hann býr (innanlands); sem ekki kemur í stað starfsþjálfunar eða starfa og er því ekki í neinum tilvikum hægt að leggja að jöfnu við atvinnu og sem er á grundvelli skriflegs sjálfboðastarfssamnings.

7) „starf sjálfboðaliðateyma“: sjálfboðastarf sem gerir teymum þátttakenda frá mismunandi þátttökulöndum kleift að vinna saman að sjálfboðastarfi um tveggja vikna til tveggja mánaða skeið og sem einkum stuðlar að inngildingu ungmenna sem bjóðast færri tækifæri að Evrópsku samstöðusveitinni eða sem á rétt á sér vegna sértæks tilgangs síns eða hvoru tveggja,

8) „starfsþjálfun“: samstöðustarf í formi starfsþjálfunar um tveggja til sex mánaða skeið, sem endurnýja má einu sinni og sem varir mest í 12 mánuði innan sömu þátttökustofnunar eða -fyrirtækis; sem þátttökustofnunin eða -fyrirtækið sem tekur

við þátttakandanum býður upp á og sem launað er af henni eða því, annað hvort í öðru landi en því þar sem þátttakandi býr (yfir landamæri) eða í landinu þar sem hann býr (innanlands); sem felur í sér náms- og þjálfunarþátt til að hjálpa þátttakanda að öðlast viðeigandi reynslu með það fyrir augum að þróa með sér nytsamlega hæfni fyrir persónulegan, námslegan, félagslegan, borgaralegan og faglegan þroska sinn; sem byggist á skriflegum starfsþjálfunarsamningi sem gerður er við upphaf starfsþjálfunarinnar í samræmi við gildandi regluramma landsins þar sem starfsþjálfunin fer fram, eins og við á, og þar sem tilgreind eru menntunarmarkmið, vinnuskilyrði, lengd starfsþjálfunarinnar, launakjör þátttakandans og réttindi og skyldur aðila og tekið tillit til meginreglna gæðarammans fyrir starfsþjálfun og sem ekki kemur í stað starfa,

9) „starf“: samstöðustarf sem stendur yfir um þriggja til tólf mánaða skeið, launað af þátttökustofnuninni eða -fyrirtækinu sem ræður þátttakandann til starfa, annað hvort í öðru landi en því þar sem þátttakandi býr (yfir landamæri) eða í landinu þar sem hann býr (innanlands). Sé ráðningarsamningur gerður til lengri tíma en tólf mánaða skal fjárstuðningur til þátttökustofnana og -fyrirtækja sem bjóða störfin ekki vara lengur en 12 mánuði. Slík störf skulu fela í sér náms- og þjálfunarþátt og byggjast á skriflegum ráðningarsamningi sem samræmist öllum ráðningarskilmálum og -skilyrðum eins og þau eru skilgreind í landslögum, gildandi kjarasamningum eða hvoru tveggja í landinu þar sem starfið er innt af hendi,

10) „samstöðuverkefni“: ólaunað samstöðustarf innanlands, sem varir í tvo til tólf mánuði, sem komið er á fót og framkvæmt af hópi a.m.k. fimm þátttakenda og hefur það að markmiði að taka á lykilviðfangsefnum innan samfélaga þeirra, jafnframt því að fela í sér skýran evrópskan virðisauka, og sem ekki kemur í stað starfsþjálfunar eða starfa,

11) „netsamstarf“: starf innanlands eða sem nær yfir landamæri sem miðar að því að styrkja getu þátttökustofnana og -fyrirtækja til að bjóða sívaxandi fjölda þátttakenda upp á gæðaverkefni, til að laða að nýliða, jafnt ungt fólk sem og stofnanir og -fyrirtæki, og til að veita tækifæri til endurgjafar um samstöðuverkefni, sem einnig getur stuðlað að því að skipst sé á reynslu og samkennd þátttakenda og þátttökustofnana og -fyrirtækja sé styrkt og þannig stutt við víðtækari jákvæð áhrif Evrópsku samstöðusveitarinnar,

12) „gæðavottun“: vottun sem veitt er stofnun eða fyrirtæki sem vill taka þátt í samstöðustarfi, annað hvort í móttökuhlutverki eða stoðhlutverki, þ.m.t. sendingarhlutverki, eða hvoru tveggja, sem vottar að stofnunin eða fyrirtækið getur tryggt gæði samstöðustarfs í samræmi við meginreglur og markmið Evrópsku samstöðusveitarinnar, og sem veitt er á grundvelli mismunandi sértækra krafna sem fara eftir því um hvers konar samstöðustarf er að ræða og hlutverki stofnunarinnar eða -fyrirtækisins,

13) „úrræðamiðstöðvar Evrópsku samstöðusveitarinnar“: viðbótarhlutverk sem tilnefndar landsskrifstofur inna af hendi til að styðja við þróun, framkvæmd og gæði aðgerða á vegum Evrópsku samstöðusveitarinnar og greiningu á þeirri hæfni sem þátttakendur afla sér við samstöðustörf sín, þ.m.t. tengd þjálfunarstörf,

14) „gátt Evrópsku samstöðusveitarinnar“: gagnvirkt veftól á öllum opinberum tungumálum Sambandsins, sem stjórnað er á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar, sem veitir viðeigandi þjónustu á netinu til að styðja við góða framkvæmd Evrópsku samstöðusveitarinnar, kemur til fyllingar starfi þátttökustofnana og -fyrirtækja, þ.m.t. með því að veita upplýsingar um Evrópsku samstöðusveitina, skrá þátttakendur og leita að þátttakendum, auglýsa eftir og leita að samstöðustarfi, leita að hugsanlegum samstarfsaðilum um verkefni, styðja við tengslamyndun og boð um samstöðustarf, með þjálfun, samskipta- og netsamstarfi, með því að upplýsa og tilkynna um tækifæri og sjá fyrir endurgjafarkerfi um gæði samstöðustarfs auk annarrar viðeigandi þróunar í tengslum við Evrópsku samstöðusveitina,

15) „gagnsæis- og viðurkenningaraðferðir Sambandsins“: verkfæri til að hjálpa hagsmunaaðilum að skilja, meta og, eins og við á, viðurkenna hæfniviðmið óformlegs og formlauss náms í gjörvöllu Sambandinu.

*3. gr.*

**Almennt markmið**

Almennt markmið Evrópsku samstöðusveitarinnar er að efla samstöðu sem gildi, einkum og sér í lagi með sjálfboðastarfi, með því að auka þátttöku ungs fólks og stofnana og fyrirtækja í aðgengilegu samstöðustarfi sem einkennist af miklum gæðum sem leið til að stuðla að því að efla samheldni, samstöðu, lýðræði og borgararétt í Evrópu, jafnframt því að takast á við samfélagslegar áskoranir og styrkja samfélög, með sérstakri áherslu á að efla félagslega inngildingu. Hún skal einnig stuðla að Evrópusamstarfi sem ungt fólk lætur sig varða.

*4. gr.*

**Sértæk markmið**

Evrópska samstöðusveitin skal vinna að eftirfarandi sértækum markmiðum:

a) að veita ungu fólki, með stuðningi þátttökustofnana og -fyrirtækja, aðgengileg tækifæri til þess að taka þátt í samstöðustarfi til að ná fram jákvæðri, samfélagslegri breytingu um leið og það bætir færni sína og hæfni og öðlast persónulegan, námslegan, félagslegan, borgaralegan, menningarlegan og faglegan þroska auk þess að efla virka borgaralega þátttöku þeirra og ráðningarhæfi og auðvelda umskiptin við að koma inn á vinnumarkaðinn, m.a. með því að styðja við hreyfanleika ungra sjálfboðaliða, starfsnema og starfsfólks,

b) að tryggja að samstöðustarf sem þátttakendum stendur til boða sé af miklum gæðum, að veitt sé viðeigandi staðfesting á því og að það samræmist meginreglum Evrópsku samstöðusveitarinnar sem um getur í 2. mgr. 13. gr.,

c) að tryggja að sérstök áhersla sé lögð á að stuðla að félagslegri inngildingu og jöfnum tækifærum, einkum þátttöku ungmenna sem njóta færri tækifæra með ýmiss konar sérstökum ráðstöfunum s.s. samstöðustarfi með viðeigandi sniði og einstaklingsmiðuðum stuðningi,

d) að stuðla að Evrópusamstarfi sem ungt fólk lætur sig varða og vekja athygli á jákvæðum áhrifum þess.

*5. gr.*

**Samræmi og samstilling aðgerða Sambandsins**

1. Aðgerðir Evrópsku samstöðusveitarinnar skulu vera í samræmi við og samstilltar viðeigandi stefnum, áætlunum og verkfærum á vettvangi Sambandsins sem og netum á vettvangi Sambandsins sem fyrir eru og tengjast starfi hennar.

2. Aðgerðir Evrópsku samstöðusveitarinnar skulu einnig vera í samræmi við og samstilltar viðeigandi stefnum, áætlunum og verkfærum á landsvísu í þátttökulöndunum. Í því skyni skulu framkvæmdastjórnin, landsyfirvöld og landsskrifstofur skiptast á upplýsingum um fyrirliggjandi landsbundnar áætlanir og forgangsatriði í tengslum við samstöðu og ungt fólk annars vegar og aðgerðir á vegum Evrópsku samstöðusveitarinnar hins vegar, með það að markmiði að byggja á viðeigandi góðum starfsvenjum og ná fram skilvirkni og hagkvæmni.

3. Aðrar Sambandsáætlanir geta einnig lagt sitt af mörkum til markmiða Evrópsku samstöðusveitarinnar með því að styðja við starf sem heyrir undir gildissvið hennar. Slíkt framlag skal fjármagnað í samræmi við grundvallargerðir hverrar og einnar þeirra.

II. KAFLI

**AÐGERÐIR EVRÓPSKU SAMSTÖÐUSVEITARINNAR**

*6. gr.*

**Aðgerðir Evrópsku samstöðusveitarinnar**

Evrópska samstöðusveitin skal vinna að markmiðum sínum með eftirfarandi tegundum aðgerða:

a) sjálfboðastarfi,

b) starfsþjálfun, störfum,

c) samstöðuverkefnum og netsamstarfi og

d) gæða- og stuðningsráðstöfunum.

*7. gr.*

**Samstöðustarf**

1. Aðgerðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 6. gr. skulu styðja við samstöðustarf í formi:

a) sjálfboðastarfs, starfsþjálfunar og starfa, þ.m.t. einstakar aðgerðir jafnt yfir landamæri sem og innanlands. Að því er varðar sjálfboðastarf skal einnig styðja við starf sem teymi þátttakenda frá fleiri en einu þátttökulandi koma að,

b) samstöðuverkefna að frumkvæði þátttakenda,

c) netsamstarfs fyrir þátttakendur og þátttökustofnanir og -fyrirtæki.

2. Sjálfboðastarf undir merkjum Evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunnar skal áfram fara fram bæði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1288/2013 og samkvæmt þessari reglugerð, eins og við á. Líta ber svo á að tilvísanir til Evrópsku sjálfboðaliðaþjónustunnar í réttargerðum Sambandsins, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/801 ([14]), taki til sjálfboðastarfs bæði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1288/2013 og samkvæmt þessari reglugerð.

*8. gr.*

**Gæða- og stuðningsráðstafanir**

Aðgerðin sem um getur í d-lið 6. gr. skal styðja við:

a) ráðstafanir sem miða að því að tryggja gæði og aðgengi að sjálfboðastarfi, starfsþjálfun, störfum eða samstöðuverkefnum og jöfnum tækifærum fyrir öll ungmenni í þátttökulöndunum, þ.m.t. þjálfun á netinu og utan þess, tungumálaaðstoð, stjórnsýsluaðstoð við þátttakendur og þátttökustofnanir og -fyrirtæki, viðbótartryggingu, stuðning áður en samstöðustarfið hefst og, ef nauðsyn krefur, eftir að því er lokið, og einnig frekari notkun ungmennavegabréfsins (Youthpass) til að greina og skjalfesta þá hæfni sem fæst með samstöðustarfinu,

b) að þróuð sé og notuð aðskilin gæðavottun fyrir aðila sem vilja bjóða annað hvort upp á sjálfboðastarf eða starfsþjálfun og störf fyrir Evrópsku samstöðusveitina til að tryggja að þeir uppfylli meginreglur og kröfur Evrópsku samstöðusveitarinnar,

c) starfsemi úrræðamiðstöðva Evrópsku samstöðusveitarinnar við að styðja og auka gæði framkvæmdar aðgerða Evrópska samstöðusveitarinnar og gefa staðfestingu á hæfniviðmiðum þeirra meira vægi,

d) að gátt Evrópsku samstöðusveitarinnar og annarri viðeigandi þjónustu á netinu sé komið á fót, henni haldið úti og hún uppfærð, auk nauðsynlegra stoðkerfa á sviði upplýsingatækni og veftóla, að teknu tilliti til þarfarinnar á að yfirstíga hina stafrænu gjá.

III. KAFLI

**FJÁRHAGSÁKVÆÐI**

*9. gr.*

**Fjárhagsáætlun**

1. Heildarfjárhagsáætlun til framkvæmdar Evrópsku samstöðusveitinni er ákveðin 375 600 000 evrur á gangverði, fyrir tímabilið frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

2. Fjárstuðningur til samstöðustarfs sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 7. gr. skal til viðmiðunar vera 90% þegar um er að ræða sjálfboðastarf og samstöðuverkefni og 10% þegar um er að ræða annað hvort starfsþjálfun eða störf eða hvoru tveggja, og skulu að hámarki 20% renna til starfs innanlands.

3. Fjárúthlutunin getur einnig náð yfir útgjöld í tengslum við aðgerðir er varða undirbúning, eftirlit, endurskoðun og mat, sem eru nauðsynlegar við stjórnun Evrópsku samstöðusveitarinnar og til að ná markmiðum hennar, einkum aðgerðir er varða rannsóknir, fundi sérfræðinga, upplýsingar og samskipti, útgjöld sem tengjast því að koma á fót gátt Evrópsku samstöðusveitarinnar og nauðsynlegum stoðkerfum á sviði upplýsingatækni, halda þeim úti og uppfæra þau og öll önnur útgjöld vegna tækni- og stjórnsýsluaðstoðar sem framkvæmdastjórnin stofnar til í sambandi við stjórnun Evrópsku samstöðusveitarinnar.

4. Ef þörf krefur má færa fjárveitingar í fjárhagsáætlunina eftir 2020 til að standa straum af svipuðum kostnaði svo að unnt sé að greiða fyrir framkvæmd aðgerða sem ekki er lokið fyrir 31. desember 2020.

5. Þátttökuland getur veitt styrkþegum innlent fé, sem farið skal með í samræmi við reglur Evrópsku samstöðusveitarinnar og notað í þeim tilgangi sjálfstæðar einingar Evrópsku samstöðusveitarinnar, að því tilskildu að það tryggi hlutfallslega viðbótarfjárveitingu þessara eininga.

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/801 frá 11. maí 2016 um skilyrði fyrir komu og dvöl ríkisborgara þriðju landa vegna rannsókna, náms, þjálfunar, sjálfboðaþjónustu, nemendaskiptaáætlana eða fræðsluverkefna og vistráðningar (au pair) (Stjtíð. ESB L 132, 21.5.2016, bls. 21).

*10. gr.*

**Fjármögnunarleiðir Evrópusambandsins**

1. Fjármögnun Evrópsku samstöðusveitarinnar getur verið í einhverju því formi, einu eða fleiri, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB, KBE) 2018/1046, einkum styrkja, innkaupa og verðlauna.

2. Til að einfalda kröfur til styrkþega skal nota eingreiðslur, einingarverð eða fasta fjármögnun sem allra mest.

3. Framkvæmdastjórnin getur framkvæmt fjárhagsáætlun Evrópsku samstöðusveitarinnar óbeint í samræmi við c-lið 1. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 2018/1046.

IV. KAFLI

**ÞÁTTTAKA Í EVRÓPSKU SAMSTÖÐUSVEITINNI**

*11. gr.*

**Þátttökulönd**

1. Eftirtöldum löndum er heimilt að taka þátt í Evrópsku samstöðusveitinni („þátttökulönd“):

a) aðildarríkjunum er heimilt að taka þátt í sjálfboðastarfi, starfsþjálfun, störfum, samstöðuverkefnum og netsamstarfi,

b) eftirfarandi löndum er einnig heimilt að taka þátt í sjálfboðastarfi, samstöðuverkefnum og netsamstarfi:

   i. inngöngulöndum, umsóknarlöndum og mögulegum umsóknarlöndum, sem njóta ávinnings af foraðildaráætlun, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem mælt er fyrir um í viðkomandi rammasamningum, ákvörðunum samstarfsráða eða svipuðum samningum,

   ii. þeim EFTA-ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum, í samræmi við ákvæði í þeim samningi,

   iii. Ríkjasambandinu Sviss, á grundvelli tvíhliða samnings sem til stendur að gera við landið,

   iv. þeim löndum sem falla undir evrópska nágrannastefnu og gert hafa samninga við Sambandið um möguleika á að taka þátt í áætlunum Sambandsins, þó með fyrirvara um að gerður verði tvíhliða samningur við Sambandið um skilyrði fyrir þátttöku þeirra í Evrópsku samstöðusveitinni.

2. Löndin sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu taka á sig þær skuldbindingar og sinna þeim verkefnum sem sett eru fram í þessari reglugerð í tengslum við aðildarríkin.

3. Evrópska samstöðusveitin skal styðja samstarf við samstarfslönd utan þátttökulandanna, einkum nágrannalönd Evrópu, í þeim aðgerðum og því starfi sem um getur í 6. og 11. mgr. 2. gr.

*12. gr.*

**Þátttaka einstaklinga**

1. Ungmenni á aldrinum 17–30 ára sem vilja taka þátt í Evrópsku samstöðusveitinni skulu skrá sig í gátt Evrópsku samstöðusveitarinnar eða njóta aðstoðar við það. Ungmenni skal þó hafa náð 18 ára aldri og ekki vera eldri en 30 ára þegar sjálfboðastarfið, starfsþjálfunin, eða samstöðuverkefnið hefst eða þegar tekið er við starfi.

2. Við framkvæmd þessarar reglugerðar skulu framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og önnur þátttökulönd tryggja að gerðar séu sértækar og skilvirkar ráðstafanir til að stuðla að félagslegri inngildingu og skilyrðum um jafnan aðgang, einkum að því er varðar þátttöku ungmenna sem njóta færri tækifæra.

*13. gr.*

**Þátttökustofnanir og -fyrirtæki**

1. Opinberum aðilum og einkaaðilum, hvort sem þeir eru reknir í hagnaðarskyni eða ekki, skal heimil þátttaka í Evrópsku samstöðusveitinni, að því tilskildu að þeir bjóði upp á starfsemi sem svarar til skilgreiningarinnar á samstöðustarfi í þessari reglugerð og að þeir hafi hlotið gæðavottun. Í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) 2018/1046 skulu styrkirnir ekki hafa þann tilgang eða áhrif að skapa hagnað.

2. Umsókn frá aðila um að verða þátttökustofnun eða -fyrirtæki skal metin af þar til bærum framkvæmdaraðila Evrópsku samstöðusveitarinnar á grundvelli meginreglnanna um jafna meðferð; um jöfn tækifæri og bann við mismunun; um að koma ekki í stað starfa; um að bjóða upp á starf sem einkennist af miklum gæðum og felur í sér námsþátt með áherslu á persónulegan þroska, félagsþroska og faglegan þroska; um viðunandi skilyrði við þjálfun, vinnu og sjálfboðastarf; um öruggt og mannsæmandi umhverfi og skilyrði og „meginregluna um hagnaðarleysi“ í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) 2018/1046. Sé þessum meginreglum fylgt er tryggt að starfsemi þátttökustofnana og -fyrirtækja samræmist kröfum Evrópsku samstöðusveitarinnar. Gæðavottunin skal einungis veitt þeim stofnunum og fyrirtækjum sem skuldbinda sig til að fylgja þessum meginreglum. Eftirlit með því að þeim sé í raun fylgt skal fara fram í samræmi við 22. og 23. gr. þessarar reglugerðar. Sérhver aðili sem breytir starfsemi sinni verulega skal tilkynna þar til bærum framkvæmdaraðila um það til að fá endurmat. Ferlið við veitingu gæðavottunar fyrir sjálfboðastörf skal vera frábrugðið sambærilegu ferli vegna vottunar fyrir störf og starfsþjálfun.

3. Þegar mat hefur farið fram er hægt að veita aðilanum gæðavottun. Vottunin, sem viðkomandi hlýtur, skal endurmetin reglulega og hægt er að afturkalla hana. Fari svo að gæðavottunin sé afturkölluð er heimilt að veita hana aftur að undangenginni nýrri umsókn og frekara mati.

4. Aðili sem hlotið hefur gæðavottun skal fá aðgang að gátt Evrópsku samstöðusveitarinnar, annað hvort í móttökuhlutverki eða stoðhlutverki eða hvoru tveggja, og getur boðið umsækjendum á skrá upp á samstöðustarf.

5. Gæðavottunin skal ekki sjálfkrafa leiða til fjármögnunar á vegum Evrópsku samstöðusveitarinnar.

6. Samstöðustarfið og tengdar gæða- og stuðningsráðstafanir sem þátttökustofnun eða -fyrirtæki býður, geta fengið fjármögnun á vegum Evrópsku samstöðusveitarinnar eða samkvæmt annarri áætlun Sambandsins sem vinnur á sjálfstæðan hátt að markmiðum Evrópsku samstöðusveitarinnar og samræmist kröfum hennar eða frá öðrum fjármögnunarleiðum sem ekki eru háðar fjárlögum Sambandsins.

*14. gr.*

**Aðgangur að fjármögnun innan ramma Evrópsku samstöðusveitarinnar**

Sérhver opinber aðili eða einkaaðili með staðfestu í þátttökulandi sem vinnur að samstöðustarfi í þátttökulöndunum getur sótt um fjármögnun á vegum Evrópsku samstöðusveitarinnar. Þegar um er að ræða starf sem um getur í a-lið 1. mgr. 7. gr. skal það að hafa öðlast gæðavottun vera forsenda þess að þátttökustofnun eða -fyrirtæki geti fengið fjármögnun á vegum Evrópsku samstöðusveitarinnar. Að því er varðar samstöðuverkefni sem um getur í b-lið 1. mgr. 7. gr. geta einstaklingar einnig sótt um fjármögnun fyrir hönd óformlegra þátttakendahópa.

V. KAFLI

**ÁRANGUR, NIÐURSTÖÐUR OG MIÐLUN NIÐURSTAÐNA**

*15. gr.*

**Eftirlit og mat á árangri og niðurstöðum**

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við landsyfirvöld og landsskrifstofur í þátttökulöndunum og með aðkomu þátttökustofnana og -fyrirtækja, auk hagsmunaaðila á vegum Sambandsins og innlendra hagsmunaaðila, s.s. æskulýðssamtaka, hafa reglulegt og skilvirkt eftirlit með því hvernig Evrópsku samstöðusveitinni miðar við að ná markmiðum sínum. Framkvæmdastjórnin skal reglulega hafa samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. þátttökustofnanir og -fyrirtæki, um framkvæmd Evrópsku samstöðusveitarinnar.

2. Á grundvelli lágmarksrammans yfir vísa, sem settur er fram í viðaukanum, skal framkvæmdastjórnin, í samstarfi við aðildarríkin, eigi síðar en 6. apríl 2019 koma á fót með framkvæmdargerðum ítarlegri áætlun um eftirlit með afrakstri, niðurstöðum og áhrifum Evrópsku samstöðusveitarinnar. Þessi ítarlega áætlun skal fela í sér víðtækt safn eigindlegra og megindlegra vísa í þeim tilgangi, auk tímalínu og aðferðafræði við slíkt eftirlit. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

3. Á árinu 2020 skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu með úttekt á þeim árangri sem náðst hefur við að ná markmiðum Evrópsku samstöðusveitarinnar.

4. Eigi síðar en 6. október 2022 skal framkvæmdastjórnin láta fara fram óháð mat á þessari reglugerð til að meta skilvirkni, hagkvæmni og áhrif áætlunarinnar með hliðsjón af markmiðum hennar og leggja fram skýrslu með helstu niðurstöðum, þ.m.t. tilmæli varðandi framtíð áætlunarinnar, fyrir Evrópuþingið, ráðið, svæðanefndina og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins. Hluti af matinu skal felast í því að framkvæmdastjórnin tryggi reglulegt samráð við alla viðeigandi hagsmunaaðila, þ.m.t. viðkomandi þátttakendur, þátttökustofnanir og -fyrirtæki og sveitarfélög, eins og við á. Niðurstöður matsins skulu notaðar við gerð framtíðaráætlana og tillagna um ráðstöfun tilfanga.

*16. gr.*

**Samskipti og miðlun upplýsinga**

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við landsyfirvöld og landsskrifstofur í þátttökulöndunum og viðeigandi net á vettvangi Sambandsins, tryggja miðlun upplýsinga um allar aðgerðir sem studdar eru innan ramma Evrópsku samstöðusveitarinnar, birtingu þeirra og eftirfylgni.

2. Landsskrifstofurnar sem um getur í 20. gr. skulu móta stefnur varðandi skilvirkar aðferðir við að vekja áhuga út á við. Slíkum stefnum skal einnig beint að ungmennum sem njóta færri tækifæra, þ.m.t. á afskekktum svæðum, og einnig að miðlun og nýtingu á niðurstöðum starfs sem stutt er af þeim aðgerðum sem þær stjórna, einnig með aðkomu æskulýðssamtaka og sérhæfðrar upplýsingaþjónustu fyrir ungmenni eins og við á.

3. Samskipti skulu einnig taka til upplýsingamiðlunar stofnana um pólitísk forgangsatriði Sambandsins, að því tilskildu að þau tengist almennu markmiði þessarar reglugerðar og að þau feli í sér virðisauka og sýnileika fyrir Sambandið.

4. Þátttökustofnanir og -fyrirtæki skulu nota heitið „Evrópska samstöðusveitin“ við samskipti og miðlun upplýsinga í tengslum við Evrópsku samstöðusveitina.

VI. KAFLI

**STJÓRNUNAR- OG ENDURSKOÐUNARKERFI**

*17. gr.*

**Framkvæmdaraðilar**

Eftirtaldir aðilar skulu annast framkvæmd þessarar reglugerðar með samræmdum hætti:

a) framkvæmdastjórnin á vettvangi Sambandsins,

b) landsskrifstofurnar á landsvísu í þátttökulöndunum.

*18. gr.*

**Landsyfirvald**

Í sérhverju landi sem tekur þátt í Evrópsku samstöðusveitinni skulu landsyfirvöldin, sem tilnefnd eru til þess að stjórna aðgerðunum sem um getur í III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013, einnig fara með hlutverk landsyfirvalda að því er varðar Evrópsku samstöðusveitina. Beita skal 1., 3., 8., 9. og 11.–16. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar um Evrópsku samstöðusveitina með lögjöfnun.

*19. gr.*

**Óháður endurskoðandi**

1. Landsyfirvaldið skal tilnefna óháðan endurskoðanda. Óháði endurskoðandinn skal gefa álit á árlegu skýrslunni um rekstur sem um getur í c-lið 1. mgr. 155. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 2018/1046.

2. Óháði endurskoðandinn skal:

a) búa yfir nauðsynlegri faglegri hæfni til að annast endurskoðun hjá hinu opinbera,

b) tryggja að við endurskoðun hans sé höfð hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum endurskoðunarstöðlum,

c) ekki eiga hagsmuna að gæta gagnvart lögaðilanum sem landsskrifstofan, sem um getur í 20. gr., er hluti af og vera óháður lögaðilanum, sem landsskrifstofan er hluti af, við störf sín.

3. Óháði endurskoðandinn skal veita framkvæmdastjórninni og fulltrúum hennar, og einnig Endurskoðunarréttinum, fullan aðgang að öllum skjölum og skýrslum til stuðnings áliti sínu á árlegri skýrslu landsskrifstofunnar um rekstur.

*20. gr.*

**Landsskrifstofa**

1. Í sérhverju landi sem tekur þátt í Evrópsku samstöðusveitinni skulu landsskrifstofurnar, sem tilnefndar eru til þess að stjórna aðgerðunum sem um getur í III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013 í viðkomandi landi, einnig fara með hlutverk landsskrifstofa innan ramma Evrópsku samstöðusveitarinnar.

Beita skal 1., 2. og 5.–8. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013 um Evrópsku samstöðusveitina með lögjöfnun.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013 skal landsskrifstofan einnig bera ábyrgð á stjórnun verkefna á öllum stigum þeirra aðgerða Evrópsku samstöðusveitarinnar sem taldar eru upp í framkvæmdargerðunum sem um getur í 24. gr. þessarar reglugerðar, í samræmi við v. og vi. lið c-liðar 1. mgr. 62. gr. reglugerðar (ESB, KBE) 2018/1046.

*21. gr.*

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins**

1. Reglurnar sem gilda um tengslin milli framkvæmdastjórnarinnar og landsskrifstofu skulu settar fram í skriflegu skjali í samræmi við reglur 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013. Í skjalinu skal:

a) kveða á um innri eftirlitsstaðla fyrir landsskrifstofur og reglur um stjórnun fjármuna Sambandsins til styrkveitinga af hálfu landsskrifstofa,

b) vera að finna vinnuáætlun landsskrifstofunnar þar sem fram koma stjórnunarverkefni landsskrifstofunnar sem Sambandið veitir stuðning til,

c) tilgreina kröfur um skýrslugjöf sem gerðar eru til landsskrifstofunnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal árlega láta landsskrifstofunni í té eftirtalda fjármuni:

a) fjármuni til styrkveitinga í hlutaðeigandi þátttökulandi fyrir aðgerðir Evrópsku samstöðusveitarinnar sem landsskrifstofunni er falið að stjórna,

b) fjárframlag til stjórnunarverkefna landsskrifstofunnar sem skilgreind eru í samræmi við b-lið 4. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013.

3. Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um kröfurnar fyrir vinnuáætlun landsskrifstofa. Framkvæmdastjórnin skal ekki láta landsskrifstofuna fá fjármuni vegna Evrópsku samstöðusveitarinnar fyrr en hún hefur formlega samþykkt vinnuáætlun landsskrifstofunnar að teknu tilliti til meginreglnanna í 2. mgr. 5. gr. og í 24. gr.

4. Á grundvelli krafna um reglufylgni landsskrifstofa, sem um getur í 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013, skal framkvæmdastjórnin gera úttekt á landsbundnum stjórnunar- og eftirlitskerfum, skýrslunni um rekstur landsskrifstofunnar og álit óháðs endurskoðanda á henni, með tilhlýðilegu tilliti til upplýsinga frá landsyfirvaldinu um eftirlit þess og umsjón með Evrópsku samstöðusveitinni.

5. Eftir að hafa metið árlegu skýrsluna um rekstur og álit óháðs endurskoðanda á henni skal framkvæmdastjórnin beina áliti sínu og athugasemdum til landsskrifstofunnar og landsyfirvaldsins.

6. Ef framkvæmdastjórnin getur ekki samþykkt árlegu skýrsluna um rekstur eða álit óháða endurskoðandans á henni, eða hafi landsskrifstofan ekki tekið fullnægjandi tillit til athugasemda framkvæmdastjórnarinnar er framkvæmdastjórninni heimilt að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir og ráðstafanir til úrbóta til að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í samræmi við c-lið 3. mgr. 131. gr. reglugerðar (ESB, KBE) 2018/1046.

7. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja reglulega fundi og þjálfun með og fyrir net landsskrifstofa til að tryggja samræmda framkvæmd Evrópsku samstöðusveitarinnar í öllum þátttökulöndum hennar. Framkvæmdastjórnin skal reglulega hafa samráð við helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. þátttökustofnanir og -fyrirtæki, um framkvæmd Evrópsku samstöðusveitarinnar.

VII. KAFLI

**EFTIRLITSKERFI**

*22. gr.*

**Meginreglur eftirlitskerfisins**

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins þegar aðgerðir, sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari reglugerð, eru framkvæmdar, með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, með skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif.

2. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á eftirliti með þeim aðgerðum Evrópsku samstöðusveitarinnar sem landsskrifstofur stjórna. Hún skal setja lágmarkskröfur um eftirlit landsskrifstofunnar og óháða endurskoðandans.

3. Landsskrifstofurnar skulu bera ábyrgð á grunneftirliti með styrkþegum með tilliti til þeirra aðgerða Evrópsku samstöðusveitarinnar sem þeim eru faldar. Slíkt eftirlit skal vera í samræmi við meðalhóf og viðeigandi og veita nægilega vissu fyrir því að styrkir sem veittir eru, séu notaðir eins og ætlast er til og í samræmi við gildandi reglur Sambandsins.

4. Að því er varðar fjármuni sem millifærðir eru til landsskrifstofanna skal framkvæmdastjórnin sjá um að samræma á viðeigandi hátt eftirlit sitt við landsyfirvöld og landsskrifstofurnar, á grundvelli meginreglna um eina endurskoðun og í kjölfar áhættugreiningar. Þessi málsgrein skal ekki gilda um rannsóknir á vegum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF).

*23. gr.*

**Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins**

1. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarrétturinn skulu hafa heimild til að láta fara fram endurskoðun, á grundvelli skjala og vettvangsskoðana, hjá öllum styrkþegum, verktökum, undirverktökum og öðrum þriðju aðilum sem hafa fengið fjárstyrk Sambandsins á vegum Evrópsku samstöðusveitarinnar. Þessir aðilar mega einnig láta fara fram endurskoðun og eftirlit í tengslum við landsskrifstofurnar.

2. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur hafið athuganir, þ.m.t. vettvangseftirlit og athuganir hjá rekstraraðilum sem slík fjármögnun snertir beint eða óbeint, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 ([15]) og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 ([16]), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkákvörðun eða samning sem er fjármagnaður á vegum Evrópsku samstöðusveitarinnar.

3. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir, sem leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar, innihalda ákvæði sem veita framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum skýlausa heimild til að láta fara fram slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([16]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

VIII. KAFLI

**FRAMKVÆMDARÁKVÆÐI**

*24. gr.*

**Framkvæmd Evrópsku samstöðusveitarinnar**

1. Til framkvæmdar reglugerð þessari skal framkvæmdastjórnin samþykkja, með framkvæmdargerðum, vinnuáætlanir þar sem tekið er tillit til forgangsatriða í innlendum samstöðustefnum, hafi slíkar upplýsingar verið sendar framkvæmdastjórninni. Í sérhverri vinnuáætlun skal tryggja að unnið sé með samræmdum hætti að framkvæmd almennu og sértæku markmiðanna í 3. og 4. gr. og gerð grein fyrir þeim niðurstöðum sem vænst er í grófum dráttum, aðferðinni við framkvæmdina og heildarfjárhæð. Í vinnuáætlununum skal einnig vera að finna lýsingu á aðgerðum sem á að fjármagna, upplýsingar um hvaða fjárhæð er veitt til hverrar aðgerðar og upplýsingar um skiptingu fjármuna milli þátttökulandanna til aðgerða sem landsskrifstofurnar stjórna, auk leiðbeinandi tímaáætlunar fyrir framkvæmdina.

2. Að því er varðar þá fjárhagsáætlun sem stjórnað er af landsskrifstofunum skal framkvæmdargerðin heimila landsskrifstofunum að úthluta fjárhæðum til helstu aðgerða innanlands og yfir landamæri þannig að samræmist forgangsatriðum í innlendum samstöðustefnum, í samræmi við 2. mgr. 9. gr. og innan þeirra marka sem sett eru í vinnuáætlununum.

3. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

*25. gr.*

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

IX. KAFLI

**BREYTINGA- OG LOKAÁKVÆÐI**

*26. gr.*

**Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1288/2013**

Reglugerð (ESB) nr. 1288/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 13. gr. kemur eftirfarandi:

*„13. gr.*

**Hreyfanleiki einstaklinga í námi**

1. Hreyfanleiki einstaklinga í námi skal styðja:

a) hreyfanleika ungs fólks milli þátttökulanda áætlunarinnar, innan ramma óformlegs og formlauss náms; slíkur hreyfanleiki getur verið í formi ungmennaskipta, einnig nýsköpunarstarfsemi sem byggist á ákvæðum um hreyfanleika sem fyrir eru,

b) hreyfanleika þeirra sem starfa að æskulýðsmálum eða í æskulýðssamtökum og æskulýðsleiðtoga; slíkur stuðningur getur verið í formi þjálfunar og netsamstarfs.

2. Þessi aðgerð skal einnig styðja hreyfanleika ungmenna, auk hreyfanleika þeirra sem starfa að æskulýðsmálum eða í æskulýðssamtökum og æskulýðsleiðtoga, til eða frá samstarfslöndum utan þátttökulandanna, einkum nágrannalöndum.“

2) Í stað 1., 2., og 3. mgr. 18. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Fjárhagsramminn til að hrinda áætluninni í framkvæmd frá og með 1. janúar 2014 er 14 542 724 000 evrur á gangverði.

2. Fjárhæðinni, sem um getur í 1. mgr., skal veitt til aðgerða áætlunarinnar sem hér segir, og skal sveigjanleiki í úthlutun hverrar fjárhæðar ekki fara yfir 5%:

a) að minnsta kosti 80,8% til menntunar og þjálfunar, af því skulu að lágmarki fara:

i. 44,3% til æðri menntunar, sem nemur 35,7% af heildarfjárhagsáætlun,

ii. 21,4% til starfsmenntunar, sem nemur 17,3% af heildarfjárhagsáætlun,

iii. 14,6% til skólamenntunar, sem nemur 11,8% af heildarfjárhagsáætlun,

iv. 4,9% til fullorðinsfræðslu, sem nemur 3,9% af heildarfjárhagsáætlun,

b) 8,6% til æskulýðsstarfs,

c) allt að 1,5% til Ábyrgðarsjóðs námslána,

d) 1,9% til Jean Monnet-áætlunarinnar,

e) 1,8% til íþróttamála, þar af ekki meira en 10% til starfseminnar sem getið er í b-lið 1. mgr. 17. gr.,

f) 3,4% sem rekstrarstyrkir til landsskrifstofa og

g) 1,8% í stjórnunarkostnað.

3. Af fjárveitingunum sem getið er í a- og b-lið 2. mgr. skulu a.m.k. 63% renna til hreyfanleika einstaklinga í námi, a.m.k. 27% til samstarfs um nýsköpun og miðlunar góðra starfsvenja og 4,2% til stuðnings við bætta stefnumótun.“

*27. gr.*

**Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1293/2013**

Eftirfarandi málsgrein bætist við 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1293/2013:

„3. Undiráætlunin fyrir umhverfið, sem svarar til forgangssviðsins Stjórnarhættir í umhverfismálum, og undiráætlunin fyrir aðgerðir í loftslagsmálum, sem svarar til forgangssviðsins Stjórnarhættir í loftslagsmálum og upplýsingar, mega fjármagna verkefni í skilningi 4. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar sem Evrópska samstöðusveitin framkvæmir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1475 (*) sem styðja við eitt eða fleiri forgangssvið í skilningi 9. og 13. gr. þessarar reglugerðar. Verkefni þessi skulu eingöngu framkvæmd í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1475 án tillits til sértækra krafna þessarar reglugerðar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1475 frá 2. október 2018 um lagaramma um Evrópsku samstöðusveitina og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1288/2013, reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 og ákvörðun nr. 1313/2013/ESB (Stjtíð. ESB L 250, 4.10.2018, bls. 1).“

*28. gr.*

**Breyting á ákvörðun nr. 1313/2013/ESB**

Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir annarri undirgrein 1. mgr. 19. gr. ákvörðunar 1313/2013/ESB:

„Af fjárhagsrammanum fyrir 3. lið undir fyrirsögninni „Öryggi og borgararéttur“ má fjármagna aðgerðir, sem Evrópska samstöðusveitin framkvæmir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1475 (*) og sem styðja við eitt eða fleiri af forgangsatriðum Sambandsins á sviði almannavarna. Aðgerðir þessar skulu eingöngu framkvæmdar í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1475 án tillits til sértækra krafna þessarar ákvörðunar.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1475 frá 2. október 2018 um lagaramma um Evrópsku samstöðusveitina og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1288/2013, reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 og ákvörðun nr. 1313/2013/ESB (Stjtíð. ESB L 250, 4.10.2018, bls. 1).“

*29. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 2. október 2018.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| A. TAJANI | J. BOGNER-STRAUSS |
| *forseti.* | *forseti.* |

*VIÐAUKI*

Haft verður náið eftirlit með Evrópsku samstöðusveitinni til að mæla að hve miklu leyti almenn og sértæk markmið hennar hafa náðst, auk þess sem haft verður eftirlit með afrakstri, niðurstöðum og áhrifum hennar. Í því skyni er mælt fyrir um lágmarksramma vísa, sem skal vera grunnurinn að ítarlegri framtíðaráætlun um eftirlit með afrakstri, niðurstöðum og áhrifum Evrópsku samstöðusveitarinnar, þ.m.t. víðtækt safn eigindlegra og megindlegra vísa, eins og um getur í 2. mgr. 15. gr.

Afrakstursvísar

a) fjöldi þátttakenda í sjálfboðastarfi (innanlands og yfir landamæri), sundurliðaður eftir landi, aldri, kyni, faglegum bakgrunni og menntunarstigi,

b) fjöldi þátttakenda í starfsþjálfun (innanlands og yfir landamæri), sundurliðaður eftir landi, aldri, kyni, faglegum bakgrunni og menntunarstigi,

c) fjöldi þátttakenda í störfum (innanlands og yfir landamæri), sundurliðaður eftir landi, aldri, kyni, faglegum bakgrunni og menntunarstigi,

d) fjöldi þátttakenda í samstöðuverkefnum, sundurliðaður eftir landi, aldri, kyni, faglegum bakgrunni og menntunarstigi,

e) fjöldi stofnana og fyrirtækja með gæðavottun, sundurliðaður eftir landi og fenginni fjármögnun,

f) fjöldi þátttakenda úr hópi ungmenna sem njóta færri tækifæra.

Árangursvísar (Samsettir vísar)

g) fjöldi þátttakenda sem kveðst hafa náð aukinni hæfni við þátttöku,

h) hlutfall þátttakenda, sem hafa fengið viðurkenningu á því að hafa náð hæfniviðmiðum með vottorði á borð við ungmennavegabréfið (Youthpass) eða annars konar formlegri viðurkenningu á þátttöku sinni í Evrópsku samstöðusveitinni,

i) heildarhlutfall þátttakenda sem var ánægður með gæði starfsins,

j) fjöldi fólks sem fengið hefur stuðning, beint eða óbeint, í gegnum samstöðustarf,

Auk þess skal tryggja, eins og við á, samræmi við lykilvísa fyrir æskulýðsmál sem um getur í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1288/2013.

_____

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/743** **2024/EES/11/06**

**frá 16. maí 2018**

**um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda þeim ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) ([1]), einkum 1. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (hér á eftir nefnt „IM-upplýsingakerfið“) sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 er hugbúnaður, aðgengilegur á Netinu, sem framkvæmdastjórnin hefur þróað í samstarfi við aðildarríkin til þess að hjálpa aðildarríkjunum við að uppfylla í reynd kröfur um upplýsingaskipti, sem mælt er fyrir um í gerðum Sambandsins, með því að koma á miðlægri boðskiptaleið til að auðvelda upplýsingaskipti og gagnkvæma aðstoð yfir landamæri.

2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]) er mælt fyrir um reglur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um reglur er varða frjálsa miðlun persónuupplýsinga. Þar eru sett fram ferli við samvinnu á sviði stjórnsýslu milli eftirlitsyfirvalda, á milli eftirlitsyfirvalda og Evrópska persónuverndarráðsins (hér eftir nefnt „persónuverndarráðið“) og, ef við á, við framkvæmdastjórnina. IM-upplýsingakerfið gæti verið skilvirkt tæki við framkvæmd ákvæðanna um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2016/679. Því er nauðsynlegt að ráðast í tilraunaverkefni, eins og um getur í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.

3) Í þeim tilvikum þar sem aðildarríkin hafa tilnefnt, í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679, eftirlitsyfirvald sem gegnir hlutverki sameiginlegs tengiliðar, ætti einnig að líta á slíkan tengilið sem lögbært yfirvald að því er varðar þetta tilraunaverkefni.

4) Í því skyni að tryggja samræmda beitingu ákvæða reglugerðar (ESB) 2016/679, þar sem samstarf milli eftirlitsyfirvalda, framkvæmdastjórnarinnar og persónuverndarráðsins er tilgreint, ætti IM-upplýsingakerfið að gefa kost á geymslu allra viðeigandi gagna varðandi upplýsingaskipti. IM-upplýsingakerfið ætti að gera eftirlitsyfirvöldum kleift að endurnota slík gögn við hvers kyns síðari vinnslu í tengslum við upplýsingaskipti skv. 56. gr. og 60.-66. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

5) IM-upplýsingakerfið ætti að gefa kost á virkni sem gerir Evrópska persónuverndarráðinu kleift að miðla skjölum og upplýsingum í samræmi við d- til k-lið, m-lið og x-lið 1. mgr. 70 .gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 sem eru nauðsynleg til að tryggja samræmda og tímanlega vinnslu mála.

6) Í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 skal framkvæmdastjórnin leggja úttekt á niðurstöðum tilraunaverkefnisins fyrir Evrópuþingið og ráðið. Rétt þykir að kveða á um fyrir hvaða dag ætti að leggja fram slíka úttekt.

7) Reglugerð (ESB) 2016/679 kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2018. Þessi ákvörðun ætti því að koma til framkvæmda frá og með sama degi.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 115. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 5.1.2023, bls.70.

([1]) Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Tilraunaverkefnið**

Ákvæði 56. gr., 60.-66. gr. og d- til k-liðar, m-liðar og x-liðar 1. mgr. 70 gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skulu vera viðfang tilraunaverkefnis til að koma til framkvæmda þeim ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu, sem sett eru fram í þessum greinum, með því að nota IM-upplýsingakerfið.

*2. gr.*

**Lögbær yfirvöld**

Að því er varðar tilraunaverkefnið skulu eftirlitsyfirvöldin sem um getur í 51. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 og Evrópska persónuverndarráðið sem um getur í 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 (hér eftir nefnt „persónuverndarráðið“) teljast lögbær yfirvöld.

*3. gr.*

**Samvinna á sviði stjórnsýslu milli eftirlitsyfirvalda**

1. Að því er varðar 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

a) að hefja samráð til að ákvarða forystueftirlitsyfirvald og önnur viðkomandi eftirlitsyfirvöld vegna tiltekinnar vinnslu yfir landamæri,

b) að tilkynna um fyrirhugaða þátttöku í samráði skv. a-lið,

c) að tilkynna um að fyrirhugað sé að afgreiða mál á staðnum,

d) að tilkynna um hvort forystuyfirvald hyggist fjalla um málið eða ekki.

2. Að því er varðar 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

a) að tilkynna um og hefja samráð um drög að ákvörðun,

b) að tilkynna um og hefja samráð um endurskoðuð drög að ákvörðun,

c) að tilkynna um fyrirhugaða þátttöku í samráði skv. a- og b-lið, þ.m.t. um viðeigandi og rökstudd andmæli,

d) að tilkynna um samþykkta ákvörðun.

3. Að því er varðar 61. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

a) að biðja um gagnkvæma aðstoð frá öðru eftirlitsyfirvaldi í formi upplýsinga og/eða eftirlitsráðstafana,

b) að svara beiðni um gagnkvæma aðstoð með samþykki eða í undantekningartilvikum með neitun á að verða við beiðninni,

c) að tilkynna um framvindu og niðurstöðu þeirra ráðstafana sem gerðar voru til að bregðast við beiðninni,

d) að tilkynna um hvers kyns kostnað.

4. Að því er varðar 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

a) að bjóða til þátttöku í sameiginlegum aðgerðum, þ.m.t. sameiginlegum rannsóknum og sameiginlegum framfylgdar-ráðstöfunum,

b) að tilkynna um beiðni um að taka þátt eða ekki taka þátt í sameiginlegri aðgerð,

c) að tilkynna um samkomulag um að grípa til sameiginlegrar aðgerðar.

*4. gr.*

**Samvinna á sviði stjórnsýslu milli eftirlitsyfirvalda, persónuverndarráðsins og framkvæmdastjórnarinnar**

1. Að því er varðar 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

a) að leggja fram beiðni um álit persónuverndarráðs á eftirfarandi:

   i. drögum að ákvörðun lögbærs eftirlitsyfirvalds varðandi einhverjar þær ráðstafanir sem taldar eru upp í 1. mgr. 64. gr.,

   ii. málefnum, sem hafa almenna skírskotun,

   iii. málefnum sem hafa afleiðingar í fleiru en einu aðildarríki,

b) að tilkynna um álitsdrög frá persónuverndarráðinu,

c) að tilkynna um beiðnina og einkum álitsdrögin frá persónuverndarráðinu,

d) að tilkynna um lokaálit frá persónuverndarráðinu,

e) að tilkynna um hvort fyrirhugað sé að fara að áliti persónuverndarráðsins eða ekki og, ef við á, að breyta drögunum að ákvörðun og tilkynna um breytt drög að ákvörðun.

2. Að því er varðar 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

a) að leggja fram beiðni um bindandi ákvörðun persónuverndarráðsins þar sem:

   i. hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald hefur haft uppi viðeigandi og rökstudd andmæli gegn drögum að ákvörðun forystuyfirvaldsins og forystuyfirvaldið hefur hafnað slíkum viðeigandi og rökstuddum andmælum þar sem þau séu ekki viðeigandi eða rökstudd í samræmi við 4. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,

   ii. ágreiningur er uppi um hvert af hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum telst vera lögbært að því er varðar höfuðstöðvarnar,

   iii. lögbært eftirlitsyfirvald óskar ekki eftir áliti persónuverndarráðsins í tilvikum sem um getur í 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,

   iv. lögbært eftirlitsyfirvald fylgir ekki áliti sem persónuverndarráðið hefur gefið út skv. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,

b) að tilkynna um drög að bindandi ákvörðun persónuverndarráðsins,

c) að tilkynna um beiðnina og einkum bindandi ákvörðun persónuverndarráðsins,

d) að tilkynna um bindandi ákvörðun persónuverndarráðsins,

e) að tilkynna um að eftirlitsyfirvald hafi tilkynnt annars vegar ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila og hins vegar hinum skráða um endanlega ákvörðun og dagsetningu tilkynningarinnar.

3. Að því er varðar 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/679 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á eftirfarandi tæknilegum aðgerðum:

a) að tilkynna um bráðabirgðaráðstafanir og ástæðurnar fyrir samþykkt þeirra,

b) að leggja fram beiðni um flýtiálit eða flýtiákvörðun persónuverndarráðsins,

c) að tilkynna um álitsdrög eða drög að ákvörðun persónuverndarráðsins,

d) að tilkynna um beiðni og einkum álitsdrög eða drög að ákvörðun persónuverndarráðsins,

e) að tilkynna um lokaálit eða endanlega ákvörðun persónuverndarráðsins,

f) að tilkynna um hvort fyrirhugað sé að fylgja áliti persónuverndarráðsins eða ekki og, ef við á, að breyta drögunum að ákvörðun,

g) að tilkynna um að eftirlitsyfirvald hafi tilkynnt viðkomandi aðilum um ákvörðunina.

*5. gr.*

**Geymsla og endurnotkun gagna vegna síðari vinnslu**

IM-upplýsingakerfið skal gefa kost á geymslu gagna sem unnin eru við upplýsingaskipti skv. 56. gr. og 60.-66. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Ef slík gögn eru nauðsynleg vegna síðari vinnslu samkvæmt þessum greinum skal IM-upplýsingakerfið leyfa endurnotkun á geymdum gögnum.

*6. gr.*

**Samræmd beiting reglugerðar (ESB) nr. 2016/679**

IM-upplýsingakerfið skal gefa kost á virkni sem gerir persónuverndarráðinu kleift að miðla skjölum og upplýsingum eins og um getur í d- til k-lið, m-lið og x-lið 1. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

*7. gr.*

**Úttekt**

Leggja skal úttektina á niðurstöðum tilraunaverkefnisins sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2021.

*8. gr.*

**Gildistaka og beiting**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2018.

Gjört í Brussel 16. maí 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/896** **2024/EES/11/07**

**frá 19. júní 2018**

**um aðferðafræði fyrir útreikning á árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti og um breytingu á ákvörðun 2005/270/EB**

*(tilkynnt með númeri C(2018) 3736)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang ([1]), einkum 1. mgr. a í 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í tilskipun 94/62/EB er þess krafist að aðildarríki geri ráðstafanir til að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti og kveðið á um að þessar ráðstafanir eigi að tryggja að ekki sé farið yfir tiltekinn fjölda af þunnum burðarpokum úr plasti á hvern einstakling á ári eða að ekki sé farið yfir jafngild markmið sem eru gefin upp sem þyngd.

2) Nauðsynlegt er að nota samræmt tilkynningakerfi og samræmda aðferðafræði fyrir útreikning á notkun á þunnum burðarpokum úr plasti á hvern einstakling, að vakta þá notkun á vettvangi Sambandsins og að meta hvort viðvarandi minnkun á notkun þessara poka hafi náðst.

3) Aðildarríkjum er heimilt að skilgreina landsbundnar ráðstafanir sínar annaðhvort með tilvísun í fjölda þunnra burðarpoka úr plasti eða með tilvísun í þyngd. Aðferðirnar sem eru notaðar til að mæla notkun á þunnum burðarpokum úr plasti eru órjúfanlega tengdar ráðstöfunum sem gerðar hafa verið með það að markmiði að draga úr notkun. Í aðferðafræðinni fyrir útreikning á notkun ætti því að gera ráð fyrir bæði útreikningum á grundvelli fjölda sem og á grundvelli þyngdar til að taka tillit til vals aðildarríkjanna milli þessara tvenns konar ráðstafana til að draga úr notkun.

4) Ef ráðstafanir eru gerðar til að draga úr árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti með hliðsjón af þyngd ætti að greina frá upplýsingum um meðalþyngd þunnra burðarpoka úr plasti til að gera það kleift að umreikna tölur um notkun yfir í fjölda þannig að unnt sé að bera saman gögn sem mismunandi aðildarríki gefa skýrslu um á grundvelli þyngdar eða á grundvelli fjölda þunnra burðarpoka úr plasti.

5) Aðildarríkjum er heimilt að undanskilja mjög þunna burðarpoka úr plasti frá landsbundnum ráðstöfunum til að draga úr notkun. Samt sem áður teljast þessir pokar vera þunnir burðarpokar úr plasti að því er varðar tilkynningaskylduna og skulu teknir með í skýrslugjöf um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti. Aðferðafræði fyrir útreikning sem byggist á tekjum af lögboðnum sköttum, gjöldum eða álögum nær e.t.v. ekki yfir þessa undanþegnu poka. Til að taka þetta til greina ættu aðildarríkin að krefjast þess að rekstraraðilar greini frá fjölda eða þyngd allra þunnra burðarpoka úr plasti sem settir eru á markað, einnig þeirra sem eru undanþegnir slíkum sköttum, gjöldum eða álögum.

6) Eyðublöð fyrir skýrslugjöf um umbúðir og umbúðaúrgang eru sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/270/EB ([2]). Ný eyðublöð eru nauðsynleg í þeim tilgangi að gefa skýrslu um notkun á þunnum burðarpokum úr plasti. Því ætti að breyta ákvörðun 2005/270/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 160, 25.6.2018, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 14.9.2023, bls. 16.

([1]) (Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/270/EB frá 22. mars 2005 þar sem mælt er fyrir um eyðublöð fyrir gagnagrunnskerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtíð. ESB L 86, 5.4.2005, bls. 6).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Aðferðafræði fyrir útreikning á og skýrslugjöf um árlega notkun**

Árleg notkun á þunnum burðarpokum úr plasti á hvern einstakling skal reiknuð út og greint frá henni með því að nota annaðhvort aðferðafræðina fyrir skýrslugjöf eftir fjölda sem mælt er fyrir um í 2. gr. eða aðferðafræðina fyrir skýrslugjöf eftir þyngd sem mælt er fyrir um í 3. gr.

*2. gr.*

**Aðferðafræði fyrir skýrslugjöf eftir fjölda**

1. Ef aðildarríki reiknar út og greinir frá árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti eftir fjölda skal það nota annan hvorn af eftirfarandi möguleikum:

a) heildarfjölda þunnra burðarpoka úr plasti sem settir voru á landsbundinn markað þess,

b) summuna af:

i. fjölda þunnra burðarpoka úr plasti, reiknað út á grundvelli tekna af lögboðnum sköttum, gjöldum eða álögum sem lagðar eru á neytendur fyrir hverja einingu af þunnum burðarpokum úr plasti eins og rekstraraðilar lýstu yfir eða gáfu skýrslu um í samræmi við landslög og

ii. fjölda þunnra burðarpoka úr plasti sem eru undanþegnir þessum sköttum, gjöldum eða álögum, sem settir voru á landsbundinn markað þess eins og rekstraraðilar gáfu skýrslu um í samræmi við landslög.

2. Aðildarríki sem gefa skýrslu um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti í samræmi við a-lið 1. mgr. skulu krefjast þess að rekstraraðilar greini frá fjölda þunnra burðarpoka úr plasti sem þeir setja á markað á yfirráðasvæði sínu fyrir hvert almanaksár.

3. Aðildarríki sem gefa skýrslu um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti í samræmi við b-lið 1. mgr. skulu krefjast þess að rekstraraðilar greini frá fjölda þunnra burðarpoka úr plasti, sem eru undanþegnir sköttum, gjöldum eða álögum, sem þeir setja á markað á yfirráðasvæði sínu fyrir hvert almanaksár.

4. Aðildarríki sem nota aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. skulu greina frá árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti með því að nota töflu 4 í viðaukanum við ákvörðun 2005/270/EB.

5. Aðildarríki sem nota aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. skulu greina frá árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti með því að nota töflu 5 í viðaukanum við ákvörðun 2005/270/EB.

*3. gr.*

**Aðferðafræði fyrir skýrslugjöf eftir þyngd**

1. Ef aðildarríki reiknar út og greinir frá árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti eftir þyngd skal það nota annan hvorn af eftirfarandi möguleikum:

a) heildarþyngd þunnra burðarpoka úr plasti sem settir voru á landsbundinn markað þess,

b) summuna af:

i. þyngd þunnra burðarpoka úr plasti, reiknað út á grundvelli tekna af lögboðnum sköttum, gjöldum eða álögum sem lagðar eru á neytendur fyrir hverja einingu af þunnum burðarpokum úr plasti eins og rekstraraðilar lýstu yfir eða gáfu skýrslu um í samræmi við landslög og

ii. þyngd þunnra burðarpoka úr plasti sem eru undanþegnir þessum sköttum, gjöldum eða álögum, sem settir voru á landsbundinn markað þess eins og rekstraraðilar gáfu skýrslu um í samræmi við landslög.

2. Aðildarríki sem greina frá árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti í samræmi við þessa grein skulu krefjast þess að rekstraraðilar veiti upplýsingar um meðalþyngd þunnra burðarpoka úr plasti.

3. Aðildarríki sem gefa skýrslu árlega um notkun á þunnum burðarpokum úr plasti í samræmi við a-lið 1. mgr. skulu krefjast þess að rekstraraðilar greini frá heildarþyngd þunnra burðarpoka úr plasti sem þeir setja á markað á yfirráðasvæði sínu fyrir hvert almanaksár.

4. Aðildarríki sem gefa skýrslu um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti í samræmi við b-lið 1. mgr. skulu krefjast þess að rekstraraðilar greini frá heildarþyngd þunnra burðarpoka úr plasti, sem eru undanþegnir sköttum, gjöldum eða álögum, sem þeir setja á markað á yfirráðasvæði sínu fyrir hvert almanaksár.

5. Aðildarríki sem nota aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. skulu greina frá árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti með því að nota töflu 6 í viðaukanum við ákvörðun 2005/270/EB.

6. Aðildarríki sem nota aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. skulu greina frá árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti með því að nota töflu 7 í viðaukanum við ákvörðun 2005/270/EB.

*4. gr.*

**Breytingar á ákvörðun 2005/270/EB**

Ákvörðun 2005/270/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 9. gr. kemur eftirfarandi:

„*9. gr.*

1. Aðildarríkin skulu nota eyðublöðin sem sett eru fram í töflum 1, 2 og 3 í viðaukanum til að leggja fram gögn um myndun, innflutning, útflutning og meðhöndlun umbúðaúrgangs.

2. Aðildarríkin skulu leggja fram gögn um notkun á þunnum burðarpokum úr plasti með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í töflu 4 eða töflu 5 í viðaukanum, eins og við á, til að gefa skýrslu eftir fjölda og eyðublaðið sem sett er fram í töflu 6 eða töflu 7 í viðaukanum, eins og við á, til að gefa skýrslu eftir þyngd.“

2) Viðaukanum er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

*5. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júní 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karmenu VELLA

*framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

Töflum 4 til 7 er bætt við í viðaukann við ákvörðun 2005/270/EB:

**„TAFLA 4**

**Árleg notkun á þunnum burðarpokum úr plasti, reiknuð út í samræmi við aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 2. gr. framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/896** (*)

| Fjöldi þunnra burðarpoka úr plasti sem settir voru á markað | |
|---|---|
| Þar af pokar af þykkt sem er | |
| < 15 míkron | 15 < 50 míkron |
| | |

(*) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/896 frá 19. júní 2018 um aðferðafræði fyrir útreikning á árlegri notkun á þunnum burðarpokum úr plasti og um breytingu á ákvörðun 2005/270/EB (Stjtíð. ESB L 160, 25.6.2018, bls. 6).

*Athugasemdir:*

1. Hvítur reitur: Framlagning gagna er lögboðin

2. Skyggðir reitir: Framlagning gagna er valfrjáls

**TAFLA 5**

**Árleg notkun á þunnum burðarpokum úr plasti, reiknuð út í samræmi við aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 2. gr. framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/896**

| Fjöldi þunnra burðarpoka úr plasti, reiknaður út frá lögboðnum sköttum, gjöldum eða álögum | | | |
|---|---|---|---|
| Fjöldi þunnra burðarpoka úr plasti, reiknaður út frá lögboðnum sköttum, gjöldum eða álögum, eins og rekstraraðilar lýstu yfir eða gáfu skýrslu um | | Fjöldi þunnra burðarpoka úr plasti, sem eru undanþegnir lögboðnum sköttum, gjöldum eða álögum, eins og rekstraraðilar gáfu skýrslu um | |
| a) | | b) | |
| a) + b) | | | |
| Þar af pokar af þykkt sem er | | | |
| < 15 míkron | 15 < 50 míkron | < 15 míkron | 15 < 50 míkron |
| | | | |

*Athugasemdir:*

1. Hvítur reitur: Framlagning gagna er lögboðin

2. Skyggðir reitir: Framlagning gagna er valfrjáls

3. Ef engin undanþága liggur fyrir skal tilgreina gildið fyrir b) sem 0.

**TAFLA 6**

**Árleg notkun á þunnum burðarpokum úr plasti, reiknuð út í samræmi við aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 3. gr. framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/896**

| Þyngd þunnra burðarpoka úr plasti sem settir voru á markað | | | |
|---|---|---|---|
| Þyngd þunnra burðarpoka úr plasti sem settir voru á markað | | Vegin meðalþyngd á hvern þunnan burðarpoka úr plasti eins og rekstraraðilar gáfu skýrslu um | |
| | | | |
| Þar af pokar af þykkt sem er | | Af þykkt sem er | |
| | | | |
| < 15 míkron | 15 < 50 míkron | < 15 míkron | 15 < 50 míkron |
| | | | |

*Athugasemdir:*

1. Hvítur reitur: Framlagning gagna er lögboðin
2. Skyggðir reitir: Framlagning gagna er valfrjáls

**TAFLA 7**

**Árleg notkun á þunnum burðarpokum úr plasti, reiknuð út í samræmi við aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 3. gr. framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/896**

| Þyngd þunnra burðarpoka úr plasti, reiknuð út frá lögboðnum sköttum, gjöldum eða álögum | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Þyngd þunnra burðarpoka úr plasti, reiknuð út frá lögboðnum sköttum, gjöldum eða álögum, eins og rekstraraðilar lýstu yfir eða gáfu skýrslu um | | Þyngd þunnra burðarpoka úr plasti, sem eru undanþegnir lögboðnum sköttum, gjöldum eða álögum, eins og rekstraraðilar gáfu skýrslu um | | Meðalþyngd á hvern þunnan burðarpoka úr plasti eins og rekstraraðilar gáfu skýrslu um | |
| a | | b | | | |
| a + b | | | | | |
| Þar af pokar af þykkt sem er | | | | | |
| < 15 míkron | 15 < 50 míkron | < 15 míkron | 15 < 50 míkron | a)<br>15 < 50 míkron | b)<br>15 < 50 míkron |
| | | | | | |

*Athugasemdir:*

1. Hvítur reitur: Framlagning gagna er lögboðin
2. Skyggðir reitir: Framlagning gagna er valfrjáls
3. Ef engin undanþága liggur fyrir er gildið fyrir b) jafnt og 0“

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/519** **2024/EES/11/08**

**frá 3. apríl 2020**

**um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir úrgangsstjórnunargeirann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS)** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB ([1]), einkum 1. mgr. 46. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með reglugerð (EB) nr. 1221/2009 er framkvæmdastjórninni gert skylt að þróa geiratengd tilvísunarskjöl fyrir tiltekna atvinnuvegi. Skjölin skulu ná yfir bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, umhverfisárangursvísa og, eftir því sem við á, árangursviðmiðanir og flokkunarkerfi til að tilgreina umhverfisárangur. Fyrirtækjum/stofnunum sem eru skráð í eða eru að undirbúa skráningu í umhverfisstjórnunarkerfið, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1221/2009, er skylt að taka tillit til þessara skjala þegar þau þróa umhverfisstjórnunarkerfi sín og þegar þau meta árangur sinn í umhverfismálum í umhverfisyfirlýsingu sinni, eða uppfærðri umhverfisyfirlýsingu, sem er útbúin í samræmi við IV. viðauka við þá reglugerð.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 bar framkvæmdastjórninni að koma á fót vinnuáætlun um að setja fram leiðbeinandi skrá yfir geira sem á að líta á sem forgangsgeira að því er varðar samþykkt geiratengdra tilvísunarskjala og tilvísunarskjala sem liggja þvert á skiptingu í geira. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um að koma á fót vinnuáætlun um að setja fram leiðbeinandi skrá yfir geira að því er varðar samþykkt geiratengdra tilvísunarskjala og tilvísunarskjala sem liggja þvert á skiptingu í geira samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ([2]) er úrgangsstjórnunargeirinn tilgreindur sem forgangsgeiri.

3) Geiratengt tilvísunarskjal fyrir úrgangsstjórnunargeirann ætti að vera með áhersluna á bestu starfsvenjur, vísa og viðmiðanir fyrir úrgangsstjórnun sem ná bæði til opinberra og einkarekinna úrgangsstjórnunarfyrirtækja, þ.m.t. fyrirtæki sem eru með í framkvæmd kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda, og opinberra stjórnsýslustofnana sem bera ábyrgð á úrgangsstjórnun á staðarvísu. Í því ætti að taka tillit til og vísa til fyrirliggjandi leiðbeininga um þætti sem falla undir önnur stjórntæki Sambandsins, s.s. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([3]) og önnur viðeigandi sértæk löggjöf um úrgang og tilvísunarskjöl um bestu aðgengilegu tækni sem voru þróuð samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 115, 14.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 14.9.2023, bls. 32.

([1]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

([2]) Orðsending frá framkvæmdastjórninni — Að koma á fót vinnuáætlun um að setja fram leiðbeinandi skrá yfir geira að því er varðar samþykkt geiratengdra tilvísunarskjala og tilvísunarskjala sem liggja þvert á skiptingu í geira, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtíð. ESB C 358, 8.12.2011, bls. 2)

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

4) Í geiratengda tilvísunarskjalinu fyrir úrgangsstjórnunargeirann ætti, að teknu tilliti til bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun ([5]), að tilgreina sértæka umhverfisárangursvísa, árangursviðmiðanir og aðgerðir sem úrgangsyfirvöld og önnur einkarekin eða opinber úrgangsstjórnunarfyrirtæki geta notað til að bæta árangur sinn við úrgangsstjórnun, s.s. að stuðla að forvörnum gegn myndun úrgangs og ná fram aukinni endurnotkun og endurvinnslu. Þessir þættir hjálpa fyrirtækjum/stofnunum að skilgreina svið sem skipta mestu máli þar sem þau geta gripið til aðgerða til að takast á við mikilvægustu umhverfisþættina og skapa ramma til að fylgjast með umbótum á sviði sjálfbærni.

5) Til að gera fyrirtækjum/stofnunum, umhverfissannprófendum og öðrum, þ.m.t. landsyfirvöldum, faggildingar- og leyfisveitingarstofum og úttakendum sem koma að innri úttekt, nægan tíma til að undirbúa innleiðingu geiratengda tilvísunarskjalsins fyrir úrgangsstjórnunargeirann ætti að fresta beitingu þessarar ákvörðunar um 120 daga frá þeim degi sem hún er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við aðildarríkin og aðra hagsmunaaðila, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1221/2009, við þróun geiratengda tilvísunarskjalsins sem fylgir þessari ákvörðun.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Geiratengda tilvísunarskjalið um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir úrgangsstjórnunargeirann er birt í viðaukanum við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 12. ágúst 2020.

Gjört í Brussel 3. apríl 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

([5]) Dri M., Canfora P., Antonopoulos I. S., Gaudillat P., „Best Environmental Management Practice for the Waste Management Sector“, JRC Science for Policy Report, EUR 29136 EN, Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2018, ISBN 978-92-79-80361-1, doi:10.2760/50247, JRC111059; http://susproc.jrc.ec.europa.eu/activities/emas/documents/WasteManagementBEMP.pdf

*VIÐAUKI*

1. **INNGANGUR**

Þetta geiratengda tilvísunarskjal byggist á ítarlegri vísinda- og stefnuskýrslu [1] („Best Practice Report“ (skýrsla um bestu starfsvenjur)) sem sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (JRC) þróaði.

**Lagalegur bakgrunnur sem skiptir máli**

Umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) fyrir frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana var innleitt 1993 með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1836/93 [2]. Eftir það hefur umhverfisstjórnunarkerfi ESB tvívegis verið endurskoðað í veigamiklum atriðum:

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 [3].

— Reglugerð (EB) nr. 1221/2009.

Mikilvægur, nýr þáttur í nýjustu endurskoðuninni, sem öðlaðist gildi 11. janúar 2010, er 46. grein um samningu geiratengdra tilvísunarskjala. Geiratengdu tilvísunarskjölin verða að ná yfir bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun (BEMP), umhverfisárangursvísa fyrir tiltekna geira og, eftir því sem við á, árangursviðmiðanir og flokkunarkerfi til að tilgreina árangur.

**Hvernig ber að skilja og nota þetta skjal**

Umhverfisstjórnunarkerfi ESB er kerfi fyrir frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana sem eru skuldbundin til bæta stöðugt árangur sinn í umhverfismálum. Í þessu geiratengda tilvísunarskjali eru gefnar sérstakar leiðbeiningar fyrir úrgangsstjórnunargeirann innan ramma þessa kerfis og bent á ýmsa valkosti fyrir umbætur, sem og bestu starfsvenjur. Þetta geiratengda tilvísunarskjal hefur ekki áhrif á lagaskilyrði á viðkomandi sviði.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samdi skjalið og notaði upplýsingar frá hagsmunaaðilum. Tæknilegur vinnuhópur sérfræðinga og hagsmunaaðila í geiranum, sem stýrt var af Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar, ræddi og samþykkti síðan bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir sem lýst er í þessu skjali; þessar viðmiðanir töldust einkum svara til þess árangurs í umhverfismálum sem þau fyrirtæki/stofnanir í geiranum, sem standa sig best, hafa náð.

Tilgangurinn með geiratengda tilvísunarskjalinu er að aðstoða og styðja öll fyrirtæki/stofnanir, sem hyggjast bæta árangur sinn í umhverfismálum, með því að veita þeim hugmyndir og innblástur sem og hagnýtar og tæknilegar leiðbeiningar.

Geiratengda tilvísunarskjalinu er fyrst og fremst beint til fyrirtækja/stofnana sem eru þegar skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, í öðru lagi til fyrirtækja/stofnana sem eru að íhuga skráningu í umhverfisstjórnunarkerfið síðar meir og í þriðja lagi til allra fyrirtækja/stofnana sem vilja læra meira um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun í þeim tilgangi að bæta árangur sinn í umhverfismálum. Markmiðið með þessu skjali er þar af leiðandi að auðvelda öllum fyrirtækjum/stofnunum í úrgangsstjórnunargeiranum að einbeita sér að umhverfisþáttum sem skipta máli, bæði beint og óbeint, og afla sér upplýsinga um bestu starfsvenjur í umhverfismálum, sem og um viðeigandi, geirabundna umhverfisárangursvísa í því skyni að mæla árangur sinn í umhverfismálum, og árangursviðmiðanir.

---

([1]) Vísinda- og stefnuskýrslan er aðgengileg öllum á vefsetri rannsóknarmiðstöðvarinnar á eftirfarandi slóð: http://susproc.jrc.ec.europa.eu/activities/emas/documents/WasteManagementBEMP.pdf. Ályktanirnar sem koma fram í þessu geiratengda tilvísunarskjali varðandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun og notkunarsvið þeirra, sem og sértæku umhverfisárangursvísarnir og árangursviðmiðanirnar, byggjast á niðurstöðum sem eru skjalfestar í vísinda- og stefnuskýrslunni. Þar má finna allar bakgrunnsupplýsingar og tæknilegar upplýsingar. Full tilvísun til vísinda- og stefnuskýrslunnar er svohljóðandi: Dri M., Canfora P., Antonopoulos I. S., Gaudillat P., „Best Environmental Management Practice for the Waste Management Sector“, JRC Science for Policy Report, EUR 29136 EN, Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, Lúxemborg, 2018, ISBN 978-92-79-80361-1, doi:10.2760/50247, JRC111059.

([2]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1836/93 frá 29. júní 1993 um frjálsa aðild iðnfyrirtækja að umhverfismála- og vistúttektarkerfi Bandalagsins (Stjtíð. EB L 168, 10.7.1993, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtíð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1).

**Hvernig fyrirtæki/stofnanir sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfi ESB ættu að taka tillit til geiratengdu tilvísunarskjalanna**

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 skulu fyrirtæki/stofnanir, sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, taka tillit til geiratengdu tilvísunarskjalanna á tveimur mismunandi stigum:

— Við þróun og framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfis í ljósi umhverfisrýni (b-liður 1. mgr. 4. gr.).

Fyrirtæki/stofnanir ættu að nota viðeigandi þætti geiratengda tilvísunarskjalsins þegar þau/þær skilgreina og rýna sértæk og almenn umhverfismarkmið sín í samræmi við viðkomandi umhverfisþætti, sem auðkenndir eru í umhverfisrýni og -stefnu, og einnig þegar þau/þær ákveða hvaða aðgerðir eigi að framkvæma til að bæta umhverfisárangur þeirra.

— Þegar umhverfisyfirlýsingin er útbúin (d-liður 1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 4. gr.).

Fyrirtæki/stofnanir ættu að huga að viðeigandi geirabundnum umhverfisárangursvísum í geiratengdu tilvísunarskjölunum þegar þau velja vísa ([4]) sem á að nota í skýrslugjöf um umhverfisárangur.

Þegar safn vísa er valið til skýrslugjafar ættu þau að taka tillit til vísanna sem lagðir eru til í samsvarandi geiratengdu tilvísunarskjali og gildis þeirra að því er varðar mikilvæga umhverfisþætti sem fyrirtækið/stofnunin tilgreinir í umhverfisrýninni. Aðeins þarf að taka tillit til vísa ef þeir skipta máli fyrir þá umhverfisþætti sem teljast vera mikilvægastir í umhverfisrýninni.

Þegar fyrirtæki/stofnanir gefa skýrslu um umhverfisárangur og um aðra þætti sem varða umhverfisárangur ættu þau að geta þess í umhverfisyfirlýsingunni hvernig tekið hefur verið tillit til viðeigandi bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun og, ef þær eru fyrir hendi, árangursviðmiðana.

Þau ættu að lýsa því hvernig viðkomandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun og árangursviðmiðanir (sem gefa vísbendingu um þann árangur í umhverfismálum sem þeir sem standa sig best hafa náð) voru notaðar til að ákvarða ráðstafanir og aðgerðir og hugsanlega til að ákveða forgangsröð í því skyni að bæta (enn frekar) árangurinn í umhverfismálum. Hinsvegar er það ekki skylda að innleiða bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eða uppfylla tilgreindar árangursviðmiðanir þar eð umhverfisstjórnunarkerfið byggist á valfrelsi og það er því á valdi fyrirtækjanna/stofnananna sjálfra að meta hvort viðmiðanirnar og innleiðing bestu starfsvenja séu hagkvæmar með tilliti til kostnaðar og ábata.

Fyrirtækið/stofnunin ætti að meta mikilvægi og notkunarsvið bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun og árangursviðmiðana, á svipaðan hátt og umhverfisárangursvísa, í samræmi við mikilvæga umhverfisþætti sem fyrirtækið/stofnunin tilgreinir í umhverfisrýninni, ásamt tæknilegum og fjárhagslegum þáttum.

Ekki ætti að greina frá eða lýsa þeim þáttum geiratengdu tilvísunarskjalanna (vísum, bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun eða árangursviðmiðunum), sem ekki teljast skipta máli fyrir mikilvæga umhverfisþætti sem fyrirtæki/stofnanir tilgreina í umhverfisrýninni, í umhverfisyfirlýsingunni.

Þátttaka í umhverfisstjórnunarkerfi ESB er viðvarandi ferli. Í hvert sinn sem fyrirtæki/stofnun hyggst bæta árangur sinn í umhverfismálum (og endurskoðar árangur sinn í umhverfismálum) skal fyrirtækið/stofnunin skoða tiltekin þemu í geiratengda tilvísunarskjalinu til að fá hugmyndir um hvaða málefni skuli glíma við næst með þrepaskiptri aðferð.

([4]) Samkvæmt IV. viðauka (f-lið B-liðar) við reglugerðina um umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal umhverfisyfirlýsingin innihalda „samantekt á fyrirliggjandi gögnum um umhverfisárangur fyrirtækis/stofnunar með tilliti til mikilvægra umhverfisþátta. Skýrslugjöfin skal ná yfir kjarnavísa um umhverfisárangur og sértæka umhverfisárangursvísa, eins og sett er fram í C-lið“. Í lið C.3 í IV. viðauka stendur: „hvert fyrirtæki/hver stofnun skal einnig gefa árlega skýrslu um árangur sinn varðandi mikilvæga beina og óbeina umhverfisþætti og -áhrif sem tengjast kjarnastarfsemi og eru mælanleg og sannprófanleg og sem falla ekki þegar undir kjarnavísa. Skýrslugjöf um slíka vísa skal gerð í samræmi við kröfur sem settar eru í inngangínum að þessum hluta. Fyrirtækið/stofnunin skal taka tillit til geiratengdra tilvísunarskjala eins og um getur í 46. gr. til að auðvelda greiningu á viðeigandi geiratengdum vísum.“

Umhverfissannprófendur umhverfisstjórnunarkerfis ESB skulu kanna hvort og hvernig fyrirtækið/stofnunin hefur tekið mið af geiratengda tilvísunarskjalinu við gerð umhverfisyfirlýsingar sinnar (d-liður 5. mgr.18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009).

Þegar úttekt er gerð þurfa faggiltir umhverfissannprófendur að fá sönnunargögn frá fyrirtækinu/stofnuninni sem sýna hvernig viðkomandi þættir í geiratengda tilvísunarskjalinu voru valdir og tillit tekið til þeirra í ljósi umhverfisrýninnar. Þeir skulu ekki kanna samræmi við árangursviðmiðanirnar sem lýst er heldur staðfesta gögnin sem sanna hvernig geiratengda tilvísunarskjalið hefur verið notað til leiðbeiningar við ákvörðun vísa og tilhlýðilegra, valfrjálsra ráðstafana sem fyrirtækið/stofnunin getur hrundið í framkvæmd til að bæta árangur sinn í umhverfismálum.

Í ljósi þess að umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geiratengdu tilvísunarskjölin byggja á valfrjálsri þátttöku ætti ekki að leggja neina óhóflega byrði á fyrirtæki/stofnanir um að veita slík sönnunargögn. Einkum skulu sannprófendur ekki krefjast sérstaks rökstuðnings fyrir hverri bestu starfsvenju, geiratengdum umhverfisárangursvísum og árangursviðmiðunum sem nefnd eru í geiratengda tilvísunarskjalinu og sem fyrirtækið/stofnunin telja að skipti ekki máli í ljósi umhverfisrýninnar. Engu að síður gætu þeir lagt til viðeigandi viðbótarþætti fyrir fyrirtækið/stofnunina til að taka tillit til í framtíðinni sem frekari sannana um skuldbindingu fyrirtækisins/stofnunarinnar til að bæta stöðugt árangur sinn.

**Uppbygging skjalsins**

Þetta skjal er í fjórum hlutum. Í 1. hluta er lagalegur bakgrunnur umhverfisstjórnunarkerfis ESB (EMAS) kynntur og því lýst hvernig nota eigi skjalið en í 2. hluta er notkunarsvið þessa tilvísunarskjalsins skilgreint. Í 3. hluta er stutt lýsing á mismunandi bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun ([5]) ásamt upplýsingum um notkunarsvið þeirra. Þegar hægt er að setja fram tiltekna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir tilteknar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun er það einnig tekið fram. Ef vísar og viðmiðanir eiga við um fleiri en eina af bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun eru þau endurtekin hvenær sem það á við. Í 3. hluta eru einnig skilgreindir, til viðbótar við vísana sem eru fastsettir í einstökum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun, nokkrir umhverfisárangursvísar sem hægt er að nota til að meta heildarárangur kerfa til að stjórna heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi. Ekki var mögulegt að skilgreina árangursviðmiðanir fyrir allar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun og vísa, annaðhvort vegna takmarkaðra tiltækra gagna eða vegna sérstakra aðstæðna hjá hverju úrgangsyfirvaldi eða úrgangsstjórnunarfyrirtæki (t.d. yfirráðasvæði í dreifbýli eða þéttbýli, tegund sérstaks söfnunar- og úrgangsstjórnunarkerfis sem var tekið upp, staðbundin neyslumynstur) sem voru svo breytilegar að árangursviðmiðanir hefðu enga þýðingu. Jafnvel þó að árangursviðmiðanir séu gefnar eru þær ekki ætlaðar sem markmið sem öll úrgangsyfirvöld eða úrgangsstjórnunarfyrirtæki eigi að ná eða mælistikur til að bera saman umhverfisárangur þvert á fyrirtæki í geiranum heldur frekar sem mælikvarði á það sem er mögulegt til að hjálpa einstökum fyrirtækjum/stofnunum við að meta eigin framfarir og hvetja þau til að bæta sig enn frekar.

Að lokum er sett fram yfirlitstafla í 4. hluta með völdum umhverfisárangursvísum sem mestu máli skipta ásamt viðeigandi skýringum og tilheyrandi árangursviðmiðunum.

## 2. GILDISSVIÐ

Þetta geiratengda tilvísunarskjal fjallar um tvær tegundir fyrirtækja/stofnana í úrgangsstjórnunargeiranum: úrgangsstjórnunarfyrirtæki (opinber og einkarekin), þ.m.t. fyrirtæki sem eru með í framkvæmd kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda, og úrgangsyfirvöld (opinber stjórnsýsluyfirvöld sem bera ábyrgð á úrgangsstjórnun, einkum á staðarvísu). Slík fyrirtæki/stofnanir falla undir eftirfarandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (samkvæmt tölfræðilegu atvinnugreinaflokkuninni sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ([6])):

— 38.1 — söfnun úrgangs,

— 38.2 — meðhöndlun og förgun úrgangs,

— 38.3 — endurnýting efnis,

([5]) Ítarleg lýsing á hverri bestu starfsvenju fyrir sig með hagnýtum leiðbeiningum um hvernig eigi að koma þeim í framkvæmd er aðgengileg í vísinda- og stefnuskýrslunni sem Sameiginlega rannsóknarmiðstöðin gaf út og er aðgengileg á Netinu á eftirfarandi slóð: http://susproc.jrc.ec.europa.eu/activities/emas/documents/WasteManagementBEMP.pdf. Lesandinn er hvattur til að skoða hana ef hann hefur áhuga á að fræðast nánar um einhverjar af bestu starfsvenjunum sem lýst er í þessu skjali.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

— 39.0 — afmengun og önnur þjónusta við úrgangstjórnun,

— 84.1 — æðsta stjórnsýsla ríkis, löggjafarstörf og framkvæmd efnahags- og félagsmála.

Þetta geiratengda tilvísunarskjal nær ekki yfir starfsemi fyrirtækja/stofnana sem mynda úrgang og tilheyra ekki úrgangsstjórnunargeiranum (þ.e. flest fyrirtæki/stofnanir).

Í þessu geiratengda tilvísunarskjali er lýst bestu starfsvenjum fyrir eftirfarandi úrgangsstjórnunarfasa og -starfsemi:

— að koma á fót áætlun um úrgangsstjórnun,

— að styðja við forvarnir gegn myndun úrgangs,

— að stuðla að endurnotkun á vörum og undirbúningi fyrir endurnotkun úrgangs,

— að bæta söfnun úrgangs,

— meðhöndlun úrgangs, takmarkast við starfsemi sem gerir það kleift að endurvinna efniviði.

Á sviði úrgangsmeðhöndlunar er gildissvið þessa geiratengda tilvísunarskjals takmarkað við stöðvar sem framkvæma meðhöndlun sem fellur utan gildissviðs tilskipunarinnar um losun í iðnaði ([7]) (t.d. flokkunarstöðvar með það að markmiði að endurvinna plast).

Þetta geiratengda tilvísunarskjal fjallar um þrjá úrgangsstrauma:

— heimilis og rekstrarúrgang í föstu formi: úrgangur frá heimilum og úrgangur frá öðrum upptökum, s.s. smásölu, stjórnun, menntunar- og heilbrigðisþjónustu, rekstri gististaða og veitingarekstri og annarri þjónustu og starfsemi, sem er svipaður að eðli og samsetningu og úrgangur frá heimilum,

— úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi,

— úrgang frá heilbrigðisþjónustu.

Iðnaðarúrgangur og úrgangur frá atvinnustarfsemi sem er ekki hluti af heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi fellur ekki undir þetta skjal.

Þessu tilvísunarskjali er skipti í fimm meginhluta (tafla 2-1) sem, frá sjónarhóli fyrirtækja/stofnana sem því er beint að, nær yfir helstu umhverfisþætti sem tengjast úrgangsstjórnun.

*Tafla 2-1*

**Uppbygging geiratengds tilvísunarskjals fyrir úrgangsstjórnunargeirann og helstu umhverfisþættir sem fjallað er um**

| Hluti | Lýsing | Helstu umhverfisþættir sem fjallað er um |
|---|---|---|
| 3.1. Þverlægar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun | Þessi hluti fjallar um þverlægar bestu starfsvenjur sem gilda um alla úrgangsstrauma sem falla undir þetta skjal, frá því að koma á fót úrgangsáætlun til notkunar á efnahagslegum stjórntækjum og til þess að finna fleiri bestu starfsvenjur í öðrum tilvísunarskjölum ESB. | Ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs<br>Söfnun úrgangs<br>Flokkun úrgangs, undirbúningur fyrir endurnotkun og meðhöndlun<br>Flutningastarfsemi<br>Endurnýting orku úr úrgangi<br>Förgun úrgangs |

([7]) Tilskipun 2010/75/ESB.

| Hluti | Lýsing | Helstu umhverfisþættir sem fjallað er um |
|---|---|---|
| 3.2. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir heimilis- og rekstrarúrgang í föstu formi | Í þessum hluta er sett fram hvernig úrgangsyfirvöld og úrgangsstjórnunarfyrirtæki geta sem best stjórnað heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi, þ.m.t. hönnun áætlunarinnar, forvarnir gegn myndun úrgangs, endurnotkun á vöru og undirbúningur fyrir endurnotkun úrgangs, söfnun úrgangs og úrgangsmeðhöndlunarstarfsemi. Þessi hluti inniheldur einnig bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir fyrirtæki/stofnanir sem fjalla um ábyrgð framleiðenda. | Ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs<br>Söfnun úrgangs<br>Flokkun úrgangs, undirbúningur fyrir endurnotkun og meðhöndlun<br>Flutningastarfsemi<br>Endurnýting orku úr úrgangi<br>Förgun úrgangs |
| 3.3. Sameiginlegir umhverfisárangursvísar fyrir heimilis- og rekstrarúrgang í föstu formi | Í þessum hluta eru settir fram sameiginlegir umhverfisárangursvísar sem hægt er að nota til að meta heildarárangur kerfa til að stjórna heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi | Ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs<br>Söfnun úrgangs<br>Flokkun úrgangs, undirbúningur fyrir endurnotkun og meðhöndlun<br>Flutningastarfsemi<br>Endurnýting orku úr úrgangi<br>Förgun úrgangs |
| 3.4. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi | Í þessum hluta er lögð áhersla á starfsemi úrgangsyfirvalda og úrgangsstjórnunarfyrirtækja sem eru beint eða óbeint ábyrg fyrir stjórnun úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi. Helstu svið sem fjallað er um eru stjórnunaráætlanir fyrir úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, að komast hjá því að úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sé mengaður af fjölklóruðum bífenýlum (PCB-efnum), stjórnun á úrgangsasbesti sem er fjarlægt og vinnsla á úrgangsgifsplötum og úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi til endurvinnslu. | Ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs<br>Söfnun úrgangs<br>Flokkun og meðhöndlun úrgangs<br>Flutningastarfsemi<br>Förgun úrgangs |
| 3.5. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir úrgang frá heilbrigðisþjónustu | Í þessum hluta er sett fram hvernig úrgangsyfirvöld og úrgangsstjórnunarfyrirtæki geta sem best fengist við stjórnun úrgangs frá heilbrigðisþjónustu. Helstu svið sem fjallað er um eru hámörkun á aðskilnaði úrgangs frá heilbrigðisþjónustu og samþykkt annars konar meðhöndlunar á úrgangi frá heilbrigðisþjónustu. | Söfnun úrgangs<br>Meðhöndlun úrgangs<br>Förgun úrgangs |

Að því er varðar hvern og einn af helstu umhverfisþáttunum sem eru tilgreindir í töflu 2-1 eru helstu umhverfisáhrifin sem þeim tengjast sett fram í töflu 2-2 í þessu skjali. Umhverfisþættirnir sem settir eru fram í töflu 2-1 og töflu 2-2 voru valdir þar eð þeir skipta almennt mestu máli fyrir geirann. Þó þarf að meta umhverfisþætti sem sértæk fyrirtæki eiga að stjórna í hverju tilviki fyrir sig.

*Tafla 2-2*

**Umhverfisþættir sem mestu máli skipta og helstu umhverfisáhrif sem þeim tengjast og fjallað er um í þessu skjali**

| Helstu umhverfisþættir | Helstu umhverfisáhrif |
|---|---|
| Söfnun úrgangs | — Loftslagsbreytingar (losun gróðurhúsalofttegunda)<br>— Losun í andrúmsloft<br>— Eyðing náttúruauðlinda |

| Helstu umhverfisþættir | Helstu umhverfisáhrif |
|---|---|
| Ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs | — Loftslagsbreytingar (losun gróðurhúsalofttegunda)<br>— Losun í andrúmsloft<br>— Eyðing náttúruauðlinda |
| Flokkun úrgangs, undirbúningur fyrir endurnotkun og meðhöndlun | — Loftslagsbreytingar (losun gróðurhúsalofttegunda)<br>— Losun í andrúmsloft/vatn/land<br>— Eyðing náttúruauðlinda<br>— Landnotkun |
| Flutningastarfsemi | — Loftslagsbreytingar (losun gróðurhúsalofttegunda)<br>— Losun í andrúmsloft<br>— Eyðing náttúruauðlinda |
| Endurnýting orku úr úrgangi | — Loftslagsbreytingar (losun gróðurhúsalofttegunda)<br>— Losun í andrúmsloft/vatn/land<br>— Eyðing náttúruauðlinda<br>— Landnotkun |
| Förgun úrgangs | — Loftslagsbreytingar (losun gróðurhúsalofttegunda)<br>— Losun í andrúmsloft/vatn/land<br>— Eyðing náttúruauðlinda<br>— Landnotkun |

## 3. BESTU STARFSVENJUR Í UMHVERFISSTJÓRNUN, GEIRABUNDNIR UMHVERFISÁRANGURSVÍSAR OG ÁRANGURSVIÐMIÐANIR FYRIR ÚRGANGSSTJÓRNUNARGEIRANN

### 3.1. Þverlægar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun sem eru settar fram í þessum hluta fjalla um þverlæg málefni úrgangsstjórnunar sem eiga við um alla úrgangsstrauma sem fjallað er um (þ.e. heimilis- og rekstrarúrgang í föstu formi, úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi og úrgang frá heilbrigðisþjónustu).

#### 3.1.1. *Samþættar áætlanir um úrgangsstjórnun*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að þróa og koma í framkvæmd samþættri áætlun um úrgangsstjórnun þar sem tekið er tillit til:

— núverandi og væntanlegrar þróunar úrgangsstrauma í framtíðinni,

— úrgangsmetakerfisins ([8]) með forgangsröðun ráðstafana samkvæmt metakerfinu (í fyrsta lagi forvarnir gegn myndun úrgangs, í öðru lagi undirbúningur fyrir endurnotkun, o.s.frv.),

— tiltækileika og afkastagetu nálægra úrgangsflokkunar-/-meðhöndlunarstöðva,

— núverandi viðhorfa og skilnings íbúa varðandi umhverfismál,

— allra annarra sértækra aðstæðna sem hafa áhrif á úrgangsstjórnun (t.d. umtalsverð viðvera ferðamanna/fólks sem ferðast reglubundið til og frá vinnu, sértæk atvinnustarfsemi, loftslag).

([8]) Úrgangsmetakerfið samanstendur af eftirfarandi þrepum: forvarnir gegn myndun úrgangs, undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnsla, endurheimt og förgun.

Þróun áætlunar um úrgangsstjórnun krefst þekkingar á magni og gæðum allra stórra úrgangsstrauma með viðeigandi aðferð til vöktunar á gögnum og traustu mati á valkostum fyrir úrgangsstjórnun. Þetta getur, í sumum tilvikum, krafist notkunar á vistferilsgreiningu til að koma auga á valkosti sem tengjast besta árangri í umhverfisstjórnun (sjá bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun 3.1.2) sem geta stundum vikið frá úrgangsmetakerfinu.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun beinast fyrst og fremst að úrgangsyfirvöldum sem stjórna eða hafa a.m.k. umtalsvert vald yfir áætlun um úrgangsstjórnun á stað- eða svæðisbundnum vettvangi, fyrst og fremst staðaryfirvöldum. Úrgangsyfirvald kann að þurfa að útvista þáttum í stefnumótandi áætlanagerð þar sem þörf er á tiltekinni sérfræðiþekkingu, s.s. færni á sviði gagnagreiningar og þekking á meðhöndlun úrgangs.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i1) Heildarmarkmið um úrbætur á úrgangsstjórnunarkerfinu (t.d. byggt á vísunum sem eru skilgreindir í þessu skjali) eru fyrir hendi (já/nei).<br>i2) Sértæk markmið um forvarnir gegn myndun úrgangs og endurnotkun eru fyrir hendi (já/nei). | b1) Samþætt áætlun um úrgangsstjórnun sem inniheldur langtíma (þ.e. 10–20 ár) og skammtíma (þ.e. 1–5 ár) heildarmarkmið um úrbætur á árangri úrgangsstjórnunarkerfisins er fyrir hendi og er endurskoðuð með reglulegu millibili (a.m.k. á þriggja ára fresti). |

3.1.2. *Vistferilsgreining á valkostum fyrir úrgangsstjórnun*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að fella vistferilshugsun og -mat inn í áætlun um úrgangsstjórnun og í starfsemina; þrep 1 og 2 (hér á eftir) eru nauðsynleg og þrep 3 til 8 kalla á að sérstök vistferilsgreining sé framkvæmd og eru ekki alltaf nauðsynleg:

1) Kerfisbundin beiting vistferilshugsunar í allri hönnun og framkvæmd áætlana um úrgangsstjórnun (til viðbótar við úrgangsstjórnunarmetakerfið).

2) Endurskoðun á viðeigandi heimildum um vistferilsgreiningu til að flokka umhverfisárangur annars konar valkosta fyrir úrgangsstjórnun þar sem kerfin, sem eru skoðuð, eru samanburðarhæf með beinum hætti við fyrirliggjandi valkosti.

3) Beiting vistferilsgreiningar á sértæka stjórnunarlega og tæknilega valkosti sem ekki fyrirfinnast neinar áreiðanlegar birtar heimildir um; þetta útheimtir kaup á vistferilsgreiningarþjónustu eða innanhússnotkun á viðeigandi vistferilsgreiningarhugbúnaði.

4) Vandleg athugun á kerfismörkum sem tryggja nákvæman samanburð á valkostum fyrir úrgangsstjórnun, þ.m.t. stækkun kerfis og/eða vistferilsgreining á ferlum sem komist er hjá (t.d. raforkuframleiðslu fyrir dreifikerfi).

5) Samantekt og skjalfesting á vistferilsbókhaldi í tengslum við viðmiðunarstrauma, ef mögulegt er með notkun á frumgögnum sem eru skráð í virðiskeðjunni, með hliðsjón af gæðum gagna og óvissubilum.

6) Val á viðeigandi áhrifaflokkum til að ná yfir meiri háttar álag á umhverfið.

7) Kynning á stöðluðum niðurstöðum fyrir viðeigandi áhrifaflokka til að meta gagnkvæmni eða málamiðlanir, með skýrum vísbendingum um óvissuvillur og næmnigreiningar.

8) Fullgilding vistferilsgreiningarrannsóknar sem óháður þriðji aðili innir af hendi (grunnkrafa samkvæmt ISO 14044 ([9]) til ytri miðlunar á niðurstöðum, en góð starfsvenja þó að hún sé einungis notuð innanhúss).

([9]) ISO 14044:2006: Umhverfisstjórnun - Lífsferilsmat - Kröfur og leiðbeiningar.

Notkunarsvið

Það er ekki alltaf nauðsynlegt að gera heildarvistferilsgreiningu. Grundvallarforgangsröðun valkosta fyrir úrgangsstjórnun sem eru tilgreindir í úrgangsstjórnunarmetakerfinu geta í sumum tilvikum nægt til að hafa áhrif á bestu starfsvenjur. Þó er oft þörf á nákvæmum samanburði á þeim valkostum sem er raðað svipað í úrgangsmetakerfinu og á þeim breytingum á stjórnun sem hafa áhrif á heildarárangur úrgangskeðjunnar.

Úrgangsstjórnunarfyrirtæki/-stofnanir af öllum stærðum geta beitt vistferilshugsun og rýnt í vistferilsgreiningarrannsóknir. Kaup á sérhannaðri vistferilsgreiningarþjónustu og/eða að greiða fyrir að þjálfa starfsfólk í vistferilsgreiningu er e.t.v. einungis fjárhagslega hagkvæmt fyrir stærri fyrirtæki/stofnanir.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i3) Kerfisbundin beiting vistferilshugsunar og, ef nauðsyn krefur, gerð vistferilsgreininga í allri hönnun og framkvæmd áætlana um úrgangsstjórnun (já/nei). | b2) Áætlunin um úrgangsstjórnun er hönnuð og framkvæmd á grundvelli kerfisbundinnar beitingar vistferilshugsunar og, þegar þess er þörf, sérstakra rannsókna á sviði vistferilsgreiningar. |

3.1.3. *Efnahagsleg stjórntæki*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að nota efnahagsleg stjórntæki til að beina hegðun borgara og fyrirtækja/stofnana sem mynda úrgang í áttina að umhverfisvænni niðurstöðum. Efnahagsleg stjórntæki geta stutt við:

— að draga úr magni úrgangs sem myndast eða að draga úr hlutfalli hættulegs úrgangs,

— að hvetja til undirbúnings fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs; að minnka brennslu og urðun,

— að bæta vöruhönnun (t.d. að hvetja til notkunar á endurvinnanlegum efniviðum í vörur).

Efnahagsleg stjórntæki sem tengjast úrgangsstjórnun ná bæði yfir hvata (jákvæð efnahagsleg merki, t.d. afslættir, umbun í formi inneignarmiða) og neikvæða hvata (neikvæð efnahagsleg merki, t.d. skattar, gjöld, viðurlög) og geta verið í formi:

— skatta og skattatilfærslu (e. *tax modulation*), t.d. úrgangsskattur, urðunarskattur, brennsluskattur,

— álagningar á vörur (t.d. á plastpoka eða fyllingarefni í byggingariðnaði),

— verðlagningar á úrgangi, s.s. einingamiðuð verðlagning og „borgað þegar hent er“ (PAYT) kerfi,

— skilagjaldskerfa,

— kerfa fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda,

— annars, t.d. framseljanlegar heimildir, endurvinnslustyrkir, undanþágur frá virðisaukaskatti.

Notkunarsvið

Regluramminn og framfylgd hans eru helstu hindranirnar í vegi fyrir beitingu efnahagslegra stjórntækja á staðarvísu.

Að auki er umhverfisvitund, góð færni á sviði stjórnunar og nýjungadrifin hegðun á vettvangi sveitarfélaga, ásamt góðum reikningsskilavenjum, forsendan fyrir framkvæmd staðbundinna efnahagslegra stjórntækja sem er flókið að stjórna frá tæknilegu, stjórnunarlegu og félagslegu sjónarhorni.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i4) Notkun efnahagslegra stjórntækja á staðarvísu til að hvetja til góðrar hegðunar (já/nei).<br>i5) Hlutfall íbúa/fyrirtækja sem nota valkvæð efnahagsleg stjórntæki (%). | b3) Efnahagslegum stjórntækjum sem eru ákvörðuð á staðarvísu í formi skatta og skattatilfærslna, álagningar á vörur, verðlagningar á úrgangi, kerfa fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda og skilagjaldskerfa er kerfisbundið komið til framkvæmda sem leið til að ná fram markmiðunum sem eru ákvörðuð í staðbundnu áætluninni um úrgangsstjórnun.<br>b4) Hjá sveitarfélögum er til staðar skilagjaldskerfi fyrir glös, bolla, diska og hnífapör fyrir allar hátíðir og stóra almenningsviðburði sem eru skipulögð á yfirráðasvæði staðaryfirvalda. |

3.1.4. *Hlekkur á önnur viðeigandi tilvísunarskjöl fyrir bestu starfsvenjur*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að innleiða nýjustu tækni sem hámarkar auðlindanýtni og lágmarkar umhverfisáhrif á sviði úrgangsmeðhöndlunar (þ.m.t. endurvinnsla efniviða, endurnýting orku og förgun úrgangs). Gagnleg tilvísunarskjöl (skráin er ekki tæmandi) um viðeigandi nýjustu tækni sem fyrirtæki/stofnanir geta vísað til eru:

— Tilvísunarskjal um bestu aðgengilegu tækni við meðhöndlun úrgangs ([10]).

— Viðmiðanir um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur ([11]).

— Tilvísunarskjal um bestu aðgengilegu tækni við brennslu úrgangs.

— Tilskipunin um urðun úrgangs (tilskipun ráðsins 1999/31/EB) ([12])

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun beinast að staðbundnum úrgangsyfirvöldum og úrgangsstjórnunarfyrirtækjum sem skipuleggja og framkvæma starfsemi á sviði úrgangsmeðhöndlunar, endurvinnslu efniviða og förgunar úrgangs.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i6) Viðeigandi nýjustu tækni, sem lýst er í tilvísunarskjölunum sem eru tilgreind í þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun, er komið í framkvæmd (já/nei). | — |

3.2. **Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir heimilis- og rekstrarúrgang í föstu formi**

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun sem eru settar fram í þessum hluta fjalla um stjórnun heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi.

([10]) Til að fá frekari upplýsingar um innihald tilvísunarskjala um bestu aðgengilegu tækni og tæmandi útskýringu á skilyrðum og upphafsstafaorðum er vísað til vefseturs Evrópuskrifstofu um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun: http://eippcb.jrc.ec.europa.eu/

([11]) Viðmiðanir um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur voru innleiddar með 6. gr. rammatilskipunarinnar um úrgang frá desember 2008 (2008/98/EB). Frekari upplýsingar má nálgast á: http://ec.europa.eu/environment/waste/framework/end_of_waste.htm

([12]) Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1). Til að fá frekari upplýsingar um innihald tilskipunarinnar um urðun úrgangs og aðgang öllum texta hennar er vísað til eftirfarandi vefseturs: http://ec.europa.eu/environment/waste/landfill_index.htm

**Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir áætlanir**

3.2.1. *Setning kostnaðarviðmiðana*

Valkostir sem tengjast úrgangsstjórnun verða fyrir miklum áhrifum af efnahagslegum þáttum; það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að setja kostnaðarviðmiðanir með því að bera kostnaðarsamsetningu sveitarfélags saman við gögn frá öðrum sveitarfélögum þar eð þetta gerir það kleift að sanngreina valkosti til bestunar sem geta rutt brautina fyrir umhverfisvænni starfshætti. Setning kostnaðarviðmiðana getur farið fram innanhúss, af hálfu óháðs þriðja aðila eða í samstarfi við önnur sveitarfélög. Inni í kostnaðartölum sem eru greindar er yfirleitt kostnaður við úrgangsstjórnunarþjónustu og fyrir förgun á tilteknum hlutum úrgangs sem og tekjur af sölu úrgangs, sem er sendur í undirbúning fyrir endurnotkun eða endurvinnslu, og annarra aukaafurða.

Við setningu kostnaðarviðmiðana þarf að taka tillit til allra viðeigandi hluta úrgangs sem falla til innan viðkomandi yfirráðasvæðis og tilheyra heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi. Ítarleg greining nær yfir kostnað vegna söfnunar úrgangs, meðhöndlunar úrgangs (flokkun, endurheimt, förgun, o.s.frv.), þ.m.t. stjórnun lokaðra urðunarstaða, starfsmannakostnaður og allur annar kostnaður sem tengist úrgangsstjórnun.

Notkunarsvið

Setning kostnaðarviðmiðana getur átt sér stað innan svæðis (staðbundið eða á landsvísu) þar sem skilyrði fyrir úrgangsstjórnun eru sambærileg og þar sem samræmdur lagarammi er fyrir hendi. Í sumum tilvikum verða þó mikil frávik vegna sérstakra aðstæðna. Setning kostnaðarviðmiðana á einkum við fyrir svæði þar sem árangur úrgangsstjórnunarkerfa er ófullnægjandi til að styðja við umbreytinguna yfir í úrgangsstjórnunarvalkosti með betri árangur.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i7) Reglubundin þátttaka í nákvæmri rannsókn á setningu kostnaðarviðmiðana (já/nei). | — |
| i8) Heildarkostnaður við stjórnun heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi á hvern íbúa á ári (evrur/á mann/á ári). | |

3.2.2. *Þróuð úrgangsvöktun*

Þróun og framkvæmd skilvirkrar og árangursríkrar áætlunar um úrgangsstjórnun byggist á nákvæmri þekkingu á tölfræðilegum gögnum fyrir þá úrgangsstrauma sem er safnað og stjórnað á staðarvísu.

Því eru það bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að:

— safna reglulega og vinna tiltæk gögn fyrir staka úrgangsstrauma og fyrir mismunandi þrep söfnunar, endurnotkunar/undirbúnings fyrir endurnotkun, flokkunar, endurvinnslu, endurheimtar og förgunar,

— gera reglulegar greiningar á samsetningu blandaðs úrgangs,

— fella inn samningsákvæði um kerfisbundna miðlun ítarlegra gagna ef gerður er verktakasamningur um úrgangsstjórnunarstarfsemi.

Gögn um vöktun úrgangs eru gagnleg, bæði fyrir innri greiningar (s.s. mat á hugsanlegri framkvæmd nýrrar ráðstöfunar) og til að deila þeim með viðeigandi opinberri stjórnsýslu og borgurum til að stuðla að umbótum og vitund.

Notkunarsvið

Nákvæm úrgangsvöktun á við fyrir öll staðaryfirvöld og úrgangsstjórnunarfyrirtæki sem stjórna heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi. Að því er varðar fyrirtæki/stofnanir sem hefja ferlið getur úrgangsvöktun til að byrja með beinst að mikilvægustu hlutum úrgangsins og síðan verið rýmkuð í áföngum eftir það til að hún nái til allra hluta hans.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i9) Notkun veflægra tóla til að rekja og gefa skýrslur um gögn um úrgang (já/nei).<br>i10) Tíðni greininga á samsetningu blandaðs úrgangs (ein greining á samsetningu á # mánaða eða ára fresti). | b5) Greining á samsetningu blandaðs úrgangs er gerð a.m.k. fjórum sinnum á ári (á mismunandi árstíðum) á þriggja ára fresti eða eftir hvers konar umtalsverðar breytingar á úrgangsstjórnunarkerfinu. |

3.2.3. *Borgað þegar hent er*

Markmiðið með „borgað þegar hent er“ (PAYT) er að framfylgja mengunarbótareglunni á réttlátan hátt með því leggja gjald á notendur úrgangsstjórnunarkerfisins samkvæmt magni úrgangs sem þeir mynda.

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að leggja úrgangsgjöld á notendur á grundvelli fasts gjaldhluta að viðbættum breytilegum gjaldhluta til að endurspegla samsetningu kostnaðar við úrgangsstjórnun og samræma hvata fyrir notendur (þ.e. lægri gjöld þegar minni úrgangur fellur til) og sorphirðuaðila (þ.e. stöðugar tekjur frá fasta gjaldhlutanum).

Í raun er hægt að koma kerfinu til framkvæmda með ýmsum hætti, yfirleitt:

— kerfi sem byggjast á rúmmáli (val á stærð íláta),

— kerfi sem byggjast á sekkjum (fjölda sekkja sem eru notaðir), t.d. með fyrirframgreiddum sérstökum sekkjum,

— kerfi sem byggjast á þyngd (þyngd úrgangs sem er safnað í tiltekið ílát),

— kerfi sem byggjast á tíðni (hversu oft ílát er sett út til söfnunar – þessa nálgun er hægt að sameina við kerfi sem byggjast á rúmmáli og sem byggjast á þyngd).

Kerfið getur verið með áherslu á að taka einungis gjald fyrir úrgangsleifar eða einnig fyrir aðskilda strauma en ennþá með það að markmiði að styðja við flokkun á myndunarstað og forvarnir gegn myndun úrgangs.

Fjögur lykilatriði sem gera það kleift að koma borgað þegar hent er kerfi til framkvæmda eru:

— auðkenning á einstökum notendum ([13]),

— mæling á úrgangsstraumum frá einstökum notendum (t.d. söfnun frá húsi til húss, í ílát við götur eða í endurvinnslu- eða söfnunarstöðvar),

— að ákvarða verð á einingu sem stuðlar í raun að breytingu á hegðun,

— þátttaka, stuðningur og skuldbinding íbúa til að tryggja réttan skilning á þáttum kerfisins (þetta er mikilvægt til að komast hjá ólöglegri losun eða flutningi úrgangs yfir á önnur yfirráðasvæði sem falla ekki undir borgað þegar hent er kerfi).

Notkunarsvið

Þessi nálgun á almennt við en það verður að aðlaga fyrirliggjandi innviði (t.d. söfnun). Söfnun frá húsi til húss er yfirleitt nauðsynleg til koma meginreglum borgað þegar hent er að fullu til framkvæmda.

Gera verður varúðarráðstafanir til að tryggja framfylgd (t.d. enginn „leki“ inn í heimilis- og rekstrarúrgang í föstu formi á yfirráðasvæði aðliggjandi staðaryfirvalda sem ekki eru með borgað þegar hent er kerfi eða í rusladalla við götur). Þetta er auðveldara ef vitund notenda er þegar fyrir hendi að því er varðar flokkun á myndunarstað og víðtækari umhverfis- og úrgangsmál.

([13]) Ekki er þörf fyrir fyrstu tvo þættina í borgað þegar hent er kerfum sem byggjast á fyrirframgreiddum sekkjum.

Með hliðsjón af útfærslunni (t.d. ef notendur eru auðkenndir út frá einstökum ílátum eða pokum) er þörf á viðeigandi ráðstöfunum til að taka rétt á gagnaleynd og trúnaðarkvöð (t.d. örugg gagnageymsla).

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i11) Borgað þegar hent er kerfi er til staðar (já/nei).<br>i12) Úrgangur sem er fluttur á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvar er tekinn með inn í borgað þegar hent er kerfið (já/nei).<br>i13) Hlutfall notenda sem ekki mynda neinn úrgang (%). | b6) Borgað þegar hent er kerfi er til staðar og samkvæmt því er a.m.k. 40% af kostnaðinum lagður á notendur, allt eftir magni (kg eða $m^3$) blandaðs úrgangs sem er safnað, stærð úrgangssöfnunarílátanna og/eða fjölda söfnunarferða.<br>b7) Borgað þegar hent er kerfið nær einnig yfir úrgang sem er fluttur á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvar. |

3.2.4. *Árangurstengdir verktakasamningar um úrgangsstjórnun*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir staðaryfirvöld, sem gera verktakasamninga við einkaaðila um tiltekna úrgangsstjórnunarþjónustu í tengslum við heimilis- og rekstrarúrgang í föstu formi, að fella inn árangurstengd samningsákvæði. Árangurstengdir verktakasamningar geta tryggt að bæði umhverfistengd og fjárhagsleg markmið séu uppfyllt.

Þrjú megineinkenni eru órjúfanlegur hluti árangurstengds samnings:

— skilgreining á röð markmiða og vísa til að mæla árangur verktaka,

— söfnun gagna um árangursvísana til að meta framkvæmd þjónustunnar,

— góður eða slæmur árangur sem hefur áhrif á verktakann (hærri tekjur eða viðurlög).

Það er mikilvægt fyrir staðaryfirvöld að byggja árangursákvæðin á heildarsafni vísa (t.d. er hægt að byggja á vísunum sem eru settir fram í lið 3.3) og viðeigandi vöktun. Gæta verður sérstakrar varúðar við að skilgreina grunnlínu og hafa í huga áhrif frá breytileika ytri aðstæðna (efnahagslegra, félagslegra, reglutengdra, o.s.frv.) á viðmiðunarfyrirkomulagið.

Notkunarsvið

Forsendan fyrir árangurstengdu úrgangsvöktunarkerfi er tilvist skilvirks kerfis til að vakta frammistöðu við úrgangsstjórnun (sem byggir á innri stjórnunarháttum og tekur einnig til samningastjórnunar).

Þegar skipt er yfir í árangurstengdan samning í fyrsta skipti er einnig mikilvægt að koma á samtali við væntanlega verktaka og alla hlutaðeigandi hagsmunaaðila til að komast að því hvað er tæknilega unnt að framkvæma og efnahagslega gerlegt.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i14) Hlutfall af samningsupphæð sem er háð því að umhverfismarkmiðum eða tilteknum umhverfisárangri sé náð (%).<br>i15) Ánægja viðskiptavina (% íbúa sem eru ánægðir með söfnun úrgangs frá heimilum og einkum með söfnun hluta sem er safnað sérstaklega). | — |

3.2.5. *Vitundarvakning*

Bestu starfsvenjur til vitundarvakningar eru að hvetja á árangursríkan hátt til forvarna gegn myndun úrgangs, endurnotkunar og endurvinnslu innan úrgangssöfnunarsvæðisins. Að síðustu ætti þetta að leiða til bætts árangurs þvert á lykilvísa fyrir myndun og aðskilnað úrgangs.

Bestu starfsvenjur við vitundarvakningarherferðir verða að:

— tryggja samfellu, samræmi, fyllingu og skýrleika allrar miðlunar með vel skilgreindum markmiðum,

— skapa skýr skilaboð sem eiga vel við og beinast að vel skilgreindum markhópum,

— tryggja skilvirka framkvæmd með samþættingu starfsemi og skýrri skiptingu ábyrgðar.

Dæmi um tvær verulegar hindranir í vegi fyrir endurvinnslu sem hægt er að sigrast á með vitundarvakningu eru:

— skortur á þekkingu: að vita ekki hvaða úrgangsefniviði á að setja í hvaða ílát eða að skilja ekki endurvinnslukerfið á staðnum (t.d. söfnunardaga o.s.frv.).

— viðhorf og skilning: viðurkenningu skortir á því að endurvinnslu sé þörf, hvatningu skortir til að komast hjá úrgangi og flokka hann.

Úrgangsstjórnunarfyrirtæki/-stofnanir geta framkvæmt herferðir til vitundarvakningar meðal borgaranna beint, fagaðilar geta framkvæmt þær fyrir þeirra hönd eða samstarfsfyrirtæki/-stofnanir (þ.m.t. hagsmunaaðilar í öðrum geirum).

Hægt er að nota margs konar samskiptaleiðir sem geta tekið til auglýsinga, almannatengsla, beinnar markaðssetningar, þátttöku í samfélaginu, þátttöku á netinu, samfélagsmiðla og merkinga á vörum.

Notkunarsvið

Hægt er að koma vitundarvakningu til framkvæmda að einhverju leyti í hvaða samhengi sem er.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i16) Fjármagn sem er varið til vitundarvakningar á hvern íbúa á ári (evrur/á mann/á ári).<br>i17) Hlutfall af heildarfjármagni vegna heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er varið til vitundarvakningar (%).<br>i18) Hlutfall íbúa á söfnunarsvæði fyrir úrgangsstjórnun sem hefur fengið skilaboð til vitundarvakningar á tilteknu tímabili (t.d. % íbúa á mánuði). | b8) Herferðum til vitundarvakningar er kerfisbundið komið til framkvæmda fyrir mismunandi tegundir markhópa (t.d. nemendur, almenning, notendur endurvinnslu- eða söfnunarstöðva) og árlegt fjármagn sem er varið til starfsemi til vitundarvakningar er a.m.k. 5 evrur á hvern íbúa. |

3.2.6. *Netkerfi úrgangsráðgjafa komið á fót*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að koma á fót netkerfi úrgangsráðgjafa (einnig nefndir úrgangs(forvarnar) fulltrúar, endurvinnslufulltrúar, úrgangs(forvarnar)ráðgjafar) á staðarvísu til að auka vitund almennings (íbúa og lítilla fyrirtækja sem senda úrgang sinn til staðbundins úrgangsstjórnunarkerfis fyrir heimilis- og rekstrarúrgang í föstu formi.

Notkun úrgangsráðgjafa á einkum við til að taka á tilteknum málum með því að beina athyglinni að tilteknu yfirráðasvæði eða markhópi þar sem hlutfall sérstakrar söfnunar á úrgangi er ófullnægjandi eða mikil mengun í tilteknum hlutum sem er safnað sérstaklega til að veita aðlagað svar þar eð úrgangsráðgjafar geta átt samskipti augliti til auglitis.

Úrgangsráðgjafar eru yfirleitt með menntun og hæfi á sviði umhverfismála, sem og þekkingu á aðferðum við lágmörkun úrgangs, endurnotkun og endurvinnslu, og geta verið sjálfboðaliðar, starfsfólk í hlutastarfi eða starfsfólk í fullu starfi. Úrgangsráðgjafar geta sinnt ýmiss konar starfsemi, s.s.:

— að vekja athygli íbúa og lítilla fyrirtækja á umhverfismálefnum sem tengjast myndun og stjórnun úrgangs,

— að upplýsa íbúa og lítil fyrirtæki um reglur um úrgangssöfnun og hvernig mismunandi hlutar úrgangs eru meðhöndlaðir og endurunnir,

— að leiðbeina íbúum og litlum fyrirtækjum um það hvernig eigi að greina möguleika til að minnka eða stjórna betur (t.d. betri flokkun á myndunarstað) úrgangi sínum,

— að vinna með íbúum og litlum fyrirtækjum að tilteknum úrgangsstraumum sem teljast valda meiri vandræðum (matarúrgangur, textílefni, bleyjur, o.s.frv.),

— að inna af hendi aðgerðir til þátttöku sem beinast að tilteknum hópum (t.d. börn/unglingar, lífeyrisþegar, fyrirtæki, þeir sem tala erlent tungumál),

— að öðlast betri skilning á því hvað gerist á vettvangi (drifkraftar, ástæður, skortur).

Notkunarsvið

Þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun er hægt að koma í framkvæmd á hvaða stigi sem er. Verksvið úrgangsráðgjafa beinist þó frekar að aðstæðum á staðarvísu þar sem tekið er á málum sem tengjast rekstri (leiðbeiningar um forvarnir gegn myndun úrgangs og endurvinnslu).

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i19) Hlutfall íbúa á söfnunarsvæði fyrir úrgangsstjórnun sem hefur fengið ráðgjöf frá úrgangsráðgjöfum á tilteknu tímabili (t.d. % íbúa á mánuði). | b9) Netkerfi úrgangsráðgjafa er til staðar með a.m.k. einn úrgangsráðgjafa á hverja 20 000 íbúa. |
| i20) Fjöldi úrgangsráðgjafa á hverja 100 000 íbúa. | |

3.2.7. *Moltugerð á heimilum og í samfélaginu*

Í tilvikum þar sem moltugerð á heimilum og í samfélaginu er mest viðeigandi valkosturinn í úrgangsstjórnun fyrir lífúrgang, á grundvelli samþykktrar áætlunar um úrgangsstjórnun og/eða vistferilsgreiningarrannsóknar um valkosti í úrgangsstjórnun (sjá liði 3.1.1 og 3.1.2), eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að:

— Innleiða kerfisbundið og stuðla að moltugerð á heimilum og í samfélaginu, fylgjast með fjölda íbúa sem taka þátt, skrá hvar búnaður til moltugerðar er settur upp og notaður.

— Skipuleggja fyrstu vitundarvakningarherferðirnar með myndrænum gögnum, almennum fundum, úrgangsráðgjöfum o.s.frv. (sjá liði 3.2.5 og 3.2.6) sem upplýsa íbúana um og þjálfa þá í moltugerð á heimilum og í samfélaginu, kostina við hana, réttar aðferðir við hana (til að takmarka metanlosun og mengun í jarðveg og tryggja að frálagið verði molta af góðum gæðum), hvaða lífúrgangur er hentugur o.s.frv.

— Láta íbúum reglulega í té uppfærðar upplýsingar um og þjálfun í hvernig á að standa rétt að moltugerð á heimilum og í samfélaginu.

— Hafa reglulegt eftirlit með stöðum til moltugerðar á heimilum og í samfélaginu. Hægt er að skoða nokkra dæmigerða staði á hverju ári til að athuga hvort staðið er rétt að moltugerð og tryggja umhverfislegan ávinning hennar.

Notkunarsvið

Í tilvikum þar sem moltugerð, á heimilum og í samfélaginu, er mest viðeigandi valkosturinn í úrgangsstjórnun fyrir lífúrgang eru engar verulegar takmarkanir fyrir því að koma þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun í framkvæmd. Árangur af moltugerð á heimilum og í samfélaginu sem aðferð við umhverfisstjórnun veltur þó að miklu leyti á því hvernig borgararnir stjórna aðskilnaði úrgangs og moltugerðarferlinu; fyrst verður að fá þá til þátttöku til að hvetja þá til að aðskilja lífúrgang og síðan að þjálfa þá til að stjórna moltugerðarferlinu á réttan hátt. Þörf er á viðbótarátaki til að skipuleggja moltugerð á heimilum og í samfélaginu á þéttbýlissvæðum.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i21) Hlutfall íbúa sem stundar moltugerð á heimilum eða sem stendur til boða moltugerð í samfélaginu (% af heilda-íbúafjölda á söfnunarsvæði fyrir úrgangsstjórnun).<br>i22) Hlutfall íbúa sem stundar moltugerð á heimilum eða í samfélaginu á réttan hátt, byggt á árlegri heimsókn og greiningu á moltunni sem verður til (% af íbúum sem stunda moltugerð á heimilum eða sem stendur til boða moltugerð í samfélaginu).<br>i23) Kerfi er fyrir hendi til reglubundinnar eftirfylgni með íbúum sem stunda moltugerð á heimilum (já/nei).<br>i24) Hlutfall íbúa sem stundar moltugerð á heimilum og fær heimsókn á hverju ári (% af heimilum þar sem moltugerð er stunduð). | b10) Allir íbúar hafa annaðhvort aðgang að sérstakri söfnun á lífúrgangi eða moltugerð úr lífúrgangi á heimilum eða í samfélaginu. |

**Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir forvarnir gegn myndun úrgangs**

3.2.8. *Staðbundnar áætlanir um forvarnir gegn myndun úrgangs*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að koma á ráðstöfunum vegna forvarna gegn myndun úrgangs sem beinast bæði að heimilum og opinberum og einkareknum fyrirtækjum/stofnunum. Sem dæmi má nefna að taka upp staðbundin gjöld fyrir plastpoka, styðja við uppsetningu viðgerðarverkstæða, koma á stöðum til að skiptast á vöru/efnivið á svæðinu sem og samstarfi við samtök í félagslega hagkerfinu, frjáls félagasamtök og veitingastaði til að stuðla að þróun samninga um að draga úr matarsóun fyrir tilstilli gjafaframlaga. Hægt er að greina ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs með því að:

— meta núverandi úrgangsmyndunarmynstur á svæðinu,

— raða í forgangsröð þeim úrgangsstraumum sem skipta mestu máli með tilliti til möguleika til forvarna, s.s. matarúrgangi og lífúrgangi, pappír/pappa, plasti (umbúðum), gleri og textílefnum,

— útfæra staðbundna áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs með þátttöku viðeigandi hagsmunaaðila (t.d. íbúa, fyrirtækja á svæðinu, samtaka í félagslega hagkerfinu, frjálsra félagasamtaka),

— vakta niðurstöður samþykktra ráðstafana vegna forvarna gegn myndun úrgangs og, í ljósi niðurstaðnanna, endurskoða áætlunina um forvarnir gegn myndun úrgangs.

Notkunarsvið

Ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs þarf að velja vandlega á grundvelli staðbundinna aðstæðna og útfæra vel (t.d. gætu einhverjar þurft stuðning með fjárhagslegum hvötum) en hentugar ráðstafanir eru til í hvaða samhengi sem er.

Þó að einungis sé hægt að nota tiltekin lykilstjórntæki til forvarna gegn myndun úrgangs á alþjóðlegum eða landsbundnum vettvangi (t.d. vörustefna, innheimta virðisaukaskatts) er einnig svigrúm til aðgerða á svæðis- og staðarvísu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i25) Staðbundinni áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs, þ.m.t. langtíma- og skammtímamarkmið og ákvæði um reglubundna vöktun, hefur verið komið á fót (já/nei).<br>i26) Fjármagn sem er ráðstafað til forvarna gegn myndun úrgangs á hvern íbúa á ári (evrur/á mann/á ári).<br>i27) Hlutfall af heildarfjárhagsáætlun vegna heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er varið til forvarna gegn myndun úrgangs (%).<br>i28) Fjöldi hagsmunaaðila sem koma að forvarnaráætlunum. | b11) Forvarnir gegn myndun úrgangs skipta máli í stefnunni í áætluninni um úrgangsstjórnun sem inniheldur staðbundna áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs sem myndar undirstöðu fyrir langtíma- (þ.e. 10–20 ára) og skammtíma- (þ.e. 1–5 ára) markmið um forvarnir gegn myndun úrgangs og inniheldur einnig ákvæði um reglubundna vöktun. |

3.2.9. *Áætlanir sem styðja við endurnotkun á vörum og undirbúning fyrir endurnotkun úrgangs*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að hvetja til þess að endurnotanlegum vörum sé beint frá úrgangsstraumum og inn í endurnotkunarstrauma með því að koma á fót eða greiða fyrir mörkuðum með notaðar vörur eða skiptimörkuðum á vegum sveitarfélaga (gegnum viðgerðarverkstæði ef þörf krefur) eða söfnun góðgerðarsamtaka. Að auki geta úrgangsstjórnunarfyrirtæki/-stofnanir sent tiltekna úrgangsstrauma til undirbúnings fyrir endurnotkun með því að koma á fót eða greiða fyrir tilurð endurnotkunar- og/eða viðgerðarstöðva.

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun ná yfir fjórar lykilráðstafanir:

— að safna vörum sem henta til endurnotkunar áður en þær teljast vera úrgangur, gera við þær ef þörf krefur og dreifa þeim eða selja til íbúa og fyrirtækja/stofnana, þ.m.t. góðgerðarsamtaka,

— að safna hlutum úr úrgangi, sem henta til endurnotkunar, láta undirbúa þá fyrir endurnotkun og dreifa þeim eða selja þá til íbúa og fyrirtækja/stofnana, þ.m.t. góðgerðarsamtaka,

— að koma á skilvirkum upplýsingaskiptum til að auglýsa eftirspurn eftir endurnotanlegum notuðum vörum og markaðssetja framboð á þeim,

— að vakta frálagið (óháð því hvort ílagið í það er flokkað sem úrgangur eða vara) frá viðgerðar- og endurnotkunarstöðvum sem hafa hlotið faggildingu á grundvelli IV. viðauka við rammatilskipunina um úrgang (2008/98/EB).

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda fyrir öll/allar úrgangsstjórnunarfyrirtæki/-stofnanir sem meðhöndla hvers konar tegundir endurnotanlegra hluta, einkum fatnað, húsgögn og raf- og rafeindabúnað.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i29) Fjöldi endurnotkunarstöðva/viðgerðarstaða í samfélaginu á hverja 100 000 íbúa.<br>i30) Fjöldi eða magn (þ.e. þyngd eða rúmmál) úr sér genginna vara sem er safnað til endurnotkunar og hlutar úr úrgangi sem eru sendir til undirbúnings fyrir endurnotkun.<br>i31) Árlegur fjöldi viðskiptavina endurnotkunarstöðva/viðgerðarstaða í samfélaginu.<br>i32) Aðgengi að svæðum til að skiptast á vörum/efniviðum sem miða að því að styðja við endurnotkun á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum (já/nei). | b12) Á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum eru svæði til að skiptast á vörum/efniviðum sem miða að því að styðja við endurnotkun. |

**Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir söfnun úrgangs**

3.2.10. *Áætlun um söfnun úrgangs*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að hanna og koma í framkvæmd áætlun um söfnun úrgangs þar sem tekið er tillit til:

— helstu þátta í áætluninni um úrgangsstjórnun (t.d. fjöldi hluta úrgangs sem er safnað sérstaklega),

— markmiða sem sett eru í áætluninni um úrgangsstjórnun (t.d. hlutfall úrgangs sem er safnað sérstaklega af heildarmagni úrgangs sem er safnað, hlutfall óhreininda í hlutum sem er safnað sérstaklega, tekjur af endurvinnanlegum efnum),

— einkenna söfnunarsvæðisins (t.d. þéttleiki byggðar og helstu tegundir húsnæðis),

— núverandi viðhorfa og skilnings íbúa varðandi umhverfismál,

— allra annarra sértækra aðstæðna sem hafa áhrif á söfnun úrgangs (t.d. viðvera ferðamanna/fólks sem ferðast reglubundið til og frá vinnu sem skiptir máli, sértæk atvinnustarfsemi, loftslag).

Meginmarkmiðið með áætlun um söfnun úrgangs er að safna, tímanlega og á hagkvæman hátt, eins miklu af úrgangi, sem er rétt flokkaður á myndunarstað, og hægt er til að létta á síðari úrgangsflokkun/-meðhöndlun með það fyrir augum að hámarka endurvinnslu. Í mörgum tilvikum má stefna að þessum markmiðum með því að koma á eftirfarandi:

— tíðri sérstakri söfnun á matarúrgangi frá húsi til húss (t.d. vikulega eða oftar, með hliðsjón af árstíð og loftslagi),

— ekki eins tíðri söfnun á blönduðum úrgangi (t.d. aðra hverja viku),

— söfnun á endurvinnanlegum efnum frá húsi til húss (t.d. pappír, pappa, dósum, plasti, gleri) sem eru flokkuð hvert í sínu lagi á myndunarstað, þegar almenningur er sáttur við það, annars blandað saman og flokkuð á endurheimtustöð fyrir efniviði; gleri er oftar safnað sérstaklega með skilvirkum hætti og þar á eftir pappír og pappa,

— hentugu netkerfi endurvinnslu- eða söfnunarstöðva (sjá lið 3.2.12) sem taka við öllum hlutum úrgangs sem ekki er safnað frá húsi til húss eða í ílát við götur frá heimilum, þ.m.t. hættulegur úrgangur og lífúrgangur.

Notkunarsvið

Við ákvörðun á áætlun um söfnun úrgangs verður að taka tillit til ríkjandi félagslegrar og hagrænnar stöðu og vitundar um endurvinnslu innan svæðisins þar sem úrganginum er safnað. Kostnaðarsamari áætlanir, s.s. söfnun frá húsi til húss, geta reynst kostnaðarhagkvæmari þegar þær eru komnar til framkvæmda að fullu en kalla á fjárfestingar í upphafi.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i33) Þátttökuhlutfall, þ.e. hlutfall íbúa sem notar úrgangssöfnunarkerfið (1) (%). | b13) Söfnun úrgangs frá húsi til húss á a.m.k. fjórum hlutum úrgangs (2) er framkvæmd á öllu yfirráðasvæðinu þar sem heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi er stjórnað. |
| i34) Hlutfall af staðbundnu svæði sem fellur undir tiltekið úrgangssöfnunarkerfi (%). | |
| i15) Ánægja viðskiptavina (% íbúa sem eru ánægðir með söfnun úrgangs frá heimilum og einkum með söfnun hluta sem er safnað sérstaklega). | |
| i35) Söfnun fyrirferðarmikils úrgangs þegar þess er óskað (já/nei). | |

(1) Gögn liggja yfirleitt fyrir og byggjast á mötum, könnunum, hversu oft ílát fyrir endurvinnanleg efni er sett út til söfnunar, o.s.frv.

(2) Á svæðum þar sem mismunandi hlutum úrgangs er safnað samanblönduðum (t.d. málmi og plastumbúðaúrgangi) telst samanblandaði hlutinn vera einn hluti.

3.2.11. *Samstarf milli lítilla sveitarfélaga*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir lítil og meðalstór sveitarfélög að taka upp samstarf sín á milli sem gerir þeim kleift að framkvæma ráðstafanir sem of kostnaðarsamt væri fyrir þau að framkvæma upp á eigin spýtur og getur leitt til betri umhverfisárangurs úrgangsstjórnunarkerfisins. Sveitarfélög geta tekið sig saman um að reka eða gera verktakasamning um rekstur á tiltekinni úrgangsstjórnunarþjónustu með það að markmiði að ná stærðarhagkvæmni og byggja upp markumfang.

Samstarf milli sveitarfélaga gerir sveitarfélögunum sem taka þátt kleift að:

— deila sameiginlegum stjórnunarkostnaði,

— minnka einingarkostnað og bæta gæði þjónustu með stærðarhagkvæmni,

— laða til sín fjárfestingarsjóði sem eru fráteknir fyrir verkefni af tiltekinni lágmarksstærð (t.d. uppbyggingarsjóði ESB og annað fjárfestingarfyrirkomulag) og

— auka efnahagslegan árangur með samstilltri áætlanagerð samhliða því að bæta umhverfisvernd.

Notkunarsvið

Það eru engar sérstakar hindranir í vegi fyrir samstarfi milli sveitarfélaga um úrgangsstjórnun. Ávinningurinn af stærðarhagkvæmninni kemur þó einungis fram hjá litlum og meðalstórum sveitarfélögum.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i36) Samstarf sveitarfélaga við önnur sveitarfélög er í framkvæmd (já/nei). | — |

3.2.12. *Endurvinnslu- eða söfnunarstöðvar*

Sem lykilviðbót við skilvirka söfnun á algengustu hlutum úrgangs frá húsi til húss (við gangstéttarbrún) eru það bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að reka endurvinnslu- eða söfnunarstöðvar (einnig nefndar gámastöðvar, söfnunarstöðvar, endurheimtarstöðvar, losunarstaðir o.s.frv.) þar sem borgarar og lítil fyrirtæki geta losað sig við eins marga hluta úrgangs og mögulegt er til sérstakrar söfnunar.

Dæmi um bestu starfsvenjur fyrir endurvinnslu- eða söfnunarstöðvar eru m.a. eftirfarandi þættir:

— Fyrir hendi er a.m.k. ein endurvinnslu- eða söfnunarstöð í sveitarfélaginu eða reglubundinn aðgangur að færanlegri stöð.

— Sérstök söfnun á eins mörgum hlutum og mögulegt er og möguleiki á að losa sig við hvers konar úrgang frá heimilum.

— Þjálfun starfsfólks endurvinnslu- eða söfnunarstöðva til að hámarka endurvinnslu, endurheimt og viðeigandi örugga förgun.

— Vatnsþétt svæði lagt slitlagi og afrennslisvatni safnað til viðeigandi meðhöndlunar.

— Nálægð stöðvanna við borgarana (t.d. aðgengilegar án bifreiðar fyrir stóran hluta íbúanna), einnig fyrir tilstilli færanlegra/bráðabirgðasöfnunarstöðva.

— Langur opnunartími til að auka þægindi fyrir borgarana. Hann getur verið breytilegur eftir árstímum (einkum fyrir garðaúrgang).

Notkunarsvið

Hugtakið söfnunarstöðvar á almennt við. Endanlegur endurvinnanleiki úrgangsstrauma sem er safnað veltur einnig á tiltækileika markaða á síðari stigum.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i37) Fjöldi endurvinnslu- eða söfnunarstöðva á hverja 100 000 íbúa.<br>i38) Fjöldi mismunandi hluta sem er safnað á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum.<br>i32) Aðgengi að svæðum til að skiptast á vörum/efniviðum sem miða að því að styðja við endurnotkun á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum (já/nei).<br>i39) Greiður aðgangur að endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum, t.d. án bifreiðar (já/nei). | b14) Í sveitarfélögum með a.m.k. 1000 íbúa er a.m.k. ein endurvinnslu- eða söfnunarstöð á yfirráðasvæði þeirra eða reglubundinn aðgangur að færanlegri stöð.<br>b15) Að minnsta kosti 20 mismunandi hlutum úrgangs er safnað á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum.<br>b16) Á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum eru svæði til að skiptast á vörum/efniviðum sem miða að því að styðja við endurnotkun. |

3.2.13. *Bestun flæðisstjórnunar fyrir söfnun úrgangs*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að besta flæðisstjórnun fyrir söfnun úrgangs með því að:

— setja upp, þar sem við á, annars konar kerfi en flutninga á vegum, t.d. loftknúið kerfi á þéttbýlissvæðum,

— nota tækni með tölvustýrðri akstursleiðsögn og áætlanagerð (CVRS) til að besta söfnunarferðir,

— kanna möguleika á samstarfi við nærliggjandi úrgangsstjórnunarfyrirtæki/-stofnanir,

— setja viðmiðanir um eldsneytis-/orkunotkun og/eða koltvísýringslosun,

— fella eina eða fleiri umhverfismælistikur, s.s. uppsafnaða orkuþörf (CED) og/eða koltvísýringslosun, inn í reiknirit fyrir hönnun á netkerfum og bestun akstursleiða,

— setja fjarvirknibúnað í söfnunarökutæki til að besta akstursleiðir í rauntíma á grundvelli GPS-staðsetningarkerfis og þjálfa ökumenn í vistaksturstækni.

Notkunarsvið

Öll fyrirtæki/stofnanir sem koma að söfnun úrgangs geta komið einhverri bestun flæðisstjórnunar í framkvæmd (t.d. að skipuleggja staðsetningu sorptunna). Í sumum tilvikum eru þessar aðgerðir þó takmarkaðar af fyrirliggjandi stjórnskipulagi (t.d. yfirstandandi samningum um útvistaða úrgangssöfnunarþjónustu).

Að því er varðar bestun áætlunar um söfnun er bestun flæðisstjórnunar síður mikilvæg en bestun endurvinnslu.

Loftknúin úrgangssöfnunarkerfi henta betur fyrir þéttbýl svæði og það er auðveldara að setja þau upp á nýjum svæðum en á þéttbýlissvæðum sem fyrir eru.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i40) Eldsneytisnotkun á hvert tonn af úrgangi sem er safnað ([1]) (lítrar/t).<br>i41) Losun gróðurhúsalofttegunda á hvert tonn af úrgangi sem er safnað og ekinn kílómetra (kg $CO_2$e/tkm). | — |

([1]) Með hliðsjón af úrgangssöfnunarkerfinu sem er til staðar (t.d. ökutæki og/eða loftknúin söfnun, tegundir ökutækja) og fyrirliggjandi gögnum gætu gagnlegri aðrir kostir í stað þessa vísis verið: frumorkunotkun á hvert tonn af úrgangi sem er safnað, uppsöfnuð orkuþörf á hvert tonn af úrgangi sem er safnað, losun gróðurhúsalofttegunda á hvert tonn af úrgangi sem er safnað.

3.2.14. *Ökutæki með lítilli losun*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að bæta eldsneytisnotkun og losun frá sorpbifreiðum. Tæknilegir valkostir í forgangi eru m.a.:

— stöðvun/ræsing og hreyfill í lausagangi stöðvast (e. *idle shut-off*),

— hjólbarðar með lítilli snúningsmótstöðu,

— tvinnökutæki,

— sérstök jarðgas-/lífmetanökutæki eða tvíbrenniökutæki (dísilolía/gas),

— rafknúin ökutæki.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga almennt við. Tilvist eldsneytisáfyllingar- eða endurhleðslustöðva er minna vandamál fyrir sorphirðu en aðrar tegundir flutnings af því að ökutækjum er yfirleitt ekið stuttar vegalengdir og ökutækjaflotanum er ekið frá miðlægri sorphirðumiðstöð þar sem enduráfylling/endurhleðsla getur farið fram.

Þjappað jarðgas er fáanlegt í öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Lífmetan er e.t.v. ekki fáanlegt á mörgum svæðum en hægt er að nota blautan lífrænan úrgang (t.d. matarúrgang) til að framleiða lífgas sem hægt er að uppfæra í lífmetan til flutninga.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i42) Meðaleldsneytisnotkun sorpbifreiða (lítrar/100 km).<br>i43) Hlutfall ökutækja sem eru Euro 6 í öllum sorpbifreiða-flotanum (%).<br>i44) Hlutfall sorpbifreiða sem eru tvinn-, raf-, jarðgas- eða lífgasknúnar (%). | b17) Allar nýjar sorpbifreiðar sem úrgangsstjórnun-arfyrirtækið/-stofnunin kaupir eða tekur á leigu eru Euro 6 og eru annaðhvort knúnar af þjöppuðu jarðgasi eða lífgasi, eða eru tvinn- eða rafökutæki. |

**Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda**

3.2.15. *Besta notkun fyrirtækja/stofnana, sem fjalla um ábyrgð framleiðenda, á hvötum*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir fyrirtæki/stofnanir sem fjalla um ábyrgð framleiðenda að bæta árangur kerfis síns fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda með því að koma á hvötum (sem ganga lengra en lagakröfur) sem stuðla að auknu hlutfalli sérstakrar söfnunar, endurnotkunar og endurvinnslu á úrgangi sem er safnað samkvæmt áætluninni um rýmkaða ábyrgð framleiðenda. Aðgerðir sem fyrirtæki/stofnanir sem fjalla um ábyrgð framleiðenda geta komið í framkvæmd eru m.a.:

— að hvetja borgarana til þess að flokka úrgang meira og betur á myndunarstað með nýstárlegum samskiptaaðgerðum, s.s. með samkeppnum milli svæða,

— náið samstarf (fjárhagslegt, tæknilegt og/eða á sviði flæðisstjórnunar) við opinber yfirvöld á svæðis- og staðarvísu,

— samstarf við aðila í félagslega hagkerfinu um söfnun og endurnotkun á vörum,

— hvetja framleiðendur til að hanna sjálfbærari vörur (t.d. með tilfærslu gjalda),

— að setja viðmiðanir um árangur í umhverfismálum á mismunandi sviðum sem falla undir kerfið fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda, t.d. á yfirráðasvæðum opinberra yfirvalda á svæðis-/staðarvísu.

Notkunarsvið

Raunveruleg áhrif sem fyrirtæki/stofnun sem fjallar um ábyrgð framleiðenda hefur á rýmkaða ábyrgð framleiðenda veltur á landsbundinni uppsetningu og lagalegri úthlutun hlutverka og ábyrgðar. Fyrir beitingu tiltekinna hvata er þörf á viðeigandi úthlutun fjármagns. Að því er þetta varðar getur skipulag stjórnarhátta hjá fyrirtæki/stofnun sem fjallar um ábyrgð framleiðenda gengt hlutverki (hvort það er í eigu framleiðenda eða ekki, er rekið í hagnaðarskyni eða ekki o.s.frv.).

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i45) Endurvinnsluhlutfall (% úrgangs sem er í raun endurunninn eða sendur í endurvinnslu af heildarmagni úrgangs sem fellur undir kerfið fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda). | — |
| i46) Hlutfall undirbúnings fyrir endurnotkun (% úrgangs sem er afhentur til stöðvar sem ílag til undirbúnings fyrir endurnotkun af heildarmagni úrgangs sem fellur undir kerfið fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda). | |
| i47) (gildir á staðarvísu fyrir tiltekið staðbundið svæði þar sem kerfið fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda er til staðar) Hlutfall vara, sem falla undir rýmkaða ábyrgð framleiðenda, sem finnst í úrgangsleifum, byggt á greiningu á samsetningu (% af heildarmagni blandaðs úrgangs). | |
| i48) (gildir um tiltekið landsbundið, svæðisbundið eða staðbundið svæði þar sem kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda vegna umbúðaúrgangs er til staðar) Hlutfall umbúða sem falla undir rýmkaða ábyrgð framleiðenda sem valkvæða sérstaka söfnunarkerfið beinist að (% af heildarmagni umbúða, sem falla undir rýmkaða ábyrgð framleiðenda, sem er sett á markað). | |

**Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir meðhöndlun úrgangs**

3.2.16. *Flokkun á samanblönduðum léttum umbúðaúrgangi til að hámarka endurvinnsluafrakstur fyrir hágæðafrálag*

Þegar léttum umbúðaúrgangi (þ.e. umbúðum úr plasti, samsettum efnum, áli og stáli, stundum einnig trefjum (pappír og pappa)) er safnað saman (samanblönduðu) eru það bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að innleiða háþróaða flokkun á samanblandaða umbúðaúrganginum í endurheimtustöðvum fyrir efniviði.

Í dæmigerðri stöð með nýjustu tækni eru fimm megintæknideildir:

— Mötun og formeðhöndlun: þetta felur í sér að opna poka og mötun í samfelldan straum ílagsefniviðar.

— Forflokkun: þetta snýst um að fjarlægja óhentuga hluti.

— Flokkun: þetta felur í sér nokkur þrep, t.d. að aðskilja trefjar úr ílátum; flokka trefjar; flokka málmílát með því að nota segla, hvirfilstraum eða röntgengeisla; fyrstu flokkun plastíláta eftir fjölliðum (t.d. að aðskilja flöskur úr pólýetýlent-ereþalati frá öðrum plastílátum).

— Hreinsun: þetta samanstendur af viðbótarflokkunarþrepum, s.s. frekari flokkun fjölliða eftir tegundum (t.d. eðlisþungt pólýetýlen, pólýprópýlen) og lit til að gæði frálagsefniviða uppfylli kröfur markaðsins. Gæðaeftirlit er framkvæmt með sjálfvirkri eða handvirkri flokkun.

— Meðhöndlun vöru: þessi hluti samanstendur af böggunarferlum og geymslu vörunnar í böggum, í lausu eða í gámum; meðhöndlun vöru getur einnig tekið til lestunar til frekari úrvinnslu.

Þar eð endurheimtustöðvar fyrir efniviði taka gjarnan á móti og flokka efniviði úr mismunandi staðbundnum söfnunarkerfum, með mismunandi samsetningar, verða endurheimtustöðvar, með nýjustu tækni, fyrir efniviði að búa yfir sveigjanleika til að laga sig að þessum breytileika á skilvirkan hátt.

Notkunarsvið

Að meginreglu til eru engar hindranir í vegi fyrir því að byggja og reka flokkunarstöð fyrir umbúðaúrgang. Vandlegrar skipulagningar (einkum með tilliti til þeirra söfnunarkerfa sem eru til staðar, afkastagetu stöðvarinnar og tiltækileika markaða fyrir flokkaða efniviði) er krafist sem hluta af samþættri hugmynd um úrgangsstjórnun. Mikilvægur þáttur sem þarf að ákvarða er besta afkastageta stöðvarinnar. Að lokum hefur hlutfall óhreininda í samanblönduðum léttum umbúðaúrgangi sem er afhentur til stöðvarinnar áhrif á rekstur hennar, árangur (t.d. flokkunarhlutfall stöðvarinnar) og efnahag (t.d. vinnslukostnað, tekjur af endurvinnanlegum hlutum).

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i49) Flokkunarhlutfall stöðvarinnar (þyngd í %), reiknað sem árlegt magn efniviða sem er sent í endurvinnslu deilt með árlegu magni samanblandaðs umbúðaúrgangs sem er unnið ([1]). | b18) Flokkunarhlutfall endurheimtustöðva fyrir efniviði, sem flokka samanblandaðan léttan umbúðaúrgang, er a.m.k. 88%. |
| i50) Orkunýtni (kJ/t), reiknuð sem árleg heildarorkunotkun stöðvarinnar deilt með magni samanblandaðs umbúðaúrgangs sem er unnið. | |
| i51) Losun gróðurhúsalofttegunda (t $CO_2$e/t), reiknuð sem árleg heildarlosun koltvísýringsígilda frá stöðinni (notkunarsvið 1 og 2) deilt með magni samanblandaðs umbúðaúrgangs sem er unnið. | |

([1]) Þennan vísi er hægt að reikna út fyrir samanblandaðan umbúðaúrgang í heild sinni sem og fyrir einstaka frálagsstrauma, byggt á greiningu á samsetningu blandaða umbúðaúrgangsins sem er unninn.

3.2.17. *Vinnsla á blönduðum plastumbúðaúrgangi til að hámarka endurvinnsluafrakstur fyrir hágæðafrálag*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að vinna blandaðan plastumbúðaúrgang, sem er safnað sérstaklega, í sérstaka efnisstrauma sem hægt er að umbreyta í verðmæt endurunnin hágæðahráefni og endurunnar vörur. Ferlið tekur til eftirfarandi þrepa:

— að flokka sveigjanlegan plastumbúðaúrgang frá stífum hlutum (filmuflokkun) með því að nota filmuskiljur (e. *filmgrabber*), vindskiljur (e. *air drum*) eða stigasigti (e. *ballistic separator*) og þar á eftir kemur handvirkt gæðatryggingarþrep,

— að flokka plastflöskur og aðra stífa hluti eftir fjölliðu og lit með ljósgreinisflokkurum (e. *optical sorting system*),

— að tæta flokkaðar filmur og afganga af stífum hlutum (sem sérstaka strauma) í flögur með því að nota kurlara,

— að hreinsa plastumbúðir í flögum með núningshreinsun (þurr- eða blautmölunarkerfi),

— að aðskilja og þvo plastumbúðir í flögum eftir fjölliðu og lit með ljósgreinisflokkurum eða tækni til eðlismassasundurgreiningar,

— að útpressa efniviði í flögum í köggla.

Notkunarsvið

Nauðsynlegt er að tryggja góð úrgangssöfnunarkerfi og góð gæði efniviða sem er safnað til að endurunnið frálag henti fyrir markaðinn. Núverandi þróun á mörkuðum í áttina að flóknari plastvörum í mörgum lögum og úr mörgum efniviðum gerir einnig flokkun og uppvinnslu á blönduðu plasti miklu erfiðari. Eins og er tilfellið með undanfarandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru engar almennar hindranir í vegi fyrir því að byggja og reka slíka stöð. Hins vegar eru vandleg skipulagning og ákvörðun á bestu afkastagetu stöðvarinnar mikilvæg.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i52) Vinnsluhlutfall stöðvarinnar (þyngd í %), reiknað sem árlegt magn efniviða sem er sent í endurvinnslu deilt með árlegu magni blandaðs plastumbúðaúrgangs sem er unnið ([1]). | b19) Endurheimtustöðvar fyrir plast sem vinna blandaðan plastumbúðaúrgang eru með vinnsluhlutfall stöðvar sem nemur a.m.k. 60%. |
| i50) Orkunýtni (kJ/t), reiknuð sem árleg heildarorkunotkun stöðvarinnar deilt með magni blandaðs plastumbúða-úrgangs sem er unnið. | |
| i51) Losun gróðurhúsalofttegunda (t $CO_2$e/t), reiknuð sem árleg heildarlosun koltvísýringsígilda frá stöðinni (notkunarsvið 1 og 2) deilt með magni blandaðs plastumbúðaúrgangs sem er unnið. | |
| i53) Vatnsnotkun ($m^3$/t), reiknuð sem árleg heildarnotkun vatns á staðnum deilt með magni blandaðs plastumbúða-úrgangs sem er unnið. | |

([1]) Þennan vísi er hægt að reikna út fyrir blandaðan plastumbúðaúrgang í heild sinni sem og fyrir einstaka frálagsstrauma, byggt á greiningu á samsetningu blandaða plastumbúðaúrgangsins sem er unninn.

3.2.18. *Meðhöndlun á rúmdýnum til að bæta endurvinnslu á efniviðum*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að hreinsa og taka í sundur úr sér gengnar rúmdýnur, aðskilja og flokka mismunandi efniviði eftir tegund.

Hægt er sanngreina fimm megintækniaðgerðir í vistvænni stöð sem meðhöndlar úr sér gengnar rúmdýnur:

— mötun og geymsla: móttaka (afferming) og geymsla á þurrum stað til að komast hjá mengun, flokkun eftir tegund,

— hreinsun: notkun efnafræðilegrar meðferðar eða hitameðhöndlunar til dauðhreinsunar,

— afskurður: skera ysta áklæðið og styrktarkantana af dýnunum,

— sundurtekt og flokkun: aðskilja og flokka mismunandi efniviði eftir tegund,

— meðhöndlun efniviða: böggunarferli, varan geymd í böggum, sem efniviðir í lausu (flokkunarleifar) eða í gámum (málmar) fyrir afhendingu til úrvinnslu (t.d. endurvinnslu málma).

Sundurtektar- og flokkunaraðgerðir er hægt að framkvæma vélvirkt eða (sem er algengara) handvirkt.

Notkunarsvið

Það eru engar verulegar tæknilegar hindranir í vegi fyrir notkun þessara bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun. Einfaldleiki meðhöndlunarferlisins krefst ekki umtalsverðra fjárfestinga, ekki heldur fyrir allra sjálfvirkustu ferlana.

Mikilvægustu hindranirnar í veginum fyrir endurvinnslu á rúmdýnum eru tilgreindar sem hér segir:

— efnahagslegir þættir, einkum lítill kostnaður við urðun og lítil gæði efniviða sem falla til úr rúmdýnum, sem tengjast þörfinni fyrir að geyma úr sér gengnar dýnur á hreinum og þurrum stað og núverandi hönnun á dýnum sem kemur í veg fyrir að það sé auðvelt að taka þær í sundur,

— lítil meðhöndlunargeta stöðvanna sem takmarkast af straumi úr sér genginna dýna sem hægt er að safna á svæðinu í kringum stöðina þannig að flutningskostnaður sé á viðráðanlegu verði.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i54) Flokkunarhlutfall stöðvarinnar (þyngd í %), reiknað sem árlegt magn efniviða sem er sent í endurvinnslu deilt með árlegu magni úrgangsrúmdýna sem er unnið.<br>i50) Orkunýtni (kJ/t), reiknuð sem árleg heildarorkunotkun stöðvarinnar deilt með magni úrgangsrúmdýna sem er unnið.<br>i51) Losun gróðurhúsalofttegunda (t $CO_2$e/t), reiknuð sem árleg heildarlosun koltvísýringsígilda frá stöðinni (notkunarsvið 1 og 2) deilt með magni úrgangsrúmdýna sem er unnið. | b20) Flokkunarhlutfall stöðva sem meðhöndla úrgangsrúmdýnur er a.m.k. 91%. |

3.2.19. *Meðhöndlun á íseygum hreinlætisvörum til að bæta endurvinnslu á efniviðum*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að meðhöndla úrgang úr íseygum hreinlætisvörum, sem er safnað sérstaklega, til endurvinnslu.

Aðalvinnsluferlið er hitameðhöndlun í gufusæfi, láréttu, sívölu keri þar sem úrgangur úr íseygum hreinlætisvörum er hreinsaður og opnaður. Fasta efnið í frálagsstraumnum er því næst tætt og aðskilið í tvo efnisþætti íseygra hreinlætisvara með vélrænni aðferð: pólýprópýlen- og pólýetýlenplast og sellulósatrefjar sem hægt er að senda í endurvinnslu.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga almennt við þar eð engar tilteknar landfræðilegar eða tæknilegar hindranir eru til staðar. Ákveðin tiltekin skilyrði geta þó haft áhrif á tæknilegan og efnahagslegan framkvæmanleika þessarar meðhöndlunarlausnar:

— innleiðing á valkvæðu söfnunarkerfi fyrir úrgang úr íseygum hreinlætisvörum er skilyrði,

— lágmarksmeðhöndlunargeta stöðvar þarf að vera 8000 t/ári,

— vegalengd flutnings frá söfnunarsvæðum til stöðvar og kostnaður við urðun og brennslu,

— þéttleiki byggðar á söfnunarsvæðinu,

— viðmiðanir og reglur til að bera kennsl á hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur og um staðbundinn markað fyrir endurheimta efniviði (plast og sellulósa).

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i55) Flokkunarhlutfall stöðvarinnar (þyngd í %), reiknað sem árlegt magn efniviða sem er sent í endurvinnslu deilt með árlegu magni úrgangs úr íseygum hreinlætisvörum sem er unnið.<br>i50) Orkunýtni (kJ/t), reiknuð sem árleg heildarorkunotkun stöðvarinnar deilt með magni úrgangs úr íseygum hreinlætisvörum sem er unnið. | b21) Flokkunarhlutfall stöðva sem meðhöndla úrgang úr íseygum hreinlætisvörum er a.m.k. 90%. |

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i51) Losun gróðurhúsalofttegunda (t $CO_2e$/t), reiknuð sem árleg heildarlosun koltvísýringsígilda frá stöðinni (notkunarsvið 1 og 2) deilt með magni úrgangs úr íseygum hreinlætisvörum sem er unnið.<br>i53) Vatnsnotkun ($m^3$/t), reiknuð sem árleg heildarnotkun vatns á staðnum deilt með magni úrgangs úr íseygum hreinlætisvörum sem er unnið. | |

3.3. **Sameiginlegir umhverfisárangursvísar fyrir heimilis- og rekstrarúrgang í föstu formi**

Til viðbótar við vísana sem eru fastsettir í einstökum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun fyrir heimilis- og rekstrarúrgang í föstu formi eru skilgreindir umhverfisárangursvísar í þessum hluta skjalsins sem hægt er að nota til að meta árangur kerfa til að stjórna heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi.

Hver vísir sem er settur fram í þessum hluta metur einungis tiltekna þætti í árangri kerfa til að stjórna heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi. Til að öðlast víðtækan skilning ætti að greina mismunandi vísa saman.

**Vísar fyrir kerfi til að stjórna heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi í heild sinni**

3.3.1. *Myndun heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi*

Þessi vísir mælir árlegt heildarmagn heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi ([14]) sem fellur til á hvern íbúa ([15]). Þessi vísir er gagnlegur til að vakta heildarþróun úrgangsmyndunar sem og niðurstöður hvers konar viðleitni til að stuðla að forvörnum gegn myndun úrgangs.

| Umhverfisárangursvísir | Árangursviðmiðun |
|---|---|
| i56) Myndun heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi (kg/á mann/á ári). | b22) Árleg myndun heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi á yfirráðasvæði sem er undir stjórn eða er stýrt (safnað í öll mismunandi úrgangssöfnunarkerfi sem eru staðar til á svæðinu) er:<br>— minni en 75% af landsbundnu meðaltali heimilis- og rekstrarúrgangs sem fellur til ([1]) þar sem notuð er landsbundin skilgreining á heimilis- og rekstrarúrgangi í viðkomandi landi eða<br>— minni en 360 kg á mann, ef hún er einungis reiknuð fyrir eftirfarandi hluta úrgangs ([2]):<br>i. lífrænan úrgang/lífúrgang (t.d. garðaúrgang, matvæli, eldhússúrgang),<br>ii. samanblandaðar umbúðir,<br>iii. pappír og pappa,<br>iv. gler,<br>v. plast,<br>vi. málma, |

([14]) Við útreikning á þessum vísi og á vísunum í liðum 3.3.2, 3.3.3, 3.3.4 og 3.3.7 er hægt, í stað árlegs heildarmagns heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem fellur til, að nota árlegt heildarmagn úrgangs frá heimilum sem fellur til ef gögn liggja fyrir um úrgang frá heimilum einn og sér.

([15]) Við útreikning á þessum vísi og vísunum í liðum 3.3.2, 3.3.3, 3.3.4 og 3.3.7 er hægt, þegar viðvera ferðamanna á staðnum skiptir máli, að nota persónueiningar í stað íbúafjölda. Persónueining eru reiknuð út á grundvelli viðveru ferðamanna á staðnum á tímabilinu sem útreikningurinn nær til.

| Umhverfisárangursvísir | Árangursviðmiðun |
|---|---|
| | vii. fyrirferðarmikinn,<br>viii. raf- og rafeindabúnaðarúrgang (WEEE)<br>og<br>ix. blandaðan úrgang. |

([1]) Eins og landsyfirvöld eða Hagstofa Evrópusambandsins tilkynna um.
([2]) Eftirfarandi hlutar voru valdir af því að algengt er að staðbundin úrgangsyfirvöld og úrgangsstjórnunarfyrirtæki vakti þá í ESB og þetta eru yfirleitt þeir hlutar sem skipta mestu máli (miðað við þyngd) í heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi.

Í þessum vísi er tekið tillit til allra mismunandi strauma heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er safnað sérstaklega innan allra mismunandi söfnunarkerfa sem eru fyrir hendi á yfirráðasvæðinu sem fjallað er um (t.d. frá húsi til húss, í endurvinnslu- eða söfnunarstöðvar, í ílát við götur). Á svæðum þar sem nákvæm úrgangsvöktun er ekki til staðar eða þar sem hluta af úrganginum sem fellur til er ekki safnað í formlegt úrgangssöfnunarkerfi sveitarfélagsins geta tölur um heimilis- og rekstrarúrgang í föstu formi sem fellur til verið vanmat á raunverulegum aðstæðum. Enn fremur verður þessi vísir fyrir áhrifum af ytri þáttum sem ekki tengjast úrgangsstjórnun á viðkomandi staðbundnu svæði, s.s. staðsetningu í dreifbýli/þéttbýli, vergri landsframleiðslu og neyslumynstrum, veðurfari og umtalsverðri viðveru ferðamanna eða fólks sem ferðast reglubundið til og frá vinnu.

3.3.2. *Magn blandaðs heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er safnað*

Þessi vísir mælir árlegt magn blandaðs heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er safnað á hvern íbúa. Þessi vísir er gagnlegur til að vakta sérstakt söfnunarkerfi fyrir heimilis- og rekstrarúrgang í föstu formi og getu þess til að beina heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi í hluta sem er safnað sérstaklega og sendir í endurvinnslu. Staðreyndin er sú að blandaður úrgangur fær yfirleitt síður ákjósanlega meðhöndlun samkvæmt úrgangsmetakerfinu, samanborið við hluta sem er safnað sérstaklega.

| Umhverfisárangursvísir | Árangursviðmiðun |
|---|---|
| i57) Magn blandaðs úrgangs sem er safnað (kg/á mann/á ári). | — |

Í þessum vísi er tekið tillit til úrgangs sem er safnað sem blönduðum úrgangi sem er ekki flokkaður á myndunarstað. Hann verður ekki einungis fyrir áhrifum af því hversu mikið af úrgangi, sem hefði átt að flokka á myndunarstað, hefur verið afhentur sem blandaður úrgangur heldur einnig af því hvaða hlutar úrgangs það eru sem ekkert sérstakt söfnunarkerfi er til fyrir. Þess vegna er magn blandaðs heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi afar mismunandi, allt því hvaða tegundum úrgangssöfnunarkerfa er komið á fót, t.d. hvort lífúrgangi er safnað sérstaklega eða ekki, hvaða tegund lífúrgangs er tekið við í hlutanum sem er safnað sérstaklega. Enn fremur verður þessi vísir fyrir áhrifum af ytri þáttum sem ekki tengjast úrgangsstjórnun á viðkomandi staðbundnu svæði, s.s. staðsetningu í dreifbýli/þéttbýli, vergri landsframleiðslu og neyslumynstrum, veðurfari og umtalsverðri viðveru ferðamanna eða fólks sem ferðast reglubundið til og frá vinnu.

3.3.3. *Heimilis- og rekstrarúrgangur í föstu formi sem er sendur til orkuheimtar og/eða förgunar*

Þessi vísir mælir árlegt magn heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi á hvern íbúa, sem er annaðhvort meðhöndlaður með brennslu með orkuheimt og/eða förgunaraðgerðum, s.s. urðun eða brennslu án orkuheimtar. Þessi vísir er gagnlegur til að vakta magn heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er meðhöndlað með óhagstæðari valkostum, samanborið við endurvinnslu, samkvæmt úrgangsmetakerfinu (þ.e. orkuheimt og/eða förgun).

| Umhverfisárangursvísir | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i58) Úrgangur sem er sendur til orkuheimtar og/eða förgunar (kg/á mann/á ári). | b23) Árlegt magn blandaðs heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er safnað og sent til orkuheimtar og/eða förgunar er:<br>— minna en 15% af landsbundnu meðaltali heimilis- og rekstrarúrgangs sem fellur til ([1]) eða |

| Umhverfisárangursvísir | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| | — minna en 70 kg/á mann. |

([1]) Eins og landsyfirvöld eða Hagstofa Evrópusambandsins tilkynna um.

Í þessum vísi er tekið tillit til allra strauma heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem eru sendir beint, sem blandaður úrgangur eða eftir formeðhöndlun (t.d. vélræna líffræðilega meðhöndlun), til orkuheimtar og/eða förgunar. Þessi vísir nær einnig yfir straum úrkasts frá flokkun/endurvinnslu á hlutum sem er safnað sérstaklega, sem fer ekki til endurvinnslu en er sendur til orkuheimtar og/eða förgunar. Ef upplýsingar liggja ekki fyrir um straum úrkasts frá flokkun/endurvinnslu á hlutum sem er safnað sérstaklega er hægt að reikna þennan vísi út að hluta til með því að greina einungis frá því magni blandaðs úrgangs sem er sent til orkuheimtar og/eða förgunar. Í slíkum tilvikum tekur staðbundna úrgangsyfirvaldið (eða úrgangsstjórnunarfyrirtækið) skýrt fram hvaða þættir eru taldir með í útreikningnum og hverjir ekki ([16]).

Að lokum verður þessi vísir fyrir áhrifum af ytri þáttum sem ekki tengjast úrgangsstjórnun á viðkomandi staðbundnu svæði, s.s. staðsetningu í dreifbýli/þéttbýli, vergri landsframleiðslu og neyslumynstrum, veðurfari og umtalsverðri viðveru ferðamanna eða fólks sem ferðast reglubundið til og frá vinnu.

3.3.4. *Heimilis- og rekstrarúrgangur í föstu formi sem er sendur til förgunar*

Þessi vísir mælir árlegt magn heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi á hvern íbúa sem er sent til förgunar, s.s. brennslu án orkuheimtar eða í urðun. Þessi vísir er gagnlegur til að vakta hvort úrgangsstjórnun vegna heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi hefur færst upp úrgangsmetakerfið: ef magn úrgangs sem er sent til förgunar minnkar hefur verið komið í veg fyrir meiri úrgang, úrgangur verið undirbúinn fyrir endurnotkun, endurunninn eða sendur til orkuheimtar.

| Umhverfisárangursvísir | Árangursviðmiðun |
|---|---|
| i59) Úrgangur sem er sendur til förgunar (kg/á mann/á ári). | b24) Árlegt magn heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er sent til förgunar er:<br>— minna en 2% af landsbundnu meðaltali heimilis- og rekstrarúrgangs sem fellur til eða<br>— minna en 10 kg/á mann. |

Í þessum vísi er tekið tillit til allra strauma heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem eru sendir beint, sem blandaður úrgangur eða eftir formeðhöndlun (t.d. vélræna líffræðilega meðhöndlun), til förgunar. Þessi vísir nær einnig yfir straum úrkasts frá flokkun/endurvinnslu á hlutum sem er safnað sérstaklega, sem fer ekki til endurvinnslu en er sendur til förgunar. Ef upplýsingar liggja ekki fyrir um straum úrkasts frá flokkun/endurvinnslu á hlutum sem er safnað sérstaklega er hægt að reikna þennan vísi út að hluta til með því að greina einungis frá því magni blandaðs úrgangs sem er sent til förgunar. Í slíkum tilvikum tekur staðbundna úrgangsyfirvaldið (eða úrgangsstjórnunarfyrirtækið) skýrt fram hvaða þættir eru taldir með í útreikningnum og hverjir ekki.

Að lokum verður þessi vísir fyrir áhrifum af ytri þáttum sem ekki tengjast úrgangsstjórnun á viðkomandi staðbundnu svæði, s.s. staðsetningu í dreifbýli/þéttbýli, vergri landsframleiðslu og neyslumynstrum, veðurfari og umtalsverðri viðveru ferðamanna eða fólks sem ferðast reglubundið til og frá vinnu.

([16]) Til dæmis vísar viðmiðun b23 einungis til þess magns heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er safnað sem blönduðum úrgangi og sent til orkuheimtar og/eða förgunar.

**Sértækir vísar fyrir úrgangsstrauma**

3.3.5. *Föngunarhlutfall fyrir tiltekinn úrgangsstraum*

Þessi vísir mælir hlutfall áætlaðrar myndunar tiltekins hluta úrgangs sem er safnað sérstaklega (t.d. plast, málmur, pappír og pappi, gler og samanblandaðar umbúðir). Þessi vísir er gagnlegur til að vakta hversu skilvirkt kerfi sérstakrar úrgangssöfnunar er í því að fanga endurvinnanlega hluta.

| Umhverfisárangursvísir | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i60) Föngunarhlutfall fyrir tiltekinn úrgangsstraum (%). | b25) Föngunarhlutfall fyrir úrgangsgler sem er safnað sérstaklega sem einum hluta (þ.e. ekki í kerfi með samanblandaðri söfnun) er yfir 90%.<br>b26) Föngunarhlutfall fyrir pappírs- og pappaúrgang sem er safnað sérstaklega sem einum hluta (þ.e. ekki í kerfi með samanblandaðri söfnun) er yfir 85%.<br>b27) Föngunarhlutfall fyrir málmúrgang sem er safnað sérstaklega sem einum hluta (þ.e. ekki í kerfi með samanblandaðri söfnun) er yfir 75%.<br>b28) Föngunarhlutfall fyrir samanblandaðan umbúðaúrgang er yfir 65%. |

Þessi vísir er reiknaður með því að deila í heildarmagn, sem er safnað með úrgangsstraumi sem er safnað sérstaklega, með heildarmyndun úrgangs sem sú sérstaka söfnun beindist að, reiknað fyrir tilstilli greiningar á samsetningu blandaða úrgangsins ([17]).

Þessi vísir getur orðið fyrir áhrifum af tilvist skilagjaldskerfis fyrir sumar tegundir úrgangs (t.d. plastflöskur) sem ekki er hægt að sundurliða gögn um á staðarvísu. Í slíku tilviki myndi raunverulegt föngunarhlutfall vera hærra en það sem er reiknað út af því að magn úrgangs sem er safnað með skilagjaldskerfi kemur ekki fram í staðbundnum tölfræðilegum upplýsingum um hluta úrgangs sem er safnað sérstaklega.

3.3.6. *Óhreinindahlutfall fyrir tiltekinn úrgangsstraum*

Þessi vísir mælir magn efniviða sem eru ekki markefniviðir í tilteknum úrgangsstraumi sem er safnað sérstaklega. Þessi vísir er gagnlegur til að vakta hversu skilvirk sérstaka úrgangssöfnunin er með því að meta magn rangflokkaðs úrgangs í endurvinnanlegum hlutum.

| Umhverfisárangursvísir | Árangursviðmiðun |
|---|---|
| i61) Óhreinindahlutfall fyrir tiltekinn úrgangsstraum (%) | — |

([17]) Sem skýringardæmi er föngunarhlutfallið fyrir hluta úrgangsglers sem er safnað sérstaklega reiknað svona:

$$\textit{Capture rate for glass} = \frac{\textit{kg of separately collected glass}}{\textit{kg of total glass waste generation}}$$

Þar sem:
*heildarmyndun glerúrgangs = kg af gleri sem er safnað sérstaklega + kg af gleri í blönduðum úrgangi*
*kg af gleri í blönduðum úrgangi = kg af heildarmagni blandaðs úrgangs* % af gleri í blönduðum úrgangi*
*% af gleri í blönduðum úrgangi er reiknað út frá greiningu á samsetningu blandaða úrgangsins.*

Í þessum vísi er tekið tillit til magns rangflokkaðs úrgangs (sem stafar af rangri úrgangsflokkun á myndunarstað og er metið með greiningu á samsetningu hluta úrgangs sem er safnað sérstaklega) sem finnst í endurvinnanlegu efni sem er safnað sérstaklega. Magn óhreininda í endurvinnanlegum hlutum sem er safnað sérstaklega er einnig breytilegt eftir tegund sérstaks söfnunarkerfis sem er til staðar, t.d. plastflöskur sem er safnað gegnum skilagjaldskerfi innihalda gjarnan mjög lítið af óhreinindum en þau eru umtalsvert meiri í samanblönduðum léttum umbúðaúrgangi.

3.3.7. *Lífúrgangur í blönduðum úrgangi*

Þessi vísir mælir árlegt magn lífúrgangs sem er í blönduðum úrgangi á hvern íbúa. Þessi vísir er gagnlegur til að vakta að hversu miklu leyti lífúrgangur er ekki flokkaður rétt við upptök og beint í sérstakt söfnunarkerfi fyrir lífúrgang eða notaður af íbúum til moltugerðar á heimilum/í samfélaginu.

| Umhverfisárangursvísir | Árangursviðmiðun |
|---|---|
| i62) Lífúrgangur í blönduðum úrgangi (kg/á mann/á ári). | b29) Árlegt magn lífúrgangs í blönduðum úrgangi er undir 10 kg/á mann. |

Magn lífúrgangs í blönduðum úrgangi er reiknað út frá greiningu á samsetningu blandaðs úrgangs. Magn lífúrgangs í blönduðum úrgangi er einnig breytilegt eftir tegund sérstaks söfnunarkerfis fyrir lífúrgang sem er til staðar, t.d. hvaða tegund lífúrgangs er tekið við í hlutanum sem er safnað sérstaklega, hvort íbúum stendur til boða moltugerð á heimilum/í samfélaginu.

3.4. **Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi**

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun sem eru settar fram í þessum hluta fjalla um stjórnun úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi.

3.4.1. *Samþættar áætlanir um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir staðaryfirvöld að þróa og koma í framkvæmd samþættum áætlunum um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi þar sem:

— hagsmunaaðilar úr byggingariðnaðinum á staðnum, fulltrúar íbúa, staðbundinna viðskiptasamtaka og viðeigandi opinberra aðila taka þátt,

— forvarnir gegn myndun úrgangs frá byggingarframkvæmdum eru settar í forgang með stjórntækjum sem miðast við iðnaðinn og opinbera stjórnsýslu, s.s. reglur um starfsvenjur við niðurrif og að efla viðeigandi ákvæði um umhverfisvæn opinber innkaup,

— lágmarkskröfur um úrgangsflokkun og -stjórnun á byggingarsvæðum af tiltekinni stærð eru fastsettar, t.d. kröfur um úrgangsstjórnunaráætlun fyrir svæðið eða að tilskildir hlutar séu aðskildir,

— fjöldi úrgangsstrauma í framtíðinni er ákvarðaður og magngreindur, tryggt að samkvæmt þéttbýlisskipulaginu á staðnum sé fullnægjandi svæðum úthlutað til söfnunar og meðhöndlunar á úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi,

— reiknaður er út heildarkostnaður og áhrifin af framkvæmdinni,

— metnaðarfyllri markmið en hjá ESB eða í landsbundnum endurvinnslumarkmiðum fyrir úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi eru fastsett sem og viðeigandi tilhögun við vöktun og framkvæmd,

— ráðstafanir eru innifaldar til að komast hjá ólöglegri losun og skýrar leiðbeiningar látnar í té (t.d. fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, íbúa og framleiðendur mjög lítils magns af úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi) um rétta meðhöndlun úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi.

Notkunarsvið

Mótun og framkvæmd á staðbundnum áætlunum um stjórnun úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi er stjórntæki sem svæði og stór sveitarfélög nota yfirleitt.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i63) Hlutfall heildarmagns úrgangs sem er safnað frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, sem er rétt aðskilinn og stjórnað með tilliti til endurnotkunar, endurvinnslu eða endurheimtar (%).<br>i64) Ákvæði um úttektir fyrir niðurrif sem miða að endurnotkun (já/nei). | b30) Samþættri stjórnunaráætlun um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi er komið í framkvæmd með það að markmiði að endurvinna a.m.k. 80% af úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi árið 2020 og með ákvæði um tilhögun vöktunar og framfylgdar. |

3.4.2. *Komist hjá mengun af völdum PCB-efna í úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi*

Ef um er að ræða niðurrif eða sundurhlutun, sem og endurbætur á byggingum, brúm og mannvirkjum frá sjötta, sjöunda og áttunda áratugnum, er hætta á að úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi geti verið mengaður af PCB-efnum sem koma í veg fyrir endurvinnslu hans.

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir úrgangsyfirvöld að innleiða ákvæði í áætlunina um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi (sjá lið 3.4.1) sem innihalda:

— undirbúningsúttekt og kortlagningu á byggingunni, brúnni eða mannvirkinu sem á að rífa, taka í sundur eða endurbæta til að sanngreina alla efniviði sem innihalda PCB-efni (t.d. þéttiefni),

— að fjarlægja efniviði sem innihalda PCB-efni aðskilið frá öðrum úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi,

— sérstaka söfnun og viðeigandi förgun fjarlægðra efniviða sem innihalda PCB-efni.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga almennt við fyrir úrgangsyfirvöld sem bera ábyrgð á úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi. Hægt er að undanskilja smáframkvæmdir sem mynda innan við eitt tonn af úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi eða hafa áhrif á innan við 10 $m^2$ af yfirborðsfleti byggingarinnar frá ákvæðunum í áætluninni um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi um að sanngreina og aðskilja PCB-efni.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i65) Ákvæði um kortlagningu og aðskilda fjarlægingu og söfnun efniviða sem innihalda PCB-efni eru tekin með í áætluninni um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi (já/nei). | — |

3.4.3. *Staðbundnar áætlanir um viðeigandi stjórnun úrgangsasbests sem íbúar fjarlægja*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir úrgangsyfirvöld og úrgangsstjórnunarfyrirtæki að tryggja viðeigandi stjórnun úrgangs í litlu magni frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, sem inniheldur asbest, sem íbúar fjarlægja úr byggingum í einkaeigu án aðkomu sérhæfðs fyrirtækis. Í því skyni geta þau látið í té:

— skýrar leiðbeiningar (t.d. engin hætta á dreifingu dufts) sem krafist er til að einkaeigandi geti fjarlægt asbestefnivið og hvernig á að undirbúa byggingarsvæðið fyrir fjarlægingu asbests,

— leiðbeiningar um reglur sem einkaeigandinn þarf að fylgja til að tryggja heilbrigði og öryggi nálægra íbúa þegar fjarlægingin fer fram,

— skrá yfir vottuð fyrirtæki eða upplýsingar um söfnunarstaði fyrir úrgang sem inniheldur asbest,

— lokanlega tveggja laga poka (til söfnunar/förgunar) sem standa til boða fyrir íbúa sem takast fjarlæginguna á hendur,

— annaðhvort viðeigandi söfnunarstaði (t.d. á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum) eða gjaldfrjálsa þjónustu við söfnun frá heimilum.

Staðaryfirvöld sem taka forystuna ganga einu skrefi lengra og koma á áætlun til að meta tilvist asbests á yfirráðasvæði sínu, aðstoða einkaaðila, sem eru eigendur, við að skipuleggja viðeigandi aðgerðir og fylgjast með öllu asbesti í byggingum, jafnvel áður en það er fjarlægt.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga einungis við um tiltekið sementbundið asbest (s.s. asbestsementþök, veggi og loftklæðningar sem innihalda asbest; frárennslisrör og þakrennur sem innihalda asbest o.s.frv.) í góðu ástandi (engin hætta á dreifingu dufts) og þegar um mjög lítið magn er að ræða. Alltaf er gerð krafa um að sérhæfður verktaki fjarlægi og fargi sementsbundnu asbesti sem hætta er á duft dreifist úr, sem og öðrum formum asbests, einkum þeim sem eru með minni þéttleika (eða molna/flagna), s.s. einangrunarplötum, einangrunarefni eða úðuðu asbesti.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i66) Fjöldi söfnunarstaða fyrir úrgangsasbest á hverja 100 000 íbúa.<br>i67) Heildarmagn asbests sem er safnað gegnum áætlunina, gefið upp í þyngd (í tonnum) eða sem flatarmál ($m^2$).<br>i68) Fjöldi lokanlegra poka fyrir söfnun/förgun asbests sem íbúar nota. | b31) Það er a.m.k. einn söfnunarstaður á hverja 100 000 íbúa eða gjaldfrjáls þjónusta við söfnun á úrgangsasbesti, sem íbúar fjarlægja sjálfir, frá heimilum. |

3.4.4. *Vinnsla á úrgangsgifsplötum til að styðja við endurvinnslu*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir úrgangsstjórnunarfyrirtæki sem vinna úrgangsgifsplötur að endurheimta gifs. Vinnsla á úrgangsgifsplötum til að endurheimta gifs samanstendur yfirleitt af eftirfarandi þrepum (fyrir vel aðskildar úrgangsgifsplötur): móttaka, sjónræn skoðun og flokkun, aðskilnaður á óhentugum efniviðum (t.d. málmum) (ef þörf er á), plöturnar flokkaðar eftir stærð, aðskilnaður á pappír og gifsi (með mölunar- og sigtunarferli) og sigtun á gifsi. Hægt er að nota endurheimt gifs (yfirleitt allt að 25% af heildarinnihaldinu) til framleiðslu á nýjum gifsplötum.

Notkunarsvið

Það eru engar tæknilegar hindranir í vegi fyrir notkun þessara bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun. Það eru þó umtalsverðar efnahagslegar hindranir í veginum: endurvinnanleiki úrgangsgifsplatna veltur á aðskilnaðarstiginu á staðnum þar sem þær falla til ([18]) og ófullnægjandi aðskilnaður leiðir til kostnaðarlega óhagkvæms ástands. Enn fremur getur kostnaður vegna flutnings á úrgangsgifsplötum um langar vegalengdir einnig haft áhrif á efnahagslegan framkvæmanleika.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i69) Skilvirkni við endurheimt efniviða í vinnslustöð fyrir úrgangsgifsplötur (%). | — |

3.4.5. *Vinnsla á úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi til framleiðslu á endurunnum fyllingarefnum*

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir úrgangsstjórnunarfyrirtæki sem meðhöndla úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi að endurheimta steinsteypu úr úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem endurunnið íblöndunarefni í steinsteypu. Þessi vinnsla á sér stað í stöðvum og samanstendur alla jafna af eftirfarandi þrepum (fyrir vel aðskilinn úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi): móttaka, greining á eiginleikum og sanngreining á úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem kemur inn, (handvirkt) forval, skimun á stórum efniviðum, aðskilnaður með segli, skimun fyrir fíngerðum efniviðum, mölun, skimun og önnur mölun.

([18]) Í sumum tilvikum er aðskilnaður á byggingarsvæðinu e.t.v. ekki mögulegur vegna rýmistakmarkana. Í slíkum tilvikum er hægt að formeðhöndla úrgangsgifsplötur og aðskilja á mismunandi stöðum áður en þær eru unnar.

Endurvinnanleiki óvirkra þátta í úrgangi frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi veltur á aðskilnaðarstiginu á staðnum þar sem hann fellur til ([19]) og ófullnægjandi aðskilnaður verður til þess að vinnsla úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi verður kostnaðarlega óhagkvæm.

Notkunarsvið

Það eru engar sérstakar takmarkanir á notkun þessara bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun svo fremi að úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sé vel aðskilinn í mismunandi hluta á byggingarsvæðum.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i70) Skilvirkni við endurheimt efniviða í vinnslustöð fyrir úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi (%).<br>i71) Árlegt magn endurunnins íblöndunarefnis í steinsteypu sem er sett á markað (tonn/á ári). | — |

### 3.5. **Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir úrgang frá heilbrigðisþjónustu**

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun sem eru settar fram í þessum hluta fjalla um stjórnun úrgangs frá heilbrigðisþjónustu.

**Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir aðskilnað úrgangs frá heilbrigðisþjónustu**

3.5.1. *Hvatning til aðskilnaðar á úrgangi frá heilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnunum*

Það eru umtalsverðir möguleikar til að draga úr umhverfisáhrifum af stjórnun úrgangs frá heilbrigðisþjónustu, einkum með því að beina athyglinni að betri forvörnum, aðskilnaði og meðhöndlun á hættulausum úrgangi, að teknu tilhlýðilegu tilliti til öryggis. Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir fyrirtæki sem stjórna úrgangi frá heilbrigðisþjónustu að:

— Skipuleggja úttektir á úrgangi frá heilbrigðisstofnunum til að bæta þekkinguna á mismunandi hlutum úrgangs og núverandi úrgangsstjórnunarvenjum.

— Aðstoða heilbrigðisstofnanir við að skilgreina úrgangsstjórnunarkerfi sitt með því að fastsetja skýrar leiðbeiningar fyrir þá flokka úrgangs sem skal flokka.

— Skipuleggja þjálfunarlotur til að auka vitund meðal starfsfólks heilbrigðisstofnana og útskýra reglurnar um aðskilnað úrgangs (sníða ætti þjálfunarlotur að mismunandi hlutverkum starfsfólks innan heilbrigðisstofnunarinnar og beina athyglinni sérstaklega að því að taka á frávikum sem koma í ljós við úttektir eða við meðhöndlun fyrirtækisins sem stjórnar úrgangi frá heilbrigðisþjónustu á úrganginum frá heilbrigðisþjónustunni).

— Útvega upplýsingaefni (veggspjöld, merkingar á ílátum o.s.frv.) til að aðstoða starfsfólk heilbrigðisstofnunarinnar með leiðbeiningum.

— Vakta niðurstöður og áhrif af aðgerðinni með því að skilgreina mengi lykilárangursvísa (þ.m.t. áhættustjórnun og fjárhagslegur sparnaður).

— Koma í framkvæmd nýstárlegum tæknilegum lausnum sem draga úr almennum umhverfisáhrifum af úrgangsstjórnunarkerfinu, t.d. um endurnotkun íláta til söfnunar á úrgangi frá heilbrigðisþjónustu.

Betri aðskilnaður úrgangs sem fellur til á heilbrigðisstofnunum gerir aukna endurvinnslu mögulega því þá er komist hjá því að hættulaus úrgangur, þ.m.t. endurvinnanleg efni (t.d. áprentaður pappír, plastflöskur), sé ranglega settur saman við hættulegan úrgang.

Notkunarsvið

Það eru engar sérstaka takmarkanir á notkun þessara bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun fyrir fyrirtæki sem stjórna úrgangi frá heilbrigðisþjónustu. Skuldbinding heilbrigðisstofnana í áttina að bættri stjórnun úrgangs frá heilbrigðisþjónustu gegnir þó lykilhlutverki fyrir tegundir ráðstafana og árangur af aðgerðum sem komið er í framkvæmd.

([19]) Í sumum tilvikum er aðskilnaður á byggingarsvæðinu e.t.v. ekki mögulegur vegna rýmistakmarkana. Í slíkum tilvikum er hægt að formeðhöndla úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi og aðskilja hann á mismunandi stöðum áður en hann er unninn til framleiðslu á endurunnum fyllingarefnum.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i72) Hlutfall starfsfólks hjá heilbrigðisstofnuninni sem hefur farið í gegnum þjálfunarlotu um úrgang á síðustu tveimur árum (%). | — |
| i73) Hlutfall réttra svara frá starfsfólki hjá heilbrigðisstofnuninni í matskönnunum eftir þjálfun um meðhöndlun úrgangs á heilbrigðisþjónustustofnuninni (%). | |
| i74) Söfnunarhlutfall á hvern hluta úrgangs, hvert rúm eða hvern sjúkling samkvæmt tilteknum hlutum sem er safnað á hverri heilbrigðisstofnun (kg/á sjúkling/á dag). | |

3.5.2. *Söfnun heilbrigðisþjónustuúrgangs frá heimilum*

Í þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun er lögð áhersla á söfnunarkerfi sem staðaryfirvöld og/eða úrgangsstjórnunarfyrirtæki koma á fót til að safna hættulegum heilbrigðisþjónustuúrgangi sem fellur til á heimilum, einkum beittum og oddhvössum áhöldum og nálum sem falla til við meðhöndlun í heimahúsum.

Það eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að taka upp aðskilið söfnunarkerfi fyrir heilbrigðisþjónustuúrgang frá heimilum sem tryggir örugga og umhverfisvæna söfnun og stjórnun heilbrigðisþjónustuúrgangs með því að:

— meta magn heilbrigðisþjónustuúrgangs sem fellur til,

— láta í té viðeigandi ílát fyrir söfnun,

— velja söfnunaraðferðir og tíðni söfnunar samkvæmt aðstæðum á staðnum,

— fá hagsmunaaðila til þátttöku, yfirleitt: lyfjaverslanir og aðra aðila sem koma að heilbrigðisþjónustu (s.s. læknar og hjúkrunarfræðingar), sjúklinga sem sinna meðhöndlun í heimahúsum og heilbrigðisþjónustuiðnaðinn,

— koma á eftirliti og aðgerðum til úrbóta fyrir söfnunarkerfið fyrir úrgang frá heilbrigðisþjónustu.

Notkunarsvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga við fyrir öll staðaryfirvöld og/eða úrgangsstjórnunarfyrirtæki.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i75) Fjöldi söfnunarstaða fyrir heilbrigðisþjónustuúrgang sem fellur til á heimilum, á hverja 10 000 íbúa, eftir tegund (endurvinnslu- eða söfnunarstöðvar, lyfjaverslanir, ílát við götur). | — |
| i76) Fjöldi aðskilinna íláta fyrir heilbrigðisþjónustuúrgang sem fellur til á heimilum, sem er dreift í gegnum söfnunarstaði eða ef þess er óskað. | |
| i77) Magn heilbrigðisþjónustuúrgangs sem fellur til á heimilum og er safnað (kg/á mann/á ári). | |
| i78) Hlutfall heilbrigðisþjónustuúrgangs (t.d. beitt og oddhvöss áhöld) í blönduðum úrgangi frá heimilum (%). | |

**Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun fyrir meðhöndlun úrgangs frá heilbrigðisþjónustu**

3.5.3. *Annars konar meðhöndlun úrgangs frá heilbrigðisþjónustu*

Háhitabrennsla er algengasta aðferðin við meðhöndlun úrgangs frá heilbrigðisþjónustu vegna öryggisvanda; hún hefur þó umtalsverð umhverfisáhrif, s.s. mikla orkunotkun, eyðingu náttúruauðlinda og losun. Annars konar meðhöndlun er til sem getur einnig tryggt öryggisstig fyrir úrgangsstrauma sem valda áhyggjum (t.d. smitandi úrgang, líffærafræðilegan úrgang, beitt og oddhvöss áhöld og lyfjaúrgang) og með henni er unnt að ná fram betri umhverfisárangri en með háhitabrennslu, t.d. fyrir tilstilli minni orkunotkunar eða betri auðlindanýtni (sem eykur hlutfall endurvinnslu á úrgangi frá heilbrigðisþjónustu).

Þegar annars konar meðhöndlun er notuð fyrir úrgang frá heilbrigðisþjónustu eru það bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

— Gufusæfing:

  — besti aðskilnaður við upptök,

  — einsleitni í stærð agna við inntak,

  — gufusótthreinsun ásamt tætingu samhliða/eftir á,

  — þurrkunarþrep eftir meðhöndlun,

  — frálag aðskilið eftir straumi efniviða þegar mögulegt er og sent í endurvinnslu,

  — brennsla með orkuheimt á hentugu óendurvinnanlegu frálagi.

— Meðhöndlun með örbylgjum:

  — besti aðskilnaður við upptök,

  — viðbót vatns við inntak,

  — þurrkunarþrep eftir meðhöndlun,

  — frálag aðskilið eftir straumi efniviða þegar mögulegt er og sent í endurvinnslu,

  — brennsla með orkuheimt á hentugu óendurvinnanlegu frálagi.

— Efnafræðileg meðhöndlun:

  — besti aðskilnaður við upptök,

  — ekki er litið á frálag sem hættulegan úrgang eða það meðhöndlað til að ná bestu endurheimt,

  — dauðhreinsunarefni er endurvinnanlegt í ferlinu,

  — frálag aðskilið eftir straumi efniviða þegar mögulegt er og sent í endurvinnslu,

  — brennsla með orkuheimt á hentugu óendurvinnanlegu frálagi.

Notkunarsvið

Háhitabrennsla er enn sem komið er algengasta meðhöndlunin fyrir úrgang frá heilbrigðisþjónustu. Fjórir meginþættir hafa áhrif á notkun annars konar meðhöndlunar: aðskilnaður við upptök, að færa sönnur á öryggi annars konar meðhöndlunar til að meðhöndla tiltekna hluta aðskilins úrgangs, besta afkastageta við brennslu og landsbundinn lagarammi fyrir meðhöndlun úrgangs frá heilbrigðisþjónustu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

| Umhverfisárangursvísar | Árangursviðmiðanir |
|---|---|
| i79) Hlutfall úrgangs frá heilbrigðisþjónustu, sem er stjórnað af fyrirtækinu sem stjórnar úrgangi frá heilbrigðisþjónustu, sem er unninn með annars konar meðhöndlun (%). | — |
| i80) Magn úrgangs frá heilbrigðisþjónustu sem er unnið með annars konar meðhöndlun (kíló úrgangs frá heilbrigðisþjónustu á klst., á dag eða í lotu). | |
| i81) Vatnsnotkun á hvert kíló af úrgangi sem er unnið með annars konar meðhöndlun (lítrar/kg). | |

4. **GEIRATENGDIR LYKILUMHVERFISÁRANGURSVÍSAR SEM MÆLT ER MEÐ**

Í eftirfarandi töflu er talið upp úrval lykilumhverfisárangursvísa fyrir úrgangsstjórnunargeirann ásamt tengdum árangursviðmiðunum og tilvísunum í viðeigandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun. Þetta er hlutmengi allra vísanna sem nefndir eru í 3. hluta.

*Tafla 4.1.*

**Lykilumhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir fyrir úrgangsstjórnunargeirann**

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfisstjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÞVERLÆGAR BESTU STARFSVENJUR Í UMHVERFISSTJÓRNUN** | | | | | | | |
| Heildarmarkmið um úrbætur á úrgangsstjórnunarkerfinu eru fyrir hendi | já/nei | Úrgangsyfirvöld og úrgangsstjórnunarfyrirtæki | Heildarmarkmið um úrbætur á úrgangsstjórnunarkerfinu eru fyrir hendi (t.d. byggt á vísunum sem eru skilgreindir í þessu skjali). | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Samþætt áætlun um úrgangsstjórnun sem inniheldur langtíma (þ.e. 10–20 ár) og skammtíma (þ.e. 1–5 ár) heildarmarkmið um úrbætur á árangri úrgangsstjórnunarkerfisins er fyrir hendi og er endurskoðuð með reglulegu millibili (a.m.k. á þriggja ára fresti). | 3.1.1. |
| Kerfisbundin beiting vistferilshugsunar og, ef nauðsyn krefur, gerð vistferilsgreininga í allri hönnun og framkvæmd áætlana um úrgangsstjórnun | já/nei | Úrgangsyfirvöld og úrgangsstjórnunarfyrirtæki | Vistferilshugsun er beitt kerfisbundið, og, ef nauðsyn krefur, vistferilsgreining gerð, í allri hönnun og framkvæmd áætlana um úrgangsstjórnun. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni Losun | Áætlunin um úrgangsstjórnun er hönnuð og framkvæmd á grundvelli kerfisbundinnar beitingar vistferilshugsunar og, þegar þess er þörf, sérstakra rannsókna á sviði vistferilsgreiningar. | 3.1.2. |
| Notkun efnahagslegra stjórntækja á staðarvísu til að hvetja til góðrar hegðunar | já/nei | Úrgangsyfirvöld og úrgangsstjórnunarfyrirtæki | Efnahagsleg stjórntæki (t.d. skattar og skattatilfærslur, álagning á vörur, verðlagning á úrgangi, kerfi fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda og skilagjaldskerfi) eru notuð á staðarvísu til að örva góða hegðun við forvarnir gegn myndun úrgangs og úrgangsstjórnun. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni Losun | — Efnahagslegum stjórntækjum sem eru ákvörðuð á staðarvísu í formi skatta og skattatilfærslna, álagningar á vörur, verðlagningar á úrgangi, kerfa fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðenda og skilagjaldskerfa er kerfisbundið komið til framkvæmda sem leið til að ná fram markmiðunum sem eru ákvörðuð í staðbundnu áætluninni um úrgangsstjórnun | 3.1.3. |

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfis-stjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfs-venjur í umhverfis-stjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | — Hjá sveitarfélögum er til staðar skilagjaldskerfi fyrir glös, bolla, diska og hnífapör fyrir allar hátíðir og stóra almenningsviðburði sem eru skipulögð á yfirráðasvæði staðaryfirvalda. | |
| Viðeigandi nýjustu tækni, sem lýst er í tilvísunarskjölunum sem eru tilgreind í lið 3.1.4, er komið í framkvæmd (já/nei) | já/nei | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Nýjustu tækni, sem lýst er í tilvísunarskjölunum sem eru tilgreind í lið 3.1.4 og sem fyrirtækið/stofnunin telur að skipti máli, er komið í fram-kvæmd. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur<br>Efniviðarnýtni<br>Losun | Á ekki við | 3.1.4. |

**BESTU STARFSVENJUR Í UMHVERFISSTJÓRNUN FYRIR HEIMILIS- OG REKSTRARÚRGANG Í FÖSTU FORMI**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildarkostnaður við stjórnun heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi á hvern íbúa á ári | Evrur/<br>á mann/á ári | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Heildarkostnaður við stjórnun heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi á viðkomandi stað-bundnu svæði á ári, þ.m.t. allir úrgangsstjórnunarfasar og -starfsemi sem eru framkvæmd, á hvern íbúa á ári. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur | Á ekki við | 3.2.1. |
| Tíðni greiningar á samsetningu blandaðs úrgangs | Mánuðir<br>Ár | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Hversu oft er gerð greining á samsetningu (á dæmigerðu úrtaki) blandaðs úrgangs (ein greining á samsetningu á # mánaða eða ára fresti). | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur<br>Efniviðarnýtni | Greining á samsetningu blandaðs úrgangs er gerð a.m.k. fjórum sinnum á ári (á mismunandi árstíðum) á þriggja ára fresti eða eftir hvers konar umtalsverðar breytingar á úrgangs-stjórnunarkerfinu. | 3.2.2. |

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfis-stjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfs-venjur í umhverfis-stjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgað þegar hent er kerfi er til staðar | já/nei | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Borgað þegar hent er kerfi er til staðar á viðkomandi staðbundnu svæði. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Borgað þegar hent er kerfi er til staðar og samkvæmt því er a.m.k. 40% af kostnaðinum lagður á notendur, allt eftir magni (kg eða $m^3$) blandaðs úrgangs sem er safnað, stærð úrgangs-söfnunarílátanna og/eða fjölda söfnunarferða. | 3.2.3. |
| Úrgangur sem er fluttur á endurvinnslu- eða söfnunar-stöðvar er tekinn með inn í borgað þegar hent er kerfið | já/nei | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Úrgangur sem notendur úrgangsstjórnunarkerfisins flytja til endurvinnslu- eða söfnunar-stöðvar er inni í borgað þegar hent er kerfinu. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Borgað þegar hent er kerfið nær einnig yfir úrgang sem er fluttur á endur-vinnslu- eða söfnunarstöðvar. | 3.2.3. |
| Fjármagn sem er varið til vitundarvakningar á hvern íbúa á ári | Evrur/á mann/á ári | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Árleg útgjöld til starfsemi til vitundarvakningar á viðkomandi staðbundnu svæði, deilt með fjölda íbúa. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Herferðum til vitundarvakningar er kerfisbundið komið til framkvæmda fyrir mismunandi tegundir markhópa (t.d. nemendur, almenning, notendur endurvinnslu- eða söfnunarstöðva) og árlegt fjármagn sem er varið til starfsemi til vitundarvakningar er a.m.k. 5 evrur á hvern íbúa. | 3.2.5. |
| Fjöldi úrgangsráðgjafa á hverja 100 000 íbúa | fjöldi/100 000 íbúar | Úrgangsyfirvöld og úrgangsstjórnunarfyrirtæki | Fjöldi úrgangsráðgjafa á hverja 100 000 íbúa á viðkomandi staðbundnu svæði. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða íbúafjöldi sem er þjónað | Úrgangur Efniviðarnýtni | Netkerfi úrgangsráðgjafa er til staðar með a.m.k. einn úrgangsráðgjafa á hverja 20 000 íbúa. | 3.2.6. |
| Hlutfall íbúa sem stundar moltugerð á heimilum/í samfélaginu eða sem stendur til boða moltugerð í samfélaginu | % | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Hlutfall íbúa sem stundar moltugerð á heimilum eða sem stendur til boða moltugerð í samfélaginu af heildaríbúafjölda á viðkomandi staðbundnu svæði. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða íbúafjöldi sem er þjónað | Úrgangur Efniviðarnýtni | Allir íbúar hafa annaðhvort aðgang að sérstakri söfnun á lífúrgangi eða moltugerð úr lífúrgangi á heimilum eða í samfélaginu. | 3.2.7. |

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfis-stjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfs-venjur í umhverfis-stjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Staðbundinni áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs, þ.m.t. langtíma- og skammtímamarkmið og ákvæði um reglubundna vöktun, hefur verið komið á fót | já/nei | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Staðbundinni áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs hefur verið komið á fót, þ.m.t. langtíma- og skammtíma-markmið og ákvæði um reglu-bundna vöktun. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Forvarnir gegn myndun úrgangs skipta máli í stefnunni í áætluninni um úrgangsstjórnun sem inniheldur stað-bundna áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs sem myndar undir-stöðu fyrir langtíma- (þ.e. 10–20 ára) og skammtíma- (þ.e. 1–5 ára) markmið um forvarnir gegn myndun úrgangs og inniheldur einnig ákvæði um reglubundna vöktun. | 3.2.8. |
| Fjöldi eða magn úr sér genginna vara sem er safnað til endurnotkunar og hlutar úr úrgangi sem eru sendir til undirbúnings fyrir endurnotkun | Kg/á ári<br>Fjöldi/á ári | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Árlegur fjöldi eða magn (þ.e. þyngd eða rúmmál) úr sér genginna vara sem er safnað til endurnotkunar og hlutar úr úrgangi sem eru sendir til undirbúnings fyrir endurnotkun. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Á ekki við | 3.2.9. |
| Árlegur fjöldi viðskiptavina endurnotkunarstöðva/viðgerðar staða í samfélaginu | Fjöldi/á ári | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Árlegur fjöldi viðskiptavina endurnotkunarstöðva og viðgerðarstaða í samfélaginu. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Á ekki við | 3.2.9. |
| Aðgengi að svæðum til að skiptast á vörum/efniviðum sem miða að því að styðja við endurnotkun á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum | já/nei | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Aðgengi að svæðum til að skiptast á vörum/efniviðum sem miða að því að styðja við endurnotkun á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum eru svæði til að skiptast á vörum/efniviðum sem miða að því að styðja við endurnotkun. | 3.2.9.<br>3.2.12 |
| Þátttökuhlutfall | % | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Hlutfall íbúa sem notar úrgangssöfnunarkerfið; gögn liggja yfirleitt fyrir og byggjast á mötum, könnunum, hversu oft ílát fyrir endurvinnanleg efni er sett út til söfnunar, o.s.frv. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða íbúafjöldi sem er þjónað | Úrgangur Efniviðarnýtni | Á ekki við | 3.2.10 |

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfis-stjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfs-venjur í umhverfis-stjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hlutfall af staðbundnu svæði sem fellur undir tiltekið úrgangssöfnunarkerfi | % | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Hlutfall af staðbundnu svæði sem fellur undir tiltekið úrgangssöfnunarkerfi, t.d. % af þéttbýlissvæði sem fellur undir söfnun heimilis- og rekstrarúr-gangs í föstu formi frá húsi til húss. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Söfnun úrgangs frá húsi til húss á a.m.k. fjórum hlutum úrgangs er framkvæmd á öllu yfirráðasvæðinu þar sem heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi er stjórnað. | 3.2.10 |
| Fjöldi endurvinnslu- eða söfnunarstöðva á hverja 100 000 íbúa. | Fjöldi/ 100 000 íbúar | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Fjöldi endurvinnslu- eða söfnun-arstöðva á viðkomandi stað-bundnu svæði á hverja 100 000 íbúa. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða íbúafjöldi sem er þjónað | Úrgangur Efniviðarnýtni | Á ekki við | 3.2.12 |
| Fjöldi mismunandi hluta úrgangs sem er safnað á endurvinnslu- eða söfnunar-stöðvum | Fjöldi | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Fjöldi mismunandi hluta úrgangs sem er safnað á endurvinnslu-eða söfnunarstöðvum. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Að minnsta kosti 20 mismunandi hlutum úrgangs er safnað á endurvinnslu- eða söfnunarstöðvum. | 3.2.12 |
| Losun gróðurhúsalofttegunda á hvert tonn af úrgangi og ekinn kílómetra | Kg $CO_2$e/tkm | Úrgangsyfirvöld og úrgangsstjórnun-arfyrirtæki | Heildarmagn losunar gróður-húsalofttegunda sem myndast við söfnun úrgangs á tilteknu tímabili, deilt með magni úrgangs sem er safnað og vegalengd sem sorpbifreiðarnar aka á sama tímabili. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Losun Orkunýtni | Á ekki við | 3.2.13 |
| Meðaleldsneytisnotkun sorpbifreiða | lítrar/100 km | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Heildarmagn eldsneytis sem sorpbifreiðar nota, deilt með heildarvegalengd (í hundruðum kílómetra) sem eknir eru á tilteknu tímabili. | Fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Losun Orkunýtni | Á ekki við | 3.2.14 |

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfis-stjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfs-venjur í umhverfis-stjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hlutfall ökutækja sem eru Euro 6 í öllum sorpbifreiðaflotanum | % | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Fjöldi ökutækja sem eru Euro 6 í sorpbifreiðaflotanum, deilt með heildarfjölda sorpbifreiða í flotanum. | Fyrirtæki/stofnun | Orkunýtni Losun | Allar nýjar sorpbifreiðar sem úrgangsstjórnunarfyrirtækið/-stofnunin kaupir eða tekur á leigu eru Euro 6 og eru annaðhvort knúnar af þjöppuðu jarðgasi eða lífgasi, eða eru tvinn- eða rafökutæki. | 3.2.14 |
| Hlutfall vara sem falla undir rýmkaða ábyrgð framleiðenda sem finnst í úrgangsleifum, byggt á greiningu á samsetn-ingu | % | Fyrirtæki/stofnanir sem fjalla um ábyrgð framleiðenda, úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Hlutfall vara sem falla undir rýmkaða ábyrgð framleiðenda sem finnst í úrgangsleifum, byggt á greiningu á samsetningu blandaðs úrgangs. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða viðkomandi staðbundið svæði | Úrgangur Efniviðarnýtni | Á ekki við | 3.2.15 |
| Flokkunarhlutfall saman-blandaðs létts umbúðaúrgangs í stöð | % | Rekstraraðilar stöðva | Árlegt magn sem er sent í endurvinnslu deilt með árlegu magni samanblandaðs umbúða-úrgangs sem er unnið.<br>Þennan vísi er hægt að reikna út fyrir heildarmagn samanblandaðs umbúðaúrgangs sem og fyrir einstaka frálagsstrauma. | Flokkunarstöð | Úrgangur Efniviðarnýtni | Flokkunarhlutfall endurheimtustöðva fyrir efniviði, sem flokka samanbland-aðan léttan umbúðaúrgang, er a.m.k. 88%. | 3.2.16 |
| Vinnsluhlutfall stöðvar á blönduðum plastumbúða-úrgangi | % | Rekstraraðilar stöðva | Árlegt magn efniviða sem er sent í endurvinnslu deilt með árlegu magni blandaðs plastumbúða-úrgangs sem er unnið.<br>Þennan vísi er hægt að reikna út fyrir heildarmagn blandaðs plastumbúðaúrgangs sem og fyrir einstaka frálagsstrauma plasts (t.d. pólýetýlen, eðlisþungt pólýetýlen, pólýprópýlen). | Vinnslustöð | Úrgangur Efniviðarnýtni | Endurheimtustöðvar fyrir plast sem vinna blandaðan plastumbúðaúrgang eru með vinnsluhlutfall stöðvar sem nemur a.m.k. 60%. | 3.2.17 |

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfis-stjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfs-venjur í umhverfis-stjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flokkunarhlutfall úrgangsrúmdýna í stöð | % | Rekstraraðilar stöðva | Árlegt magn efniviða sem er sent í endurvinnslu deilt með árlegu magni úrgangsrúmdýna sem er unnið. | Flokkunarstöð | Úrgangur Efniviðarnýtni | Flokkunarhlutfall stöðva sem meðhöndla úrgangsrúmdýnur er a.m.k. 91%. | 3.2.18 |
| Flokkunarhlutfall úrgangs úr íseygum hreinlætisvörum í stöð | % | Rekstraraðilar stöðva | Árlegt magn efniviða sem er sent í endurvinnslu deilt með árlegu magni úrgangs úr íseygum hrein-lætisvörum sem er unnið. | Flokkunarstöð | Úrgangur Efniviðarnýtni | Flokkunarhlutfall stöðva sem með-höndla úrgang úr íseygum hrein-lætisvörum er a.m.k. 90%. | 3.2.19 |

**SAMEIGINLEGIR UMHVERFISÁRANGURSVÍSAR FYRIR HEIMILIS- OG REKSTRARÚRGANG Í FÖSTU FORMI**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Myndun heimilis- og rekstr-arúrgangs í föstu formi | kg/á mann/á ári | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Árlegt heildarmagn heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi deilt með fjölda íbúa. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða viðkomandi staðbundið svæði | Úrgangur Efniviðarnýtni | Árleg myndun heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi á yfirráðasvæði sem er undir stjórn eða er stýrt (safnað í öll mismunandi úrgangssöfnunarkerfi sem eru staðar til á svæðinu) er:<br>— minni en 75% af landsbundnu meðaltali heimilis- og rekstr-arúrgangs sem fellur til þar sem notuð er landsbundin skilgreining á heimilis- og rekstrarúrgangi í viðkomandi landi eða | 3.3.1. |

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfis-stjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfs-venjur í umhverfis-stjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | — minni en 360 kg á mann ef hún er einungis reiknuð fyrir eftirfarandi hluta úrgangs:<br>i. lífrænan úrgang/lífúrgang (t.d. garðaúrgang, matvæli, eldhússúrgang),<br>ii. samanblandaðar umbúðir,<br>iii. pappír og pappa,<br>iv. gler,<br>v. plast,<br>vi. málma,<br>vii. fyrirferðarmikinn,<br>viii. raf- og rafeindabúnaðarúr-gang (WEEE)<br>og<br>ix. blandaðan úrgang. | |
| Magn blandaðs heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er safnað | kg/á mann/á ári | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Árlegt magn blandaðs heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er safnað, deilt með fjölda íbúa. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða viðkomandi staðbundið svæði | Úrgangur Efniviðarnýtni | Á ekki við | 3.3.2. |

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfis-stjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfs-venjur í umhverfis-stjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heimilis- og rekstrarúrgangur í föstu formi sem er sendur til orkuheimtar og/eða förgunar | kg/á mann/á ári | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Árlegt magn heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er meðhöndlað, annaðhvort með brennslu með orkuheimt og/eða með förgunaraðgerðum (s.s. urðun eða brennslu án orku-heimtar), deilt með fjölda íbúa. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða viðkomandi staðbundið svæði | Úrgangur Efniviðarnýtni | Árlegt magn blandaðs heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er safnað og sent til orkuheimtar og/eða förgunar er:<br>— minna en 15% af landsbundnu meðaltali heimilis- og rekstrarúr-gangs sem fellur til eða<br>— minna en 70 kg/á mann. | 3.3.3. |
| Heimilis- og rekstrarúrgangur í föstu formi sem er sendur til förgunar | kg/á mann/á ári | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Árlegt magn heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er sent til förgunar (s.s. brennslu án orkuheimtar eða urðunar) deilt með fjölda íbúa. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða viðkomandi staðbundið svæði | Úrgangur Efniviðarnýtni | Árlegt magn heimilis- og rekstrarúrgangs í föstu formi sem er sent til förgunar er:<br>— minna en 2% af landsbundnu meðaltali heimilis- og rekstrarúr-gangs sem fellur til eða<br>— minna en 10 kg/á mann. | 3.3.4. |
| Föngunarhlutfall fyrir tiltekinn úrgangsstraum | % | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Magn úrgangsstraums sem er safnað sérstaklega, deilt með heildarmyndun úrgangs sem sú sérstaka söfnun beindist að, reiknað fyrir tilstilli greiningar á samsetningu blandaða úrg-angsins. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða viðkomandi staðbundið svæði | Úrgangur Efniviðarnýtni | — Föngunarhlutfall fyrir úrgangsgler sem er safnað sérstaklega sem einum hluta (þ.e. ekki í kerfi með samanblandaðri söfnun) er yfir 90%.<br>— Föngunarhlutfall fyrir pappírs- og pappaúrgang sem er safnað sérstaklega sem einum hluta (þ.e. ekki í kerfi með samanblandaðri söfnun) er yfir 85%. | 3.3.5. |

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfis-stjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfs-venjur í umhverfis-stjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | — Föngunarhlutfall fyrir málmúrgang sem er safnað sérstaklega sem einum hluta (þ.e. ekki í kerfi með samanblandaðri söfnun) er yfir 75%.<br>— Föngunarhlutfall fyrir saman-blandaðan umbúðaúrgang er yfir 65%. | |
| Óhreinindahlutfall fyrir tiltekinn úrgangsstraum | % | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Magn efniviða sem eru ekki markefniviðir í tilteknum úrgangsstraumi sem er safnað sérstaklega. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða viðkomandi staðbundið svæði | Úrgangur Efniviðarnýtni | Á ekki við | 3.3.6. |
| Lífúrgangur í blönduðum úrgangi | kg/á mann/á ári | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Árlegt magn lífúrgangs sem er í blönduðum úrgangi (reiknað út frá greiningu á samsetningu blandaðs úrgangs) deilt með fjölda íbúa. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða viðkomandi staðbundið svæði | Úrgangur Efniviðarnýtni | Árlegt magn lífúrgangs í blönduðum úrgangi er undir 10 kg/á mann. | 3.3.7. |
| **BESTU STARFSVENJUR Í UMHVERFISSTJÓRNUN FYRIR ÚRGANG FRÁ BYGGINGAR- OG NIÐURRIFSSTARFSEMI** | | | | | | | |
| Hlutfall heildarmagns úrgangs sem er safnað frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, sem er rétt aðskilinn og stjórnað með tilliti til endurnotkunar, endurvinnslu eða endurheimtar | % | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Árlegt magn úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem er rétt aðskilinn og stjórnað með tilliti til endurnotkunar, endurvinnslu eða endurheimtar, deilt með heildarmagni úrgangs frá byggingar- og niðurrifs-starfsemi. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Samþættri stjórnunaráætlun um úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi er komið í framkvæmd með það að markmiði að endurvinna a.m.k. 80% af úrgangi frá byggingar- og niðurrifs-starfsemi árið 2020 og með ákvæði um tilhögun vöktunar og framfylgdar. | 3.4.1. |

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfis-stjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfs-venjur í umhverfis-stjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi söfnunarstaða fyrir úrgangsasbest á hverja 100 000 íbúa | Fjöldi/ 100 000 íbúar | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Fjöldi söfnunarstaða, á viðkom-andi staðbundnu svæði, fyrir úrgangsasbest á hverja 100 000 íbúa. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Það er a.m.k. einn söfnunarstaður á hverja 100 000 íbúa eða gjaldfrjáls þjónusta við söfnun á úrgangsasbesti, sem íbúar fjarlægja sjálfir, frá heimilum. | 3.4.3. |
| Skilvirkni við endurheimt efniviða í vinnslustöð fyrir úrgangsgifsplötur | % | Rekstraraðilar stöðva | Heildarmagn úrgangsgifsplatna sem eru unnar í vinnslustöð fyrir úrgangsgifsplötur, að frádregnu magni úrkasts sem fellur til, deilt með heildarmagni úrgangs-gifsplatna sem er unnið. | Vinnslustöð | Úrgangur Efniviðarnýtni | Á ekki við | 3.4.4. |
| Skilvirkni við endurheimt efniviða í vinnslustöð fyrir úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi | % | Rekstraraðilar stöðva | Heildarmagn úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem er unnið á vinnslustöðinni fyrir úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, að frádregnu magni úrkasts sem fellur til, deilt með heildarmagni úrgangs frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem er unnið. | Vinnslustöð | Úrgangur Efniviðarnýtni | Á ekki við | 3.4.5. |
| **BESTU STARFSVENJUR Í UMHVERFISSTJÓRNUN FYRIR ÚRGANG FRÁ HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU** | | | | | | | |
| Söfnunarhlutfall á hvern hluta, hvert rúm eða hvern sjúkling samkvæmt tilteknum hlutum sem er safnað á hverri heilbrigðisstofnun | kg/á sjúkling/á dag<br>kíló/á rúm/á dag | Úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Daglegt magn tiltekinna úrgangshluta sem er safnað, deilt með fjölda sjúklinga eða rúma á heilbrigðisstofnuninni. | Heilbrigðisstofnun | Úrgangur Efniviðarnýtni | Á ekki við | 3.5.1. |

| Vísir | Sameiginlegar einingar | Helsti markhópur | Stutt lýsing | Ráðlagt lágmarksstig vöktunar | Tengdur kjarnavísir í umhverfis-stjórnunarkerfi ESB ([1]) | Árangursviðmiðun | Tengdar bestu starfs-venjur í umhverfis-stjórnun ([2]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Magn heilbrigðisþjónustu-úrgangs sem fellur til á heimilum og er safnað | kg/á mann/á ári | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Árlegt magn heilbrigðisþjónustu-úrgangs sem fellur til á heimilum og er safnað í sérstöku kerfi fyrir söfnun úrgangs frá heilbrigð-isþjónustu fyrir íbúa, deilt með fjölda íbúa | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur | Á ekki við | 3.5.2. |
| Hlutfall úrgangs frá heilbrigð-isþjónustu í blönduðum úrgangi frá heimilum | % | Úrgangsyfirvöld og úrgangs-stjórnunarfyrirtæki | Hlutfall úrgangs frá heilbrigð-isþjónustu í blönduðum úrgangi frá heimilum sem greinist með greiningu á samsetningu dæmi-gerðs úrtaks. | Yfirráðasvæði undir stjórn eða fyrirtæki/stofnun | Úrgangur | Á ekki við | 3.5.2. |

([1]) Kjarnavísar umhverfisstjórnunarkerfis ESB eru tilgreindir í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1221/2009 (liður C.2).
([2]) Tölurnar vísa til þeirra hluta í þessu skjali þar sem viðeigandi bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun er lýst eða vísirinn er settur fram.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2031** **2024/EES/11/09**

**frá 12. nóvember 2019**

**um að fastsetja niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna matvæla-, drykkjarvöru- og mjólkuriðnaðarins**

*(tilkynnt með númeri C(2019) 7989)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ([1]), einkum 5. mgr. 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni [áður: bestu, fáanlegu tækni] eru viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða fyrir stöðvar sem falla undir II. kafla tilskipunar 2010/75/ESB og lögbær yfirvöld ættu að setja viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu aðgengilegu tækni eins og mælt er fyrir um í niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni.

2) Samstarfsvettvangur, sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka sem styðja umhverfisvernd, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. maí 2011 ([2]), lagði álit sitt um fyrirhugað efni tilvísunarskjalsins um bestu aðgengilegu tækni fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og mjólkuriðnaðinn fyrir framkvæmdastjórnina 27. nóvember 2018. Þetta álit er aðgengilegt öllum ([3]).

3) Niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun eru lykilþátturinn í því tilvísunarskjali um bestu aðgengilegu tækni.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og mjólkuriðnaðinn, sem settar eru fram í viðaukanum, eru samþykktar.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karmenu VELLA

*framkvæmdastjóri.*

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 313, 4.12.2019, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 28.9.2023, bls. 90.

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. maí 2011 um að koma á fót samstarfsvettvangi til upplýsingaskipta skv. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB um losun í iðnaði (Stjtíð. ESB C 146, 17.5.2011, bls. 3).

([3]) https://circabc.europa.eu/ui/group/06f33a94-9829-4eee-b187-21bb783a0fbf/library/d00a6ea2-6a30-46fc-8064-16200f9fe7f6?p=1&n=10&sort=modified_DESC

*VIÐAUKI*

**NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR MATVÆLA-, DRYKKJARVÖRU- OG MJÓLKURIÐNAÐINN**

GILDISSVIÐ

Þessar niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni varða eftirfarandi starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB:

— 6.4. (b) Meðferð og vinnsla, önnur en eingöngu pökkun, á eftirfarandi hráefnum, hvort sem er áður unnum eða óunnum, sem ætluð eru fyrir matvæla- eða fóðurframleiðslu úr:

  i. hráefnum af dýrum eingöngu (öðrum en eingöngu mjólk) þar sem framleiðslugeta er yfir 75 tonnum af fullunninni vöru á dag,

  ii. jurtahráefni eingöngu þar sem framleiðslugeta á fullunninni vöru er yfir 300 tonnum á dag eða 600 tonnum á dag þar sem stöðin er ekki starfrækt lengur en í 90 daga í röð á neinu ári,

  iii. hráefnum úr dýrum og jurtum, bæði í samsettum og aðskildum afurðum, þar sem framleiðslugeta á fullunninni vöru í tonnum er meiri á dag en:


    — 75 ef A er jafnt og 10 eða meira eða,

    — [300 – (22,5 × A)] í öllum öðrum tilvikum,

    þar sem „A“ er hluti efnis úr dýrum (sem hundraðshluti af þyngd) af framleiðslugetu á fullunninni vöru.

Umbúðir skulu ekki taldar með í endanlegri þyngd vörunnar.

Þessi undirliður skal ekki gilda þar sem hráefnið er eingöngu mjólk.




— 6.4. (c) Meðferð og vinnsla mjólkur eingöngu, þar sem tekið er á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag (meðaltal á ársgrundvelli).

— 6.11. Einkarekin meðhöndlun á skólpi sem fellur ekki undir tilskipun ráðsins 91/271/EBE ([1]), að því tilskildu að helsta mengunarefnaálagið komi frá starfsemi sem er tilgreind í b- eða c-lið í lið 6.4 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB.

([1]) Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40).

Þessar niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni taka einnig til:

— sameiginlegrar meðhöndlunar á skólpi frá mismunandi upptökum, að því tilskildu að helsta mengunarefnaálagið komi frá starfseminni sem er tilgreind í b- eða c-lið í lið 6.4 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB og að meðhöndlun skólpsins falli ekki undir tilskipun ráðsins 91/271/EBE,

— etanólframleiðslu sem á sér stað á stöð sem fellur undir þá starfsemi sem lýst er í ii. lið b-liðar í lið 6.4 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB eða sem starfsemi sem tengist slíkri stöð með beinum hætti.

Þessar niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni fjalla ekki um eftirfarandi:

— Brennsluver á staðnum sem mynda heitar lofttegundir sem eru ekki notaðar með beinni snertingu til hitunar, þurrkunar eða annarrar meðhöndlunar á hlutum eða efniviðum. Þetta getur fallið undir niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni vegna stórra brennsluvera eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193 ([2]).

— Framleiðslu á forstigsframleiðsluvörum úr aukaafurðum úr dýrum, s.s. útdrátt og bræðslu á fitu, fiskimjöls- og fisklýsisframleiðslu, blóðvinnslu og gelatínframleiðslu. Þetta getur fallið undir niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni fyrir sláturhús og iðnað með aukaafurðir úr dýrum.

— Framleiðslu á stöðluðum stykkjum úr stórum dýrum og stykkjun alifugla. Þetta getur fallið undir niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni fyrir sláturhús og iðnað með aukaafurðir úr dýrum.

Aðrar niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni og tilvísunarskjöl, sem gætu varðað starfsemi sem fellur undir þessar niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni, eru m.a. eftirfarandi:

— Stór brennsluver (LCP).

— Sláturhús og iðnaður með aukaafurðir úr dýrum (SA).

— Sameiginleg hreinsunar- og stjórnunarkerfi fyrir skólp og úrgangsloft í íðefnageiranum (CWW).

— Framleiðsluiðnaður með mikið magn af lífrænum íðefnum (LVOC).

— Meðhöndlun úrgangs (WT).

— Framleiðsla á sementi, kalki og magnesíumoxíði (CLM).

— Vöktun losunar í andrúmsloft og vatn frá stöðvum sem falla undir tilskipunina um losun í iðnaði (ROM).

— Efnahagslegir þættir og yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa (ECM).

— Losun frá geymslu (EFS).

— Orkunýtni (ENE).

— Kælikerfi í iðnaði (ICS).

Þessar niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni gilda með fyrirvara um aðra viðeigandi löggjöf, t.d. um hollustuhætti eða matvæla-/fóðuröryggi.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2193 frá 25. nóvember 2015 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá meðalstórum brennsluverum út í andrúmsloftið (Stjtíð ESB L 313, 28.11.2015, bls. 1).

SKILGREININGAR

Að því er varðar þessar niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni gilda eftirfarandi skilgreiningar:

| Heiti sem er notað | Skilgreining |
|---|---|
| Lífræn súrefnisþörf ($BOD_n$) | Magn súrefnis sem þarf til lífefnafræðilegrar oxunar lífræns efnis yfir í koltvísýring á *n* dögum (*n* er yfirleitt 5 eða 7). Lífræn súrefnisþörf er vísir um massastyrk lífbrjótanlegra lífrænna efnasambanda. |
| Losun beint í tiltekinn farveg | Losun mengunarefna í umhverfið gegnum einhvers konar loftrás, rör, reykháf o.s.frv. |
| Efnafræðileg súrefnisþörf | Magn súrefnis sem þarf til algjörrar efnafræðilegrar oxunar á lífrænu efni yfir í koltvísýring með notkun á díkrómati. Efnafræðileg súrefnisþörf er vísir um massastyrk lífrænna efnasambanda. |
| Ryk | Heildarmagn svifagna (í lofti). |
| Stöð sem fyrir er | Stöð sem er ekki ný stöð. |
| Hexan | Alkan með sex kolefnisatómum, með efnaformúluna $C_6H_{14}$. |
| hl | Hektólítri (jafnt og 100 lítrar). |
| Ný stöð | Stöð sem er upphaflega leyfð á stöðvarsvæðinu eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu aðgengilegu tækni eða stöð sem kemur að öllu leyti í stað stöðvar sem fyrir er eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu aðgengilegu tækni. |
| $NO_x$ | Summa köfnunarefniseinoxíðs (NO) og köfnunarefnistvíoxíðs ($NO_2$), gefin upp sem $NO_2$. |
| Leif | Efni eða hlutur, sem verður til vegna starfsemi sem fellur undir gildissvið þessa skjals, sem úrgangur eða aukaafurðir. |
| $SO_X$ | Summa brennisteinstvíoxíðs ($SO_2$), brennisteinstríoxíðs ($SO_3$) og brennisteinssýruúða, gefin upp sem $SO_2$. |
| Viðkvæmur viðtaki | Svæði sem þarfnast sérstakrar verndar, s.s.:<br>— íbúðabyggðir,<br>— svæði þar sem starfsemi manna fer fram (t.d. vinnustaðir í nágrenninu, skólar, dagheimili, tómstundasvæði, sjúkrahús eða hjúkrunarheimili). |
| Heildarmagn köfnunarefnis (TN) | Heildarmagn köfnunarefnis, gefið upp sem N, nær yfir óbundið ammoníak og ammóníumköfnunarefni ($NH_4$-N), nítrítköfnunarefni ($NO_2$-N), nítratköfnunarefni ($NO_3$-N) og lífrænt köfnunarefnissamband. |
| Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) | Heildarmagn lífræns kolefnis, gefið upp sem C (í vatni), nær yfir öll lífræn efnasambönd. |
| Heildarmagn fosfórs (TP) | Heildarmagn fosfórs, gefið upp sem P, nær yfir öll ólífræn og lífræn fosfórefnasambönd, uppleyst eða bundin ögnum. |
| Heildarmagn svifagna (TSS) | Massastyrkur allra svifagna (í vatni), mælt með síun með trefjaglerssíum og fellingarmælingu. |
| Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC) | Heildarmagn rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, gefið upp sem C (í andrúmslofti). |

ALMENN ATRIÐI

**Besta aðgengilega tækni**

Tæknin sem er talin upp og lýst í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni er hvorki forskrift né tæmandi. Nota má aðra tækni sem tryggir a.m.k. samsvarandi umhverfisverndarstig.

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni eiga almennt við nema annað sé tekið fram.

**Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni (BAT-AEL) fyrir losun í andrúmsloft**

Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni fyrir losun í andrúmsloft sem eru tilgreind í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni eiga við um styrkleika, gefinn upp sem massi losaðra efna í rúmmáli af úrgangslofti, við eftirfarandi staðalskilyrði: þurrt gas við hitastigið 273,15 K og þrýstinginn 101,3 kPa, án þess að leiðrétt hafi verið fyrir súrefnisinnihaldi, og gefið upp í $mg/Nm^3$, nema annað sé tekið fram.

Jafnan til að reikna út styrk losunarinnar við viðmiðunargildi súrefnis er eftirfarandi:

$$E_R = \frac{21 - O_R}{21 - O_M} \times E_M$$

þar sem:

$E_R$: styrkur losunar við viðmiðunargildi súrefnis $O_R$,

$O_R$: viðmiðunargildi súrefnis í % miðað við rúmmál,

$E_M$: mældur losunarstyrkur,

$O_M$: mælt viðmiðunargildi súrefnis í % miðað við rúmmál.

Að því er varðar meðaltíma fyrir losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni fyrir losun í andrúmsloft gildir eftirfarandi skilgreining.

| Meðaltími | Skilgreining |
|---|---|
| Meðaltal á sýnatökutímabilinu | Meðalgildi þriggja mælinga í röð sem standa í a.m.k. 30 mínútur hver ([1]). |

([1]) Ef 30 mínútna sýnataka/mæling hentar ekki fyrir einhverja breytu vegna sýnatöku- eða greiningartakmarkana má nota heppilegra mælingartímabil.

Þegar úrgangslofti frá tveimur eða fleiri upptökum (t.d. þurrkurum eða ofnum) er sleppt út um sameiginlegan reykháf gildir losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni um sameiginlegu sleppinguna úr reykháfnum.

*Sértækt hexantap*

Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni, sem tengjast sértæku hexantapi, eiga við um árlegt meðaltal og eru reiknuð út með eftirfarandi jöfnu:

$$\text{sértækt hexantap} = \frac{\text{hexantap}}{\text{hráefni}}$$

þar sem: hexantap er heildarmagn hexans sem er notað í stöðinni fyrir hverja tegund af fræi eða baunum, gefið upp í kg/ári,
hráefni er heildarmagn hverrar tegundar af hreinsuðu fræi eða baunum, gefið upp í tonnum/ári.

**Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni (BAT-AEL) fyrir losun í vatn**

Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni, sem eru tilgreind í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni varðandi losun í vatn, eiga við um styrkleika (massa losaðra efna í rúmmáli vatns), gefinn upp í mg/l, nema annað sé tekið fram.

Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni, gefin upp sem styrkur, eiga við um dagsmeðaltal, þ.e. samsett hlutfallsleg sýni af frárennsli á 24 klst. Hægt er að nota samsett tímahlutfallsleg sýni að því tilskildu að sýnt sé fram á nægilega stöðugt streymi. Í staðinn má taka punktsýni, að því tilskildu að frárennslið sé blandað á viðeigandi hátt og einsleitt.

Ef um er að ræða heildarmagn lífræns kolefnis (TOC), efnafræðilega súrefnisþörf (COD), heildarmagn köfnunarefnis (TN) og heildarmagn fosfórs (TP) er útreikningurinn á meðalskilvirkni mildunar, sem um getur í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni (sjá töflu 1), byggður á aðrennslis- og frárennslisálagi skólphreinsistöðvarinnar.

**Annar árangur í umhverfismálum**

*Sértæk slepping skólps*

Vísbendingar um árangur í umhverfismálum sem tengjast sértækri sleppingu skólps eiga við um ársmeðaltal og eru reiknaðar með eftirfarandi jöfnu:

$$\text{sértæk slepping skólps} = \frac{\text{slepping skólps}}{\text{umfang starfsemi}}$$

þar sem: Slepping skólps er heildarmagn skólps sem er sleppt (sem bein slepping, óbein slepping og/eða dreifing á land) í þeim sértæku ferlum sem eiga í hlut á framleiðslutímabilinu, gefin upp í $m^3$/ári, að undanskildu kælivatni og afrennslisvatni sem er sleppt aðskilið.
Umfang starfsemi er heildarmagn vara eða hráefna sem eru unnin, með hliðsjón af þeim tiltekna geira, gefið upp í tonnum/ári eða hl/ári. Umbúðir eru ekki taldar með í þyngd vörunnar. Hráefni er hvers konar efniviður sem kemur inn í stöðina, er meðhöndlaður eða unninn til framleiðslu á matvælum eða fóðri.

*Sértæk orkunotkun*

Vísbendingar um árangur í umhverfismálum sem tengjast sértækri orkunotkun eiga við um ársmeðaltal og eru reiknaðar með eftirfarandi jöfnu:

$$\text{sértæk orkunotkun} = \frac{\text{endanleg orkunotkun}}{\text{umfang starfsemi}}$$

þar sem: Endanleg orkunotkun er heildarmagn orku sem er notað í þeim tilteknu ferlum sem eiga í hlut á framleiðslutímabilinu (í formi varma og raforku), gefið upp í megavattstundum/ári.
Umfang starfsemi er heildarmagn vara eða hráefna sem eru unnin, með hliðsjón af þeim tiltekna geira, gefið upp í tonnum/ári eða hl/ári. Umbúðir eru ekki taldar með í þyngd vörunnar. Hráefni er hvers konar efniviður sem kemur inn í stöðina, er meðhöndlaður eða unninn til framleiðslu á matvælum eða fóðri.

1. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI

1.1. **Umhverfisstjórnunarkerfi**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 1. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta aðgengilega tækni að setja fram og hrinda í framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfi sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

i. skuldbindingu, forystu og ábyrgð stjórnar, þ.m.t. yfirstjórnar, á framkvæmd skilvirks umhverfisstjórnunarkerfis,

ii. greiningu sem nær til ákvörðunar á samhengi stofnunarinnar eða fyrirtækisins, sanngreiningu á þörfum og væntingum hagsmunaaðila, sanngreiningu á einkennum stöðvarinnar sem tengjast hugsanlegum áhættum gagnvart umhverfinu (eða heilbrigði manna) sem og gildandi lagaskilyrðum sem varða umhverfismál,

iii. þróun umhverfisstefnu sem felur í sér stöðugar endurbætur á umhverfisárangri stöðvarinnar,

iv. að fastsetja markmið og frammistöðuvísa í tengslum við mikilvæga umhverfisþætti, þ.m.t. að tryggt sé að farið sé að gildandi lagaskilyrðum,

v. áætlanagerð og framkvæmd nauðsynlegra ferla og aðgerða (þ.m.t. aðgerðir til úrbóta og forvarna þegar nauðsyn krefur), til að ná fram umhverfismarkmiðunum og komast hjá umhverfisáhættum,

vi. ákvörðun á skipulagi, hlutverkum og ábyrgð í tengslum við umhverfisþætti og -markmið og útvegun fjármagns og mannauðs sem þarf,

vii. að tryggja nauðsynlega getu og vitund starfsfólks sem sinnir störfum sem geta haft áhrif á umhverfisárangur stöðvarinnar (t.d. með því að veita upplýsingar og þjálfun),

viii. innri og ytri samskipti,

ix. að ýtt sé undir aðild starfsfólks að góðum starfsvenjum í umhverfisstjórnun,

x. að koma á og viðhalda handbók um stjórnun og skriflegum verklagsreglum til að stjórna starfsemi sem hefur umtalsverð umhverfisáhrif, sem og viðeigandi skrám,

xi. skilvirkt rekstrarskipulag og vinnslustjórnun,

xii. að koma viðeigandi viðhaldsáætlunum í framkvæmd,

xiii. neyðarviðbúnað og viðbúnaðarreglur, þ.m.t. til að koma í veg fyrir og/eða til mótvægis við neikvæð (umhverfisleg) áhrif neyðarástands,

xiv. að tekið sé tillit til, við (endur)hönnun (nýrrar) stöðvar eða hluta hennar, umhverfisáhrifa hennar í gegnum allan notkunartíma hennar, þ.m.t. byggingu, viðhald, rekstur og úreldingu,

xv. að koma vöktunar- og mælingaráætlun í framkvæmd; ef þörf krefur er hægt að finna upplýsingar í viðmiðunarskýrslunni um vöktun losunar í andrúmsloft og vatn frá stöðvum sem falla undir tilskipunina um losun í iðnaði,

xvi. reglubundna notkun samanburðarviðmiðana eftir geirum,

xvii. reglubundna óháða (ef það er gerlegt) innri endurskoðun og reglubundna óháða ytri endurskoðun til að meta árangur í umhverfismálum og til að ákvarða hvort umhverfisstjórnunarkerfið samræmist skipulagðri tilhögun eða ekki og hafi verið hrint í framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt,

xviii. mat á orsökum ósamræmis, framkvæmd aðgerða til úrbóta til að bregðast við ósamræmi, endurskoðun á skilvirkni aðgerða til úrbóta og ákvörðun á því hvort svipað ósamræmi er fyrir hendi eða gæti komið upp,

xix. reglubundna endurskoðun yfirstjórnar á umhverfisstjórnunarkerfinu og áframhaldandi hentugleika þess, nægjanleika og skilvirkni,

xx. að fylgst sé með og tekið tillit til þróunar á tækni sem er hreinni.

Besta aðgengilega tækni, einkum fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og mjólkurgeirann, er að fella einnig eftirfarandi þætti inn í umhverfisstjórnunarkerfið:

i. áætlun um hávaðastjórnun (sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 13),

ii. áætlun um lyktarstjórnun (sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 15),

iii. skrá yfir vatns-, orku- og hráefnisnotkun, sem og yfir skólp- og úrgangsloftstrauma (sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 2),

iv. áætlun um orkunýtni (sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 6a).

*Athugasemd*

Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ([3]) var komið á fót umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS) sem er dæmi um umhverfisstjórnunarkerfi sem er í samræmi við þessa bestu aðgengilegu tækni.

*Nothæfi*

Sundurliðunarstigið og hversu formlegt umhverfisstjórnunarkerfið er mun alla jafna tengjast eðli og umfangi stöðvarinnar og því hversu flókin hún er og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 2. Í því skyni að auka auðlindanýtni og til að draga úr losun er besta aðgengilega tækni að koma á, viðhalda og endurskoða reglulega (þ.m.t. þegar veruleg breyting á sér stað) skrá yfir vatns-, orku- og hráefnisnotkun, sem og yfir skólp- og úrgangsloftstrauma, sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 1), sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

I. Upplýsingar um framleiðsluferla matvæla, drykkjarvöru og mjólkur, þ.m.t.:

a) einfölduð flæðirit fyrir ferli sem sýna upptök losunarinnar,

b) lýsingar á tækni með samþættu ferli og hreinsun á skólpi/úrgangslofti til að koma í veg fyrir eða draga úr losun, þ.m.t. árangurinn af þeim.

II. Upplýsingar um vatnsneyslu og -notkun (t.d. flæðirit og vatnsmassajöfnuður) og greining aðgerða til að draga úr vatnsnotkun og magni skólps (sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 7).

III. Upplýsingar um magn og eiginleika skólpstrauma, s.s.:

a) meðalgildi og breytileiki streymis, sýrustigs og hitastigs,

b) meðalstyrk og álagsgildi viðeigandi mengunarefna/breyta (t.d. heildarmagn lífræns kolefnis eða efnafræðileg súrefnisþörf, köfnunarefnistegundir, fosfór, klóríð, eðlisleiðni) og breytileika þeirra.

IV. Upplýsingar um eiginleika úrgangsloftstrauma, s.s.:

a) meðalgildi og breytileika streymis og hitastigs,

b) meðalstyrk og álagsgildi viðeigandi mengunarefna/breyta (t.d. ryk, heildarmagn rokgjarna lífrænna efnasambanda, kolsýrings, köfnunarefnisoxíða, brennisteinsoxíða) og breytileika þeirra.

c) tilvist annarra efna sem geta haft áhrif á hreinsunarkerfið fyrir úrgangsloft eða öryggi stöðvar (t.d. súrefni, vatnsgufa, ryk).

V. Upplýsingar um orkuneyslu og -notkun, magn hráefna sem er notað, sem og magn og eiginleika leifa sem falla til, og greining aðgerða til stöðugra umbóta á auðlindanýtni (sjá t.d. BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 6 og BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 10).

VI. Auðkenning og framkvæmd viðeigandi vöktunaráætlunar með það að markmiði að auka auðlindanýtni, að teknu tilliti til orku-, vatns- og hráefnisnotkunar. Vöktun getur tekið til beinna mælinga, útreikninga eða skráningar með viðeigandi tíðni. Vöktunin fer fram á því stigi sem á best við (t.d. vinnslu- eða stöðvarstigi).

*Nothæfi*

Sundurliðunarstig skrárinnar mun alla jafna tengjast eðli og umfangi stöðvarinnar og því hversu flókin hún er og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa.

1.2. **Vöktun**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 3. Að því er varðar viðkomandi losun í vatn eins og tilgreint er í skránni yfir skólpstrauma (sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 2) er besta aðgengilega tækni að vakta helstu vinnslubreytur (t.d. stöðug vöktun á skólpstreymi, sýrustigi og hitastigi) á lykilstöðum (t.d. við inntak og/eða úttak formeðhöndlunar, við inntak til lokameðhöndlunar, á staðnum þar sem losunin fer úr stöðinni).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 4. Besta aðgengilega tækni er að vakta losun í vatn með a.m.k. þeirri tíðni sem er tilgreind hér á eftir og í samræmi við EN-staðla. Ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir er besta aðgengilega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO), landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.

| Efni/breyta | Staðall/staðlar | Lágmarksvöktunartíðni (1) | Vöktun í tengslum við |
|---|---|---|---|
| Efnafræðileg súrefnisþörf (2) (3) | EN-staðall er ekki fáanlegur | Einu sinni á dag (4) | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 12 |
| Heildarmagn köfnunarefnis (TN) (2) | Ýmsir EN-staðlar eru fáanlegir (t.d. EN 12260, EN ISO 11905-1) | | |
| Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) (2) (3) | EN 1484 | | |
| Heildarmagn fosfórs (TP) (2) | Ýmsir EN-staðlar eru fáanlegir (t.d. EN ISO 6878, EN ISO 15681-1 og -2, EN ISO 11885) | | |
| Heildarmagn svifagna (TSS) (2) | EN 872 | | |
| Lífræn súrefnisþörf ($BOD_n$) (2) | EN 1899-1 | Einu sinni í mánuði | |
| Klóríð ($Cl^-$) | Ýmsir EN-staðlar eru fáanlegir (t.d. EN ISO 10304-1, EN ISO 15682) | Einu sinni í mánuði | — |

(1) Vöktunin á einungis við þegar efnið sem um er að ræða er auðkennt sem efni sem skiptir máli í skólpstraumnum, byggt á skránni sem getið er í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 2.
(2) Vöktunin á einungis við ef um er að ræða beina sleppingu í viðtökuvatnshlot.
(3) Vöktun á heildarmagni lífræns kolefnis og vöktun á efnafræðilegri súrefnisþörf eru staðgöngukostir. Vöktun á heildarmagni lífræns kolefnis er æskilegri kostur því hún byggir ekki á notkun mjög eitraðra efnasambanda.
(4) Ef losunargildin reynast vera nægilega stöðug er hægt að samþykkja lægri tíðni vöktunar en í öllu falli a.m.k. einu sinni í mánuði.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 5. Besta aðgengilega tækni er að vakta losun, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft með a.m.k. þeirri tíðni sem er tilgreind hér á eftir og í samræmi við EN-staðla.

| Efni/breyta | Geiri | Sérstök vinnsla | Staðall/staðlar | Lágmarksvöktunartíðni (1) | Vöktun í tengslum við |
|---|---|---|---|---|---|
| Ryk | Fóður | Þurrkun grænfóðurs | EN 13284-1 | Einu sinni á þriggja mánaða fresti (2) | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 17 |
| | | Mölun og kögglakæling í framleiðslu á fóðurblöndum | | Einu sinni á ári | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 17 |
| | | Þrýstimótun þurrfóðurs fyrir gæludýr | | Einu sinni á ári | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 17 |
| | Ölgerð | Meðhöndlun og vinnsla á malti og viðbótum | | Einu sinni á ári | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 20 |
| | Mjólkurbú | Þurrkunarferli | | Einu sinni á ári | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 23 |
| | Mölun á korni | Hreinsun og mölun á korni | | Einu sinni á ári | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 28 |

| Efni/breyta | Geiri | Sérstök vinnsla | Staðall/staðlar | Lágmarksvöktunartíðni (1) | Vöktun í tengslum við |
|---|---|---|---|---|---|
| | Vinnsla á olíufræi og hreinsun jurtaolíu | Meðhöndlun og undirbúningur fræs, þurrkun og kæling á mjöli | | Einu sinni á ári | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 31 |
| | Framleiðsla á sterkju | Þurrkun sterkju, prótíns og trefja | | | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 34 |
| | Sykurframleiðsla | Þurrkun rófumauks | | Einu sinni í mánuði (2) | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 36 |
| $PM_{2.5}$ og $PM_{10}$ | Sykurframleiðsla | Þurrkun rófumauks | EN ISO 23210 | Einu sinni á ári | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 36 |
| Heildarmagn rokgjarna, lífrænna efnasambanda (TVOC) | Vinnsla á fiski og skelfiski | Reykhólf | EN 12619 | Einu sinni á ári | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 26 |
| | Kjötvinnsla | Reykhólf | | | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 29 |
| | Vinnsla á olíufræi og hreinsun jurtaolíu (3) | — | | | — |
| | Sykurframleiðsla | Þurrkun rófumauks við háan hita | | Einu sinni á ári | — |
| $NO_x$ | Kjötvinnsla (4) | Reykhólf | EN 14792 | Einu sinni á ári | — |
| | Sykurframleiðsla | Þurrkun rófumauks við háan hita | | | |
| Kolsýringur | Kjötvinnsla (4) | Reykhólf | EN 15058 | | |
| | Sykurframleiðsla | Þurrkun rófumauks við háan hita | | | |
| $SO_X$ | Sykurframleiðsla | Þurrkun rófumauks þegar jarðgas ekki er notað | EN 14791 | Tvisvar á ári (2) | BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 37 |

(1) Mælingarnar eru framkvæmdar við hæsta losunarástand sem vænst er við eðlileg rekstrarskilyrði.
(2) Ef losunargildin reynast vera nægilega stöðug er hægt að samþykkja lægri tíðni vöktunar en í öllu falli a.m.k. einu sinni á ári.
(3) Mælingin er framkvæmd í tveggja daga keyrslulotu.
(4) Vöktunin á einungis við þegar varmaoxari er notaður.

1.3. **Orkunýtni**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 6. Í því skyni að auka orkunýtni er besta aðgengilega tækni að nota BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 6a og viðeigandi samsetningu almennrar tækni sem er tilgreind í tækni b hér á eftir.

| Tækni | | Lýsing |
|---|---|---|
| a) | Orkunýtniáætlun | Orkunýtniáætlun, sem hluti af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 1), felst í því að skilgreina og reikna út sértæka orkunotkun starfseminnar, ákvarða helstu frammistöðuvísa á ársgrundvelli (t.d. sértæka orkunotkun) og skipuleggja reglubundin markmið um úrbætur og tengdar aðgerðir. Áætlunin er aðlöguð að sérstökum eiginleikum stöðvarinnar. |
| b) | Notkun á almennri tækni | Almenn tækni nær yfir tækni s.s.:<br>— stillingu og stjórnun brennara,<br>— samþætta varma- og raforkuvinnslu,<br>— orkunýtna hreyfla,<br>— varmaendurheimt með varmaskiptum og/eða varmadælum (þ.m.t. vélræn endurþjöppun gufu),<br>— lýsingu,<br>— lágmörkun á niðurblæstri frá katlinum,<br>— bestun gufudreifikerfa,<br>— forhitun inntaksvatns (þ.m.t. notkun á sparnaðartækjum),<br>— vinnslustjórnunarkerfi,<br>— að draga úr leka frá þrýstiloftskerfum,<br>— að draga úr varmatapi með einangrun,<br>— snúningshraðastýringu,<br>— fjölþrepauppgufun (e. *multiple-effect evaporation*),<br>— notkun á sólarorku. |

Frekari geirabundin tækni til að auka orkunýtni er tilgreind í 2. til 13. lið í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni.

1.4. **Vatnsnotkun og slepping skólps**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 7. Í því skyni að draga úr vatnsnotkun og magni skólps sem er sleppt er besta aðgengilega tækni að nota BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 7a og einhverja af tækni b til k sem eru tilgreindar hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| *Almenn tækni* | | | |
| a) | Endurvinnsla og/eða endurnotkun vatns | Endurvinnsla og/eða endurnotkun vatnsstrauma (með skólphreinsun á undan eða ekki), t.d. til hreinsunar, þvotta, kælingar eða fyrir vinnsluna sjálfa. | Á e.t.v. ekki við vegna krafna um hollustuhætti og matvælaöryggi. |
| b) | Bestun vatnsflæðis | Notkun stjórnbúnaðar, t.d. ljósnema, streymisloka, hitastilliloka, til að stilla vatnsflæðið sjálfkrafa. | |
| c) | Bestun vatnsstúta og -slangna | Notkun á réttum fjölda og rétt staðsetning á stútum; stilling vatnsþrýstings. | |

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| d) | Aðskilnaður vatnsstrauma | Vatnsstraumar sem þarfnast ekki meðhöndlunar (t.d. ómengað kælivatn eða ómengað frárennslisvatn) eru aðskildir frá skólpi sem þarf að meðhöndla og gerir þannig kleift að endurvinna ómengað vatn. | Aðskilnaður ómengaðs regnvatns á e.t.v. ekki við ef um er að ræða skólpsöfnunarkerfi sem fyrir eru. |

*Tækni sem tengist hreinsunarstarfsemi*

| | | | |
|---|---|---|---|
| e) | Þurrhreinsun | Fjarlæging á eins miklu af afgangsefniviðum og mögulegt er úr hráefnum og búnaði fyrir hreinsun með vökvum, t.d. með því að nota þrýstiloft, lofttæmingarkerfi eða efniviðagildrur (e. *catchpot*) með möskvaloki. | Á almennt við. |
| f) | Sköfukerfi (e. *pigging system*) fyrir rör | Notkun á kerfi sem er samsett úr skotbúnaði, föngunarbúnaði, loftþjöppubúnaði og skoti (sem einnig er kallað skafa (e. *pig*) og er t.d. úr plasti eða ískrapi) til að hreinsa rör að innan. Innri lokar eru til staðar til að skafan geti farið gegnum rörakerfið og til að aðskilja vöruna og skolvatnið. | |
| g) | Háþrýstihreinsun | Vatni er úðað á yfirborðið sem á að hreinsa við þrýsting á bilinu 15 til 150 bör. | Á e.t.v. ekki við vegna krafna um heilbrigði og öryggi. |
| h) | Bestun efnaskömmtunar og vatnsnotkunar við hreinsun á staðnum (CIP) | Bestun hönnunar við hreinsun á staðnum og mælingar á gruggi, eðlisleiðni, hitastigi og/eða sýrustigi til að skammta heitt vatn og efni í bestuðu magni. | Á almennt við. |
| i) | Lágþrýstihreinsun með froðu og/eða hlaupi | Notkun á lágþrýstifroðu og/eða hlaupi til að hreinsa veggi, gólf og/eða yfirboðsfleti búnaðar. | |
| j) | Bestuð hönnun og smíði búnaðar og vinnslusvæða | Búnaðurinn og vinnslusvæðin eru þannig hönnuð og smíðuð að það auðveldar hreinsun. Við bestun hönnunar og smíði er tekið tillit til krafna um hollustuhætti. | |
| k) | Hreinsun búnaðar eins fljótt og auðið er | Hreinsun á sér stað eins fljótt og auðið er eftir að búnaður er notaður til að koma í veg fyrir að úrgangurinn harðni. | |

Frekari geirabundin tækni til að draga úr vatnsnotkun er tilgreind í lið 6.1 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni.

## 1.5. **Skaðleg efni**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 8. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr notkun skaðlegra efna, t.d. við hreinsun og sótthreinsun, er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing |
|---|---|---|
| a) | Viðeigandi val á hreinsiefnum og/eða sótthreinsiefnum | Komist er hjá notkun hreinsiefna og/eða sótthreinsiefna sem eru skaðleg umhverfi í vatni eða hún lágmörkuð, einkum forgangsefna sem fjallað er um samkvæmt rammatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um vatn ([1]).<br>Þegar efnin eru valin er tekið er tillit til krafna um hollustuhætti og matvælaöryggi. |
| b) | Endurnotkun hreinsiefna við hreinsun á staðnum (CIP) | Söfnun og endurnotkun hreinsiefna við hreinsun á staðnum. Þegar hreinsiefni eru endurnotuð er tekið tillit til krafna um hollustuhætti og matvælaöryggi. |
| c) | Þurrhreinsun | Sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 7e. |
| d) | Bestuð hönnun og smíði búnaðar og vinnslusvæða | Sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 7j. |

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 9. Í því skyni að koma í veg fyrir losun á ósoneyðandi efnum og efnum með mikinn hnatthlýnunarmátt frá kælingu og frystingu er besta aðgengilega tækni að nota kælimiðla án ósoneyðingarmáttar og með lítinn hnatthlýnunarmátt.

*Lýsing*

Hentugir kælimiðlar eru m.a. vatn, koltvísýringur eða ammoníak.

1.6. **Auðlindanýtni**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 10. Í því skyni að auka auðlindanýtni er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a) | Loftfirrð meltun | Meðhöndlun á lífbrjótanlegum leifum með örverum án súrefnis sem leiðir af sér lífgas og meltu. Lífgasið er notað sem eldsneyti, t.d. í gashreyfli eða í katli. Meltuna má nota t.d. sem jarðvegsbæti. | Á e.t.v. ekki við vegna magns og/eða eðlis leifanna. |
| b) | Notkun á leifum | Leifar eru notaðar t.d. sem fóður. | Á e.t.v. ekki við vegna lagaskilyrða. |
| c) | Aðskilnaður leifa | Aðskilnaður leifa, t.d. með nákvæmlega staðsettum slettuvörnum, skermum, speldum, efniviðagildrum, lekabökkum og trogum. | Á almennt við. |
| d) | Endurheimt og endurnotkun leifa úr gerilsneyðingarbúnaði (e. *pasteuriser*) | Leifar úr gerilsneyðingarbúnaði eru leiddar aftur inn í blöndunareininguna og þannig endurnýttar sem hráefni. | Gildir einungis um matvæli í fljótandi formi. |
| e) | Endurheimt fosfórs sem strúvít | Sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 12g. | Á einungis við um skólpstrauma með mikið heildarinnihald fosfórs (t.d. yfir 50 mg/l) og umtalsvert flæði. |

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| f) | Notkun á skólpi til dreifingar á land | Eftir viðeigandi meðhöndlun er skólp notað til dreifingar á land í því skyni að nýta næringar-efnainnihaldið og/eða til að nota vatnið. | Á einungis við ef um er að ræða sannaðan búvísindalegan ábata, sannað að mengunarstig sé lítið og engin neikvæð áhrif á umhverfið (t.d. á jarðveg, grunn-vatn og yfirborðsvatn).<br>Nothæfið getur takmarkast af takmörkuðu aðgengi að hentugu landi sem liggur að stöðinni.<br>Nothæfið getur takmarkast af jarðvegi og staðbundnum lofts-lagsskilyrðum (t.d. ef um er að ræða bleytu eða frost á ökrum) eða af löggjöf. |

Frekari geirabundin tækni til að draga úr úrgangi sem er sendur til förgunar er tilgreind í liðum 3.3, 4.3 og 5.1 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni.

1.7. **Losun í vatn**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 11. Í því skyni að koma í veg fyrir óstýrða losun í vatn er besta aðgengilega tækni að koma upp viðeigandi biðgeymslurými fyrir skólp.

*Lýsing*

Viðeigandi biðgeymslurými er ákvarðað með áhættumati (með tilliti til eðlis mengunarefnisins eða -efnanna, áhrifa þessara mengunarefna á frekari meðhöndlun skólps, viðtökuumhverfið, o.s.frv.).

Skólpi er sleppt úr þessari biðgeymslu eftir að viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar (t.d. vöktun, meðhöndlun, endurnotkun).

*Nothæfi*

Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru á tæknin e.t.v. ekki við vegna plássleysis og/eða vegna skipulagningar skólpsöfnunarkerfisins.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 12. Í því skyni að draga úr losun í vatn er besta aðgengilega tækni að meðhöndla skólp með því að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

| | Tækni ([1]) | Dæmigerð markmengunarefni | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| *Formeðhöndlun, fyrsta meðhöndlun og almenn meðhöndlun* | | | |
| a) | Jöfnun | Öll mengunarefni | Á almennt við. |
| b) | Hlutleysing | Sýrur, alkalímálmar | |
| c) | Efnislegur aðskilnaður, t.d. sáld, sigti, sandskiljur, olíu-/fituskiljur eða þrær fyrir fyrstu botnfellingu | Stórsæ föst efni, svifagnir, olía/feiti | |

| | Tækni (1) | Dæmigerð markmengunarefni | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| *Loftháð og/eða loftfirrð meðhöndlun (önnur meðhöndlun)* | | | |
| d) | Loftháð og/eða loftfirrð meðhöndlun (önnur meðhöndlun), t.d. seyrublöndunaraðferð, loftháð lón, vinnsla með ferli með loftfirrðri seyruþekju með uppflæði (UASB) (e. *upflow anaerobic sludge blanket (USAB) process*) , snertiferli við loftfirrðar aðstæður (e. *anaerobic contact process*), lífhvarftankur með himnu | Lífbrjótanleg lífræn efnasambönd | Á almennt við. |
| *Fjarlæging köfnunarefnis* | | | |
| e) | Nítrun og/eða afnítrun | Heildarmagn köfnunarefnis, ammóníum/ammoníak | Nítrun á e.t.v. ekki við ef um er að ræða mikinn klóríðstyrk (t.d. yfir 10 g/l).<br>Nítrun á e.t.v. ekki við ef hitastig skólpsins er lágt (t.d. undir 12 °C). |
| f) | Nitursýring að hluta til — Loftfirrð ammóníumoxun | | Á e.t.v. ekki við þegar hitastig skólpsins er lágt. |
| *Endurheimt og/eða -fjarlæging fosfórs* | | | |
| g) | Endurheimt fosfórs sem strúvít | Heildarmagn fosfórs | Á einungis við um skólpstrauma með mikið heildarinnihald fosfórs (t.d. yfir 50 mg/l) og umtalsvert flæði. |
| h) | Útfelling | | Á almennt við. |
| i) | Aukin líffræðileg fjarlæging fosfórs | | |
| *Lokafjarlæging fastra efna* | | | |
| j) | Storknun og hnatfelling | Svifagnir | Á almennt við. |
| k) | Botnfelling | | |
| l) | Síun (t.d. sandsíun, smásíun, örsíun) | | |
| m) | Fleyting | | |

(1) Lýsingar á tækninni eru gefnar í lið 14.1.

Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni fyrir losun í vatn, sem eru tilgreind í töflu 1, eiga við um beina losun í viðtökuvatnshlot.

Losunargildin sem tengjast bestu aðgengilegu tækni gilda á staðnum þar sem losunin fer úr stöðinni.

*Tafla 1*

**Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni fyrir beina losun í viðtökuvatnshlot**

| Breyta | Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni (1) (2) (dagsmeðaltal) |
|---|---|
| Efnafræðileg súrefnisþörf (3) (4) | 25–100 mg/l (5) |
| Heildarmagn svifagna (TSS) | 4–50 mg/l (6) |
| Heildarmagn köfnunarefnis (TN) | 2–20 mg/l (7) (8) |
| Heildarmagn fosfórs (TP) | 0,2–2 mg/l (9) |

(1) Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni eiga ekki við um losun frá mölun á korni, grænfóðurvinnslu og framleiðslu á þurrfóðri fyrir gæludýr og fóðurblöndum.
(2) Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni eiga e.t.v. ekki við um framleiðslu á sítrónusýru eða geri.
(3) Ekkert losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni á við um lífræna súrefnisþörf (BOD). Sem viðmiðun verður árlegt $BOD_5$-meðalgildi í frárennslinu frá stöð með líffræðilega skólphreinsun að jafnaði ≤ 20 mg/l.
(4) Skipta má losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni fyrir efnafræðilega súrefnisþörf út fyrir losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni fyrir heildarmagn lífræns kolefnis. Fylgni milli efnafræðilegrar súrefnisþarfar og heildarmagns lífræns kolefnis er ákvörðuð í hverju tilviki fyrir sig. Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni fyrir heildarmagn lífræns kolefnis er æskilegri kostur því vöktun þess byggir ekki á notkun mjög eitraðra efnasambanda.
(5) Efri hluti styrkbilsins er:
— 125 mg/l fyrir mjólkurbú
— 120 mg/l fyrir stöðvar sem vinna aldin og grænmeti,
— 200 mg/l fyrir stöðvar sem vinna olíufræ og hreinsa jurtaolíu,
— 185 mg/l fyrir stöðvar sem framleiða sterkju,
— 155 mg/l fyrir sykurframleiðslustöðvar; einungis sem dagsmeðaltal ef skilvirkni mildunar er ≥ 95% að ársmeðaltali eða að meðaltali á framleiðslutímabilinu.
(6) Neðri hluta styrkbilsins er almennt náð þegar síun er notuð (t.d. sandsíun, smásíun, lífhvarftankur með himnu) en efri hluta styrkbilsins er almennt náð þegar eingöngu botnfelling er notuð.
(7) Efri hluti styrkbilsins er 30 mg/l, einungis sem dagsmeðaltal ef skilvirkni mildunar er ≥ 80% að ársmeðaltali eða að meðaltali á framleiðslutímabilinu.
(8) Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni á e.t.v. ekki við þegar hitastig skólpsins er lágt (t.d. undir 12 °C) í langan tíma.
(9) Efri hluti styrkbilsins er:
— 4 mg/l fyrir mjólkurbú og stöðvar til sterkjuframleiðslu sem framleiða umbreytta og/eða vatnsrofna sterkju,
— 5 mg/l fyrir stöðvar sem vinna aldin og grænmeti,
— 10 mg/l fyrir stöðvar sem vinna olíufræ og hreinsa jurtaolíu sem kljúfa sápufót; einungis sem dagsmeðaltal ef skilvirkni mildunar er ≥ 95% að ársmeðaltali eða að meðaltali á framleiðslutímabilinu.

Tengd vökt un er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 4.

1.8. **Hávaði**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 13. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr hávaðamengun er besta aðgengilega tækni að koma á fót, koma í framkvæmd og endurskoða reglulega áætlun um hávaðastjórnun sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 1) sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

— aðferðarlýsingu sem inniheldur aðgerðir og tímamörk,

— aðferðarlýsingu á framkvæmd vöktunar á hávaðamengun,

— aðferðarlýsingu á viðbrögðum við tilgreindum hávaðaatburðum, t.d. kvörtunum,

— áætlun til að draga úr hávaða, sem er hönnuð til að sanngreina upptök(in), mæla/meta váhrif af völdum hávaða og titrings, lýsa því sem á hlut í upptökunum og koma í framkvæmd ráðstöfunum til forvarna og/eða minnkunar.

*Nothæfi*

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 13 á einungis við ef búist er við hávaðaóþægindatilvikum á viðkvæmum viðtökum og/eða þau hafa verið sönnuð.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 14. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr hávaðamengun er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a) | Viðeigandi staðsetning búnaðar og bygginga | Hægt er að draga úr hávaðastigi með því að lengja bilið milli hávaðavalds og viðtakanda, með því að nota byggingar sem skjól fyrir hávaða og með því að færa um set útganga eða innganga byggingar. | Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru á flutningur búnaðar og út- eða innganga á byggingunni e.t.v. ekki við vegna plássleysis og/eða óhóflegs kostnaðar. |

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| b) | Rekstrarráðstafanir | Þetta felur í sér eftirfarandi:<br>i. bætta skoðun og viðhald búnaðar,<br>ii. að hurðum og gluggum afgirtra svæða sé lokað, ef unnt er,<br>iii. að starfsfólk með reynslu starfræki búnað,<br>iv. að komist sé hjá háværri starfsemi að næturlagi, ef unnt er,<br>v. að gerðar séu ráðstafanir varðandi hávaða-varnir, t.d. meðan á viðhaldi stendur. | Á almennt við. |
| c) | Hljóðlátur búnaður | Þetta nær yfir hljóðlátar þjöppur, dælur og viftur. | |
| d) | Hávaðastjórnun-arbúnaður | Þetta tekur til:<br>i. hljóðdeyfa,<br>ii. einangrunar búnaðar,<br>iii. aflokunar háværs búnaðar,<br>iv. hljóðeinangrunar bygginga. | Á e.t.v. ekki við um stöðvar sem fyrr eru vegna plássleysis. |
| e) | Hávaðamildun | Að koma fyrir hindrunum milli hávaðavalds og viðtakanda (t.d. einangrandi veggir, fyrirhleðslur og byggingar). | Á einungis við um stöðvar sem fyrir eru þar eð hönnun nýrra stöðva ætti að gera þessa tækni óþarfa. Að því er varðar stöðvar sem fyrir eru á uppsetning á hindrunum e.t.v. ekki við vegna plássleysis. |

1.9. **Lykt**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 15. Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr losun lyktar er besta aðgengilega tækni að koma á fót, koma í framkvæmd og endurskoða reglulega áætlun um lyktarstjórnun sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 1) sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

— Aðferðarlýsingu sem inniheldur aðgerðir og tímamörk.

— Aðferðarlýsingu vegna framkvæmdar vöktunar á lykt. Til viðbótar má nota mælingu/mat á áverkun lyktar eða mat á áhrifum lyktar.

— Aðferðarlýsingu á viðbrögðum við tilgreindum lyktaratvikum, t.d. kvörtunum.

— Áætlun til að koma í veg fyrir og draga úr lykt, sem er hönnuð til að sanngreina upptök(in), mæla/meta váhrif af völdum lyktar, lýsa því hvað kemur frá upptökunum og koma í framkvæmd forvarnar- og/eða skerðingar-ráðstöfunum.

*Nothæfi*

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 15 á einungis við ef búist er við lyktaróþægindatilvikum á viðkvæmum viðtökum og/eða þau hafa verið sönnuð.

2. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR FÓÐUR

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um fóður. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

2.1. **Orkunýtni**

2.1.1. *Fóðurblanda/gæludýrafóður*

Almenn tækni til að auka orkunýtni er tilgreind í lið 1.3 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 2*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka orkunotkun**

| Vara | Eining | Sértæk orkunotkun (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Fóðurblanda | Megavattstundir/tonn af vörum | 0,01–0,10 (1) (2) (3) |
| Þurrfóður fyrir gæludýr | | 0,39–0,50 |
| Blautfóður fyrir gæludýr | | 0,33–0,85 |

(1) Hægt er að ná neðri hluta styrkbilsins þegar kögglun er ekki notuð.
(2) Sértæk orkunotkunargildi eiga e.t.v. ekki við þegar fiskur og önnur lagardýr eru notuð sem hráefni.
(3) Efri hluti styrkbilsins er 0,12 megavattstundir/tonn af vörum fyrir stöðvar staðsettar í köldu loftslagi og/eða þegar hitameðhöndlun er notuð til salmonelluafmengunar.

2.1.2. *Grænfóður*

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 16. Í því skyni að auka orkunýtni í grænfóðurvinnslu er besta aðgengilega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 6 og af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a) | Notkun á forþurrkuðu fóðri | Notkun á fóðri sem hefur verið forþurrkað (t.d. með því að dreifa úr því og láta það forþorna). | Á ekki við ef um er að ræða votvinnslu. |
| b) | Endurvinnsla á úrgangslofti frá þurrkara | Úrgangslofti úr hvirfilskiljunni dælt inn í brennarann í þurrkaranum. | Á almennt við. |
| c) | Notkun á glatvarma til forþurrkunar | Varmi frá úttaksgufu frá háhitaþurrkurunum er notaður til að forþurrka hluta af eða allt grænfóðrið. | |

2.2. **Vatnsnotkun og slepping skólps**

Almenn tækni til að draga úr vatnsnotkun og magni skólps sem er sleppt er tilgreind í lið 1.4 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 3*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka sleppingu skólps**

| Vara | Eining | Sértæk slepping skólps (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Blautfóður fyrir gæludýr | $m^3$/tonn af vörum | 1,3–2,4 |

2.3. **Losun í andrúmsloft**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 17. Í því skyni að draga úr losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a | Pokasía | Sjá lið 14.2. | Á e.t.v. ekki við til að draga úr losun á límkenndu ryki. |
| b | Hvirfilskilja | | Á almennt við. |

*Tafla 4*

**Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni fyrir losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá mölun og kælingu kögglа í framleiðslu á samsettum fóðurblöndum**

| Breyta | Sérstök vinnsla | Eining | Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu) | |
|---|---|---|---|---|
| | | | Nýjar stöðvar | Stöðvar sem fyrir eru |
| Ryk | Mölun | mg/Nm$^3$ | < 2–5 | < 2–10 |
| | Kögglakæling | | < 2–20 | |

Tengd vöktun er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 5.

3. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR ÖLGERÐ

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um ölgerð. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

3.1. **Orkunýtni**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 18. Í því skyni að auka orkunýtni er besta aðgengilega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 6 og af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a) | Mesking við hærri hita | Mesking kornsins er framkvæmd við u.þ.b. 60 °C hita, sem dregur úr notkun á köldu vatni. | Á e.t.v. ekki við vegna forskrifta fyrir afurðirnar. |
| b) | Minnkun uppgufunarhlutfalls við suðu maltvökva | Hægt er að minnka uppgufunarhlutfallið úr 10% niður í u.þ.b. 4% á klukkustund (t.d. með tveggja fasa suðukerfum, breytilegri lágþrýstisuðu). | |
| c) | Aukning á hlutfalli ölgerðar með mikla eðlisþyngd (e. *high-gravity*) | Framleiðsla á þykktum maltvökva sem dregur úr rúmmáli hans og sparar þar með orku. | |

*Tafla 5*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka orkunotkun**

| Eining | Sértæk orkunotkun (ársmeðaltal) |
|---|---|
| Megavattstundir/hl af vörum | 0,02–0,05 |

3.2. **Vatnsnotkun og slepping skólps**

Almenn tækni til að draga úr vatnsnotkun og magni skólps sem er sleppt er tilgreind í lið 1.4 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 6*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka sleppingu skólps**

| Eining | Sértæk slepping skólps (ársmeðaltal) |
|---|---|
| $m^3$/hl af vörum | 0,15–0,50 |

3.3. **Úrgangur**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 19. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sent til förgunar er besta aðgengilega tækni að nota aðra eða báðar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

| Tækni | | Lýsing |
|---|---|---|
| a) | Endurheimt og (endur)notkun á geri eftir gerjun | Eftir gerjun er gerinu safnað saman og hægt er að nýta það að hluta til í gerjunarferlinu og/eða nota það í ýmsum tilgangi, t.d. sem fóður, í lyfjaiðnaðinum, sem innihaldsefni matvæla, til lífgasframleiðslu í stöð til loftfirrðar skólphreinsunar. |
| b) | Endurheimt og (endur)notkun á náttúrulegu síunarefni | Eftir efnafræðilega meðhöndlun, ensím- eða hitameðhöndlun er hægt að endurnýta náttúrulegt síunarefni (t.d. kísilgúr) að hluta til í síunarferlinu. Einnig er hægt að nota náttúrulegt síunarefni t.d. sem jarðvegsbæti. |

3.4. **Losun í andrúmsloft**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 20. Í því skyni að draga úr losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft er besta aðgengilega tækni að nota pokasíu eða bæði hvirfilskilju og pokasíu.

*Lýsing*

Sjá lið 14.2.

*Tafla 7*

**Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni fyrir losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá meðhöndlun og vinnslu á malti og viðbótum**

| Breyta | Eining | Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu) | |
|---|---|---|---|
| | | Nýjar stöðvar | Stöðvar sem fyrir eru |
| Ryk | mg/$Nm^3$ | < 2–5 | < 2–10 |

Tengd vöktun er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 5.

4. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR MJÓLKURBÚ

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um mjólkurbú. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

4.1. **Orkunýtni**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 21. Í því skyni að auka orkunýtni er besta aðgengilega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 6 og af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

| Tækni | | Lýsing |
|---|---|---|
| a) | Mjólk er fitusprengd að hluta til | Rjóminn er fitusprengdur með dálitlu af undanrennu. Hægt er að draga umtalsvert úr stærð fitusprengingartækisins sem leiðir til orkusparnaðar. |
| b) | Orkunýtið fitusprengingartæki | Dregið er úr vinnuþrýstingi fitusprengingartækisins með bestaðri hönnun og þannig er einnig dregið úr tengdri notkun raforku sem þarf til að keyra kerfið. |
| c) | Notkun á búnaði með samfelldri gerilsneyðingu | Varmaskiptar með gegnumstreymi eru notaðir (t.d. röravarmaskiptir, plötuvarmaskiptir og varmaskiptagrind). Gerilsneyðingartíminn er miklu styttri en með lotukerfum. |
| d) | Endurnýtandi varmaskipti í gerilsneyðingu | Mjólkin sem kemur inn er forhituð með heitri mjólk sem fer út úr gerilsneiðingarhlutanum. |
| e) | Vinnsla mjólkur með leifturhitun (UHT) án milligerilsneiðingar | Leifturhituð mjólk er framleidd úr hrámjólk í einu vinnsluþrepi sem þýðir að það þarf enga orku til gerilsneyðingar. |
| f) | Fjölþrepa þurrkun við duftframleiðslu | Úðaþurrkunarferli er notað ásamt þurrkara á síðari stigum, t.d. þurrkara með svifbeði. |
| g) | Forkæling á ísvatni | Þegar ísvatn er notað er ísvatnið sem kemur inn aftur forkælt (t.d. með plötuvarmaskipti) fyrir endanlega kælingu í ísvatnssöfnunartanki með kefliseimi (e. *coil evaporator*) |

*Tafla 8*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka orkunotkun**

| Meginafurð (a.m.k. 80% af framleiðslunni) | Eining | Sértæk orkunotkun (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Mjólk sem fer á markað | Megavattstundir/tonn af hráefnum | 0,1–0,6 |
| Ostur | | 0,10–0,22 ([1]) |
| Duft | | 0,2–0,5 |
| Gerjuð mjólk | | 0,2–1,6 |

([1]) Sértæk orkunotkunargildi eiga e.t.v. ekki við þegar önnur hráefni en mjólk eru notuð.

4.2. **Vatnsnotkun og slepping skólps**

Almenn tækni til að draga úr vatnsnotkun og magni skólps sem er sleppt er tilgreind í lið 1.4 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 9*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka sleppingu skólps**

| Meginafurð (a.m.k. 80% af framleiðslunni) | Eining | Sértæk slepping skólps (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Mjólk sem fer á markað | $m^3$/tonn af hráefnum | 0,3–3,0 |
| Ostur | | 0,75–2,5 |
| Duft | | 1,2–2,7 |

4.3. **Úrgangur**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 22. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sent til förgunar er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing |
|---|---|---|
| *Tækni sem tengist notkun á skilvindum* | | |
| a) | Bestuð starfræksla skilvindna | Starfræksla skilvinda samkvæmt nákvæmum skilgreiningum þeirra til að lágmarka höfnun vöru. |
| *Tækni sem tengist framleiðslu á smjöri* | | |
| b) | Skolun á rjómahitara með undanrennu eða vatni | Skolun á rjómahitara með undanrennu eða vatni sem er síðan endurheimt og endurnýtt áður en hreinsunarstarfsemi fer fram. |
| *Tækni sem tengist framleiðslu á rjómaís* | | |
| c) | Samfelld frysting á rjómaís | Samfelld frysting á rjómaíss með bestuðum gangsetningarferlum og stjórnlykkjum sem draga úr tíðni stöðvana. |
| *Tækni sem tengist framleiðslu á osti* | | |
| d) | Lágmörkun á myndun súrrar mysu | Mysa frá framleiðslu á sýrðum ostum (t.d. kotasælu, drafla og mozzarella) er unnin eins fljótt og unnt er til að draga úr myndun mjólkursýru. |
| e) | Endurheimt og notkun á mysu | Mysa er endurheimt (ef nauðsyn krefur með tækni s.s. uppgufun eða himnusíun) og notuð, t.d. til að framleiða mysuduft, steinefnasneytt mysuduft, mysuprótínþykkni eða laktósa. Mysu og mysuþykkni er einnig hægt að nota sem fóður eða sem kolefnisgjafa í lífgasstöð. |

4.4. **Losun í andrúmsloft**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 23. Í því skyni að draga úr losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá þurrkun er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a) | Pokasía | Sjá lið 14.2. | Á e.t.v. ekki við til að draga úr losun á límkenndu ryki. |
| b) | Hvirfilskilja | | Á almennt við. |
| c) | Votþvegill | | |

*Tafla 10*

**Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni fyrir losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá þurrkun**

| Breyta | Eining | Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu) |
|---|---|---|
| Ryk | $mg/Nm^3$ | < 2–10 (1) |

(1) Efri hluti styrkbilsins er 20 $mg/Nm^3$ fyrir þurrkun á steinefnasneyddu mysudufti, kaseini og laktósa.

Tengd vöktun er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 5.

5. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR ETANÓLFRAMLEIÐSLU

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um etanólframleiðslu. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

5.1. **Úrgangur**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 24. Í því skyni að draga úr magni úrgangs sem er sendur til förgunar er besta aðgengilega tækni að endurheimta og (endur)nýta ger eftir gerjun.

*Lýsing*

Sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 19a. Þegar eimingarhratið og -meskið eru notuð sem fóður er e.t.v. ekki hægt að endurheimta gerið.

6. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR VINNSLU Á FISKI OG SKELFISKI

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um vinnslu á fiski og skelfiski. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

6.1. **Vatnsnotkun og slepping skólps**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 25. Í því skyni að draga úr vatnsnotkun og magni skólps sem er sleppt er besta aðgengilega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 7 og af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

| Tækni | | Lýsing |
|---|---|---|
| a) | Fjarlæging fitu og innyfla með sogi | Notkun á loftsogi í stað vatns til að fjarlægja fitu og innyfli úr fiskinum. |
| b) | Þurrflutningur á fitu, innyflum, roði og flökum | Notkun á færiböndum í stað vatns. |

6.2. **Losun í andrúmsloft**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 26. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá reykingu fisks er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing |
|---|---|---|
| a) | Lífsía | Úrgangsloftstraumurinn fer í gegnum beð af lífrænum efnivið (s.s. mór, beitilyng, rætur, trjábörkur, molta, barrviður og mismunandi samsetningar) eða einhverju hvarftregu efni (s.s. leir, virkt kolefni og pólýúretan) þar sem örverur úr náttúrulegu umhverfi umbreyta lífrænum (og tilteknum ólífrænum) efnisþáttum í koltvísýring, vatn, önnur umbrotsefni og lífmassa. |
| b) | Varmaoxun | Sjá lið 14.2. |
| c) | Varmalaus meðhöndlun með rafgasi | |
| d) | Votþvegill | Sjá lið 14.2.<br>Rafstöðuskilja er almennt notuð sem formeðhöndlunarþrep. |
| e) | Notkun á hreinsuðum reyk | Reykur sem myndast frá hreinsuðum frumreykþéttum er notaður til að reykja vöruna í reykhólfi. |

*Tafla 11*

**Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni fyrir losun heildarmagns rokgjarnra lífrænna efnasambanda, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá reykhólfi**

| Breyta | Eining | Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu) |
|---|---|---|
| Heildarmagn rokgjarna, lífrænna efnasambanda (TVOC) | $mg/Nm^3$ | 15–50 (1) (2) |

(1) Neðri hluta styrkbilsins er almennt náð þegar varmaoxun er notuð.
(2) Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni á ekki við þegar álag vegna losunar heildarmagns rokgjarna, lífrænna efnasambanda er undir 500 g/klst.

Tengd vöktun er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 5.

7. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR ALDIN- OG GRÆNMETISGEIRANN

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um aldin- og grænmetisgeirann. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

7.1. **Orkunýtni**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 27. Í því skyni að auka orkunýtni er besta aðgengilega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 6 og að kæla aldin og grænmeti fyrir djúpfrystingu.

*Lýsing*

Hitastig á aldinum og grænmeti er lækkað niður í u.þ.b. 4 °C áður en þau fara inn í frystigöngin með því að láta þau komast í beina eða óbeina snertingu við kalt vatn eða kæliloft. Hægt er að fjarlægja vatnið af matvælunum og safna því síðan til endurnotkunar í kælingarferlinu.

*Tafla 12*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka orkunotkun**

| Sérstök vinnsla | Eining | Sértæk orkunotkun (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Vinnsla á kartöflum (að framleiðslu á sterkju undanskilinni) | Megavattstundir/tonn af vörum | 1,0–2,1 (1) |
| Vinnsla á tómötum | | 0,15–2,4 (2) (3) |

(1) Sértæk orkunotkunargildi eiga e.t.v. ekki við um framleiðslu á kartöfluflögum og -dufti.
(2) Neðri hluti styrkbilsins tengist yfirleitt framleiðslu á flysjuðum tómötum.
(3) Efri hluti styrkbilsins tengist yfirleitt framleiðslu á tómatdufti eða -þykkni.

7.2. **Vatnsnotkun og slepping skólps**

Almenn tækni til að draga úr vatnsnotkun og magni skólps sem er sleppt er tilgreind í lið 1.4 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 13*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka sleppingu skólps**

| Sérstök vinnsla | Eining | Sértæk slepping skólps (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Vinnsla á kartöflum (að framleiðslu á sterkju undanskilinni) | $m^3$/tonn af vörum | 4,0–6,0 (1) |
| Vinnsla tómata þegar endurvinnsla vatns er möguleg | | 8,0–10,0 (2) |

(1) Umfang sértækar sleppingar á skólpi á e.t.v. ekki við um framleiðslu á kartöfluflögum og -dufti.
(2) Umfang sértækar sleppingar á skólpi á e.t.v. ekki við um framleiðslu á tómatdufti.

8. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR MÖLUN Á KORNI

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um mölun á korni. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

8.1. **Orkunýtni**

Almenn tækni til að auka orkunýtni er tilgreind í lið 1.3 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 14*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka orkunotkun**

| Eining | Sértæk orkunotkun (ársmeðaltal) |
|---|---|
| Megavattstundir/tonn af vörum | 0,05–0,13 |

8.2. **Losun í andrúmsloft**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 28. Í því skyni að draga úr losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft er besta aðgengilega tækni að nota pokasíu.

*Lýsing*

Sjá lið 14.2.

*Tafla 15*

**Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni fyrir losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá mölun á korni**

| Breyta | Eining | Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu) |
|---|---|---|
| Ryk | $mg/Nm^3$ | < 2–5 |

Tengd vöktun er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 5.

9. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR KJÖTVINNSLU

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um kjötvinnslu. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

9.1. **Orkunýtni**

Almenn tækni til að auka orkunýtni er tilgreind í lið 1.3 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 16*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka orkunotkun**

| Eining | Sértæk orkunotkun (ársmeðaltal) |
|---|---|
| Megavattstundir/tonn af hráefnum | 0,25–2,6 ([1]) ([2]) |

([1]) Sértæk orkunotkunargildi eiga ekki við um framleiðslu á tilbúnum máltíðum og súpum.
([2]) Efri hluti styrkbilsins á e.t.v. ekki við ef um er að ræða hátt hlutfall eldaðra vara.

9.2. **Vatnsnotkun og slepping skólps**

Almenn tækni til að draga úr vatnsnotkun og magni skólps sem er sleppt er tilgreind í lið 1.4 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 17*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka sleppingu skólps**

| Eining | Sértæk slepping skólps (ársmeðaltal) |
|---|---|
| $m^3$/tonn af hráefnum | 1,5–8,0 (1) |

(1) Umfang sértækrar sleppingar á skólpi á hvorki við um ferla þar sem notuð er bein vatnskæling né um framleiðslu á tilbúnum maltíðum og súpum.

9.3. **Losun í andrúmsloft**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 29. Í því skyni að draga úr losun lífrænna efnasambanda, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá reykingu kjöts er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing |
|---|---|---|
| a) | Ásog | Lífræn efnasambönd eru fjarlægð úr úrgangsloftstraumnum með því að halda þeim eftir á gegnheilu yfirborði (alla jafna virku kolefni). |
| b) | Varmaoxun | Sjá lið 14.2. |
| c) | Votþvegill | Sjá lið 14.2.<br>Rafstöðuskilja er almennt notuð sem formeðhöndlunarþrep. |
| d) | Notkun á hreinsuðum reyk | Reykur sem myndast frá hreinsuðum frumreykþéttum er notaður til að reykja vöruna í reykhólfi. |

*Tafla 18*

**Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni fyrir losun heildarmagns rokgjarnra lífrænna efnasambanda, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá reykhólfi**

| Breyta | Eining | Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu) |
|---|---|---|
| Heildarmagn rokgjarna, lífrænna efnasambanda (TVOC) | $mg/Nm^3$ | 3–50 (1) (2) |

(1) Neðri hluta styrkbilsins er almennt náð þegar ásog eða varmaoxun er notuð.
(2) Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni á ekki við þegar álag vegna losunar heildarmagns rokgjarna, lífrænna efnasambanda er undir 500 g/klst.

Tengd vöktun er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 5.

10. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR VINNSLU Á OLÍUFRÆI OG HREINSUN JURTAOLÍU

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um vinnslu á olíufræi og hreinsun jurtaolíu. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

10.1. **Orkunýtni**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 30. Í því skyni að auka orkunýtni er besta aðgengilega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 6 og að mynda hjálparlofttæmi.

*Lýsing*

Hjálparlofttæmið sem er notað til að þurrka olíu, afgasa olíu eða lágmarka olíuoxun er myndað með dælum, gufuinnspýtum o.s.frv. Lofttæmið dregur úr þeirri varmaorku sem þarf fyrir þessi vinnslustig.

*Tafla 19*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka orkunotkun**

| Sérstök vinnsla | Eining | Sértæk orkunotkun (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Samþætt mölun og hreinsun á repjufræi og/eða sólblómafræi. | Megavattstundir/tonn af olíu sem er framleidd | 0,45–1,05 |
| Samþætt mölun og hreinsun á sojabaunum | | 0,65–1,65 |
| Sérstök hreinsun | | 0,1–0,45 |

10.2. **Vatnsnotkun og slepping skólps**

Almenn tækni til að draga úr vatnsnotkun og magni skólps sem er sleppt er tilgreind í lið 1.4 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 20*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka sleppingu skólps**

| Sérstök vinnsla | Eining | Sértæk slepping skólps (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Samþætt mölun og hreinsun á repjufræi og/eða sólblómafræi. | $m^3$/tonn af olíu sem er framleidd | 0,15–0,75 |
| Samþætt mölun og hreinsun á sojabaunum | | 0,8–1,9 |
| Sérstök hreinsun | | 0,15–0,9 |

10.3. **Losun í andrúmsloft**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 31. Í því skyni að draga úr losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a) | Pokasía | Sjá lið 14.2. | Á e.t.v. ekki við til að draga úr losun á límkenndu ryki. |
| b) | Hvirfilskilja | | Á almennt við. |
| c) | Votþvegill | | |

*Tafla 21*

**Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni fyrir losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá meðhöndlun og undirbúningi fræs sem og þurrkun og kælingu á mjöli**

| Breyta | Eining | Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu) | |
|---|---|---|---|
| | | Nýjar stöðvar | Stöðvar sem fyrir eru |
| Ryk | $mg/Nm^3$ | < 2–5 (1) | < 2–10 (1) |

(1) Efri hluti styrkbilsins er 20 $mg/Nm^3$ fyrir þurrkun og kælingu á mjöli.

Tengd vöktun er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 5.

10.4. **Hexantap**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 32. Í því skyni að draga úr hexantapi við vinnslu og hreinsun á olíufræi er besta aðgengilega tækni að nota allar tækniaðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

| Tækni | | Lýsing |
|---|---|---|
| a) | Gagnstreymisflæði mjöls og gufu í leysiefnahreinsiristara (e. *desolventiser-toaster*) | Hexan er fjarlægt úr hexanmettuðu mjölinu í leysiefnahreinsiristara, sem felur í sér gagnstreymisflæði gufu og mjöls. |
| b) | Uppgufun úr blöndu af olíu og hexani | Hexan er fjarlægt úr olíu/hexanblöndunni með eimum. Gufurnar frá leysiefnahreinsiristaranum (blanda af gufu/hexani) eru notaðar sem varmaorka á fyrsta stigi uppgufunarinnar. |
| c) | Þétting ásamt jarðolíuvotþvegli | Hexangufur eru kældar niður fyrir daggarmark þeirra svo að þær þéttist. Óþéttað hexan er ísogað í vothreinsibúnað sem notar jarðolíu sem hreinsivökva og er seinna endurheimt. |
| d) | Fasaskiljun með þyngdarkrafti ásamt eimingu | Óuppleyst hexan er aðskilið frá vatnsfasanum með þyngdarkraftsfasaskilju. Allt hexan sem verður eftir er eimað frá með því að hita vatnsfasann upp í u.þ.b. 80–95 °C. |

*Tafla 22*

**Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni fyrir hexantap frá vinnslu og hreinsun á olíufræi**

| Breyta | Tegund af fræi eða baunum sem eru unnar | Eining | Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni (ársmeðaltal) |
|---|---|---|---|
| Hexantap | Sojabaunir | kg/tonn af fræi eða baunum sem eru unnar | 0,3–0,55 |
| | Repjufræ og sólblómafræ | | 0,2–0,7 |

11. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR GOSDRYKKI OG NEKTAR/SAFA SEM ERU BÚNIR TIL ÚR UNNUM ALDINUM OG GRÆNMETI

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um gosdrykki og nektar/safa sem eru búnir til úr unnum aldinum og grænmeti. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

11.1. **Orkunýtni**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 33. Í því skyni að auka orkunýtni er besta aðgengilega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 6 og af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a) | Einn gerilsneyðingarbúnaður til framleiðslu á nektar/safa | Notkun á einum gerilsneyðingarbúnaði fyrir bæði safann og aldinkjötið í stað þess að nota tvenns konar aðskilinn gerilsneyðingarbúnað. | Á e.t.v. ekki við vegna bitastærðar aldinkjötsins. |
| b) | Vökvaknúinn flutningur á sykri | Sykur er fluttur inn í vinnsluferlið með vatni. Þar eð hluti af sykrinum leysist þegar upp í flutningnum þarf minni orku í ferlinu til að leysa upp sykur. | Á almennt við. |
| c) | Orkunýtið fitusprengingartæki til framleiðslu á nektar/safa | Sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 21b. | |

*Tafla 23*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka orkunotkun**

| Eining | Sértæk orkunotkun (ársmeðaltal) |
|---|---|
| Megavattstundir/hl af vörum | 0,01–0,035 |

11.2. **Vatnsnotkun og slepping skólps**

Almenn tækni til að draga úr vatnsnotkun og magni skólps sem er sleppt er tilgreind í lið 1.4 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 24*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka sleppingu skólps**

| Eining | Sértæk slepping skólps (ársmeðaltal) |
|---|---|
| $m^3$/hl af vörum | 0,08–0,20 |

12. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR FRAMLEIÐSLU Á STERKJU

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um framleiðslu á sterkju. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

12.1. **Orkunýtni**

Almenn tækni til að auka orkunýtni er tilgreind í lið 1.3 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 25*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka orkunotkun**

| Sérstök vinnsla | Eining | Sértæk orkunotkun (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Vinnsla á kartöflum eingöngu til framleiðslu á náttúrulegri sterkju | Megavattstundir/tonn af hráefnum ([1]) | 0,08–0,14 |
| Maís- og/eða hveitivinnsla til framleiðslu á náttúrulegri sterkju ásamt umbreyttri sterkju og/eða vatnsrofinni sterkju | | 0,65–1,25 ([2]) |

([1]) Magn hráefna á við um brúttótonn.
([2]) Sértæk orkunotkunargildi eiga ekki við um framleiðslu á fjölalkóhólum.

12.2. **Vatnsnotkun og slepping skólps**

Almenn tækni til að draga úr vatnsnotkun og magni skólps sem er sleppt er tilgreind í lið 1.4 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 26*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka sleppingu skólps**

| Sérstök vinnsla | Eining | Sértæk slepping skólps (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Vinnsla á kartöflum eingöngu til framleiðslu á náttúrulegri sterkju | $m^3$/tonn af hráefnum (1) | 0,4–1,15 |
| Maís- og/eða hveitivinnsla til framleiðslu á náttúrulegri sterkju ásamt umbreyttri sterkju og/eða vatnsrofinni sterkju | | 1,1–3,9 (2) |

(1) Magn hráefna á við um brúttótonn.
(2) Umfang sértækrar sleppingar á skólpi á ekki við um framleiðslu á fjölalkóhólum.

12.3. **Losun í andrúmsloft**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 34. Í því skyni að draga úr losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá þurrkun sterkju, prótína og trefja er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a) | Pokasía | Sjá lið 14.2. | Á e.t.v. ekki við til að draga úr losun á límkenndu ryki. |
| b) | Hvirfilskilja | | Á almennt við. |
| c) | Votþvegill | | |

*Tafla 27*

**Losunargildi sem tengjast bestu aðgengilegu tækni fyrir losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá þurrkun sterkju, prótína og trefja**

| Breyta | Eining | Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu) | |
|---|---|---|---|
| | | Nýjar stöðvar | Stöðvar sem fyrir eru |
| Ryk | mg/$Nm^3$ | < 2–5 (1) | < 2–10 (1) |

(1) Ef pokasía á ekki við er efri hluti styrkbilsins 20 mg/$Nm^3$.

Tengd vöktun er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 5.

13. NIÐURSTÖÐUR UM BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI FYRIR SYKURFRAMLEIÐSLU

Niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni sem greint er frá í þessum lið eiga við um sykurframleiðslu. Þær gilda til viðbótar við almennu niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem eru tilgreindar í 1. lið.

13.1. **Orkunýtni**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 35. Í því skyni að auka orkunýtni er besta aðgengilega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 6 og einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a) | Vinnsla á rófumauki | Rófumaukið er pressað í þurrefnainnihald sem er yfirleitt 25–32% miðað við þyngd. | Á almennt við. |
| b) | Óbein þurrkun (gufuþurrkun) rófumauks | Þurrkun rófumauks með yfirhitaðri gufu. | Á e.t.v. ekki við um stöðvar sem fyrir eru vegna þess að þörf er á heildarendursmíði orkustöðvanna. |
| c) | Sólþurrkun rófumauks | Notkun á sólarorku til að þurrka rófumauk. | Á e.t.v. ekki við vegna staðbundinna loftslagsskilyrða og/eða plássleysis. |
| d) | Endurvinnsla heitra lofttegunda | Endurvinnsla heitra lofttegunda (t.d. úrgangslofts frá þurrkara, katli eða samþættu varma- og raforkuveri). | Á almennt við. |
| e) | (For)þurrkun rófumauks við lágt hitastig | Bein (for)þurrkun rófumauks með þurrkandi gasi, t.d. lofti eða heitum lofttegundum. | |

*Tafla 28*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka orkunotkun**

| Sérstök vinnsla | Eining | Sértæk orkunotkun (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Sykurrófuvinnsla | Megavattstundir/tonn af rófum | 0,15–0,40 ([1]) |

([1]) Efri hluti styrkbilsins getur innihaldið orkunotkun kalkofna og þurrkara.

13.2. **Vatnsnotkun og slepping skólps**

Almenn tækni til að draga úr vatnsnotkun og magni skólps sem er sleppt er tilgreind í lið 1.4 í þessum niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Vísbendingar um árangur í umhverfismálum eru settar fram í töflunni hér á eftir.

*Tafla 29*

**Vísbendingar um árangur í umhverfismálum fyrir sértæka sleppingu skólps**

| Sérstök vinnsla | Eining | Sértæk slepping skólps (ársmeðaltal) |
|---|---|---|
| Sykurrófuvinnsla | $m^3$/tonn af rófum | 0,5–1,0 |

13.3. **Losun í andrúmsloft**

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 36. Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá þurrkun rófumauks er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a) | Notkun á loftkenndu eldsneyti | Sjá lið 14.2. | Á e.t.v. ekki við vegna takmarkana sem tengjast aðgengi að loftkenndu eldsneyti. |
| b) | Hvirfilskilja | | Á almennt við. |
| c) | Votþvegill | | |
| d) | Óbein þurrkun (gufuþurrkun) rófumauks | Sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 35b. | Á e.t.v. ekki við um stöðvar sem fyrir eru vegna þess að þörf er á heildarendursmíði orkustöðvanna. |
| e) | Sólþurrkun rófumauks | Sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 35c. | Á e.t.v. ekki við vegna staðbundinna loftslagsskilyrða og/eða plássleysis. |
| f) | (For)þurrkun rófumauks við lágt hitastig | Sjá BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 35e. | Á almennt við. |

*Tafla 30*

**Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni fyrir losun ryks, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá þurrkun rófumauks ef um er að ræða þurrkun við háan hita (yfir 500 °C)**

| Breyta | Eining | Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu) | Viðmiðunargildi súrefnis ($O_R$) | Viðmiðunarskilyrði gass |
|---|---|---|---|---|
| Ryk | $mg/Nm^3$ | 5–100 | 16% miðað við rúmmál | Engin leiðrétting fyrir vatnsinnihaldi |

Tengd vöktun er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 5.

BESTA AÐGENGILEGA TÆKNI 37. Í því skyni að draga úr losun brennisteinsoxíða, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá þurrkun rófumauks við háan hita (yfir 500 °C) er besta aðgengilega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

| Tækni | | Lýsing | Nothæfi |
|---|---|---|---|
| a) | Notkun á jarðgasi | — | Á e.t.v. ekki við vegna takmarkana sem tengjast aðgengi að jarðgasi. |
| b) | Votþvegill | Sjá lið 14.2. | Á almennt við. |
| c) | Notkun á eldsneyti sem inniheldur lítið af brennisteini | — | Á einungis við þegar jarðgas er ekki fáanlegt. |

*Tafla 31*

**Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni fyrir losun brennisteinsoxíða, sem er beint í tiltekinn farveg, í andrúmsloft frá þurrkun rófumauks ef um er að ræða þurrkun við háan hita (yfir 500 °C) þegar jarðgas er ekki notað**

| Breyta | Eining | Losunargildi sem tengist bestu aðgengilegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu) ([1]) | Viðmiðunargildi súrefnis ($O_R$) | Viðmiðunarskilyrði gass |
|---|---|---|---|---|
| $SO_X$ | $mg/Nm^3$ | 30–100 | 16% miðað við rúmmál | Engin leiðrétting fyrir vatnsinnihaldi |

([1]) Búist er við að losunargildin séu nálægt neðri hluta styrkbilsins þegar eingöngu lífmassi er notaður sem eldsneyti.

Tengd vöktun er tilgreind í BESTU AÐGENGILEGU TÆKNI 5.

14. LÝSING Á TÆKNI

14.1. **Losun í vatn**

| Tækni | Lýsing |
|---|---|
| Seyrublöndunaraðferð | Líffræðilegt ferli þar sem örverurnar eru hafðar í sviflausn í skólpinu og öll blandan er loftblönduð með vélrænum hætti. Virka seyrublandan er send í aðskilnaðarbúnað og þaðan er seyran endurunnin í loftunarþróna. |
| Loftháð lón | Grunnar þrær í jörð (e. *shallow earthen basin*) til líffræðilegrar meðhöndlunar á skólpi þar sem innihaldið er blandað reglulega til að súrefni komist inn í vökvann gegnum flæði andrúmsloftsins. |
| Snertiferli við loftfirrðar aðstæður | Loftfirrt ferli þar sem skólpi er blandað saman við endurunna seyru og síðan brotið niður í lokuðum hvarftanki. Vatns- og seyrublandan er aðskilin fyrir utan. |
| Útfelling | Umbreyting uppleystra mengunarefna í óleysanleg efnasambönd með því að bæta við efnafræðilegum felliefnum. Fastar útfellingar sem myndast eru síðan aðskildar með botnfellingu, fleytingu með lofti eða síun. Fleirgildar málmjónir (t.d. kalsíum, ál, járn) eru notaðar til fosfórútfellingar. |
| Storknun og hnatfelling | Storknun og hnatfelling eru notaðar til að aðskilja svifagnir frá skólpvatni og eru yfirleitt framkvæmdar í röð af þrepum. Storknun er framkvæmd með því að bæta við storkuefnum með gagnstæða hleðslu við svifagnirnar. Hnatfelling er framkvæmd með því að bæta við fjölliðum þannig að árekstur milli örflygsna veldur því að þær tengjast og mynda stærri flygsur. |
| Jöfnun | Jafnvægisstilling strauma og mengunarefnaálags með því að nota tanka eða aðrar stjórnunaraðferðir. |
| Aukin líffræðileg fjarlæging fosfórs | Sambland af loftháðri og loftfirrðri meðhöndlun til valvísrar auðgunar á örverum sem safna upp fjölfosfötum í gerlasamfélaginu í virku seyrunni. Þessar örverur taka upp meiri fosfór en þörf er á fyrir eðlilegan vöxt. |
| Síun | Föst efni eru aðskilin frá skólpi með því að sía þau gegnum gropið efni, t.d. sandsíun, smásíun og örsíun. |
| Fleyting | Aðskilnaður á föstum eða fljótandi ögnum úr skólpi með því að festa þær við litlar gasbólur, yfirleitt loft. Fleytnar agnir safnast saman við vatnsyfirborðið og er safnað saman með skúmsleifum. |
| Lífhvarftankur með himnu | Sambland af meðhöndlun með virkri seyru og himnusíun. Tvö afbrigði eru notuð: a) ytra hringrásarkerfi milli tanksins með virku seyrunni og himnueiningarinnar og b) himnueiningunni er dýft ofan í loftblöndunartankinn með virku seyrunni þar sem frárennslið er síað í gegnum hola trefjahimnu og lífmassinn verður eftir í tanknum. |
| Hlutleysing | Aðlögun á sýrustigi skólps að hlutlausu gildi (u.þ.b. 7) með því að bæta við íðefnum. Natríumhýdroxíð (NaOH) eða kalsíumhýdroxíð ($Ca(OH)_2$) er almennt notað til að hækka sýrustigið en á hinn bóginn er brennisteinssýra ($H_2SO_4$), vetnisklóríð (HCl) eða koltvísýringur ($CO_2$) almennt notaður til að lækka sýrustigið. Útfelling einhverra efna getur átt sér stað meðan hlutleysing stendur yfir. |
| Nítrun og/eða afnítrun | Tveggja þrepa ferli sem venjulega er fellt inn í stöðvar með líffræðilegri skólphreinsun. Fyrra þrepið er loftháð nítrun með örverum sem oxa ammóníum ($NH_4^+$) í milliefnið nítrít ($NO_2^-$) sem er síðan oxað enn frekar í nítrat ($NO_3^-$). Í súrefnissnauða afnítrunarþrepinu, sem á eftir fylgir, afoxa örverur nítrat efnafræðilega í köfnunarefnisgas. |

| Tækni | Lýsing |
|---|---|
| Nitursýring að hluta til — Loftfirrð ammóníumoxun | Líffræðilegt ferli sem umbreytir ammóníumi og nítríti í köfnunarefnisgas við loftháð skilyrði. Við hreinsun skólps kemur nítrun að hluta til (þ.e. nitursýring), sem umbreytir u.þ.b. helmingnum af ammóníuminu ($NH_4^+$) í nítrít ($NO_2^-$), á undan loftháðri ammóníumoxun. |
| Endurheimt fosfórs sem strúvít | Fosfór er endurheimtur með útfellingu í formi strúvíts (magnesíumammóníumfosfats). |
| Botnfelling | Aðskilnaður á svifögnum með botnfellingu vegna þyngdaraflsins. |
| Ferli með loftfirrðri seyruþekju með uppflæði | Loftfirrt ferli þar sem skólp er leitt inn í botn hvarftanksins og þaðan flæðir það upp gegnum seyruþekju sem er samsett úr líffræðilega mynduðum kyrnum eða ögnum. Skólpfasinn flyst yfir í botnfellingarhólf þar sem innihald í föstu formi er aðskilið; lofttegundunum er safnað í hvelfingar efst í hvarftanknum. |

14.2. **Losun í andrúmsloft**

| Tækni | Lýsing |
|---|---|
| Pokasía | Pokasíur, oft nefndar dúksíur, eru búnar til úr gropnu efni, ofnu eða þæfðu, sem lofttegundir streyma í gegnum til að fjarlægja agnir. Notkun á pokasíu útheimtir val á efni sem hentar eiginleikum úrgangsloftsins og hámarksganghita. |
| Hvirfilskilja | Rykstjórnunarkerfi, byggt á miðflóttaafli, þar sem þyngri agnir eru aðskildar frá burðargasinu. |
| Varmalaus meðhöndlun með rafgasi | Tækni til mildunar sem byggist á því að mynda rafgas (þ.e. jónað gas sem samanstendur af jákvæðum jónum og óbundnum rafeindum í hlutfalli sem leiðir af sér næstum enga heildarrafhleðslu) í úrgangsloftinu með sterku rafsviði. Rafgasið oxar lífræn og ólífræn efnasambönd. |
| Varmaoxun | Oxun brennanlegra lofttegunda og lyktarefna í úrgangsloftstraumi með því að hita blönduna af aðskotaefnum með lofti eða súrefni upp yfir sjálfsíkviknunarpunkt hennar í brunahólfi og viðhalda henni við hátt hitastig nógu lengi til að ljúka brennslu hennar í koltvísýring og vatn. |
| Notkun á loftkenndu eldsneyti | Skipt úr brennslu á eldsneyti í föstu formi (t.d. kolum) yfir í brennslu á loftkenndu eldsneyti (t.d. jarðgasi, lífgasi) sem er minna skaðlegt með tilliti til losunar (t.d. inniheldur lítið af brennisteini, inniheldur lítið af ösku eða betri öskugæði). |
| Votþvegill | Fjarlæging loftkenndra mengunarefna eða mengandi agna úr gasstreymi með massaflærslu í fljótandi leysi, oft vatn eða vatnslausn. Hún getur falið í sér efnahvarf (t.d. í sýruþvegli eða basískum þvegli). Í sumum tilvikum er hægt að endurheimta efnasamböndin úr leysinum. |

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1106** **2024/EES/11/10**

**frá 24. júlí 2020**

**um skipulagningu tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB og 2002/57/EB að því er varðar hlutfall opinbers eftirlits vegna akurskoðunar undir opinberu eftirliti á stofnfræi, kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi og vottuðu fræi**

*(tilkynnt með númeri C(2020) 4955)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ([1]), einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ([2]), einkum 13. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu sykurrófufræs ([3]), einkum 19. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs ([4]), einkum 16. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Vottað fræ fóðurplantna, kornvara, sykurrófu, olíu- og trefjaplantna sætir akurskoðun undir opinberu eftirliti samkvæmt tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB og 2002/57/EB, eftir því sem við á. Hlutfall sem nemur a.m.k. 5% af uppskeru slíks fræs (hér á eftir nefnt „fast 5% lágmarkshlutfall“) sætir opinberu eftirliti á akrinum.

2) Stofnfræ og kynbætt fræ af kynslóðunum á undan stofnfræi eru vottuð ef öll uppskera þessara fræja (hér á eftir nefnt „fast 100% hlutfall“) hefur sætt opinberri akurskoðun og uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB og 2002/57/EB.

3) Í nýlegri tímabundinni tilraun sem var skipulögð á grundvelli framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2012/340/ESB ([5]) var sýnt fram á að akurskoðun undir opinberu eftirliti af hálfu skoðunarmanna fræfyrirtækis sem hafa tilskilin leyfi og þjálfun, einnig fyrir stofnfræ og kynbætt fræ af kynslóðunum á undan stofnfræi, sé betri valkostur við opinbera akurskoðun. Opinbera eftirlitið á staðfestu 5% hlutfalli af fræuppskeru nægði til að sýna fram á að umfang akurskoðana undir opinberu eftirliti geti einnig verið viðeigandi fyrir stofnfræ og kynbætt fræ af kynslóðunum á undan stofnfræi. Frekari úrbætur gætu þó verið mögulegar að teknu tilliti til afkastagetu fræbirgja.

4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ([6]) um opinbert eftirlit og um að koma á fót samræmdum ramma Sambandsins um skipulag opinbers eftirlits innan allrar landbúnaðartengdu matvælakeðjunnar er þess krafist að lögbær yfirvöld sinni opinberu eftirliti reglulega með öllum rekstraraðilum, á grundvelli áhættu og með viðeigandi tíðni. Á grundvelli reynslu sem fengist hefur af beitingu þessara reglna ætti einnig að kanna, samkvæmt tilskipunum

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 242, 28.7.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5, 18.1.2024, bls. 17.

([1]) Stjtíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

([2]) Stjtíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

([3]) Stjtíð. EB L 193, 20.7. 2002, bls. 12.

([4]) Stjtíð. EB L 193, 20.7. 2002, bls. 74.

([5]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júní 2012 um skipulagningu tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB og 2002/57/EB að því er varðar akurskoðun undir opinberu eftirliti á stofnfræi og kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi (Stjtíð ESB L 166, 27.6.2012, bls. 90).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB og 2002/57/EB, möguleikann á því að láta opinbert eftirlit með fræuppskeru á akrinum innan ramma opinbers eftirlits fara fram með þeirri tíðni sem er fastsett í samræmi við áhættumiðaða nálgun.

5) Fyrir lögbær yfirvöld getur gerð áætlana um tíðni athugana þeirra innan ramma opinbers eftirlits, að teknu tilliti til ákveðinna áhættuviðmiðana í tengslum við starfsemi fræbirgja og fyrri niðurstaðna um reglufylgni, verið betri valkostur en fasta 5% lágmarkshlutfallið sem er notað fyrir vottað fræ. Af nýlegri tímabundinni tilraun leiðir að einnig ætti að gera prófun á stofnfræi og kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi þar sem hlutfall opinberrar skoðunar er 100%.

6) Ábyrgir opinberir aðilar í aðildarríkjunum ættu að taka tillit til ákveðinna áhættuviðmiðana í tengslum við starfsemi fræbirgja og fyrri niðurstöður um reglufylgni fyrir gerð áætlana um tíðni opinbers eftirlits. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um samræmdar viðmiðanir í þessum tilgangi. Því ætti að skipuleggja tímabundna tilraun til að meta þennan valkost.

7) Nauðsynlegt er að losa aðildarríkin sem taka þátt í tilrauninni undan skyldum um opinbera akurskoðun á föstu 100% hlutfalli af stofnfræi og kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi og eftirliti á föstu 5% lágmarkshlutfalli af fræuppskeru fyrir vottað fræ innan ramma opinbers eftirlits eins og kveðið er á um í tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB og 2002/57/EB.

8) Aðildarríki sem taka þátt í tilrauninni ættu að gefa framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum skýrslu árlega til að halda öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upplýstum og auðvelda mat á framvindu tilraunarinnar og eftirlit með henni.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Efni**

1. Tímabundin tilraun (hér á eftir nefnd tilraunin) skal skipulögð á vettvangi Sambandsins þar sem metið er, að því er varðar opinbert eftirlit með nytjaplöntum vegna framleiðslu á stofnfræi, kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi og vottuðu fræi innan ramma akurskoðunar undir opinberu eftirliti samkvæmt ákvæðum, sem talin eru upp í 2. mgr. þessarar greinar, í tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB og 2002/57/EB:

a) hvort áhættumiðuð nálgun sem er framkvæmd í samræmi við 3. gr. þessar ákvörðunar geti verið betri valkostur að því er varðar eftirlit með:

   i. föstu 5% lágmarkshlutfalli af fræuppskeru fyrir vottað fræ,

   ii. föstu 100% hlutfalli af fræuppskeru fyrir stofnfræ og kynbætt fræ af kynslóðunum á undan stofnfræi,

b) hvort viðmiðanir fyrir áhættumat eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. þessarar ákvörðunar séu viðeigandi.

2. Ákvæðin sem um getur í 1. mgr. eru sem hér segir:

a) ákvæði 2. gr. (d-liður í B-lið 1. liðar 1. mgr.), 2. gr. (c-liður í A-lið 3. mgr.) og 14. gr. a (a-liður) tilskipunar 66/401/EBE og 6. liðar I. viðauka við hana,

b) ákvæði 2. gr. (d-liður í C-lið 1. mgr.), 2. gr. (c-liður í C-lið a í 1. mgr.), 2. gr. (d-liður 1. liðar í D-lið 1. mgr.), 2. gr. (b-liður 2. liðar í D-lið 1. mgr.), 2. gr. (c-liður 3. liðar í D-lið 1. mgr.), 2. gr. (c-liður í A-lið 3. mgr.) og 14. gr. a (a-liður) tilskipunar 66/402/EBE og 7. liðar I. viðauka við hana,

c) ákvæði 2. gr. (iv. liður í c-lið 1. mgr.), 2. gr. (c-liður í A-lið 3. mgr.) og 21. gr. (a-liður) tilskipunar 2002/54/EB og 4. liðar A-hluta I. viðauka við hana,

d) ákvæði 2. gr. (iv. liður í c-lið 1. mgr.), 2. gr. (ii. liður 1. liðar í d-lið 1. mgr.), 2. gr. (iii. liður 2. liðar í d-lið 1. mgr.), 2. gr. (c-liður í A-lið 5. mgr.) og 18. gr. (a-liður) tilskipunar 2002/57/EB og 5. liðar I. viðauka við hana.

*2. gr.*

**Þátttaka aðildarríkja**

Öll aðildarríki geta tekið þátt í tilrauninni.

Aðildarríki sem ákveða að taka þátt í tilrauninni (hér á eftir nefnd þátttökuaðildarríki) skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það og tilgreina tegundir, flokka og landsvæði sem falla undir þátttöku þeirra, ásamt takmörkunum ef einhverjar eru.

Þátttökuaðildarríkjunum er heimilt að hætta þátttöku sinni hvenær sem er með því að tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

*3. gr.*

**Áhættumat**

1. Aðildarríkin skulu framkvæma áhættumat á fræbirgjum og aðlaga umfang opinbers eftirlits síns í samræmi við hlutfall á milli 1% og 100% af fræuppskeru að því er varðar akurskoðun undir opinberu eftirliti.

Við áhættumat á fræbirgjum skal taka tillit til eftirfarandi viðmiðana:

a) tegunda og framleiðsluaðferða,

b) framleiðslusvæðis og fjölda akra,

c) starfsemi undir stjórn fræbirgis,

d) staðsetningu starfsemi eða rekstrar,

e) allra upplýsinga sem benda til þess að líklegt sé að villt sé um fyrir notendum fræs, einkum að því er varðar einkenni, heilbrigði og gæði, eiginleika, samsetningu, magn, upprunaland eða -landsvæði, framleiðsluaðferð á fræjum,

f) fyrri ferils fræbirgja að því er varðar niðurstöður úr opinberu eftirliti og eftirkönnunum sem viðhafðar voru með nytjaplöntum þeirra og fylgni við kröfuna sem sett er fram í 2. mgr sé uppfyllt,

g) áreiðanleika og niðurstaðna úr skoðunum sem fræbirgjar hafa viðhaft, einkum af hálfu akurskoðunarmanns með tilskilin leyfi eða þriðja aðila að beiðni fræbirgja, þ.m.t., eftir því sem við á, eigin gæðatryggingarkerfi, í þeim tilgangi að ganga úr skugga um fylgni við kröfuna sem sett er fram í 2. mgr.,

h) hvers kyns upplýsinga sem gætu bent til þess að ekki sé farið að kröfunni sem sett er fram í 2. mgr.

2. Nytjaplönturnar sem eiga að sæta opinberu eftirliti skulu ræktaðar af fræi sem hefur farið í gegnum opinbera eftirskoðun í samræmi við tilskipanir 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB og 2002/57/EB.

3. Setja skal hlutfall sýna úr framleiðslueiningum fræs, sem fæst úr uppskerunni, í opinbera eftirkönnun og, ef við á, opinbera fræprófun á rannsóknarstofu til að sanngreina yrki og ákvarða hreinleika þess. Aðildarríkin skulu auðkenna framleiðslueiningar fræs sem hefur fengið akurskoðun undir opinberu eftirliti í samræmi við áhættumiðaða nálgun sem sett er fram í 1. mgr.

4. Þátttökuaðildarríki skulu, fyrir sömu uppskeru á sama akri, bera fast 5% lágmarkshlutfall af fræuppskeru sem sætir opinberu eftirliti saman við áhættumiðað opinbert eftirlit með uppskeru og uppskornu fræi þar sem ekki er fast lágmarkshlutfall.

*4. gr.*

**Undanþágur frá tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB og 2002/57/EB**

Þrátt fyrir tilskipanir 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB og 2002/57/EB eru þátttökuaðildarríkin, að því er varðar tilraunina, leyst undan þeim skyldum er varða opinbera akurskoðun á stofnfræi, kynbættu fræi af kynslóðunum á undan stofnfræi og opinberu eftirliti með vottuðu fræi sem mælt er fyrir um í eftirfarandi ákvæðum:

1) ákvæði 2. gr. (d-liður 1. liðar í B-lið 1. mgr.), 2. gr. (c-liður í A-lið 3. mgr.) og 14. gr. a (a-liður) tilskipunar 66/401/EBE og 6. liðar I. viðauka við hana,

2) ákvæði 2. gr. (d-liður í C-lið 1. mgr.), 2. gr. (c-liður í C-lið a í 1. mgr.), 2. gr. (d-liður 1. liðar í D-lið 1. mgr.), 2. gr. (b-liður 2. liðar í D-lið 1. mgr.), 2. gr. (c-liður 3. liðar í D-lið 1. mgr.), 2. gr. (c-liður í A-lið 3. mgr.) og 14. gr. a (a-liður) tilskipunar 66/402/EBE og 7. liðar I. viðauka við hana,

3) ákvæði 2. gr. (iv. liður í c-lið 1. mgr.), 2. gr. (c-liður í A-lið 3. mgr.) og 21. gr. (a-liður) tilskipunar 2002/54/EB og 4. liðar A-hluta I. viðauka við hana, og

4) ákvæði 2. gr. (iv. liður í c-lið 1. mgr.), 2. gr. (ii. liður 1. liðar í d-lið 1. mgr.), 2. gr. (iii. liður 2. liðar í d-lið 1. mgr.), 2. gr. (c-liður í A-lið 5. mgr.) og 18. gr. (a-liður) tilskipunar 2002/57/EB og 5. liðar I. viðauka við hana.

*5. gr.*

**Skýrslugjöf**

1. Þátttökuaðildarríkin skulu ár hvert, eigi síðar en 31. mars næsta árs á eftir, leggja skýrslu um niðurstöðurnar úr tilrauninni sem gerð er í samræmi við 3. gr. fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin.

2. Þátttökuaðildarríkin skulu, við lok tilraunarinnar eða þegar þátttöku þeirra lýkur, eigi síðar en 31. mars næsta árs á eftir, leggja lokaskýrslu um útkomuna úr tilrauninni fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin.

Í skýrslunni mega koma fram fleiri upplýsingar sem þátttökuaðildarríki telja að skipt geti máli með hliðsjón af tilganginum með tilrauninni.

*6. gr.*

**Gildistími**

Tilraunin skal hefjast 1. ágúst 2020 og henni skal ljúka 31. júlí 2027.

*7. gr.*

**Viðtakendur**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júlí 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Stella KYRIAKIDES

*framkvæmdastjóri.*

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/2166** **2024/EES/11/11**

**frá 17. desember 2020**

**um að ákvarða uppboðshlutdeild aðildarríkja í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á tímabilinu 2021–2030**

*(tilkynnt með númeri C(2020) 8945)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 3. mgr. 3. gr. d og 2. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Að því er varðar uppboð á losunarheimildum var 2. mgr. 10. gr. og II. viðauka a við tilskipun 2003/87/EB breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 ([2]) fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2021. Í samræmi við a-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB er 90% af heildarfjölda losunarheimilda sem gefinn er út skv. III. kafla tilskipunar 2003/87/EB („almennar losunarheimildir“) sem verða boðnar upp skipt á milli aðildarríkja samkvæmt hlutdeild sem samsvarar hlutdeild af sannprófaðri losun samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir fyrir 2005 eða meðaltalinu fyrir tímabilið 2005 til 2007, hvort heldur er hærra. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB er þeim 10% sem eftir eru af heildarfjölda þeirra almennu losunarheimilda sem verða boðnar upp skipt milli tiltekinna aðildarríkja í því skyni að efla samstöðu, vöxt og gagnkvæm tengsl innan Sambandsins og auka með því fjölda losunarheimilda sem þau aðildarríki bjóða upp eftir hundraðshlutum sem eru tilgreindir í í II. viðauka a við tilskipun 2003/87/EB.

2) Samningurinn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu ([3]) öðlaðist gildi 1. febrúar 2020. Að auki gildir bókunin um Írland/Norður-Írland við samninginn frá og með lokum aðlögunartímabilsins sem fastsett var með 126. gr. samningsins. Fastsetja ætti uppboðshlutdeild aðildarríkja til að taka tillit til útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og bókunarinnar um Írland/Norður-Írland.

3) Hlutdeild aðildarríkja af almennum losunarheimildum skv. a-lið 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB á tímabilinu 2021–2030 er ákvörðuð á grundvelli sömu gagna og voru notuð fyrir tímabilið 2013–2020, að undanskildum leiðréttingum sem gerðar voru á sannprófaðri losun aðildarríkja fyrir 2005 eða meðaltal tímabilsins frá 2005 til 2007, sem voru færð í skrá Sambandsins og aðgengileg í viðskiptadagbók Evrópusambandsins (EUTL) frá og með 30. júní 2020 ([4]). Í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 ([5]) er altæk, samræmd, gagnsæ og nákvæm vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda grundvallaratriði fyrir skilvirkan rekstur kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Því þykir rétt að nota nýjustu gögnin sem voru færð í skrá Sambandsins og eru aðgengileg í viðskiptadagbók Evrópusambandsins til að ákvarða uppboðshlutdeild aðildarríkja af almennum losunarheimildum. Samkvæmt 6. mgr. 35. gr. reglugerðar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 431, 21.12.2020, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 393/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 (Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).

([3]) Samningur um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (Stjtíð. ESB L 29, 31.1.2020, bls. 7).

([4]) Ares(2020)4979599.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1).

framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 ([6]) má leiðrétta árlega sannprófaða losun fyrir stöð eða flugrekanda í skrá Sambandsins afturvirkt til að tryggja að farið sé að 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Frá árinu 2012 hafa slíkar leiðréttingar á sannprófaðri losun verið gerðar á tímabilinu frá 2005 til 2007 þar eð rekstraraðilar í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skráðu nákvæmari gögn sem eru nú aðgengileg í viðskiptadagbók Evrópusambandsins.

4) Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB ætti fjöldi losunarheimilda sem gefinn er út skv. II. kafla tilskipunar 2003/87/EB („losunarheimildir vegna flugs“) sem hvert aðildarríki skal bjóða upp vera í réttu hlutfalli við hlutdeild aðildarríkisins í heildarlosun sem rakin er til flugstarfsemi fyrir öll aðildarríkin fyrir viðmiðunarárið. Fyrir tímabilið frá 2021 til 2030 er viðeigandi viðmiðunarár 2018 og viðeigandi umfang það sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 ([7]). Framkvæmdastjórnin safnaði gögnum um losun frá flugstarfsemi árið 2018 frá Evrópustofnuninni um öryggi flugleiðsögu til að fastsetja uppboðshlutdeild aðildarríkja af losunarheimildum vegna flugs.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Uppboðshlutdeild aðildarríkja fyrir tímabilið frá 2021 til 2030 sem um getur í 3. mgr. 3. gr. d og 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB er sett fram í viðaukunum við þessa ákvörðun sem hér segir:

a) I. viðauki: Uppboðshlutdeild aðildarríkja af losunarheimildum sem gefnar eru út skv. III. kafla tilskipunar 2003/87/EB.

b) II. viðauki: Uppboðshlutdeild aðildarríkja af losunarheimildum sem gefnar eru út skv. II. kafla tilskipunar 2003/87/EB.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Frans TIMMERMANS

*stjórnandi varaforseti*

———

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 frá 2. maí 2013 um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011 (Stjtíð. ESB L 122, 3.5.2013, bls. 1).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 frá 13. desember 2017 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að viðhalda núverandi takmörkunum á umfangi flugstarfsemi og til að undirbúa framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar frá 2021 (Stjtíð. ESB L 350, 29.12.2017, bls. 7).

*I. VIÐAUKI*

**Uppboðshlutdeild af losunarheimildum sem gefnar eru út skv. III. kafla tilskipunar 2003/87/EB**

| Ríki | Uppboðshlutdeild |
|---|---|
| Austurríki | 1,549511512% |
| Belgía | 2,570508102% |
| Búlgaría | 2,683627316% |
| Króatía | 0,519852619% |
| Kýpur | 0,287177271% |
| Tékkland | 5,021898139% |
| Danmörk | 1,394176362% |
| Eistland | 0,853364580% |
| Finnland | 1,861257204% |
| Frakkland | 6,094561928% |
| Þýskaland | 22,290594909% |
| Grikkland | 3,815882431% |
| Ungverjaland | 1,526557204% |
| Ísland | 0,043450983% |
| Írland | 1,041937115% |
| Ítalía | 10,521550682% |
| Lettland | 0,200953534% |
| Liechtenstein | 0,000972381% |
| Litáen (Lietuva) | 0,433065735% |
| Lúxemborg | 0,122010786% |
| Malta | 0,111715994% |
| Holland (Niðurland) | 3,730700676% |
| Noregur | 0,865251836% |
| Pólland | 13,000319671% |
| Portúgal | 1,933850872% |
| Rúmenía | 4,767806687% |
| Slóvakía | 1,602124134% |
| Slóvenía | 0,485701471% |
| Spánn | 9,519452381% |
| Svíþjóð | 0,904220479% |
| Bretland – Norður-Írland | 0,245945006% |

*II. VIÐAUKI*

**Uppboðshlutdeild af losunarheimildum sem gefnar eru út skv. II. kafla tilskipunar 2003/87/EB**

| Ríki | Uppboðshlutdeild |
|---|---|
| Austurríki | 2,124352274% |
| Belgía | 2,884043556% |
| Búlgaría | 0,962095516% |
| Króatía | 0,770787777% |
| Kýpur | 0,698769072% |
| Tékkland | 1,021630732% |
| Danmörk | 2,589242238% |
| Eistland | 0,269340406% |
| Finnland | 2,141104211% |
| Frakkland | 11,28357633% |
| Þýskaland | 15,85911782% |
| Grikkland | 5,222468391% |
| Ungverjaland | 0,97207424% |
| Ísland | 0,912691877% |
| Írland | 1,928162337% |
| Ítalía | 12,29799421% |
| Lettland | 0,542686113% |
| Litáen (Lietuva) | 0,441761613% |
| Lúxemborg | 0,354887922% |
| Malta | 0,599063928% |
| Holland (Niðurland) | 4,288464549% |
| Noregur | 4,219779278% |
| Pólland | 2,95885866% |
| Portúgal | 3,885085782% |
| Rúmenía | 1,861835804% |
| Slóvakía | 0,15910511% |
| Slóvenía | 0,128561379% |
| Spánn | 14,8981547% |
| Svíþjóð | 3,724304171% |

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1211** **2024/EES/11/12**

**frá 22. júlí 2021**

**um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ([1]), einkum 16. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 er þess krafist að skipaeigendur tryggi að skip sem eru ætluð til endurvinnslu séu eingöngu endurunnin í skipaendurvinnslustöðvum sem eru í Evrópuskránni yfir skipaendurvinnslustöðvar sem er birt skv. 16. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Evrópuskráin er sett fram í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 ([2]).

3) Holland (Niðurland) hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald hafi gefið út starfsleyfi fyrir skipaendurvinnslustöð ([3]), sem er staðsett á yfirráðasvæði þess, í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013. Holland (Niðurland) hefur veitt framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar til innfærslu stöðvarinnar í Evrópuskrána. Því ætti að uppfæra Evrópuskrána til að hún nái yfir þá stöð.

4) Spánn hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald hafi gefið út starfsleyfi fyrir skipaendurvinnslustöð ([4]), sem er staðsett á yfirráðasvæði þess, í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013. Spánn hefur veitt framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar til innfærslu stöðvarinnar í Evrópuskrána. Því ætti að uppfæra Evrópuskrána til að hún nái yfir þá stöð.

5) Noregur hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald hafi gefið út starfsleyfi fyrir skipaendurvinnslustöð ([5]), sem er staðsett á yfirráðasvæði þess, í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013. Noregur hefur veitt framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar til innfærslu stöðvarinnar í Evrópuskrána. Því ætti að uppfæra Evrópuskrána til að hún nái yfir þá stöð.

6) Starfsleyfi fyrir skipaendurvinnslustöð sem er staðsett í Portúgal ([6]) rann út 26. nóvember 2020. Framkvæmdastjórnin fékk upplýsingar frá Portúgal um að starfsleyfið sem var gefið út fyrir þessa stöð til skipaendurvinnslu hafi verið endurnýjað áður en það rann út í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013. Því ætti að uppfæra gildislok innfærslu þeirrar stöðvar í Evrópuskrána.

7) Starfsleyfi fyrir skipaendurvinnslustöð sem er staðsett í Eistlandi ([7]) rann út 15. febrúar 2021. Framkvæmdastjórnin fékk upplýsingar frá Eistlandi um að starfsleyfið sem var gefið út fyrir þessa stöð til skipaendurvinnslu hafi verið endurnýjað áður en það rann út í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013. Því ætti að uppfæra gildislok innfærslu þeirrar stöðvar í Evrópuskrána.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 263, 23.7.2021, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 45, 7.7.2022, bls. 69.

([1]) Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 frá 19. desember 2016 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (Stjtíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 119).

([3]) „Hoondert Services & Decommissioning B.V.“

([4]) „DESGUACE INDUSTRIAL Y NAVAL, S.L.U. (DINA)“.

([5]) „Green Yard Kleven AS“.

([6]) „Navalria — Docas, Construções e Reparações Navais“.

([7]) „BLRT Refonda Baltic OÜ“.

8) Starfsleyfi fyrir tvær skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í Danmörku ([8]) áttu að renna út 30. júní 2021 og 15. september 2021, eftir því sem við á. Framkvæmdastjórnin fékk upplýsingar frá Eistlandi um að starfsleyfin sem voru gefin út fyrir þessar stöðvar til skipaendurvinnslu hafi verið endurnýjuð áður en þau runnu út í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013. Því ætti að uppfæra gildislok innfærslu þessara stöðva í Evrópuskrána.

9) Starfsleyfi fyrir tvær skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í Hollandi (Niðurlandi) ([9]) áttu að renna út 21. júlí 2021 og 27. september 2021, eftir því sem við á. Framkvæmdastjórnin fékk upplýsingar frá Hollandi (Niðurlandi) um að starfsleyfin sem voru gefin út fyrir þessar stöðvar til skipaendurvinnslu hafi verið endurnýjuð áður en þau runnu út í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013. Því ætti að uppfæra gildislok innfærslu þessara stöðva í Evrópuskrána.

10) Innfærsla tveggja skipaendurvinnslustöðva sem eru staðsettar í Breska konungsríkinu ([10]) rann út við lok aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, þ.e. 31. desember 2020. Því ætti að uppfæra Evrópuskrána til að fella þessar stöðvar brott.

11) Frakkland og Noregur hafa upplýst framkvæmdastjórnina um breytingar á heiti og samskiptaupplýsingum fyrir eina skipaendurvinnslustöð ([11]) í hvoru landi fyrir sig. Því ætti að uppfæra Evrópuskrána til samræmis við það.

12) Spánn hefur upplýst framkvæmdastjórnina um breytingar og uppfærslur á upplýsingum sem varða skipaendurvinnslustöð ([12]) sem er staðsett á yfirráðasvæði landsins. Þær varða samskiptaupplýsingar fyrir stöðina sem um er að ræða, aðferð við endurvinnslu sem er notuð, stærð skipa sem hægt er að endurvinna sem og hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári sem næst á þeirri stöð. Því ætti að uppfæra Evrópuskrána til samræmis við það.

13) Framkvæmdastjórnin fékk uppfærðar upplýsingar um takmarkanir á og skilyrði fyrir starfsemi skipaendurvinnslustöðva í Tyrklandi, einkum varðandi meðhöndlun hættulegs úrgangs. Samtök um skipaendurvinnslu í Tyrklandi (SRAT) koma ekki lengur að stjórnun og meðhöndlun hættulegs úrgangs. Enn fremur fékk framkvæmdastjórnin frekari upplýsingar um málsmeðferð, eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, við samþykki fyrir endurvinnsluáætlun skipa í Tyrklandi. Því ætti að uppfæra Evrópuskrána til samræmis við það.

14) Framkvæmdastjórnin var upplýst um breytingar á heiti og samskiptaupplýsingum fyrir skipaendurvinnslustöð ([13]) sem er staðsett í Tyrklandi. Því ætti að uppfæra Evrópuskrána til samræmis við það.

15) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 til samræmis við það.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað viðaukans við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 kemur viðaukinn við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([8]) „Fornæs ApS“ og „Smedegaarden A/S“.
([9]) „Damen Verolme Rotterdam B.V.“ og „Scheepssloperij Nederland B.V.“
([10]) „Able UK Limited’ og ‘Dales Marine Services Ltd.“
([11]) „Les recycleurs Bretons“ (Frakkland) og „Kvaerner AS“ (Noregur).
([12]) „DDR VESSELS XXI, S.L“.
([13]) „Isiksan Gemi Sokum Pazarlama Ve Tic. Ltd. Sti.“

Gjört í Brussel 22. júlí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

*„VIÐAUKI*

**Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar sem um getur í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013**

A-HLUTI

**Skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í aðildarríki**

| Heiti stöðvar | Aðferð við endurvinnslu | Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna | Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs | Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1) | Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2) | Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **BELGÍA** | | | | | | |
| **NV Galloo Recycling Ghent**<br>Scheepszatestraat 9<br>9000 Gent<br>Belgía<br>Símanúmer: +32(0)9/251 25 21<br>Tölvupóstfang: peter.wyntin@galloo.com | Samhliða (legupláss á floti), hallandi | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 265 metrar<br>Breidd: 37 metrar<br>Djúprista: 12,5 metrar | | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 30 dagar | 34 000 (4) | 31. mars 2025 |
| **DANMÖRK** | | | | | | |
| **FAYARD A/S**<br>Kystvejen 100<br>DK-5330 Munkebo<br>Danmörk<br>www.fayard.dk<br>Símanúmer: +45 7592 0000<br>Tölvupóstfang: fayard@fayard.dk | Þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 415 metrar<br>Breidd: 90 metrar<br>Djúprista: 7,8 metrar | Reglur hafa verið settar um skipaendurvinnslustöðina í samræmi við gildandi löggjöf og við skilyrðin sem sett eru fram í umhverfisleyfi frá 7. nóvember 2018 sem sveitarfélagið Kerteminde gaf út. Umhverfisleyfið inniheldur skilyrði fyrir rekstrarstundir, sérstök rekstrarskilyrði, meðhöndlun og geymslu úrgangs og inniheldur einnig skilyrðið um að starfsemin skal fara fram í þurrkví. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 14 dagar. | 0 (5) | 7. nóvember 2023 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fornæs ApS**<br>Rolshøjvej 12–16<br>8500 Grenaa<br>Danmörk<br>www.fornaes.com<br>Símanúmer: +45 86326393<br>Tölvupóstfang: recycling@fornaes.dk | Samhliða, þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 150 metrar<br>Breidd: 25 metrar<br>Djúprista: 7 metrar<br>BT: 10 000 | Sveitarfélagið Norddjurs hefur rétt til að úthluta hættulegum úrgangi til samþykktra umhverfisvænna móttökustöðva. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 14 dagar. | 30 000 ([6]) | 12. maí 2026 |
| **Jatob ApS**<br>Langerak 12<br>9900 Frederikshavn<br>Danmörk<br>www.jatob.dk<br>Símanúmer: +45 8668 1689<br>Tölvupóstfang: post@jatob.dk mathias@jatob.dk | Samhliða, dráttarbraut | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 150 metrar<br>Breidd: 30 metrar<br>Djúprista: 6 metrar | Meðhöndlun og geymsla úrgangshluta eru samkvæmt umhverfisleyfi. Millistigsgeymsla hættulegs úrgangs er leyfileg í allt að eitt ár. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 14 dagar. | 13 000 ([7]) | 9. mars 2025 |
| **Modern American Recycling Services Europe (M.A.R.S)**<br>Sandholm 60<br>9900 Frederikshavn<br>Danmörk<br>www.modernamericanrecyclingservices.com/<br>Tölvupóstfang: kim@mars-eu.dk | Dráttarbraut | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 290 metrar Breidd: 90 metrar Djúprista: 14 metrar | Skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar eru skilgreind í umhverfisleyfi frá 9. mars 2018 sem sveitarfélagið Frederikshavn gaf út.<br>Sveitarfélagið Frederikshavn hefur rétt til að úthluta hættulegum úrgangi til samþykktra umhverfisvænna móttökustöðva.<br>Ekki skal geyma hættulegan úrgang í stöðinni í meira en eitt ár. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 14 dagar. | 0 ([8]) | 23. ágúst 2023 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Smedegaarden A/S**<br>Vikingkaj 5<br>6700 Esbjerg<br>Danmörk<br>www.smedegaarden.net<br>Símanúmer: +45 75128888<br>Tölvupóstfang: m@smedegaarden.net | Samhliða, dráttarbraut | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 200 metrar*<br>Breidd: 48 metrar<br>Djúprista: 7,5 metrar<br>(* ef lengd er > 170 metrar er krafist samþykkis frá sveitarfélaginu Esbjerg) | Skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar eru skilgreind í umhverfisleyfi frá 4. júní 2015 sem sveitarfélagið Esbjerg gaf út.<br>Sveitarfélagið Esbjerg hefur rétt til að úthluta hættulegum úrgangi til samþykktra umhverfisvænna móttökustöðva. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 14 dagar | 20 000 ([9]) | 11. mars 2026 |
| **Stena Recycling A/S**<br>Grusvej 6<br>6700 Esbjerg<br>Danmörk<br>www.stenarecycling.dk<br>Símanúmer: +45 20699190<br>Tölvupóstfang: jakob.kristensen@stenarecycling.com | Þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 40 metrar Breidd: 40 metrar Djúprista: 10 metrar | Skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar eru skilgreind í umhverfisleyfi frá 5. október 2017 sem sveitarfélagið Esbjerg gaf út.<br>Sveitarfélagið Esbjerg hefur rétt til að úthluta hættulegum úrgangi til samþykktra umhverfisvænna móttökustöðva, eins og sett er fram í umhverfisleyfinu fyrir skipaendurvinnslustöðina | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 14 dagar | 0 ([10]) | 7. febrúar 2024 |
| **EISTLAND** | | | | | | |
| **BLRT Refonda Baltic OÜ**<br>Kopli 103, 11712 Tallinn, Eistland<br>Símanúmer: +372 610 2933<br>Bréfasími: +372 610 2444<br>Tölvupóstfang: refonda@blrt.ee<br>www.refonda.ee | Á floti við viðlegubryggju og í flotkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 197 metrar<br>Breidd: 32 metrar<br>Djúprista: 9,6 metrar | Leyfi fyrir úrgangi nr. KL-511809<br>Leyfi fyrir meðhöndlun hættulegs úrgangs nr. 0546. Reglur hafnarinnar Vene-Balti, handbók um endurvinnslu skipa MSR-Refonda. Umhverfisstjórnunarkerfi, meðhöndlun úrgangs EP 4.4.6-1-13<br>Stöðin getur einungis endurunnið þau hættulegu efni sem hún hefur fengið leyfi fyrir. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 30 dagar. | 24 364 ([11]) | 15. febrúar 2026 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **SPÁNN** | | | | | | |
| **DESGUACE INDUSTRIAL Y NAVAL, S.L.U. (DINA)**<br>Vega de Tapia, s/n<br>48903 Barakaldo-Bizkaia<br>Spánn<br>Símanúmer: +34 944 971 152<br>Tölvupóstfang: redena@redena.es<br>www.redena.es | Sundurhlut-unarrampur | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 120 metrar<br>Breidd: 20 metrar<br>Djúprista: 6 metrar | Takmarkanirnar eru í samþætta umhverfisleyfinu. | Beint samþykki – lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er skrifstofa hafnarstjóra | 2 086 ([12]) | 3. mars 2026 |
| **DDR VESSELS XXI, S.L.**<br>Höfnin „El Musel“<br>Gijón<br>Spánn<br>Símanúmer: +34 630 14 44 16<br>Tölvupóstfang: abarredo@ddr-vessels.com | Samhliða, sundurhlut-unarrampur | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 169,9 metrar (Samþykkja má stærri skip með enga eða takmarkaða hreyfingu á rampinum, með hliðsjón af niðurstöðu úr nákvæmri hagkvæmniathugun)<br>Breidd: 25 metrar | Takmarkanirnar eru í samþætta umhverfisleyfinu. | Beint samþykki – lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er skrifstofa hafnarstjóra | 3 600 ([13]) | 28. júlí 2025 |
| **FRAKKLAND** | | | | | | |
| **Démonaval Recycling**<br>ZI du Malaquis<br>Rue François Arago<br>76580 LE TRAIT<br>Símanúmer:<br>(+33) (0)7 69 79 12 80<br>Tölvupóstfang:<br>patrick@demonaval-recycling.fr | Samhliða, þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 140 metrar<br>Breidd: 25 metrar<br>Dýpt: 5 metrar | Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns. | Beint samþykki – lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið | 0 ([14]) | 11. desember 2022 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **GARDET & DE BEZENAC Recycling/Groupe BAUDELET ENVIRONNEMENT – GIE MUG**<br>616, Boulevard Jules Durand<br>76600 Le Havre<br>Frakkland<br>Símanúmer: +33(0)2 35 95 16 34<br>Tölvupóstfang: infos@gardet-bezenac.com | Á floti og á dráttarbraut | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 150 metrar<br>Breidd: 18 metrar<br>Dýpt: 7 metrar<br>EÞT: 7 000 | Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns. | Beint samþykki – lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið | 16 000 ([15]) | 30. desember 2021 |
| **Grand Port Maritime de Bordeaux**<br>152, Quai de Bacalan - CS 41320 - 33082 Bordeaux Cedex<br>Frakkland<br>Símanúmer: +33(0)5 56 90 58 00<br>Tölvupóstfang: maintenance@bordeaux-port.fr | Samhliða, þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 240 metrar<br>Breidd: 37 metrar<br>Dýpt: 17 metrar | Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns. | Beint samþykki – lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið | 18 000 ([16]) | 21. október 2021 |
| **Recycleurs Bretons - Navaléo**<br>170 rue Jacqueline Auriol<br>29470 Guipavas<br>Frakkland<br>Símanúmer: +33(0)2 98 01 11 06<br>Tölvupóstfang: navaleo@navaleo.fr | Samhliða, þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 225 metrar<br>Breidd: 34 metrar<br>Dýpt: 27 metrar | Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns. | Beint samþykki – lögbært yfirvald fyrir ákvörðun um samþykki er umhverfisráðuneytið | 15 000 ([17]) | 19. júní 2025 |
| **ÍTALÍA** | | | | | | |
| **San Giorgio del Porto S.p.A.**<br>Calata Boccardo 8<br>16128 – Genova –<br>Ítalía | Samhliða, þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 | Takmarkanirnar eru í samþætta umhverfisleyfinu. | Beint samþykki | 38 564 ([18]) | 6. júní 2023 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Símanúmer: +39 (0)10 251561<br>Tölvupóstfang: segreteria@sgdp.it; sangiorgiodelporto@legalmail.it<br>www.sgdp.it | | Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 350 metrar<br>Breidd: 75 metrar<br>Dýpt: 16 metrar<br>BT: 130 000 | | | | |
| **LETTLAND** | | | | | | |
| **„Galaksis N", Ltd.**<br>Kapsedes street 2D,<br>Liepāja, LV – 3414<br>Lettland<br>Símanúmer: +371 29410506<br>Tölvupóstfang: galaksisn@inbox.lv | Samhliða (legupláss á floti), þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 165 metrar<br>Breidd:22 metrar<br>Dýpt: 7 metrar<br>BT: 12 000 | Sjá landsbundið leyfi nr. LI12IB0053 | Beint samþykki – skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga | 0 ([19]) | 17. júlí 2024 |
| **LITÁEN (LIETUVA)** | | | | | | |
| **UAB APK**<br>Minijos 180 (legupláss 133A), LT 93269, Klaipėda,<br>Litáen (Lietuva)<br>Símanúmer: +370 (46) 365776<br>Bréfasími: +370 (46) 365776<br>Tölvupóstfang: uab.apk@gmail.com | Samhliða (legupláss á floti) | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 130 metrar<br>Breidd: 35 metrar<br>Dýpt: 10 metrar<br>BT: 3 500 | Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-15/2015 | Beint samþykki – skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga | 1 500 ([20]) | 12. mars 2025 |
| **UAB Armar**<br>Minijos 180 (legupláss 131A), LT 93269, Klaipėda,<br>Litáen (Lietuva)<br>Símanúmer: +370 685 32607<br>Tölvupóstfang: armar.uab@gmail.com; albatrosas33@gmail.com | Samhliða (legupláss á floti) | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 80 metrar<br>Breidd: 16 metrar<br>Dýpt: 5 metrar<br>BT: 1 500 | Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-51/2017 | Beint samþykki – skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga | 3 910 ([21]) | 19. apríl 2022 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **UAB Demeksa**<br>Nemuno g. 42A (legupláss 121), LT 93277 Klaipėda<br>Litáen (Lietuva)<br>Símanúmer: +370 630 69903<br>Tölvupóstfang: uabdemeksa@gmail.com | Samhliða (legupláss á floti) | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 58 metrar<br>Breidd: 16 metrar<br>Dýpt: 5 metrar<br>BT: 3500 | Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-64/2019 | Beint samþykki – skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga | 0 ([22]) | 22. maí 2024 |
| **UAB Vakarų refonda**<br>Minijos 180 (legupláss 129, 130, 131A, 131, 132, 133A), LT 93269, Klaipėda,<br>Litáen (Lietuva)<br>Símanúmer: +370 (46) 483940 / 483891<br>Bréfasími: +370 (46) 483891<br>Tölvupóstfang: refonda@wsy.lt | Samhliða (legupláss á floti) | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 230 metrar<br>Breidd: 55 metrar<br>Dýpt: 14 metrar<br>BT: 70 000 | Sjá landsbundið leyfi nr. (11.2)-30-161/2011/TL-KL.1-18/2015 | Beint samþykki – skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga | 20 140 ([23]) | 30. apríl 2025 |
| **HOLLAND (NIÐURLAND)** | | | | | | |
| **Damen Verolme Rotterdam B.V.**<br>Prof. Gerbrandyweg 25<br>3197 KK Rotterdam<br>Holland (Niðurland)<br>Símanúmer: +31 (0)181 23 4353<br>Tölvupóstfang: MZoethout@damenverolme.com | Þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 400 metrar<br>Breidd: 90 metrar<br>Dýpt: 12 metrar<br>Hæð: 90 metrar | Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur. | Beint samþykki | 0 ([24]) | 21. maí 2026 |
| **Hoondert Services & Decommissioning B.V.**<br>Spanjeweg 4<br>4455 TW Nieuwdorp<br>Símanúmer: +31 113352510<br>Tölvupóstfang: info@hsd.nl | Undirbúningsaðgerðir við viðlegubryggju, færð upp á land til úreldingar | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 175 metrar<br>Breidd: 40 metrar<br>Dýpt: 10 metrar | Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur. | Beint samþykki | 30 000 ([25]) | 26. janúar 2026 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sagro Aannemingsmaatschappij Zeeland B.V.**<br>Estlandweg 10<br>4455 SV Nieuwdorp<br>Holland (Niðurland)<br>Símanúmer: +31 113 351 710<br>Tölvupóstfang: slf@sagro.nl | Undirbúnings-aðgerðir við viðlegubryggju, færð upp á land til úreldingar | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 120 metrar<br>Breidd: 20 metrar<br>Dýpt: 6 metrar | Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur. | Beint samþykki | 15 000 ([26]) | 28. mars 2024 |
| **Scheepssloperij Nederland B.V.**<br>Havenweg 1<br>3295 XZ<br>s-Gravendeel<br>Postbus 5234<br>3295 ZJ<br>s-Gravendeel<br>Holland (Niðurland)<br>Símanúmer: +31 18 046 39 90<br>Tölvupóstfang: gsnoek@sloperij-nederland.nl | Festarþjónusta á floti og dráttarbraut | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 200 metrar<br>Breidd: 33 metrar<br>Dýpt: 5,5 metrar<br>Hæð: 45 metrar (Botlek-brú) | Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur.<br>Undirbúningsaðgerðir fara fram við viðlegubryggju þangað til hægt er að draga bolinn inn á dráttarbrautina með því að nota vindu með dráttar-afköst sem nema 2 000 tonnum. | Beint samþykki | 17 500 ([27]) | 12. maí 2026 |
| **NOREGUR** | | | | | | |
| **ADRS Decom Gulen**<br>Heimilisfang stöðvar:<br>Sløvågen 2,<br>5960 Dalsøyra,<br>Noregur<br>Heimilisfang skrifstofu:<br>Statsminister Michelsens vei 38,<br>5230 Paradis,<br>Noregur<br>https://adrs.no/ | Samhliða, dráttarbraut, þurr-/flotkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 360 metrar<br>Breidd: Engin takmörk<br>Dýpt: Engin takmörk | Sjá landsbundið leyfi nr. 2019.0501.T | Beint samþykki | 0 ([28]) | 1. október 2024 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AF Offshore Decom**<br>Raunesvegen 597,<br>5578 Nedre Vats<br>Noregur<br>https://afgruppen.no/selskaper/af-offshore-decom/ | Samhliða | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 290 metrar<br>Breidd: engin takmörkun<br>Dýpt: engin takmörkun | Sjá landsbundið leyfi nr. 2005.0038.T | Beint samþykki | 31 000 ([29]) | 28. janúar 2024 |
| **Green Yard AS**<br>Angholmen,<br>4485 Feda,<br>Noregur<br>www.greenyard.no | Þurrkví (innanhúss), dráttarbraut | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 230 metrar<br>Breidd: 25 metrar<br>Dýpt: 20 metrar | Sjá landsbundið leyfi nr. 2018.0833.T<br>Helstu sundurhlutunaraðgerðir skulu fara fram innanhúss.<br>Einu sundurhlutunar- og stykkjunaraðgerðir sem eru leyfðar utanhúss undir berum himni eru minniháttar aðgerðir sem eru nauðsynlegar til að skip komist fyrir í yfirbyggðu stöðinni. Sjá frekari upplýsingar í leyfinu. | Beint samþykki | 0 ([30]) | 28. janúar 2024 |
| **Green Yard Kleven AS**<br>6065 Ulsteinvik<br>Noregur<br>www.kleven.no | Samhliða, dráttarbraut | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 170 metrar<br>Breidd: 35 metrar<br>Dýpt: Engin takmörk | Sjá landsbundið leyfi nr. 2021.0011.T | Beint samþykki | 0 ([31]) | 9. apríl 2026 |
| **Fosen Gjenvinning AS**<br>Stokksundveien 1432,<br>7177 Revsnes<br>Noregur<br>Símanúmer: +47 400 39 479<br>Tölvupóstfang: knut@fosengjenvinning.no | Samhliða | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, að undanskildum pöllum eða förum sem eru notuð við útdrátt vetniskolefna<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 150 metrar<br>Breidd: 20 metrar<br>Dýpt: 7 metrar | Sjá landsbundið leyfi nr. 2006.0250.T | Beint samþykki | 8 000 ([32]) | 9. janúar 2024 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aker Solutions AS (Stord)**<br>Eldøyane 59<br>5411 Stord<br>Noregur<br>www.akersolutions.com | Samhliða (legupláss á floti), dráttarbraut | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 230 metrar<br>Breidd: Engin takmörk<br>Dýpt: Engin takmörk | Sjá landsbundið leyfi nr. 2013.0111.T | Beint samþykki | 43 000 ([33]) | 28. janúar 2024 |
| **Lutelandet Industrihamn**<br>Lutelandet Offshore AS<br>6964 Korssund,<br>Noregur<br>www.lutelandetoffshore.com | Samhliða | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: Engin takmörk<br>Breidd: Engin takmörk<br>Dýpt: Engin takmörk | Sjá landsbundið leyfi nr. 2014.0646.T | Beint samþykki | 14 000 ([34]) | 28. janúar 2024 |
| **Norscrap West AS**<br>Hanøytangen 122,<br>5310 Hauglandhella,<br>Noregur<br>www.norscrap.no | Samhliða, dráttarbraut á floti, þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 150 metrar<br>Breidd: 34 metrar<br>Dýpt: engin takmörkun | Sjá landsbundið leyfi nr. 2017.0864.T<br>Að hámarki 8 000 EÞT á fljótandi dráttarbraut. Létta þarf skip sem eru yfir 8 000 EÞT áður en þau eru dregin á dráttarbrautina | Beint samþykki | 4 500 ([35]) | 1. mars 2024 |
| **PORTÚGAL** | | | | | | |
| **Navalria - Docas, Construções e Reparações Navais**<br>Porto Comercial, Terminal Sul, Apartado 39, 3811-901 Aveiro<br>Portúgal | Þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 104 metrar<br>Breidd: 6,5 metrar<br>Djúprista: 6,5 metrar | Skilyrði sem gilda um starfsemina eru skilgreind í forskriftum sem fylgja bálknum AL nr. 5/2015/ CCDRC frá 26. janúar 2016. | Beint samþykki | 1 900 ([36]) | 31. desember 2021 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Símanúmer: +351 234 378 970, +351 232 767 700<br>Tölvupóstfang: info@navalria.pt | | | Afmengun og sundurhlutun fara fram á láréttum og hallandi fleti, í samræmi við stærð skipsins. Lárétti flöturinn hefur 700 tonna nafnrúmtak. Hallandi flöturinn hefur 900 tonna nafnrúmtak. | | | |
| **FINNLAND** | | | | | | |
| **Turun Korjaustelakka Oy (Turku Repair Yard Ltd)**<br>Navirentie, 21110 Naantali<br>Finnland<br>Símanúmer: +358 2 44 511<br>Tölvupóstfang<br>try@turkurepairyard.com | Samhliða, þurrkví | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 250 metrar<br>Breidd: 40 metrar<br>Djúprista: 7,9 metrar | Takmarkanirnar eru í landsbundna umhverfisleyfinu. | Beint samþykki | 20 000 ([37]) | 1. október 2023 |
| **BRESKA KONUNGSRÍKIÐ** | | | | | | |
| **Harland and Wolff (Belfast) Ltd**<br>Queen's Island<br>Belfast<br>BT3 9DU<br>Símanúmer +44(0)2890534189, bréfasími +44(0)2890458515<br>Tölvupóstfang<br>Eoghan.Rainey@harland-wolff.com | Þurrkví og leguplass á floti | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: 556 metrar<br>Breidd: 93 metrar<br>Djúprista: 7,5 metrar<br>BG: 550 000 | Stöðin er samþykkt með leyfi fyrir meðhöndlun úrgangs, leyfisnúmer LN/20/11, sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði. | Beint samþykki | 12 000 ([38]) | 16. júní 2025 |

([1]) Eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa.
([2]) Eins og um getur í þriðja málslið a-liðar 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.
([3]) Gildislok innfærslu í Evrópuskrána samsvarar lokadagsetningu gildistíma leyfisins eða starfsleyfisins sem stöðinni var veitt í aðildarríkinu.
([4]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 50 000 EÞT á ári.
([5]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 30 000 EÞT á ári.
([6]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 50 000 EÞT á ári.
([7]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 30 000 EÞT á ári.
([8]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 200 000 EÞT á ári.
([9]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 50 000 EÞT á ári.

([10]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 45 000 EÞT á ári.
([11]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 36 000 EÞT á ári.
([12]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 6 000 EÞT á ári.
([13]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 60 000 EÞT á ári.
([14]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 15 000 EÞT á ári.
([15]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 18 000 EÞT á ári.
([16]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 23 000 EÞT á ári.
([17]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 40 000 EÞT á ári.
([18]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 60 000 EÞT á ári.
([19]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 10 000 EÞT á ári.
([20]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 30 000 EÞT á ári.
([21]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 6 000 EÞT á ári.
([22]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 10 000 EÞT á ári.
([23]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 45 000 EÞT á ári.
([24]) Samkvæmt leyfinu er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 100 000 EÞT á ári.
([25]) Samkvæmt leyfinu er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 100 000 EÞT á ári.
([26]) Samkvæmt leyfinu er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 100 000 EÞT á ári.
([27]) Samkvæmt leyfinu er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 40 000 EÞT á ári.
([28]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 75 000 EÞT á ári.
([29]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 75 000 EÞT á ári.
([30]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 30 000 EÞT á ári.
([31]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 30 000 EÞT á ári.
([32]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 10 000 EÞT á ári.
([33]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 85 000 EÞT á ári.
([34]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 200 000 EÞT á ári.
([35]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 100 000 EÞT á ári.
([36]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 5 000 EÞT á ári.
([37]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar 40 000 EÞT á ári.
([38]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 300 000 EÞT á ári.

B-HLUTI

**Skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í þriðja landi**

| Heiti stöðvar | Aðferð við endurvinnslu | Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna | Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs | Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1]) | Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2]) | Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3]) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **TYRKLAND** | | | | | | |
| **Avsar Gemi Sokum San. Dis Tic. Ltd. Sti.**<br>Gemi Söküm Tesisleri,<br>Parcel 5 Aliağa<br>İzmir 35800,<br>Tyrkland<br>Símanúmer: +90 232 618 21 07 – 08 – 09<br>Tölvupóstfang: info@avsargemiltd.com | Löndun | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, að undanskildum pöllum<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: engin takmörkun<br>Breidd: 50 metrar<br>Djúprista: 15 metrar | Stöðin hefur leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlisskipulags gaf út, og vottorð um leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti flutninga- og innviðamála gefur út, sem innihalda takmarkanir og skilyrði fyrir starfi stöðvarinnar. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 15 dagar Endurvinnsluáætlun skipa (SRP) er hluti af safni skjala, kannana og leyfa/skírteina sem lögð eru fyrir lögbært yfirvald til að fá leyfi til að hluta í sundur skip. Endurvinnsluáætlun skipa er hvorki með skýrum hætti samþykkt né er henni synjað sem sérstöku skírteini. | 54 224 ([4]) | 2. desember 2025 |
| **Isiksan Gemi Sokum Pazarlama Ve Tic. A.Ş**<br>Gemi Söküm Tesisleri,<br>Parcel 22 Aliağa<br>İzmir 35800,<br>Tyrkland<br>Símanúmer:<br>+90 232 618 21 65<br>Tölvupóstfang:<br>info@isiksanship.com<br>www.isiksanship.com | Löndun | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: engin takmörkun<br>Breidd: 75 metrar<br>Djúprista: 17 metrar | Stöðin hefur leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlisskipulags gaf út, og vottorð um leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti flutninga- og innviðamála gefur út, sem innihalda takmarkanir og skilyrði fyrir starfi stöðvarinnar. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 15 dagar Endurvinnsluáætlun skipa (SRP) er hluti af safni skjala, kannana og leyfa/skírteina sem lögð eru fyrir lögbært yfirvald til að fá leyfi til að hluta í sundur skip. Endurvinnsluáætlun skipa er hvorki með skýrum hætti samþykkt né er henni synjað sem sérstöku skírteini. | 91 851 ([5]) | 7. júlí 2024 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **EGE CELIK SAN. VE TIC. A.S.**<br>Gemi Söküm Tesisleri,<br>Parcel 10 Aliağa,<br>Izmir 35800,<br>Tyrkland<br>Símanúmer:<br>+90 232 618 21 62<br>Tölvupóstfang:<br>pamirtaner@egecelik.com | Löndun | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: engin takmörkun<br>Breidd: 50 metrar<br>Djúprista: 15 metrar | Stöðin hefur leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlisskipulags gaf út, og vottorð um leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti flutninga- og innviðamála gefur út, sem innihalda takmarkanir og skilyrði fyrir starfi stöðvarinnar. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 15 dagar Endurvinnsluáætlun skipa (SRP) er hluti af safni skjala, kannana og leyfa/skírteina sem lögð eru fyrir lögbært yfirvald til að fá leyfi til að hluta í sundur skip. Endurvinnsluáætlun skipa er hvorki með skýrum hætti samþykkt né er henni synjað sem sérstöku skírteini. | 55 503 ([6]) | 12. febrúar 2025 |
| **LEYAL GEMİ SÖKÜM SANAYİ ve TİCARET LTD.**<br>Gemi Söküm Tesisleri,<br>Parcel 3-4 Aliağa,<br>Izmir 35800,<br>Tyrkland<br>Símanúmer:<br>+90 232 618 20 30<br>Tölvupóstfang:<br>info@leyal.com.tr | Löndun | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: engin takmörkun<br>Breidd: 100 metrar<br>Djúprista: 15 metrar | Stöðin hefur leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlisskipulags gaf út, og vottorð um leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti flutninga- og innviðamála gefur út, sem innihalda takmarkanir og skilyrði fyrir starfi stöðvarinnar. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 15 dagar Endurvinnsluáætlun skipa (SRP) er hluti af safni skjala, kannana og leyfa/skírteina sem lögð eru fyrir lögbært yfirvald til að fá leyfi til að hluta í sundur skip. Endurvinnsluáætlun skipa er hvorki með skýrum hætti samþykkt né er henni synjað sem sérstöku skírteini. | 55 495 ([7]) | 9. desember 2023 |
| **LEYAL-DEMTAŞ GEMİ SÖKÜM SANAYİ ve TİCARET A.Ş.**<br>Gemi Söküm Tesisleri,<br>Parcel 25 Aliağa,<br>Izmir 35800,<br>Tyrkland<br>Símanúmer:<br>+90 232 618 20 65<br>Tölvupóstfang:<br>demtas@leyal.com.tr | Löndun | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: engin takmörkun<br>Breidd: 63 metrar<br>Djúprista: 15 metrar | Stöðin hefur leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlisskipulags gaf út, og vottorð um leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti flutninga- og innviðamála gefur út, sem innihalda takmarkanir og skilyrði fyrir starfi stöðvarinnar. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 15 dagar Endurvinnsluáætlun skipa (SRP) er hluti af safni skjala, kannana og leyfa/skírteina sem lögð eru fyrir lögbært yfirvald til að fá leyfi til að hluta í sundur skip. Endurvinnsluáætlun skipa er hvorki með skýrum hætti samþykkt né er henni synjað sem sérstöku skírteini. | 50 350 ([8]) | 9. desember 2023 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÖGE GEMİ SÖKÜM İTH. İHR. TİC. SAN.AŞ.**<br>Gemi Söküm Tesisleri,<br>Parcel 23 Aliağa,<br>Izmir 35800,<br>Tyrkland<br>Símanúmer:<br>+90 232 618 21 05<br>Tölvupóstfang:<br>oge@ogegemi.com<br>www.ogegemi.com | Löndun | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: engin takmörkun<br>Breidd: 70 metrar<br>Djúprista: 15 metrar | Stöðin hefur leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlisskipulags gaf út, og vottorð um leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti flutninga- og innviðamála gefur út, sem innihalda takmarkanir og skilyrði fyrir starfi stöðvarinnar. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 15 dagar Endurvinnsluáætlun skipa (SRP) er hluti af safni skjala, kannana og leyfa/skírteina sem lögð eru fyrir lögbært yfirvald til að fá leyfi til að hluta í sundur skip. Endurvinnsluáætlun skipa er hvorki með skýrum hætti samþykkt né er henni synjað sem sérstöku skírteini. | 62 471 ([9]) | 12. febrúar 2025 |
| **Simsekler Gida Gemi Sokum Insaat Sanayi Tic. Ltd.Sti**<br>Gemi Söküm Tesisleri,<br>Parcel 11-12 Aliağa,<br>Izmir 35800,<br>Tyrkland<br>Símanúmer:<br>+90 232 618 20 36<br>Tölvupóstfang:<br>shipyard@simseklergroup.com.tr | Löndun | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: engin takmörkun<br>Breidd: 95 metrar<br>Djúprista: 15 metrar | Stöðin hefur leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlisskipulags gaf út, og vottorð um leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti flutninga- og innviðamála gefur út, sem innihalda takmarkanir og skilyrði fyrir starfi stöðvarinnar. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 15 dagar Endurvinnsluáætlun skipa (SRP) er hluti af safni skjala, kannana og leyfa/skírteina sem lögð eru fyrir lögbært yfirvald til að fá leyfi til að hluta í sundur skip. Endurvinnsluáætlun skipa er hvorki með skýrum hætti samþykkt né er henni synjað sem sérstöku skírteini. | 51 569 ([10]) | 2. desember 2025 |
| **Sök Denizcilik Tic. Ltd. Sti**<br>Gemi Söküm Tesisleri,<br>Parcel 8-9 Aliağa,<br>Izmir 35800,<br>Tyrkland<br>Símanúmer: +90 232 618 2092<br>Tölvupóstfang:<br>info@sokship.com | Löndun | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br>Lengd: engin takmörkun<br>Breidd: 90 metrar<br>Djúprista: 15 metrar | Stöðin hefur leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti umhverfis og þéttbýlisskipulags gaf út, og vottorð um leyfi til sundurhlutunar skipa, sem ráðuneyti flutninga- og innviðamála gefur út, sem innihalda takmarkanir og skilyrði fyrir starfi stöðvarinnar. | Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartímabils er 15 dagar Endurvinnsluáætlun skipa (SRP) er hluti af safni skjala, kannana og leyfa/skírteina sem lögð eru fyrir lögbært yfirvald til að fá leyfi til að hluta í sundur skip. Endurvinnsluáætlun skipa er hvorki með skýrum hætti samþykkt né er henni synjað sem sérstöku skírteini. | 66 167 ([11]) | 12. febrúar 2025 |

| BANDARÍKI AMERÍKU | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **International Shipbreaking Limited L.L.C**<br><br>18601 R.L Ostos Road<br>Brownsville TX, 78521<br>Bandaríkin<br>Símanúmer: 956-831-2299<br>Tölvupóstfang:<br>chris.green@internationalshipbreaking.com<br>robert.berry@internationalshipbreaking.com | Samhliða (legupláss á floti), hallandi | Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013<br>Hámarksmál skipa:<br><br>Lengd: 366 metrar Breidd: 48 metrar<br>Djúprista: 9 metrar | Skilyrðin fyrir starfsemi stöðvarinnar eru skilgreind í leyfum, vottorðum og heimildum sem Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna (e. *Environmental Protection Agency*), nefndin fyrir umhverfisgæði í Texas (e. *Texas Commission of Environmental Quality*), ríkisstofnunin sem sér um jarðeignir ríkisins í Texas (e. *Texas General Land Office*) og strandgæsla Bandaríkjanna gefa út fyrir stöðina.<br><br>Samkvæmt lögum Bandaríkjanna um eftirlit með eiturefnum (e. *U.S. Toxic Substances Control Act*) er lagt bann við innflutningi til Bandaríkjanna á förum sem sigla undir erlendum fána og innihalda PCB-efni í styrk sem er yfir 50 milljónarhlutar.<br><br>Í stöðinni eru tvær dráttarbrautir með rampa fyrir endanlega endurvinnslu á förum (austari og vestari dráttarbraut). Skip sem sigla undir fána aðildarríkis Evrópusambandsins skulu eingöngu endurunnin á austari dráttarbrautinni. | Sem stendur er ekki til málsmeðferð í löggjöf Bandaríkjanna í tengslum við samþykki fyrir endurvinnsluáætlun skipa. | 120 000 ([12]) | 9. desember 2023 |

([1]) Eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa.
([2]) Eins og um getur í þriðja málslið a-liðar 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.
([3]) Færsla skipaendurvinnslustöðvar sem er staðsett í þriðja landi á Evrópuskrána gildir í fimm ár frá gildistökudegi viðkomandi framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar þar sem kveðið er á um færslu þeirrar stöðvar á skrá, nema annað sé tekið fram.
([4]) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 60 000 EÞT á ári.
([5]) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 120 000 EÞT á ári.
([6]) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 60 000 EÞT á ári.
([7]) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 80 000 EÞT á ári.
([8]) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 60 000 EÞT á ári.
([9]) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 90 000 EÞT á ári.
([10]) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 70 000 EÞT á ári.
([11]) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 100 000 EÞT á ári.
([12]) Fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslustöðvarinnar er 120 000 EÞT á ári.“

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1839** **2024/EES/11/13**

**frá 15. október 2021**

**um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kreósóti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Virka efninu kreósóti var bætt við í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 og telst því samþykkt skv. 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með fyrirvara um forskriftir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir kreósóti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 var lögð fram 27. október 2016 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Hinn 16. september 2019 lagði fyrra lögbært matsyfirvald Breska konungsríkisins fram tilmæli um endurnýjun til Efnastofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin). Lögbært yfirvald Póllands tók við hlutverki lögbærs matsyfirvalds varðandi umsóknina 30. janúar 2020.

4) Þar eð álit Efnastofnunarinnar um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu lá enn ekki fyrir í júlí 2020 var lokadagsetningu samþykkisins fyrir kreósóti frestað til 31. október 2021 með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1038 ([3]) til að gefa nægan tíma til að ljúka meðferð á umsókninni.

5) Í samræmi við 3. mgr. 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 samþykkti Efnastofnunin álit sitt ([4]) 4. desember 2020, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

6) Kreósót er flokkað sem krabbameinsvaldur í undirflokki 1B í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([5]) og uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum og eitrað og mjög þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli samkvæmt XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([6]) og uppfyllir viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru fram í a- og e-lið 1. mgr. 5. gr.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 372, 20.10.2021, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 22.9.2022, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1038 frá 15. júlí 2020 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kreósóti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtíð ESB L 227, 16.7.2020, bls. 74).

([4]) Sæfivörunefndin (BPC), álit á umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu kreósóti, vöruflokkur 8 (opinion on the application for renewal of the approval of the active substance: creosote, Product type: 8), ECHA/BPC/274/2020, samþykkt 4. desember 2020.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Þó að athugun sé þegar hafin til að ákvarða hvort a.m.k. eitt af skilyrðunum í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt og hvort endurnýja megi því samþykkið fyrir kreósóti verður ekki mögulegt að ljúka þeirri athugun áður en núgildandi samþykki rennur út.

7) Enn fremur falla kreósót, efnasambönd þess og viður sem er meðhöndlaður með þeim undir takmarkanir sem mælt er fyrir um í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Samkvæmt framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/961 ([7]) skal Frakkland leggja málsskjöl fyrir Efnastofnunina í samræmi við XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til að hefja málsmeðferð til takmörkunar í Sambandinu í samræmi við 69. til 73. gr. þeirrar reglugerðar. Frekari athugun þarf að fara fram til að tryggja samræmi milli matsins á endurnýjun samþykkis fyrir kreósóti sem virku efni samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og málsmeðferðar til takmörkunar í Sambandinu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og til að kveða á um skilvirkt eftirlit með kreósóti og viði sem er meðhöndlaður með því.

8) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið fyrir kreósóti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta enn frekar lokadegi samþykkis fyrir kreósóti í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar.

9) Að teknu tilliti til þess tíma sem er nauðsynlegur til að ákvarða hvort a.m.k. eitt af skilyrðunum í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sé uppfyllt og hvort endurnýja megi því samþykkið fyrir kreósóti er viðeigandi að fresta lokadagsetningu samþykkisins fyrir kreósóti til 31. október 2022.

10) Samþykki fyrir kreósóti gildir áfram með fyrirvara um forskriftirnar og skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, burtséð frá lokadegi samþykkis,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Lokadegi samþykkis fyrir kreósóti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 er frestað til 31. október 2022.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. október 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

([7]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/961 frá 7. júní 2019 um að heimila bráðabirgðaráðstöfun sem Frakkland greip til í samræmi við 129. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) til að takmarka notkun á tilteknum viði sem er meðhöndlaður með kreósóti og öðrum kreósóttengdum efnum og setningu hans á markað (Stjtíð. ESB L 154, 12.6.2019, bls. 44).

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2146** **2024/EES/11/14**

**frá 3. desember 2021**

**um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir N,N-díetýl-m-tólúamíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Virka efninu N,N-díetýl-m-tólúamíði var bætt við í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 og telst því samþykkt skv. 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með fyrirvara um forskriftir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Samþykki fyrir N,N-díetýl-m-tólúamíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 rennur út 31. júlí 2022. Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir N,N-díetýl-m-tólúamíði var lögð fram 26. janúar 2021 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Hinn 4. júní 2021 upplýsti lögbært matsyfirvald Frakklands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

4) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að óska eftir því að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í slíku tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

5) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið fyrir N,N-díetýl-m-tólúamíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkis fyrir N,N-díetýl-m-tólúamíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Að teknu tilliti til þeirra tímamarka sem gefin eru fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunarinnar þykir rétt að fresta lokadagsetningu samþykkisins til 31. janúar 2025.

7) Samþykki fyrir N,N-díetýl-m-tólúamíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 ætti að gilda áfram, með fyrirvara um forskriftirnar og skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, burtséð frá lokadegi samþykkis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 433, 6.12.2021, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 22.9.2022, bls. 66.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Lokadegi samþykkis fyrir N,N-díetýl-m-tólúamíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 er frestað til 31. janúar 2025.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 3. desember 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2148** **2024/EES/11/15**

**frá 3. desember 2021**

**um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna Oxybio í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012**

*(tilkynnt með númeri C(2021) 8690)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 36. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Hinn 26. júlí 2018 lagði fyrirtækið Intergaz et Services (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn um samhliða gagnkvæma viðurkenningu fyrir lögbær yfirvöld í nokkrum aðildarríkjum, þ.m.t. Frakklandi, í samræmi við 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, á flokki skyldu sæfivaranna Oxybio sem eru yfirborðssótthreinsivörur sem innihalda virka efnið vetnisperoxíð í styrk á bilinu 12% til 49% af massahlutfalli (hér á eftir nefndur flokkur skyldra sæfivara). Belgía er tilvísunaraðildarríkið sem ber ábyrgð á matinu á umsókninni eins og um getur í 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

2) Þessi flokkur skyldra sæfivara samanstendur af vörum sem innihalda vetnisperoxíð í styrknum 12%, 30%, 35% og 49%, skipt í þrjá undirflokka, og er tæknilegum eiginleikum þeirra lýst í þremur samantektum á eiginleikum sæfivörunnar (meta SES), þ.e. meta SES 1, meta SES 2 og meta SES 3. Í matsskýrslu sinni mælti Belgía með því að einungis yrði gefið út leyfi fyrir þeim vörum í þessum flokki skyldra sæfivara sem innihalda vetnisperoxíð í styrk sem nemur 12%. Þær vörur falla undir meta SES 1 (Oxybio L12).

3) Í samræmi við 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 vísaði Frakkland andmælum til samræmingarhópsins 29. september 2020 með ábendingu um að hinn umdeildi flokkur skyldra vara uppfylli ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í d-lið 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Frakkland taldi að ákvörðunin á eðlisrænni hættu af vörunum í þessum flokki skyldra sæfivara, sem Belgía tók með tilliti til eiginleika oxandi vökva í þeim og tilgreindi í drögunum að samantekt á eiginleikum sæfivörunnar skv. i-lið 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, væri ekki rétt. Belgía benti á að við ákvörðunina á oxunareiginleikum þessa flokks skyldra sæfivara hafi verið tekið tillit til sértækra styrkleikamarka vetnisperoxíðs, eins og þau eru sett fram

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 434, 6.12.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 22.9.2022, bls. 66.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]), og að engin af vörunum í þessum flokki skyldra sæfivara hafi uppfyllt neðri mörkin, sem eru 50%. Því komst Belgía að þeirri niðurstöðu að ekki bæri að flokka vörurnar með tilliti til þessa eiginleika.

5) Frakkland lagði fram þau rök að það væri rangt að flokka vörurnar ekki með tilliti til eiginleika oxandi vökva í þeim. Frakkland hélt því fram að eins og tilgreint er í leiðbeiningum um beitingu viðmiðana fyrir flokkun, merkingu og pökkun ([3]) frá Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefndar leiðbeiningar Efnastofnunarinnar) sé reynsla við meðhöndlun og notkun á efnum eða blöndum sem sýnir fram á að þau séu oxandi mikilvægur þáttur við ákvörðun á flokkun í þennan hættuflokk. Samkvæmt Frakklandi telst beiting tilmæla SÞ um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndir að reglugerðum (UN RTDG Model Regulations), slík reynsla og flokkun samkvæmt þessum reglum ætti að vera í drögunum að SES. Því komst Frakkland að þeirri niðurstöðu að rétt flokkun á vörunum í þessum flokki skyldra sæfivara sem falla undir meta SES 1 (Oxybio L12) ættu að vera oxandi vökvi, pökkunarflokkur III, eins og sett er fram í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndum að reglugerðum.

6) Hinn 10. desember 2020 vísaði Belgía óleystu andmælunum til framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þar eð ekki náðist samkomulag innan samræmingarhópsins. Við það tækifæri lét Belgía framkvæmdastjórninni í té ítarlegt yfirlit um þau atriði sem aðildarríki náðu ekki samkomulagi um og ástæðurnar fyrir ósamkomulagi þeirra. Afrit af þessari yfirlýsingu var sent hlutaðeigandi aðildarríkjum og umsækjandanum.

7) Í d-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er mælt fyrir um eitt af skilyrðunum fyrir veitingu leyfis, þ.e. að búið sé að ákvarða eðlisræna og efnafræðilega eiginleika sæfivörunnar og að þeir hafi talist vera viðunandi til viðeigandi nota og flutnings vörunnar.

8) Í lið 2.13.2.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er kveðið á um að oxandi vökvi skuli flokkaður í einn af þremur undirflokkum þessa flokks (1., 2. eða 3. undirflokk) með því að nota prófun O.2 í undirlið 34.4.2 í III. hluta tilmæla SÞ um flutning á hættulegum farmi, handbók um prófanir og viðmiðanir (e. *UN Recommendations on the Transport of Dangerous Goods, Manual of Tests and Criteria*) í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í töflu 2.13.1 í þeim viðauka.

9) Í færslunni með skrárnúmerið 008-003-00-9 í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er gefin upp samræmd flokkun fyrir vetnisperoxíðlausnir með tilliti til eiginleika oxandi vökva með sértæk styrkleikamörk, sem hér segir: Oxandi vökvar í 1. undirflokki sem innihalda a.m.k. 70% vetnisperoxíð og oxandi vökvar í 2. undirflokki sem innihalda a.m.k. 50% en ekki meira en 70% vetnisperoxíð. Hins vegar fylgja fjórar stjörnur (****) þessum mörkum, sem sýnir að rétt flokkun skuli staðfest með prófun, eins og mælt er fyrir um í lið 1.2.4 í 1. hluta VI. viðauka við þá reglugerð.

10) Umsækjandinn lagði ekki fram nein prófunargögn í tengslum við eiginleika oxandi vökva. Umsækjandinn taldi að sértæku styrkleikamörkin sem eru tilgreind í færslunni með skrárnúmerið 008-003-00-9 í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 giltu um flokkun í tengslum við eiginleika oxandi vökva og að af notkun þeirra leiddi að vörurnar í þessum flokki skyldra sæfivara væru ekki flokkaðar með tilliti til þessara eiginleika.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Leiðbeiningar Efnastofnunar Evrópu um beitingu viðmiðana fyrir flokkun, merkingu og pökkun (CLP), leiðbeiningar varðandi reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, útgáfa 5.0, júlí 2017 (e. ECHA Guidance on the Application of the CLP Criteria, Guidance to Regulation (EC) No 1272/2008 on classification, labelling and packaging (CLP) of substances and mixtures). https://echa.europa.eu/documents/10162/23036412/clp_en.pdf/58b5dc6d-ac2a-4910-9702-e9e1f5051cc5

11) Í samræmi við tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndir að reglugerðum, ætti að flokka vatnslausnir sem innihalda meira en 8% vetnisperoxíð í deiliflokk 5.1 (oxandi efni) sem hér segir: Oxandi vökvi, pökkunarflokkur III, sem inniheldur a.m.k. 8% en ekki meira en 20% vetnisperoxíð; oxandi vökvi, pökkunarflokkur II, sem inniheldur a.m.k. 20% en ekki meira en 60% vetnisperoxíð; oxandi vökvi, pökkunarflokkur I, sem inniheldur meira en 60% vetnisperoxíð. Flokkunin í tengslum við þennan hættuflokk byggist á sömu prófun og er krafist samkvæmt lið 2.13 í 2. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

12) Eins og kveðið er á um í lið 2.13.5 í leiðbeiningum Efnastofnunarinnar samsvara pökkunarflokkar I, II og III, eins og þeir eru skilgreindir samkvæmt tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndum að reglugerðum, fyrir oxandi vökva, með beinum hætti 1., 2. og 3. undirflokki fyrir oxandi vökva í reglugerð (EB) nr. 1272/2008, í þeirri röð.

13) Samkvæmt lið 2.13.4.3 í 2. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal úrskurður byggður á fenginni reynslu ganga framar prófunarniðurstöðum þegar prófunarniðurstöður og fengin reynsla stangast á. Í samsvarandi lið 2.13.4.3 í leiðbeiningum Efnastofnunarinnar er einnig tilgreint að auk prófana sé reynsla við meðhöndlun og notkun á efnum eða blöndum, sem sýnir fram á að þau séu oxandi, mikilvægur viðbótarþáttur í ákvörðun á flokkun í þessum hættuflokki.

14) Að því er varðar flutning á hættulegum farmi innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna og á milli þeirra er í 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB [4] kveðið á um beitingu viðauka A og B við Evrópusamninginn um millilandaflutning á hættulegum farmi á vegum (hér á eftir nefndur ADR-samningurinn), reglnanna sem fylgja sem viðauki við Evrópusamninginn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum (hér á eftir nefndur ADN-samningurinn) sem og 3. gr. (f-liður), 3. gr. (h-liður), 8. gr. (1. mgr.) og 8. gr. (3. mgr.) ADN-samningsins og viðaukans við reglurnar um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum (hér á eftir nefndar RID-reglurnar).

15) ADR-samningurinn, ADN-samningurinn og RID-reglurnar fylgja tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndum að reglugerðum, og innihalda flokkunina á vatnslausnum sem innihalda vetnisperoxíð eins og þær eru settar fram í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndum að reglugerðum. Að því er varðar flutning skal því flokka vörurnar í þessum flokki skyldra sæfivara, sem falla undir meta SES 1, sem oxandi vökva í pökkunarflokki III í samræmi við ADR-samninginn, ADN-samninginn og RID-reglurnar.

16) Vegna skorts á prófunargögnum frá umsækjandanum virðist viðeigandi að úrskurður um flokkun í tengslum við eiginleika oxandi vökva byggist á fenginni reynslu við meðhöndlun og notkun á vatnslausnum sem innihalda vetnisperoxíð. Í þessu samhengi eru í löggjöfinni um flutning á hættulegum farmi ákvæði um bindandi viðmiðanir um flokkun efna og blandna, þ.m.t. með tilliti til hættuflokks fyrir oxandi vökva, sem varða þetta mál.

17) Því er rétt að tilgreina í drögunum að samantekt á eiginleikum sæfivörunnar að vörur sem innihalda vetnisperoxíð í styrknum 12% skuli flokkast sem oxandi vökvi, pökkunarflokkur III, í samræmi við tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndir að reglugerðum, sem samsvarar oxandi vökva í 3. undirflokki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

18) Hinn 8. apríl 2021 gaf framkvæmdastjórnin umsækjandanum færi á að leggja fram skriflegar athugasemdir í samræmi við 2. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sem framkvæmdastjórnin tók síðan tillit til.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Þessi ákvörðun gildir um vörurnar sem falla undir meta SES 1 (Oxybio L12) í flokki skyldra sæfivara sem er auðkenndur með málsnúmerinu BC-SK041671-32 í sæfivöruskránni.

*2. gr.*

Að því er varðar d-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal hættuflokkun með tilliti til eiginleika oxandi vökva í vörunum sem um getur í 1. gr. vera oxandi vökvi, pökkunarflokkur III, í samræmi við tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndir að reglugerðum, sem samsvarar oxandi vökva í 3. undirflokki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Vörurnar sem um getur í 1. gr. uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í d-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 að því tilskildu að þær séu flokkaðar sem oxandi vökvi, pökkunarflokkur III, í samræmi við tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndir að reglugerðum, sem samsvarar oxandi vökva í 3. undirflokki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. desember 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Stella KYRIAKIDES

*framkvæmdastjóri.*

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2149** **2024/EES/11/16**

**frá 3. desember 2021**

**um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði bráðabirgðaleyfis fyrir sæfivöru sem inniheldur 5-klóró-2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón (C(M)IT) sem Frakkland vísaði áfram í samræmi við 1. mgr. 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012**

*(tilkynnt með númeri C(2021) 8693)*(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 36. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Hinn 27. júlí 2018 lagði fyrirtækið THOR GmbH (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn, í samræmi við 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um samhliða gagnkvæma viðurkenningu á bráðabirgðaleyfi fyrir sæfivöru, eins og um getur í 2. mgr. 55. gr. þeirrar reglugerðar, fyrir lögbær yfirvöld í nokkrum aðildarríkjum, þ.m.t. Þýskalandi. Sæfivaran sem um er að ræða skal notuð til að rotverja vörur við geymslu og hún inniheldur 5-klóró-2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón (C(M)IT) (sæfivaran) sem virkt efni. Frakkland er viðmiðunaraðildarríkið sem ber ábyrgð á matinu á umsókninni, eins og um getur í 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

2) Samkvæmt 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 vísaði Þýskaland andmælum til samræmingarhópsins 24. janúar 2020 þar sem bent er á að ekki sé búist við að sæfivaran uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í iii. og iv. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar. Hinn 27. janúar 2020 bauð skrifstofa samræmingarhópsins hinum aðildarríkjunum og umsækjandanum að leggja fram skriflegar athugasemdir um vísunina. Vísunin var rædd á fundum samræmingarhópsins 9. og 23. mars 2020.

3) Hinn 11. janúar 2021 vísaði Frakkland óleystu andmælunum til framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þar eð ekki náðist samkomulag innan samræmingarhópsins. Við það tækifæri lét það framkvæmdastjórninni í té ítarlegt yfirlit um þau atriði sem aðildarríki náðu ekki samkomulagi um og ástæðurnar fyrir ósamkomulagi þeirra. Sú yfirlýsing var send hlutaðeigandi aðildarríkjum og umsækjandanum.

4) Þýskaland lítur svo á að því aðeins sé hægt að skrá mótvægisráðstafanir fyrir meðhöndlaðar vörur í leyfi fyrir sæfivöru að mælt hafi verið fyrir um þær í ákvörðuninni um samþykki fyrir virka efninu. Þar eð C(M)IT hefur enn ekki verið samþykkt sem virkt efni telur Þýskaland að ekki sé hægt að skrá þær mótvægisráðstafanir fyrir meðhöndlaðar vörur sem Frakkland lagði til í leyfið fyrir sæfivöruna. Af þessum sökum er enn fyrir hendi óviðunandi áhætta fyrir notkun 2 (rotvörn fyrir málningu og þekjuefni í ílátum), notkun 3 (rotvörn fyrir íblöndunarefni sem eru notuð við pappírsframleiðslu) og notkun 7 (rotvörn fyrir fjölliðuvatnsþeytur) sem er lýst í umsókninni um bráðabirgðaleyfi.

5) Í iii. og iv. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er kveðið á um að eitt af skilyrðunum fyrir veitingu leyfis er að sæfivaran sjálf eða leifar hennar hafi engin óviðunandi áhrif á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 434, 6.12.2021, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 22.9.2022, bls. 68.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

6) Í 2. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er kveðið á um að meðhöndluð vara skuli ekki sett á markað nema öll virk efni í sæfivörunum, sem varan var meðhöndluð með eða sem hún inniheldur, séu í skránni, sem tekin er saman í samræmi við 2. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar fyrir viðkomandi vöruflokk og notkun, eða í I. viðauka við þá reglugerð, og að öll skilyrði og takmarkanir, sem þar koma fram, séu virt.

7) Með 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er lögbærum yfirvöldum heimilt að veita leyfi fyrir sæfivöru sem inniheldur nýtt virkt efni í allt að þrjú ár að því tilskildu að málsskjöl hafi verið metin í samræmi við 8. gr. þeirrar reglugerðar, að lögbæra matsyfirvaldið hafi lagt fram tilmæli um samþykki fyrir nýja virka efninu og að lögbæru yfirvöldin sem tóku við umsókninni um bráðabirgðaleyfið telji að búast megi við því að sæfivaran sé í samræmi við b-, c- og d-liði 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, að teknu tilliti til þáttanna sem eru tilgreindir í 2. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

8) Þó að C(M)IT hafi ekki enn verið samþykkt lagði lögbært matsyfirvald Frakklands tilmæli fyrir Efnastofnun Evrópu 18. september 2019 um samþykki fyrir C(M)IT fyrir vöruflokk 6. Drögin að álitinu og matsskýrsla lögbæra matsyfirvaldsins voru rædd á fundi sæfivörunefndarinnar 16. júní 2020 og óviðunandi áhættur greindust fyrir vatnsræn og landræn umhverfishólf við notkun 2 (rotvörn fyrir málningu og þekjuefni í ílátum) og notkun 7 (rotvörn fyrir fjölliðuvatnsþeytur) á dæmigerðu sæfivörunni og niðurstaðan varð sú, þar eð viðeigandi rannsóknar lágu ekki fyrir, að einungis takmörkun á notkun vara, sem eru meðhöndlaðar með sæfivörum sem innihalda C(M)IT, við notkun innanhúss myndi hafa í för með sér ásættanlega áhættu. Að því er varðar notkun 3 á dæmigerðu sæfivörunni (rotvörn fyrir íblöndunarefni sem eru notuð við pappírsframleiðslu) var örugg notkun meðhöndlaðra vara greind fyrir öll umhverfishólf.

9) Framkvæmdastjórnin telur að sú staðreynd að einungis er hægt að skrá skilyrði eða takmarkanir fyrir meðhöndlaðar vörur í ákvörðunina um samþykki fyrir virka efninu ætti ekki að útiloka möguleikann á að veita bráðabirgðaleyfi fyrir sæfivöru skv. 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þar eð sú undanþága byggist einmitt á því að samþykki fyrir því virka efni liggi ekki fyrir og gildir þar til virkt efni er samþykkt og þar eð í slíku bráðabirgðaleyfi er hægt að gera ráð fyrir framtíðarskilyrðum eða -takmörkunum fyrir meðhöndlaðar vörur í ákvörðun um samþykki.

10) Að teknu tilliti til allra þessara atriða telur framkvæmdastjórnin að búast megi við að hægt verði að samþykkja virka efnið C(M)IT og að skilyrði sem tengjast notkun þess í meðhöndluðum vörum verði tilgreind í ákvörðuninni um samþykki, þ.e. takmörkun á notkun slíkra vara utanhúss, og að þess vegna sé búist við að sæfivaran uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í iii. og iv. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 að því tilskildu, að því er varðar notkun 2 (rotvörn fyrir málningu og þekjuefni í ílátum) og notkun 7 (rotvörn fyrir fjölliðuvatnsþeytur), að notkun á vörum sem eru meðhöndlaðar með sæfivörunni verði einungis leyfð innanhúss.

11) Hinn 25. júní 2021 gaf framkvæmdastjórnin umsækjandanum færi á að leggja fram skriflegar athugasemdir í samræmi við 2. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Þessi ákvörðun gildir um sæfivöruna sem er auðkennd með málsnúmerinu BC-DW041712-25 í sæfivöruskránni.

*2. gr.*

Gert er ráð fyrir að sæfivaran sem um getur í 1. gr. þessarar ákvörðunar uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í iii. og iv. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að í bráðabirgðaleyfunum sem aðildarríkin veita verði mælt fyrir um bæði eftirfarandi skilyrði:

a) að því er varðar notkun 2 (rotvörn fyrir málningu og þekjuefni í ílátum) og notkun 7 (rotvörn fyrir fjölliðuvatnsþeytur), eins og lýst er í umsókninni um gagnkvæma viðurkenningu, má einungis hægt að nota vörur, sem eru meðhöndlaðar með sæfivörunni, innanhúss,

b) aðilinn sem ber ábyrgð á setningu slíkra meðhöndlaðra vara á markað skal sjá til þess að á merkimiða slíkra meðhöndlaðra vara komi fram yfirlýsingin „Einungis til notkunar innanhúss“.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. desember 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Stella KYRIAKIDES

*framkvæmdastjóri.*

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/300** **2024/EES/11/17**

**frá 19. febrúar 2019**

**um að koma á almennri áætlun um krísustjórnun á sviði öryggis matvæla og fóðurs** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([1]), einkum 55. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, í náinni samvinnu við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og aðildarríkin, semja almenna áætlun um krísustjórnun á sviði öryggis matvæla og fóðurs (hér á eftir nefnd „almenna áætlunin“). Til samræmis við það var almenna áætlunin sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB ([2]).

2) Frá því að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB var samþykkt hefur fengist frekari reynsla af samræmingu krísustjórnunar á vettvangi Sambandsins við nokkur matar- og fóðurborin atvik.

3) Sú reynsla sem fengist hefur á undanförnum árum, eins og greint var í mati á reglugerð (EB) nr. 178/2002 innan ramma áætlunarinnar um markvissa og skilvirka löggjöf (REFIT) (gæðaeftirlit með almennum lögum um matvæli) ([3]), hefur sýnt fram á að þörf er á að endurmeta stjórnun á krísum vegna matvæla og fóðurs á vettvangi Sambandsins og á landsvísu. Niðurstöðurnar sýndu að þörf er á meiri áherslu á viðbúnað við krísu, ásamt krísustjórnun, til að komast hjá eða lágmarka áhrif á lýðheilsu af völdum matvæla- eða fóðurkrísu. Slík áhersla gæti dregið verulega úr efnahagslegum áhrifum (s.s. viðskiptatakmörkunum) matvæla- eða fóðurkrísu og þar með stuðlað að því að ná markmiðum framkvæmdastjórnarinnar um atvinnu, vöxt og fjárfestingu. Að auki er þörf á að framkvæmdastjórnin gegni stærra hlutverki í samskiptum og almennri samræmingu aðildarríkjanna á þessu sviði. Gæðaeftirlitið með almennum lögum um matvæli inniheldur ýmsar ráðleggingar til að auka skilvirkni almennu áætlunarinnar.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu ber ábyrgð á að leggja fram álit, sem gegna hlutverki vísindalegs grundvallar fyrir samþykkt ráðstafana Sambandsins, og hefur það verkefni að veita vísindalega og tæknilega aðstoð við verklag vegna krísustjórnunar á sviði matvæla og fóðurs. Hlutverk Matvælaöryggisstofnunar Evrópu í almennu áætluninni ætti að vera fínstillt og eflt í ljósi fenginnar reynslu.

5) Að teknu tilliti til valdheimilda hverrar stofnunar ætti Matvælaöryggisstofnunin að samræma sig við aðrar viðeigandi vísindastofnanir Sambandsins, s.s. Sóttvarnastofnun Evrópu, Efnastofnun Evrópu, Lyfjastofnun Evrópu og sérfræðingahópa sem vísinda- og tækninefndin, sem um getur í 31. gr. sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu ([4]), tilnefnir þegar þörf er á innleggi eða aðgerðum innan valdheimilda hvers um sig. Að auki verður almenna áætlunin að tryggja samræmi við krísuviðbúnaðar- og viðbragðskerfi Sóttvarnastofnunar Evrópu sem tengist tilvikum hjá mönnum þannig að heilbrigðisyfirvöldum og hagsmunaaðilum sé gert viðvart um mögulega matar- eða fóðurborna krísu sem getur hugsanlega haft áhrif á heilbrigði manna.

6) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 1082/2013/ESB ([5]) er mælt fyrir um reglur um faraldsfræðilegt eftirlit, vöktun, snemmbæra viðvörun um og baráttu gegn alvarlegum heilsufarsógnum sem ná yfir landamæri, þ.m.t. gerð viðbúnaðar-

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 50, 21.2.2019, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 13.10.2022, bls. 3.

([1]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB frá 29. apríl 2004 um samþykkt almennrar áætlunar um krísustjórnun á sviði matvæla og fóðurs (Stjtíð. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 98).

([3]) Commission Staff Working Document — The REFIT evaluation of the General Food Law (Regulation (EC) No 178/2002) (vinnuskjal framkvæmdastjórnarinnar fyrir starfsfólk — mat á almennum lögum um matvæli innan ramma áætlunarinnar um markvissa og skilvirka löggjöf (REFIT) (reglugerð (EB) nr. 178/2002), SWD(2018)37, dagsett 15.1.2018.

([4]) https://ec.europa.eu/energy/en/group-experts

([5]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtíð. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).

og viðbragðsáætlana í tengslum við þessar aðgerðir, um ógnir af líffræðilegum, efnafræðilegum, umhverfislegum og óþekktum uppruna og um að koma á fót snemmviðvörunar- og viðbragðskerfi (EWRS). Að teknu tilliti til mögulegra tengsla við viðbúnað við krísu og krísustjórnun á sviði matvælakeðjunnar ætti einnig að taka mið af viðeigandi fyrirkomulagi, sem sett er fram í ákvörðun 1082/2013/ESB, í almennu áætluninni.

7) Endurskoða ætti almenna áætlun Sambandsins þannig að hún innihaldi verklagsreglur til að auðvelda samræmingu við landsbundnar viðbragðsáætlanir vegna matvæla og fóðurs sem skal semja í samræmi við 115. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 ([6]) Evrópuþingsins og ráðsins um opinbert eftirlit.

8) Meginmarkmiðið með þessari ákvörðun er að vernda lýðheilsu í Sambandinu. Þess vegna ætti almenna áætlunin að takmarkast við aðstæður sem fela í sér beina eða óbeina áhættu fyrir lýðheilsu í samræmi við 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Áhættur fyrir lýðheilsu geta verið líffræðilegs, efnafræðilegs og eðlisfræðilegs eðlis. Þær taka til hættu af völdum ofnæmisvalda og geislavirkni. Þó er einnig hægt að líta á nálgunina, meginreglurnar og hagnýtu verklagsreglurnar í almennu áætluninni sem leiðbeiningar til að stjórna öðrum matarbornum atvikum þar sem slík áhætta fyrir lýðheilsu er ekki fyrir hendi.

9) Á árinu 2017 framkvæmdi framkvæmdastjórnin innri úttekt hjá „stjórnarsviði heilbrigðis og matvælaöryggis á sviði viðbúnaðar við krísu í tengslum við matvælaöryggi“ (e. *DG SANTE's food safety crisis preparedness*) þar sem vissir veikleikar komu í ljós í fyrirliggjandi almennu áætluninni sem þarf að taka á.

10) Á ráðherraráðstefnunni 26. september 2017 um eftirfylgni vegna fípróníl-tilviksins ([7]) var komist að niðurstöðu í nokkrum málum. Þó að áherslan hafi verið á þetta atvik og svindl eru nokkrar niðurstöður mikilvægar fyrir krísustjórnun vegna matvæla og fóðurs almennt, þ.m.t. að koma á einum tengilið í hverju aðildarríki til að samræma slíka krísustjórnun að því er varðar stjórnsýslu í hverju landi fyrir sig.

11) Því ætti að fella ákvörðun 2004/478/EB úr gildi og ný ákvörðun að koma í hennar stað þar sem sett er fram uppfærð almenn áætlun til að taka tillit til þeirrar reynslu sem hefur fengist síðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB var samþykkt og til að aðlagast nýrri þróun.

12) Í þessari ákvörðun ætti að mæla fyrir um þrepskipta nálgun að því er varðar hvers konar aðstæður ætti að meðhöndla sem krísu, þ.m.t. tengdar viðmiðanir. Ekki er endilega nauðsynlegt að koma á fót krísuteymi, í samræmi við 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, við allar aðstæður sem kunna að falla undir gildissvið 55. gr. en þær gætu samt notið ávinnings af aukinni samræmingu Sambandsins. Þessar viðmiðanir ættu að taka til alvarleika og umfangs atviksins með hliðsjón af áhrifum á lýðheilsu, viðeigandi skynjun neytenda og pólitískri viðkvæmni, einkum ef upptökin eru enn óviss, hvort atvikið var viljandi (t.d. líffræðilegt hryðjuverk eða hliðaráhrif af svindli) og með það að markmiði að skapa krísu (t.d. líffræðilegt hryðjuverk) og endurtekninga á fyrri atvikum sem rekja má til hugsanlegs skorts á fullnægjandi aðgerðum.

13) Samræming milli mismunandi yfirvalda á vettvangi Sambandsins og á landsvísu, viðvörunar- og upplýsingakerfa og rannsóknarstofa er nauðsynleg til að miðla upplýsingum og gera ráðstafanir til að stjórna krísu. Í því tilliti myndi tenging milli snemmviðvörunar- og viðbragðskerfisins og annarra viðvörunar- og upplýsingakerfa á vettvangi Sambandsins, s.s. hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fóður, styrkja nálgunina „ein heilsa“, t.d. með því að samræma starfsemi matvælaöryggisyfirvalda og opinberra heilbrigðisyfirvalda vegna sama atviksins, með því að veita matvælaöryggisyfirvöldum aðgang að upplýsingum sem opinber yfirvöld dreifa um tilvik hjá mönnum.

14) Skilvirk krísustjórnun í matvæla- og fóðurferlinu útheimtir að hagnýtar verklagsreglur um viðbúnað fyrir aukna samræmingu á vettvangi Sambandsins séu þegar til staðar áður en atvik á sér stað.

15) Hagnýtar verklagsreglur fyrir þær aðstæður sem um getur í 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 ættu að vera skýrt skilgreindar til að tryggja snurðulaus og hröð viðbrögð við slíkum aðstæðum. Af sömu ástæðum ætti að mæla fyrir um hlutverk, samsetningu og hagnýta starfsemi krísuteymisins.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

([7]) https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/rasff_fipronil-incident_conclusions_201709.pdf

16) Gagnreynd miðlun í rauntíma til almennings og til viðskiptaaðila er nauðsynleg til að stuðla að því að vernda lýðheilsu með því að komast hjá frekari útbreiðslu áhættu og endurheimta tiltrú á öryggi matvæla eða fóðurs sem hafa ekki orðið fyrir áhrifum af atviki. Þróun meginreglna um gagnsæi og samskiptaáætlun eru því nauðsynlegur hluti krísustjórnunar.

17) Samráð var haft við Matvælaöryggisstofnun Evrópu um þessa almennu áætlun og hún var rædd við aðildarríki í fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*I. KAFLI*

***Almenn ákvæði***

*1. gr.*

**Efni**

1. Með þessari ákvörðun er almennri áætlun um krísustjórnun á sviði öryggis matvæla og fóðurs komið á fót í samræmi við 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

2. Áætlunin tekur til eftirfarandi tvenns konar aðstæðna:

a) aðstæðna sem útheimta aukna samræmingu í Sambandinu og

b) aðstæðna sem útheimta að komið sé á fót krísuteymi þar sem framkvæmdastjórnin sem og viðkomandi aðildarríki og stofnanir Sambandsins koma saman.

3. Í áætluninni eru einnig fastsettar hagnýtar verklagsreglur sem eru nauðsynlegar til að auka viðbúnað og til að stjórna atvikum á vettvangi Sambandsins, þ.m.t. samskiptaáætlun í samræmi við meginregluna um gagnsæi.

*2. gr.*

**Gildissvið**

Almenna áætlunin skal gilda um aðstæður sem hafa í för með sér beinar eða óbeinar áhættur fyrir lýðheilsu sem stafa frá matvælum og fóðri, einkum í tengslum við hvers kyns hættu sem er líffræðilegs, efnafræðilegs og eðlisfræðilegs eðlis í matvælum og fóðri, sem ólíklegt er að unnt sé að koma í veg fyrir, eyða eða draga úr svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una með þeim ákvæðum sem eru í gildi eða sem ekki er unnt að stjórna á fullnægjandi hátt með því að beita eingöngu neyðarráðstöfunum í samræmi við 53. gr. eða 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

*3. gr.*

**Markmið**

Markmiðin með þessari ákvörðun eru að lágmarka umfang og áhrif matar- eða fóðurborinna atvika á lýðheilsu með því að tryggja aukinn viðbúnað og skilvirka stjórnun.

*4. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „atvik“: greining á líffræðilegri, efnafræðilegri eða eðlisfræðilegri hættu í matvælum, fóðri eða hjá mönnum sem gæti leitt til eða bendir til hugsanlegrar áhættu fyrir lýðheilsu vegna váhrifa á fleiri en einn einstakling af völdum sömu hættu, eða aðstæður þar sem fjöldi tilvika hjá mönnum eða greiningar á hættu eru fleiri en áætlaður fjöldi og þar sem tilvik eru tengd eða líklega tengd við sama matvæla- eða fóðurgjafa,

2) „matarborin uppkoma“: [áður: uppkoma matarborins sjúkdóms] eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB ([8]),

3) „samræmandi krísustjórnunar“: einstaklingur og varamaður hans/hennar frá evrópskum stofnunum og frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkja sem gegnir hlutverki eins tengiliðar til að tryggja skilvirk upplýsingaskipti milli allra samstarfsaðila sem taka þátt í samræmingu almennu áætlunarinnar og skilvirkri ákvarðanatöku og framkvæmd aðgerða innan valdheimilda stofnunar hans/hennar.

*II. KAFLI*

***Skipulag og verklagsreglur vegna viðbúnaðar***

*5. gr.*

**Samræmendur krísustjórnunar**

Hvert aðildarríki, Matvælaöryggisstofnun Evrópu og framkvæmdastjórnin skal tilnefna einn samræmanda krísustjórnunar og varamann hans/hennar til að annast verkefnin sem sett eru fram í I. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal halda nöfnum og samskiptaupplýsingum tilnefndra „samræmenda krísustjórnunar“ og varamanna þeirra uppfærðum. Samræmendur krísustjórnunar skulu halda reglulega fundi, a.m.k. árlega, sem framkvæmdastjórnin skipuleggur í þeim tilgangi að kynna framtaksverkefni á vettvangi Sambandsins, miðla landsbundnum viðbragðsáætlunum og annast eftirfylgni og meta stjórnun nýliðinna krísa í samræmi við 22. gr.

*6. gr.*

**Viðvörunar- og upplýsingakerfi**

Framkvæmdastjórnin skal tengja snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið við önnur viðvörunar- og upplýsingakerfi á vettvangi Sambandsins, þ.m.t. hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður. Framlagning gagna gegnum viðvörunarnetkerfin skal samræmd enn frekar.

*7. gr.*

**Rannsóknarstofur**

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu tryggja viðhald netkerfis evrópskra og landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa og annarra opinberra rannsóknarstofa, í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625, sem eru tilbúnar til að veita skjótan hágæðagreiningarstuðning sem krafist er vegna matar- og fóðurborinna hætta sem skipta mestu máli.

*8. gr.*

**Þjálfun, æfingar og nýjustu tól**

Framkvæmdastjórnin skal bjóða upp á framhaldsþjálfunareiningar um viðbúnað við matarborinni krísu, rannsóknir á matarborinni uppkomu og aðra atvikastjórnun innan ramma áætlunar framkvæmdastjórnarinnar „Better Training for Safer Food (BTSF)“ (betri þjálfun fyrir öruggari matvæli) ([9]) sem stuðlar að nálguninni „Ein heilsa“.

Framkvæmdastjórnin skal reglulega skipuleggja hermiæfingar með aðildarríkjunum sem varða atvik sem tengjast matvælum og fóðri, þ.m.t. þættir sem varða samskipti, og með áherslu á viðbúnað og stjórnun tilvika. Viðkomandi stofnanir Sambandsins skulu taka þátt og framkvæmdastjórnin skal gerast aðili að svipuðum æfingum sem stofnanirnar skipuleggja innan valdheimilda sinna. Ef raunverulegt alvarlegt atvik kemur upp getur það komið í stað slíkrar hermiæfingar. Eftir hverja æfingu mun framkvæmdastjórnin leggja fram sértækar niðurstöður á næsta fundi samræmenda krísustjórnunar sem um getur í 5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal annast eftirfylgni með tilhlýðilegum viðbúnaði í aðildarríkjum gegnum viðhald og úttekt á landsbundnum viðbragðsáætlunum fyrir matvæli og fóður.

Framkvæmdastjórnin skal stuðla að notkun á nýjustu tólum á vettvangi Sambandsins, s.s. rakningatækjum, greiningum á sameindafræðilegum tegundum (þ.m.t. raðgreining á öllu genamenginu) og miðlun slíkra niðurstaðna í gagnagrunn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu-Sóttvarnastofnunar Evrópu um sameindafræðilega tegundargreiningu á sjúkdómsvöldum sem greinast í mönnum, dýrum, matvælum, fóðri og matvæla-/fóðurumhverfi.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um vöktun mannsmitanlegra dýrasjúkdóma og smitvalda þeirra, breytingu á ákvörðun ráðsins 90/424/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/117/EBE (Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31).

([9]) https://ec.europa.eu/food/safety/btsf_en

*9. gr.*

**Samfelld söfnun, vöktun og greining á upplýsingum**

Framkvæmdastjórnin skal stöðugt safna, vakta og greina upplýsingar um beinar og óbeinar ógnir sem ná yfir landamæri frá upptökunum sem eru tilgreind í II. viðauka.

*III. KAFLI*

***Aukin samræming á vettvangi Sambandsins***

*10. gr.*

**Aðstæður sem útheimta aukna samræmingu á vettvangi Sambandsins**

1. Við aðstæðurnar sem lýst er í 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin auka samræmingu á vettvangi Sambandsins að því er varðar stjórnun atviks, á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 9. gr. og í nánu samstarfi við viðeigandi áhættumatsaðila Sambandsins.

2. Aukinnar samræmingar á vettvangi Sambandsins skv. 1. mgr. skal krafist ef:

a) um er að ræða

   i. beina eða óbeina áhættu fyrir lýðheilsu af völdum greindrar hættu sem hefur verið staðfest í matvælum eða fóðri í tveimur eða fleiri aðildarríkjum með faraldsfræðileg tengsl (t.d. tilvik hjá mönnum og/eða dauðsföll í mismunandi aðildarríkjum með áreiðanlega greiningarlega eða faraldsfræðilega sönnun um slík tengsl) og/eða rekjanleikatengsl (t.d. dreifing hugsanlega mengaðra matvæla eða fóðurs til mismunandi aðildarríkja),

   eða

   ii. alvarleg hugsanleg áhrif, í tengslum við greindu hættuna, á starfsemi innri markaðarins á sviði matvæla eða fóðurs sem hafa verið staðfest,

   og

b) um er að ræða:

   i. alvarleg áhrif á heilbrigði í tengslum við greinda hættu eða

   ii. ágreining milli aðildarríkja um til hvaða aðgerða skal grípa eða

   iii. erfiðleika við að staðfesta upptök áhættunnar.

3. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og Evrópustofnanirnar geta farið fram á það við framkvæmdastjórnina að hún auki samræmingu sína á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 2. mgr.

*11. gr.*

**Hagnýtar verklagsreglur um aukna samræmingu á vettvangi Sambandsins**

Samræming framkvæmdastjórnarinnar á stjórnun viðeigandi stofnana á atvikinu skal samanstanda af verklagsreglunum sem settar eru fram í V. kafla.

*IV. KAFLI*

***Krísuteymi komið á fót***

*12. gr.*

**Aðstæður sem útheimta að krísuteymi sé komið á fót**

1. Við aðstæðurnar sem lýst er í 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin koma á fót krísuteymi í samræmi við 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 (hér á eftir nefnt „krísuteymið“).

2. Nauðsynlegt er að koma krísuteymi á fót ef:

a) bein eða óbein áhætta fyrir lýðheilsu hefur verið staðfest í tveimur eða fleiri aðildarríkjum sem hefur í för með sér mikla viðkvæmni m.t.t. orðspors, upplifunar eða stjórnmála,

   og

b) um er að ræða

i. alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna, einkum í tilvikum þar sem mörg dauðsföll verða eða búast má við þeim,

eða

ii. endurtekningu á atvikum sem leiða til alvarlegrar áhættu fyrir heilbrigði manna,

eða

iii. grunsemdir eða vísbendingar um líffræðilegt eða efnafræðilegt hryðjuverk eða verulega geislamengun.

*13. gr.*

**Hlutverk krísuteymisins**

1. Krísuteymið skal bera ábyrgð á að þróa hratt, samræma og koma áætlun um viðbrögð við krísu til framkvæmda, þ.m.t. þættir í henni sem varða samskipti. Þegar upptök mengunar hafa verið staðfest skal krísuteymið, með aðstoð Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og, ef nauðsyn krefur, annarra sérfræðinga samræma rekjanleikarannsóknina (fram og til baka) og einnig fylgjast náið með afturköllun og innköllun vara ef matvælum/fóðri sem urðu fyrir áhrifum var dreift milli fleiri aðildarríkja.

2. Hvert aðildarríki sem á í hlut skal bera ábyrgð á framkvæmd rekjanleikarannsókna, afturkallana og innkallana á yfirráðasvæði sínu.

*14. gr.*

**Hagnýtar verklagsreglur fyrir krísuteymið**

1. Til að sinna verkefnunum sem mælt er fyrir um í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og nánar er mælt fyrir um í 8. til 10. gr. þessarar ákvörðunar skulu verklagsreglurnar, sem kveðið er á um í V. kafla þessarar ákvörðunar, gilda til samræmis við það.

2. Meðlimir krísuteymisins skulu stöðugt vera til taks í krísuástandi.

*15. gr.*

**Samsetning og starfsemi krísuteymisins**

1. Krísuteymið skal skipað meðlimum í netkerfi samræmenda krísustjórnunar (eða varamönnum þeirra) frá framkvæmdastjórninni, frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu, a.m.k. frá þeim aðildarríkjum sem málið varðar beint og, ef þörf krefur, sérhæfðum fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar, Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, Sóttvarnastofnunar Evrópu og, ef við á, annarra stofnana Sambandsins og aðildarríkisins eða aðildarríkjanna sem málið varðar beint. Sérfræðingar á sviði samskipta á vegum viðkomandi stofnana á landsvísu og á vettvangi Sambandsins skulu einnig vera hluti af krísuteyminu.

2. Krísuteymið getur einnig íhugað að ráðfæra sig við aðra sérfræðinga eða allt netkerfi samræmenda krísustjórnunar, ef það er nauðsynlegt til að stjórna krísunni, og getur farið fram á varanlega eða tilfallandi aðstoð frá tilteknum sérfræðingum.

3. Samræmandi krísustjórnunar frá framkvæmdastjórninni (eða varamaður hans/hennar) skal gegna formennsku í krísuteyminu. Hann/hún skal tryggja að starfsemi krísuteymisins og úthlutun verkefna til meðlimanna, að teknu tilliti til hæfni þeirra, gangi snurðulaust fyrir sig. Um leið og krísuteyminu hefur verið komið á fót skal formaðurinn bjóða meðlimum úr netkerfi samræmenda krísustjórnunar til fyrsta fundar.

4. Formaðurinn skal tryggja samræmingu milli vinnu krísuteymisins og ákvarðanatökuferlisins. Hann/hún skal njóta aðstoðar viðeigandi tæknisérfræðings eða tæknisérfræðinga frá hlutaðeigandi tæknieiningu(m) hjá framkvæmdastjórninni.

5. Samræmendur krísustjórnunar frá aðildarríkjum sem urðu fyrir áhrifum skulu tryggja þátttöku í fundum, hljóð- og myndfundum krísuteymisins með tilliti til tiltækileika, sérfræðiþekkingar og ábyrgð. Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Sóttvarnastofnun Evrópu og hlutaðeigandi tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins skulu, eins og nauðsyn krefur, veita vísindalega og tæknilega aðstoð innan valdheimilda sinna.

6. Krísuteymið skal bera ábyrgð á að vera í nánu sambandi við og miðla upplýsingum til hlutaðeigandi hagsmunaaðila.

7. Krísuteymið skal bera ábyrgð á að útbúa samræmda samskiptaáætlun gagnvart almenningi og einkum að koma á framfæri gagnreyndum skilaboðum í rauntíma.

8. Framkvæmdastjórnin skal láta í té fullnægjandi skrifstofuaðstöðu til að skipuleggja fundi krísuteymisins (t.d. ritun fundargerða og aðrar stjórnsýsluþarfir) og hafa til reiðu fyrir krísuteymið þann mannafla og búnað sem er nauðsynlegur til að það geti starfað snurðulaust (t.d. fundarherbergi, samskiptamiðlar o.s.frv.). Krísuteymið skal nota þær tæknilegu ráðstafanir sem eru fyrir hendi fyrir viðvörunarnetkerfi sem fyrir eru til að miðla eða dreifa upplýsingum, einkum til að dreifa beiðnum um upplýsingar og til að safna þessum upplýsingum.

*16. gr.*

**Lok krísunnar**

Verklagsreglunum sem mælt er fyrir um í 14. gr. og 15. gr. skal haldið þar til krísan hefur verið leyst.

Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við krísuteymið, ákveða hvort krísan er leyst til fulls eða hvort hægt er að færa hana niður í atvik sem krefst einungis aukinnar samræmingar á vettvangi Sambandsins. Ef slík ákvörðun er tekin skulu allir meðlimir krísuteymisins upplýstir þar að lútandi.

Til viðbótar við upplýsingar sem lagðar eru fram gegnum hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður um vörur sem urðu fyrir áhrifum og ráðstafanir sem gripið var til getur framkvæmdastjórnin farið þess á leit við aðildarríkin að þau leggi fram upplýsingar um ný tilvik hjá mönnum til að meta horfur og taka ákvörðun um lausn krísunnar.

*17. gr.*

**Mat eftir krísu**

Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, a.m.k. eftir hverjar þær aðstæður sem útheimta að krísuteymi sé komið á fót, sem skal innihalda mat eftir atvikið, þ.m.t. samráð við þá sem hlut eiga að málinu og aðra hlutaðeigandi hagsmunaaðila.

Með hliðsjón af matinu skal halda fund með öllum samræmendum krísustjórnunar til að greina þann lærdóm sem hefur mögulega verið dreginn og, eftir því sem við á, draga fram allar nauðsynlegar úrbætur sem þörf er á í tengslum við verklagsreglurnar og tólin sem voru notuð við krísustjórnunina.

*V. KAFLI*

***Verklagsreglur við atvikastjórnun***

*18. gr.*

**Helstu hagnýtu verklagsreglurnar**

Samræming framkvæmdastjórnarinnar á stjórnun viðeigandi stofnunar á atviki skal samanstanda af eftirfarandi, eins og við á:

a) greiningu á gögnunum sem lögð voru fram gegnum viðeigandi hraðviðvörunarkerfi (hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður og/eða snemmviðvörunar- og viðbragðskerfið) til að greina aðstæður sem um getur í 10. eða 12. gr.,

b) þegar aðstæður sem um getur í 10. eða 12. gr. hafa greinst, að staðfesta eyður í gögnum og fara fram á að aðildarríki eða hagsmunaaðilar leggi fram viðbótarupplýsingar gegnum viðeigandi hraðviðvörunarkerfi og framkvæma rakningu fram og til baka á viðkomandi matvælum og fóðri,

c) að skipuleggja mynd- eða hljóðfundi með hlutaðeigandi aðildarríkjum, stofnunum Sambandsins (Matvælaöryggisstofnun Evrópu og ef við á Sóttvarnastofnun Evrópu og öðrum matsaðilum), viðeigandi tilvísunarrannsóknarstofum Evrópusambandsins, sérfræðingum, þ.m.t. netkerfi samræmenda krísustjórnunar sem um getur í 5. gr., og, ef þörf krefur, að auki með fulltrúum matvælaöryggis og lýðheilsu,

d) að samræma, ásamt aðildarríkjum og stofnunum Sambandsins, frummat á áhrifum á lýðheilsu,

e) að samræma samskiptaleiðir og aðgerðir milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkja og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og, ef við á, annarra stofnana Sambandsins, viðskiptaaðila og annarra viðeigandi hagsmunaaðila,

f) að senda sérfræðinga á vettvang, þegar þörf krefur, til stuðnings við rannsóknirnar,

g) eftir aðstæðum, að nota hluta af eða allt netkerfi samræmenda krísustjórnunar til að safna og dreifa upplýsingum og til að samræma viðeigandi aðgerðir sem getið er um.

*19. gr.*

**Hagnýtar viðbótarverklagsreglur**

Framkvæmdastjórnin skal, ásamt Matvælaöryggisstofnun Evrópu og, ef við á, Sóttvarnastofnun Evrópu, þar að auki þróa nokkrar viðbótarverklagsreglur og tól til að styðja við að atvikið sé leyst eins fljótt og auðið er og takmarka áhrif þess á lýðheilsu. Þessar verklagsreglur geta m.a. innihaldið eftirfarandi:

a) flýtigreiningu á eiginleikum og hraða sannkenningu á upptökum faraldra með því að viðhalda og nota gagnagrunn fyrir sameindafræðilega tegundargreiningu á sjúkdómsvöldum sem hafa greinst í mönnum, dýrum, matvælum og fóðri,

b) ef um er að ræða líffræðilega hættu, sameiginleg flýtimöt Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og Sóttvarnastofnunar Evrópu á uppkomu samkvæmt samþykktri staðlaðri verklagsreglu,

c) ramma fyrir skyndimat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu á efnafræðilegri áhættu,

d) verklagsreglur til að vakta áhrif aðgerða sem gripið er til.

*VI. KAFLI*

***Samskipti***

*20. gr.*

**Gagnsæi og samskipti**

Sértækar reglur um þagnarskyldu, sem kveðið er á um í 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, skulu gilda um upplýsingaskipti sem fara fram samkvæmt hraðviðvörunarkerfinu fyrir matvæli og fóður. Ef áhætta greinist skulu samskiptin, með framvirkum og afturvirkum hætti, fyrst og fremst fjalla um spurningar sem vakna hjá fréttamiðlum, almenningi eða viðskiptaaðilum um hættur sem greinst hafa, áhættuna sem af þeim stafar og ráðstafanir sem gripið hefur verið til.

*21. gr.*

**Samskiptaáætlun fyrir öll atvik**

1. Við atvik skal framkvæmdastjórnin, sem hluti af viðbrögðunum, samræma skýrar, markvissar og skilvirkar upplýsingar til almennings um mat og stjórnun áhættunnar, þ.m.t. óvissa. Upplýsingar til almennings skulu vera tímanlegar, traustar, áreiðanlegar og samræmdar milli Sambandsins og aðildarríkja þess. Framkvæmdastjórnin, Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Sóttvarnastofnun Evrópu og aðildarríki skulu samræma samskipti sín á gagnsæjan hátt til að komast hjá misvísandi skilaboðum og mótsagnakenndum upplýsingum.

2. Sem hluti af samræmingunni skulu framkvæmdastjórnin, Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Sóttvarnastofnun Evrópu og aðildarríkin, í tilvikum þar sem um sérstakar valdheimildir þeirra síðastnefndu er að ræða, tilkynna hvert öðru fyrirfram um fyrirhugaðar tilkynningar sem skipta þau máli og sem varða uppkomuna (t.d. með hljóðfundum). Þar að auki skulu aðildarríkin tafarlaust upplýsa stjórnendur matvælafyrirtækja sem urðu fyrir áhrifum um leið og áreiðanlegum sönnunum um möguleg upptök uppkomu hefur verið safnað.

3. Til að tryggja samræmingu að því er varðar áhættukynningu skulu samræmendur krísustjórnunar upplýsa aðildarríki sín. Framkvæmdastjórnin skal halda fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður og heilbrigðisöryggisnefndinni upplýstri um stjórnun krísunnar og samskiptaáætlun sína.

4. Nota skal alþjóðlegt netkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir matvælaöryggisyfirvöld (e. *International Food Safety Authorities Network*) (INFOSAN) þegar hættan sem á í hlut hefur áhrif á viðskipti frá eða til þriðju landa, með fyrirvara um þörf fyrir frekari tvíhliða skipti á upplýsingum við viðskiptaaðila og lögbær yfirvöld í þriðju löndum.

5. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu veita viðkomandi alþjóðastofnunum, s.s. Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, viðbótarupplýsingar eins og við á.

6. Í I. viðauka er mælt fyrir um ítarleg verkefni á sviði samskipta í krísu innan netkerfis samræmenda krísustjórnunar.

*22. gr.*

**Sérstök samskiptaáætlun krísuteymisins**

1. Ef um er að ræða aðstæður sem útheimta að krísuteymi sé komið á fót skal krísuteymið samræma samskiptin og þróa tafarlaust sérstaka samskiptaáætlun til að halda almenningi upplýstum um áhættur og ráðstafanir sem gripið er til. Framkvæmdastjórnin skal útbúa staðlað sniðmát fyrir slíka áætlun. Í samskiptaáætluninni skal auðkenna mikilvægustu skilaboðin fyrir helstu markhópana og mikilvægustu samskiptaleiðirnar til að dreifa þeim.

2. Samskiptaáætlunin skal, með notkun hagnýtu verklagsreglnanna sem um getur í V. kafla, miða að því að upplýsa almenning og rekstraraðila, þ.m.t. viðskiptafélaga á matvælasviði, með:

a) samræmdum og samhæfðum skilaboðum,

b) virkum samskiptum um áhætturnar,

c) því að leggja áherslu á yfirstandandi rannsóknir og varúðarráðstafanir þegar upptökin eru óviss,

d) því að láta í té áreiðanlegar sannanir (niðurstöður greininga, faraldsfræðilegar vísbendingar o.s.frv.) sem styðja afstöður og ráðstafanir sem gripið hefur verið til,

e) því að láta í té tryggingar að því er varðar öryggi vara sem krísan hefur ekki áhrif á, þ.m.t. með því að tilgreina með skýrum hætti hvaða tegund eða tegundir vara urðu fyrir áhrifum og hverjar ekki,

f) því að láta í té skilaboð um árangursríkar ráðstafanir og niðurstöður sem náðst hafa á grundvelli áreiðanlegra sannana: t.d. auðkenning og afturköllun framleiðslulota, sem urðu fyrir áhrifum, vegna skilvirkrar rannsóknar.

3. Aðildarríki sem atvikið hefur bein áhrif á og meðlimir krísuteymisins skulu leggja sig fram um að tryggja að samskipta-aðgerðir þeirra séu í samræmi við samskiptaáætlunina sem krísuteymið samþykkti.

4. Samskiptaáætlunin skal fela í sér að komið verði á viðeigandi samskiptum við hlutaðeigandi lönd utan Sambandsins til að veita þeim skýrar, nákvæmar og samfelldar upplýsingar um hvernig stjórnun viðkomandi krísu þróast.

*VII. KAFLI*

***Lokaákvæði***

*23. gr.*

**Áætlun til margra ára**

Framkvæmdastjórnin skal semja fimm ára áætlun, sem skal uppfærð á fimm ára fresti eftir það á grundvelli staðfestra þarfa, til að koma almennu áætluninni til framkvæmda.

*24. gr.*

**Niðurfelling**

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/478/EB er felld úr gildi.

*25. gr.*

**Gildistaka**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

**Verkefni samræmenda krísustjórnunar í samræmi við 5. gr.**

**Almenn verkefni**

Samræmandi krísustjórnunar í hverju aðildarríki skal gegna hlutverki eins tengiliðar til að tryggja:

— samræmingu ef um er að ræða matar- eða fóðurborin atvik eða krísu á landsvísu,

— skilvirka notkun viðvörunarnetkerfa við atvik eða í krísuástandi,

— kynningu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, á viðkomandi landsbundinni viðbragðsáætlun á fundum samræmenda krísustjórnunar,

— þátttöku og eftirfylgni á hljóðfundum sem framkvæmdastjórnin skipuleggur við aukna samræmingu eða í krísuástandi,

— veitingu endurgjafar á fundinum, þegar krísu er lokið, um hugsanlega annmarka og svið sem mætti bæta,

— að sterkum tengslum sé komið á milli samræmenda krísustjórnunar og byggt upp traust meðal samstarfsaðila með miðlun reynslu,

— þátttöku í landsbundnum og evrópskum hermiæfingum, þ.m.t. þær sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu og aðrar evrópskar stofnanir skipuleggja.

**Verkefni á sviði samskipta í krísu**

Samræmendur krísustjórnunar skulu einnig, innan valdheimilda sinna, bera ábyrgð á samræmingu samskipta í krísu á landsvísu og á vettvangi Sambandsins, t.d. varðandi ráðstafanir sem gripið hefur verið til, heilbrigðistengd tilmæli o.s.frv.

Verkefni á sviði samskipta fela í sér eftirfarandi:

— að tryggja meginreglur um gagnsæi og samskiptaáætlun sem mælt er fyrir um í VI. kafla á landsvísu,

— aðstoð við að skilgreina heildarsamskiptaáætlun til að hafa stjórn á matar- eða fóðurbornum atvikum eða krísu,

— að veita sérfræðiþekkingu á sviði samskipta í krísu og leiðbeiningar til þeirra sem taka ákvarðanir, t.d. um hvernig á að kynna ráðstafanir sem varða heilbrigði manna fyrir almenningi,

— útfærslu á mikilvægum skilaboðum/markaðri stefnu samstarfsaðila við atvik eða í krísuástandi gegnum sérstök netkerfi eða hljóðfundi,

— miðlun mikilvægra skilaboða með samfélagsmiðlum og öðrum tólum (t.d. sérstök vefsíða) þ.m.t., þegar þörf krefur, samskiptanet sérfræðinga Matvælaöryggisstofnunar Evrópu,

— vöktun á viðbrögðum fjölmiðla og upptökum almenningsálits (t.d. samfélagsmiðlar) við atvik eða í krísuástandi og skila skýrslu til samskiptanetsins,

— að samræma eftirspurnardrifin samskiptatól (t.d. algengar spurningar, ábendingalínur o.s.frv.),

— að tryggja samræmi við áhættumöt Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og Sóttvarnastofnunar Evrópu, þ.m.t. sameiginleg flýtimöt á uppkomum, og tengdar samskiptaaðgerðir,

— samráð um samskipti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og Sóttvarnastofnunar Evrópu í krísuástandi sem tengist vísindalegri áhættukynningu áður en hún er birt.

———

*II. VIÐAUKI*

**Heimildir til upplýsingaöflunar um atvik sem um getur í 9. gr.**

Framkvæmdastjórnin skal stöðugt vakta og safna upplýsingum frá:

1) hraðviðvörunarkerfinu fyrir matvæli og fóður, eins og um getur í 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

2) snemmviðvörunar- og viðbragðskerfinu, þar sem við á, eins og um getur í 8. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB ([1]),

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, þ.m.t. frá vísindalegum netkerfum hennar ([2]),

4) Sóttvarnastofnun Evrópu, þ.m.t. frá kerfinu til miðlunar faraldursupplýsinga (EPIS) ([3]), samskiptavettvangi sem gerir tilnefndum lýðheilsusérfræðingum og matvælaöryggissérfræðingum kleift að skiptast á tæknilegum upplýsingum til að meta hvort núverandi og nýtilkomin ógn við lýðheilsu hafi mögulega áhrif í Evrópu,

5) sameiginlegu gagnasafni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu/Sóttvarnastofnunar Evrópu um sameindafræðilega tegundargreiningu,

6) árlegri yfirlitsskýrslu Sambandsins um horfur og upptök sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, smitvalda sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og uppkomu matarborinna sjúkdóma ([4]),

7) fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður (PAFF) ([5]),

8) netkerfi evrópskra (EURL) og landsbundinna (NRL) tilvísunarrannsóknarstofa ([6]),

9) heilbrigðisöryggisnefndinni (HSC) ([7]),

10) upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit, fyrirhuguðu tölvukerfi sem samþættir og, ef nauðsyn krefur, uppfærir öll viðeigandi upplýsingakerfi sem fyrir eru sem framkvæmdastjórnin hefur umsjón með í samræmi við 131. til 136. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,

11) Boðkerfi Evrópusambandsins vegna geislavár (ECURIE),

12) beinum samskiptum við aðrar stofnanir Sambandsins en Matvælaöryggisstofnun Evrópu (s.s. Sóttvarnastofnun Evrópu, Efnastofnun Evrópu, Lyfjastofnun Evrópu), aðildarríkjum og hagsmunaaðilum í einkageiranum,

viðeigandi alþjóðastofnunum, s.s. Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, einkum gegnum alþjóðlegt netkerfi matvælaöryggisyfirvalda (INFOSAN) ([8]) og í tengslum við alþjóðaheilbrigðisreglugerðir ([9]) og framtaksverkefnið um alþjóðlegt heilbrigðisöryggi (e. *Global Health Security Initiative*) ([10]).

---

([1]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtíð. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).
([2]) http://efsa.europa.eu/en/science/wgs-and-networks
([3]) https://ecdc.europa.eu/en/publications-data/epidemic-intelligence-information-system-epis
([4]) Nýjasta útgáfa: http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/4634
([5]) https://ec.europa.eu/food/committees/paff_en
([6]) https://ec.europa.eu/food/safety/official_controls/legislation/ref-labs_en
([7]) https://ec.europa.eu/health/preparedness_response/risk_management/hsc_en
([8]) http://www.who.int/foodsafety/areas_work/infosan/en/
([9]) http://www.who.int/topics/international_health_regulations/en/
([10]) http://www.ghsi.ca/english/index.asp

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2166** **2024/EES/11/18**

**frá 3. desember 2021**

**um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Teknol Aqua 1411-01 í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012**

*(tilkynnt með númeri C(2021) 8694)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 36. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Hinn 14. september 2018 lagði fyrirtækið Teknos A/S (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir lögbær yfirvöld í nokkrum aðildarríkjum, þ.m.t. Þýskalandi, í samræmi við 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um samhliða gagnkvæma viðurkenningu á sæfivörunni Teknol Aqua 1411-01, sem inniheldur virku efnin 1-[[2-(2,4-díklórfenýl)-4-própýl-1,3-díoxólan-2-ýl]metýl]-1H-1,2,4-tríasól (própíkónasól) og 3-joðó-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) (hér á eftir nefnt sæfivaran). Sæfivaran er ætluð til notkunar sem rotvarnarefni fyrir við sem er notaður innanhúss (notkunarflokkur 2 ([2])) og sem rotvarnarefni fyrir við sem er notaður utanhúss en er ekki í snertingu við jörð (notkunarflokkur 3 ([2])). Danmörk er tilvísunaraðildarríkið sem ber ábyrgð á matinu á umsókninni, eins og um getur í 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

2) Sæfivaran inniheldur mjög lítinn styrk þriggja óvirkra efna sem eru einliðuleifar úr kísilýrulausninni sem er bætt við sem froðueyði í framleiðsluferlinu: oktametýlsýklótetrasíloxan (D4) í styrknum 0,000024% (massahlutfall), dekametýlsýklópentasíloxan (D5) í styrknum 0,000054% (massahlutfall) og dódekametýlsýklóhexasíloxan (D6) í styrknum 0,00008% (massahlutfall). D4, D5 og D6 hafa verið sanngreind ([3]) sem þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð (PBT-efni) og mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli (vPvB-efni) í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([4]).

3) Hinn 5. nóvember 2020 vísaði Þýskaland andmælum skv. 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 til samræmingarhópsins og tilgreindi að sæfivaran uppfylli ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í iv. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar fyrir notkunarflokk 3. Vísunin var rædd á fundi samræmingarhópsins 25. nóvember 2020.

4) Hinn 5. janúar 2021 vísaði Danmörk óleystu andmælunum til framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þar eð ekki náðist samkomulag innan samræmingarhópsins. Danmörk lét framkvæmdastjórninni í té ítarlega yfirlýsingu um það atriði sem aðildarríkin náðu ekki samkomulagi um og ástæðurnar fyrir ósamkomulagi þeirra. Sú yfirlýsing var send hlutaðeigandi aðildarríkjum og umsækjandanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 437, 7.12.2021, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 13.10.2022, bls. 12.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

([2]) Notkunarflokkarnir eru skilgreindir í Evrópustaðlinum CSN EN 335 - Durability of wood and wood-based products – Use classes: definitions, application to solid wood and wood-based products.

([3]) ECHA-ákvörðun ED/61/2018: https://echa.europa.eu/documents/10162/61ac8d81-6ea2-6ad0-ffef-95037c9182ce

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

5) Þýskaland lítur svo á að beiting 48. liðar VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 ætti að verða til þess að matsaðilinn komist að þeirri niðurstöðu að sæfivaran uppfylli ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í iv. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar. Í 48. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er gefið til kynna að matsaðilinn skuli komast að þeirri niðurstöðu að sæfivaran uppfylli ekki þá viðmiðun sem mælt er fyrir um í iv. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar ef sæfivaran inniheldur eitthvað efni sem gefur tilefni til áhyggna sem uppfyllir viðmiðunina um að hafa eiginleika sem PBT-efni eða vPvB-efni í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 nema sýnt sé fram á með vísindalegum hætti að við viðeigandi vettvangsaðstæður sé ekki um óviðunandi áhrif að ræða. Þýskaland lítur svo á að D4, D5 og D6 séu efni sem gefa tilefni til áhyggna eins og skilgreint er í f-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og af því að ekki sé hægt að leiða út nein örugg viðmiðunargildi þar sem losun PBT- og vPvB-efna út í umhverfið geti talist viðunandi verði að líta svo á að öll losun þessara efna út í umhverfið hafi óviðunandi áhrif. Því færir Þýskaland rök fyrir því að þar eð búast megi við útskolun sæfivörunnar út í umhverfið að hluta til vegna veðrunar viðarins, að því er varðar notkunarflokk 3, þá ætti ekki að leyfa þá notkun.

6) Danmörk færir rök fyrir því að þar eð styrkur D4, D5 og D6 í sæfivörunni sé mjög lítill (samanlagður styrkur allra þriggja efnanna er 0,000158% (massahlutfall)) muni tilvist þeirra í vörunni ekki leiða til óviðunandi umhverfisáhrifa. Við framleiðslu á sæfivörunni eru auk þess, samkvæmt upplýsingunum frá umsækjandanum, engir viðeigandi staðgöngukostir til sem stendur fyrir froðueyðinn sem inniheldur þessi óhreinindi.

7) Í 1. og 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 er mælt fyrir um kröfur um leyfi fyrir efnum sem eru skráð í XIV. viðauka við þá reglugerð. Í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er einnig að finna efni með PBT- og vPvB-eiginleika. Hins vegar er í 6. mgr. 56. gr. þeirrar reglugerðar mælt fyrir um að krafan um leyfi nái ekki til efna sem eru sanngreind sem PBT- eða vPvB-efni þegar þau efni eru fyrir hendi í blöndum í styrk undir 0,1% (massahlutfall).

8) Enn fremur er kveðið á um í leiðbeiningum Efnastofnunar Evrópu um reglugerð (EB) nr. 1907/2006, „Guidance on Information Requirements and Chemical Safety Assessment“ (Leiðbeiningar um upplýsingakröfur og efnaöryggismat), kafla R.11: „PBT/vPvB assessment“ (Mat á PBT-/vPvB-eiginleikum), ([5]) að innihaldsefni, óhreinindi og aukefni skuli almennt teljast skipta máli við mat á PBT-/vPvB-eiginleikum þegar þau eru fyrir hendi í styrk sem nemur minnst 0,1% (massahlutfall). Samkvæmt því leiðbeiningarskjali byggjast 0,1% mörkin (massahlutfall) á viðtekinni venju, sem er viðurkennd í löggjöf Sambandsins, sem felst í því að nota þau mörk sem almenna viðmiðun. Í sama leiðbeiningarskjali er einnig tekið fram að hækka megi eða lækka þetta viðmiðunargildi í hverju tilviki fyrir sig.

9) Í ritinu „Guidance on the Biocidal Products Regulation“ (Leiðbeiningar um reglugerðina um sæfivörur), V. bindi, „Guidance on applications for technical equivalence“ (Leiðbeiningar um tæknilegt jafngildi) ([6]) frá Efnastofnun Evrópu er kveðið á um að PBT- og/eða vPvB-eiginleikar óhreininda séu venjulega metnir þegar óhreinindi eru fyrir hendi í a.m.k. 0,1% styrk (massahlutfall) og það sé einungis þegar farið er yfir það viðmiðunargildi sem tillit sé tekið til áhrifa PBT- og/eða vPvB-eiginleika óhreinindanna.

10) Þar af leiðandi er 0,1% styrkleikamörkum (massahlutfall) beitt í þeim tilgangi að gera tæknilegt jafngildismat með tilliti til PBT- og/eða vPvB-eiginleika óhreininda samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og til að ákvarða hvort innihaldsefni, óhreinindi og aukefni skipti máli fyrir mat á PBT-/vPvB-eiginleikum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1907/2006.

11) Í f-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er kveðið á um skilgreiningu á efni sem gefur tilefni til áhyggna og þar er sérstaklega tekið fram að efnið sé til staðar eða verði til í sæfivöru í nægjanlegum styrk til að það valdi áhættu.

12) Eins og fram kemur í leiðbeiningum ([7]) sem lagðar voru fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkjanna vegna framkvæmdar á reglugerð (ESB) nr. 528/2021 í júní 2021 telur framkvæmdastjórnin, af ástæðum sem varða samræmi við nálgunina sem fylgt er við tæknilega jafngildismatið með tilliti til PBT- og/eða vPvB-eiginleika óhreininda samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og til að ákvarða hvort efnisþættir, óhreinindi og aukefni skipti máli fyrir mat á PBT-/vPvB-eiginleikum

([5]) Útgáfa 3.0 frá júní 2017 https://echa.europa.eu/documents/10162/17224/information_requirements_r11_en.pdf/a8cce23f-a65a-46d2-ac68-92fee1f9e54f

([6]) Útgáfa 2.0 frá júní 2018 https://echa.europa.eu/documents/10162/2324906/information_requirements_r11_en.pdf/18f72d37-98b6-47c8-98bb-941afeff6968

([7]) Drög að athugasemd til samþykktar af hálfu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á sæfivörum. Flokkun sæfivöru sem inniheldur óvirkt efni sem uppfyllir viðmiðanirnar um að vera PBT- eða vPvB-efni (CA-June21-Doc.4.3_final), https://circabc.europa.eu/w/browse/534d6f76-bbfd-432b-b99b-d567d7f827f1

samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1907/2006, að beita skuli þessum sömu 0,1% (massahlutfall) styrkleikamörkum til að ákvarða hvort efni, sem er sanngreint sem efni með PBT- og/eða vPvB-eiginleika í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og er í sæfivöru, sé efni sem gefur tilefni til áhyggna. Af þessu leiðir að líta ætti á efni sem er sanngreint sem efni með PBT- og/eða vPvB-eiginleika og er í sæfivöru sem efni sem gefur tilefni til áhyggna ef styrkur þess í sæfivörunni er 0,1% (massahlutfall) eða meiri. Ef sæfivaran inniheldur fleiri en eitt efni sem er sanngreint sem efni með PBT- og/eða vPvB-eiginleika í styrk undir 0,1% (massahlutfall) hvert fyrir sig ættu styrkleikamörkin að teljast gilda um efnahópinn. Lögbæru yfirvöldin voru sammála afstöðu framkvæmdastjórnarinnar.

13) Heildarstyrkur D4, D5 og D6 í sæfivörunni er umtalsvert lægri en 0,1% (massahlutfall). Við mat á sæfivörunni ættu þessi óvirku efni því ekki að teljast vera efni sem gefa tilefni til áhyggna. Þar eð efnin D4, D5 og D6 eru hvorki efni sem gefa tilefni til áhyggna né umbrots-, niðurbrots- eða myndefni sem skipta máli gildir 48. liður VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 ekki að því er varðar mat á sæfivörunni í tengslum við tilvist þessara efna í henni.

14) Hinn 9. ágúst 2021 gaf framkvæmdastjórnin umsækjandanum færi á að leggja fram skriflegar athugasemdir í samræmi við 2. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sem framkvæmdastjórnin tók síðan tillit til.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Þessi ákvörðun gildir um sæfivöruna sem er auðkennd með málsnúmerinu BC-FB042589-47 í sæfivöruskránni.

*2. gr.*

Tilvist óvirku efnanna oktametýlsýklótetrasíloxans (D4), dekametýlsýklópentasíloxans (D5) og dódekametýlsýklóhexasíloxans (D6) í heildarstyrk undir 0,1% (massahlutfall) í sæfivörunni sem um getur í 1. gr. leiðir ekki af sér að sæfivaran hafi óviðunandi áhrif á umhverfið í skilningi iv. liðar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. desember 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Stella KYRIAKIDES

*framkvæmdastjóri.*

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/146** **2024/EES/11/19**

**frá 1. febrúar 2022**

**um að ákvarða hvort vara sem inniheldur alkýl(C12–16)-dímetýlbensýlammóníumklóríð sé sæfivara skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 3. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Hinn 2. júlí 2020 fór Danmörk þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún tæki ákvörðun um hvort vara sem inniheldur alkýl($C_{12-16}$)-dímetýlbensýlammóníumklóríð (ADBAC/BKC ($C_{12}$-$C_{16}$)) í styrknum 2,4% og sem framleiðandinn setur á markað í Danmörku sem langverkandi hreinsiefni til að fjarlægja lagskipta uppsöfnun á timbri, múrsteinahleðslum, þakskífum, gangstéttarsteinum og öðrum flötum (hér á eftir nefnd varan) sé sæfivara eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

2) Alkýl($C_{12-16}$)-dímetýlbensýlammóníumklóríð (ADBAC/BKC ($C_{12}$-$C_{16}$)) er skráð í II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum. ADBAC/BKC ($C_{12}$-$C_{16}$) er í endurskoðunaráætluninni, meðal annars fyrir vörur í vöruflokki 2, þ.e. „sótthreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr“, eins og skilgreint er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012. Því inniheldur varan virkt efni eins og skilgreint er í c-lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Eins og fram kemur í dómi Dómstólsins frá 19. desember 2019 í máli C-592/18 *Darie* ([3]) er hugtakið „sæfivara“ í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012) víðtækt [...]. Sú víðtæka túlkun er studd af markmiðinu sem er sett fram í 1. gr. þeirrar reglugerðar á grundvelli varúðarreglunnar um að „hátt verndarstig, bæði fyrir heilbrigði manna og dýra og fyrir umhverfið“ sé tryggt“ ([4]).

4) Eins og Dómstóllinn benti einnig á er flokkun sem sæfivara í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 meðal annars háð þeirri staðreynd að vörunni „er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti“ ([5]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 24, 3.2.2022, bls. 133. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 13.10.2022, bls. 13.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Dómur Evrópudómstólsins frá 19. desember 2019, Darie, C-592/18, ECLI:EU:C:2019:1140.

([4]) Sjá C-592/18 *Darie*, sama heimild, 42. mgr.

([5]) Sjá C-592/18 *Darie*, sama heimild, 32. mgr.; sjá einnig dóm Dómstólsins frá 14. október 2021, *Biofa*, C-29/20, ECLI:EU:C:2021:843, 26. mgr.

5) Í dómi sínum frá 19. desember 2019 í máli C-592/18 *Darie* lagði Dómstóllinn einnig áherslu á að þvotta- og hreinsiefni væru ekki undanþegin gildissviði reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Enn fremur er hægt, eins og sjá má af 21. forsendu reglugerðar (EB) nr. 648/2004, að lýsa vöru sem bæði þvotta- og hreinsiefni í skilningi 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar og sem sæfivöru í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 528/2012 ([6]). Hvað sem öðru líður má líta svo á að vara sé sæfivara í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 óháð því hvort hún fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 648/2004 ([7]).

6) Ef sú staðreynd að framleiðandi fullyrðir að vara sé hreinsivara nægði til að komast að þeirri niðurstöðu að sú vara hafi engan sæfandi tilgang og sé því ekki sæfivara væri auðvelt að sniðganga kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og grafa undir markmiðunum með henni. Slík nálgun myndi ganga gegn túlkuninni á hugtakinu sæfivara sem Dómstóllinn setti fram. Því ætti að taka tillit til allra upplýsinga frá framleiðanda, frá dreifingaraðilum og á sölustöðum til að meta hvort vara sé sett á markað til að veita sæfandi virkni í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 528/2012.

7) Innihald virkra efna yfir tilteknum styrk í vöru gefur í raun til kynna að vörunni er ætlað að verjast einni eða fleiri skaðlegum lífverum. Því getur slíkur styrkur veitt umtalsverða vísbendingu um að varan sé sett á markað til að veita sæfandi virkni í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 528/2012.

8) Samkvæmt upplýsingunum sem Danmörk lagði fram inniheldur varan virka efnið ADBAC/BKC ($C_{12}$-$C_{16}$) í styrknum 2,4% og hægt er að nota hana óþynnta eða þynnta til helminga og þessum styrk svipar til styrksins fyrir sama virka efnið í þörungaeyðandi sæfivörum sem eru leyfðar í Hollandi þegar þær síðarnefndu eru þynntar í samræmi við notkunarleiðbeiningarnar sem um þær gilda.

9) Samkvæmt upplýsingunum sem Danmörk lagði fram lýsir framleiðandinn vörunni sem langverkandi hreinsiefni til að fjarlægja lagskipta uppsöfnun af timbri, múrsteinahleðslum, þakskífum, gangstéttarsteinum og öðrum yfirborðsflötum og tilgreinir í tæknigagnablaðinu að varan skuli einungis notuð utanhúss. Framleiðandinn tekur einnig fram að mjög óhreina yfirborðsfleti skuli fyrst hreinsa með þvotta- og hreinsiefni frá sama framleiðanda áður en yfirborðsflöturinn er meðhöndlaður með vörunni. Danmörk lagði einnig fram upplýsingar frá dreifingaraðila og frá sölustöðum á netinu. Dreifingaraðilinn heldur því fram að varan brjóti niður vöxt og veiti vernd gegn endurvexti. Samkvæmt dreifingaraðilanum er hægt að sjá slíkan vöxt sem græna uppsöfnun á yfirborðsfletinum eða sem dökka bletti, einkum á stöðum þar sem tré eða runnar skyggja á sólina eða á hliðum sem snúa í norður, og þar sem raki er mikill. Dreifingaraðilinn tilgreinir að þessi uppsöfnun á vexti skemmi ekki timbrið með beinum hætti, en dreifi sér og verði að samfelldri fyrirferð sem kemur í veg fyrir að raki sleppi út. Á sölustað á netinu er því haldið fram að varan hafi fyrirbyggjandi áhrif. Danmörk lagði einnig fram að á öðrum sölustað á netinu sé varan í flokki vara sem eru ætlaðar til að hreinsa við, hellulagnir og þök og sem er lýst þannig að þær hafi bein áhrif á þörunga á yfirborðsflötum.

10) Því lítur út fyrir að vörunni sé ætlað að koma í veg fyrir og verjast vexti óvelkominna þörunga sem uppfylla skilgreininguna á skaðlegum lífverum eins og sett er fram í g-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

11) Þar eð varan inniheldur virkt efni og henni er ætlað að verjast skaðlegri lífveru með verkunarhætti sem er ekki einvörðungu efnislegur eða vélrænn ætti að líta á vöruna sem sæfivöru eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 528/2012.

12) Þar eð vöruflokkur 2, eins og hann er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012, nær yfir vörur sem eru notaðar sem þörungaeyðar sem ekki eru ætlaðir til þess að bera beint á menn eða dýr ætti varan að falla undir vöruflokk 2.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

([6]) Sjá C-592/18 *Darie*, sama heimild, 48. mgr.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni (Stjtíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Vara sem inniheldur virka efnið alkýl($C_{12-16}$)-dímetýlbensýlammóníumklóríð í styrknum 2,4% og er, á grundvelli upplýsinga frá framleiðanda eða frá dreifingaraðilum, ætluð til notkunar gegn þörungum, skal teljast sæfivara í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og falla undir vöruflokk 2 eins og hann er skilgreindur í V. viðauka við þá reglugerð.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/665** **2024/EES/11/20**

**frá 17. apríl 2019**

**um breytingu á ákvörðun 2005/270/EB þar sem mælt er fyrir um eyðublöð fyrir gagnagrunnskerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang**

*(tilkynnt með númeri C(2019) 2805)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang ([1]), einkum 5. gr. (4. mgr.), 6. gr. a (9. mgr.) og 12.gr. (3. mgr. d),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í tilskipun 94/62/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/852 ([2]), er mælt fyrir um almennar reglur um útreikning á árangri við að ná markmiðum um endurvinnslu umbúðaúrgangs fyrir árin 2025 og 2030. Í henni er þess krafist að aðildarríkin gefi framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd á endurvinnslu-markmiðunum fyrir hvert almanaksár í samræmi við snið sem framkvæmdastjórnin ákvarðar.

2) Breyta ætti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/270/EB ([3]) til að aðlaga ákvæði hennar að nýju reglunum í tilskipun 94/62/EB að því er varðar útreikning á árangri við að ná markmiðunum sem mælt er fyrir um í 5. gr. (2. mgr.) að því er varðar möguleikann á að taka til greina endurnotanlegar söluumbúðir, í 5. gr. (3. mgr.) varðandi viðarumbúðir sem eru lagfærðar til endurnotkunar og í 6. gr. a, sem og breytingar á 12. gr., um skýrslugjöf.

3) Með reglum um útreikning á árangri við að ná markmiðum fyrir umbúðir og umbúðaúrgang fyrir 2025 og 2030, sem komið var á með 1. og 2. mgr. 6. gr. a í tilskipun 94/62/EB, er skýrt nánar að einungis ætti að nota úrgang sem kemur inn í endurvinnsluaðgerð [áður: endurvinnsluferli] eða úrgang sem hefur náð lokum úrgangsfasa við útreikning á markmiðum um endurvinnslu og almenna reglan ætti að vera sú að mælingar á úrgangi fari fram þar sem hann kemur inn í endurvinnsluaðgerð. Til að tryggja samræmda beitingu reglna um útreikninga og samanburðarhæfi gagna ætti að tilgreina útreikningspunkta fyrir helstu umbúðaefniviði og endurvinnsluaðgerðir.

4) Í því skyni að tryggja samræmda skýrslugjöf um málma sem eru aðgreindir eftir brennslu á umbúðaúrgangi og endurvinnslu í háum gæðaflokki er nauðsynlegt að fastsetja sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á magni þessara málma. Í aðferðafræðinni ætti eingöngu að hafa hliðsjón af málminnihaldi efniviða sem eru aðskildir frá botnösku úr brennslu til endurvinnslu í málma og tryggja ætti að einungis verði tekið tillit til málma sem koma úr brennslu á umbúðaúrgangi.

5) Samkvæmt 3. og 8. mgr. 6. gr. a í tilskipun 94/62/EB verða gögn sem eru reiknuð út og skýrsla gefin um að vera studd af skilvirku gæðaeftirlits- og rekjanleikakerfi fyrir strauma efniviða úr umbúðaúrgangi. Í því skyni ættu aðildarríkin að gera ráðstafanir til að tryggja mikinn áreiðanleika og nákvæmni gagna sem er safnað um umbúðaúrgang sem fellur til og er endurunninn, einkum með því að safna gögnum beint frá rekstraraðilum og með því að nota rafrænar skrár eins og um getur í 4. mgr. 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([4]) og tækniforskriftir sem gilda um flokkaðan úrgang.

6) Á eyðublöðunum sem aðildarríkin eiga að nota til að gefa skýrslu um gögn í samræmi við 3. mgr. a í 12. gr. tilskipunar 94/62/EB ætti taka mið af reglunum sem varða skýrslugjöf um markmið um endurvinnslu fyrir umbúðir og um endurnotanlegar umbúðir sem mælt er fyrir um í tilskipun 94/62/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 112, 26.4.2019, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 173/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 13.10.2022, bls. 14.

([1]) (Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/852 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 94/62/EB um úrgang og umbúðaúrgang (Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 141).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/270/EB frá 22. mars 2005 þar sem mælt er fyrir um eyðublöð fyrir gagnagrunnskerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtíð. ESB L 86, 5.4.2005, bls. 6.)

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

7) Á eyðublöðunum fyrir skýrslugjöf um endurnotanlegar umbúðir ætti að taka mið af upplýsingum um endurnotanlegar umbúðir, sem settar eru á markað í fyrsta skipti, og um fjölda hringferða (e. *rotation*), sem umbúðir fara í gegnum á hverju ári, sem eru nauðsynlegar til að ákvarða hlutdeild endurnýtanlegra umbúða samanborið við einnota umbúðir. Þar eð taka má tillit til endurnotanlegra söluumbúða í tengslum við markmið um endurvinnslu þykir einnig rétt að gera greinarmun á endurnotanlegum söluumbúðum og öðrum endurnotanlegum umbúðum.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 2005/270/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

*„1. gr.*

Með þessari ákvörðun er mælt fyrir um eyðublöð fyrir skýrslugjöf um gögn skv. 12. gr. tilskipunar 94/62/EB sem og reglur um útreikninga, sannprófun og skýrslugjöf um gögn samkvæmt þeirri tilskipun að því er varðar eftirfarandi:

a) að ná leiðréttum viðmiðunarmörkum markmiðanna um endurvinnslu sem um getur í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB með því að taka tillit til endurnotanlegra umbúða skv. 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar,

b) að taka tillit til viðarumbúða sem eru lagfærðar til endurnotkunar skv. 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/62/EB,

c) að farið sé að markmiðum sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB,

d) gæðakönnun og ráðstafanir sem gerðar hafa verið skv. 3. og 8. mgr. 6. gr. a í tilskipun 94/62/EB.“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, auk þeirra viðeigandi merkinga sem settar eru fram í 3. gr. tilskipunar 94/62/EB:

a) „markefniviðir“: efniviðir úr umbúðaúrgangi sem eru endurunnir í tiltekinni endurvinnsluaðgerð í vörur, efniviði eða efni sem eru ekki úrgangur,

b) „efniviðir sem eru ekki markefniviðir“: að því er varðar útreikning á markmiðum um endurvinnslu sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB, úrgangsefniviðir sem eru ekki endurunnir í tiltekinni endurvinnsluaðgerð í vörur, efniviði eða efni sem eru ekki úrgangur,

c) „formeðhöndlun“: hvers konar meðhöndlunaraðgerð sem efniviðir úr umbúðaúrgangi fara í fyrir afhendingu í endurvinnsluaðgerð þar sem þessir efniviðir eru endurunnir í vörur, efniviði eða efni sem eru ekki úrgangur. Þar með teljast skoðun, flokkun og aðrar undirbúningsaðgerðir til að fjárlægja efniviði, sem eru ekki markefniviðir, og til að tryggja endurvinnslu í háum gæðaflokki,

d) „útreikningspunktur“: staðurinn þar sem efniviðir úr umbúðaúrgangi koma inn í endurvinnsluaðgerðina þar sem úrgangur er endurunninn í vörur, efniviði eða efni sem eru ekki úrgangur eða staðurinn þar sem úrgangsefniviðir hætta að vera úrgangur í kjölfar undirbúningsaðgerðar áður en þeir eru endurunnir,

e) „mælipunktur“: staðurinn þar sem massi úrgangsefniviða er mældur í því skyni að ákvarða magn úrgangs á útreikningspunktinum,

f) „hringferð“: ferli sem endurnotanlegar umbúðir fara í gegnum frá því að þær eru settar á markað ásamt vörunum sem þeim er ætlað að innihalda, verja og gera kleift að meðhöndla, afgreiða eða kynna þar til þær eru sendar aftur til endurnotkunar í kerfi til að endurnota umbúðir með það fyrir augum að þær verði aftur settar á markað ásamt vörunum,

g) „kerfi til að endurnota umbúðir“: skipulagslegar, tæknilegar eða fjárhagslegar ráðstafanir sem tryggja að endurnotanlegar umbúðir fari margar hringferðir.“

b) fyrsta undirgrein 2. mgr. fellur brott,

3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málsliðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skulu umbúðir úr mismunandi efniviðum, sem er ekki hægt að aðskilja með höndum, skráðar undir þeim efnivið sem vegur þyngst.“

b) Í stað fyrsta málsliðar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal þyngd endurnýtts eða endurunnins umbúðaúrgangs vera ílag umbúðaúrgangs sem er sent í skilvirkt endurnýtingar- eða endurvinnsluferli. Ef frálag flokkunarstöðvar er sent í skilvirkt endurvinnslu- eða endurnýtingarferli án umtalsverðs taps er viðunandi að líta á þetta frálag sem þyngd endurnýtta eða endurunna umbúðaúrgangsins.“

4) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal einungis telja umbúðaúrgang, sem er fluttur út frá Sambandinu, sem endurnýttan eða endurunninn ef áreiðanlegar sannanir eru fyrir því að endurheimtin og/eða endurvinnslan hafi farið fram í samræmi við skilyrði sem eru í stórum dráttum jafngild þeim sem mælt er fyrir um í viðeigandi löggjöf Sambandsins.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal umbúðaúrgangur sem fellur til í öðru aðildarríki eða utan Sambandsins, sem er sendur til aðildarríkis í endurnýtingu eða endurvinnslu, ekki teljast hafa verið endurnýttur eða endurunninn í aðildarríkinu sem umbúðaúrgangurinn var sendur til.“

5) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„1. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal þyngd endurnýtts eða endurunnins umbúðaúrgangs fundin út frá náttúrulegu rakainnihaldi umbúðaúrgangsins sem svarar til rakainnihaldsins í samsvarandi umbúðum sem settar eru á markað.“

ii. Í stað fjórðu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Greina skal frá umtalsverðum leiðréttingum í lýsingunum varðandi samantekt gagnanna í skýrslunni um eftirlit með gæðum gagna.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„2. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal þyngd endurnýttra umbúða, eftir því sem við verður komið, ekki taka til efniviða sem eru ekki úr umbúðum [áður: efni sem ekki er notað í umbúðir] en er safnað með umbúðaúrganginum.“

ii. Í stað fjórðu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Greina skal frá umtalsverðum leiðréttingum í lýsingunum varðandi samantekt gagnanna í skýrslunni um eftirlit með gæðum gagna.“

6) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

*„6. gr.*

Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í 6. gr. (a- til e-lið 1. mgr.) tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skulu ákvæði um endurnýtingu í 3., 4. og 5. gr. þessarar ákvörðunar gilda, að breyttu breytanda, um umbúðaúrgang sem er brenndur í sorpbrennslustöðvum sem vinna orku.“

7) Eftirfarandi 6. gr. a til 6. gr. f er bætt við:

*„6. gr. a*

1. Í þeim tilgangi að ná leiðréttum viðmiðunarmörkum markmiðanna um endurvinnslu sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB með því að taka tillit til meðalhlutdeildar, á næstliðnum þremur árum, endurnotanlegra söluumbúða sem settar eru á markað í fyrsta skipti og endurnotaðar samkvæmt kerfi til að endurnota umbúðir, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/62/EB, skal draga magn endurnotanlegra söluumbúða sem er fargað eftir fyrstu hringferð frá heildarmagni endurnotanlegra söluumbúða sem settar eru á markað í fyrsta skipti á tilteknu ári.

2. Reikna skal út prósentustigin sem draga má frá endurvinnslumarkmiðum til að ákvarða leiðréttu viðmiðunarmörkin sem um getur í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/62/EB sem einfalt meðaltal prósentustiga sem standa fyrir hlutdeild endurnýtanlegra söluumbúða fyrir hvert ár næstliðin þrjú ár. Sú hlutdeild skal reiknuð út með því að deila í magn endurnotanlegra söluumbúða sem ákvarðað er í samræmi við þessa grein, sem er samsett úr umbúðaefnivið sem endurvinnslumarkmiðið gildir um, með magni allra söluumbúða sem samsettar eru úr þeim umbúðaefnivið og eru settar á markað í fyrsta skipti á tilteknu ári.

*6. gr. b*

1. Ef aðildarríki tekur tillit til magns viðarumbúða, sem eru lagfærðar til endurnotkunar, við útreikninga á markmiðunum sem mælt er fyrir um í f-lið, ii. lið g-liðar, h-lið og ii. lið i-liðar í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB skal magni viðarumbúða sem eru lagfærðar til endurnotkunar bætt við bæði umbúðaúrgang sem fellur til og endurunnin umbúðaúrgang.

2. Magn viðarumbúða sem eru lagfærðar til endurnotkunar skal ákvarðað á grundvelli massa eininga lagfærða viðarumbúða sem síðan eru endurnotaðar og skal undanskilja viðarumbúðir eða hluta viðarumbúða sem er beint í úrgangsmeðhöndlunaraðgerðir.

*6. gr. c*

1. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa samræmi við markmiðin um endurvinnslu sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB skal eftirfarandi gilda:

a) Magn endurunnins umbúðaúrgangs skal vera magn úrgangs við útreikningspunkt. Magn umbúðaúrgangs sem kemur inn í endurvinnsluaðgerð skal innihalda markefniviði. Það má innihalda efniviði, sem eru ekki markefniviðir, einungis að því marki að tilvist þeirra sé leyfileg fyrir þessa tilteknu endurvinnsluaðgerð.

   Viðeigandi útreikningspunktar fyrir tiltekna efniviði úr umbúðaúrgangi og tilteknar endurvinnsluaðgerðir eru tilgreindir í II. viðauka.

b) Ef mælipunkturinn tengist frálagi stöðvar sem sendir umbúðaúrgang í endurvinnslu án frekari formeðhöndlunar, eða ílagi stöðvar þar sem umbúðaúrgangur kemur inn í endurvinnsluaðgerð án frekari formeðhöndlunar, skal það magn flokkaðs umbúðaúrgangs sem endurvinnslustöðin hafnar ekki talið með í magni endurunnins umbúðaúrgangs.

c) Ef formeðhöndlun er framkvæmd á stöð áður en að útreikningspunkti þeirrar stöðvar kemur skal úrgangurinn sem fjarlægður er við formeðhöndlun ekki talinn með í magni endurunnins umbúðaúrgangs sem sú stöð gefur skýrslu um.

d) Ef lífbrjótanlegar umbúðir sem fá loftháða eða loftfirrða meðhöndlun eru taldar með í endurunnu magni fyrir viðkomandi umbúðaefnivið skal ákvarða magn lífbrjótanlegra umbúða í lífbrjótanlegum úrgangi með því að framkvæma reglulegar greiningar á samsetningu lífbrjótanlegs úrgangs sem kemur inn í þessar aðgerðir. Lífbrjótanlegur umbúðaúrgangur sem er fjarlægður fyrir, í eða eftir endurvinnsluaðgerð skal ekki talinn með í endurunnu magni.

e) Ef rakainnihald umbúðaúrgangs við mælipunkt er frábrugðið rakainnihaldinu í umbúðum sem settar eru á markað skal leiðrétta magn umbúða á mælipunkti til að endurspegla náttúrulegt rakainnihald umbúðaúrgangsins samanborið við raka jafngildra umbúða sem settar eru á markað.

f) Undanskilja skal efniviði sem eru ekki úr umbúðum sem er safnað með umbúðaúrgangi, s.s. úrgang úr sama efnivið sem er ekki upprunninn úr umbúðum og leifar af vörum sem umbúðirnar innihéldu áður, frá magni endurunnins umbúðaúrgangs.

g) Ef umbúðaúrgangur sem fellur til í tilteknu aðildarríki hefur blandast öðrum úrgangi eða úrgangi frá öðru landi áður en hann kemur að mælipunktinum eða útreikningspunktinum skal sanngreina hlutfall umbúðaúrgangs sem fellur til í tilteknu aðildarríki með viðeigandi aðferðum, s.s. rafrænum skrám og könnunum með úrtöku. Ef slíkur úrgangur fer í frekari formeðhöndlun skal draga frá það magn efniviða, sem eru ekki markefniviðir, sem er fjarlægt við þá meðhöndlun að teknu tilliti til hlutfalls og, eftir því sem við á, gæða úrgangsefniviða sem koma úr umbúðaúrgangi sem er upprunninn í tilteknu aðildarríki.

h) Ef efniviðir úr umbúðaúrgangi koma inn í endurnýtingaraðgerðir þar sem þessir efniviðir eru aðallega notaðir sem eldsneyti eða á annan hátt til að framleiða orku skal frálag slíkrar starfsemi sem er háð endurheimt efniviða, s.s. jarðefnahluti botnösku úr brennslu eða gjall sem myndast við sambrennslu, ekki teljast til þess magns umbúðaúrgangs sem er endurunnið, að undanskildum málmum sem eru aðskildir og endurunnir eftir brennslu á umbúðaúrgangi. Ekki skal tilgreina málma í jarðefnafrálagi í sambrennsluferli umbúðaúrgangs sem endurunna.

i) Ef efniviðir úr umbúðaúrgangi koma inn í endurnýtingaraðgerðir þar sem þessir efniviðir eru ekki aðallega notaðir annaðhvort sem eldsneyti eða á annan hátt til að framleiða orku, eða fyrir endurheimt efniviða, en leiða til frálags sem inniheldur endurunna efniviði, eldsneyti eða fyllingarefni í umtalsverðum hlutföllum skal magn endurunnins úrgangs ákvarðað með massajöfnunaraðferð sem leiðir til þess að einungis er tekið tillit til úrgangsefniviða sem eru endurunnir.

2. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmið um endurvinnslu sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal reikna út og greina frá samsettum umbúðum og öðrum umbúðum, sem eru samsettar úr fleiri en einum efnivið, eftir efnivið sem umbúðirnar innihalda. Aðildarríkjum er heimilt að víkja frá þessari kröfu ef tiltekinn efniviður telst vera óverulegur hluti umbúðaeiningar og er aldrei meiri en 5% af heildarmassa umbúðaeiningar.

*6. gr. d*

1. Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í f- til i-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst skal magn endurunninna málma sem eru aðskildir frá botnösku úr brennslu vera massi málma í málmkirninu sem er aðskilið frá óunninni botnösku úr brennslu sem kemur úr umbúðaúrgangi og skal ekki innihalda aðra efniviði í málmkirninu, s.s. viðloðandi jarðefni eða málma sem koma ekki úr umbúðaúrgangi.

2. Aðildarríkin skulu beita aðferðafræðinni sem mælt er fyrir um í III. viðauka til að reikna út massa endurunninna málma sem eru aðskildir frá botnösku úr brennslu.

*6. gr. e*

Í þeim tilgangi að reikna út og sannprófa að markmiðin sem sett eru fram í a- til e-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/62/EB hafi náðst geta aðildarríkin beitt reglunum um útreikning sem mælt er fyrir um í 6. gr. a til 6. gr. d.

*6. gr. f*

1. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja áreiðanleika og nákvæmni gagna sem gefin er skýrsla um samkvæmt þessari ákvörðun. Einkum skal sannprófa og milligáta það magn umbúðaúrgangs sem fellur til, þ.m.t. með notkun gagna um magn umbúða sem sett er á markað, viðeigandi gagna um úrgang og greiningu á samsetningu á blönduðum heimilis- og rekstrarúrgangi. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um slíka sannprófun sem er framkvæmd og, eftir því sem við á, um marktækt ósamræmi sem kom í ljós og ráðstafanir til úrbóta sem eru fyrirhugaðar eða voru gerðar.

2. Aðildarríki skulu fá gögn beint frá starfsstöðum eða fyrirtækjum sem meðhöndla úrgang, eftir því sem við á.

3. Aðildarríki skulu íhuga að nota rafrænar skrár.

4. Ef gagnasöfnun er byggð á könnunum, þ.m.t. þeim sem renna stoðum undir aðferðir við úrtöku, skal framkvæma þessar kannanir samkvæmt lágmarksstaðli sem skal innihalda eftirfarandi lágmarkskröfur:

a) kannanirnar eru gerðar reglulega með tilteknu millibili til að endurspegla með fullnægjandi hætti frávik í gögnum sem skal kanna,

b) kannanirnar byggjast á dæmigerðu úrtaki af því þýði sem niðurstöðurnar eru notaðar á.

5. Nota má möt fyrir umbúðaefniviði sem koma fyrir í litlu magni og fyrir þá sem ekki eru nefndir í þessari ákvörðun. Þessi möt skulu byggjast á bestu, fyrirliggjandi upplýsingum og skal lýst í skýrslum um gæðakönnun sem fylgja gögnum um myndun umbúðaúrgangs og endurvinnslu hans.“

8) Ákvæði 7. og 8. gr. falla brott.

9) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gefa skýrslu um gögn um myndun og meðhöndlun umbúðaúrgangs og um endurnotanlegar umbúðir með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í töflu 1, 2 og 3 í I. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu láta í té gögn um notkun á þunnum burðarpokum úr plasti með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í töflu 4 eða töflu 5 í I. viðauka, eftir því sem við á, fyrir skýrslugjöf eftir fjölda og eyðublaðið sem sett er fram í töflu 6 eða töflu 7 í I. viðauka, eftir því sem við á, fyrir skýrslugjöf eftir þyngd.“

b) Eftirfarandi 3. til 7. mgr. er bætt við:

„3. Aðildarríkin skulu fylla út skýrslueyðublöðin, sem sett eru fram í I. viðauka, árlega og skulu leggja þau fyrir framkvæmdastjórnina innan 18 mánaða frá lokum viðmiðunarársins á rafrænu formi með staðli um gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin kom á fót. Skýrslugjöfin skal taka til heils almanaksárs.

4. Aðildarríkin skulu leggja fram skýrslu um gæðakönnun með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka.

5. Ef aðildarríki beitir ekki reglum um útreikninga sem mælt er fyrir um í 6. gr. a til 6. gr. d í þeim tilgangi að sannreyna að farið sé að markmiðum sem sett eru fram í 6. gr. (a- til e-lið 1. mgr.) í tilskipun 94/62/EB skal það aðildarríki leggja fram gögn til að sannreyna að farið sé markmiðunum sem sett eru fram í 6. gr. (a- til e-lið 1. mgr.) tilskipunar 94/62/EB sérstaklega með því að nota eyðublaðið sem mælt er fyrir um í töflu 1 í viðaukanum.

6. Aðildarríki sem ákveða að ná leiðréttum viðmiðunarmörkum markmiðs í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/62/EB fyrir tiltekið ár skulu fylla út skýrslueyðublaðið sem sett er fram í töflu 2 í I. viðauka við þessa ákvörðun fyrir það ár fyrir viðkomandi umbúðaefnivið og skulu leggja það fyrir framkvæmdastjórnina innan 18 mánaða frá lokum viðmiðunarársins á rafrænu formi með staðli um gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin kom á fót.

7. Framkvæmdastjórnin skal birta gögnin sem gefin er skýrsla um samkvæmt viðaukunum við þessa ákvörðun nema, að því er varðar upplýsingar sem koma fram í skýrslunum um gæðakönnun sem komið er á skv. IV. viðauka, aðildarríki leggi fram rökstudda beiðni um að tiltekin gögn verði ekki birt.“

10) Viðaukanum er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. apríl 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karmenu VELLA

*framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

Viðaukanum við ákvörðun 2005/270/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnarinnar kemur „*I. VIÐAUKI*“.

2) Í stað töflu 1, 2 og 3 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 1*

**Skýrslugjöf um markmið um endurvinnslu sem sett eru fram í 6. gr. tilskipunar 94/62/EB**

*(tonn)*

| Efniviður úr umbúðaúrgangi | Myndun úrgangs | Endurvinnsla | | | Viðarumbúðir sem eru lagfærðar | Endurnýting orku (1) | Önnur endurnýting (2) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Endurvinnsla í aðildarríkinu | Endurvinnsla í öðrum aðildarríkjum | Endurvinnsla utan ESB | | | |
| Allt | | | | | | | |
| Plast | | | | | | | |
| Viður | | | | | | | |
| Málmur (samtals) | | | | | | | |
| Járnríkur málmur | | | | | | | |
| Járnríkur málmur úr botnösku úr brennslu (3) | | | | | | | |
| Ál | | | | | | | |
| Ál úr botnösku úr brennslu (4) | | | | | | | |
| Gler | | | | | | | |
| Pappír og pappi | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | |

*Athugasemdir:*

1. Dökkskyggðir reitir: skýrslugjöf á ekki við.
2. Ljósskyggðir reitir: skýrslugjöf er aðeins skyldubundin fyrir aðildarríki sem telja þetta magn með í endurvinnsluhlutfallinu. Ef aðildarríki tilgreina málma frá botnösku úr brennslu (IBA) skulu þau fylla út báða reitina um endurvinnslu innan og utan aðildarríkisins.

(1) Þar með telst brennsla með endurnýtingu orku og endurvinnsla á úrgangi sem á að nota sem eldsneyti eða á annan hátt til að framleiða orku.

(2) Þetta nær ekki til viðarumbúða sem eru lagfærðar til endurnotkunar, endurvinnslu og endurnýtingar orku og nær til fyllingar.

(3) Greina skal frá járnríkum málmum, sem eru endurunnir eftir aðskilnað frá botnösku úr brennslu, sérstaklega og ekki skal telja þá með í línunni fyrir skýrslugjöf um járnríka málma.

(4) Greina skal frá áli, sem er endurunnið eftir aðskilnað frá botnösku úr brennslu, sérstaklega og ekki skal telja það með í línunni fyrir skýrslugjöf um ál.

*Tafla 2*

**Eyðublað fyrir skýrslugjöf í þeim tilgangi að leiðrétta endurvinnsluhlutföll í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/62/EB**

*(%)*

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|
| Efniviður úr umbúðaúrgangi | Hlutdeild endurnotanlegra söluumbúða í öllum söluumbúðum árið n-3 | Hlutdeild endurnotanlegra söluumbúða í öllum söluumbúðum árið n-2 | Hlutdeild endurnotanlegra söluumbúða í öllum söluumbúðum árið n-1 | Meðalhlutdeild endurnotanlegra söluumbúða á næstliðnum þremur árum á undan ári n |
| Plast | | | | |
| Viður | | | | |
| Járnríkur málmur | | | | |
| Ál | | | | |
| Gler | | | | |
| Pappír og pappi | | | | |
| Allt | | | | |

*Athugasemdir:*
1. Ljósskyggðir reitir: Gögn eru eingöngu skyldubundin fyrir efnivið sem aðildarríkið hefur ákveðið að ná leiðréttu markmiði fyrir.
2. Dökkskyggðir reitir: útreikningur gagna er sjálfvirkur og stendur fyrir einfalt meðaltal dálka 2, 3 og 4.

*Tafla 3*

**Eyðublað fyrir skýrslugjöf um endurnotanlegar umbúðir**

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Umbúðaefniviður | Umbúðir sem settar eru á markað í fyrsta skipti | | | | Endurnotanlegar umbúðir sem settar eru á markað í fyrsta skipti | | Hringferðir (3) | | | |
| | Allar umbúðir (1) | | Söluumbúðir (2) | | Allar endurnotanlegar umbúðir (t) | Endurnotanlegar söluumbúðir (t) | Allar endurnotanlegar umbúðir | | Endurnotanlegar söluumbúðir | |
| | (t) | (einingar) | (t) | (einingar) | | | (t) (4) | (fjöldi) | (t) (4) | (fjöldi) |
| Plast | | | | | | | | | | |
| Viður | | | | | | | | | | |
| Járnríkur málmur | | | | | | | | | | |
| Ál | | | | | | | | | | |
| Gler | | | | | | | | | | |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Umbúðaefniviður | Umbúðir sem settar eru á markað í fyrsta skipti | | | | Endurnotanlegar umbúðir sem settar eru á markað í fyrsta skipti | | Hringferðir (3) | | | |
| | Allar umbúðir (1) | | Söluumbúðir (2) | | Allar endurnotanlegar umbúðir (t) | Endurnotanlegar söluumbúðir (t) | Allar endurnotanlegar umbúðir | | Endurnotanlegar söluumbúðir | |
| | (t) | (einingar) | (t) | (einingar) | | | (t) (4) | (fjöldi) | (t) (4) | (fjöldi) |
| Pappír og pappi | | | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | | | |
| Allt | | | | | | | | | | |

*Athugasemd:* Ljósskyggðir reitir: framlagning gagna er valfrjáls.

(1) Þetta merkir allar endurnotanlegar og einnota umbúðir sem samanstanda af sölu- flutnings- og safnumbúðum.
(2) Þetta merkir endurnotanlegar og einnota söluumbúðir.
(3) Þetta merkir fjölda hringferða sem endurnotanlegar umbúðir ljúka við á tilteknu ári.
(4) Þetta merkir fjölda hringferða sem endurnotanlegar umbúðir ljúka við á tilteknu ári, margfaldað með massa þeirra.“

3) Eftirfarandi II., III. og IV. viðauka er bætt við:

*„II. VIÐAUKI*

**Útreikningspunktar sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr. c**

| Umbúðaefniviður | Útreikningspunktur |
|---|---|
| Gler | Flokkað gler sem fer ekki í frekari vinnslu áður en það fer inn í glerbræðsluofn eða til framleiðslu á síunarefnum, slípiefnum, einangrun úr glertrefjum og byggingarefnum. |
| Málmar | Flokkaður málmur sem fer ekki í frekari vinnslu áður en hann fer inn í málmbræðslu- eða bræðsluofn. |
| Pappír/pappi | Flokkaður pappír sem fer ekki í frekari vinnslu áður en hann fer inn í maukvinnsluferli. |
| Plast | Plast sem er aðskilið eftir fjölliðum og fer ekki í frekari vinnslu áður en það fer inn í kögglunar-, útpressunar- eða mótunarferli,<br>Plastflögur sem fara ekki í frekari vinnslu áður en þær eru notaðar í fullunna vöru. |
| Viður | Flokkaður viður sem fer ekki í frekari vinnslu áður en hann er notaður við framleiðslu á spónaplötum eða öðrum vörum.<br>Flokkaður viður sem fer inn í myltingarferli. |
| Textílefni | Flokkað textílefni sem fer ekki í frekari vinnslu áður en það er notað til framleiðslu á textíltrefjum, tuskum eða kornum. |
| Samsettar umbúðir og umbúðir sem eru samsettar úr mörgum efniviðum. | Plast, gler, málmur, viður, pappír og pappi og aðrir efniviðir sem falla til við meðhöndlun á samsettum umbúðum eða á umbúðum sem eru samsettar úr mörgum efniviðum sem fara ekki í frekari vinnslu áður en komið er að útreikningspunktinum sem er ákvarðaður fyrir þann tiltekna efnivið. |

*III. VIÐAUKI*

**Aðferðafræði fyrir útreikning á endurunnum málmum sem eru aðskildir eftir brennslu á umbúðaúrgangi**

1. Eftirfarandi merkingar hugtaka skulu gilda í tengslum við formúlur sem settar eru fram í þessum viðauka:

| | |
|---|---|
| $m_{total\ IBA\ Fe/Al}$ | heildarmassi járnríkra málma eða áls í botnösku úr brennslu á tilteknu ári, |
| $m_{IBA\ Fe/nFe\ concentrates}$ | massi járnríks málmkirnis eða járnlauss málmkirnis sem er aðskilið frá óunnum úrgangi botnösku úr brennslu á tilteknu ári, |
| $c_{IBA\ Fe/Al}$ | styrkur járnríkra málma eða áls í viðkomandi málmkirni, |
| $m_{IBA\ Fe/Al}$ | massi járnríkra málma eða áls í járnríku málmkirni eða í járnlausu málmkirni sem er aðskilið frá botnösku úr brennslu á tilteknu ári, |
| $m_{non-metallic}$ | massi málmlauss efnis sem er í tilteknu járnríku málmkirni eða álkirni, |
| $r_{Al}$ | hlutdeild áls í járnlausum málmi sem er í járnlausu kirni sem er aðskilið frá botnösku úr brennslu, |
| $m_{PW\ Fe/Al}$ | massi járnríkra málma eða áls úr umbúðaúrgangi sem kemur inn í brennsluaðgerð á tilteknu ári, |
| $m_{W\ Fe/Al}$ | massi allra járnríkra málma eða áls sem kemur inn í brennsluaðgerð á tilteknu ári og |
| $m_{PW\ IBA\ Fe/Al}$ | massi endurunninna járnríkra málma eða áls sem kemur úr umbúðaúrgangi á tilteknu ári. |

2. Eftir aðskilnað járnríks/járnlauss málmkirnis úr óunninni botnösku úr brennslu skal reikna út innihald járnríkra málma/áls í málmkirninu með því að nota eftirfarandi formúlu:

$$m_{total\ IBA\ Fe/Al} = m_{IBA\ Fe/nFe\ concentrates} \cdot c_{IBA\ Fe/Al}$$

3. Gögn um massa járnríkra/járnlausra málmkirna skulu fengin frá stöðvum þar sem málmkirni eru aðskilin frá óunninni botnösku úr brennslu.

4. Styrkur járnríkra málma og áls sem falla til við vinnslu á óunninni botnösku úr brennslu skal reiknaður, með því að nota eftirfarandi formúlur, út frá gögnum, sem er safnað með reglulegum könnunum, frá stöðvum sem meðhöndla málmkirni og frá stöðvum sem nota málma sem eru aðskildir frá botnösku úr brennslu til að framleiða málmvörur:

   a) fyrir járnríka málma

$$c_{IBA\ Fe} = \frac{m_{IBA\ Fe}}{m_{IBA\ Fe\ concentrates}} = \frac{m_{IBA\ Fe\ concentrates} - m_{non-metallic}}{m_{IBA\ Fe\ concentrates}},\ og$$

   b) fyrir ál

$$c_{IBA\ Al} = \frac{m_{IBA\ Al}}{m_{IBA\ nFe\ concentrates}} = \frac{(m_{IBA\ nFe\ concentrates} - m_{non-metallic}) \cdot r_{Al}}{m_{IBA\ nFe\ concentrates}}$$

5. Massi endurunninna járnríkra málma/áls sem kemur úr umbúðaúrgangi í öllum endurunnum járnríkum málmum/áli sem eru aðskilin frá botnösku úr brennslu skal ákvarðaður með úrtakskönnunum á úrganginum sem kemur inn í brennsluaðgerðina. Þessar kannanir skulu framkvæmdar a.m.k. á fimm ára fresti og einnig þegar ástæða er til að ætla að samsetning á brenndum úrgangi hafi breyst verulega. Massi járnríkra málma/áls sem kemur úr umbúðaúrgangi skal reiknaður út með því að nota eftirfarandi formúlu:

$$m_{PW\ IBA\ Fe/Al} = \frac{m_{PW\ Fe/Al}}{m_{W\ Fe/Al}} \cdot m_{total\ IBA\ Fe/Al}.$$

———

*IV. VIÐAUKI*

**Eyðublað fyrir gæðakönnun**

I. **Markmiðin með skýrslunni**

Markmiðin með skýrslunni um gæðakönnun eru sem hér segir:

1. að meta aðferðafræðina fyrir skýrslugjöf um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti,

2. að meta gæði gagna um endurnotanlegar umbúðir,

3. að athuga heildstæðni í beitingu aðildarríkja á skilgreiningunni á umbúðaúrgangi, einkum að því er varðar gögn um myndun umbúðaúrgangs,

4. að meta gæði gagnasöfnunarferla, þ.m.t. umfang og fullgildingu stjórnsýslugagnaheimilda og tölfræðilegt gildi aðferða sem byggjast á könnunum,

5. að skilja ástæður fyrir verulegum breytingum á gögnum, sem gefin er skýrsla um, milli viðmiðunarára og tryggja tiltrú á nákvæmni þessara gagna,

6. að tryggja beitingu reglna og sameiginlegrar aðferðafræði til að mæla málma sem eru aðskildir eftir brennslu á umbúðaúrgangi og

7. að sannprófa að farið sé að sértækum kröfum sem eru fastsettar í reglunum um útreikning á markmiðum um endurvinnslu á umbúðaúrgangi.

II. **Almennar upplýsingar**

1. Aðildarríki:

2. Stofnun sem leggur fram gögn og lýsingu:

3. Tengiliður/samskiptaupplýsingar:

4. Viðmiðunarár:

5. Afhendingardagur/útgáfa:

6. Tengill á birtingu gagna aðildarríkisins (ef einhver er):

III. **Árleg notkun á þunnum burðarpokum úr plasti**

1. Lýsing á aðilum sem taka þátt í gagnasöfnuninni

| Heiti stofnunar | Lýsing á lykilábyrgð |
|---|---|
| | |

*Bæta skal við línum eins og við á.*

2. Lýsing á aðferðum sem eru notaðar

3. Nákvæmni gagna

3.1. Lýsing á helstu atriðum sem hafa áhrif á nákvæmni gagna um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti, þ.m.t. villur sem tengjast úrtaki, umfangi, mælingum, vinnslu og brottfalli

3.2. Útskýringar á umfangi og gildi kannana til að safna gögnum um árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti

3.3. Tölfræðilegar kannanir notaðar að því er varðar árlega notkun á þunnum burðarpokum úr plasti

| Umfang könnunar | Ár | Hagskýrslu-einingar | Hlutfall þýðis sem er kannað | Gögn (t) | Öryggisstig | Villumörk | Leiðrétting frá könnunarári til yfirstandandi árs | Aðrar upplýsingar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |

*Bætið við línum fyrir hverja könnun sem er notuð.*

3.4. Mismunur miðað við gögn frá næstliðnu ári

Marktækar aðferðafræðilegar breytingar á aðferð við útreikning fyrir yfirstandandi viðmiðunarár, ef einhverjar eru (tiltaka skal einkum afturvirkar endurskoðanir, eðli þeirra og hvort þörf er á skilflaggi fyrir tiltekið ár)

IV. **Endurnotanlegar umbúðir**

1. Aðilar sem taka þátt í gagnasöfnuninni

| Heiti stofnunar | Lýsing á lykilábyrgð |
|---|---|
| | |

*Bæta skal við línum eins og við á.*

2. Lýsing á beitingu skilgreiningarinnar á endurnotanlegum umbúðum í landsbundna gagnasöfnunarkerfinu, þ.m.t. til að tryggja að endurnotanlegar umbúðir sem settar eru á markað í fyrsta skipti séu endurnýttar samkvæmt kerfi til að endurnota umbúðir og að allar hringferðir endurnotanlegra umbúða séu skráðar

3. Aðferðir við að safna og taka saman gögn fyrir mismunandi flokka, tegund umbúða og kerfi til að endurnota umbúðir

| Umbúðaefniviður | Flokkar umbúða sem eru teknir með (sölu-, safn- eða flutningsumbúðir) | Tegund umbúða (t.d. flöskur, kassar, geymar) | Lýsing á kerfi til endurnotkunar (opið eða lokað hringrásarkerfi) | Nákvæm lýsing á aðferðum við að safna og taka saman gögn, þ.m.t. upplýsingaveitur, umfang og hvers konar mat sem notað er, helst sérstaklega fyrir hverja samsetningu umbúðaefniviðs, flokk, tegund umbúða og kerfi til endurnotkunar. |
|---|---|---|---|---|
| Plast | | | | |
| Viður | | | | |

| Umbúðaefniviður | Flokkar umbúða sem eru teknir með (sölu-, safn- eða flutningsumbúðir) | Tegund umbúða (t.d. flöskur, kassar, geymar) | Lýsing á kerfi til endurnotkunar (opið eða lokað hringrásarkerfi) | Nákvæm lýsing á aðferðum við að safna og taka saman gögn, þ.m.t. upplýsingaveitur, umfang og hvers konar mat sem notað er, helst sérstaklega fyrir hverja samsetningu umbúðaefniviðs, flokk, tegund umbúða og kerfi til endurnotkunar. |
|---|---|---|---|---|
| Járnríkir málmar | | | | |
| Ál | | | | |
| Gler | | | | |
| Pappír og pappi | | | | |
| Annað | | | | |

*Bæta skal við línum eftir hvern efnivið eins og við á.*

4. Sannprófun á gögnum

| Umbúðaefniviður | Nákvæm lýsing á aðferðum fyrir sannprófun á gögnum um endurnotanlegar umbúðir, helst sérstaklega fyrir hverja samsetningu umbúðaefniviðs, flokk, tegund umbúða og kerfi til endurnotkunar |
|---|---|
| Plast | |
| Viður | |
| Járnríkir málmar | |
| Ál | |
| Gler | |
| Pappír og pappi | |
| Annað | |

5. Nákvæmni gagna

5.1. Lýsing á helstu atriðum sem hafa áhrif á nákvæmni gagna um endurnotanlegar umbúðir, þ.m.t. villur sem tengjast úrtaki, umfangi, mælingum, vinnslu og brottfalli

5.2. Útskýring á umfangi og gildi kannana til að safna gögnum um endurnotanlegar umbúðir

5.3. Tölfræðilegar kannanir notaðar að því er varðar endurnotanlegar umbúðir

| Umbúða-efniviður | Ár | Hagskýrslu-einingar | Hlutfall þýðis sem er kannað | Gögn (tonn) | Öryggisstig | Villumörk | Upplýsingar um leiðréttingar frá könnunarári til yfirstandandi árs | Aðrar upplýsingar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |

*Bætið við línum fyrir hverja könnun sem er notuð.*

5.4. Mismunur miðað við gögn frá næstliðnu ári

Marktækar aðferðafræðilegar breytingar á aðferð við útreikning fyrir yfirstandandi viðmiðunarár, ef einhverjar eru (einkum skal tiltaka afturvirkar endurskoðanir, eðli þeirra og hvort þörf er á skilflaggi fyrir tiltekið ár)

V. **Umbúðaúrgangur**

1. Lýsing á aðilum sem taka þátt í gagnasöfnuninni

| Heiti stofnunar | Lýsing á lykilábyrgð |
|---|---|
| | |

*Bæta skal við línum eins og við á.*

2. Lýsing á aðferðum sem eru notaðar

2.1. Myndun umbúðaúrgangs

2.1.1. Aðferðir við að ákvarða myndun umbúðaúrgangs (setja skal kross í alla viðeigandi reiti)

| Efniviður úr umbúðaúrgangi/Aðferðir við gagnasöfnun | Samtals | Plast | Viður | Járnríkir málmar | Ál | Gler | Pappír og pappi | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Notkun gagna um umbúðir sem settar eru á markað | | | | | | | | |
| Stjórnsýsluskýrslugjöf | | | | | | | | |
| Kannanir | | | | | | | | |
| Rafræn skrá | | | | | | | | |
| Greining úrgangs | | | | | | | | |
| Gögn frá úrgangsrekstraraðilum | | | | | | | | |
| Gögn frá sveitarfélögum | | | | | | | | |

| Efniviður úr umbúðaúrgangi/Aðferðir við gagnasöfnun | Samtals | Plast | Viður | Járnríkir málmar | Ál | Gler | Pappír og pappi | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gögn frá kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda | | | | | | | | |
| Hagskýrslur um framleiðslu og erlend viðskipti | | | | | | | | |
| Annað (tilgreina skal nánar) | | | | | | | | |

Lýsing á aðferðum við sannprófanir varðandi gögn um umbúðaúrgang sem fellur til ef gögn um umbúðir sem settar eru á markað eru notuð

2.1.2. Útskýring á notkun mata ef gögn um umbúðir sem settar eru á markað eru notuð (til dæmis þegar gagnasöfnun nær ekki til alls markaðarins eða til að taka með í reikninginn frífarþega, einkasendingar til lands eða úr landi eða sölu á netinu)

2.1.3. Tilgreint hvort mat hafi verið reiknað út og því bætt við (Já/Nei) og ef svarið er „já“, viðbætt rúmmál í % af heildinni

| Efniviður úr umbúðaúrgangi/ Fullgilding | Samtals | Plast | Viður | Járnríkir málmar | Ál | Gler | Pappír og pappi | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Almenn möt (t.d. byggt á könnunum) | | | | | | | | |
| Frífarþegar | | | | | | | | |
| Einkasendingar | | | | | | | | |
| Sala á netinu | | | | | | | | |
| Annað | | | | | | | | |

2.1.4. Lýsing á aðferðafræði og sannprófun gagna um umbúðaúrgang sem fellur til ef gögn um umbúðaúrgang eru notuð, þ.m.t. hvernig gerð er grein fyrir (a) úrgangi sem er ekki umbúðaúrgangur sem er safnað saman með umbúðaúrgangi sem og (b) umbúðaefniviðum í öðrum úrgangi (blönduðum straumum úrgangs).

2.1.5. Lýsing á aðferðafræði fyrir skýrslugjöf um samsettar umbúðir, þ.m.t. þegar efniviðir sem eru í samsettum umbúðum og nema innan við 5% af massa umbúðareiningarinnar eru ekki tilgreindir sérstaklega.

2.1.6. Sannprófun gagna um umbúðaúrgang sem fellur til

| Efniviður úr umbúðaúrgangi | Milligátun (já/nei) | Prófun á tímaröð (já/nei) | Úttekt (já/nei) | Sannprófunarferli |
|---|---|---|---|---|
| Plast | | | | |
| Viður | | | | |
| Járnríkir málmar | | | | |
| Ál | | | | |
| Gler | | | | |
| Pappír og pappi | | | | |
| Annað | | | | |

Viðbótarupplýsingar sem varða sannprófun gagna um umbúðaúrgang sem fellur til

2.2. Meðhöndlun umbúðaúrgangs

2.2.1. Flokkun á meðhöndlunaraðgerðum

Upplýsingar um flokkun sem er notuð fyrir meðhöndlunaraðgerðir (ef stöðluð flokkun er notuð, s.s. kóðar fyrir förgunar- eða endurnýtingaraðgerðir sem komið er á í I. og II. viðauka við tilskipun 2008/98/EB, skal vísa til heits þeirra eða tilgreina og lýsa öllum viðeigandi flokkum sem notaðir eru).

2.2.2. Lýsing á aðferðum til að ákvarða meðhöndlun umbúðaúrgangs (setja skal kross)

| Efniviður úr umbúðaúrgangi/Aðferðir við gagnasöfnun | Samtals | Plast | Viður | Járnríkir málmar | Ál | Gler | Pappír og pappi | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnsýsluskýrslugjöf | | | | | | | | |
| Kannanir | | | | | | | | |
| Rafræn skrá | | | | | | | | |
| Greining úrgangs | | | | | | | | |
| Gögn frá úrgangsrekstraraðilum | | | | | | | | |
| Gögn frá sveitarfélögum | | | | | | | | |
| Gögn frá kerfum fyrir rýmkaða ábyrgð framleiðanda | | | | | | | | |
| Annað (tilgreina skal nánar) | | | | | | | | |

Viðbótarupplýsingar um aðferðir, þ.m.t. samsetning aðferða sem eru notaðar

2.2.3. Mælipunktar fyrir endurvinnslu sem aðildarríki beitir

| Efniviður úr umbúðaúrgangi | Lýsing á mælipunktum sem eru notaðir (við útreikningspunkt eða við frálag flokkunaraðgerðar með frádrætti á efniviðum sem eru ekki markefniviðir, eins og við á, viðmiðanir um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur o.s.frv.), þ.m.t. frávik á svæðis- og staðarvísu |
|---|---|
| Plast | |
| Viður | |
| Járnríkir málmar | |
| Ál | |
| Gler | |
| Pappír og pappi | |
| Annað | |

Nákvæm lýsing á aðferðafræði til að reikna út magn efniviða sem eru ekki markefniviðir sem eru fjarlægðir milli mæli- og útreikningspunkts, eftir atvikum

2.2.4. Lýsing á aðferðafræði til að ákvarða, fyrir hvern efnivið, magn endurunninna efniviða sem eru í samsettum umbúðum eða í umbúðum sem eru samsettar úr mörgum efniviðum og upplýsingar um allar undanþágur sem er beitt vegna efniviða sem eru undir 5% af heildarmassa umbúðaeiningar.

2.2.5. Notkun á meðaltapi (ALRs)

Lýsing á flokkuðum umbúðaúrgangi þar sem meðaltap er notað, tegundum flokkunarstöðva sem mismunandi meðaltap gildir um, aðferðafræðilegri nálgun við að reikna út meðaltap á slíkum punkti eða punktum, þ.m.t. tölfræðileg nákvæmni allra kannana sem eru notaðar eða eðli allra tækniforskrifta.

| Flokkaður úrgangsefniviður og gerð flokkunarstöðvar | Meðaltap sem er notað (í %) | Lýsing |
|---|---|---|
| | | |

*Bæta skal við línum eins og við á.*

2.2.6. Skipting úrgangs eftir gerð (úr umbúðum og ekki úr umbúðum) og leiðrétting fyrir raka

Eftir atvikum, lýsing á aðferðafræði til að undanskilja úrgang sem er ekki umbúðaúrgangur frá tilgreindu magni af endurunnum umbúðaúrgangi og á aðferðafræðinni til að leiðrétta magn umbúðaúrgangs á mælipunktinum til að endurspegla náttúrulegt rakainnihald umbúða (þ.m.t. með notkun á viðeigandi Evrópustöðlum). Samantekin gögn yfir svipaðar gerðir stöðva eru viðunandi.

| Efniviður úr umbúðaúrgangi | Gerð stöðvar | Hlutdeild umbúðaúrgangs (%) | Lýsing á aðferðafræði sem er notuð til að fá hlutfallið |
|---|---|---|---|
| | | | |

*Bæta skal við línum eins og við á.*

2.2.7. Skipting úrgangs á milli mismunandi aðildarríkja

Lýsing á aðferðafræði til að undanskilja úrgang sem kemur frá öðrum löndum, eftir atvikum. Samantekin gögn yfir svipaðar gerðir stöðva eru viðunandi.

| Efniviður úr umbúðaúrgangi | Gerð stöðvar | Hlutdeild úrgangs frá aðildarríkinu (%) | Lýsing á aðferðafræði sem er notuð til að fá hlutfallið |
|---|---|---|---|
| | | | |

*Bæta skal við línum eins og við á.*

2.2.8. Önnur endurnýting úrgangs

Lýsing á meðhöndlun á úrgangi sem er skráður undir flokknum um aðra endurnýtingu og hlutdeild úrgangs (%) sem fær slíka meðhöndlun

2.2.9. Upplýsingar um mikilvægi bráðabirgðageymslu á umbúðaúrgangi fyrir magn meðhöndlaðs úrgangs á tilteknu ári og hvers konar mat á úrgangi sem er endurunninn á yfirstandandi viðmiðunarári eftir bráðabirgðageymslu á fyrra viðmiðunarári og úrgangi sem fer í bráðabirgðageymslu á núverandi viðmiðunarári

2.2.10. Sannprófun gagna um endurvinnslu umbúðaúrgangs

| Efniviður úr umbúðaúrgangi | Milligátun (já/nei) | Prófun á tímaröð (já/nei) | Úttekt (já/nei) | Sannprófunarferli |
|---|---|---|---|---|
| Plast | | | | |
| Viður | | | | |

| Efniviður úr umbúðaúrgangi | Milligátun (já/nei) | Prófun á tímaröð (já/nei) | Úttekt (já/nei) | Sannprófunarferli |
|---|---|---|---|---|
| Járnríkir málmar | | | | |
| Ál | | | | |
| Blandaður úrgangur | | | | |
| Annað | | | | |

2.2.11.Útreikningur á endurvinnslu á málmum úr botnösku brennsluofna

Nákvæm lýsing á aðferð við að safna gögnum til að reikna út magn málma sem er aðskildir frá botnösku úr brennslu í samræmi við framkvæmdargerð framkvæmdastjórnarinnar sem var samþykkt í samræmi við 7. mgr. 37. gr. tilskipunar 2008/98/EB

| Gögn | Lýsing á mæliaðferðinni til að fá gögnin |
|---|---|
| Heildarmagn málmkirnis sem fengið er úr botnösku brennsluofna | |
| Meðalgildi málminnihalds í heildarmagni málmkirnis, þ.m.t. áreiðanleiki allra kannana sem gerðar eru | |
| Hlutfall úrgangs sem kemur inn í brennslustöðvar sem er umbúðaúrgangur, þ.m.t. áreiðanleiki allra kannana sem gerðar eru | |

2.3. Nákvæmni gagna

2.3.1. Lýsing á helstu atriðum sem hafa áhrif á nákvæmni gagna um myndun og meðhöndlun á umbúðaúrgangi, þ.m.t. villur sem tengjast úrtaki, umfangi, mælingum, vinnslu og brottfalli

2.3.2. Útskýringar á umfangi og gildi kannana til að safna gögnum um myndun og meðhöndlun umbúðaúrgangs

2.3.3. Tölfræðilegar kannanir notaðar varðandi myndun og meðhöndlun umbúðaúrgangs

| Efnisþáttur umbúðaúr-gangs | Ár | Hagskýrslu-einingar | Hlutfall þýðis sem er kannað | Gögn (tonn) | Öryggisstig | Villumörk | Upplýsingar um leiðréttingar frá könnunarári til yfirstandandi árs | Aðrar upplýsingar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |

*Bætið við línum fyrir hverja könnun sem er notuð.*

2.3.4. Mismunur miðað við gögn frá næstliðnu ári

Marktækar aðferðafræðilegar breytingar á aðferð við útreikning fyrir yfirstandandi viðmiðunarár, ef einhverjar eru (tiltaka skal einkum afturvirkar endurskoðanir, eðli þeirra og hvort þörf er á skilflaggi fyrir tiltekið ár)

2.3.5. Útskýring sem lýsir orsökum mismunar á tonnatölum (í tengslum við hvaða úrgangsstraumar, geirar eða möt hafa valdið mismuninum og hver undirliggjandi orsökin er) fyrir alla þá þætti umbúðaúrgangs, sem fellur til og er endurunninn, sem sýna meira en 10% frávik frá gögnum sem lögð voru fram fyrir fyrra gagnaár

| Efniviður | Frávik (%) | Helsta ástæða fyrir fráviki |
|---|---|---|
| | | |

*Bæta skal við línum eins og við á.*

VI. **Rekjanleiki úrgangs og trygging fyrir meðhöndlun hans við aðstæður sem eru í stórum dráttum jafngildar kröfum í umhverfislöggjöf ESB**

1. Nákvæm lýsing á gæðaeftirlits- og rekjanleikakerfi fyrir umbúðaúrgang skv. 3. og 8. mgr. 6. gr. a í tilskipun 94/62/EB

2. Úrgangur sem er meðhöndlaður utan aðildarríkisins

| Efniviður úr umbúðaúrgangi | Fær lokameðhöndlun í aðildarríkinu (já/nei) | Sendur til annars aðildarríkis Evrópusambandsins (já/nei) | Fluttur út úr ESB (já/nei) | Lýsing á sértækum ráðstöfunum fyrir gæðaeftirlit og rekjanleika umbúðaúrgangs, einkum að því er varðar vöktun og fullgildingu gagna |
|---|---|---|---|---|
| Plast | | | | |
| Viður | | | | |
| Járnríkir málmar | | | | |
| Ál | | | | |
| Gler | | | | |
| Pappír og pappi | | | | |
| Annað | | | | |

3. Lýsing á ráðstöfunum til að tryggja, í samræmi við 8. mgr. 6. gr. a í tilskipun 94/62/EB, að útflytjandi geti sannað að tilflutningur úrgangs uppfylli kröfurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 ([1]) og að meðhöndlun úrgangs utan Sambandsins hafi farið fram við aðstæður sem eru í stórum dráttum jafngildar kröfum í viðeigandi umhverfislöggjöf Sambandsins

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).

VII. **Trúnaðarkvöð**

Rökstuðningur fyrir því að birta ekki tiltekna hluta af þessari skýrslu:

VIII. **Helstu landsbundin vefsetur, tilvísunarskjöl og birtingar**

“

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/986** **2024/EES/11/21**

**frá 23. júní 2022**

**um að samþykkja ekki N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamín (EB-nr. 219-145-8, CAS-nr. 2372-82-9).

2) N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamín hefur verið metið fyrir notkun í sæfivörur í vöruflokki 8, viðarvarnarefni, eins og flokknum er lýst í V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]), sem samsvarar vöruflokki 8 eins og flokknum er lýst í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Portúgal var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lögbært matsyfirvald Portúgals lagði matsskýrslu ásamt niðurstöðum fyrir framkvæmdastjórnina 9. nóvember 2005. Að lokinni framlagningu matsskýrslunnar fóru fram umræður á tæknifundum skipulögðum af framkvæmdastjórninni og, eftir 1. september 2013, Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin).

4) Af 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 má leiða að meta ætti efni, sem aðildarríkin hafa lokið við að meta fyrir 1. september 2013, í samræmi við ákvæðin í tilskipun 98/8/EB.

5) Í samræmi við 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 útbýr sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar um umsóknir um samþykki fyrir virkum efnum. Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 samþykkti sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar 2. desember 2020 ([4]), með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

6) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 8 sem innihalda N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamín uppfylli ekki viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 98/8/ESB sem samsvara viðmiðununum sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þar eð óviðunandi áhættur fyrir heilbrigði manna hafa greinst og ekki var hægt að greina neina viðeigandi ráðstöfun til áhættumildunar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 167, 24.6.2022, bls. 111. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 279/2022 frá 28. október 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 35, 4.5.2023, bls. 4.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([4]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamíni, vöruflokkur 8 (Biocidal Products Committee Opinion on the application for approval of the active substance N-(3-aminopropyl)-N-dodecylpropane-1, 3-diamine, Product type: 8), ECHA/BPC/270/2020, samþykkt 2. desember 2020.

7) Í umræðunum við fulltrúa aðildarríkjanna í fastanefndinni um sæfivörur var talið að matið hefði verið gert samkvæmt raunhæfum verstu hugsanlegu skilyrðum og það að takmarka fjölda viðarmeðhöndlunarlota við tvær á dag á hvern rekstraraðila væri, vegna erfiðleika við framfylgd og eftirlit, ekki viðeigandi ráðstöfun til áhættumildunar til að draga þannig úr greindri áhættu gagnvart heilbrigði manna að hún verði ekki meiri en svo að við megi una.

8) Með tilliti til álits Efnastofnunarinnar og umræðnanna innan fastanefndarinnar um sæfivörur þykir ekki rétt að samþykkja N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamín til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamín (EB-nr. 219-145-8, CAS-nr. 2372-82-9) er ekki samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 23. júní 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/120** **2024/EES/11/22**

**frá 26. janúar 2022**

**um breytingu á ákvörðun 2002/840/EB um samþykkt skrár yfir stöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu til að geisla matvæli**

*(tilkynnt með númeri C(2022) 367)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/2/EB frá 22. febrúar 1999 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar matvæli og innihaldsefni matvæla sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í tilskipun 1999/2/EB er kveðið á um að ekki megi flytja inn matvæli, sem hafa verið meðhöndluð með jónandi geislun, frá þriðja landi nema þau hafi verið meðhöndluð í geislunarstöð sem Evrópusambandið viðurkennir.

2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/840/EB ([2]) var komið á fót skrá yfir viðurkenndar geislunarstöðvar í þriðju löndum.

3) Hinn 31. ágúst 2021 lagði Bretland fram umsókn um samþykki fyrir geislunarstöðinni „Synergy Health“ sem er staðsett í Swindon í Bretlandi.

4) Breska konungsríkið lagði fram fullnægjandi sannanir fyrir því að með opinberu eftirliti með þeirri geislunarstöð sé tryggt að kröfurnar í 7. gr. tilskipunar 1999/2/EB séu uppfylltar.

5) Bæta ætti geislunarstöðinni „Synergy Health“ á skrána yfir samþykktar geislunarstöðvar í þriðju löndum.

6) Því ætti að breyta ákvörðun 2002/840/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað viðaukans við ákvörðun 2002/840/EB kemur viðaukinn við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 19, 28.1.2022, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 296/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 14.

([1]) Stjtíð. EB L 66, 13.3.1999, bls. 16.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/840/EB frá 23. október 2002 um samþykkt skrár yfir stöðvar í þriðju löndum sem hafa hlotið viðurkenningu til að geisla matvæli (Stjtíð. EB L 287, 25.10.2002, bls. 40).

Gjört í Brussel 26. janúar 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Stella KYRIAKIDES

*framkvæmdastjóri.*

*VIÐAUKI*

*„VIÐAUKI*

Skrá yfir geislunarstöðvar í þriðju löndum sem Sambandið hefur viðurkennt

**Tilvísunarnúmer: EU-AIF 01-2002**

HEPRO Cape (Pty) Ltd
6 Ferrule Avenue
Montague Gardens
Milnerton 7441
Western Cape
Lýðveldið Suður-Afríka

Sími (27-21) 551 24 40

Bréfasími (27-21) 551 17 66

**Tilvísunarnúmer: EU-AIF 02-2002**

GAMMASTER South Africa (Pty) Ltd
PO Box 3219
5 Waterpas Street
Isando Extension 3
Kempton Park 1620
Johannesburg
Lýðveldið Suður-Afríka

Sími (27-11) 974 88 51

Bréfasími (27-11) 974 89 86

**Tilvísunarnúmer: EU-AIF 03-2002**

GAMWAVE (Pty) Ltd
PO Box 26406
Isipingo Beach
Durban 4115
Kwazulu-Natal
Lýðveldið Suður-Afríka

Sími (27-31) 902 88 90

Bréfasími (27-31) 912 17 04

**Tilvísunarnúmer: EU-AIF 05-2004**

GAMMA-PAK AS
Yünsa Yolu N: 4 OSB
Cerkezköy/TEKIRDAG
TR-59500
Tyrkland

Sími (90-282) 726 57 90

Bréfasími (90-282) 726 51 78

**Tilvísunarnúmer: EU-AIF 06-2004**

STUDER AGG WERK HARD
Hogenweidstrasse 2
Däniken
CH-4658
Sviss

Sími (41-062) 288 90 60

Bréfasími (41-062) 288 90 70

**Tilvísunarnúmer: EU-AIF 07-2006**

THAI IRRADIATION CENTER
Thailand Institute of Nuclear Technology (Public Organisation)
37 Moo 3, TECHNOPOLIS
Klong 5, Klong Luang
Pathumthani 12120
Taíland

Sími (662) 577 4167 til 71

Bréfasími (662) 577 1945

**Tilvísunarnúmer: EU-AIF 08-2006**

Synergy Health (Thailand) Ltd
700/465 Amata Nakorn Industrial
Moo 7, Tambon Donhuaroh
Amphur Muang
Chonburi 20000
Taíland

Sími (66) (0) 38 458431 til 3 og (66) (0) 38 450092 til 3

Bréfasími (66) (0) 38 458435 og (66) (0) 38 717146

**Tilvísunarnúmer: EU-AIF 09-2010**

Board of Radiation and Isotope Technology
Department of Atomic Energy
BRIT/BARC Vashi Complex
Sector 20, Vashi
Navi Mumbai – 400 705 (Maharashtra)
Indland

Sími +91-2227840000-+91-2227887000

Bréfasími +91 2227840005

Tölvupóstfang: chief@britatom.gov.in cebrit@vsnl.net

**Tilvísunarnúmer: EU-AIF 10-2010**

Board of Radiation and Isotope Technology
ISOMED
Bhabha Atomic Research Centre
South Site Gate, Refinery Road
Next to TATA Power Station, Trombay
Mumbai – 400 085 (Maharashtra)
Indland

Sími +91-2225595684/+91-2225594751

Bréfasími +91 2225505338

Tölvupóstfang: chief@britatom.gov.in cebrit@vsnl.net

**Tilvísunarnúmer: EU-AIF 11-2010**

Microtrol Sterilisation Services Pvt. Ltd
Plot No 14 Bommasandra- Jigani Link Road Industrial Area
KIADB, Off Hosur Road
Hennagarra Post
Bengalooru – 562 106 (Karnataka)
Indland

Sími +91-8110653932/+91-8110414030

Bréfasími +91 8110414031

Tölvupóstfang: vikram@microtrol-india.com

**Tilvísunarnúmer: EU-AIF 12-2021**

Synergy Health
Moray Road
Elgin Industrial Estate
Swindon
SN2 8XS
Breska konungsríkið

Sími +44 (0) 1793-601004

Tölvupóstfang: ast_info@steris.com“

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1316** **2024/EES/11/23**

**frá 25. júlí 2022**

**um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir**

*(tilkynnt með númeri C(2022) 4341)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum 16. gr. f,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) *Achillea millefolium* L., herba, getur talist jurtaefni, fullbúið jurtalyf eða samsetning þeirra í skilningi tilskipunar 2001/83/EB og uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þeirri tilskipun.

2) Því er viðeigandi að færa *Achillea millefolium* L., herba, á skrána yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra, til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB ([2]).

3) Því ætti að breyta ákvörðun 2008/911/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2008/911/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Stella KYRIAKIDES

*framkvæmdastjóri.*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 198, 27.7.2022, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 304/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 28.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB frá 21. nóvember 2008 um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir (Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 42).

*VIÐAUKI*

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2008/911/EB er breytt sem hér segir:

1) Í I. viðauka er eftirfarandi efni bætt við á undan *Calendula officinalis* L.:

„*Achillea millefolium* L., herba (vallhumall)“

2) Í II. viðauka er eftirfarandi bætt við á undan færslunni í skrá Bandalagsins um *Calendula officinalis* L:

**„FÆRSLA UM *ACHILLEA MILLEFOLIUM* L., HERBA Í SKRÁ SAMBANDSINS**

**Vísindaheiti plöntunnar**

*Achillea millefolium* L.

**Grasafræðileg ætt**

Körfublómaætt (Asteraceae)

**Jurtaefni**

Millefolii herba

***Almennt heiti jurtaefnisins á öllum opinberum tungumálum ESB***

BG (bulgarski): Бял равнец, стрък
CS (čeština): Řebříčková nať
DA (dansk): Røllike
DE (deutsch): Schafgarbenkraut
EL (elliniká): Πόα αχιλλείας
EN (English): yarrow
ES (español): Milenrama, sumidades floridas de
ET (eesti keel): Raudrohuürt
FI (suomi): siankärsämö, verso
FR (français): Achillée millefeuille (parties aériennes d’)
GA (Gaeilge): Athair thalún
HR (hrvatski): Stolisnikova zelen
HU (magyar): Közönséges cickafark virágos hajtás
IT (italiano): Achillea millefoglie parti aeree
LT (lietuvių kalba): Kraujažolių žolė
LV (latviešu valoda): Pelašķu laksti
MT (Malti): Ħaxixa tal-morliti
NL (Nederlands): Duizendblad
PL (polski): Ziele krwawnika
PT (português): Milefólio
RO (română): Iarbă de coada şoricelului
SK (slovenčina): Vňať rebríčka
SL (slovenščina): Zel navadnega rmana
SV (svenska): Rölleka, ört
IS (íslenska): vallhumall
NO (norsk): Ryllik

**Fullbúið/fullbúin jurtalyf**

Fínskorið jurtaefni

Þurr útdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 6–9:1), útdráttarleysir: vatn

Þurr útdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 5–10:1), útdráttarleysir: vatn

**Tilvísun í lýsingu efnis í Evrópsku lyfjaskránni**

Vallhumall – Millefolii herba (07/2014:1382)

**Ábendingar**

Ábending 1

Jurtalyf sem hefð er fyrir til notkunar við tímabundnu lystarleysi.

Ábending 2

Jurtalyf sem hefð er fyrir til meðferðar við einkennum mildra meltingartruflana eins og magaverkjum, þembu og vindgangi.

Ábending 3

Jurtalyf sem hefð er fyrir til meðhöndlunar á mildum tíðaverkjum.

Ábending 4

Jurtalyf sem hefð er fyrir til meðhöndlunar á minni háttar, grunnum sárum.

Lyfið er jurtalyf sem hefð er fyrir við tilteknum ábendingum sem byggjast eingöngu á langvarandi notkun.

**Tegund hefðar**

Evrópsk

**Tiltekinn styrkleiki**

Sjá „skammtar“.

**Skammtar**

*Unglingar, fullorðnir og aldraðir*

Einn skammtur

Ábendingar 1 og 2

Jurtate: 1,5–4 g af fínskorna jurtaefninu í 150–250 ml af sjóðandi vatni sem jurtaseyði 3–4 sinnum á dag milli máltíða.

Daglegur skammtur: 4,5 til 16 g

Samkvæmt ábendingu 1 skal taka fljótandi blöndurnar 30 mínútum fyrir máltíðir.

Ábending 2

Þurr útdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 6–9:1), útdráttarleysir: vatn 334 mg þurrefni 3-4 sinnum á dag.

Daglegur skammtur: 1.002–1.336 g

Ábending 3

Jurtate: 1–2 g af fínskorna jurtaefninu í 250 ml af sjóðandi vatni sem jurtaseyði 2–3 sinnum á dag.

Daglegur skammtur: 2–6 g

Þurr útdráttur (hlutfall lyfs/útdráttar 5–10:1), útdráttarleysir: vatn 250 mg þurrefni 2-3 sinnum á dag.

Daglegur skammtur: 0,50–0,75 g

Ábending 4

Fínskorið jurtaefni til innrennslistilreiðslu til notkunar á húð: 3–4 g af fínskorna jurtaefninu í 250 ml af sjóðandi vatni 2–3 sinnum á dag.

Daglegur skammtur: 6–12 g

Ekki er mælt með því að gefa börnum yngri en 12 ára lyfið (sjá hlutann „Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun“).

**Íkomuleið**

Ábendingar 1, 2 og 3

Inntaka.

Ábending 4

Notkun á húð: sett á sýkta svæðið sem gegndreyptar sáraumbúðir.

**Meðferðarlengd eða takmarkanir varðandi meðferðarlengd**

Ábendingar 1 og 2

Ef einkenni hverfa ekki eftir að jurtalyfið hefur verið notað í tvær vikur skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Ábendingar 3 og 4

Ef einkenni hverfa ekki eftir að jurtalyfið hefur verið notað í eina viku skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

**Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar**

*Frábendingar*

Ofurnæmi fyrir virku efnunum og öðrum jurtum af körfublómaætt (*Compositae*).

*Sérstök varnaðarorð og varúðarráðstafanir við notkun*

Ekki er mælt með lyfinu fyrir börn yngri en 12 ára þar eð nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir hvað það varðar.

Ábendingar 1, 2 og 3

Ef einkenni versna við notkun jurtalyfsins skal leita ráða hjá lækni eða öðrum hæfum heilbrigðisstarfsmanni.

Ábending 4

Ef vart verður við ummerki um húðsýkingu ætti að leita læknis.

*Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir*

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir.

*Frjósemi, meðganga og mjólkurskeið*

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur. Þar eð nægilegar upplýsingar liggja ekki fyrir er ekki mælt með því að nota lyfið meðan á meðgöngu og mjólkurskeiði stendur.

Engin gögn liggja fyrir um frjósemi.

*Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla*

Engar rannsóknir hafa farið fram varðandi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

*Aukaverkanir*

Ofnæmissvaranir í húð hafa verið tilkynntar. Tíðni þeirra er ekki þekkt.

Ef aðrar aukaverkanir, sem ekki eru nefndar hér á undan, koma fram skal leita ráðlegginga læknis eða annars hæfs heilbrigðisstarfsmanns.

*Ofskömmtun*

Ekkert ofskömmtunartilvik hefur verið tilkynnt.

*Lyfjafræðilegar upplýsingar*

Á ekki við

*Lyfjafræðileg áhrif eða virkni sem líklegt er að komi fram við langvarandi notkun og reynslu.*

Á ekki við.“

———

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1451** **2024/EES/11/24**

**frá 13. júlí 2023**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 að því er varðar tilkynningar um sjúkdóma og upplýsingar sem aðildarríkin skulu leggja fram varðandi samþykki fyrir og skýrslugjöf um skyldubundnar og valkvæðar útrýmingaráætlanir og í umsóknum um sjúkdómalausa stöðu** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ([1]), einkum 23., 35. og 40. gr.

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um dýrasjúkdóma sem geta smitast yfir í dýr eða menn, þ.m.t. ákvæði um tilkynningar og skýrslugjöf um sjúkdóma, eftirlitsáætlanir Sambandsins, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu.

2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ([2]) bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 og í henni er mælt fyrir um reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma.

3) Til að tryggja samræmda beitingu í Sambandinu að því er varðar ákvæði um tilkynningar og skýrslugjöf um sjúkdóma, eftirlitsáætlanir Sambandsins, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429 og í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, er mælt fyrir um framkvæmdarreglur um upplýsingar, snið og kröfur um málsmeðferð varðandi eftirlitsáætlanir, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 ([3]).

4) Sú reynsla sem fengist hefur af framlagningu upplýsinga, sem varða niðurstöður úr samþykktum útrýmingaráætlunum, og umsókna um sjúkdómalausa stöðu á tímabilinu frá þeim degi þegar framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 kom til framkvæmda og einkum í ljósi gagna sem eru þegar tiltæk í tölvuvædda upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma, sem kveðið er á um í 22. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, sýnir að tilteknir þættir í upplýsingunum sem er sem stendur krafist með þeirri framkvæmdarreglugerð eru ekki nauðsynlegir fyrir framkvæmdastjórnina til að meta umsóknir um sjúkdómalausa stöðu. Til að draga úr stjórnsýsluálagi á aðildarríki ætti ekki að gera kröfu um þessa þætti. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 179, 14.7.2023, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 frá 7. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um skráða sjúkdóma, um snið og málsmeðferðarreglur varðandi framlagningu og skýrslugjöf um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum og um útrýmingaráætlanir og um umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu og um tölvuvædda upplýsingakerfið (Stjtíð. ESB L 412, 8.12.2020, bls. 1).

5) Upplýsingar sem leggja skal fram um niðurstöður úr framkvæmd útrýmingaráætlana eru tiltækar í upplýsingakerfinu um dýrasjúkdóma. Til að tryggja samfellu ætti einnig að leggja drögin að útrýmingaráætlununum, sem lagðar eru fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis, fram rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.

6) Enn fremur bendir sú reynsla sem fengist hefur við beitingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2002 til þess að það sé nauðsynlegt að skýra nánar tiltekin ákvæði í V. VI. og VII. viðauka við hana til að tryggja að það sé skýrt að gildissvæðið fyrir samþykkta útrýmingaráætlun að því er varðar lagardýr og samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu fyrir þessi dýr getur gilt á vettvangi aðildarríkis, svæðis eða hólfs. Því ætti að breyta V., VI. og VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 til samræmis við það.

7) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689 er kveðið á um nokkrar undanþágur sem skipta máli fyrir framlagningu útrýmingaráætlunar gagnvart sjúkdómum í B-flokki eða í C-flokki í lagardýrum í samræmi við 4. þátt VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002. Sem stendur er einungis vísað til einnar slíkrar undanþágu í þeim viðauka. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 til að tryggja að vísað sé til allra viðeigandi undanþága í 4. þætti VII. viðauka við hana.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

*„7. gr.*

**Skýrslugjöf í Sambandinu um árlegar niðurstöður úr framkvæmd samþykktra útrýmingaráætlana**

1. Eigi síðar en 30. apríl á hverju ári skulu aðildarríki leggja skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöður úr framkvæmd yfirstandandi samþykktra útrýmingaráætlana sinna.

2. Skýrslurnar sem um getur í 1. mgr. skulu, á hverju ári varðandi næstliðið almanaksár, innihalda upplýsingarnar sem eru tilgreindar í:

a) ákvæðum 1. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í landdýrum, byggt á veitingu sjúkdómalausrar stöðu innan stöðva,

b) ákvæðum 2. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum hundaæðisveiru,

c) ákvæðum 3. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerð 1-24),

d) ákvæðum 4. þáttar V. viðauka um útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í lagardýrum.

3. Skýrslurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu sendar rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.“

2) Í 8. gr. fellur 2. mgr. brott.

3) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorða 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Hvert aðildarríki skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina til samþykkis:“

b) Eftirfarandi 3. mgr. er bætt við:

„3. Útrýmingaráætlanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu sendar rafrænt gegnum upplýsingakerfið um dýrasjúkdóma.“

4) Í stað inngangsorða 1. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„Þegar aðildarríki sækja um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu hjá framkvæmdastjórninni, í samræmi við 1. og 2. þátt 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, skulu þau láta fylgja með í umsóknum sínum viðeigandi upplýsingar, að undanskildum upplýsingum sem þegar hafa verið lagðar fram í skýrslunum sem um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar, sem eru tilgreindar í:“

5) Ákvæðum V., VI. og VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum V., VI. og VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 er breytt sem hér segir:

1) Í V. viðauka:

a) Í stað 6. liðar 1. þáttar kemur eftirfarandi:

„6. Upplýsingar um viðkomandi stöðvar og dýr sem eru staðsett á yfirráðasvæðinu í samræmi við 5. lið, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:

a) fjöldi stöðva sem eru með dýr af markdýrastofni í haldi, að undanskildum stöðvum sem falla undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 (*) 31. desember,

b) fjöldi dýra af markdýrastofni í haldi í stöðvunum, sem um getur í a-lið, 31. desember,

c) fjöldi stöðva með sjúkdómalausa stöðu, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, með bólusetningu eða án bólusetningar, ef við á, af fjölda stöðva, sem um getur í a-lið, 31. desember,

d) fjöldi dýra í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið,

e) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar á skýrslutímabilinu.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).“

b) Í stað 6. liðar 4. þáttar kemur eftirfarandi:

„6. Upplýsingar um viðkomandi lagareldisstöðvar og dýr, sem eru staðsett á yfirráðasvæðinu sem um getur í 5. lið, eftir aðildarríki, svæði eða hólfi:

a) fjöldi samþykktra lagareldisstöðva og fjöldi skráðra lagareldisstöðva sem halda dýr af markdýrastofni og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum sem falla undir útrýmingaráætlunina 31. desember,

b) fjöldi lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum, af fjölda stöðva eða sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, sem eru ekki sýktar/sýktir 31. desember,

c) fjöldi sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva og sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, 31. desember,

d) fjöldi nýrra sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva og sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, 31. desember.“

2) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„**Upplýsingar sem skulu koma fram í umsóknum um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu aðildarríkja eða svæða að því er varðar sjúkdóma í land- og lagardýrum og í umsóknum um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu hólfa að því er varðar sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við 11. gr.**“

b) Ákvæðum 6. þáttar er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. til 7. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* að því er varðar nautgripi í haldi, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:

a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

b) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

c) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* án bólusetningar, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

d) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

e) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi sem sermiprófun var gerð á fyrir sýkingu af völdum *Brucella abortus, B. melitensis* and *B. suis* ár hvert á næstliðnum þremur árum,

f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,

g) fjöldi fangláta hjá nautgripum í haldi sem geta stafað af sýkingu af völdum *Brucella abortus, B. melitensis* og *B. suis*, sem gerð var rannsókn á ár hvert á næstliðnum þremur árum,

h) dagsetning síðasta staðfesta tilviks sýkingar af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripum í haldi,

i) dagsetning síðustu bólusetningar nautgripa í haldi gegn sýkingu af völdum *Brucella abortus, B. melitensis* og *B. suis*.

2. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* að því er varðar sauðfé og geitur í haldi, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:

a) fjöldi stöðva sem eru með sauðfé eða geitur í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

b) fjöldi sauðfjár og geita sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

c) fjöldi stöðva, sem eru með sauðfé eða geitur í haldi, sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* án bólusetningar, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi, 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

d) fjöldi sauðfjár og geita sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

e) fjöldi stöðva sem eru með sauðfé eða geitur í haldi sem prófun var gerð á fyrir sýkingu af völdum *Brucella abortus, B. melitensis* and *B. suis* ár hvert á næstliðnum þremur árum,

f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,

g) fjöldi fangláta hjá sauðfé eða geitum sem geta stafað af sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*, sem gerð var rannsókn á ár hvert á næstliðnum þremur árum,

h) dagsetning síðasta staðfesta tilviks sýkingar af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í sauðfé eða geitum í haldi,

i) dagsetning síðustu bólusetningar sauðfjár eða geita í haldi gegn sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*.

3. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*), eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:

   a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   b) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   c) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*), þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   d) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   e) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem prófun var gerð á fyrir sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*) ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   g) fjöldi nautgripa sem er slátrað með vefjaskemmdir sem grunur leikur á um að stafi af sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*) sem gerð var rannsókn á ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   h) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*M. bovis*, *M. tuberculosis* og *M. caprae*) ár hvert á næstliðnum þremur árum.

4. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart smitandi hvítblæði í nautgripum, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:

   a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   b) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   c) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem eru með þá stöðu að vera lausar við smitandi hvítblæði í nautgripum, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   d) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   e) fjöldi stöðva, sem eru með nautgripi í haldi, sem prófun var gerð á fyrir sýkingu af völdum smitandi hvítblæðis í nautgripum ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   g) fjöldi sýna úr nautgripum, eldri en 24 mánaða, sem var slátrað, með æxli sem geta orsakast af smitandi hvítblæði í nautgripum sem voru sett í rannsókn á rannsóknarstofu til að staðfesta eða útiloka að smitandi hvítblæði í nautgripum sé til staðar ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   h) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar af völdum smitandi hvítblæðis í nautgripum ár hvert á næstliðnum þremur árum,

5. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:

   a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

   b) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

c) fjöldi stöðva sem eru með þá stöðu að vera lausar við smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

d) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

e) fjöldi stöðva þar sem prófanir voru gerðar fyrir smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu ár hvert á næstliðnum þremur árum,

f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,

g) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar af völdum smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu ár hvert á næstliðnum þremur árum,

h) dagsetning þegar bann við bólusetningu gegn smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarbólgu í nautgripum í haldi tók gildi.

6. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sýkingu af völdum Aujeszkys-veikiveiru, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:

a) fjöldi stöðva sem eru með svín í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

b) fjöldi svína sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

c) fjöldi stöðva sem eru með þá stöðu að vera lausar við sýkingu af völdum Aujeszkys-veikiveiru, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

d) fjöldi svína sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

e) fjöldi stöðva þar sem eftirlit var innt af hendi til að finna klíníska, veirufræðilegar eða sermifræðilegar sannanir fyrir sýkingu af völdum Aujeszkys-veikiveiru ár hvert á næstliðnum þremur árum,

f) fjöldi svína sem prófun var gerð á í stöðvunum sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,

g) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar af völdum Aujeszkys-veikiveiru ár hvert á næstliðnum þremur árum,

h) dagsetning þegar bann við bólusetningu gegn Aujeszkys-veikiveiru í svínum í haldi tók gildi.

7. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart smitandi slímhúðarpest í nautgripum, eftir svæði ef fleira en eitt svæði fellur undir gildissvæði áætlunarinnar:

a) fjöldi stöðva sem eru með nautgripi í haldi, að undanskildum stöðvum sem féllu undir undanþágu í samræmi við 19. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

b) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í a-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

c) fjöldi stöðva sem eru með þá stöðu að vera lausar við smitandi slímhúðarpest í nautgripum, þ.m.t. stöðvar þar sem sjúkdómalaus staða hefur verið felld tímabundið úr gildi 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

d) fjöldi nautgripa sem er í haldi í stöðvunum sem um getur í c-lið 31. desember ár hvert á næstliðnum þremur árum,

e) fjöldi stöðva þar sem prófanir voru gerðar fyrir smitandi slímhúðarpest í nautgripum ár hvert á næstliðnum þremur árum,

f) fjöldi stöðva þar sem grunur kemur upp eftir prófunina sem um getur í e-lið ár hvert á næstliðnum þremur árum,

g) fjöldi stöðva sem staðfest var að væru sýktar af völdum smitandi slímhúðarpestar í nautgripum ár hvert á næstliðnum þremur árum,

h) dagsetning þegar bann við bólusetningu gegn smitandi slímhúðarpest í nautgripum í haldi tók gildi.“

ii. Í stað 10. liðar kemur eftirfarandi:

„10. Ef um er að ræða útrýmingaráætlanir gagnvart sjúkdómum í B- og C-flokki í lagardýrum skal veita eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert ár áætlunarinnar eftir aðildarríki, svæði eða hólfi, eins og við á fyrir gildissvæðið:

a) fjöldi samþykkta lagareldisstöðva og, ef við á, fjöldi skráðra lagareldisstöðva, sem halda dýr af markdýrastofni, og sýnatökustaða hjá villtum stofnum sem falla undir útrýmingaráætlunina, sem og kort sem sýna staðsetningu stöðva og sýnatökustaða hjá villtum stofnum,

b) fjöldi lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum, af fjölda stöðva og sýnatökustaða, sem um getur í a-lið, sem eru ekki sýktar/sýktir,

c) fjöldi dýraheilbrigðisheimsókna í hverja samþykkta lagareldisstöð og, ef við á, í hverja skráða lagareldisstöð,

d) fjöldi sýnataka í hverri samþykktri lagareldisstöð og, ef við á, skráðri lagareldisstöð og á sýnatökustöðum hjá villtum stofnum, sem og nákvæmar upplýsingar um dýrategundir, niðurstöður úr sýnatöku (jákvæðar eða neikvæðar) og vatnshita þegar sýni eru tekin,

e) fjöldi sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva, sem um getur í a-lið,

f) fjöldi nýrra sýktra lagareldisstöðva og, ef við á, sýnatökustaða hjá villtum stofnum með staðfest tilvik, af fjölda stöðva, sem um getur í a-lið.“

3) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 9. liðar 1. þáttar kemur eftirfarandi:

„9. Millimarkmið útrýmingaráætlunarinnar sem tengjast sjúkdómsbundnum viðmiðunum til að öðlast sjúkdómalausa stöðu, þ.m.t. að minnsta kosti:

a) árleg fækkun, sem búist er við, á fjölda sýktra stöðva,

b) árleg aukning, sem búist er við, á fjölda sjúkdómalausra stöðva.“

b) Í stað 5. og 6. liðar. 4. þáttar kemur eftirfarandi:

„5. Lýsing á faraldsfræðilegu ástandi í aðildarríki, á svæði eða í hólfi, eins og við á fyrir gildissvæði áætlunarinnar, þ.m.t.:

a) fjöldi samþykktra lagareldisstöðva og fjöldi skráðra lagareldisstöðva, sem halda dýr af markdýrastofni, eftir tegund framleiðslu og eftir heilbrigðisástandi,

b) skráðar tegundir sem er haldið í lagareldisstöðvunum, sem um getur í a-lið, eftir heilbrigðisástandi,

c) kort sem sýna:

i. landfræðilega staðsetningu lagareldisstöðvanna, sem um getur í a-lið, og viðkomandi vatnsöflunarsvæði og

ii. landfræðilega dreifingu tilvika sýkingar af völdum viðkomandi sjúkdóms í B- eða C-flokki á tímabili sem tekur til a.m.k. næstliðinna 5 ára,

d) upplýsingar að því er varðar faraldsfræðilegt ástand í villtum lagardýrum, ef við á.

6. Lýsing á sjúkdómsvarnaráætluninni í útrýmingaráætluninni í samræmi við 46. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, þ.m.t. að minnsta kosti:

   a) sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir sem á að nota í samræmi við VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/689 að því er varðar:

      i. heilbrigðisheimsóknir og sýnatöku í lagareldisstöðvum,

      ii. markvisst eftirlit með villtum stofnum, ef við á,

   b) ráðstafanir um sjúkdómavarnir sem grípa skal til ef um er að ræða staðfest tilvik,

   c) ráðstafanir varðandi smitvarnir og áhættumildun sem framkvæma skal,

   d) bólusetningaráætlanir, ef við á,

   e) ráðstafanir sem framkvæma skal að því er varðar villt lagardýr og fjöldi og landfræðileg staðsetning sýnatökustaða, ef við á,

   f) undanþágur sem skal beita í samræmi við 47. gr. (4. mgr.), 51. gr. (2. mgr.) eða 53. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689, ef við á,

   g) samræmdar ráðstafanir með öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, ef við á.“

_____

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2503** **2024/EES/11/25**

**frá 19. desember 2022**

**um breytingu og leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 að því er varðar hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með lifandi samlokum, lagarafurðum eða í tengslum við útfjólubláa geislun** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 8. mgr. 18. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna inna af hendi til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, m.a. á sviði matvælaöryggis á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar. Þar er einkum kveðið á um opinbert eftirlit í tengslum við afurðir úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.

2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 ([2]) er mælt fyrir um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625.

3) Í 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 er mælt fyrir um skyldur opinbers dýralæknis að því er varðar athuganir á skjölum, einkum að taka tillit til opinberra vottorða sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628 ([3]). Hins vegar er vísað í rangt vottorð og því ætti að leiðrétta þá tilvísun. Þar eð framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/628 var felld úr gildi og í stað vottorðanna komu þau sem eru í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 ([4]) er einnig rétt að í stað allra tilvísana í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/628 komi réttar tilvísanir í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 20.12.2022, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 304/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 frá 15. mars 2019 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 51).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628 frá 8. apríl 2019 um fyrirmyndir að opinberum vottorðum fyrir tiltekin dýr og vörur og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar fyrirmyndir að vottorðum (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 101).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).

4) Í l-lið 45. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 er mælt fyrir um að nýtt kjöt skuli dæmt óhæft til manneldis ef það hefur verið meðhöndlað á ólögmætan hátt með jónandi geislun, þ.m.t. útfjólublárri geislun. Í flestum tilvikum telst útfjólublá geislun ekki vera jónandi geislun, eins og hún er skilgreind í 46. lið 4. gr. tilskipunar ráðsins 2013/59/KBE ([5]), og því ætti að breyta l-lið 45. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627.

5) Í samræmi við 51. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 gilda sértækar kröfur um opinbert eftirlit varðandi lifandi samlokur frá flokkuðum framleiðslu- og umlagningarsvæðum ekki um lifandi *Holothuroidea* sem eru ekki síarar.

6) Ákvæðum 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1756 ([6]) á þann hátt að möguleikinn á því að veita undanþágu frá kröfunni um að flokka framleiðslu- og umlagningarsvæði, sem mælt er fyrir um í g-lið 7. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, var rýmkaður þannig að hann nái yfir öll skrápdýr sem eru ekki síarar en ekki einungis yfir *Holothuroidea*. Á grundvelli g-liðar 7. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 var 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624 ([7]) þar að auki breytt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2258 ([8]) þannig að ekki er gerð krafa um flokkun framleiðslu- og umlagningarsvæða í tengslum við tekju skrápdýra sem eru ekki síarar. Af þessum sökum ætti að breyta 51. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 til samræmis við það.

7) Í 71. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627 er mælt fyrir um reglur varðandi þær ákvarðanir sem lögbær yfirvöld geta tekið að loknu eftirliti með lagarafurðum. Í a-lið þeirrar greinar er fyrir mistök vísað til VII. þáttar í stað VIII. þáttar um lagarafurðir í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Til að gæta samræmis ætti að leiðrétta tilvísunina í 71. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/627.

8) Í VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 er komið á hagnýtu fyrirkomulagi við opinbert eftirlit með lagarafurðum í samræmi við 70. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar. Þar eru einkum skilgreindar greiningaraðferðir sem skal nota þegar skynmatsrannsókn vekur einhverjar efasemdir um ferskleika lagarafurðanna. Matvælaöryggisstofnun Evrópu tilgreindi í vísindalegu áliti sínu ([9]) aðferðir sem gera það kleift að greina á milli „ofurkælds“ fisks og áður frysts fisks sem er settur á markað sem „ofurkældur“. Þar eð bæta ætti þessum greiningaraðferðum við í VI. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 ætti að breyta þeim viðauka.

9) Því ætti að breyta og leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([5]) Tilskipun ráðsins 2013/59/KBE frá 5. desember 2013 um grundvallaröryggisstaðla um verndun gegn hættu af völdum váhrifa frá jónandi geislun, og um niðurfellingu á tilskipunum 89/618/KBE, 90/641/KBE, 96/29/KBE, 97/43/KBE og 2003/122/KBE (Stjtíð. ESB L 13, 17.1.2014, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1756 frá 6. október 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/625 að því er varðar opinbert eftirlit með dýrum og afurðum úr dýraríkinu, sem eru flutt út frá þriðju löndum til Sambandsins, til að tryggja að bann við tiltekinni notkun á sýkingalyfjum sé virt og að farið sé að reglugerð (EB) nr. 853/2004 að því er varðar beina afhendingu kjöts af alifuglum og nörturum (Stjtíð. ESB L 357, 8.10.2021, bls. 27).

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 frá 8. febrúar 2019 um sértækar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits með framleiðslu á kjöti og með framleiðslu- og umlagningarsvæðum fyrir lifandi samlokur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 1).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2258 frá 9. september 2022 um breytingu og leiðréttingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar kröfur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu að því er varðar lagarafurðir, egg og tilteknar mikið unnar afurðir og um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 að því er varðar tilteknar samlokur (Stjtíð. ESB L 299, 18.11.2022, bls. 5).

([9]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(1), 6378.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/627 er breytt sem hér segir:

1) Í 10. gr.:

„a) Í stað „í samræmi við 29. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628([9])“ í 2. mgr. kemur „í samræmi við 31. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 (*)“.

---

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtíð. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).“

b) Í stað „í samræmi við 29. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/628“ í 3. mgr. kemur „í samræmi við 32. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2235“.

2) Í stað l-liðar 45. gr. kemur eftirfarandi:

„l) hefur verið meðhöndlað á ólögmætan hátt með jónandi geislun eða útfjólublárri geislun,“.

3) Í stað 51. gr. kemur eftirfarandi:

*„51. gr.*

**Útilokun**

Þessi bálkur gildir um lifandi samlokur, lifandi skrápdýr, lifandi möttuldýr og lifandi sæsnigla. Þessi bálkur gildir ekki um lifandi sæsnigla sem eru ekki síarar og um lifandi skrápdýr sem eru ekki síarar.“

4) Í stað a-liðar 71. gr. kemur eftirfarandi:

„a) opinbert eftirlit, sem er innt af hendi í samræmi við 70. gr., leiðir í ljós að þær eru ekki í samræmi við skynmatslegar, eðlisfræðilegar, efnislegar eða örverufræðilegar kröfur eða kröfur varðandi sníkla sem voru fastsettar í VIII. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 eða reglugerð (EB) nr. 2073/2005,“.

5) Í stað „fyrirmyndina að heilbrigðisvottorðinu sem sett er fram í B-kafla II. hluta III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/628“ í 1. lið 72. gr. kemur „fyrirmyndina að heilbrigðisvottorðinu sem sett er fram í 29. kafla III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235.“

6) Í B-lið I. kafla VI. viðauka „Mælikvarði á ferskleika“ er eftirfarandi málsgrein bætt við á milli fyrstu og annarrar málsgreinar:

„Ef skynmatsrannsókn vekur einhverjar efasemdir um að áður frystur fiskur sé settur á markað sem ferskur er heimilt að taka sýni til sannprófunar og setja þau í prófanir á rannsóknarstofu, s.s. HADH-prófun (prófun fyrir hýdroxýasýl kóensím A vetnissvipti), vefjafræðilega prófun, litrófsgreiningu með útfjólubláu/sýnilegu/nær–innrauðu ljósi (UV-VIS/NIR) og fjölrófsmyndgerð (e. *hyperspectral imaging*).“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1646** **2024/EES/11/26**

**frá 23. september 2022**

**um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni ásamt bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim, um sértækt innihald landsbundinna eftirlitsáætlana til margra ára og sértækar ráðstafanir vegna undirbúnings þeirra** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum a- og b-lið 3. mgr. 19. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins á sviði matvæla og fóðuröryggis. Í 9. gr. þeirrar reglugerðar er þess einkum krafist að lögbær yfirvöld sinni opinberu eftirliti reglulega með öllum rekstraraðilum, á grundvelli áhættu og með viðeigandi tíðni. Í 109. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkjanna að tryggja að lögbær yfirvöld inni af hendi opinbert eftirlit á grundvelli landsbundinnar eftirlitsáætlunar til margra ára. Í reglugerð (ESB) 2017/625 er enn fremur tilgreint almennt innihald landsbundnu eftirlitsáætlunarinnar til margra ára, þ.m.t. krafan um að aðildarríkin mæli fyrir um, í landsbundinni eftirlitsáætlun sinni til margra ára, opinbert eftirlit með notkun á lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni og með lyfjafræðilega virkum efnum sem eru bönnuð eða óleyfileg og leifum af þeim. Með reglugerð (ESB) 2017/625 er framkvæmdastjórninni veitt vald til að mæla fyrir um sértækt viðbótarinnihald í landsbundnu eftirlitsáætluninni til margra ára og sértækar viðbótarráðstafanir vegna undirbúnings hennar sem og um samræmda lágmarkstíðni opinbers eftirlits, með hliðsjón af hættum og áhættum sem tengjast efnunum sem um getur í 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Með reglugerð (ESB) 2017/625 var tilskipun ráðsins 96/23/EB ([2]) felld úr gildi frá og með 14. desember 2019 og mælt fyrir um viðeigandi umbreytingarráðstafanir. Í þessum umbreytingarráðstöfunum er kveðið á um að fram til 14. desember 2022 skuli lögbær yfirvöld halda áfram að sinna opinberu eftirliti sem er nauðsynlegt, í samræmi við tilskipun 96/23/EB, til að greina hvort tiltekin efni og flokkar efnaleifa eru fyrir hendi. Í umbreytingarráðstöfununum eru einkum fastsettar kröfur um vöktunaráætlanir aðildarríkja um greiningu á efnaleifum eða efnum sem falla undir gildissvið hennar.

3) Með þessari reglugerð er tryggð samfella í reglunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/23/EB varðandi innihald landsbundnu eftirlitsáætlunarinnar til margra ára og undirbúning hennar, sem og lágmarkstíðni opinbers eftirlits, að því er varðar opinbert eftirlit með leifum efna sem hafa lyfjafræðilega virkni, umbrotsefnum þeirra og öðrum efnum, sem geta borist í dýraafurðir, sem líklegt er að séu skaðleg fyrir heilbrigði manna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 305/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

4) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 ([3]) var komið á fót regluramma um setningu dýralyfja á markað, framleiðslu þeirra, innflutning, útflutning, afhendingu, dreifingu, lyfjagát, eftirlit og notkun. Enn fremur má ekki nota lyfjafræðilega virk efni, sem eru ekki leyfð í dýralyf, fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis í ESB, að undanskildum efnum sem eru nauðsynleg fyrir meðhöndlun á dýrum af hestaætt eins og kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1950/2006 ([4]).

5) Aðildarríkjunum er skylt að fella inn í landsbundnar eftirlitsáætlanir sínar til margra ára eftirlit með notkun lyfjafræðilega virkra efna, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og með lyfjafræðilega virkum efnum sem eru bönnuð eða óleyfileg og leifum af þeim, bæði í dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og í afurðum úr dýraríkinu. Til að tryggja samræmt og skilvirkt eftirlit meðal aðildarríkjanna í því skyni að berjast gegn ólöglegri notkun vaxtarhvata og framleiðniaukandi efna fyrir dýr í haldi í öllum aðildarríkjum ætti að skilgreina nánar samræmt hagnýtt fyrirkomulag fyrir landsbundnar eftirlitsáætlanir til margra ára.

6) Til að staðfesta að farið sé að löggjöf Sambandsins um notkun lyfjafræðilega virkra efna, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og um lyfjafræðilega virk efni, sem eru bönnuð eða óleyfileg, og leifar af þeim skulu aðildarríkin annast áhættumiðað eftirlit með dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurðum úr dýraríkinu sem eru framleiddar í aðildarríkjum eða koma inn í Sambandið frá þriðju löndum. Þetta eftirlit skal fellt inn í landsbundna eftirlitsáætlun hvers aðildarríkis til margra ára og samanstanda af þremur áætlunum: áhættumiðaðri eftirlitsáætlun vegna framleiðslu í aðildarríkinu, áhættumiðaðri eftirlitsáætlun vegna innflutnings frá þriðju löndum og áætlun um eftirlit af handahófi sem aðildarríkin ættu að láta fylgja með í því skyni að safna upplýsingum sem eru gagnlegar til að aðlaga í framtíðinni áhættumiðað eftirlit vegna framleiðslu í aðildarríkjunum.

7) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1644 ([5]) er mælt fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar umfang sýna og stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar þar sem taka skal sýnin, að því er varðar notkun á lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og bönnuð eða óleyfileg lyfjafræðilega virk efni og leifar af þeim.

8) Bæði sýnatökuáætlunin og áhættuviðmiðanir til að ákvarða innihald áhættumiðuðu eftirlitsáætlunarinnar vegna framleiðslu í aðildarríkinu ættu að vera fastsettar í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644 og áætlunin ætti að innihalda rökstuðning varðandi innleiðingu áhættuviðmiðananna. Ef nýjar upplýsingar um ólöglegar meðferðir koma fram við framkvæmd eftirlitsáætlunarinnar á tilteknu ári, t.d. með eftirlitsáætluninni, ættu aðildarríkin tafarlaust að uppfæra áhættumiðuðu eftirlitsáætlunina vegna framleiðslu í aðildarríkinu til að tryggja ábyrga notkun á lyfjafræðilega virkum efnum og öfluga heilsuvernd manna. Til að tryggja samræmda lágmarkstíðni eftirlits ætti að skilgreina í þessari reglugerð þá lágmarkstíðni eftirlits sem á að fella inn í landsbundna eftirlitsáætlun til margra ára.

9) Aðildarríkin skulu einnig fella inn í landsbundna eftirlitsáætlun sína til margra ára sérstaka eftirlitsáætlun sem byggist á slembisýnatöku og prófunum vegna margs konar lyfjafræðilega virkra efna, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og vegna bannaðra eða óleyfilegra lyfjafræðilega virkra efna og leifa af þeim sem falla e.t.v. ekki undir áhættumiðaðar landsbundnar áætlanir.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB (Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1950/2006 frá 13. desember 2006 um skrá, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB um Bandalagsreglur um dýralyf, yfir efni sem eru nauðsynleg við meðhöndlun dýra af hestaætt og yfir efni sem hafa í för með sér klíníska ávinning (Stjtíð. ESB L 367, 22.12.2006, bls. 33).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1644 frá 7. júlí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar sértækar kröfur um framkvæmd opinbers eftirlits varðandi notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni ásamt bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim (Stjtíð. ESB L 248, 26.9.2022, bls. 3).

10) Að því er varðar eftirlitsáætlunina þykir rétt að taka u.þ.b. 8000 sýni í Sambandinu. Skipta ætti eftirlitinu og tengdu sýnatökunni á milli aðildarríkjanna. Þessi lágmarkstíðni sýnatöku ætti að koma fram í landsbundnu eftirlitsáætluninni til margra ára.

11) Til að tryggja að niðurstöðurnar sem fást með eftirlitsáætluninni séu samanburðarhæfar ætti að tilgreina í þessari áætlun hvaða tegund greiningaraðferða skal nota og kröfurnar varðandi aðferðina. Að því er varðar eftirlitsáætlun vegna bannaðra og óleyfilegra efna eru aðferðir til skimunar fyrir efnum í markhópi og utan hans, til viðbótar við staðfestingaraðferðir, gagnlegar til að greina óvænta ólöglega notkun á leyfðum, bönnuðum og óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum. Að því er varðar eftirlitsáætlun vegna leyfðra efna ætti að nota skimunar- eða staðfestingaraðferðir sem gera það kleift að magngreina efnaleifar sem eru undir hámarksgildi leifa og til viðbótar við þá styrkleika sem eru við eða yfir hámarksgildi leifa ætti að greina frá styrkleikum sem eru magngreindir undir hámarksgildi leifa.

12) Til viðbótar við eftirlit með framleiðslu aðildarríkjanna ættu aðildarríkin að fella inn í landsbundna eftirlitsáætlun sína til margra ára eftirlitsáætlun fyrir vörur, sem eru ætlaðar til innflutnings inn í Sambandið frá þriðju löndum, til að sannprófa að eftirlitið með efnaleifum í þriðju löndum sé skilvirkt og að innfluttar afurðir úr dýraríkinu séu í samræmi við reglur Sambandsins. Til að tryggja samræmda lágmarkstíðni þess eftirlits sem er framkvæmt samkvæmt áætluninni um innflutning frá þriðju löndum og til að tryggja að það fari fram með a.m.k. sömu tíðni og eftirlitið í áhættumiðaðri eftirlitsáætlun vegna framleiðslu í aðildarríkjunum ætti að skilgreina í þessari reglugerð þá lágmarkstíðni eftirlits sem þau aðildarríki þar sem dýr og afurðir úr dýraríkinu eru flutt inn í Sambandið skulu annast á landamæraeftirlitsstöðvum.

13) Til að tryggja samræmt og heildstætt innihald landsbundnu eftirlitsáætlunarinnar til margra ára um notkun á lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og um bönnuð eða óleyfileg lyfjafræðilega virk efni fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og leifar af þeim í dýrum og afurðum úr dýraríkinu ætti að skilgreina viðeigandi þætti í innihaldi hennar.

14) Sýnatökuaðferðir, meðhöndlun og flutningsskilyrði hafa áhrif á getu til að greina tilvist lyfjafræðilega virkra efna, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og bannaðra eða óleyfilegra lyfjafræðilega virkra efna og leifa af þeim í sýnum. Því ættu aðildarríkin að fylgja þeim reglum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/808 ([6]).

15) Nauðsynlegt er að tryggja að niðurstöður greininga sem aflað hefur verið samkvæmt eftirlitsáætlunum að því er varðar notkun lyfjafræðilega virkra efna, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og lyfjafræðilega virk efni sem eru bönnuð eða óleyfileg og leifar af þeim og túlkun niðurstaðna séu samanburðarhæfar. Í áætlununum ætti því að lýsa þeim greiningaraðferðum sem nota skal sem og nothæfiskröfum fyrir þær í samræmi við ákvæði framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/808.

16) Til að tryggja að áhættumiðaðar eftirlitsáætlanir aðildarríkjanna, bæði vegna framleiðslu í Sambandinu og vegna innflutnings frá þriðju löndum, sem og eftirlitsáætlanir þeirra vegna framleiðslu í aðildarríkjunum, séu í samræmi við þessa reglugerð ættu aðildarríkin að leggja þessar eftirlitsáætlanir árlega fyrir framkvæmdastjórnina til mats. Framkvæmdastjórnin ætti að koma athugasemdum sínum á framfæri við aðildarríkin ef þörf krefur. Aðildarríkin ættu að taka saman endurskoðaða og uppfærða áætlun þar sem athugasemdirnar eru felldar inn eigi síðar en 31. mars árið eftir. Ef framkvæmdastjórnin telur að áætlanirnar muni draga úr skilvirkni opinbers eftirlits ætti hún þó að geta farið fram á að aðildarríki leggi fram uppfærða áætlun, þar sem brugðist er við athugasemdum framkvæmdastjórnarinnar, fyrir þann tíma.

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/808 frá 22. mars 2021 um nothæfi greiningaraðferða fyrir leifar af lyfjafræðilega virkum efnum sem eru notuð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og um túlkun niðurstaðna, sem og um aðferðir sem skal nota við sýnatöku, og um niðurfellingu á ákvörðunum 2002/657/EB og 98/179/EB (Stjtíð ESB L 180, 21.5.2021, bls. 84).

17) Í samræmi við 33. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 178/2002 ([7]) verður að leggja gögnin sem aðildarríkin safna við opinbert eftirlit, að því er varðar notkun á lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og bönnuð eða óleyfileg lyfjafræðilega virk efni og leifar af þeim, fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Til að gera það kleift að vakta nýleg gögn ættu öll aðildarríkin að leggja gögn fram reglulega og eigi síðar en sama dag.

18) Fella ætti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/747/EB ([8]) þar sem umfang og tíðni sýnatöku er fastsett, til viðbótar við þá sem kveðið er á um í viðaukunum við tilskipun 96/23/EB, úr gildi þar eð ákvæðin í þessari reglugerð koma í stað ákvæðanna í henni.

19) Þar eð reglunum, sem mælt er fyrir um í viðaukunum við tilskipun 96/23/EB um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum af þeim í lifandi dýrum og dýraafurðum, skal beitt til 14. desember 2022 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 15. desember 2022.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

**EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR**

*1. gr.*

**Efni**

Að því er varðar opinbert eftirlit með notkun á lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og með bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim er í þessari reglugerð mælt fyrir um eftirfarandi:

a) árlega samræmda lágmarkstíðni sýnatöku sem hluta af opinberu eftirliti, með hliðsjón af hættum og áhættum sem tengjast viðkomandi efnum,

b) sérstakt viðbótarfyrirkomulag og sértækt viðbótarinnihald landsbundinna eftirlitsáætlana aðildarríkjanna til margra ára, til viðbótar við það sem kveðið er á um í 110. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar í reglugerð (EB) nr. 178/2002, framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090 ([9]), framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/808 og framseldri reglugerð (ESB) 2022/1644.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

([8]) 97/747/EB: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 1997 um umfang og tíðni sýnatöku sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 96/23/EB um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í tilteknum dýraafurðum (Stjtíð. EB L 303, 6.11.1997, bls. 12).

([9]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2090 frá 19. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki hefur verið farið að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af lyfjafræðilega virkum efnum, sem eru leyfð í dýralyf eða sem fóðuraukefni, eða að reglum Sambandsins sem gilda um notkun á eða leifar af bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 28).

II. KAFLI

**SÉRTÆKT VIÐBÓTARINNIHALD Í LANDSBUNDNU EFTIRLITSÁÆTLUNINNI TIL MARGRA ÁRA**

*3. gr.*

**Almenn ákvæði**

Aðildarríkin skulu tryggja að sá hluti landsbundinnar eftirlitsáætlunar til margra ára er varðar framkvæmd opinbers eftirlits með notkun lyfjafræðilega virkra efna, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og með lyfjafræðilega virkum efnum sem eru bönnuð eða óleyfileg og leifum af þeim í lifandi dýrum og afurðum úr dýraríkinu innihaldi eftirfarandi:

a) „landsbundna, áhættumiðaða eftirlitsáætlun vegna framleiðslu í aðildarríkjunum“ eins og sett er fram í 4. gr.,

b) „landsbundna áætlun um eftirlit af handahófi með framleiðslu í aðildarríkjunum“ eins og sett er fram í 5. gr.,

c) „landsbundna, áhættumiðaða eftirlitsáætlun vegna innflutnings frá þriðju löndum“ eins og sett er fram í 6. gr.

*4. gr.*

**Landsbundin áhættumiðuð eftirlitsáætlun vegna framleiðslu í aðildarríkjunum**

Aðildarríkin skulu taka saman landsbundna, áhættumiðaða eftirlitsáætlun fyrir efni í flokkum A og B í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644 til að sannprófa að dýr, sem gefa af sér afurðir til manneldis, og afurðir úr dýraríkinu sem eru framleiddar í aðildarríkjunum séu í samræmi við löggjöf Sambandsins sem gildir um notkun lyfjafræðilega virkra efna, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og um lyfjafræðilega virk efni sem eru bönnuð eða óleyfileg og leifar af þeim og gildandi hámarksgildi leifa og hámarksgildi í matvælum.

Landsbundin, áhættumiðuð eftirlitsáætlun vegna framleiðslu í aðildarríkjunum skal innihalda eftirfarandi:

a) skrá yfir samsetningar efna og dýrategunda, afurða og efniviða í samræmi við II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644,

b) sýnatökuáætlun samkvæmt ákvörðun aðildarríkisins í samræmi við III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644,

c) raunverulega tíðni sýnatöku samkvæmt ákvörðun aðildarríkisins að teknu tilliti til lágmarkstíðni árlegs eftirlits sem mælt er fyrir um í I. viðauka,

d) greiningaraðferðir sem skal nota og nothæfiseiginleika þeirra,

e) ítarlegu upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. 7. gr.

Meðan landsbundna eftirlitsáætlunin til margra ára er í framkvæmd skulu aðildarríkin, skv. 2. mgr. 111. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, endurskoða landsbundnu áhættumiðuðu áætlunina vegna framleiðslu í aðildarríkjunum til að taka tillit til ólöglegra meðferða sem koma í ljós, einkum með eftirlitsáætluninni.

*5. gr.*

**Landsbundin áætlun um eftirlit af handahófi með framleiðslu í aðildarríkjunum**

Aðildarríkin skulu taka saman landsbundna áætlun um eftirlit af handahófi til að hafa eftirlit með framleiðslu í aðildarríkjunum sem tryggir slembivöktun á margs konar efnum.

Landsbundin áætlun um eftirlit af handahófi með framleiðslu í hverju aðildarríki skal innihalda eftirfarandi:

a) skrá yfir samsetningar efna og dýrategunda, afurða og efniviða í samræmi við IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644,

b) sýnatökuáætlun samkvæmt ákvörðun aðildarríkisins sem sett er fram í samræmi við V. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644,

c) raunverulega tíðni sýnatöku samkvæmt ákvörðun aðildarríkisins að teknu tilliti til lágmarkstíðni sýnatöku sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð,

d) ítarlegu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 7. gr.

Í samræmi við kröfurnar varðandi greiningaraðferðir sem kveðið er á um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/808 skal aðildarríki nota greiningaraðferðir sem gefa megindlegar eða hálfmegindlegar niðurstöður til að greina lyfjafræðilega virk efni, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og lyfjafræðilega virk efni sem eru bönnuð eða óleyfileg og leifar af þeim í afurðum úr dýraríkinu, þ.m.t. þegar þessar leifar eru sanngreindar og magngreindar í gildum sem eru undir hámarksgildum leifa.

Aðildarríkin skulu fella inn kröfur um skýrslugjöf vegna eftirlits með notkun leyfðra efna sem tryggja að greint sé frá öllum styrkleikum sem eru við eða yfir greiningargetu (CCβ) við skimun með aðferðinni en tryggja um leið að lægsta greiningargeta (CCβ) við skimun, sem raunhæft er að ætlast til að megi ná, fáist fyrir þær aðferðir sem eru notaðar til að framkvæma skimunargreiningarnar. Að því er varðar prófanir sem eru eingöngu framkvæmdar með staðfestingaraðferðum skal greina frá öllum mælanlegum niðurstöðum. Ef um er að ræða notkun aðferða til skimunar fyrir efnum í markhópi og utan hans skulu aðildarríkin greina frá notkun þessara greiningaraðferða og niðurstöðum úr þeim.

*6. gr.*

**Landsbundin áhættumiðuð eftirlitsáætlun vegna innflutnings frá þriðju löndum**

Aðildarríkin skulu taka saman landsbundna áhættumiðaða eftirlitsáætlun vegna dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og afurða úr dýraríkinu, sem koma inn í Sambandið gegnum landamæraeftirlitsstöðvar þeirra og aðra komustaði, s.s. með skipum samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 ([10]), og eru ætluð til setningar á markað í Sambandinu til að staðfesta að farið sé að löggjöf Sambandsins um notkun lyfjafræðilega virkra efna sem eru skráð í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644 og að farið sé að gildandi hámarksgildum leifa og hámarksgildum.

Eftirlit með notkun lyfjafræðilega virkra efna, sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraukefni, og með bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim skal fara fram sem hluti af opinberu eftirliti á landamæra-eftirlitsstöð sem kveðið er á um í 47. og 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

Landsbundna, áhættumiðaða eftirlitsáætlunin vegna innflutnings frá þriðju löndum skal innihalda eftirfarandi:

a) skrá yfir samsetningar efna og dýrategunda, afurða og efniviða í samræmi við VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644,

b) sýnatökuáætlun samkvæmt ákvörðun aðildarríkisins í samræmi við VII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644,

c) raunverulega tíðni sýnatöku vegna eftirlits sem fram fer á landamæraeftirlitsstöð samkvæmt ákvörðun aðildarríkisins, að teknu tilliti til lágmarkstíðni árlegrar sýnatöku í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð. Sýni sem eru tekin vegna opinbers eftirlits sem fer fram skv. 1., 2. og 4. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skulu þó ekki teljast vera sýni sem stuðla að því að ná lágmarkstíðni sýnatöku í III. viðauka við þessa reglugerð,

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/627 frá 15. mars 2019 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, sem eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 51).

d) greiningaraðferðir sem skal nota og nothæfiseiginleika þeirra,

e) ítarlegu upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. 7. gr.

*7. gr.*

**Viðbótarinnihald landsbundinna áhættumiðaðra eftirlitsáætlana og áætlana um eftirlit af handahófi**

1. Í landsbundnu áhættumiðuðu eftirlitsáætlununum sem um getur í 4. og 6. gr. og landsbundnu áætlununum um eftirlit af handahófi sem um getur í 5. gr. skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingar um tegundir sem taka skal sýni úr og um sýnatökustað,

b) upplýsingar um landslöggjöf um notkun lyfjafræðilega virkra efna og einkum um bann við þeim eða leyfi fyrir þeim, dreifingu þeirra og setningu á markað og reglur um inngjöf þeirra, að því marki sem slík löggjöf er ekki samræmd,

c) upplýsingar um lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd áætlananna,

d) tegund ráðstafana til eftirfylgni sem lögbær yfirvöld hafa gripið til að því er varðar dýr eða afurðir úr dýraríkinu sem efnaleifar, sem ekki uppfylla kröfur, hafa greinst í á næstliðnum árum.

2. Landsbundnu áhættumiðuðu eftirlitsáætlanirnar sem um getur í 4. og 6. gr. skulu, til viðbótar við upplýsingarnar sem eru tilgreindar í 1. mgr., innihalda eftirfarandi:

   a) rökstuðning fyrir völdum efnum, tegundum, afurðum og efniviðum sem falla undir áætlanirnar á grundvelli viðmiðananna sem eru tilgreindar í II. og VI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644, þ.m.t. rökstuðning fyrir því hvernig tekið var tillit til viðmiðananna sem eru tilgreindar í þessum viðaukum, jafnvel þótt engar breytingar hafi verið gerðar samanborið við áætlun fyrra árs,

   b) rökstuðning fyrir því hvernig tekið var tillit til upplýsinga úr yfirliti, sem Matvælaöryggisstofnunin lagði fram, yfir tilvik þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum í viðkomandi aðildarríki á undanförnum þremur almanaksárum til þess að besta áætlunina.

Aðildarríkin þurfa ekki að leggja fram upplýsingar sem þegar er kveðið á um í almenna hlutanum af landsbundinni eftirlitsáætlun til margra ára eða lýst í löggjöf Sambandsins skv. 2. mgr. 110. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

III. KAFLI

**FRAMLAGNING OG MAT Á ÁÆTLUNUM OG FRAMLAGNING AÐILDARRÍKJANNA Á GÖGNUM**

*8. gr.*

**Framlagning og mat á eftirlitsáætlununum**

Eigi síðar en 31. mars ár hvert skulu aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina, á samþykktu sniði, endurskoðaðar og uppfærðar landsbundnar, áhættumiðaðar eftirlitsáætlanir og áætlun um eftirlit af handahófi fyrir yfirstandandi almanaksár með rafrænum hætti.

Framkvæmdastjórnin skal meta þessar áætlanir á grundvelli þessarar reglugerðar og framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1644 og skal tilkynna mat sitt ásamt athugasemdum eða tilmælum, ef þörf krefur, til hvers aðildarríkis innan fjögurra mánaða frá móttöku áætlananna.

Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té uppfærðar útgáfur af viðkomandi áætlunum, þar sem gerð grein fyrir því hvernig tekið hefur verið tillit til athugasemda framkvæmdastjórnarinnar, eigi síðar en 31. mars árið eftir. Ef aðildarríki ákveður að uppfæra ekki eftirlitsáætlanir sínar á grundvelli athugasemda framkvæmdastjórnarinnar skal það færa rök fyrir afstöðu sinni.

Ef framkvæmdastjórnin telur að áætlanirnar muni draga úr skilvirkni opinbers eftirlits skal leggja fram uppfærða útgáfu af viðkomandi áætlunum fyrir þann tíma ef framkvæmdastjórnin óskar eftir því og innan hæfilegs frests sem hún setur.

*9. gr.*

**Framlagning aðildarríkis á gögnum**

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 30. júní ár hvert, senda Matvælaöryggisstofnuninni öll gögn frá næstliðnu ári sem var aflað samkvæmt eftirlitsáætlununum sem um getur í 3. gr., þ.m.t. niðurstöður skimunaraðferða sem eru í samræmi við kröfur ef engar staðfestingargreiningar voru framkvæmdar.

Hvert aðildarríki skal ljúka við fullgildingu gagna, endurskoðun og lokasamþykki í gagnasafnakerfum Matvælaöryggis-stofnunarinnar eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

IV. KAFLI

**ALMENN ÁKVÆÐI**

*10. gr.*

**Niðurfelling á ákvörðun 97/747/EB**

Ákvörðun 97/747/EB er hér með felld úr gildi.

*11. gr.*

**Tilvísanir**

Líta ber á tilvísanir í 3., 4., 5., 6., 7. og 8. gr. tilskipunar 96/23/EB og I. og IV. viðauka við þá tilskipun og í ákvörðun 97/747/EB sem tilvísanir í þessa reglugerð.

*12. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. desember 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

**Lágmarkstíðni sýnatöku í hverju aðildarríki í landsbundinni, áhættumiðaðri eftirlitsáætlun vegna framleiðslu í aðildarríkjunum (eins og um getur í c-lið 4. gr.)**

Lágmarksfjöldi sýna er sem hér segir:

| | Tíðni sýnatöku - Efni í A-flokki |
|---|---|
| Nautgripir | Að lágmarki 0,25% af slátruðum dýrum (að lágmarki 25% af sýnunum skulu tekin úr lifandi dýrum á býlinu og að lágmarki 25% af sýnunum skulu tekin í sláturhúsinu) |
| Sauðfé og geitur | Að lágmarki 0,01% af slátruðum dýrum fyrir hverja tegund |
| Svín | Að lágmarki 0,02% af slátruðum dýrum |
| Hestar | Að lágmarki 0,02% af slátruðum dýrum |
| Alifuglar | Að því er varðar hvern flokk af alifuglum sem er talinn með (holdakjúklingar, hænur sem eru hættar að verpa (e. *spent hen*), kalkúnar og aðrir alifuglar), að lágmarki 1 sýni úr hverjum 400 tonnum af árlegri framleiðslu (fallþungi) |
| Lagareldi (fiskar, krabbadýr og aðrar lagareldisafurðir) | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 300 tonnum af árlegri lagareldisframleiðslu fyrir fyrstu 60 000 tonn framleiðslunnar og síðan 1 viðbótarsýni úr hverjum 2 000 tonnum til viðbótar |
| Mjólk úr nautgripum, sauðfé og geitum | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 30 000 tonnum af árlegri mjólkurframleiðslu fyrir hverja tegund |
| Hænuegg og önnur egg | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 2 000 tonnum af árlegri eggjaframleiðslu fyrir hverja tegund |
| Kanínur, alin veiðidýr, skriðdýr og skordýr | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 100 tonnum af árlegri framleiðslu (fallþungi) á kanínum, öldum veiðidýrum eða skriðdýrum fyrir fyrstu 3 000 tonn framleiðslunnar og 1 sýni úr hverjum 1 000 tonnum til viðbótar<br>Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 25 tonnum af árlegri skordýraframleiðslu |
| Hunang | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 50 tonnum af árlegri framleiðslu fyrir fyrstu 5 000 tonn framleiðslunnar og síðan 1 viðbótarsýni úr hverjum 500 tonnum til viðbótar |
| Garnir (*) | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 300 tonnum af árlegri framleiðslu |

(*) Eins og skilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

| | Tíðni sýnatöku - Efni í B-flokki |
|---|---|
| Nautgripir | Að lágmarki 0,10% af slátruðum dýrum |
| Sauðfé og geitur | Að lágmarki 0,02% af slátruðum dýrum fyrir hverja tegund |
| Svín | Að lágmarki 0,02% af slátruðum dýrum |
| Hestar | Að lágmarki 0,02% af slátruðum dýrum |
| Alifuglar | Að því er varðar hvern flokk af alifuglum sem er talinn með (holdakjúklingar, hænur sem eru hættar að verpa, kalkúnar og aðrir alifuglar), að lágmarki 1 sýni úr hverjum 500 tonnum af árlegri framleiðslu (fallþungi) |

| | Tíðni sýnatöku - Efni í B-flokki |
|---|---|
| Lagareldi (fiskar, krabbadýr og aðrar lagareldisafurðir) | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 300 tonnum af árlegri lagareldisframleiðslu fyrir fyrstu 60 000 tonn framleiðslunnar og síðan 1 viðbótarsýni úr hverjum 2 000 tonnum til viðbótar |
| Mjólk úr nautgripum, sauðfé og geitum | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 30 000 tonnum af árlegri mjólkurframleiðslu fyrir hverja tegund |
| Hænuegg og önnur egg | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 2 000 tonnum af árlegri eggjaframleiðslu fyrir hverja tegund |
| Kanínur, alin veiðidýr, skriðdýr og skordýr | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 50 tonnum af árlegri framleiðslu (fallþungi) á kanínum, öldum veiðidýrum eða skriðdýrum fyrir fyrstu 3 000 tonn framleiðslunnar og 1 sýni úr hverjum 500 tonnum til viðbótar<br>Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 25 tonnum af árlegri skordýraframleiðslu |
| Hunang | Að lágmarki 1 sýni úr hverjum 50 tonnum af árlegri framleiðslu fyrir fyrstu 5 000 tonn framleiðslunnar og síðan 1 viðbótarsýni úr hverjum 500 tonnum til viðbótar |

**Viðbótarákvæði**

a) Ef við á, til að staðfesta að farið sé að löggjöf Sambandsins um notkun á bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum, er aðildarríkjunum heimilt að taka sýni úr fóðri, vatni eða öðrum viðkomandi efniviði eða úr umhverfinu og telja þau með sem hluta af því að ná lágmarkstíðni sýnatöku sem kveðið er á um í þessum viðauka.

b) Eftirlit með hverri samsetningu undirflokka efna í A-flokki og vöruflokka eins og tilgreint er í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644 skal innt af hendi árlega með a.m.k. 5% af sýnunum sem tekin eru í samræmi við töfluna í þessum viðauka fyrir viðkomandi vöruflokk. Þetta lágmarkshlutfall gildir ekki um garnir og gildir ekki um f-lið 3. liðar í A-flokki fyrir alla vöruflokka.

c) Að því er varðar efni í B-flokki skal valið á tilteknum efnum til prófunar innan hvers efnaflokks ákveðið samkvæmt viðmiðunum sem eru tilgreindar í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1644.

d) Að því er varðar hóp nautgripa, sauðfjár og geita skal taka sýni úr öllum tegundum, að teknu tilliti til hlutfallslegs framleiðslumagns þeirra. Sýnataka skal taka bæði til dýra til mjólkurframleiðslu og til kjötframleiðslu.

e) Að því er varðar hóp alifugla skal taka sýni úr holdakjúklingum, hænum sem eru hættar að verpa, kalkúnum og öðrum alifuglum, að teknu tilliti til hlutfallslegs framleiðslumagns þeirra.

f) Að því er varðar lagareldishóp skal taka sýni úr lagareldistegundum í ferskvatni og sjó, að teknu tilliti til hlutfallslegs framleiðslumagns þeirra.

g) Ef ástæða er til að ætla að lyfjafræðilega virk efni séu notuð fyrir aðrar lagareldisafurðir verður að fella þessar tegundir undir sýnatökuáætlunina, í hlutfalli við framleiðslu þeirra, sem viðbótarsýni við þau sem tekin eru úr fiskeldisafurðum.

h) Taka skal nauðsynlegan fjölda marksýna til að ná þeirri sýnatökutíðni sem mælt er fyrir um. Þetta vísar til fjölda dýra sem sýni eru tekin úr (eða hóps dýra sem líklegt er að fái meðferð í tilteknum hópi (t.d. fiskar)), án tillits til fjölda prófana sem gerðar eru á hverju sýni.

i) Ef efni í A-flokki og B-flokki greinast í einu sýni úr einu dýri er hægt að telja þetta sýni með í lágmarkstíðni sýnatöku fyrir báða flokkana (A-flokk og B-flokk), að því tilskildu að unnt sé að skjalfesta það og að áhættuviðmiðanirnar fyrir A-flokk og B-flokk séu þær sömu. Ef annað sýni af öðrum efniviði er tekið úr sama dýrinu til greiningar á efnum í A-flokki og/eða B-flokki telst niðurstaðan ekki með í lágmarkstíðni sýnatöku. Ef efni í A-flokki greinast í sýni úr einum efniviði úr einu

dýri og efni í B-flokki greinast í sýni úr öðrum efniviði úr sama dýrinu er þó hægt að telja bæði sýnin með í lágmarkstíðni sýnatöku fyrir báða flokkana (A-flokk og B-flokk), að því tilskildu að unnt sé að skjalfesta það og að áhættuviðmiðanir fyrir A- og B-flokk séu þær sömu.

j) Grunsamleg sýni sem eru tekin meðan verið er að fylgja eftir tilviki þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/2090 skulu ekki talin með til að ná þeirri sýnatökutíðni sem mælt er fyrir um fyrir áhættumiðaða áætlun vegna framleiðslu í ESB.

k) Við útreikning á lágmarkstíðni sýnatöku skulu aðildarríki nota nýjustu framleiðslugögn sem eru tiltæk, a.m.k. frá næstliðnu eða í mesta lagi næstsíðasta ári, aðlöguð, ef við á, til að endurspegla þekkta þróun í framleiðslu frá því að gögnin voru gerð aðgengileg.

l) Ef tíðni sýnatöku, sem er reiknuð út í samræmi við þennan viðauka, svarar til færri en fimm sýna á ári er heimilt að inna sýnatökuna af hendi einu sinni annað hvert ár. Ef um er að ræða, á tveggja ára tímabili, að framleiðsla sem svarar til að lágmarki eins sýnis næst ekki skal greina að lágmarki eitt sýni einu sinni annað hvert ár að því tilskildu að umrædd tegund eða afurð sé framleidd í aðildarríkinu.

m) Einnig er heimilt að nota sýni sem tekin eru vegna annarra eftirlitsáætlana sem skipta máli fyrir greiningu á lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim (t.d. á aðskotaefnum, á varnarefnaleifum o.s.frv.) til að hafa eftirlit með lyfjafræðilega virkum efnum að því tilskildu að farið sé að kröfum sem varða eftirlit með lyfjafræðilega virkum efnum.

———

*II. VIÐAUKI*

**Lágmarkstíðni sýnatöku í hverju aðildarríki í landsbundinni áætlun um eftirlit af handahófi með framleiðslu í aðildarríkjunum (eins og um getur í c-lið 5. gr.)**

Lágmarksfjöldi sýna er sem hér segir:

| Aðildarríki | Lágmarksfjöldi sýna | Aðildarríki | Lágmarksfjöldi sýna |
|---|---|---|---|
| Belgía | 195 | Litáen (Lietuva) | 50 |
| Búlgaría | 120 | Lúxemborg | 10 |
| Tékkland | 180 | Ungverjaland | 165 |
| Danmörk | 100 | Malta | 10 |
| Þýskaland | 1 425 | Holland (Niðurland) | 300 |
| Eistland | 25 | Austurríki | 150 |
| Írland | 85 | Pólland | 650 |
| Grikkland | 185 | Portúgal | 175 |
| Spánn | 805 | Rúmenía | 335 |
| Frakkland | 1 150 | Slóvenía | 35 |
| Króatía | 70 | Slóvakía | 95 |
| Ítalía | 1 050 | Finnland | 95 |
| Kýpur | 15 | Svíþjóð | 175 |
| Lettland | 35 | Breska konungsríkið (Norður-Írland) (*) | 30 |

(*) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þessa reglugerð varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland

**Viðbótarákvæði:**

a) Sýni sem tekin eru samkvæmt eftirlitsáætluninni skulu dreifast á mismunandi tegundir og afurðir miðað við hlutdeild þeirra í landsbundinni framleiðslu og neyslu.

b) Greina skal 25% af sýnunum sem tekin eru samkvæmt þessari áætlun m.t.t. efna í A-flokki.

c) Greina skal 75% af sýnunum sem tekin eru samkvæmt þessari áætlun m.t.t. efna í B-flokki.

———

*III. VIÐAUKI*

**Lágmarkstíðni sýnatöku í hverju aðildarríki í landsbundinni, áhættumiðaðri eftirlitsáætlun vegna innflutnings frá þriðju löndum (eins og um getur í c-lið 6. gr.)**

Hægt er að nota lágmarkstíðni sýnatöku sem hluta af vöktunaráætlun á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við 5. lið II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 ([1]).

Eftirlit sem er innt af hendi samkvæmt neyðarráðstöfunum sem komið var á og aukið opinbert eftirlit á grundvelli 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 4. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal ekki teljast með sem hluti af því að ná lágmarkstíðni sýnatöku sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

Eftirlit með matvælum frá tilteknum þriðju löndum, sem eru skráð í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2129 ([2]), sem Sambandið hefur gert jafngildissamninga við um eftirlit með ástandi skal ekki teljast með sem hluti af því að ná lágmarkstíðni sýnatöku sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

Lágmarksfjöldi sýna er sem hér segir:

| | Sýnatökutíðni vegna efna í A-flokki og B-flokki |
|---|---|
| Nautgripir (þ.m.t. lifandi dýr, kjöt, hakkað kjöt, vélúrbeinað kjöt, unnar kjötvörur og kjötafurðir) | Að lágmarki 7% af innfluttum vörusendingum |
| Sauðfé/geitur (þ.m.t. lifandi dýr, kjöt, hakkað kjöt, vélúrbeinað kjöt, unnar kjötvörur og kjötafurðir) | Að lágmarki 3% af innfluttum vörusendingum |
| Svín (þ.m.t. lifandi dýr, kjöt, hakkað kjöt, vélúrbeinað kjöt, unnar kjötvörur og kjötafurðir) | Að lágmarki 3% af innfluttum vörusendingum |
| Hestar (þ.m.t. lifandi dýr sem eru ætluð til slátrunar til manneldis, kjöt, hakkað kjöt, vélúrbeinað kjöt, unnar kjötvörur og kjötafurðir) | Að lágmarki 3% af innfluttum vörusendingum |
| Alifuglar (*) (þ.m.t. lifandi dýr, alifuglakjöt og afurðir úr alifuglakjöti) | Að lágmarki 7% af innfluttum vörusendingum |
| Lagareldi (fiskar, krabbadýr og aðrar lagareldisafurðir) | Að lágmarki 7% af innfluttum vörusendingum |
| Mjólk (þ.m.t. hrámjólk, mjólkurafurðir, broddur og afurðir, að stofni til úr broddi úr öllum tegundum) | Að lágmarki 7% af innfluttum vörusendingum |
| Egg (þ.m.t. egg og eggjaafurðir úr öllum fuglategundum) | Að lágmarki 12% af innfluttum vörusendingum |
| Kanínur, alin og villt veiðidýr (**), skriðdýr og skordýr (þ.m.t. lifandi dýr, kjöt og kjötafurðir af áðurnefndum tegundum og afurðir sem eru unnar úr þessum tegundum) | Að lágmarki 12% af innfluttum vörusendingum fyrir hverja tegund |
| Hunang (þ.m.t. hunang og aðrar býræktarafurðir) | Að lágmarki 7% af innfluttum vörusendingum |
| Garnir (***) | Að lágmarki 2% af innfluttum vörusendingum |

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2130 frá 25. nóvember 2019 um að koma á ítarlegum reglum um þá starfsemi sem á að fara fram á meðan og á eftir sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi dýra og vara sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjtíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 128).

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2129 frá 25. nóvember 2019 um að koma á reglum um samræmda beitingu að því er varðar tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi tiltekinna sendinga af dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins (Stjtíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 122).

(*) Eins og skilgreint er í lið 1.3 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

(**) Eins og skilgreint er í liðum 1.5 og 1.6 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

(***) Eins og skilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 379).

**Viðbótarákvæði:**

a) Við útreikning á lágmarkstíðni sýnatöku sem er tilgreind í þessum viðauka skulu aðildarríki nota nýjustu gögn um fjölda sendinga sem koma inn í Sambandið gegnum landamæraeftirlitsstöðvar þeirra frá a.m.k. næstliðnu eða í mesta lagi næstsíðasta ári.

b) Ef fjöldi sendinga sem kemur inn í Sambandið er undir þeim fjölda sendinga sem svarar til eins sýnis er heimilt að framkvæma sýnatökuna einu sinni annað til þriðja hvert ár. Ef fjöldi sendinga sem kemur inn í Sambandið á þriggja ára tímabili er undir þeim fjölda sendinga sem svarar til eins sýnis skal taka a.m.k. eitt sýni einu sinni þriðja hvert ár.

c) Einnig er heimilt að nota sýni sem tekin eru vegna annarra eftirlitsáætlana sem skipta máli fyrir greiningu á lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim (t.d. á aðskotaefnum, á varnarefnaleifum o.s.frv.) til að hafa eftirlit með lyfjafræðilega virkum efnum að því tilskildu að farið sé að kröfum sem varða eftirlit með lyfjafræðilega virkum efnum.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1329 2024/EES/11/27**

**frá 29. júní 2023**

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólýglýserólpólýrísínóleati (E 476) og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar fyrir glýseról (E 422), pólýglýserólestera af fitusýrum (E 475) og pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476)** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

3) Skrár Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni og nákvæmu skilgreiningarnar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Glýseról (E 422), pólýglýserólesterar af fitusýrum (E 475) og pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) eru efni sem eru leyfð í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

5) Hinn 15. mars 2017 gaf Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) út vísindalegt álit um endurmat á glýseróli (E 422) sem matvælaaukefni ([4]) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á tölugildum fyrir ásættanlega daglega inntöku og að matvælaaukefnið hafi ekki öryggisvanda í för með sér við tilgreinda notkun. Matvælaöryggisstofnunin mælti með nokkrum breytingum á nákvæmum skilgreiningum fyrir E 422 sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 231/2012 og að meiri upplýsingar um notkun og notkunarmagn yrðu gerðar aðgengilegar fyrir Matvælaöryggisstofnunina.

6) Hinn 23. nóvember 2018 auglýsti Matvælaöryggistofnunin opinberlega eftir tæknilegum gögnum um matvælaaukefnið glýseról (E 422) sem beint var að þeim gagnaþörfum sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi.

7) Eftir framlagningu gagna frá rekstraraðilum sem hafa hagsmuna að gæta óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnunin legði fram vísindalegt álit til að staðfesta að þau tæknilegu gögn sem rekstraraðilar sem hafa hagsmuna að gæta lögðu fram styddu nægilega við breytinguna á nákvæmum skilgreiningum fyrir matvælaaukefnið glýseról (E 422) til að færa þær til samræmis við núgildandi staðla eins og Matvælaöryggisstofnunin mælti með.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4720.

8) Í vísindalegu áliti sínu sem var samþykkt 18. maí 2022 ([5]) komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að núgildandi nákvæmar skilgreiningar fyrir glýseról (E 422) skuli aðlagaðar, einkum með því að lækka hámarksgildin fyrir eitraða efnisþætti (arsen, blý, kvikasilfur og kadmíum), fella brott aðferð til sanngreiningar sem byggist á akrólínmyndun við hitun, fella brott prófun til að kanna hvort akrólín sé til staðar, setja inn hámarksgildi fyrir akrólín og breyta skilgreiningunni fyrir glýseról (E 422).

9) Því er rétt að breyta nákvæmum skilgreiningum fyrir glýseról (E 422). Breyta ætti skilgreiningunni á matvælaaukefninu til að takmarka hana við framleiðsluferli þar sem Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á gögn. Lækka ætti núgildandi hámarksgildi fyrir eitraða efnisþætti í samræmi við vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, að teknu tilliti til þeirra gilda sem er sem stendur hægt að ná með því að beita góðum framleiðsluháttum. Fella ætti brott aðferð til sanngreiningar á glýseróli sem byggist á akrólínmyndun við hitun með tilliti til þess að innihald glýseróls í E 422 skal ákvarðað með viðeigandi greiningaraðferð. Fella ætti brott prófunina til að kanna hvort akrólín sé til staðar og setja inn tölulegt hámarksgildi fyrir akrólín í samræmi við vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þess gildis sem er sem stendur hægt að ná með því að beita góðum framleiðsluháttum.

10) Með tilliti til þess að Matvælaöryggisstofnunin greindi ekki brýnt heilsufarslegt áhyggjuefni sem tengist tilvist eitraðra efnisþátta og akrólíns þykir rétt að leyfa, á umbreytingartímabili, notkun matvælaaukefnisins glýseróls (E 422) sem var sett á markað á löglegan hátt áður en þessi reglugerð öðlast gildi.

11) Af sömu ástæðum þykir rétt að matvæli sem innihalda matvælaaukefnið glýseról (E 422), sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, megi áfram setja á markað á umbreytingartímabili og vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

12) Hinn 20. desember 2017 gaf Matvælaöryggisstofnunin út vísindalegt álit um endurmat á pólýglýserólesterum af fitusýrum (E 475) sem matvælaaukefni ([6]) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á tölugildum fyrir ásættanlega daglega inntöku og að matvælaaukefnið hafi ekki öryggisvanda í för með sér við tilgreinda notkun og notkunarmagn. Matvælaöryggisstofnunin mælti með nokkrum breytingum á nákvæmum skilgreiningum fyrir E 475 sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 231/2012.

13) Hinn 23. nóvember 2018 auglýsti Matvælaöryggistofnunin opinberlega eftir tæknilegum gögnum um matvælaaukefnið pólýglýserólestera af fitusýrum (E 475) sem beint var að þeim gagnaþörfum sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi.

14) Eftir framlagningu gagna frá rekstraraðilum sem hafa hagsmuna að gæta óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnunin legði fram vísindalegt álit til að staðfesta að þau tæknilegu gögn sem rekstraraðilar sem hafa hagsmuna að gæta lögðu fram styddu nægilega við breytinguna á nákvæmum skilgreiningum fyrir matvælaaukefnið pólýglýserólestera af fitusýrum (E 475) til að færa þær til samræmis við núgildandi staðla eins og Matvælaöryggisstofnunin mælti með.

15) Í vísindalegu áliti sínu sem var samþykkt 1. apríl 2022 ([7]) komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að núgildandi nákvæmar skilgreiningar fyrir pólýglýserólestera af fitusýrum (E 475)) skuli aðlagaðar, einkum með því að lækka hámarksgildin fyrir eitraða efnisþætti, setja inn hámarksgildi fyrir óhreinindi og efnisþætti sem hafa öryggisvanda í för með sér og breyta skilgreiningunni fyrir pólýglýserólestera af fitusýrum (E 475).

16) Því er rétt að breyta nákvæmum skilgreiningum fyrir pólýglýserólestera af fitusýrum (E 475). Breyta ætti skilgreiningunni á matvælaaukefninu til að takmarka notkun glýseróls við framleiðslu á matvælaaukefninu við glýseról sem er í samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar fyrir matvælaaukefnið (E 422). Lækka ætti núgildandi hámarksgildi fyrir eitraða efnisþætti og fastsetja ætti hámarksgildi fyrir summu 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestera (gefin upp sem 3-MCPD), glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól) og erúkasýru í samræmi við vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þess gildis sem er sem stendur hægt að ná með því að beita góðum framleiðsluháttum.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(6), 7353.
([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(12), 5089.
([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(5), 7308.

17) Þar eð verið er að innleiða nýjar framleiðsluaðferðir sem leiða til framleiðslu á matvælaaukefninu pólýglýserólesterum af fitusýrum (E 475) með lægri gildi glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól) þykir rétt að framleiðendur matvælaaukefna fái umbreytingartímabil til að ná hámarksgildi sem nemur 5 mg/kg fyrir glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól) í matvælaaukefninu (E 475). Þar eð glýsídýlfitusýruesterar skemma erfðaefni og eru krabbameinsvaldandi ætti þó millihámarksgildi sem nemur 10 mg/kg fyrir glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól) að gilda frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar.

18) Með tilliti til þess að Matvælaöryggisstofnunin greindi ekki brýnt heilsufarslegt áhyggjuefni sem tengist tilvist eitraðra efnisþátta, 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD), 3-MCPD-fitusýruestera, erúkasýru og glýsídýlfitusýruestera þykir rétt að leyfa, á umbreytingartímabili, notkun matvælaaukefnisins pólýglýserólesterar af fitusýrum (E 475), sem var sett á markað á löglegan hátt áður en þessi reglugerð öðlast gildi, og að leyfa að matvæli, sem innihalda slíkt matvælaaukefni, verði áfram sett á markað á sama umbreytingartímabili og verði áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

19) Af sömu ástæðum og með tilliti til minnkaðs glýsídýlfitusýruesterainnihalds í matvælaaukefninu ætti að leyfa að matvælaaukefnið pólýglýserólesterar af fitusýrum (E 475), sem er löglega sett á markað eftir gildistökudag þessarar reglugerðar og er í samræmi við lækkaða millihámarksgildið fyrir glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól), sé notað þar til birgðir eru fullnýttar og það ætti að leyfa að matvæli, sem innihalda slíkt matvælaaukefni, séu sett á markað og verði áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

20) Hinn 24. mars 2017 gaf Matvælaöryggisstofnunin út vísindalegt álit um endurmat á pólýglýserólpólýrísínóleati (E 476) sem matvælaaukefni ([8]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að gögnin gæfu tilefni til að auka ásættanlega daglega inntöku í 25 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Matvælaöryggisstofnunin mælti með nokkrum breytingum á nákvæmum skilgreiningum fyrir E 476 sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 231/2012.

21) Hinn 23. nóvember 2018 auglýsti Matvælaöryggistofnunin opinberlega eftir tæknilegum gögnum um matvælaaukefnið pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) sem beint var að þeim gagnaþörfum sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi.

22) Hinn 18. mars 2020 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á pólýglýserólpólýrísínóleati (E 476) sem ýruefni í ís til neyslu fyrir ýrða fitu- og olíulausn af gerðinni „vatn í olíu“ og ýrðar sósur með meira en 20% fituinnihald. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina síðan aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

23) Pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) getur myndað stöðugar „vatn í olíu“ ýrulausnir með minni dropastærðir, sem hægt er að frysta til að framleiða mjúkan, rjómakenndan ís til neyslu, sem krefst minni orku í framleiðsluferlinu og sem er með aukinn stöðugleika í aðfangakeðjunni fyrir frystivörur. Þetta gerir það kleift að nota lítið af mettaðri fitu og olíum og minna magn sykurs í ís til neyslu. Magn pólýglýserólpólýrísínóleats (E 476), sem þurfti til að ná fyrirhuguðum tæknilegum tilgangi, er 4 000 mg/kg.

24) Pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) gerir það einnig kleift að minnka olíu í ýrðum sósum (t.d. majónesi eða salatsósum) án þess að hafa neikvæð áhrif á tilfinningu í munni. Hámarksgildi sem nemur 4 000 mg/kg, sem er leyft sem stendur, er ekki nóg fyrir vörur með meira en 20% fituinnihald. Notkunarmagn pólýglýserólpólýrísínóleats (E 476), sem þurfti til að ná fyrirhuguðum tæknilegum tilgangi í vörum með meira en 20% fituinnihald, er 8 000 mg/kg.

25) Eftir framlagningu gagna frá rekstraraðilum, sem hafa hagsmuna að gæta, til að bregðast við opinberri auglýsingu eftir tæknilegum gögnum og framlagningu umsóknar um rýmkun á notkun pólýglýserólpólýrísínóleats (E 476) óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnunin legði fram vísindalegt álit til að staðfesta að tæknilegu gögnin, sem rekstraraðilar sem hafa hagsmuna að gæta lögðu fram, styddu nægilega við breytinguna á nákvæmum skilgreiningum fyrir matvælaaukefnið pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) til að færa þær til samræmis við núgildandi staðla eins og Matvælaöryggisstofnunin mælti með.

([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4743.

26) Í vísindalegu áliti sínu sem var samþykkt 30. mars 2022 ([9]) komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að tillögð rýmkun á notkun myndi ekki hafa öryggisvanda í för með sér. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að núgildandi nákvæmar skilgreiningar fyrir pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) skuli aðlagaðar, einkum með því að lækka hámarksgildin fyrir eitraða efnisþætti, setja inn hámarksgildi fyrir óhreinindi sem hafa öryggisvanda í för með sér og breyta skilgreiningunni á pólýglýserólpólýrísínóleati (E 476).

27) Því er rétt að leyfa pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) í matvælaflokki 03 „Ís til neyslu“ við hámarksgildi sem nemur 4 000 mg/kg, hækka leyfilegt hámarksgildi í matvælaflokki 12.6 „Sósur“ í 8 000 mg/kg fyrir ýrðar sósur með 20% fituinnihald eða meira og breyta nákvæmu skilgreiningunum fyrir það í ljósi vísindalegs álits Matvælaöryggisstofnunarinnar. Breyta ætti skilgreiningunni á matvælaaukefninu til að takmarka notkun glýseróls við framleiðslu á matvælaaukefninu við glýseról sem er í samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar fyrir matvælaaukefnið (E 422). Lækka ætti núgildandi hámarksgildi fyrir eitraða efnisþætti og fastsetja ætti hámarksgildi fyrir summu 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestera (gefin upp sem 3-MCPD) og glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól) í samræmi við vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þess gildis sem er sem stendur hægt að ná með því að beita góðum framleiðsluháttum.

28) Með tilliti til þess að Matvælaöryggisstofnunin greindi ekki brýnt heilsufarslegt áhyggjuefni sem tengist tilvist eitraðra efnisþátta, 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD), 3-MCPD-fitusýruestera og glýsídýlfitusýruestera þykir rétt að leyfa, á umbreytingartímabili, notkun matvælaaukefnisins pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476), sem var sett á markað á löglegan hátt áður en þessi reglugerð öðlast gildi.

29) Af sömu ástæðum þykir rétt að matvæli sem innihalda matvælaaukefnið pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476), sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, megi áfram setja á markað á umbreytingartímabili og vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

30) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

31) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Heimilt er að bæta matvælaaukefninu glýseróli (E 422), sem var sett á markað á löglegan hátt fyrir 20. júlí 2023 og er ekki í samræmi við hámarksgildin sem gilda frá 20. júlí 2023 fyrir arsen, blý, kvikasilfur, kadmíum eða akrólín, í matvæli í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til 20. janúar 2024.

Matvæli sem innihalda matvælaaukefnið glýseról (E 422), sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir 20. júlí 2023 og eru ekki í samræmi við hámarksgildin sem gilda frá 20. júlí 2023 fyrir arsen, blý, kvikasilfur, kadmíum eða akrólín, má áfram setja á markað til 20. janúar 2024 og mega vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

([9]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(5), 7294.

Heimilt er að bæta matvælaaukefninu pólýglýserólesterum af fitusýrum (E 475), sem var sett á markað á löglegan hátt fyrir 20. júlí 2023 og er ekki í samræmi við hámarksgildin sem gilda frá 20. júlí 2023 fyrir arsen, blý, kvikasilfur, kadmíum, summu 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestera (gefin upp sem 3-MCPD), erúkasýru eða glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól) í matvæli í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til 20. janúar 2024.

Matvæli sem innihalda matvælaaukefnið pólýglýserólestera af fitusýrum (E 475), sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir 20. júlí 2023 og eru ekki í samræmi við hámarksgildin sem gilda frá 20. júlí 2023 fyrir arsen, blý, kvikasilfur, kadmíum, summu 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestera (gefin upp sem 3-MCPD), erúkasýru eða glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól), má áfram setja á markað til 20. janúar 2024 og mega vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

Heimilt er að bæta matvælaaukefninu pólýglýserólesterar af fitusýrum (E 475), sem var sett á markað á löglegan hátt eftir 20. júlí 2023 og til og með 20. janúar 2024 og er ekki í samræmi við hámarksgildin sem gilda frá 20. janúar 2024 fyrir glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól), í matvæli, í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 þar til birgðir eru fullnýttar.

Matvæli sem innihalda matvælaaukefnið pólýglýserólestera af fitusýrum (E 475), sem voru sett á markað á löglegan hátt eftir 20. júlí 2023 og til og með 20. janúar 2024 og eru ekki í samræmi við hámarksgildin fyrir glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól) sem gilda frá 20. janúar 2024, má setja áfram á markað og mega vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

Heimilt er að bæta matvælaaukefninu pólýglýserólpólýrísínóleati (E 476), sem var sett á markað á löglegan hátt fyrir 20. júlí 2023 og er ekki í samræmi við hámarksgildin sem gilda frá 20. júlí 2023 fyrir arsen, blý, kvikasilfur, kadmíum, summu 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestera (gefin upp sem 3-MCPD) eða glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól) í matvæli í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til 20. janúar 2024.

Matvæli sem innihalda matvælaaukefnið pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476), sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir 20. júlí 2023 og eru ekki í samræmi við hámarksgildin sem gilda frá 20. júlí 2023 fyrir arsen, blý, kvikasilfur, kadmíum, summu 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestera (gefin upp sem 3-MCPD) eða glýsídýlfitusýruestera (gefnir upp sem glýsídól), má áfram setja á markað til 20. janúar 2024 og mega vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

*4. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í flokki 03 (Ís til neyslu) er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslunni fyrir E 473–474:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 476 | Pólýglýserólpólýrísínóleat | 4 000 | | nema frauðís“ |

2) Í stað færslunnar fyrir E 476 (Pólýglýserólpólýrísínóleat) í flokki 12.6 (Sósur) kemur eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 476 | Pólýglýserólpólýrísínóleat | 4 000 | | Einungis ýrðar sósur með minna en 20% fituinnihald |
| | E 476 | Pólýglýserólpólýrísínóleat | 8 000 | | Einungis ýrðar sósur með 20% fituinnihald eða meira“ |

*II. VIÐAUKI*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 422 Glýseról kemur eftirfarandi:

| **„E 422 GLÝSERÓL** | |
|---|---|
| **Samheiti** | Glýserín |
| **Skilgreining** | Glýseról fæst eingöngu úr jurtaolíum og fitu, annaðhvort beint eða úr hráu glýseróli sem fæst sem aukaafurð við framleiðslu á lífdísilolíu og fer í gegnum hreinsunarferli sem fela í sér eimingu og önnur hreinsunarstig til að fá hreinsað glýseról. |
| EINECS-númer | 200-289-5 |
| Efnaheiti | 1,2,3-própantríól, glýseról, tríhýdroxýprópan |
| Efnaformúla | $C_3H_8O_3$ |
| Sameindamassi | 92,10 |
| Magngreining | Innihald ekki minna en 98% af glýseróli, miðað við vatnsfrítt form |
| **Lýsing** | Tær, litlaus, ídrægur sírópskenndur vökvi með eilítið einkennandi lykt sem er hvorki sterk né óþægileg |
| **Sanngreining** | |
| Eðlisþyngd (25/25 °C) | Ekki minna en 1,257 |
| Brotstuðull | $[n]_D^{20}$ á bilinu 1,471 til 1,474 |
| **Hreinleiki** | |
| Vatnsinnihald | Ekki meira en 5% (aðferð Karls Fischers) |
| Súlfataska | Ekki meira en 0,01%, ákvarðað við 800 ± 25 °C |
| Bútantríól | Ekki meira en 0,2% |
| Akrólín | Ekki meira en 3 mg/kg |
| Fitusýrur og esterar | Ekki meira en 0,1% reiknað sem smjörsýra |
| Klóruð efnasambönd | Ekki meira en 30 mg/kg (gefið upp sem klór) |
| 3-mónóklóróprópan-1,2-díól (3-MCPD) | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Arsen | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Blý | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Kvikasilfur | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Kadmíum | Ekki meira en 0,1 mg/kg“ |

2) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 475 Pólýglýserólesterar af fitusýrum kemur eftirfarandi:

**„E 475 PÓLÝGLÝSERÓLESTERAR AF FITUSÝRUM**

| | |
|---|---|
| **Samheiti** | Pólýglýserólfitusýruesterar, pólýglýserínesterar af fitusýrum |
| **Skilgreining** | Pólýglýserólesterar af fitusýrum eru framleiddir með esterun pólýglýseróls með matarfitu og -olíum eða með fitusýrum sem eru í matarfitu og -olíum. Pólýglýser-ólhlutinn er aðallega dí-, trí- og tetraglýseról og inniheldur ekki meira en 10% pólýglýseróla sem eru jafnstór eða stærri en heptaglýseról.<br>Pólýglýseról er framleitt úr glýseróli sem er í samræmi við nákvæmar skilgreiningar fyrir E 422. |
| EINECS-númer | |
| Efnaheiti | |
| Efnaformúla | |
| Sameindamassi | |
| Magngreining | Innihald heildarfitusýruestera ekki minna en 90% |
| **Lýsing** | Ljósgulir yfir í gulbrúna vökva, olíukenndir yfir í mjög seigfljótandi, ljósgulbrún yfir í millibrún, þjál eða mjúk föst efni og ljósgulbrún yfir í brún, hörð, vaxkennd föst efni |
| **Sanngreining** | |
| Prófun fyrir glýseról | Stenst prófunina |
| Prófun fyrir pólýglýseról | Stenst prófunina |
| Prófun fyrir fitusýrur | Stenst prófunina |
| Leysni | Esterarnir eru allt frá því að vera mjög vatnssæknir yfir í að vera mjög fitusæknir en flestir hafa tilhneigingu til þess að tvístrast í vatni og eru leysanlegir í lífrænum leysum og olíum |
| **Hreinleiki** | |
| Súlfataska | Ekki meira en 0,5% (800 ± 25 °C) |
| Sýrur aðrar en fitusýrur | Innan við 1% |
| Óbundnar fitusýrur | Ekki meira en 6% (áætlað sem olíusýra) |
| Heildarglýseról og -pólýglýseról | Ekki minna en 18% og ekki meira en 60% |
| Óbundið glýseról og pólýglýseról | Ekki meira en 7% |
| Arsen | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Blý | Ekki meira en 0,3 mg/kg |
| Kvikasilfur | Ekki meira en 0,1 mg/kg |

| | |
|---|---|
| Kadmíum | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Summa 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestera, gefin upp sem 3-MCPD | Ekki meira en 2,5 mg/kg |
| Glýsídýlfitusýruesterar, gefnir upp sem glýsídól | Ekki meira en 10 mg/kg. Þetta gildir frá og með 20. júlí 2023 til 20. janúar 2024.<br>Ekki meira en 5 mg/kg. Þetta gildir frá 20. janúar 2024. |
| Erúkasýra | Ekki meira en 2% |

*Hreinleikaskilyrði gilda um aukefnið án natríum-, kalíum- og kalsíumsalta af fitusýrum, en þessi efni geta samt sem áður verið til staðar allt að hámarkinu 6% (gefin upp sem natríumóleat).“*

3) Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 476 Pólýglýserólpólýrísínóleat kemur eftirfarandi:

**„E 476 PÓLÝGLÝSERÓLPÓLÝRÍSÍNÓLEAT**

| | |
|---|---|
| **Samheiti** | Glýserólesterar af þéttum laxerolíufitusýrum, pólýglýserólesterar af fjölþéttum fitusýrum úr laxerolíu, pólýglýserólesterar af umesteraðri rísínólsýru, PGPR |
| **Skilgreining** | Pólýglýserólpólýrísínóleat er framleitt með esterun pólýglýseróls með þéttum laxerolíufitusýrum. Laxerolía sem er notuð til framleiðslu á pólýglýserólpólýrísínóleati er laus við rísín.<br>Pólýglýseról er framleitt úr glýseróli sem er í samræmi við nákvæmar skilgreiningar fyrir E 422. |
| EINECS-númer | |
| Efnaheiti | |
| Efnaformúla | |
| Sameindamassi | |
| Magngreining | |
| **Lýsing** | Tær, mjög seigfljótandi vökvi |
| **Sanngreining** | |
| Leysni | Óleysanlegt í vatni og etanóli, leysanlegt í eter, vetniskolefnum og halógenuðum vetniskolefnum |
| Prófun fyrir glýseról | Stenst prófunina |
| Prófun fyrir pólýglýseról | Stenst prófunina |
| Prófun fyrir rísínólsýru | Stenst prófunina |
| Brotstuðull | $[n]_D^{65}$ á bilinu 1,4630 til 1,4665 |
| **Hreinleiki** | |
| Pólýglýseról | Pólýglýserólhlutinn skal samsettur af a.m.k. 75% dí-, trí- og tetraglýserólum og skal ekki innihalda yfir 10% pólýglýseróla sem eru jafnstór eða stærri en heptaglýseról |
| Hýdroxýltala | Ekki lægri en 80 og ekki hærri en 100 |

| | |
|---|---|
| Sýrutala | Ekki hærri en 6 |
| Arsen | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Blý | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Kvikasilfur | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Kadmíum | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Summa 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestera (gefin upp sem 3-MCPD) | Ekki meira en 2,5 mg/kg |
| Glýsídýlfitusýruesterar (gefnir upp sem glýsídól) | Ekki meira en 1 mg/kg“ |

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1428** **2024/EES/11/28**

**frá 7. júlí 2023**

**um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471)** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([2]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

2) Uppfæra má nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([3]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

3) Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471) er efni sem er leyft í ýmis matvæli í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

4) Hinn 26. september 2017 gaf Matvælaöryggisstofnunin út vísindalegt álit um endurmat á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) sem matvælaaukefnum ([4]) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á tölugildum fyrir ásættanlega daglega inntöku og að matvælaaukefnið hafi ekki öryggisvanda í för með sér þegar það er notað í matvæli fyrir almenning. Matvælaöryggisstofnunin taldi að það þyrfti sérstakt áhættumat fyrir notkun í matvæli fyrir ungbörn yngri en 16 vikna. Matvælaöryggisstofnunin mælti með nokkrum breytingum á nákvæmum skilgreiningum á matvælaaukefninu E 471 sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 231/2012.

5) Eftir birtingu vísindalega álitsins óskaði framkvæmdastjórnin eftir því, sem hluta af endurmati á öryggi matvælaaukefna sem eru leyfð í matvælaflokki 13.1 (matvæli fyrir ungbörn og smábörn) í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, að Matvælaöryggisstofnunin brygðist við gagnaeyðum sem tilgreindar eru í tilmælunum í því vísindalega áliti.

6) Hinn 29. nóvember 2018 auglýsti Matvælaöryggisstofnunin opinberlega eftir tæknilegum og eiturefnafræðilegum gögnum um matvælaaukefnið E 471. Það gerði hagsmunaaðilum kleift að leggja fram umbeðnar upplýsingar til að Matvælaöryggisstofnunin gæti lokið áhættumati sínu á E 471 sem matvælaaukefni í matvæli fyrir alla íbúahópa og metið öryggi við notkun þess í matvæli fyrir ungbörn yngri en 16 vikna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 10.7.2023, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(11), 5045.

7) Á árinu 2020 barst tilkynning gegnum hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður um að fundist hefði mikið magn af glýsídýlfítusýruestrum (gefnir upp sem glýsídól), sem skemma erfðaefni og eru krabbameinsvaldandi, í matvælaaukefninu E 471 sem er notað við framleiðslu á viðbiti á brauð. Á grundvelli þessarar tilkynningar og meðan beðið er eftir tilmælum Matvælaöryggisstofnunarinnar til að fastsetja hámarksgildi fyrir glýsídýlfítusýruestra í matvælaaukefninu var gripið til eftirfylgniaðgerða á grundvelli 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([5]). Í vörusýnishornum af matvælaaukefninu, sem iðnaðurinn greindi til að bregðast við auglýsingunni eftir gögnum á sama tíma, greindist breitt styrkbil og mikið magn glýsídýlestra (gefið upp sem glýsídól).

8) Með tilliti til þess að matvælaaukefnið E 471 er leyft eftir þörfum í matvælaflokkum þar sem áætlað er eða búið er að fastsetja hámarksgildi fyrir tilvist glýsídýlfítusýruestra ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir glýsídýlfítusýruestra (gefnir upp sem glýsídól) í matvælaaukefninu E 471 til að komast hjá því að matvæli sem eru ekki örugg verði sett á markað.

9) Í vísindalegu áliti sínu sem var samþykkt 30. september 2021 ([6]) komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þegar matvælaaukefnið E 471 er notað í matvælaflokkum 13.1.1 (ungbarnarblöndur) og 13.1.5.1 (sérfæða fyrir ungbörn, notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi og sérstakar blöndur fyrir ungbörn) í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 og í samræmi við III. viðauka við þá reglugerð sé ekki ástæða til að það hafi öryggisvanda í för með sér. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að aðlaga núgildandi nákvæmar skilgreiningar á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471), einkum með því að lækka hámarksgildin fyrir eitraða efnisþætti og færa á skrá hámarksgildi fyrir óhreinindi og efnisþætti sem hafa öryggisvanda í för með sér.

10) Í ljósi tilmælanna frá Matvælaöryggisstofnuninni og hámarksgilda fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum, eins og mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 ([7]), er því rétt að breyta nákvæmum skilgreiningum á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471). Því ætti að breyta skilgreiningunni á matvælaaukefninu til að takmarka notkun glýseróls við framleiðslu á matvælaaukefninu við glýseról sem er í samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar á matvælaaukefninu E 422. Fastsetja ætti hámarksinnihald erúkasýru í núgildandi færslu „magngreining“ fyrir ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471). Lækka ætti núgildandi hámarksgildi fyrir arsen, blý, kvikasilfur og kadmíum og fastsetja ætti hámarksgildi fyrir summu 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD), 3-MCPD fitusýruestra (gefnir upp sem 3-MCPD) og glýsídýlfítusýruestra (gefnir upp sem glýsídól) í samræmi við álit Matvælaöryggisstofnunarinnar. Til að útiloka mikil váhrif á viðkvæma neytendur frá þessum óhreinindum og efnisþáttum, sem eru áhyggjuefni, sem leiða af neyslu matvæla sem innihalda matvælaaukefnið E 471 er nauðsynlegt að fastsetja strangari hámarksgildi fyrir erúkasýru og summu 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestra (gefin upp sem 3-MCPD) sem gildir um matvæli fyrir ungbörn og smábörn ([8]). Með þessum hámarksgildum er tekið tillit til gildis sem er sem stendur raunhæft að ætlast til að megi ná með því að beita góðum framleiðsluháttum.

11) Þar eð verið er að innleiða nýjar framleiðsluaðferðir sem leiða til framleiðslu á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471) með lægri gildi glýsídýlfítusýruestra (gefnir upp sem glýsídól) þykir rétt að framleiðendur þessa matvælaaukefnis fái umbreytingartímabil til að ná hámarksgildi sem nemur 5 mg/kg fyrir glýsídýlfítusýruestra (gefnir upp sem glýsídól) í matvælaaukefninu E 471. Þar eð glýsídýlfítusýruestrar hafa hugsanlega erfðaeiturhrif og krabbameinsvaldandi áhrif ætti þó millihámarksgildi sem nemur 10 mg/kg fyrir glýsídýlfítusýruestra (gefnir upp sem glýsídól) að gilda frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar, að undanskilinni notkun í matvæli fyrir ungbörn og smábörn.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(11), 6885.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/915 frá 25. apríl 2023 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 (Stjtíð. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 103).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

12) Með tilliti til þess að Matvælaöryggisstofnunin greindi ekki brýnt heilsufarslegt áhyggjuefni sem tengist tilvist eitraðra efnisþátta, erúkasýru, summu 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestra og glýsídýlfitusýruestra þykir rétt að leyfa, á umbreytingartímabili, notkun matvælaaukefnisins ein- og tvíglýseríð af fitusýrum E 471, sem var sett á markað á löglegan hátt áður en þessi reglugerð tekur gildi, og að leyfa að matvæli, sem innihalda matvælaaukefnið, verði áfram sett á markað meðan á umbreytingartímabilinu stendur og verði áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags. Í ljósi þess að ungbörn og smábörn eru viðkvæm ætti þó ekki að leyfa að matvælaaukefninu ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471), sem er ekki í samræmi við hámarksgildi fyrir glýsídýlfitusýruestra sem sett eru fram í þessari reglugerð fyrir notkun í matvæli fyrir ungbörn og smábörn, sé bætt í slík matvæli eftir gildistökudag þessarar reglugerðar og það ætti einungis að leyfa setningu þessara matvæla á markað ef þau hafa þegar verið sett á markað á löglegan hátt fyrir þann dag.

13) Af sömu ástæðum og með tilliti til minnkaðs glýsídýlfitusýruestrainnihalds í matvælaaukefninu ætti að leyfa að matvælaaukefnið ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471), sem er í samræmi við lækkaða millihámarksgildið fyrir glýsídýlfitusýruestra (gefnir upp sem glýsídól), sé notað þar til birgðir eru fullnýttar og það ætti leyfa að matvæli, sem innihalda slíkt matvælaaukefni, séu sett á markað og verði áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

14) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Heimilt er að bæta matvælaaukefninu ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471), sem var sett á markað á löglegan hátt fyrir 30. júlí 2023 og er ekki í samræmi við hámarksgildin sem gilda frá 30. júlí 2023 fyrir arsen, blý, kvikasilfur, kadmíum, 3-mónóklóróprópandíól (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestra (gefnir upp sem 3-MCPD) eða erúkasýru, í matvæli í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) 1333/2008 og reglugerð (ESB) 2023/915 til 30. janúar 2024.

Heimilt er að bæta matvælaaukefninu ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471), sem var sett á markað á löglegan hátt fyrir 30. júlí 2023 og er ekki í samræmi við hámarksgildin, sem gilda frá 30. júlí 2023 fyrir glýsídýlfitusýruestra (gefnir upp sem glýsídól), í matvæli, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn, í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) 1333/2008 og reglugerð (ESB) 2023/915 til 30. janúar 2024.

Matvæli sem innihalda matvælaaukefnið ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471), sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir 30. júlí 2023 og eru ekki í samræmi við hámarksgildin sem gilda frá 30. júlí 2023 fyrir arsen, blý, kvikasilfur, kadmíum, 3-mónóklóróprópandíól (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestra (gefnir upp sem 3-MCPD eða erúkasýru, má áfram setja á markað til 30. janúar 2024 og mega vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

Matvæli, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn, sem innihalda matvælaaukefnið ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471), sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir 30. júlí 2023 og eru ekki í samræmi við hámarksgildin sem gilda frá 30. júlí 2023 fyrir glýsídýlfitusýruestra (gefnir upp sem glýsídól), má setja áfram á markað til 30. janúar 2024 og mega vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

Matvæli fyrir ungbörn og smábörn, sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir 30. júlí 2023 og innihalda matvælaaukefnið ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471), sem eru ekki í samræmi við hámarksgildin fyrir glýsídýlfitusýruestra (gefnir upp sem glýsídól) sem gilda frá 30. júlí 2023, mega vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

Heimilt er að bæta matvælaaukefninu ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum (E 471), sem var sett á markað á löglegan hátt eftir 30. júlí 2023 og til og með 30. janúar 2024 og er ekki í samræmi við hámarksgildin sem gilda frá 30. janúar 2024 fyrir glýsídýlfitusýruestra (gefnir upp sem glýsídól), í matvæli, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn, í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) 1333/2008 þar til birgðir eru fullnýttar.

Matvæli, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn, sem innihalda matvælaaukefnið ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471), sem voru sett á markað á löglegan hátt eftir 30. júlí 2023 og til og með 30. janúar 2024 og eru ekki í samræmi við hámarksgildin fyrir glýsídýlfitusýruestra (gefnir upp sem glýsídól) sem gilda frá 30. janúar 2024, má setja áfram á markað og mega vera áfram á markaði til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júlí 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Í stað færslunnar fyrir matvælaaukefnið E 471 EIN- OG TVÍGLÝSERÍÐ AF FITUSÝRUM í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 kemur eftirfarandi:

„**E 471 EIN- OG TVÍGLÝSERÍÐ AF FITUSÝRUM**

| | |
|---|---|
| **Samheiti** | |
| **Skilgreining** | Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum eru blanda ein-, tví- og tríestera glýseróls af fitusýrum sem koma fyrir í matarolíum og -fitu. Þau geta innihaldið óbundnar fitusýrur og glýseról í litlum mæli.<br>Glýseról sem er notað við framleiðslu á ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum ætti að uppfylla nákvæmu skilgreiningarnar á E 422.<br>E 471 skal framleitt úr fitu og olíum sem uppfylla kröfur Sambandsins um matvælaöryggi er varða matarfitu og -olíur. |
| EINECS-númer | |
| Efnaheiti | |
| Efnaformúla | |
| Sameindamassi | |
| Magngreining | Innihald ein- og tvíestra: ekki minna en 70%<br>Innihald erúkasýru, þ.m.t. erúkasýra sem er bundin í ein-/tvíglýseríðinu:<br>Ekki meira en 0,2% (einungis ef því er blandað í matvæli fyrir ungbörn og smábörn)<br>Ekki meira en 0,5% (öll notkun nema í matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum) |
| **Lýsing** | Afurðin er breytileg frá því að vera fölgulur til fölbrúnn olíukenndur vökvi yfir í hvítt eða eilítið beinhvítt, hart, vaxkennt fast efni. Föstu efnin geta verið í formi flaga, dufts eða lítilla perlna. |
| **Sanngreining** | |
| Innrautt gleypniróf | Einkennandi fyrir fjölalkóhól sem er að hluta esterað með fitusýrum |
| Prófun fyrir glýseról | Stenst prófunina |
| Prófun fyrir fitusýrur | Stenst prófunina |
| Leysni | Óleysanlegt í vatni, leysanlegt í etanóli og tólúeni við 50 °C |
| | |
| **Hreinleiki** | |
| Vatnsinnihald | Ekki meira en 2% (aðferð Karls Fischers) |
| Sýrutala | Ekki meira en 6 |
| Óbundið glýseról | Ekki meira en 7% |
| Pólýglýseról | Ekki meira en 4% tvíglýseról og ekki meira en 1% löng pólýglýseról, bæði á grundvelli heildarglýserólinnihalds |
| Arsen | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Blý | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Kvikasilfur | Ekki meira en 0,1 mg/kg |

| | |
|---|---|
| Kadmíum | Ekki meira en 0,1 mg/kg |
| Summa 3-mónóklóróprópandíóls (3-MCPD) og 3-MCPD-fitusýruestra, gefin upp sem 3-MCPD | Ekki meira en 0,75% (einungis ef því er blandað í matvæli fyrir ungbörn og smábörn)<br>Ekki meira en 2,5% mg/kg (öll notkun nema í matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum) |
| Glýsídýlestrar af fitusýrum, gefnir upp sem glýsídól | Frá 30. júlí 2023 til 30. janúar 2024, ekki meira en 5 mg/kg ef því er blandað í matvæli fyrir ungbörn og smábörn og ekki meira en 10 mg/kg fyrir alla aðra notkun.<br>Frá 30. janúar 2024, ekki meira en 5 mg/kg fyrir alla notkun. |
| Heildarglýseról | Ekki minna en 16% og ekki meira en 33% |
| Súlfataska | Ekki meira en 0,5%, ákvarðað við 800 ± 25 °C |
| Sápa | — |

*Hreinleikaskilyrði gilda um aukefnið án natríum-, kalíum- og kalsíumsalta af fitusýrum, en þessi efni geta samt sem áður verið til staðar allt að hámarkinu 6% (gefin upp sem natríumóleat)“.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1333** **2024/EES/11/29**

**frá 29. júní 2023**

**um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og fráfærugrísi (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1811/2005 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1259/2004** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blanda með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94 (áður flokkunarfræðilega tilgreint sem *Aspergillus aculeatus*), var leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004 ([3]) og fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1811/2005 ([4]). Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndunni með endó-1,3-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og fráfærugrísi. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrðu sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“ og virka hópinn „meltingarbætandi efni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 23. nóvember 2022 ([5]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi blandan ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Að því er varðar öryggi fyrir notendur þegar blandan er meðhöndluð gat Matvæla-öryggisstofnunin vegna skorts á gögnum með endanlegu samsetningunum hvorki komist að niðurstöðu um hvort aukefnið geti verið ertandi fyrir húð og augu né um hvort það geti verið húðnæmir en taldi að aukefnið væri öndunarfæranæmir sökum þess að virka efnið er prótínríkt. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið væri áhrifaríkt sem dýraræktaraukefni hjá eldiskjúklingum og fráfærugrísum í tillögðu lágmarksmagni sem nemur 10 FBG/kg fóðurs. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 106. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004 frá 8. júlí 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 239, 9.7.2004, bls. 8).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1811/2005 frá 4. nóvember 2005 um bráðabirgðaleyfi og varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun tiltekins aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 291, 5.11.2005, bls. 12).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2023 21(1), 7703.

5) Mat á aukefninu sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins. Framkvæmdastjórnin telur að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir blöndunni sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Af endurnýjun leyfis fyrir blöndunni með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, sem fóðuraukefni leiðir að breyta ætti reglugerð (EB) nr. 1811/2005 og fella ætti reglugerð (EB) nr. 1259/2004 úr gildi.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Leyfi**

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Breyting á reglugerð (EB) nr. 1811/2005**

Ákvæði 1. gr. og I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1811/2005 falla brott.

*3. gr.*

**Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 1259/2004**

Reglugerð (EB) nr. 1259/2004 er felld úr gildi.

*4. gr.*

**Umbreytingarráðstafanir**

1. Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda blönduna, sem eru framleiddar og merktar fyrir 20. janúar 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 20. júlí 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda blönduna sem er tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 20. júlí 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 20. júlí 2023, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

*5. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

| Kenninúmer aukefnisins | Nafn leyfishafa | Aukefni | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámark-saldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| **Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni** | | | | | | | | | |
| 4a1603 | DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z o.o. | Endó-1,3(4)-betaglúkanasi (EC 3.2.1.6) | ***Samsetning aukefnis***<br>Blanda með endó-1,3(4)-betaglúkanasa (EC 3.2.1.6), sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, með virkni að lágmarki:<br>Hjúpað form: 50 FBG ([1])/g.<br>Vökvaform: 120 FBG/ml<br>***Lýsing á eiginleikum virka efnisins***<br>Endó-1,3(4)-betaglúkanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94<br>***Greiningaraðferð*** ([2])<br>Til að magnákvarða virkni 1,3(4)-betaglúkanasa í fóðuraukefninu: litmæling sem mælir litað efnasamband sem er framleitt með dínítrósalisýlsýru (DNSA), byggð á ensímhvötuðu vatnsrofi betaglúkans við pH-gildið 5,0 og 50 °C.<br>Til að magnákvarða virkni 1,3(4)-betaglúkanasa í forblöndum og fóðurblöndum: litmæling sem mælir vatnsleysanlega lituð brot og er byggð á ensímhvötuðu vatnsrofi víxltengds asóglúkans úr byggi við pH-gildið 4,5 og 50 °C. | Eldiskjúklingar<br>Fráfærugrísir | - | 10 FBG | - | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun.<br>2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota persónuhlífar, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefninu og forblöndunum. | 20. júlí 2033 |

(1) Ein eining glúkanasa (FBG) samsvarar því magni ensíms sem leysir glúkósa eða önnur afoxandi kolvetni á hraða sem samsvarar 1 µmól glúkósa á mínútu við staðalskilyrði (pH-gildi 5,0 og 30 °C).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1195** **2024/EES/11/30**

**frá 20. júní 2023**

**um reglur um einstök atriði og snið upplýsinga sem aðildarríkin skulu láta í té um niðurstöður úr opinberum rannsóknum á tilvikum mengunar af völdum vara eða efna sem eru ekki leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum b-lið 8. mgr. 29. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2018/848 er kveðið á um að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna verði að skrá niðurstöður úr rannsóknum og ráðstafanir sem þau hafa gert ef vörur og efni, sem eru ekki leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, eru fyrir hendi. Í samræmi við 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 verða aðildarríki að deila upplýsingum með öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir sem þau hafa gert í því skyni að setja fram bestu starfsvenjur og um allar frekari ráðstafanir til að komast hjá því að vörur og efni, sem eru ekki leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu, séu fyrir hendi.

2) Samkvæmt 9. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er þess krafist að aðildarríkin sendi rafrænt, gegnum tölvukerfið sem framkvæmdastjórnin lætur í té, viðeigandi upplýsingar um tilvik sem tengjast mengun af völdum vara eða efna sem ekki hefur verið veitt heimild fyrir.

3) Til að komast hjá því að aðildarríki sendi allar upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/848, til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja með mismunandi aðferðum væri einnig hægt að nota einstöku atriðin og sniðið sem þau eiga að nota til að miðla upplýsingunum sem um getur í 6. mgr. 29. gr. þeirrar reglugerðar til að senda upplýsingarnar sem um getur í 9. mgr. 29. gr. þeirrar reglugerðar. Aðildarríkin ættu að nota upplýsingakerfið fyrir lífrænan búskap (OFIS) í þessum tilgangi.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Einstök atriði og snið upplýsinga um opinberar rannsóknir, bestu starfsvenjur og frekari ráðstafanir sem tengjast mengun af völdum vara og efna sem ekki hefur verið veitt heimild fyrir**

Aðildarríki skulu nota upplýsingakerfið fyrir lífrænan búskap (OFIS) og sniðmátið sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð til að gera aðgengilegar fyrir önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina skráðar niðurstöður úr opinberum rannsóknum sem fara fram í samræmi við a-lið 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og allar ráðstafanir sem lögbær yfirvöld hafa gert í því skyni að setja fram bestu starfsvenjur og frekari ráðstafanir til að komast hjá því að vörur og efni, sem eru ekki leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, séu fyrir hendi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 21.6.2023, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 308/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*VIÐAUKI*

**Sniðmát fyrir upplýsingakerfið fyrir lífrænan búskap sem um getur í 1. gr.**

I. HLUTI

**Upplýsingar um niðurstöður úr opinberum rannsóknum sem um getur í a-lið 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og um ráðstafanir til að komast hjá því að vörur og efni, sem eru ekki leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu, séu fyrir hendi**

<table>
<tr><td colspan="4">1. Tilvísun til opinberra rannsókna eða, ef við á, tilvísun til tilvika</td></tr>
<tr><td>2. Heiti lífrænt ræktaðrar vöru eða vöru í aðlögun eða annars efnis sem sýni var tekið úr:<br>a)<br>☐ Matvæli<br>☐ Fóður<br>☐ Plöntuefni<br>☐ Jarðvegur<br>☐ Annað (tilgreinið nánar)<br>b)<br>— SN-númer í vörunúmeraskránni</td><td>3. Magn vara sem eru mengaðar (kíló, lítrar eða, ef við á, fjöldi eininga):</td><td>4. Heiti vöru eða vara, efnis eða efna sem ekki hefur verið veitt heimild fyrir sem hafa greinst:</td><td>5. Magn vöru eða vara, efnis eða efna sem ekki hefur verið veitt heimild fyrir sem hafa greinst:<br>— Var mengunin sem fannst yfir hámarksgildi leifa sem er fastsett með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 [1]?<br>☐ Já<br>☐ Nei<br>☐ Á ekki við</td></tr>
<tr><td>6. Stig aðfangakeðjunnar þar sem tilvist vöru eða vara, efnis eða efna sem ekki hefur verið veitt heimild fyrir hefur greinst:<br>☐ Framleiðsla<br>Einungis ef um er að ræða plöntuframleiðslu<br>— Fyrir uppskeru<br>— Eftir uppskeru<br>☐ Tilreiðsla<br>— Vinnsla/varðveisla<br>— Pökkun<br>— Slátrun, skurður, hreinsun eða mölun<br>☐ Dreifing<br>☐ Geymsla</td><td colspan="2">7. Uppruni vöru eða vara, efnis eða efna sem ekki hefur verið veitt heimild fyrir og orsökin fyrir því:<br>☐ Rekstraraðili notaði vörur eða efni sem eru ekki leyfð í lífrænni framleiðslu<br>☐ Úðarek vara eða efna sem eru ekki leyfð í lífrænni framleiðslu<br>☐ Blöndun lífrænt ræktaðra vara eða vara í aðlögun við vörur sem eru ekki lífrænt ræktaðar eða vörur í aðlögun<br>☐ Vörur sem eru ekki lífrænt ræktaðar eða vörur í aðlögun seldar sem lífrænt ræktaðar vörur</td><td>8. Ráðstafanir sem gerðar eru:<br>Setning vörunnar eða varanna á markað eða notkun hennar eða þeirra var bönnuð í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848:<br>☐ Já<br>☐ Nei<br>☐ Á ekki við<br>[valfrjálsar viðbótarupplýsingar]</td></tr>
</table>

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1). Á einungis við um matvæli og fóður.

| | | |
|---|---|---|
| ☐ Setning á markað<br>— Smásala<br>— Heildsala<br>☐ Innflutningur<br>— Landamæraeftirlitsstöð<br>— Staður þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði<br>☐ Útflutningur<br>**Varan er:**<br>☐ Í umbúðum<br>☐ Í lausri vigt | ☐ Rekstraraðili hefur ekki gert varúðarráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. 28. gr. Reglugerðar (ESB) 2018/848<br>☐ Skortur á rekjanleika<br>☐ Mengun átti sér stað á fyrra stigi aðfangakeðjunnar (tilgreinið á hvaða stigi ef það er þekkt)<br>☐ Uppruni og orsök mengunarinnar hefur ekki greinst (tilgreinið ástæðuna fyrir því)<br>☐ Annað (tilgreinið nánar) | |
| 9. **Aðrar upplýsingar:** | | |

II. HLUTI

**Bestu starfsvenjur**

Leggja skal fram árlegt yfirlit yfir bestu starfsvenjur sem voru skráðar í aðildarríkinu á næstliðnu ári, í samræmi við 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, til að komast hjá því að vörur og efni, sem eru ekki leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu, séu fyrir hendi.

| |
|---|
| |

*Athugasemd:* **Upplýsingar um tilvik sem tengjast mengun af völdum vara eða efna sem eru ekki leyfð skv. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 til notkunar við lífræna framleiðslu í viðkomandi aðildarríki**

Aðildarríkjum er heimilt að nota sniðmátið í I. hluta til að senda framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 31. mars á hverju ári, upplýsingar um þau tilvik mengunar sem lögbært yfirvald eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili greindi á næstliðnu ári við framkvæmd opinbers eftirlits í samræmi við 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 eða opinberra rannsókna í samræmi við 29. gr. þeirrar reglugerðar.

Tilvik mengunar þar sem opinberri rannsókn er ekki lokið 31. desember skulu tekin með í sendingunni fyrir næsta ár á eftir.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1202** **2024/EES/11/31**

**frá 21. júní 2023**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum 3. mgr. 48. gr. og 2. mgr. 57. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 ([2]) er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([3]).

2) Indland upplýsti framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald þess hafi afturkallað faggildingu eftirlitsaðilanna „APOF Organic Certification Agency“ (AOCA- IN-ORG-002), „Bhumaatha Organic Certification Bureau“ (BOCB-IN-ORG-034) og „Karnataka State Organic Certification Agency“ (IN-ORG-027) og fellt faggildingu eftirlitsaðilans „Faircert Certification Services Pvt Ltd“ (IN-ORG-023) tímabundið úr gildi.

3) Japan upplýsti framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald þess hafi afturkallað faggildingu eftirlitsaðilanna „Japan Grain Inspection Association“ (JP-BIO-039) og „OCIA Japan“ (JP-BIO-008).

4) Japan upplýsti framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald þess hafi viðurkennt eftirlitsaðilann „Japan Association for Inspection and Investigation of Food Including Fats and Oils“ (JP-BIO-042).

5) Lýðveldið Kórea hefur óskað eftir því að framkvæmdastjórnin viðurkenni „National Agricultural Products Quality Management Service“ sem lögbært yfirvald auk „Ministry of Agriculture, Food and Rural Affairs“.

6) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er sett fram skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi og eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum. Í ljósi nýrra upplýsinga og beiðna sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá því að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 var samþykkt ætti að gera tilteknar breytingar á þeirri skrá.

7) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Albinspekt bio.inspecta“ um að afturkalla viðurkenningu þess að því er varðar öll þriðju lönd sem það er viðurkennt fyrir vegna samruna þess við „Bio.inspecta AG“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 159, 22.6.2023, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 308/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 frá 16. desember 2021 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (Stjtíð. ESB L 465, 29.12.2021, bls. 8).

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

8) Nokkrar sendingar af vörum sem fluttar voru inn frá Indlandi og Egyptalandi, sem „Biocert International Pvt Ltd“ vottaði sem lífrænar, voru mengaðar af völdum vara og efna sem ekki eru leyfð í lífrænni framleiðslu og/eða hefðbundinni framleiðslu í Sambandinu, þ.m.t. etýlenoxíði, sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og hafa eiturhrif á æxlun. Þetta hefur leitt til nokkurs fjölda tilkynninga í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap (OFIS). Þau gildi mengunar sem greindust í sendingunum hafa alla jafna farið yfir þau hámarksgildi leifa fyrir etýlenoxíð sem eru fastsett með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([4]).

9) Enn fremur hefur „Biocert International Pvt Ltd“ ekki getað sýnt fram á að lífrænt ræktaðar vörur, sem fluttar eru inn undir eftirliti þess, hafi verið framleiddar í samræmi við framleiðslureglur og falli undir fyrirkomulag eftirlits sem er jafngilt því sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([5])og (EB) nr. 1235/2008 ([6]).

10) Biocert hefur ekki heldur getað sýnt fram á að allir rekstraraðilar sem sæta eftirliti af hálfu „Biocert International Pvt Ltd“ hafi fallið undir eftirlitsráðstafanir sem eru jafnskilvirkar og að slíkum eftirlitsráðstöfunum hafi verið beitt að staðaldri og á skilvirkan hátt í samræmi við b-lið 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

11) Að auki hefur „Biocert International Pvt Ltd“ ekki gert viðunandi ráðstafanir til úrbóta til að bregðast við frávikum og brotum sem hafa komið í ljós.

12) Loks upplýsti faggildingaraðilinn IOAS framkvæmdastjórnina um afturköllun ISO/IEC 17065 faggildingar sinnar að því er varðar „Biocert International Pvt Ltd“ vegna allra vöruflokka og í öllum þriðju löndum sem það var faggilt fyrir vegna þess að ekki var farið að fyrri viðurlögum, gripið til þeirra sértæku aðgerða sem krafist var og ráðin bót á frávikum.

13) Af þeim ástæðum sem settar eru fram í 8.–12. forsendu hér að framan og í samræmi við v. og vii. lið d-liðar 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 ([7]) ætti að fella „Biocert International Pvt Ltd“ brott af skránni yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem sett er fram í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.

14) „Ecogruppo Italia“ upplýsti framkvæmdastjórnina um breytingu á heimilisfangi sínu.

15) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Indocert“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Kambódíu.

16) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Albaníu, Bangladess, Belarús (Hvíta-Rússland), Bútan, Kúbu, Eþíópíu, Gíneu-Bissaú, Indland, Íran, Kósovó, Mongólíu, Nepal og Pakistan. Að auki upplýsti „Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH“ framkvæmdastjórnina um breytingu á veffangi sínu.

17) „Organic Standard“ upplýsti framkvæmdastjórnina um breytingu á veffangi sínu.

18) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 til samræmis við það.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 frá 27. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 er varða reglur um upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innfluttar lífrænt ræktaðar vörur og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti (Stjtíð. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 20).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. júní 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

Ákvæðum I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

1) Í töflunni í 5. lið í færslunni fyrir „**INDLAND**“ falla línurnar fyrir kenninúmerin IN-ORG-002, IN-ORG-023 og IN-ORG-034 brott.

2) Í færslunni fyrir „**JAPAN**“ er töflunni í 5. lið breytt sem hér segir:

   a) Línurnar fyrir kenninúmerin JP-BIO-008 og JP-BIO-039 falla brott.

   b) Eftirfarandi línu er bætt við:

| | | |
|---|---|---|
| „JP-BIO-042 | Japan Association for Inspection and Investigation of Food Including Fats and Oils | www.syken.or.jp“ |

3) Í stað 4. liðar í færslunni fyrir „**LÝÐVELDIÐ KÓREU**“ kemur eftirfarandi:

„4. Lögbær yfirvöld: Ministry of Agriculture, Food and Rural Affairs, www.enviagro.go.kr/portal/en/main.do og National Agricultural Products Quality Management Service (NAQS), www.naqs.go.kr/eng/main/main.do“.

———

*II. VIÐAUKI*

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

1) Færslan fyrir „**Albinspekt bio.inspecta**“ fellur brott.

2) Færslan fyrir „**Biocert International Pvt Ltd**“ fellur brott.

3) Í stað 1. liðar í færslunni fyrir „**Ecogruppo Italia**“ kemur eftirfarandi:

„1. Heimilisfang: Via Siracusa angolo Via Merano 95037 – San Giovanni La Punta/Catania. Ítalía“.

4) Í töflunni í 3. lið í færslunni fyrir „**Indocert**“ fellur línan fyrir Kambódíu brott.

5) Færslunni fyrir „**Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH**“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Veffang: www.kiwa.de/bio“.

b) Í töflunni í 3. lið falla línurnar fyrir Albaníu, Bangladess, Belarús (Hvíta-Rússland), Bútan, Kúbu, Eþíópíu, Gíneu-Bissaú, Indland, Íran, Kósóvó, Mongólíu, Nepal og Pakistan brott.

6) Í stað 2. liðar í færslunni fyrir „**Organic Standard**“ kemur eftirfarandi:

„2. Veffang: http://www.organicstandard.ua“.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1581** **2024/EES/11/32**

**frá 1. ágúst 2023**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu óleóresínum úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Skrá Sambandsins sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 inniheldur óleóresín úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni sem leyft nýfæði.

4) Nýfæðið óleóresín úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni var leyft í samræmi við 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([3]) til notkunar í fæðubótarefni, eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([4]), sem eru ætluð fyrir almenning. Leyft hámarksmagn nýfæðisins er 40–80 mg/dag af óleóresíni, sem leiðir til ≤ 8 mg af astaxantíni á dag.

5) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1377 ([5]) var skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu óleóresínum úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni breytt. Einkum var notkun á nýfæðinu í fæðubótarefni sem innihalda 40–80 mg af óleóresínum úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni, sem samsvarar astaxantínmagni sem nemur allt að 8 mg, takmörkuð við fullorðna og unglinga eldri en 14 ára. Breytingin var byggð á áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), „Safety of astaxanthin for its use as a novel food in food supplements“ ([6]), þar sem einungis var komist að niðurstöðu um öryggi astaxantíns í magni sem nemur allt að 8 mg fyrir almenning eldri en 14 ára.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 309/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1377 frá 19. ágúst 2021 um leyfi fyrir breytingum á skilyrðum fyrir notkun á nýfæðinu óleóresín úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 20).

([6]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um næringu, nýfæði og fæðuofnæmisvalda, „Scientific opinion on the safety of astaxanthin as a novel food in food supplements.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(2), 5993.

6) Hinn 15. desember 2022 lagði fyrirtækið Natural Algae Astaxanthin Association (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að breyta skilyrðunum fyrir notkun á óleóresínum úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni. Umsækjandinn fór fram á að notkun á nýfæðinu yrði rýmkuð þannig að hún næði yfir fæðubótarefni sem eru ætluð fyrir börn frá þriggja ára aldri en yngri en 10 ára, í magni sem nemur 23 mg/dag af óleóresíni (samsvarar allt að 2,3 mg/dag af astaxantíni), og fæðubótarefni, sem eru ætluð fyrir unglinga frá 10 ára aldri en yngri en 14 ára, sem innihalda 57 mg/dag af óleóresíni (samsvarar allt að 5,6 mg/dag af astaxantíni).

7) Framkvæmdastjórnin telur að umbeðin breyting á skilyrðum fyrir notkun á óleóresínum úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni sé ólíkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna og að öryggismat Matvæla-öryggisstofnunarinnar, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Að teknu tilliti til ásættanlegrar daglegrar inntöku astaxantíns sem nemur 0,2 mg/kg líkamsþyngdar á dag og inntöku astaxantíns úr annarri fæðu, eins og sett er fram í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar sem var birt 2020, myndi inntaka astaxantíns úr fæðubótarefnum, eins og umsækjandinn lagði til, leiða til heildarinntöku astaxantíns sem færi ekki yfir ásættanlega daglega inntöku.

8) Upplýsingarnar í umsókninni gefa nægar forsendur til að ákvarða að breytingarnar á skilyrðum fyrir notkun á óleóresínum úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni séu í samræmi við skilyrðin í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og það ætti að samþykkja þær.

9) Í samræmi við breytinguna á skilyrðum fyrir notkun fæðubótarefna sem innihalda mismunandi magn óleóresína úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni, með hliðsjón af þeim aldursflokkum íbúa sem þeim er beint að, er nauðsynlegt að upplýsa neytendur um það með viðeigandi merkimiða að þeir aldursflokkar sem fæðubótarefni sem innihalda nýfæðið eru ekki ætluð fyrir skuli ekki neyta þeirra og að ungbörn og smábörn skuli ekki neyta þeirra. Að auki telur framkvæmdastjórnin viðeigandi að mæla fyrir um frekari kröfu um merkingu til að koma í veg fyrir samhliða neyslu fæðubótarefna sem innihalda astaxantín sem líklegt er að fari yfir ásættanlega daglega inntöku sem Matvælaöryggisstofnunin fastsetti.

10) Til að takmarka stjórnsýsluálag og til að veita rekstraraðilum nægilegan tíma til að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um umbreytingartímabil fyrir fæðubótarefni, sem innihalda ≤ 8,0 mg af astaxantíni og eru ætluð fyrir almenning eldri en 14 ára, sem voru sett á markað eða send frá þriðju löndum til Sambandsins fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar. Í þessum umbreytingarráðstöfunum ætti að taka tillit til öryggis neytenda með því að veita þeim upplýsingar um viðeigandi notkun í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð.

11) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

1. Fæðubótarefni sem innihalda ≤ 8,0 mg af astaxantíni og eru ætluð fyrir almenning eldri en 14 ára, sem voru sett á markað á lögmætan hátt áður en þessi reglugerð tekur gildi, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

2. Fæðubótarefni, sem eru flutt inn í Sambandið, sem innihalda ≤ 8,0 mg af astaxantíni og eru ætluð fyrir almenning eldri en 14 ára má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags ef innflytjandi slíkra matvæla getur sýnt fram á að þau hafi verið send frá viðkomandi þriðja landi og verið á leið til Sambandsins áður en þessi reglugerð gengur í gildi.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. ágúst 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Í stað færslunnar „Óleóresín úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni“ í töflu 1 (Leyft nýfæði) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

| Leyft nýfæði | Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið | | Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu | Aðrar kröfur |
|---|---|---|---|---|
| „Óleóresín úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni | *Tilgreindur matvælaflokkur* | *Hámarksgildi astaxantíns* | Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „óleóresín úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni“<br>Á merkimiða fæðubótarefna sem innihalda óleóresín úr þörungunum *Haematococcus pluvialis* sem eru auðug af astaxantíni skal vera yfirlýsing þess efnis að ekki skuli neyta þeirra:<br>a) ef annarra fæðubótarefna sem innihalda astaxantínestra er neytt sama dag<br>b) ef um er að ræða ungbörn og smábörn yngri en þriggja ára<br>c) ef um er að ræða ungbörn og börn yngri en 10 ára (*)<br>d) ef um er að ræða ungbörn, börn og unglinga yngri en 14 ára (*). | |
| | Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, þó ekki fyrir ungbörn og smábörn | 2,3 mg af astaxantíni á dag fyrir börn frá þriggja ára en yngri en 10 ára | | |
| | | 5,7 mg af astaxantíni á dag fyrir unglinga frá 10 ára en yngri en 14 ára | | |
| | | 8 mg af astaxantíni á dag fyrir almenning eldri en 14 ára | | |

(*) Með hliðsjón af aldursflokknum sem fæðubótarefnið er ætlað fyrir.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1582** **2024/EES/11/33**

**frá 1. ágúst 2023**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu 3′-síalýllaktósanatríumsalti sem er framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3)** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/96 ([3]) var leyft að setja 3′-síalýllaktósanatríumsalt, sem fæst með örverugerjun með því að nota erfðabreyttan stofn *Escherichia coli* K-12 DH1, á markað í Sambandinu sem nýfæði samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/113 ([4]) var leyft að setja 3′-síalýllaktósanatríumsalt, sem fæst með örverugerjun með því að nota erfðabreytta afleidda stofna *Escherichia coli* BL21(DE3), á markað í Sambandinu sem nýfæði samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.

5) Hinn 8. febrúar 2023 lagði fyrirtækið Chr. Hansen A/S (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að breyta skilyrðunum fyrir notkun á 3′-síalýllaktósanatríumsalti sem fæst með örverugerjun með því að nota erfðabreytta afleidda stofna (framleiðslustofn og valkvæðan niðurbrotsstofn) *Escherichia coli* BL21(DE3). Umsækjandinn fór fram á hækkun á hámarksgildum fyrir 3′-síalýllaktósanatríumsalt sem er notað í ungbarnablöndu, eins og hún er skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([5]), úr hámarksmagninu sem er sem stendur leyft sem nemur 0,23 g/kg

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 309/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/96 frá 28. janúar 2021 um leyfi til að setja á markað 3′-síalýllaktósanatríumsalt sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 31, 29.1.2021, bls. 201).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/113 frá 16. janúar 2023 um leyfi til að setja á markað 3′-síalýllaktósanatríumsalt, sem er framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3), sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 15, 17.1.2023, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

eða l í hámarksmagn sem nemur 0,28 g/kg eða l og að notkun yrði rýmkuð á 3′-síalýllaktósanatríumsalti í fæðubótarefnum, eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([6]), sem eru ætluð fyrir ungbörn og smábörn, í magni sem nemur 0,28 g/dag. Hinn 23. mars 2023 breytti umsækjandinn upphaflegu beiðninni í umsókninni og fjarlægði notkunina á 3´-síalýllaktósanatríumsalti í fæðubótarefni sem eru ætluð fyrir ungbörn og smábörn úr tillagðri notkun.

6) Umsækjandinn rökstuddi beiðnina um tillagðar breytingar á skilyrðunum fyrir notkun á 3′-síalýllaktósanatríumsalti í ungbarnablöndu, eins og hún er skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, sem leið til að færa notkunarmagn 3′-síalýllaktósanatríumsalts í ungbarnablöndur og inntekið magn sem af því leiðir nær gildunum fyrir 3′-síalýllaktósa sem finnast frá náttúrunnar hendi í móðurmjólk.

7) Framkvæmdastjórnin telur að umbeðin uppfærsla á skrá Sambandsins varðandi breytingu á skilyrðum fyrir notkun 3′-síalýllaktósanatríumsalts, sem er framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3), eins og umsækjandinn leggur til, sé ólíkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna og að öryggismat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Að því er þetta varðar yrði sú örlitla aukning á innteknu magni 3′-síalýllaktósanatríumsalts, sem myndi leiða af þessari auknu notkun í ungbarnablöndu eins og hún er skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 609/2013, samt minni en inntekið magn 3′-síalýllaktósa úr brjóstamjólk sem Matvælaöryggisstofnunin taldi í áliti sínu frá 2022 um 3′-síalýllaktósanatríumsalt, sem er framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3), að skapaði engan öryggisvanda. ([7]) Framkvæmdastjórnin telur einnig að aukning á hámarksnotkunarmagni 3′-síalýllaktósanatríumsalts í ungbarnablöndu, úr 0,23 g/kg eða l í 0,28 g/kg eða l, ætti einnig að endurspeglast í skilyrðunum fyrir notkun matvæla sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013 þar eð hámarksgildin fyrir 3′-síalýllaktósanatríumsalt í þessum matvælum tengjast hámarksgildunum sem eru notuð í ungbarnablöndu.

8) Upplýsingarnar sem lagðar voru fram í umsókninni og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2022 gefa nægar forsendur til að ákvarða að breytingarnar á skilyrðum fyrir notkun 3′-síalýllaktósanatríumsalts, sem er framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3), séu í samræmi við skilyrðin í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og það ætti að samþykkja þær.

9) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(5), 7331.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. ágúst 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Í stað færslunnar fyrir 3′-síalýllaktósanatríumsalt (framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3)) í töflu 1 (Leyft nýfæði) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

| Leyft nýfæði | Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið | | Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu | Aðrar kröfur | Gagnavernd |
|---|---|---|---|---|---|
| „**3′-Síalýllaktósanatríumsalt (framleitt með afleiddum stofnum *Escherichia coli* BL21(DE3))** | ***Tilgreindur matvælaflokkur*** | ***Hámarksgildi*** | Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „3´-síalýllaktósanatríumsalt“.<br>Á merkimiða fæðubótarefna sem innihalda 3´-síalýllaktósanatríumsalt skal vera yfirlýsing þess efnis að:<br>a) börn yngri en þriggja ára skuli ekki neyta þeirra,<br>b) ekki skuli nota þau ef annarra matvæla sem innihalda viðbætt 3´-síalýllaktósanatríumsalt er neytt sama dag. | | Leyft 6. febrúar 2023. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.<br>Umsækjandi: „Chr. Hansen A/S“, Boege Allé 10-12, 2970 Hoersholm, Danmörk. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Chr. Hansen A/S leyfilegt að setja nýfæðið 3'-síalýllaktósanatríumsalt á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki „Chr. Hansen A/S“.<br>Lokadagur gagnaverndar: 6. febrúar 2028.” |
| | Ungbarnablanda eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013 | 0,28 g/l í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð með því að bæta vatni í hana samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda | | | |
| | Stoðblanda eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013 | 0,28 g/l í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð með því að bæta vatni í hana samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda | | | |
| | Unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013 | 0,28 g/l eða 0,28 g/kg í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð með því að bæta vatni í hana samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda | | | |
| | Drykkir, að stofni til úr mjólk, og svipaðar vörur sem ætlaðar eru fyrir smábörn | 0,28 g/l í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð með því að bæta vatni í hana samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda | | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi fyrir ungbörn og smábörn eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013 | Í samræmi við sérstakar næringarþarfir ungbarna og smábarna, sem vörurnar eru ætlaðar fyrir, en aldrei hærri en 0,28 g/L eða 0,28 g/kg í fullunnu vörunni sem er tilbúin til notkunar, er markaðssett sem slík eða endurgerð með því að bæta vatni í hana samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans. | | | |
| | Matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi, eins og skilgreint er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013, að undanskildum matvælum fyrir ungbörn og smábörn | Í samræmi við sérstakar næringarþarfir einstaklinganna sem vörurnar eru ætlaðar fyrir | | | |
| | Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB fyrir almenning, að undanskildum ungbörnum og smábörnum | 0,7 g/dag | | | |

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1583** **2024/EES/11/34**

**frá 1. ágúst 2023**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu laktó-N-neótetraósa (af örverufræðilegum uppruna)** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 12. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/375 ([3]) var leyft, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([4]), að setja á markað laktó-N-neótetraósa, sem er framleiddur með efnafræðilegum aðferðum, sem nýtt innihaldsefni í matvælum.

4) Hinn 1. september 2016 upplýsti fyrirtækið Glycom A/S, skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlun sína að setja á markað laktó-N-neótetraósa af örverufræðilegum uppruna, sem er framleiddur með erfðabreyttum stofni *Escherichia coli* K-12, sem nýtt innihaldsefni í matvælum. Á grundvelli þessarar tilkynningar var laktó-N-neótetraósa af örverufræðilegum uppruna, sem er framleiddur með erfðabreyttum stofni *Escherichia coli* K-12, bætt á skrá Sambandsins yfir nýfæði þegar skrá Sambandsins var komið á fót.

5) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1314 ([5]) var nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu laktó-N-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni), sem er framleiddur með erfðabreyttum stofni *Escherichia coli* K-12, breytt.

6) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/912 ([6]) var nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu laktó-N-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni) breytt til að leyfa að setja laktó-N-neótetraósa, sem er framleiddur með samsettri virkni erfðabreyttu stofnanna PS-LNnT-JBT og DS-LNnT-JBT sem eru afleiður af *Escherichia coli* af stofni BL21(DE3), á markað með sömu notkunarskilyrðum og höfðu áður verið leyfð fyrir laktó-N-neótetraósa.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 2.8.2023, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 309/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/375 frá 11. mars 2016 um leyfi til að setja laktó-N-neótetraósa á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2016, bls. 22).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1314 frá 2. ágúst 2019 um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu laktó-N-neótetraósa, sem er framleiddur með Escherichia coli K-12, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 205, 5.8.2019, bls. 4).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/912 frá 4. júní 2021 um leyfi fyrir breytingum á nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu laktó-N-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni) og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtíð. ESB L 199, 7.6.2021, bls. 10).

7) Hinn 15. nóvember 2022 lagði fyrirtækið Chr. Hansen A/S (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að breyta nákvæmum skilgreiningum á laktó-N-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni), sem er framleiddur með samsettri virkni stofnanna PS-LNnT-JBT og DS-LNnT-JBT sem eru afleiður af *Escherichia coli* af stofni BL21(DE3). Umsækjandinn fór fram á að í stað tilvísunar í tiltekna erfðabreytta afleidda stofna *Escherichia coli* BL21(DE3), PS-LNnT-JBT og DS-LNnT-JBT, sem eru notaðir til að framleiða laktó-N-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni), kæmu almenn ummæli um báða stofnana. Að auki fór umsækjandinn fram á breytingu á nákvæmum skilgreiningum á laktó-N-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni) þannig að hægt sé að framleiða hann með því að nota leyfða afleidda stofna *Escherichia coli* K-12 og/eða *Escherichia coli* BL21(DE3) í stað núverandi takmörkunar um að nota annaðhvort leyfðan afleiddan stofn *Escherichia coli* K-12 eða leyfða afleidda stofna *Escherichia coli* BL21(DE3).

8) Umsækjandinn rökstuddi beiðnina um tillagðar breytingar á nákvæmum skilgreiningum á laktó-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni) þannig að í stað þess að getið væri sérstaklega um stofnana PS-LNnT-JBT og DS-LNnT-JBT af *Escherichia coli* af stofni BL21(DE3) kæmu almennari ummæli um framleiðslustofna og valkvæða niðurbrotsstofna með því að það væri nákvæmari aðferð til að lýsa mismunandi verkun stofnanna tveggja í framleiðsluferlinu, eins og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) mat það ([7]), og sem leið til að veita umsækjandanum og öðrum stjórnendum matvælafyrirtækja meiri sveigjanleika til að nota leyfðar afleiður *Escherichia coli* af stofni BL21(DE3) í samræmi við mismunandi verkun þeirra í stað þess að takmarka framleiðslu þeirra við tilteknu afleiddu stofnana PS-LNnT-JBT og DS-LNnT-JBT. Að áliti umsækjandans yrði þessi breyting þar að auki einnig til að aðlaga leyfðar nákvæmar skilgreiningar á laktó-N-neótetraósa, sem er framleiddur með afleiddum stofnum *Escherichia coli* af stofni BL21(DE3), að leyfðum nákvæmum skilgreiningum á öðru nýfæði sem er framleitt með afleiddum framleiðslustofnum og valkvæðum niðurbrotsstofnum *Escherichia coli* BL21(D3) þar sem ekki er getið um tiltekna afleidda stofna. Umsækjandinn rökstuddi einnig beiðnina um að leyfa notkun á samsetningum af leyfðum afleiddum stofnum af stofnum *Escherichia coli*, þ.e. *Escherichia coli* K-12 og/eða *Escherichia coli* BL21(DE3), sem viðbótarleið til að veita umsækjandanum og öðrum stjórnendum matvælafyrirtækja sveigjanleika til að nota leyfða afleidda stofna *Escherichia coli* við framleiðslu á laktó-N-neótetraósa.

9) Framkvæmdastjórnin telur að umbeðin uppfærsla á skrá Sambandsins varðandi breytingu á nákvæmum skilgreiningum á laktó-N-neótetraósa, sem umsækjandinn leggur til, sé ólíkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna og að öryggismat Matvælaöryggisstofnunarinnar, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Móðurstofnar *Escherichia coli* BL21(DE3) og K-12 og erfðabreyttir afleiddir stofnar þeirra sem eru notaðir við framleiðslu á laktó-N-neótetraósa fengu jákvætt mat hjá Matvælaöryggisstofnuninni annars vegar ([8]) og í tengslum við tilkynningu skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 hins vegar. Notkun þeirra við framleiðslu á laktó-N-neótetraósa, með eða án viðbótarnotkunar á valkvæðum afleiddum niðurbrotsstofnum *Escherichia coli* af stofni BL21(DE3), mun leiða til framleiðslu á laktó-N-neótetraósa í samræmi við leyfðar nákvæmar skilgreiningar og mun af þessum sökum ekki hafa áhrif á öryggissnið leyfða nýfæðisins.

10) Upplýsingarnar sem lagðar voru fram í umsókninni og framangreint álit Matvælaöryggisstofnunarinnar gefa nægar forsendur til að ákvarða að breytingarnar á nákvæmum skilgreiningum á laktó-N-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni) séu í samræmi við skilyrðin í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og það ætti að samþykkja þær.

11) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(11), 6305.
([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(11), 6305.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. ágúst 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Í stað færslunnar fyrir laktó-N-neótetraósa (örverufræðilegur uppruni) í töflu 2 (nákvæm skilgreining) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „**Laktó-N-neótetraósi (örverufræðilegur uppruni)** | **Skilgreining**<br>Efnaheiti: β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-2-asetamíðó-2-deoxý-β-D-glúkópýranósýl-(1→3)-β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-D-glúkópýranósi<br>Efnaformúla: $C_{26}H_{45}NO_{21}$<br>CAS-nr.: 13007-32-4<br>Sameindaþyngd: 707,63 g/mól<br><br>**Lýsing/uppruni**<br>Laktó-N-neótetraósi er hvítt yfir í beinhvítt duft sem er framleitt með örverufræðilegri aðferð með því að nota erfðabreyttan stofn *Escherichia coli* K-12 og/eða *Escherichia coli* BL21(DE3). Heimilt er að nota valkvæðan erfðabreyttan viðbótarniðurbrotsstofn *Escherichia coli* BL21(DE3) í framleiðsluferlinu til að brjóta niður hálfunnar kolvetnaaukaafurðir og eftirstandandi upphafskolefnahvarfefni.<br><br>**Hreinleiki**<br>Magngreining (vatnslaust): ≥ 80%<br>D-laktósi: ≤ 10,0%<br>Laktó-N-tríósi II: ≤ 3,0%<br>para-laktó-N-neóhexaósi: ≤ 5,0%<br>Hverfa laktó-N-neótetraósafrúktósa: ≤ 1,0%<br>Summa sykra (laktó-N-neótetraósa, D-laktósa, laktó-N-tríósa II, para-laktó-N-neóhexaósa, hverfu laktó-N-neótetraósafrúktósa): ≥ 92% (% miðað við þyngd af þurrefni)<br>pH-gildi (20 °C, 5% lausn): 4,0–7,0<br>Vatn: ≤ 9,0%<br>Súlfataska: ≤ 1,0%<br>Leysiefnaleifar (metanól): ≤ 100 mg/kg<br>Prótínleifar: ≤ 0,01%<br>**Örverufræðilegar viðmiðanir**<br>Heildarfjöldi loftháðra miðsækinna baktería: ≤ 500 CFU/g<br>Ger- og myglusveppir: ≤ 50 CFU/g<br>Inneiturleifar: ≤ 10 EU/mg<br>CFU: Þyrpingamyndandi einingar, EU: Inneitureiningar“ |

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1627** **2024/EES/11/35**

**frá 10. ágúst 2023**

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 að því er varðar leyfi fyrir efninu bis(2-etýlhexýl)sýklóhexan-1,4-díkarboxýlati (FCM nr. 1079)** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ([1]), einkum a-, e- og i-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 11. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 ([2]) er mælt fyrir um sértækar reglur að því er varðar efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. Einkum er í I. viðauka við þá reglugerð tekin saman skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni sem má nota af ásetningi við framleiðslu á efniviðum og hlutum úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli.

2) Hinn 11. desember 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) jákvætt vísindalegt álit ([3]) um notkun efnisins bis(2-etýlhexýl)sýklóhexan-1,4-díkarboxýlats (DEHCH, CAS-nr. 84731-70-4, FCM-nr. 1079) sem aukefnis (mýkiefnis) í pólý(vínýlklóríð) (PVC) í allt að 25% massahlutfalli í snertingu við vatnskennd, súr og lítið áfeng matvæli til langtímageymslu við og undir stofuhita (kæld og fryst). Á grundvelli vísindalegs álits sem Matvælaöryggisstofnunin lagði fram komst hún enn fremur að þeirri niðurstöðu að efnið valdi ekki áhyggjum varðandi erfðaeiturhrif og tók fram að engin skaðleg áhrif hafi komið fram upp að hæsta prófaða skammtinum, sem nemur 1 000 mg/kg líkamsþyngdar á dag, í rannsóknum á eiturhrifum við endurtekna skammta Í ljósi óvissu um hugsanlega uppsöfnun efnisins í mönnum komst hún þó að þeirri niðurstöðu að flæði efnisins ætti ekki að fara yfir 0,05 mg/kg í matvælum og að eingöngu ætti að nota efnið í pólývínýlklóríð sem kemst í snertingu við matvæli sem matvælahermar A (10% etanól) og B (3% ediksýru) hafa verið valdir fyrir, við og undir stofuhita.

3) Því þykir rétt að leyfa efnið bis(2-etýlhexýl)sýklóhexan-1,4-díkarboxýlat.

4) Breyta ætti reglugerð (ESB) nr. 10/2011 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 11.8.2023, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(1), 5973.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. ágúst 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Eftirfarandi færslu er bætt við í númeraröð í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „1079 | | 84731-70-4 | bis(2-etýlhexýl)sýklóhexan-1,4-díkarboxýlat (DEHCH) | já | nei | nei | 0,05 | | Eingöngu til notkunar sem aukefni í pólý(vínýlklóríð) (PVC) í allt að 25% massahlutfalli í snertingu við matvæli, við eða undir stofuhita, sem matvælahermar A eða B hafa verið valdir fyrir í töflu 2 í III. viðauka.“ | |

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1396 2024/EES/11/36**

**frá 11. ágúst 2022**

**um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar tilvist etýlenoxíðs í matvælaaukefnum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

2) Uppfæra má nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

3) Etýlenoxíð er mikilvægt efni með mörg notkunarsvið, þ.m.t. notkun sem dauðhreinsunarefni og sem hráefni við framleiðslu á ýmsum vörum. Etýlenoxíð er þó efni sem gefur tilefni til áhyggna og er flokkað sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og efni sem hefur eiturhrif á æxlun í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([4]). Það er hvorki samþykkt sem sæfivara samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([5]) né sem virkt efni til notkunar í plöntuverndarvörur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([6]).

4) Í reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er kveðið á um að óheimilt sé að nota etýlenoxíð til þess að dauðhreinsa aukefni í matvælum. Þó eru engin magngreind mörk fyrir tilvist etýlenoxíðs að því er varðar öll matvælaaukefni. Í samræmi við þá reglugerð eru einungis fastsett mörk sem nema ekki meira en 0,2 mg/kg af etýlenoxíði fyrir þau matvælaaukefni sem etýlenoxíð er notað við framleiðslu á. Þessi mörk voru fyrst fastsett með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/95/EB ([7]), byggt á áliti vísindanefndarinnar um matvæli frá 6. maí 2002 ([8]), þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að þótt áætlað inntekið magn etýlenoxíðs úr þeim fáu matvælaaukefnum sem eru framleidd með því að nota etýlenoxíð sé mjög lítið ætti inntekið magn úr fæðugjöfum að vera eins lítið og unnt er þar eð etýlenoxíð skemmir bæði erfðaefni og er krabbameinsvaldandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 211, 12.8.2022, bls. 182. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 311/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([7]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/95/EB frá 27. október 2003 um breytingu á tilskipun 96/77/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni (Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 71).

([8]) "Opinion of the Scientific Committee on Food on impurities of ethylene oxide in food additives", 17. apríl 2002.

5) Nýlega hafa borist nokkrar tilkynningar í hraðviðvörunarkerfinu fyrir matvæli og fóður um að etýlenoxíð hafi fundist í fjölda matvæla, einkum í nokkrum matvælaaukefnum sem notuð eru við framleiðslu á ýmiss konar matvælum. Á grundvelli þessara tilkynninga og upplýsinga varðandi opinbert eftirlit sem aðildarríkin hafa framkvæmt var komið á ráðstöfunum með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2246 ([9]) að því er varðar vörur, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem koma inn í Sambandið frá tilteknum þriðju löndum til að vernda heilbrigði manna í tengslum við hugsanlega áhættu á mengun af völdum etýlenoxíðs. Að því er varðar matvælaaukefni getur þó framfylgd á lögum Sambandsins valdið erfiðleikum vegna þess að erfitt er að staðfesta hvort tilvist etýlenoxíðs stafar af notkun þess við dauðhreinsun á aukefnum í matvælum, sem brýtur í bága við reglugerð (ESB) nr. 231/2012, eða af einhverjum öðrum ástæðum.

6) Til að komast hjá þessum erfiðleikum og til að tryggja öfluga heilsuvernd manna er því rétt að mæla fyrir um að tilvist etýlenoxíðs, óháð uppruna þess, sé ekki leyfð í neinum matvælaaukefnum. Í þessu skyni ætti að fastsetja hámarksgildi fyrir leifar etýlenoxíðs, sem er sértækt fyrir matvælaaukefni, við magngreiningarmörk fyrir þessar vörur, þ.e. við fullgiltan lægsta styrk leifa sem hægt er að magngreina eins og sakir standa og tilkynna um með venjubundinni vöktun með fullgildum eftirlitsaðferðum. Til að tryggja samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([10]), einkum við þau mörk sem þar eru fastsett fyrir hráefnin sem notuð eru við framleiðslu á matvælaaukefnum, ætti að skilgreina leifar etýlenoxíðs með sömu hugtökum og í þeirri reglugerð.

7) Með það í huga að ekki er líklegt að breytingin á nákvæmu skilgreiningunum hafi neikvæð áhrif á heilbrigði manna er ekki nauðsynlegt að Matvælaöryggisstofnun Evrópu geri öryggismat í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

8) Því ætti að breyta viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. ágúst 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2246 frá 15. desember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002 (Stjtíð. ESB L 453, 17.12.2021, bls. 5).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

*VIÐAUKI*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangstextans „*Athugasemd:* Óheimilt er að nota etýlenoxíð til þess að dauðhreinsa aukefni í matvælum“ kemur eftirfarandi:

„Óheimilt er að nota etýlenoxíð til þess að dauðhreinsa aukefni í matvælum.

Leifar af etýlenoxíði (summa etýlenoxíðs og 2-klóróetanóls, gefin upp sem etýlenoxíð (*)) sem eru yfir 0,1 mg/kg, óháð uppruna þeirra, skulu ekki vera fyrir hendi í matvælaaukefnum sem eru skráð í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, þ.m.t. blöndur af matvælaaukefnum.

(*) Þ.e. etýlenoxíð + 0,55* 2-klóróetanól.“

2) Í færslunum fyrir E 431 pólýoxýetýlen (40) sterat, E 432 pólýoxýetýlensorbítanmónólárat (pólýsorbat 20), E 433 pólýoxýetýlensorbítanmónóóóleat (pólýsorbat 80), E 434 pólýoxýetýlensorbítanmónópalmítat (pólýsorbat 40), E 435 pólýoxýetýlensorbítanmónósterat (pólýsorbat 60), E 436 pólýoxýetýlensorbítantrísterat (pólýsorbat 65), E 1209 pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól og E 1521 pólýetýlenglýkól, undir skilgreiningunni „Hreinleiki“, fellur línan fyrir „Etýlenoxíð“ brott.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/972** **2024/EES/11/37**

**frá 10. maí 2023**

**um leyfi til að setja á markað vatnskenndan etanólútdrátt úr *Labisia pumila* sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 1. mgr. 12. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ([2]).

3) Hinn 7. október 2019 lagði fyrirtækið Medika Natura Sdn. Bhd. (hér á eftir nefnt umsækjandinn, upphaflega Orchid Life Sdn Bhd) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að fá að setja vatnskenndan etanólútdrátt úr *Labisia pumila* á markað í Sambandinu sem nýfæði. Umsækjandinn óskaði eftir því að vatnskenndur etanólútdráttur úr *Labisia pumila* yrði notaður í fæðubótarefni, eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([3]), sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, í notkunarmagni sem nemur að hámarki 750 mg á dag.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 132, 17.5.2023, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 312/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

4) Hinn 7. október 2019 fór umsækjandinn þess einnig á leit við framkvæmdastjórnina að gögn sem njóta einkaleyfisverndar nytu verndar, þ.e.a.s. lyfjahvarfafræðileg rannsókn á rottum ([4]), prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum ([5]), prófun í glasi á litningabreytingum í spendýrum ([6]), prófun á smákjörnum í rauðkornum hjá spendýrum í músum ([7]), rannsókn á eiturhrifum um munn við endurtekna skammta (90 daga) hjá rottum ([8]), prófun á leysni ([9]), smákjarnaprófun í glasi ([10]) og eins árs prófun á langvinnum eiturhrifum ([11]).

5) Hinn 14. apríl 2020 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að hún framkvæmdi mat á vatnskenndum etanólútdrætti úr *Labisia pumila* sem nýfæði.

6) Hinn 28. september 2022 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit sitt „Safety of an aqueous ethanolic extract of *Labisia pumila* as a novel food pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“ ([12]) í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

7) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegu áliti sínu að vatnskenndur etanólútdráttur (1:1) úr heilli plöntu *Labisia pumila* blandaður með maltódextríni (2:1), sem gegnir hlutverki hjálparefnis við þurrkun, sé öruggur fyrir markhópinn í magni sem nemur allt að 350 mg á dag. Þess vegna eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að vatnskenndur etanólútdráttur úr *Labisia pumila*, þegar hann er notaður í fæðubótarefni, eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB, sem eru ætluð fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, í notkunarmagni sem nemur að hámarki 350 mg á dag, uppfylli skilyrðin fyrir setningu hans á markað í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

8) Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram í vísindalegu áliti sínu að niðurstöður hennar um öryggi nýfæðisins byggðust á prófuninni á leysni og eiturefnafræðilegum upplýsingum (rannsóknum á lyfjahvarfafræði, erfðaeiturhrifum, hálflangvinnum og langvinnum eiturhrifum við inntöku) en án þeirra hefði hún ekki getað lagt mat á nýfæðið og komist að niðurstöðu sinni.

9) Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við umsækjandann að hann skýrði nánar framlagðan rökstuðning, að því er varðar kröfu hans um einkaleyfisvernd vegna þessara gagna og rannsókna og að hann skýrði nánar kröfu sína um einkarétt á að vísa til þeirra í samræmi við b-lið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

10) Umsækjandinn lýsti því yfir að hann hafi haft einkaleyfisvernd og einkarétt varðandi tilvísanir í lyfjahvarfafræðilegu rannsóknina á rottum, prófunina á bakstökkbreytingum hjá bakteríum, prófunina í glasi á litningabreytingum í spendýrum, prófunina á smákjörnum í rauðkornum hjá spendýrum í músum, rannsóknina á eiturhrifum um munn við endurtekna skammta (90 daga) hjá rottum, prófunina á leysni, smákjarnaprófunina í glasi og eins árs prófunina á langvinnum eiturhrifum þegar hann lagði umsóknina fram og að þriðju aðilar gætu ekki nálgast, notað eða vísað í þessi gögn með lögmætum hætti.

11) Framkvæmdastjórnin mat allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og taldi að hann hefði fært fullnægjandi sannanir fyrir því að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, væru uppfylltar. Því ættu lyfjahvarfafræðileg rannsókn á rottum, prófun á bakstökkbreytingum hjá bakteríum, prófun í glasi á litningabreytingum í spendýrum, prófun á smákjörnum í rauðkornum hjá spendýrum í músum, rannsókn á eiturhrifum um munn við endurtekna skammta (90 daga) hjá rottum, prófun á leysni, smákjarnaprófun í glasi og eins árs prófun á langvinnum eiturhrifum að njóta verndar í samræmi við 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Til samræmis við það ætti eingöngu umsækjandanum að vera heimilt að setja vatnskenndan etanólútdrátt úr *Labisia pumila* á markað innan Sambandsins í fimm ár frá gildistöku þessarar reglugerðar.

([4]) 48. viðauki.
([5]) 52. viðauki.
([6]) 53. viðauki.
([7]) 54. viðauki.
([8]) 55. viðauki.
([9]) 91. viðauki.
([10]) 92. viðauki.
([11]) 93., 94., 97. og 98. viðauki.
([12]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(11), 7611.

12) Hins vegar kemur takmörkun á leyfi fyrir vatnskenndum etanólútdrætti úr *Labisia pumila*, og á tilvísunum í gögnin sem finna má í skrá umsækjandans, eingöngu við notkun hans ekki í veg fyrir að síðari umsækjendur sæki um leyfi til að setja sama nýfæðið á markað, að því tilskildu að viðkomandi umsókn byggist á upplýsingum sem fengnar eru með lögmætum hætti til stuðnings slíku leyfi.

13) Rétt þykir að færsla vatnskennds etanólútdráttar úr *Labisia pumila* sem nýfæði á skrá Sambandsins yfir nýfæði innihaldi upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í samræmi við skilyrðin fyrir notkun fæðubótarefna sem innihalda vatnskenndan etanólútdrátt úr *Labisia pumila*, eins og umsækjandinn lagði til og Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á, er nauðsynlegt að upplýsa neytendur um það með viðeigandi merkimiða að einungis fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti, ætti að neyta fæðubótarefna sem innihalda vatnskenndan etanólútdrátt úr *Labisia pumila*.

14) Færa ætti vatnskenndan etanólútdrátt úr *Labisia pumila* á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

1. Leyft er að setja vatnskenndan etanólútdrátt úr *Labisia pumila* á markað innan Sambandsins.

Færa skal vatnskenndan etanólútdrátt úr *Labisia pumila* á skrá Sambandsins yfir nýfæði sem sett er fram í framkvæmdar-reglugerð (ESB) 2017/2470.

2. Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Einungis fyrirtækinu Medika Natura Sdn. Bhd. ([13]) er leyfilegt að setja nýfæðið, sem um getur í 1. gr., á markað í Sambandinu í fimm ár frá 6. júní 2023 nema síðari umsækjanda hlotnist leyfi fyrir nýfæðinu án tilvísunar í vísindagögnin sem eru vernduð skv. 3. gr. eða með samþykki Medika Natura Sdn. Bhd.

*3. gr.*

Ekki skal nota vísindagögnin sem eru í umsóknarskránni og uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 í þágu síðari umsækjanda í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar nema með samþykki Medika Natura Sdn.

*4. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([13]) No. 44B Jalan Bola Tampar 13/14 Section 13, 40100 Shah Alam Selangor, Malasía.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. maí 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði):

| Leyft nýfæði | Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið | | Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu | Aðrar kröfur | Gagnavernd |
|---|---|---|---|---|---|
| „**Vatnskenndur etanólútdráttur úr *Labisia pumila*** | Tilgreindur matvælaflokkur | Hámarksgildi | 1. Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „vatnskenndur etanólútdráttur úr *Labisia pumila*“.<br>2. Á merkingu fæðubótarefna sem innihalda nýfæðið skal vera yfirlýsing þess efnis að einungis einstaklingar frá 18 ára aldri skuli neyta þeirra, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti. | | Leyft 6. júní 2023. Þessi skráning byggir á einkaleyfisverndaðri vísindaþekkingu og vísindagögnum sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.<br>Umsækjandi: Medika Natura Sdn. Bhd., No. 44B Jalan Bola Tampar 13/14 Section 13, 40100 Shah Alam Selangor, Malasía. Á tímabilinu sem gagnaverndin varir er einungis Medika Natura Sdn. Bhd. leyfilegt að setja nýfæðið vatnskenndur etanólútdráttur úr Labisia pumila á markað innan Sambandsins nema umsækjandi, sem leggur síðar fram umsókn, afli leyfis fyrir nýfæðinu án tilvísunar til einkaleyfisverndaðrar vísindaþekkingar eða vísindagagna sem njóta verndar í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 eða með samþykki Medika Natura Sdn. Bhd.<br>Lokadagur gagnaverndar: 6. júní 2028.“ |
| | Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB fyrir fullorðið fólk, að undanskildum þunguðum konum og konum með barn á brjósti | 350 mg/dag | | | |

2) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining):

| Leyft nýfæði | Nákvæm skilgreining |
|---|---|
| „**Vatnskenndur etanólútdráttur úr *Labisia pumila*** | **Lýsing/Skilgreining:**<br>Nýfæðið er útdráttur með vatni og alkóhóli sem fæst úr þurrkaðri heilli plöntu *Labisia pumila* (Blume) Fern.-Vill.<br>Framleiðsluferli nýfæðisins hefst með þvotti, þurrkun og mölun plöntunnar *Labisia pumila*. Síðan er dregið tvisvar úr malaða plöntuefninu með blöndu af vatni og etanóli (50/50 rúmmálshlutfall). Vökvaútdrátturinn er síðan þykktur, blandaður með maltódextríni (sem er notað sem hjálparefni við þurrkun) í hlutfallinu 2:1 og úðaþurrkaður.<br>**Eiginleikar/samsetning (þ.m.t. maltódextrín):**<br>Kornastærð: > 90% gegnum möskvastærð 120 (125 µm)<br>Aska: < 10%<br>Aska sem er óleysanleg í sýru: < 1%<br>Raki: < 8%<br>Etanól: < 1% (massahlutfall)<br>Galleplasýra: 2–10% (massahlutfall)<br>Kolvetni: 70–90 g/100 g<br>Prótín: < 9% (massahlutfall)<br>Heildarmagn fitu: < 3% (massahlutfall)<br>Sapónín (sem ardisíakripsín A): < 1,5% (massahlutfall)<br>**Örverufræðilegar viðmiðanir:**<br>Fjöldi örvera við loftháð skilyrði: < $1x10^4$ CFU/g<br>Ger- og myglusveppir: < $5x10^2$ CFU/g<br>*E. coli*: greinist ekki í 10 g<br>*S. aureus*: greinist ekki í 10 g<br>Salmonella: greinist ekki í 25 g<br>*P. aeruginosa*: greinist ekki í 10 g<br>CFU: þyrpingamyndandi einingar<br>Massahlutfall: þyngdarhlutfall“ |

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1766** **2024/EES/11/38**

**frá 29. júní 2023**

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 658/2014 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum, með tilliti til verðbólgu, sem greiða ber til Lyfjastofnunar Evrópu vegna framkvæmdar á lyfjagátarstarfsemi að því er varðar mannalyf** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 658/2014 frá 15. maí 2014 um gjöld sem greiða ber til Lyfjastofnunar Evrópu vegna framkvæmdar á lyfjagátarstarfsemi að því er varðar mannalyf ([1]), einkum 6. mgr. 15. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í samræmi við c-lið 3. mgr. 67. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([2]) innihalda tekjur Lyfjastofnunar Evrópu gjöld sem fyrirtæki greiða fyrir að fá og halda markaðsleyfum í Sambandinu og fyrir aðra þjónustu sem Lyfjastofnun Evrópu veitir og fyrir þjónustu sem samræmingarhópurinn veitir að því er varðar úrlausn verkefna hans í samræmi við 107. gr. c, 107. gr. e, 107. gr. g, 107. gr. k og 107. gr. q í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB ([3]).

2) Síðasta leiðrétting á gjöldum og fjárhæðum þóknana, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 658/2014, var gerð á árinu 2022 á grundvelli uppsafnaðs verðbólgustigs fyrir árin 2020 og 2021. Verðbólgustigið í Sambandinu, eins og Hagstofa Evrópusambandsins birti það, var 10,4% árið 2022. Að teknu tilliti til verðbólgustigsins fyrir 2022 er talið réttlætanlegt að leiðrétta, í samræmi við 6. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 658/2014, fjárhæðir gjalda og fjárhæðir þóknana til skýrslugjafa og meðskýrslugjafa sem um getur í I. til IV. hluta viðaukans við þá reglugerð.

3) Til einföldunar ætti að námunda leiðréttar fjárhæðir að næstu 10 evrum, að undanskildu árgjaldi fyrir upplýsingatæknikerfi og eftirlit með fræðiritum en þar ætti að námunda leiðréttinguna að næstu 1 evru.

4) Gjöld, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 658/2014, eiga annaðhvort að greiðast þann dag sem viðkomandi málsmeðferð hefst eða, ef um er að ræða árgjald fyrir upplýsingatæknikerfi og eftirlit með fræðiritum, 1. júlí ár hvert. Af þessum sökum verður viðeigandi fjárhæð ákvörðuð miðað við þann dag sem ber að greiða gjaldið.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 658/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 658/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í I. hluta er lið 1 breytt sem hér segir:

   a) Í stað „21 940 evrur“ kemur „24 220 evrur“.

   b) Í stað „14 750 evrur“ kemur „16 280 evrur“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 226, 14.9.2023, bls. 102. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 313/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 112.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Sambandsins við veitingu leyfa fyrir mannalyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

2) Í II. hluta er 1. lið breytt sem hér segir:
   a) Í stað „48 370 evrur“ í inngangsmálslið kemur „53 400 evrur“.
   b) Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:
      i. Í stað „19 350 evrur“ kemur „21 360 evrur“.
      ii. Í stað „8 190 evrur“ kemur „9 040 evrur“.
   c) Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:
      i. Í stað „29 020 evrur“ kemur „32 040 evrur“.
      ii. Í stað „12 280 evrur“ kemur „13 560 evrur“.
3) Í III. hluta er 1. lið breytt sem hér segir:
   a) Fyrsta undirlið er breytt sem hér segir:
      i. Í stað „201 450 evrur“ kemur „222 400 evrur“.
      ii. Í stað „43 670 evrur“ kemur „48 210 evrur“.
      iii. Í stað „332 460 evrur“ kemur „367 030 evrur“.
   b) Öðrum undirlið er breytt sem hér segir:
      i. Í stað „134 290 evrur“ í a-lið kemur „148 260 evrur“.
      ii. Í stað „163 420 evrur“ í b-lið kemur „180 420 evrur“.
      iii. Í stað „192 530 evrur“ í c-lið kemur „212 550 evrur“.
      iv. Í stað „221 620 evrur“ í d-lið kemur „244 670 evrur“.
   c) Í fjórða undirlið er b-lið breytt sem hér segir:
      i. Í stað „1 130 evrur“ kemur „1 250 evrur“.
      ii. Í stað „2 230 evrur“ kemur „2 460 evrur“.
      iii. Í stað „3 380 evrur“ kemur „3 730 evrur“.
4) Í stað „75 evrur“ í 1. lið IV. hluta kemur „83 evrur“.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda frá og með 4. október 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/409** **2024/EES/11/39**

**frá 18. nóvember 2022**

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar lágmarksinnihald kalsíumoxíðs í eingildum, föstum, ólífrænum áburði með meginnæringarefnum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 frá 5. júní 2019 um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1069/2009 og (EB) nr. 1107/2009 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2003/2003 ([1]), einkum 1. mgr. 42. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2019/1009 er mælt fyrir um reglur um að bjóða ESB-áburðarvörur fram á markaði og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 ([2]) felld úr gildi frá og með 16. júlí 2022.

2) Í samræmi við I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009 skal eingildur, fastur, ólífrænn áburður með meginnæringarefnum, sem inniheldur einungis kalsíum sem uppgefið meginnæringarefni, innihalda a.m.k. 12% af kalsíumi miðað við massa, gefið upp sem kalsíumoxíð.

3) Reglugerð (EB) nr. 2003/2003 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1666 ([3]) með því að koma fram með kalsíumklósamband af imínódírafsýru (Ca-IDHA) sem nýja tegund EB-áburðar. Lágmarksinnihald næringarefna í þeim áburði er 9% af kalsíumoxíði.

4) Kalsíumklósamband af imínódírafsýru er áburður sem veitir plöntum meginnæringarefnið kalsíum. Við matið á skilyrðunum fyrir innfærslu í reglugerð (EB) nr. 2003/2003 kom í ljós að þessi tegund EB-áburðar er ræktunarfræðilega hagkvæm. Breyta ætti reglugerð (ESB) 2019/1009 til að taka tillit til tækniþróunar sem átti sér stað eftir að hún var samþykkt og þess vegna ætti lágmarksinnihald kalsíumoxíðs í eingildum, föstum, ólífrænum áburði með meginnæringarefnum að minnka úr 12% í 9%. Með því að minnka lágmarksinnihald kalsíumoxíðs kemur þessi tegund áburðar til með að falla undir gildissvið samræmingarreglnanna og þar með er stuðlað að frjálsum flutningum á honum á innri markaðinum. Þessi aðlögun tengist viðmiðunum varðandi jarðræktarlega skilvirkni áburðar og dregur ekki úr öflugri vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/1009.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/1009 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 59, 24.2.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 314/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 25.6.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð (Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1666 frá 10. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að bæta nýrri tegund EB-áburðar við í I. viðauka (Stjtíð. ESB L 377, 11.11.2020, bls. 3).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað e-liðar 2. liðar í II. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1009, í vöruvirkniflokki 1.C.I.a.i, kemur eftirfarandi:

„e) 9% af heildarmagni kalsíumoxíðs (CaO) miðað við massa“.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/464** **2024/EES/11/40**

**frá 3. mars 2023**

**um breytingu á viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni, í því skyni að laga hann að tækniframförum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 er kveðið á um að ef gerð er krafa um prófanir á efnum til að afla upplýsinga um eðliseiginleika efna skuli þær framkvæmdar í samræmi við prófunaraðferðir sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar eða í samræmi við aðrar alþjóðlegar prófunaraðferðir sem framkvæmdastjórnin eða Efnastofnun Evrópu viðurkennir að séu viðeigandi.

2) Viðaukinn við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 ([2]) inniheldur prófunaraðferðir sem eru viðurkenndar sem viðeigandi til að afla upplýsinga um eðlisefnafræðilega, eiturefnafræðilega og visteiturefnafræðilega eiginleika íðefna að því er varðar reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

3) Flestar prófunaraðferðirnar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 eru jafngildar alþjóðlega samþykktum og viðurkenndum aðferðum (s.s. viðmiðunarreglum um prófanir frá Efnahags- og framfarastofnuninni). Þessar aðferðir eru endurskoðaðar oft og þeim breytt til að endurspegla stöðu vísinda.

4) Endurtekning á ítarlegum lýsingum á þessum alþjóðlega samþykktu og viðurkenndu aðferðum í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 í þeim tilgangi að taka þær upp í löggjöf Sambandsins hefur leitt til tafa við að aðlaga þá reglugerð að vísindalegum framförum. Af þessum sökum eru prófunaraðferðirnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 oft ekki samræmdar við nýjustu uppfærðu útgáfuna af samsvarandi alþjóðlegum aðferðum. Í samræmi við það er nýjum alþjóðlegum prófunaraðferðum ekki bætt við reglugerð (EB) nr. 440/2008 fyrr en eftir langan tíma.

5) Þetta ástand hefur skapað óvissu fyrir skráningaraðila samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem og fyrir þá sem hafa skyldum að gegna (e. *duty holder*) samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins, um það hvaða aðferðir ætti að nota til að afla gagna að því er varðar þá reglugerð og aðra löggjöf. Í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 er kveðið á um að aðferðir skuli endurskoðaðar reglulega og bættar í því skyni að draga úr prófunum á hryggdýrum og fækka þeim dýrum sem nota þarf til þeirra og að framkvæmdastjórnin skuli, ef við á, leggja fram tillögu, eins fljótt og auðið er, til að breyta reglugerð (EB) nr. 440/2008 til þess að skipta út prófunum á dýrum, fækka þeim eða milda. Með 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB ([3]) um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni er það enn fremur gert að lagalegri skyldu í Sambandinu að nota annars konar aðferð, sem felur ekki í sér notkun á lifandi dýri, í stað aðferðar með notkun á dýrum þegar slík aðferð er viðurkennd samkvæmt löggjöf Sambandsins. Allar tafir á því ferli að innleiða nýjar annars konar aðferðir í reglugerð (EB) nr. 440/2008 gætu því hindrað tímanlega innfærslu slíkra aðferða þegar þær hafa verið samþykktar á alþjóðavettvangi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 6.3.2023, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 315/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB L 142, 31.5.2008, bls.1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB frá 22. september 2010 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 33).

6) Í ákvörðun í máli 23/2018/SRS lagði umboðsmaður Evrópusambandsins það til við framkvæmdastjórnina að hún setti aukinn kraft í viðleitni sína við að einfalda og hraða ferlinu við að innleiða nýjar annars konar prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 440/2008. Í ályktun sinni 2021/2784(RSP) frá 16. september 2021 um áætlanir og aðgerðir til að hraða umskiptum yfir í nýsköpun án notkunar dýra við rannsóknir, lögboðnar prófanir og menntun minnti Evrópuþingið einnig á að í 13. gr. reglugerðar (EB) 1907/2006 er gerð sú krafa að kröfur varðandi prófunaraðferðir séu uppfærðar um leið og aðferðir án dýra verða tiltækar.

7) Til að tryggja að reglugerð (EB) nr. 440/2008 innihaldi réttar, uppfærðar og viðeigandi prófunaraðferðir sem eru viðeigandi til að afla upplýsinga samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ætti því að fella töflu inn í viðaukann við þá reglugerð með tæmandi skrá yfir slíkar aðferðir með tilvísun í viðkomandi alþjóðlega prófunaraðferð. Líta ætti á innfellingu tilvísunar í alþjóðlega prófunaraðferð í töfluna sem viðurkenningu framkvæmdastjórnarinnar á slíkri aðferð að því er varðar 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

8) Fella ætti ítarlegar lýsingar á prófunaraðferðunum í A- B- og C-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 440/2008, sem samsvara ekki lengur nýjustu útgáfunni af alþjóðlegri prófunaraðferð, brott úr þeim viðauka til að koma í veg fyrir að prófanir séu framkvæmdar með því að fylgja aðferðalýsingum sem veita ekki nýjustu vísindalegu upplýsingarnar.

9) Tilteknar prófunaraðferðir í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008, sem og samsvarandi alþjóðlegar prófunaraðferðir þeirra, teljast ekki lengur viðeigandi til að afla nýrra upplýsinga samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Prófunaraðferðirnar B.22. Prófun á ríkjandi banagenum hjá nagdýrum B.25. Arfgeng litningayfirfærsla í músum B.34. Einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun B.35. Rannsókn á eiturhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum B.39. Prófun *í lífi* á ófyrirséðri DNA-nýmyndun í lifrarfrumum spendýra og C.15. Fiskur, prófun á skammvinnum eiturhrifum á fósturvísis- og kviðpokastigi ætti því að fella brott úr þeim viðauka og í töflunni í þeim viðauka ætti ekki að vera nein færsla þar sem vísað er til þeirra.

10) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 440/2008 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 0-hluta er bætt við á undan A-hluta:

**„0-HLUTI**

**ALÞJÓÐLEGAR PRÓFUNARAÐFERÐIR SEM ERU VIÐURKENNDAR SEM VIÐEIGANDI TIL AÐ AFLA UPPLÝSINGA UM EÐLISEIGINLEIKA EFNA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR REGLUGERÐ (EB) NR. 1907/2006**

TAFLA 1: PRÓFUNARAÐFERÐIR FYRIR EÐLISEFNAFRÆÐILEGA EIGINLEIKA EFNISINS

| Endapunktur | Prófunaraðferð | Samsvarandi kafli, sem inniheldur ítarlega lýsingu á prófunaraðferðinni, í A-hluta þessa viðauka (númerin í svigunum sýna að ítarleg lýsing á prófunaraðferðinni hefur verið felld brott úr A-hluta; auður reitur: engin samsvarandi prófunaraðferð í A-hluta þessa viðauka) |
|---|---|---|
| Bræðslumark/frostmark | OECD Test Guideline 102: Melting Point/Melting Range (1995) | A.1. |
| Suðumark | OECD Test Guideline 103: Boiling point (1995) | A.2. |
| Eðlismassi | OECD Test Guideline 109: Density of Liquids and Solids (2012) | (A.3.) |
| Gufuþrýstingur | OECD Test Guideline 104: Vapour Pressure (2006) | (A.4) |
| Yfirborðsspenna | OECD Test Guideline 115: Surface Tension of Aqueous Solutions (1995) | A.5. |
| Vatnsleysni | OECD Test Guideline 105: Water Solubility (1995) | A.6. |
| Deilistuðull n-oktanóls/vatns | OECD Test Guideline 107: Partition Coefficient (n-octanol/water): Shake-Flask Method (1995) | (A.8.) |
| | OECD Test Guideline 123: Partition Coefficient (1-Octanol/Water): Slow-Stirring Method (2022) | A.23. |
| | OECD Test Guideline 117: Partition Coefficient (n-octanol/water): HPLC Method (2022) | A.24. |
| Klofnunarfasti | OECD Test Guideline 112: Dissociation Constants in Water. (1981) | A.25. |
| Seigja | OECD Test Guideline 114: Viscosity of Liquids (2012) | |
| Blossamark | Test methods according to table 2.6.3 of Annex I, Part 2 of Regulation (EC) No 1272/2008 | |
| Neðri og efri sprengimörk | EN 1839:2017 – Determination of the explosion limits and the limiting oxygen concentration (LOC) for flammable gases and vapours | |
| Eldfimi | Test methods according to section 2.2.4.1. of Annex I, Part 2 of Regulation (EC) No 1272/2008 | |
| | Test L.2: sustained combustibility test, Part III, section 32 of the UN RTDG Manual of Tests and Criteria | |

| | | |
|---|---|---|
| | Test N.1: test method for readily combustible solids, Part III, sub-section 33.2.4 of the UN RTDG Manual of Tests and Criteria | |
| | Test N.5: test method for substances which in contact with water emit flammable gases, Part III, sub-section 33.5.4 of the UN RTDG Manual of Tests and Criteria | |
| Sjálfsíkviknunarhitastig (föst efni) | Test N.4: test method for self-heating substances, Part III, sub-section 33.4.6 of the UN RTDG Manual of Tests and Criteria | |
| | EN 15188:2020 – Ákvörðun sjálfkveikieiginleika ryks | |
| Sjálfsíkveikjuhitastig (vökvar, lofttegundir) | ISO/IEC 80079-20-1:2017 – Explosive atmospheres – Part 20-1: Material characteristics for gas and vapour classification – Test methods and data | |
| Niðurbrotshitastig | Test Series H, part II, section 28, of the UN RTDG Manual of Tests and Criteria | |
| Sprengifimi | Test methods according to Test series 1-3, Part I, sections 11-13 of the UN RTDG Manual of Tests and Criteria | |
| | EU Test method A.14 Explosive Properties | A.14 |
| Oxunareiginleikar | Test method according to section 2.4.4. of Annex I, Part 2 of Regulation (EC) No 1272/2008 | |
| | Test O.2: test for oxidizing liquids, Part III, sub-section 34.4.2 of the UN RTDG Manual of Tests and Criteria | |
| | Test O.1: Test for oxidizing solids, Part III, sub-section 34.4.1 of the UN RTDG Manual of Tests and Criteria | |
| | Test O.3 Gravimetric test for oxidizing solids, Part III, sub-section 34.4 3 of the UN RTDG Manual of Tests and Criteria | |
| Loftkveikjandi eiginleikar | Test N.3: test method for pyrophoric liquids, Part III, sub-section 33.3.1.5 of the UN RTDG Manual of Tests and Criteria | |
| | Test N.2: test method for pyrophoric solids, Part III, sub-section 33.3.1.4 of the UN RTDG Manual of Tests and Criteria | |
| Kornastærðarmælingar/ einkenni sem varða agnir | EU test method A.22. Length Weighted Geometric Mean Diameter of Fibres | A.22. |
| | ISO 13318 – Determination of Particle Size Distribution by Centrifugal Liquid Sedimentation Methods | |
| | ISO 21501 – Determination of Particle Size Distribution – Single Particle Light Interaction Methods | |
| | OECD Test Guideline 124: Determination of the Volume Specific Surface Area of Manufactured Nanomaterials (2022) | |
| | OECD Test Guideline 125: Particle Size and Particle Size Distribution of Nanomaterials (2022) | |

| | | |
|---|---|---|
| pH-gildi | OECD Test Guideline 122: Determination of pH, Acidity and Alkalinity (2013) | |
| Eiginleikar fjölliða | OECD Test Guideline 118: Determination of the Number-Average Molecular Weight and the Molecular Weight Distribution of Polymers using Gel Permeation Chromatography (1996) | A.18. |
| | OECD Test Guideline 119: Determination of the Low Molecular Weight Content of a Polymer Using Gel Permeation Chromatography (1996) | A.19. |
| | OECD Test Guideline 120: Solution/Extraction Behaviour of Polymers in Water (2000) | (A.20.) |

TAFLA 2: PRÓFUNARAÐFERÐIR FYRIR EITUREFNAFRÆÐILEGA EIGINLEIKA

| Endapunktur | Prófunaraðferð | Samsvarandi kafli, sem inniheldur ítarlega lýsingu á prófunaraðferðinni, í B-hluta þessa viðauka (númerin í svigunum sýna að kafli sem inniheldur ítarlega lýsingu á prófunaraðferðinni hefur verið felldur brott úr B-hluta; auður reitur: engin samsvarandi ESB-prófunaraðferð í B-hluta þessa viðauka) |
|---|---|---|
| Húðæting/húðerting | *Í glasi:* | |
| | OECD Test Guideline 430: *In vitro* Skin Corrosion: Transcutaneous Electrical Resistance Test Method (TER) (2015) | B.40. |
| | OECD Test Guideline 431: *In vitro* Skin Corrosion: Reconstructed Human Epidermis (RhE) Test Method (2019) | (B.40bis.) |
| | OECD Test Guideline 435: *In vitro* Membrane Barrier Test Method for Skin Corrosion (2015) | B.65. |
| | OECD Test Guideline 439: *In vitro* Skin Irritation: Reconstructed Human Epidermis Test Method (2021) | (B.46.) |
| | *Í lífi:* | |
| | OECD Test Guideline 404: Acute Dermal Irritation/Corrosion (2015) | B.4. |
| Alvarlegur augnskaði/augnerting | *Í glasi:* | |
| | OECD Test Guideline 437: Bovine Corneal Opacity and Permeability Test Method for Identifying i) Chemicals Inducing Serious Eye Damage and ii) Chemicals Not Requiring Classification for Eye Irritation or Serious Eye Damage (2020) | (B.47.) |
| | OECD Test Guideline 438: Isolated Chicken Eye Test Method for Identifying i) Chemicals Inducing Serious Eye Damage and ii) Chemicals Not Requiring Classification for Eye Irritation or Serious Eye Damage (2018) | (B.48.) |

| | | |
|---|---|---|
| | OECD Test Guideline 460: Fluorescein Leakage Test Method for Identifying Ocular Corrosives and Severe Irritants (2017) | (B.61.) |
| | OECD Test Guideline 491: Short Time Exposure *In Vitro* Test Method for Identifying i) Chemicals Inducing Serious Eye Damage and ii) Chemicals Not Requiring Classification for Eye Irritation or Serious Eye Damage (2020) | (B.68.) |
| | OECD Test Guideline 492: Reconstructed Human Cornea-Like Epithelium (RhCE) Test Method for Identifying Chemicals Not Requiring Classification and Labelling for Eye Irritation or Serious Eye Damage (2019) | (B.69.) |
| | OECD Test Guideline 492B: Reconstructed Human Cornea-like Epithelium (RHCE) Test Method for Eye Hazard Identification (2022) | |
| | OECD Test Guideline 494: Vitrigel-Eye Irritancy Test Method for Identifying Chemicals Not Requiring Classification and Labelling for Eye Irritation or Serious Eye Damage (2021) | |
| | OECD Test Guideline 496: *In vitro* Macromolecular Test Method for Identifying Chemicals Inducing Serious Eye Damage and Chemicals Not Requiring Classification for Eye Irritation or Serious Eye Damage (2019) | |
| | OECD Test Guideline 467: Defined Approaches for Serious Eye Damage and Eye Irritation (2022) | |
| | *Í lífi:* | |
| | OECD Test Guideline 405: Acute Eye Irritation/Corrosion (2021) | (B.5.) |
| Húðnæming | *Í glasi:* | |
| | OECD Test Guideline 442C: *In Chemico* Skin Sensitisation: Direct Peptide Reactivity Assay (DPRA) (2022) | (B.59.) |
| | OECD Test Guideline 442D: *In Vitro* Skin Sensitisation Assays Addressing the AOP Key Event on Keratinocyte Activation (2022) | (B.60.) |
| | OECD Test Guideline 442E: *In Vitro* Skin Sensitisation: *In Vitro* Skin Sensitisation Assays Addressing the Key Event on Activation of Dendritic Cells on the Adverse Outcome Pathway for Skin Sensitisation (2022) | (B.71.) |
| | OECD Test Guideline 497: Defined Approaches on Skin Sensitisation (2021) | |
| | *Í lífi:* | |
| | OECD Test Guideline 429: Skin Sensitisation – Local Lymph Node Assay (2010) | B.42. |
| | OECD Test Guideline 442A: Skin Sensitisation – Local Lymph Node Assay: DA (2010) | B.50. |
| | OECD Test Guideline 442B: Skin Sensitisation – Local Lymph Node Assay: BrdU-ELISA or –FCM (2018) | (B.51.) |

| | | |
|---|---|---|
| | OECD Test Guideline 406: Skin Sensitisation Guinea Pig Maximisation Test and Buehler Test (2022) | (B.6.) |
| Stökkbreytandi hrif | *Í glasi:* | |
| | OECD Test Guideline 471: Bacterial Reverse Mutation Test (2020) | (B.13./14.) |
| | OECD Test Guideline 476: *In Vitro* Mammalian Cell Gene Mutation Test Using the Hprt and xprt Genes (2016) | (B.17.) |
| | OECD Test Guideline 490: *In Vitro* Mammalian Cell Gene Mutation Tests Using the Thymidine Kinase Gene (2016) | B.67. |
| | OECD Test Guideline 473: *In vitro* Mammalian Chromosome Aberration Test (2016) | B.10. |
| | OECD Test Guideline 487. *In vitro* Mammalian Cell Micronucleus Test (2016) | B.49. |
| | *Í lífi:* | |
| | OECD Test Guideline 475: Mammalian Bone Marrow Chromosome Aberration Test (2016) | B.11. |
| | OECD Test Guideline 474: Mammalian Erythrocyte Micronucleus Test (2016) | B.12. |
| | OECD Test Guideline 483: Mammalian Spermatogonial Chromosome Aberration Test (2016) | B.23. |
| | OECD Test Guideline 488: Transgenic Rodent Somatic and Germ Cell Gene Mutation Assays (2022) | (B.58.) |
| | OECD Test Guideline 489: *In Vivo* Mammalian Alkaline Comet Assay (2016) | B.62. |
| | OECD Test Guideline 470: Mammalian Erythrocyte Pig-a Gene mutation Assay (2022) | |
| Bráð eiturhrif | Um munn: | |
| | OECD Test Guideline 420: Acute Oral Toxicity: Fixed Dose Procedure (2002) | B.1a. |
| | OECD Test Guideline 423: Acute Oral Toxicity: Acute Toxic Class Method (2002) | B.1b. |
| | OECD Test Guideline 425: Acute Oral Toxicity: Up-and-Down Procedure (2022) | |
| | Gegnum húð: | |
| | OECD Test Guideline 402: Acute Dermal Toxicity – Fixed Dose Procedure (2017) | (B.3.) |
| | Innöndun: | |
| | OECD Test Guideline 403: Acute Inhalation Toxicity (2009) | B.2. |
| | OECD Test Guideline 436: Acute Inhalation Toxicity – Acute Toxic Class Method (2009) | B.52. |
| | OECD Test Guideline 433: Acute Inhalation Toxicity: Fixed Concentration Procedure (2018) Repeated dose toxicity | |

| | | |
|---|---|---|
| | OECD Test Guideline 407: Repeated Dose 28-Day Oral Toxicity Study in Rodents (2008) | B.7. |
| | OECD Test Guideline 412: Subacute Inhalation Toxicity: 28-Day Study (2018) | (B.8.) |
| | OECD Test Guideline 410: Repeated Dose Dermal Toxicity: 21/28-Day Study (1981) | B.9. |
| | OECD Test Guideline 422: Combined Repeated Dose Toxicity Study with the Reproduction/Developmental Toxicity Screening Test (2016) | B.64. |
| | OECD Test Guideline 408: Repeated Dose 90-Day Oral Toxicity Study in Rodents (2018) | (B.26.) |
| | OECD Test Guideline 409: Repeated Dose 90-Day Oral Toxicity Study in Non-Rodents (1998) | B.27. |
| | OECD Test Guideline 413: Subchronic Inhalation Toxicity: 90-Day Study (2018) | (B.29.) |
| | OECD Test Guideline 411: Subchronic Dermal Toxicity: 90-Day Study (1981) | B.28. |
| | OECD Test Guideline 452: Chronic Toxicity Studies (2018) | (B.30.) |
| | OECD Test Guideline 453: Combined Chronic Toxicity/Carcinogenicity Studies (2018) | (B.33.) |
| Eiturhrif á æxlun/þroskun | OECD Test Guideline 443: Extended One-Generation Reproduction Toxicity Study (2018) | (B.56.) |
| | OECD Test Guideline 421: Reproduction/Developmental Toxicity Screening Test (2016) | B.63. |
| | OECD Test Guideline 422: Combined Repeated Dose Toxicity Study with the Reproduction/Developmental Toxicity Screening Test (2016) | B.64. |
| | OECD Test Guideline 414: Prenatal Developmental Toxicity Study (2018) | (B.31.) |
| Eiturefnahvarfafræði | OECD Test Guideline 417: Toxicokinetics (2010) | B.36. |
| | OECD Test Guideline 428: Skin Absorption: *In Vitro* Method (2004) | B.45. |
| | OECD Test Guideline 427: Skin Absorption: *In Vivo* Method (2004) | B.44. |
| Krabbameinsvaldandi áhrif | OECD Test Guideline 451: Carcinogenicity Studies (2018) | (B.32.) |
| | OECD Test Guideline 453: Combined Chronic Toxicity/Carcinogenicity Studies (2018) | (B.33.) |
| | EU test method B.21. *In Vitro* Mammalian Cell Transformation Test | B.21. |

| | | |
|---|---|---|
| Taugaeiturhrif (á þroskun) | OECD Test Guideline 424: Neurotoxicity Study in Rodents (1997) | B.43. |
| | OECD Test Guideline 426: Developmental Neurotoxicity Study (2007) | B.53. |
| | OECD Test Guideline 418: Delayed Neurotoxicity of Organophosphorus Substances Following Acute Exposure (1995) | B.37. |
| | OECD Test Guideline 419: Delayed Neurotoxicity of Organophosphorus Substances: 28-day Repeated Dose Study (1995) | B.38. |
| Innkirtlatruflandi eiginleikar | *Í glasi* | |
| | OECD Test Guideline 455: Performance-Based Test Guideline for Stably Transfected Transactivation *In Vitro* Assays to Detect Estrogen Receptor Agonists and Antagonistsals (2021) | (B.66.) |
| | OECD Test Guideline 456: H295R Steroidogenesis Assay (2022) | B.57. |
| | OECD Test Guideline 458: Stably Transfected Human Androgen Receptor Transcriptional Activation Assay for Detection of Androgenic Agonist and Antagonist Activity of Chemicals (2020) | |
| | OECD Test Guideline 493: Performance-Based Test Guideline for Human Recombinant Estrogen Receptor (hrER) *In Vitro* Assays to Detect Chemicals with ER Binding Affinity (2015) | B.70. |
| | *Í lífi* | |
| | OECD Test Guideline 440: Uterotrophic Bioassay in Rodents A short-term screening test for oestrogenic properties (2007) | B.54. |
| | OECD Test Guideline 441: Hershberger Bioassay in Rats, A Short-term Screening Assay for (Anti)Androgenic Properties (2009) | B.55. |
| Ljóseiturhrif | OECD Test Guideline 432: *In Vitro* 3T3 NRU Phototoxicity Test (2019) | (B.41.) |
| | OECD Test Guideline 495: Ros (Reactive Oxygen Species) Assay for Photoreactivity (2019) | |
| | OECD Test Guideline 498: *In Vitro* Phototoxicity Test Method Using the Reconstructed Human Epidermis (RhE) (2021) | |

TAFLA 3: PRÓFUNARAÐFERÐIR FYRIR VISTEITUREFNAFRÆÐILEGA EIGINLEIKA

| Endapunktur | Prófunaraðferð | Samsvarandi kafli, sem inniheldur ítarlega lýsingu á prófunaraðferðinni, í C-hluta þessa viðauka (númerin í svigunum sýna að kafli sem inniheldur ítarlega lýsingu á prófunaraðferðinni hefur verið felldur brott úr C-hluta; auður reitur: engin samsvarandi ESB-prófunaraðferð í C-hluta þessa viðauka) |
|---|---|---|
| Eiturhrif í vatni | OECD Test Guideline 201: Freshwater Alga and Cyanobacteria, Growth Inhibition Test (2011) | C.3. |
| | OECD Test Guideline 209: Activated Sludge, Respiration Inhibition Test (Carbon and Ammonium Oxidation) (2010) | C.11. |
| | OECD Test Guideline 224: Determination of the Inhibition of the Activity of Anaerobic Bacteria (2007) | C.34. |
| | OECD Test Guideline 244: Protozoan Activated Sludge Inhibition Test (2017) | |
| | OECD Test Guideline 221: Lemna sp. Growth Inhibition Test (2006) | C.26. |
| | OECD Test Guideline 202: Daphnia sp. Acute Immobilisation Test (2004) | C.2. |
| | OECD Test Guideline 211: Daphnia magna Reproduction Test (2012) | C.20. |
| | OECD Test Guideline 203: Fish, Acute Toxicity Test (2019) | (C.1.) |
| | OECD Test Guideline 210: Fish, Early-life Stage Toxicity Test (2013) | C.47. |
| | OECD Test Guideline 215: Fish, Juvenile Growth Test (2000) | C.14. |
| | OECD Test Guideline 236: Fish Embryo Acute Toxicity (FET) Test (2013) | C.49. |
| | OECD Test Guideline 249: Fish Cell Line Acute Toxicity – the RTgill-W1 Cell Line Assay (2021) | |
| | OECD Test Guideline 242: Potamopyrgus antipodarum Reproduction Test (2016) | |
| | OECD Test Guideline 243: Lymnaea stagnalis Reproduction Test (2016) | |
| Niðurbrot | OECD Test Guideline 111: Hydrolysis as a Function of pH (2004) | C.7. |
| | OECD Test Guideline 301: Ready Biodegradability (1992) | C.4. |
| | OECD Test Guideline 302A: Inherent Biodegradability: Modified SCAS Test (1981) | C.12. |

| | | |
|---|---|---|
| | OECD Test Guideline 302B: Inherent Biodegradability: Zahn-Wellens/EMPA Test (1992) | (C.9). |
| | OECD Test Guideline 302C: Inherent Biodegradability: Modified MITI Test (II) (2009) | |
| | OECD Test Guideline 303: Simulation Test – Aerobic Sewage Treatment — A: Activated Sludge Units; B: Biofilms (2001) | C.10. |
| | OECD Test Guideline 304A: Inherent Biodegradability in Soil (1981) | |
| | OECD Test Guideline 306: Biodegradability in Seawater (1992) | C.42. |
| | OECD Test Guideline 307: Aerobic and Anaerobic Transformation in Soil (2002) | C.23. |
| | OECD Test Guideline 308: Aerobic and Anaerobic Transformation in Aquatic Sediment Systems (2002) | C.24. |
| | OECD Test Guideline 309: Aerobic Mineralisation in Surface Water – Simulation Biodegradation Test (2004) | C.25. |
| | OECD Test Guideline 310: Ready Biodegradability – $CO_2$ in sealed vessels (Headspace Test) (2014) | C.29. |
| | OECD Test Guideline 311: Anaerobic Biodegradability of Organic Compounds in Digested Sludge: by Measurement of Gas Production (2006) | C.43. |
| | OECD Test Guideline 314: Simulation Tests to Assess the Biodegradability of Chemicals Discharged in Wastewater (2008) | |
| | OECD Test Guideline 316: Phototransformation of Chemicals in Water – Direct Photolysis (2008) | |
| | EU test method C.5. Degradation – Biochemical Oxygen Demand | C.5. |
| | EU test method C.6. Degradation – Chemical Oxygen Demand | C.6. |
| Afdrif og hegðun í umhverfinu | OECD Test Guideline 305: Bioaccumulation in Fish: Aqueous and Dietary Exposure (2012) | C.13. |
| | OECD Test Guideline 315: Bioaccumulation in Sediment-Dwelling Benthic Oligochaetes (2008) | C.46. |
| | OECD Test Guideline 317: Bioaccumulation in Terrestrial Oligochaetes (2010) | C.30. |
| | OECD Test Guideline 318: Dispersion Stability of Nanomaterials in Simulated Environmental Media (2017) | |
| | OECD Test Guideline 121: Estimation of the Adsorption Coefficient (Koc) on Soil and on Sewage Sludge using High Performance Liquid Chromatography (HPLC) (2001) | C.19. |
| | OECD Test Guideline 106: Adsorption – Desorption Using a Batch Equilibrium Method (2000) | C.18. |
| | OECD Test Guideline 312: Leaching in Soil Columns (2004) | C.44. |

| | | |
|---|---|---|
| | OECD Test Guideline 313: Estimation of Emissions from Preservative – Treated Wood to the Environment (2007) | C.45. |
| | OECD Test Guideline 319A: Determination of In Vitro Intrinsic Clearance Using Cryopreserved Rainbow Trout Hepatocytes (RT-HEP) (2018) | |
| | OECD Test Guideline 319B: Determination of In Vitro Intrinsic Clearance Using Rainbow Trout Liver S9 Sub-Cellular Fraction (RT-S9) (2018) | |
| | OECD Test Guideline 320: Anaerobic Transformation of Chemicals in Liquid Manure (2022) | |
| Áhrif á landlífverur | OECD Test Guideline 216: Soil Microorganisms: Nitrogen Transformation Test (2000) | C.21. |
| | OECD Test Guideline 217: Soil Microorganisms: Carbon Transformation Test (2000) | C.22. |
| | OECD Test Guideline 207: Earthworm, Acute Toxicity Tests (1984) | C.8. |
| | OECD Test Guideline 222: Earthworm Reproduction Test (Eisenia fetida/Eisenia andrei) (2016) | (C.33.) |
| | OECD Test Guideline 220: Enchytraeid Reproduction Test (2016) | (C.32.) |
| | OECD Test Guideline 226: Predatory Mite (Hypoaspis (Geolaelaps) aculeifer) Reproduction Test in Soil (2016) | (C.36.) |
| | OECD Test Guideline 232: Collembolan Reproduction Test in Soil (2016) | (C.39.) |
| | OECD Test Guideline 208: Terrestrial Plant Test: Seedling Emergence and Seedling Growth Test (2006) | C.31. |
| | OECD Test Guideline 227: Terrestrial Plant Test: Vegetative Vigour Test (2006) Effects on sediment organisms | |
| Áhrif á lífverur í seti | OECD Test Guideline 218: Sediment-Water Chironomid Toxicity Using Spiked Sediment (2004) | C.27. |
| | OECD Test Guideline 219: Sediment-Water Chironomid Toxicity Using Spiked Water (2004) | C.28. |
| | OECD Test Guideline 233: Sediment-Water Chironomid Life-Cycle Toxicity Test Using Spiked Water or Spiked Sediment (2010) | C.40. |
| | OECD Test Guideline 235: Chironomus sp., Acute Immobilisation Test (2011) | |
| | OECD Test Guideline 225: Sediment-Water Lumbriculus Toxicity Test Using Spiked Sediment (2007) | C.35. |
| | OECD Test Guideline 238: Sediment-Free Myriophyllum Spicatum Toxicity Test (2014) | C.50. |
| | OECD Test Guideline 239: Water-Sediment Myriophyllum Spicatum Toxicity Test (2014) | C.51. |

| | | |
|---|---|---|
| Áhrif á fugla | OECD Test Guideline 205: Avian Dietary Toxicity Test (1984) | |
| | OECD Test Guideline 206: Avian Reproduction Test (1984) | |
| | OECD Test Guideline 223: Avian Acute Oral Toxicity Test (2016) | |
| Áhrif á skordýr | OECD Test Guideline 213: Honeybees, Acute Oral Toxicity Test (1998) | C.16. |
| | OECD Test Guideline 214: Honeybees, Acute Contact Toxicity Test (1998) | C.17. |
| | OECD Test Guideline 237: Honey Bee (Apis Mellifera) Larval Toxicity Test, Single Exposure (2013) | |
| | OECD Test Guideline 245: Honey Bee (Apis Mellifera L.), Chronic Oral Toxicity Test (10-Day Feeding) (2017) | |
| | OECD Test Guideline 246: Bumblebee, Acute Contact Toxicity Test (2017) | |
| | OECD Test Guideline 247: Bumblebee, Acute Oral Toxicity Test (2017) | |
| | OECD Test Guideline 228: Determination of Developmental Toxicity to Dipteran Dung Flies (Scathophaga stercoraria L. (Scathophagidae), Musca autumnalis De Geer (Muscidae)) (2016) | |
| Innkirtlatruflandi eiginleikar | OECD Test Guideline 230: 21-Day Fish Assay (2009) | C.37. |
| | OECD Test Guideline 229: Fish Short Term Reproduction Assay (2012) | C.48. |
| | OECD Test Guideline 231: Amphibian Metamorphosis Assay (2009) | C.38. |
| | OECD Test Guideline 234: Fish Sexual Development Test (2011) | C.41. |
| | OECD Test Guideline 240: Medaka Extended OneGeneration Reproduction Test (MEOGRT) (2015) | C.52. |
| | OECD Test Guideline 241: The Larval Amphibian Growth and Development Assay (LAGDA) (2015) | C.53.“ |
| | OECD Test Guideline 248: Xenopus Eleutheroembryonic Thyroid Assay (XETA) (2019) | |
| | OECD Test Guideline 250: EASZY assay – Detection of Endocrine Active Substances, Acting Through Estrogen Receptors, Using Transgenic tg(cyp19a1b:GFP) Zebrafish embrYos (2021) | |
| | OECD Test Guideline 251: Rapid Androgen Disruption Activity Reporter (RADAR) Assay (2022) | |

2) Í stað textans í A-hluta undir fyrirsögnum kafla A.3., A.4., A.8. til A.12., A.15. til A.17., A.20. og A.21 kemur eftirfarandi: „Ítarleg lýsing á þessari prófunaraðferð hefur verið felld brott. Jafngild alþjóðleg prófunaraðferð, eða önnur viðeigandi prófunaraðferð fyrir endapunktana sem um er að ræða, er tilgreind í töflu 1 í 0-hluta.“

3) Í stað textans í B-hluta undir fyrirsögnum kafla B.3., B.5., B.6., B.8., B. 13/14., B.17., B.26., B.29. til B.33., B.40a., B.41., B.46. til B.48., B.51., B.56., B.58. til B.61., B.66., B.68., B.69. og B.71. kemur eftirfarandi: „Ítarleg lýsing á þessari prófunaraðferð hefur verið felld brott. Jafngild alþjóðleg prófunaraðferð er tilgreind í töflu 2 í 0-hluta.“

4) Í stað textans í B-hluta undir fyrirsögnum kafla B.22., B.25., B.34., B.35. og B.39 kemur eftirfarandi: „Þessi prófunaraðferð hefur verið felld brott þar eð hún er ekki lengur viðurkennd sem viðeigandi til að afla upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika íðefna að því er varðar reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Viðeigandi prófunaraðferðir fyrir endapunktana sem um er að ræða eru tilgreindar í töflu 2 í 0-hluta.“

5) Í stað textans í C-hluta undir fyrirsögnum kafla C.1., C.9., C.32., C.33., C.36. og C.39 kemur eftirfarandi: „Ítarleg lýsing á þessari prófunaraðferð hefur verið felld brott. Jafngild alþjóðleg prófunaraðferð er tilgreind í töflu 3 í 0-hluta.“

6) Í stað textans í C-hluta undir fyrirsögn kafla C.15 kemur eftirfarandi: „Þessi prófunaraðferð hefur verið felld brott þar eð hún er ekki lengur viðurkennd sem viðeigandi til að afla upplýsinga um visteiturefnafræðilega eiginleika íðefna að því er varðar reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Viðeigandi prófunaraðferðir fyrir endapunktana sem um er að ræða eru tilgreindar í töflu 3 í 0-hluta.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/689** **2024/EES/11/41**

**frá 20. mars 2023**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, Cydia pomonella-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýridaben, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ([2]) teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]).

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/378 ([4]) eru samþykkistímabilin fyrir virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, Cydia pomonella-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýrimetaníl, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram framlengd til 30. apríl 2023.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 316/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/378 frá 4. mars 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Aizawai* af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, Cydia pomonella-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, malaþíón, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA342, pýrimetaníl, *Pythium oligandrum* M1, rimsúlfúrón, spínósað, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram (Stjtíð. ESB L 72, 7.3.2022, bls. 2).

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1260 ([5]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið pýridaben framlengt til 30. apríl 2023.

4) Umsóknir og viðbótarmálsskjöl fyrir endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum voru lögð fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([6]), sem gildir áfram um þessi virku efni skv. 17. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 ([7]), og lýsti viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki því yfir að þau væru tæk.

5) Að því er varðar virku efnin *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, malaþíón og pýridaben hafa viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki ekki lokið áhættumati skv. 11. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

6) Að því er varðar virku efnin *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofni T-22 og ITEM 908 óskaði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) eftir viðbótarupplýsingum í samræmi við 3. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Þær voru lagðar fram áður en fresturinn rann út 14. júlí 2022 og þurfa áhættumatsmenn meiri tíma til að leggja mat á þær og komast að niðurstöðu sem og fyrir ákvörðun um áhættustjórnun í framhaldinu í samræmi við 13. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

7) Að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 ([8]), og í samræmi við 1. mgr. a í 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 þarf Matvælaöryggisstofnun Evrópu, í samráði við aðildarríkin, að ákveða hvort viðbótarupplýsinga er krafist fyrir virka efnið rimsúlfúrón. Að því er varðar virku efnin klódínafóp og fenpýroxímat hefur fresturinn fyrir framlagningu á viðbótarupplýsingum að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2018/605, og í samræmi við 3 mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 verið fastsettur 17. nóvember 2023 og 4. maí 2024, eftir því sem við á. Að því er varðar virku efnin

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1260 frá 20. september 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin pýridaben, kínmerak og sinkfosfíð (Stjtíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 30).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 frá 20. nóvember 2020 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/605 frá 19. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með því að setja fram vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika (Stjtíð ESB L 101, 20.4.2018, bls. 33).

sýpródiníl, díklórpróp-P, fosetýl, mepanípýrím, metkónasól, metrafenón, pírimíkarb, pýrimetaníl, spínósað, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól og síram óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum, skv. 3. mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2018/605, og lögðu umsækjendur þær fram innan gefins frests. Þó þurfa áhættumatsmenn meiri tíma til að leggja mat á þær og komast að niðurstöðu sem og fyrir ákvörðun um áhættustjórnun í framhaldinu í samræmi við 13. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

8) Að því er varðar virku efnin *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirtegund Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirtegund *Kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348 og Cydia pomonella-kyrningaveiru (CpGV) hefur Matvælaöryggisstofnunin lagt fram niðurstöður sínar í samræmi við 1. mgr. 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 og framkvæmdastjórnin hefur lagt viðkomandi endurnýjunarskýrslur sem og drög að reglugerðum um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður skv. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Hins vegar hefur fastanefndin um plöntur, dýr, matvæli og fóður ekki enn getað skilað áliti sínu um drögin að reglugerðum um endurnýjun á samþykki fyrir ofangreindum virkum efnum.

9) Því er líklegt að ekki sé unnt að taka ákvörðun um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum áður en viðkomandi samþykki rennur út 30. apríl 2023 og er ekki hægt að rekja ástæður fyrir töfunum á málsmeðferðarreglum er varða endurnýjun til viðkomandi umsækjenda.

10) Þar eð viðkomandi umsækjendur ráða ekki við ástæður fyrir töfunum á málsmeðferðarreglum er varða endurnýjun ætti að framlengja samþykkistímabilin fyrir virku efnin til að gera það kleift að ljúka mötum sem krafist er og ljúka reglunefndarmeðferð við ákvarðanatöku fyrir viðkomandi umsóknir um endurnýjun á samþykki. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

11) Ef framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á samþykki fyrir virku efni sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. mars 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 74, síram, kemur „15. mars 2025“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 90, mepanípýrím, kemur „15. mars 2025“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 123, klódínafóp, kemur „15. desember 2025“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 124, pírimíkarb, kemur „15. mars 2025“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 125, rimsúlfúrón, kemur „15. ágúst 2025“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 127, trítíkónasól, kemur „15. mars 2025“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 130, sýpródiníl, kemur „15. mars 2025“.

8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 131, fosetýl, kemur „15. mars 2025“.

9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 132, trínexapak, kemur „15. desember 2024“.

10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 133, díklórpróp-P, kemur „15. mars 2025“.

11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 134, metkónasól, kemur „15. mars 2025“.

12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 135, pýrimetaníl, kemur „15. mars 2025“.

13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 136, tríklópýr, kemur „15. desember 2024“.

14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 137, metrafenón, kemur „15. desember 2024“.

15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 138, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, kemur „15. ágúst 2024“.

16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 139, spínósað, kemur „15. mars 2025“.

17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 193, *Bacillus thuringiensis* undirteg. *Aizawai* af stofnum ABTS-1857 og GC-91, kemur „15. ágúst 2024“.

18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 194, *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israeliensis* (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, kemur „15. ágúst 2024“.

19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 195, *Bacillus thuringiensis* undirteg. *Kurstaki* af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA 12 og EG 2348, kemur „15. ágúst 2024“.

20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 197, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, kemur „30. september 2025“.

21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 198, Cydia pomonella-kyrningaveira (CpGV), kemur „15. ágúst 2024“.

22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 204, *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni T11, kemur „15. apríl 2025“.

23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 206, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, kemur „15. apríl 2025“.

24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 207, *Trichoderma asperellum* (áður *T. harzianum*) af stofnum ICC012, T25 og TV1, kemur „15. apríl 2025“.

25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 208, *Trichoderma gamsii* (áður *T. viride*) af stofni ICC080, kemur „15. apríl 2025“.

26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 213, fenpýroxímat, kemur „15. júní 2026“.

27) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 300, malaþíón, kemur „31. júlí 2026“.

28) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 313, pýridaben, kemur „31. júlí 2026“.

_____

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/918** **2024/EES/11/42**

**frá 4. maí 2023**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin aklónífen, ametóktradín, beflúbútamíð, benþíavalíkarb, boskalíð, kaptan, kletódím, sýkloxýdím, sýflúmetófen, dasómet, díklófóp, dímetómorf, etefón, fenasakín, flúópíkólíð, flúoxastróbín, flúrklóridón, fólpet, formetanat, *Helicoverpa armigera*-kjarnmargflötungaveiru, hýmexasól, indólýlsmjörsýru, mandíprópamíð, metalaxýl, metaldehýð, metam, metasaklór, metríbúsín, milbemektín, paklóbútrasól, penoxsúlam, fenmedífam, pírimífosmetýl, própamókarb, prókínasíð, próþíókónasól, S-metólaklór, *Spodoptera littoralis*-kjarnmargflötungaveiru, *Trichoderma asperellum* af stofni T34 og *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 3. mgr. 78. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 teljast virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE ([2]) samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]). Virk efni sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í B-hluta þess viðauka.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/708 ([4]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið flúrklóridón framlengt til 31. maí 2023. Með þeirri reglugerð var samþykkistímabilið fyrir virka efnið metam einnig framlengt til 30. júní 2023 og fyrir virku efnin aklónífen, beflúbútamíð, benþíavalíkarb, boskalíð, kaptan, dímetómorf, etefón, flúoxastróbín, fólpet, formetanat, metasaklór, metríbúsín, milbemektín, fenmedífam, pírimífosmetýl, própamókarb, prókínasíð, próþíókónasól og S-metólaklór framlengt til 31. júlí 2023.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 160. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 316/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/708 frá 5. maí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2,5-díklóróbensósýrumetýlester, ediksýru, aklónífen, álammóníumsúlfat, álfosfíð, álsílíkat, beflúbútamíð, benþíavalíkarb, boskalíð, kalsíumkarbíð, kaptan, sýmoxaníl, dímetómorf, dódemorf, etefón, etýlen, útdrátt úr tevið, leifar af eimaðri fitu, fitusýrur C7 til C20, flúoxastróbín, flúrklóridón, fólpet, formetanat, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, magnesíumfosfíð, metam, metamítrón, metasaklór, metríbúsín, milbemektín, fenmedífam, pírimífosmetýl, plöntuolíu/negulolíu, plöntuolíu/repjuolíu, plöntuolíu/garðmintuolíu, própamókarb, prókínasíð, próþíókónasól, pýretrín, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, S-metólaklór, ógreinótt fiðrildaferómón, súlkótríón, tebúkónasól og þvagefni (Stjtíð. ESB L 133, 10.5.2022, bls. 1).

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1266 ([5]) var samþykkistímabilið fyrir virku efnin kletódím, sýkloxýdím, dasómet, díklófóp, fenasakín, hýmexasól, indólýlsmjörsýru, metaldehýð og paklóbútrasól framlengt til 31. maí 2023.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1527 ([6]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið flúópíkólíð framlengt til 31. maí 2023.

5) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2069 ([7]) var samþykkistímabilið fyrir virka efnið metalaxýl framlengt til 30. júní 2023 og fyrir virka efnið penoxsúlam til 31. júlí 2023.

6) Samþykkið fyrir virka efninu ametóktradíni á að renna út 31. júlí 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2013 ([8]).

7) Samþykkið fyrir virka efninu sýflúmetófeni á að renna út 31. maí 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 22/2013 ([9]).

8) Samþykkið fyrir virka efninu *Helicoverpa armigera*-kjarnmargflötungaveiru á að renna út 31. maí 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 368/2013 ([10]).

9) Samþykkið fyrir virka efninu mandíprópamíði á að renna út 31. júlí 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2013 ([11]).

10) Samþykkið fyrir virka efninu *Spodoptera littoralis*-kjarnmargflötungaveiru á að renna út 31. maí 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 367/2013 ([12]).

---

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1266 frá 20 september 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-dekanól, 6-bensýladenín, álsúlfat, asadíraktín, búpírímat, karboxín, kletódím, sýkloxýdím, dasómet, díklófóp, díþíanón, dódín, fenasakín, flúómetúrón, flútríafól, hexýþíasox, hýmexasól, indólýlsmjörsýru, ísoxaben, brennisteinskalk, metaldehýð, paklóbútrasól, pensýkúrón, sintófen, táflúvalínat og tebúfenósíð (Stjtíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 81).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1527 frá 6. september 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin sýflúfenamíð, flúópíkólíð, heptamaloxýlóglúkan og malaþíón (Stjtíð. ESB L 231, 7.9.2017, bls. 3).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2069 frá 13. nóvember 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin flóníkamíð (IKI-220), metalaxýl, penoxsúlam og prókínasíð (Stjtíð. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 51).

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2013 frá 8. mars 2013 um samþykki fyrir virka efninu ametóktradíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 67, 9.3.2013, bls. 1).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 22/2013 frá 15. janúar 2013 um samþykki fyrir virka efninu sýflúmetófeni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 11, 16.1.2013, bls. 8).

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 368/2013 frá 22. apríl 2013 um samþykki fyrir virka efninu *Helicoverpa armigera nucleopolyhedrovirus*, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 111, 23.4.2013, bls. 36).

([11]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 188/2013 frá 5. mars 2013 um samþykki fyrir virka efninu mandíprópamíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 62, 6.3.2013, bls. 13).

([12]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 367/2013 frá 22. apríl 2013 um samþykki fyrir virka efninu *Spodoptera littoralis nucleopolyhedrovirus*, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 111, 23.4.2013, bls. 33).

11) Samþykkið fyrir virka efninu *Trichoderma asperellum* af stofni T34 á að renna út 31. maí 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1238/2012 ([13]).

12) Samþykkið fyrir virka efninu *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237 á að renna út 31. maí 2023 í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 17/2013 ([14]).

13) Umsóknir og viðbótarmálsskjöl fyrir endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum voru lögð fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([15]), sem gildir áfram um þessi virku efni skv. 17. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 ([16]). Viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki lýstu því yfir að þau væru tæk.

14) Að því er varðar virku efnin aklónífen, ametóktradín, beflúbútamíð, kletódím, sýkloxýdím, sýflúmetófen, dasómet, díklófóp, fenasakín, flúópíkólíð, *Helicoverpa armigera*-kjarnmargflötungaveiru, hýmexasól, mandíprópamíð, metalaxýl, metaldehýð, metam, metasaklór, paklóbútrasól, *Spodoptera littoralis*-kjarnmargflötungaveiru, *Trichoderma asperellum* af stofni T34 og *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237 hafa viðkomandi skýrslugjafaraðildarríki ekki lokið áhættumati skv. 11. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

15) Að því er varðar virku efnin boskalíð, flúrklóridón, indólýlsmjörsýru, penoxsúlam og prókínasíð þarf Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) meiri tíma, í samræmi við 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, til að samþykkja niðurstöður og, eftir því sem við á, skipuleggja samráð við sérfræðinga. Enn fremur þarf meiri tíma fyrir ákvörðun um áhættustjórnun í framhaldinu í samræmi við 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

16) Að því er varðar virka efnið próþíókónasól óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum, skv. 3 mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 með fresti til 15. apríl 2023. Að því er varðar virku efnin dímetómorf, flúoxastróbín, fólpet, formetanat, metríbúsín, milbemektín, paklóbútrasól, penoxsúlam, fenmedífam, pírimífosmetýl og própamókarb óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum, skv. 3. mgr. a í 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, að því er varðar mat á viðmiðunum fyrir samþykki sem settar eru fram í liðum 3.6.5 og 3.8.2 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og lögðu umsækjendur þær fram innan gefins frests. Þó þarf meiri tíma til að leggja mat á þær og komast að niðurstöðu þar að lútandi sem og fyrir ákvörðun um áhættustjórnun í framhaldinu í samræmi við 13. og 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

17) Að því er varðar virku efnin benþíavalíkarb og kaptan hefur Matvælaöryggisstofnunin lagt fram niðurstöður sínar í samræmi við 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Framkvæmdastjórnin hefur komið á umræðum um þessi virku efni hjá fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður skv. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 og að því er varðar kaptan hefur hún lagt fram endurnýjunarskýrslu og drög að reglugerð um endurnýjun á samþykki fyrir því. Meðan beðið er eftir áliti nefndarinnar um þessi drög að reglugerð þarf meiri tíma ákvörðun um áhættustjórnun í framhaldinu í samræmi við 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

([13]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1238/2012 frá 19. desember 2012 um samþykki fyrir virka efninu *Trichoderma asperellum* (stofn T34), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 350, 20.12.2012, bls. 59).

([14]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 17/2013 frá 14. janúar 2013 um samþykki fyrir virka efninu *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 9, 15.1.2013, bls. 5).

([15]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([16]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1740 frá 20. nóvember 2020 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 (Stjtíð. ESB L 392, 23.11.2020, bls. 20).

18) Að því er varðar virka efnið S-metólaklór lagði Matvælaöryggisstofnunin niðurstöður sínar fyrir framkvæmdastjórnina og aðildarríkin 3. febrúar 2023 í samræmi við 13. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, að undanskildu mati á innkirtlatruflandi eiginleikum. Hins vegar þarf meiri tíma til að samþykkja ákvörðun um áhættustjórnun í samræmi við 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012.

19) Því er líklegt að ekki sé unnt að taka ákvörðun um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum áður en samþykkistímabilin þeirra renna út 31. maí 2023, 30. júní 2023 og 31. júlí 2023, eftir því sem við á. Viðkomandi umsækjendur ráða ekki heldur við ástæður fyrir töfunum í málsmeðferðarreglum er varða endurnýjun.

20) Þar eð líklegt er að ekki sé unnt að taka ákvörðun um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum áður en viðkomandi samþykkistímabil þeirra renna út og viðkomandi umsækjendur ráða ekki við ástæður fyrir töfunum á málsmeðferðarreglum er varða endurnýjun ætti að framlengja samþykkistímabilin fyrir virku efnin til að gera það kleift að ljúka mötum sem krafist er og ljúka reglunefndarmeðferð við ákvarðanatöku fyrir viðkomandi umsóknir um endurnýjun á samþykki. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

21) Ef framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á samþykki fyrir virku efni sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

22) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð gildandi samþykki fyrir kletódími, sýkloxýdími, sýflúmetófeni, dasómeti, díklófópi, fenasakíni, flúópíkólíði, flúrklóridóni, *Helicoverpa armigera*-kjarnmargflötungaveiru, hýmexasóli, indólýlsmjörsýru, metaldehýði, paklóbútrasóli, *Spodoptera littoralis*-kjarnmargflötungaveiru, *Trichoderma asperellum* af stofni T34 og *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237 rennur út 31. maí 2023.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. maí 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 88, fenmedífam, kemur „15. febrúar 2025“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 97, S-metólaklór, kemur „15. nóvember 2024“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 110, milbemektín, kemur „15. febrúar 2025“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 142, etefón, kemur „15. nóvember 2024“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 145, kaptan, kemur „15. nóvember 2024“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 146, fólpet, kemur „15. febrúar 2025“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 147, formetanat, kemur „15. febrúar 2025“.

8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 150, dímetómorf, kemur „15. febrúar 2025“.

9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 152, metríbúsín, kemur „15. febrúar 2025“.

10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 154, própamókarb, kemur „15. júní 2025“.

11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 156, pírimífosmetýl, kemur „15. júní 2025“.

12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 158, beflúbútamíð, kemur „31. október 2026“.

13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 163, benþíavalíkarb, kemur „15. nóvember 2024“.

14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 164, boskalíð, kemur „15. apríl 2026“.

15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 166, flúoxastróbín, kemur „15. júní 2025“.

16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 168, próþíókónasól, kemur „15. ágúst 2025“.

17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 215, aklónífen, kemur „31. október 2026“.

18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 217, metasaklór, kemur „31. október 2026“.

19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 297, flúópíkólíð, kemur „31. ágúst 2026“.

20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 301, penoxsúlam, kemur „15. maí 2026“.

21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 302, prókínasíð, kemur „15. maí 2026“.

22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 304, metalaxýl, kemur „30. september 2026“.

23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 316, sýkloxýdím, kemur „31. ágúst 2026“.

24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 322, hýmexasól, kemur „31. ágúst 2026“.

25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 326, indólýlsmjörsýra, kemur „15. mars 2026“.

26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 329, kletódím, kemur „31. ágúst 2026“.

27) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 339, dasómet, kemur „31. ágúst 2026“.

28) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 340, metaldehýð, kemur „31. ágúst 2026“.

29) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 342, fenasakín, kemur „31. ágúst 2026“.

30) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 344, díklófóp, kemur „31. ágúst 2026“.

31) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 348, paklóbútrasól, kemur „31. ágúst 2026“.

32) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 354, flúrklóridón, kemur „15. mars 2026“.

2. Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 22, metam, kemur „30. nóvember 2025“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 29, *Trichoderma asperellum* af stofni T34, kemur „31. október 2025“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 31, sýflúmetófen, kemur „31. október 2025“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 32, *Trichoderma atroviride* af stofni I-1237, kemur „31. október 2025“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 33, ametóktradín, kemur „31. desember 2025“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 34, mandíprópamíð, kemur „31. desember 2025“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 38, *Helicoverpa armigera*-kjarnmargflötungaveira, kemur „31. október 2025“.

8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 42, *Spodoptera littoralis*-kjarnmargflötungaveira, kemur „31. október 2025“.

# REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/1020 2024/EES/11/43

**frá 20. júní 2019**

**um markaðseftirlit og samræmi vara við kröfur og um breytingu á tilskipun 2004/42/EB og reglugerðum (EB) nr. 765/2008 og (ESB) nr. 305/2011** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 33. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Til þess að tryggja frjálsa vöruflutninga innan Sambandsins er nauðsynlegt að tryggja að vörur samræmist kröfum samhæfingarlöggjafar Sambandsins og samræmist þar með kröfum sem veita öfluga vernd fyrir almannahagsmuni, s.s. heilbrigði og öryggi almennt, heilbrigði og öryggi á vinnustað, neytendavernd, umhverfisvernd og verndun almannaöryggis sem og allra annarra almannahagsmuna sem sú löggjöf verndar. Nauðsynlegt er að kröfum þessarar reglugerðar sé framfylgt með traustum hætti til að veita þessum hagsmunum viðeigandi vernd og til að skapa skilyrði þar sem sanngjörn samkeppni getur þrifist á markaði Sambandsins fyrir vörur. Þess vegna eru reglur nauðsynlegar til að tryggja þessa framfylgd óháð því hvort vörur eru settar á markað á netinu eða utan þess og óháð því hvort þær eru framleiddar í Sambandinu eða ekki.

2) Samhæfingarlöggjöf Sambandsins nær yfir stóran hluta af framleiddum vörum. Vörur sem ekki samræmast kröfum og eru ekki öruggar stofna borgurum í hættu og gætu raskað samkeppni við rekstraraðila sem selja vörur sem samræmast kröfum innan Sambandsins.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 28. október 2015 sem ber yfirskriftina „Áætlun um stafrænan innri markað uppfærð: aukin tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki“ er það tilgreint sem forgangsatriði að styrkja innri markaðinn fyrir vörur með því að skerpa enn frekar á viðleitninni til að koma í veg fyrir að vörur sem eru í ósamræmi við kröfur séu settar á markað í Sambandinu. Þessu ætti að ná fram með því að styrkja markaðseftirlit, setja rekstraraðilum skýrar, gagnsæjar og ítarlegar reglur, auka eftirlit með samræmi vara við kröfur og stuðla að nánara samstarfi yfir landamæri milli eftirlitsyfirvalda, þ.m.t. með samstarfi við tollyfirvöld.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 317/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 283, 10.8.2018, bls. 19.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 17. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. júní 2019.

4) Ramminn um markaðseftirlit sem komið er á með þessari reglugerð ætti að auka við og styrkja gildandi ákvæði í samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem varða að tryggja samræmi vara við kröfur og rammann um samstarf við stofnanir sem koma fram fyrir hönd rekstraraðila eða endanlegra notenda, markaðseftirlit með vörum og eftirlit með þeim vörum sem koma inn á markað Sambandsins. Þó ætti þessi reglugerð, í samræmi við meginregluna um sérlög, því aðeins gilda að engin sértæk ákvæði með sama markmið, sama eðli eða sömu áhrif séu í samhæfingarlöggjöf Sambandsins. Samsvarandi ákvæði í þessari reglugerð ættu þess vegna ekki að gilda á þeim sviðum sem falla undir slík sértæk ákvæði, s.s. þau sem sett eru fram í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 ([3]), (ESB) 2017/745 ([4]) og (ESB) 2017/746 ([5]), þ.m.t. að því er varðar beitingu Evrópska gagnabankans um lækningatæki (EUDAMED), og (ESB) 2018/858 ([6]).

5) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB ([7]) er mælt fyrir um almennar öryggiskröfur fyrir allar neytendavörur og kveðið á um sértækar skyldur og heimildir aðildarríkjanna í tengslum við hættulegar vörur og upplýsingaskipti hvað varðar slíkar vörur með kerfinu fyrir skjót skipti á upplýsingum (RAPEX-kerfi). Markaðseftirlitsyfirvöld skulu eiga möguleika á að grípa til enn sértækari ráðstafana sem þau eiga kost á samkvæmt þeirri tilskipun. Til að ná hærra öryggisstigi fyrir neytendavörur ætti að gera fyrirkomulagið við upplýsingaskipti og við aðstæður sem kalla á skjóta íhlutun, eins og kveðið er á um í tilskipun 2001/95/EB, skilvirkara.

6) Ákvæðin um markaðseftirlit í þessari reglugerð ættu að ná yfir vörur sem falla undir samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem tilgreind er í I. viðauka varðandi framleiddar vörur aðrar en matvæli, fóður, manna- og dýralyf, lifandi plöntur og dýr, afurðir úr mannslíkamanum og afurðir úr plöntum og dýrum sem tengjast beint æxlun síðar meir. Þetta mun tryggja samræmdan ramma fyrir markaðseftirlit með þeim vörum á vettvangi Sambandsins og hjálpa til að auka tiltrú neytenda og annarra endanlegra notenda á vörum sem settar eru á markað í Sambandinu. Ef ný samhæfingarlöggjöf Sambandsins verður samþykkt í framtíðinni verður það tilgreint í þeirri löggjöf hvort að þessi reglugerð gildi einnig um þá löggjöf.

7) Ákvæði 15. til 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([8]) um ramma um markaðseftirlit Bandalagsins og eftirlit með vörum sem eru fluttar inn á markað Bandalagsins ættu að falla brott og þessi reglugerð að koma í staðinn fyrir viðkomandi ákvæði. Sá rammi inniheldur ákvæði um eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins í 27., 28. og 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 sem gilda ekki einungis um vörur sem falla undir rammann fyrir markaðseftirlit heldur um allar vörur svo fremi að önnur lög Sambandsins innihaldi engin sértæk ákvæði varðandi skipulagningu á eftirliti með vörum sem koma inn á markað Sambandsins. Því er nauðsynlegt að víkka gildissvið ákvæða þessarar reglugerðar varðandi vörur sem koma inn á markað Sambandsins þannig að þau taki til allra vara.

8) Til þess að hagræða lagarammanum í heild sinni og einfalda hann og leitast jafnframt við að ná markmiðunum um betri reglusetningu ætti að endurskoða reglurnar sem gilda um eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins og fella þær inn í einn lagaramma um eftirlit með vörum á ytri landamærum Sambandsins.

9) Aðildarríki ættu að bera ábyrgð á framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins og krefjast ætti þess að markaðseftirlitsyfirvöld þeirra tryggi að farið sé að öllu leyti að löggjöfinni. Aðildarríkin ættu því að koma á kerfisbundnum aðferðum til að tryggja skilvirkni markaðseftirlits og annarrar framfylgdarstarfsemi. Í þessu tilliti ætti að samræma aðferðafræði og viðmiðanir við áhættumat enn frekar í öllum aðildarríkjum til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir alla rekstraraðila.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru (Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

10) Til að aðstoða markaðseftirlitsyfirvöld við að styrkja frekar samkvæmni í starfsemi þeirra í tengslum við beitingu þessarar reglugerðar ætti að koma á fót skilvirku kerfi fyrir jafningjarýni fyrir þau markaðseftirlitsyfirvöld sem vilja taka þátt.

11) Tilteknar skilgreiningar sem eru sem stendur settar fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008 ætti að aðlaga að skilgreiningum sem settar eru fram í öðrum réttargerðum Sambandsins og, eftir því sem við á, þær látnar endurspegla uppbygginguna á aðfangakeðjum nútímans. Skilgreiningin á framleiðanda í þessari reglugerð ætti ekki að leysa framleiðendur undan neinum skyldum sem þeir gætu haft samkvæmt samhæfingarlöggjöf Sambandsins þar sem beitt er sértækum skilgreiningum á framleiðanda sem gætu náð yfir einstaklinga eða lögaðila sem breyta vöru sem hefur þegar verið sett á markað á þann hátt að það hafi möguleg áhrif á samræmi við samhæfingarlöggjöf Sambandsins og setja hana á markað, eða einhverja aðra einstaklinga eða lögaðila sem setja vöru á markað í eigin nafni eða undir eigin vörumerki.

12) Ætlast ætti til þess að rekstraraðilar í allri aðfangakeðjunni komi fram á ábyrgan hátt og í fullu samræmi við gildandi lagaskilyrði þegar þeir setja vörur á markað eða bjóða fram á markaði til að tryggja samræmi við kröfur samhæfingarlöggjafar Sambandsins um vörur. Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á þær skuldbindingar sem samsvara hlutverki hvers rekstraraðila í aðfanga- og dreifingarferlinu samkvæmt sértækum ákvæðum í samhæfingarlöggjöf Sambandsins og framleiðandinn ætti að bera endanlega ábyrgð á samræmi vöru við kröfur í samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

13) Áskoranir heimsmarkaðarins og sífellt flóknari aðfangakeðjur, sem og aukning á vörum sem eru boðnar til sölu á netinu til endanlegra notenda innan Sambandsins, kalla á eflingu framfylgdarráðstafana til að tryggja öryggi neytenda. Fengin reynsla af markaðseftirliti hefur enn fremur sýnt fram á að í slíkum aðfangakeðjum finnast stundum rekstraraðilar sem eru með nýstárleg rekstrarform sem þýðir að þeir passa ekki auðveldlega inn í hefðbundnar aðfangakeðjur samkvæmt fyrirliggjandi lagaramma. Þetta á einkum við um veitendur dreifingarþjónustu sem sinna mörgum af þeim verkefnum sem innflytjendur sinna, en þeir samsvara ekki alltaf hefðbundinni skilgreiningu fyrir innflytjanda í lögum Sambandsins. Til að tryggja að markaðseftirlitsyfirvöld geti sinnt skyldum sínum á skilvirkan hátt og til að koma í veg fyrir gloppur í framfylgdarkerfinu þykir rétt að telja veitendur dreifingarþjónustu með á skrá yfir rekstraraðila sem markaðseftirlitsyfirvöld geta gripið til framfylgdarráðstafana gegn. Með því að fella veitendur dreifingarþjónustu undir gildissvið þessarar reglugerðar munu markaðseftirlitsyfirvöld eiga auðveldara með að fást við nýjar tegundir atvinnustarfsemi til að tryggja öryggi neytenda og snurðulausa starfsemi innri markaðarins, þ.m.t. þar sem rekstraraðilinn er bæði innflytjandi að því er varðar tilteknar vörur og veitandi dreifingarþjónustu að því er varðar aðrar vörur.

14) Aðfangakeðjur nútímans ná til fjölmargra mismunandi rekstraraðila sem allir ættu að falla undir framfylgd á samhæfingarlöggjöf Sambandsins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til hlutverksins sem hver rekstraraðili gegnir í aðfangakeðjunni og að hvaða marki þeir stuðla að því að vörur séu boðnar fram á markaði Sambandsins. Þess vegna er nauðsynlegt að þessi reglugerð eigi við um rekstraraðila sem verða fyrir beinum áhrifum af samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem tilgreind er í I. viðauka við þessa reglugerð, s.s. framleiðandi hlutar og eftirnotandi eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([9]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([10]), sá sem annast uppsetningu eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/33/ESB ([11]), birgir eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 ([12]), eða seljandi eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 ([13]).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/33/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um lyftur og öryggisíhluti fyrir lyftur (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 251).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 frá 25. nóvember 2009 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðrar nauðsynlegar kennistærðir (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 46).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1).

15) Ef um er að ræða vöru sem er boðin til sölu á netinu eða gegnum aðrar leiðir fyrir fjarsölu ætti sú vara að teljast hafa verið boðin fram á markaði ef söluboðið beinist að endanlegum notendum í Sambandinu. Framkvæma ætti greiningu í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við gildandi reglur Sambandsins um alþjóðlegan einkarétt til að staðreyna hvort að söluboðið beinist að endanlegum notendum í Sambandinu. Líta ætti á að söluboðið beinist að endanlegum notendum í Sambandinu ef viðkomandi rekstraraðili beinir starfsemi sinni með einhverjum hætti að aðildarríki. Við greiningu á hverju tilviki fyrir sig þarf að taka tillit til þátta sem skipta máli, s.s. landsvæða þangað sem hægt er að senda, tungumála sem notuð eru við söluboð eða við pöntun, eða greiðslumiðla. Það að vefsetur rekstraraðila eða milliliða séu aðgengileg í aðildarríkinu þar sem endanlegi notandinn hefur staðfestu eða lögheimili nægir ekki eitt og sér ef um er að ræða sölu á netinu.

16) Þróun rafrænnar verslunar stafar einnig að miklu leyti af útbreiðslu þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu, venjulega fyrir milligöngu vettvanga og gegn gjaldi, sem bjóða upp á milllistigsþjónustu með því að geyma efni þriðja aðila án þess að fara með stjórn á því efni og þess vegna koma þeir ekki fram fyrir hönd rekstraraðila. Fjarlæging efnis sem varðar vörur sem eru í ósamræmi við kröfur eða, ef það er ekki hægt, takmörkun aðgangs að vörum sem eru í ósamræmi við kröfur, ætti ekki að hafa áhrif á þær reglur sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB ([14]). Einkum ætti hvorki að leggja almenna skyldu á herðar þjónustuveitendum í upplýsingasamfélaginu um að vakta upplýsingar sem þeir senda eða geyma né ætti að leggja almenna skyldu á herðar þeim um að leita uppi með virkum hætti staðreyndir eða aðstæður sem benda til ólöglegrar starfsemi. Enn fremur ætti ekki gera hýsingaraðila ábyrga svo framarlega sem þeim hafi ekki í reynd verið kunnugt um ólöglega starfsemi eða upplýsingar og er ekki kunnugt um staðreyndir eða aðstæður sem hin ólöglega starfsemi eða upplýsingar eru raktar til.

17) Þótt ákvæði þessarar reglugerðar fjalli ekki um vernd hugverkaréttinda ætti samt að hafa í huga að vörur sem eru eftirlíkingar uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf Sambandsins, fela í sér áhættu fyrir heilbrigði og öryggi endanlegra notenda, raska samkeppni, stefna almannahagsmunum í hættu og stuðla að annarri ólöglegri starfsemi. Því ættu aðildarríki að halda áfram að gera skilvirkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vörur sem eru eftirlíkingar komi inn á markað Sambandsins samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 608/2013 ([15]).

18) Sanngjarnari innri markaður ætti að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir alla rekstraraðila og vernd gegn ósanngjarnri samkeppni. Í þessu skyni er nauðsynlegt að styrkja framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins um vörur. Gott samstarf milli framleiðenda og markaðseftirlitsyfirvalda er lykilatriði sem gerir tafarlausa íhlutun og aðgerðir til úrbóta í tengslum við vöruna mögulega. Mikilvægt er, að því er varðar tilteknar vörur, að það sé rekstraraðili með staðfestu í Sambandinu svo að markaðseftirlitsyfirvöld hafi einhvern sem hægt er að beina beiðnum til, þ.m.t. beiðnir um upplýsingar varðandi samræmi vöru við samhæfingarlöggjöf Sambandsins, og sem getur unnið með markaðseftirlits-yfirvöldum að því að tryggja að gripið sé til tafarlausra aðgerða til úrbóta til að ráða bót á tilvikum þar sem samræmi er ekki fyrir hendi. Þeir rekstraraðilar sem ættu að sinna þessum verkefnum eru framleiðendur, eða innflytjendur ef framleiðandinn er ekki með staðfestu í Sambandinu, eða viðurkenndir fulltrúar sem hafa umboð framleiðanda í þeim tilgangi, eða veitendur dreifingarþjónustu sem eru með staðfestu í Sambandinu vegna þeirra vara sem þeir meðhöndla ef enginn annar rekstraraðili er með staðfestu í Sambandinu.

19) Þróun rafrænnar verslunar felur í sér tilteknar áskoranir fyrir markaðseftirlitsyfirvöld með tilliti til þess að tryggja að vörur sem boðnar eru fram til sölu á netinu séu í samræmi við kröfur og að framfylgja samhæfingarlöggjöf Sambandsins á skilvirkan hátt. Fjöldi þeirra rekstraraðila sem bjóða vörur til sölu beint til neytenda með rafrænum hætti er að aukast. Rekstraraðilar sem sinna verkefnum varðandi vörur sem falla undir tiltekna samhæfingarlöggjöf Sambandsins gegna þess vegna mikilvægu hlutverki sem milliliðir með staðfestu í Sambandinu fyrir markaðseftirlitsyfirvöld og með því að sinna tilteknum verkefnum á tímanlegan hátt til að tryggja að vörurnar uppfylli kröfurnar í samhæfingarlöggjöf Sambandsins í þágu neytenda, annarra endanlegra notenda og fyrirtækja í Sambandinu.

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 608/2013 frá 12. júní 2013 um tollaframkvæmd er varðar hugverkaréttindi og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1383/2003 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 15).

20) Skuldbindingar rekstraraðila sem sinna verkefnum varðandi vörur sem falla undir samhæfingarlöggjöf Sambandsins ættu þess vegna ekki að hafa áhrif á gildandi skuldbindingar og ábyrgðir framleiðenda, innflytjenda og viðurkenndra fulltrúa samkvæmt viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

21) Skuldbindingar í þessari reglugerð sem fela í sér þá kröfu að rekstraraðili hafi staðfestu í Sambandinu til að geta sett vörur á markað Sambandsins ættu einungis að gilda um svið þar sem greind hefur verið þörf á að rekstraraðilar sinni hlutverki tengiliða við markaðseftirlitsyfirvöld, að teknu tilliti til áhættumiðaðrar nálgunar, með hliðsjón af meðalhófsreglunni og með hliðsjón af háu verndarstigi fyrir endanlega notendur í Sambandinu.

22) Enn fremur ættu þessar skuldbindingar ekki að gilda ef sama niðurstaða fæst í reynd með sértækum kröfum sem settar eru fram í tilteknum réttargerðum um vörur, þ.e. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 ([16]), reglugerð (EB) nr. 1223/2009, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 ([17]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 ([18]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/28/ESB ([19]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB ([20]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 ([21]), reglugerð (ESB) 2017/745, reglugerð (ESB) 2017/746, reglugerð (ESB) 2017/1369 og reglugerð (ESB) 2018/858.

Einnig ætti að taka til athugunar aðstæður þar sem möguleg áhætta á ósamræmi við kröfur eða slík tilvik eru ekki líkleg, eða tilvik þar sem einkum er verslað með vörur í gegnum hefðbundnar aðfangakeðjur, sem er tilfellið í t.d. tilskipun 2014/33/ESB, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/424 ([22]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/35/ESB ([23]).

23) Samskiptaupplýsingar rekstraraðila sem sinna verkefnum varðandi vörur sem falla undir tiltekna samhæfingarlöggjöf Sambandsins ættu að vera settar fram með vörunni til að greiða fyrir athugunum í allri aðfangakeðjunni.

24) Rekstraraðilar ættu að eiga fullt samstarf við markaðseftirlitsyfirvöld og önnur lögbær yfirvöld til að tryggja snurðulausa framkvæmd markaðseftirlits og til að gera yfirvöldum kleift að sinna verkefnum sínum. Ef yfirvöld óska eftir því felur þetta í sér að leggja fram samskiptaupplýsingar rekstraraðilanna sem sinna verkefnum varðandi vörur sem falla undir tiltekna samhæfingarlöggjöf Sambandsins, ef þessar upplýsingar eru þeim aðgengilegar.

25) Rekstraraðilar ættu að hafa greiðan aðgang að vönduðum og ítarlegum upplýsingum. Þar sem sameiginlega stafræna gáttin sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 ([24]) kveður á um sameiginlegan aðgangsstað að upplýsingum á netinu er hægt að nota hana í þeim tilgangi að veita rekstraraðilum viðeigandi upplýsingar um samhæfingarlöggjöf Sambandsins. Aðildarríki ættu þó að koma á verklagsreglum til að tryggja aðgang

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni (Stjtíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1).

([18]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/28/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða sprengiefni til almennra nota fram á markaði og um eftirlit með þeim (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 1).

([20]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014 um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146).

([21]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (Stjtíð. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53).

([22]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/424 frá 9. mars 2016 um togbrautarbúnað og niðurfellingu á tilskipun 2000/9/EB (Stjtíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 1).

([23]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/35/ESB frá 16. júní 2010 um færanlegan þrýstibúnað og niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 76/767/EBE, 84/525/EBE, 84/526/EBE, 84/527/EBE og 1999/36/EB (Stjtíð. ESB L 165, 30.6.2010, bls. 1).

([24]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 um að koma á einni stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1).

að vörutengiliðum sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515 ([25]) til að aðstoða rekstraraðila við að vinna rétt úr beiðnum þeirra um upplýsingar. Þegar aðildarríki veita slíkar upplýsingar ætti það ekki vera hluti af skuldbindingum þeirra að veita leiðbeiningar varðandi tækniforskriftir eða samhæfða staðla eða hönnun á tilteknum vörum.

26) Markaðseftirlitsyfirvöld gætu annast sameiginlega starfsemi ásamt öðrum yfirvöldum eða stofnunum sem koma fram fyrir hönd rekstraraðila eða endanlegra notenda með það fyrir augum að ýta undir samræmi við kröfur, greina ósamræmi við kröfur, auka vitund og veita leiðbeiningar varðandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins og að því er varðar tiltekna vöruflokka, þ.m.t. þá sem boðnir eru til sölu á netinu.

27) Aðildarríki ættu að tilnefna sín eigin markaðseftirlitsyfirvöld. Þessi reglugerð ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin velji hvaða lögbæru yfirvöld eigi að framkvæma þau verkefni er lúta að markaðseftirliti. Til að greiða fyrir stjórnsýsluaðstoð og samstarfi ættu aðildarríki einnig að tilnefna miðlægar tengiskrifstofur. Miðlægar tengiskrifstofur ættu a.m.k. að vera í forsvari fyrir samræmda afstöðu markaðseftirlitsyfirvalda og þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með vörum sem koma inn á markað Sambandsins.

28) Rafræn verslun felur í sér tilteknar áskoranir fyrir markaðseftirlitsyfirvöld varðandi verndun heilbrigðis og öryggis endanlegra notenda gegn vörum sem eru í ósamræmi við kröfur. Aðildarríki ættu því að tryggja að markaðseftirlit þeirra með vörum sem boðnar eru fram á netinu sé skipulagt með jafn árangursríkum hætti og fyrir vörur sem boðnar eru fram utan þess.

29) Markaðseftirlitsyfirvöld standa frammi fyrir margvíslegum erfiðleikum við framkvæmd markaðseftirlits með vörum sem boðnar eru til sölu á netinu, s.s. rakningu vara sem boðnar eru til sölu á netinu, auðkenningu ábyrgra rekstraraðila, eða framkvæmd á áhættumati eða áhættuprófunum vegna skorts á efnislegum aðgangi að vörum. Til viðbótar við þær kröfur sem innleiddar eru með þessari reglugerð eru aðildarríki hvött til að nota viðbótarleiðbeiningar og bestu starfsvenjur við markaðseftirlit og í samskiptum við fyrirtæki og neytendur.

30) Gefa ætti sérstakan gaum að nýtilkominni tækni, að teknu tilliti til þess að neytendur nota tengdan búnað í auknum mæli í daglegu lífi. Því ætti reglurammi Sambandsins að fjalla um nýjar áhættur til að tryggja öryggi endanlegra notenda.

31) Á tímum stöðugrar þróunar stafrænnar tækni ætti að kanna nýjar lausnir sem gætu stuðlað að árangursríku markaðseftirliti innan Sambandsins.

32) Markaðseftirlit ætti að vera ítarlegt og skilvirkt til að tryggja að samhæfingarlöggjöf Sambandsins um vörur sé beitt á réttan hátt. Þar eð eftirlit getur skapað byrði fyrir rekstraraðila ættu markaðseftirlitsyfirvöld að skipuleggja og annast eftirlitsstarfsemi með áhættumiðaðri nálgun með tilliti til hagsmuna þessara rekstraraðila og takmarka fyrrnefnda byrði við það sem er nauðsynlegt fyrir framkvæmd skilvirks og árangursríks eftirlits. Lögbær yfirvöld aðildarríkis ættu enn fremur að framkvæma markaðseftirlit með sömu vandvirkni án tillits til þess hvort að ósamræmi tiltekinnar vöru við kröfur eigi við um yfirráðasvæði þess aðildarríkis eða sé líklegt til að hafa áhrif á markaði í öðru aðildarríki. Framkvæmdastjórnin gæti mælt fyrir um samræmd skilyrði við tiltekna eftirlitsstarfsemi sem markaðseftirlitsyfirvöld framkvæma ef vörur eða vöruflokkar fela í sér sérstakar áhættur eða alvarleg brot á gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

33) Þegar markaðseftirlitsyfirvöld sinna skyldum sínum standa þau frammi fyrir mismunandi annmörkum með tilliti til úrræða, samræmingaraðferða, og einnig valdheimilda að því er varðar vörur sem eru í ósamræmi við kröfur. Slíkur munur leiðir til sundurleitrar framfylgdar á samhæfingarlöggjöf Sambandsins og leiðir til þess að markaðseftirlit er strangara í sumum aðildarríkjum en í öðrum, sem mögulega teflir jöfnum samkeppnisskilyrðum milli fyrirtækja í tvísýnu og veldur einnig mögulegu ójafnvægi í vöruöryggi í öllu Sambandinu.

([25]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515 frá 19. mars 2019 um gagnkvæma viðurkenningu á vörum sem eru löglega markaðssettar í öðru aðildarríki og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 764/2008 (Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 1).

34) Til að tryggja að samhæfingarlöggjöf Sambandsins um vörur sé framfylgt á réttan hátt ættu markaðseftirlitsyfirvöld að hafa sameiginlegar rannsóknar- og framkvæmdaheimildir sem greiða fyrir auknu samstarfi milli markaðseftirlitsyfirvalda og hafa áhrifaríkari fælingarmátt gagnvart rekstraraðilum sem brjóta vísvitandi gegn samhæfingarlöggjöf Sambandsins. Þessar valdheimildir ættu að vera nægilega traustar til að takast megi með skilvirkum hætti á við áskoranir sem fylgja framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins, ásamt áskorunum í tengslum við rafræna verslun og stafrænt umhverfi og til að koma í veg fyrir að rekstraraðilar notfæri sér gloppur í lagaframfylgdarkerfinu með því að færa sig um set til aðildarríkja þar sem markaðseftirlitsyfirvöld hafa ekki burði til að taka á ólögmætum viðskiptaháttum. Valdheimildirnar ættu einkum að tryggja að hægt sé að skiptast á upplýsingum og sönnunargögnum milli lögbærra yfirvalda svo að framfylgd geti farið fram með jöfnum hætti í öllum aðildarríkjum.

35) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á frelsi aðildarríkja til að velja það framfylgdarkerfi sem þau telja viðeigandi. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að velja hvort að markaðseftirlitsyfirvöld þeirra geti sinnt rannsóknum og framfylgd beint samkvæmt sínum eigin heimildum, með því að skjóta máli til annarra opinberra yfirvalda eða með því að vísa máli til valdbærra dómstóla.

36) Markaðseftirlitsyfirvöld ættu að vera í stöðu til að hefja rannsóknir að þeirra eigin frumkvæði ef þau komast á snoðir um að vörur sem eru í ósamræmi við kröfur hafi verið settar á markað.

37) Markaðseftirlitsyfirvöld ættu að hafa aðgang að öllum nauðsynlegum vísbendingum, gögnum og upplýsingum sem varða viðfangsefni rannsóknar til að ákvarða hvort að brotið hafi verið gegn gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins og einkum til að auðkenna þann rekstraraðila sem er ábyrgur, án tillits til þess hver býr yfir viðkomandi sönnunargögnum, öðrum gögnum eða upplýsingum og án tillits til þess hvar þær eru geymdar eða á hvaða formi þær eru. Markaðseftirlitsyfirvöld ættu að geta óskað eftir því að rekstraraðilar, þ.m.t. þeir sem eru í stafrænu verðmætakeðjunni, leggi fram öll sönnunargögn, önnur gögn og upplýsingar sem eru nauðsynleg.

38) Markaðseftirlitsyfirvöld ættu að geta framkvæmt nauðsynlegar vettvangsskoðanir og ættu að hafa heimild til að fara inn á öll athafnasvæði, lóðir eða inn í flutningatæki sem rekstraraðilinn notar í tengslum við atvinnugrein sína, fyrirtæki, iðn eða sérgrein.

39) Markaðseftirlitsyfirvöld ættu að geta krafist þess að fulltrúi eða viðeigandi starfsmaður viðkomandi rekstraraðila gefi skýringar á eða leggi fram staðreyndir, upplýsingar eða gögn varðandi viðfangsefni vettvangsskoðunar og að skrá þau svör sem sá fulltrúi eða viðeigandi starfsmaður veitir.

40) Markaðseftirlitsyfirvöld ættu að geta athugað samræmi vara, sem til stendur að bjóða fram á markaði, við kröfur í samhæfingarlöggjöf Sambandsins og að geta aflað sönnunargagna um ósamræmi við kröfur. Því ættu þau að hafa valdheimild til að komast yfir vörur og, ef ekki er hægt að afla sönnunargagna með öðru móti, kaupa vörur undir fölsku nafni.

41) Einkum í hinu stafræna umhverfi ættu markaðseftirlitsyfirvöld að geta bundið enda á ósamræmi við kröfur, hratt og örugglega, einkum þegar rekstraraðili sem selur vöru leynir því hver hann er eða flytur sig um set innan Sambandsins eða til þriðja lands til að forðast framfylgd laga. Í tilvikum þar sem hætta er á að endanlegir notendur verði fyrir alvarlegum og óbætanlegum skaða vegna ósamræmis við kröfur ættu markaðseftirlitsyfirvöld að geta gripið til ráðstafana, þegar þær eru tilhlýðilega rökstuddar og hlutfallslegar og þar sem engar aðrar leiðir eru tiltækar til að koma í veg fyrir eða draga úr slíkum skaða, þ.m.t. ef nauðsyn krefur að krefjast þess að efni sé fjarlægt af netskilfleti eða að birt sé viðvörun. Ef slík beiðni er ekki virt ætti viðeigandi yfirvald að hafa valdheimild til að krefjast þess að þjónustuveitendur í upplýsingasamfélaginu takmarki aðgang að þeim netskilfleti. Þessar ráðstafanir ættu að vera teknar í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2000/31/EB.

42) Framkvæmd þessarar reglugerðar og beiting valdheimilda við beitingu hennar ætti einnig að samræmast öðrum lögum Sambandsins og landslögum, t.d. tilskipun 2000/31/EB, þ.m.t. gildandi réttarfarsreglum og meginreglum um grundvallarréttindi. Sú framkvæmd og sú beiting valdheimilda ætti einnig að vera hófleg og fullnægjandi með tilliti til eðlis þess raunverulega eða hugsanlega heildarskaða sem hlýst af brotinu. Lögbær yfirvöld ættu að taka tillit til allra

staðreynda og málavaxta og velja heppilegustu ráðstafanirnar, einkum þær sem eru brýnar til að taka á broti sem heyrir undir þessa reglugerð. Ráðstafanirnar ættu að vera í réttu hlutfalli við brot, skilvirkar og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkjunum ætti að vera frjálst að setja skilyrði fyrir og takmarkanir á beitingu valdheimilda til að uppfylla skyldur í landsbundnum lögum. Ef þess er t.d. krafist í landsbundnum lögum að afla þurfi fyrirframleyfis frá dómsyfirvaldi viðkomandi aðildarríkis til að fara inn á yfirráðasvæði einstaklinga og lögaðila ætti ekki að beita heimildinni til að fara inn á slíkt svæði fyrr en slíkt fyrirframleyfi hefur verið fengið.

43) Markaðseftirlitsyfirvöld starfa í þágu rekstraraðila, endanlegra notenda og almennings til að tryggja að almanna-hagsmunir sem falla undir viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins um vörur séu verndaðir með samræmdum hætti og varðir með viðeigandi framfylgdarráðstöfunum og að tryggt sé samræmi við kröfur í slíkri löggjöf í allri aðfangakeðjunni með viðeigandi athugunum, að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að stjórnsýslueftirlit eitt og sér geti í mörgum tilvikum ekki komið í stað fyrir efnislegar athuganir og athuganir á rannsóknarstofu til að sannreyna samræmi vara við kröfur í viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins. Af þessum sökum ættu markaðseftirlitsyfirvöld að sjá til þess að starfsemi þeirra fari fram með mjög gagnsæjum hætti og þau ættu að gera allar upplýsingar aðgengilegar almenningi sem þau telja að skipti máli til að vernda hagsmuni endanlegra notenda í Sambandinu.

44) Þessi reglugerð ætti ekki hafa áhrif á starfrækslu RAPEX-kerfis í samræmi við tilskipun 2001/95/EB.

45) Þessi reglugerð ætti að ekki að hafa áhrif á verndarákvæðisaðferðina sem kveðið er á um í samhæfingarlöggjöf Sambandsins um einstakar atvinnugreinar skv. 10. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Aðildarríkjum er heimilt að gera ráðstafanir í tengslum við vörur sem fela í sér áhættu fyrir heilbrigði og öryggi eða aðra þætti sem varða verndun almannahagsmuna, með það fyrir augum að tryggja sambærilega vernd í öllu Sambandinu. Þess er einnig krafist að þau tilkynni öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir, sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að taka afstöðu um hvort að landsráðstafanir sem takmarka frjálsan vöruflutning með það fyrir augum að tryggja starfsemi innri markaðarins séu réttmætar.

46) Upplýsingaskipti milli markaðseftirlitsyfirvalda og notkun sönnunargagna og niðurstaðna rannsókna ætti að fara fram með þeim hætti sem virðir meginregluna um trúnaðarkvöð. Meðhöndla ætti upplýsingar í samræmi við gildandi landslög til að tryggja að rannsóknum sé ekki teflt í tvísýnu og orðstír rekstraraðila skaðist ekki.

47) Ef nauðsynlegt reynist, að því er varðar þessa reglugerð, að vinna úr persónuupplýsingum ætti þetta að samrýmast lögum Sambandsins um vernd persónuupplýsinga. Öll vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([26]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([27]), eftir því sem við á.

48) Til að tryggja skilvirkni og samræmi prófana í öllu Sambandinu innan markaðseftirlitsrammans að því er varðar tilteknar vörur eða tiltekna flokka eða undirflokka vara eða vegna sérstakrar áhættu sem tengist flokkum eða undirflokkum vara, gæti framkvæmdastjórnin tilnefnt eigin prófunarstöðvar eða opinbera prófunarstöð aðildarríkis sem prófunarstöð Sambandsins. Allar prófunarstöðvar Sambandsins ættu að vera viðurkenndar í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 765/2008. Til að forðast hagsmunaárekstra ættu prófunarstöðvar Sambandsins einungis að veita þjónustu fyrir markaðseftirlitsyfirvöld, framkvæmdastjórnina, Samstarfsnet Sambandsins um að vörur samræmist kröfum (hér eftir nefnt „Samstarfsnetið“) og aðrar opinberar stofnanir eða milliríkjastofnanir.

49) Aðildarríki ættu að tryggja að nægt fjármagn sé alltaf tiltækt til að manna og útbúa markaðseftirlitsyfirvöld með viðeigandi hætti. Skilvirkt markaðseftirlit er krefjandi með tilliti til fjármagns og tryggja ætti öruggt fjármagn sem samsvarar framfylgdarþörfum á hverjum tíma. Aðildarríki ættu að hafa möguleikann á að bæta við opinbera fjármögnun með því að endurheimta frá viðkomandi rekstraraðilum þann kostnað sem stofnað er til við framkvæmd markaðseftirlits í tengslum við vörur sem reyndust vera í ósamræmi við kröfur.

50) Koma ætti á fót gagnkvæmu aðstoðarkerfi þar sem það er áríðandi fyrir markað Sambandsins fyrir vörur að markaðseftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna starfi með hver öðrum á áhrifaríkan hátt. Yfirvöld ættu að ganga fram í góðri trú og hafa sem almenna meginreglu að samþykkja beiðnir um gagnkvæma aðstoð, einkum þær sem varða aðgang að ESB-samræmisyfirlýsingu, yfirlýsingu um nothæfi og tæknigögn.

([26]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([27]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

51) Rétt þykir að aðildarríki tilnefni yfirvöldin sem bera ábyrgð á að beita tollalöggjöf og öll önnur yfirvöld sem samkvæmt landslögum bera ábyrgð á eftirliti með vörum sem koma inn á markað Sambandsins.

52) Áhrifarík leið til að tryggja að vörur sem eru óöruggar eða eru í ósamræmi við kröfur séu ekki settar á markað Sambandsins er að greina slíkar vörur áður en þær eru afgreiddar í frjálst flæði. Yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með vörum sem koma inn á markað Sambandsins hafa heildaryfirsýn yfir viðskiptaflæði á ytri landamærum Sambandsins og því ætti þeim að bera skylda til að framkvæma fullnægjandi eftirlit á grundvelli áhættumats til að stuðla að öruggari markaði sem tryggir almannahagsmunum öfluga vernd. Það er hlutverk aðildarríkja að tilnefna ákveðin yfirvöld sem eiga að bera ábyrgð á viðeigandi skjalfestingu og, ef nauðsyn krefur, efnislegum athugunum eða athugunum á prófunarstofu á vörum áður en þær eru afgreiddar í frjálst flæði. Samræmd framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins næst einungis með kerfisbundnu samstarfi og upplýsingaskiptum milli markaðseftirlitsyfirvalda og annarra yfirvalda sem tilnefnd eru til þess að bera ábyrgð á eftirliti með vörum sem koma inn á markað Sambandsins. Þessi yfirvöld ættu að fá í hendur frá markaðseftirlitsyfirvöldum með góðum fyrirvara allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi vörur sem eru í ósamræmi við kröfur eða upplýsingar um rekstraraðila þar sem greind hefur verið aukin hætta á ósamræmi við kröfur. Yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með vörum sem koma inn á tollsvæði Sambandsins ættu aftur á móti að tilkynna markaðseftirlitsyfirvöldum á tímanlegan hátt þegar vörur eru afgreiddar í frjálst flæði og um niðurstöður úr eftirliti, ef slíkar upplýsingar skipta máli fyrir framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins um vörur. Fái framkvæmdastjórnin vitneskju um að innflutt vara feli í sér alvarlega áhættu ætti hún að gera aðildarríkjunum viðvart um þá áhættu til þess að tryggja samhæfðara og árangursríkara samræmi við kröfur og framfylgdareftirlit á fyrstu komustöðum í Sambandinu.

53) Innflytjendur ættu að hafa í huga að í 220., 254, 256., 257., og 258. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 ([28]) er kveðið á um að vörur sem koma inn á markað Sambandsins og þurfa frekari vinnslu til að vera í samræmi við kröfur gildandi samhæfingarlöggjafar Sambandsins skulu vera settar í viðeigandi tollferli sem heimilar innflytjanda slíka vinnslu. Almennt ætti afgreiðsla í frjálst ferli ekki að teljast vera sönnun um samræmi við kröfur í lögum Sambandsins þar sem slík afgreiðsla felur ekki nauðsynlega í sér algjöra athugun á samræmi við kröfur.

54) Nauðsynlegt er að setja upp rafræna skilfleti sem gera kleift að framkvæma sjálfvirkan gagnaflutning til að nota sameiginlegu gátt ESB fyrir tolla og þannig hámarka og létta á gagnaflutningi milli tollyfirvalda og markaðseftirlits-yfirvalda. Tollyfirvöld og markaðseftirlitsyfirvöld ættu að leggja sitt fram til að ákvarða þau gögn sem á að senda. Forðast ætti aukið álag á tollyfirvöld og skilfletirnir ættu að vera mjög sjálfvirkir og auðveldir í notkun.

55) Nauðsynlegt er að koma Samstarfsnetinu á fót, sem framkvæmdastjórnin hýsir, og sem miðar að því að koma á skipulegu samstarfi milli eftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og að hagræða starfsemi markaðseftirlits innan Sambandsins, sem greiðir fyrir framkvæmd sameiginlegrar framfylgdar af hálfu aðildarríkja, s.s. sameiginlegar rannsóknir. Þessi stjórnsýslulegi stuðningur ætti að gera það kleift að samnýta úrræði og viðhalda samskipta- og upplýsingakerfi milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar, sem þannig aðstoðar við að styrkja framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins um vörur og fæla frá brotum. Þátttaka samstarfshópa á sviði stjórnsýslu (ADCO) í Samstarfsnetinu ætti ekki að útiloka þátttöku annarra svipaðra hópa sem koma að samstarfi á sviði stjórnsýslu. Framkvæmdastjórnin ætti að veita Samstarfsnetinu nauðsynlegan stjórnsýslulegan stuðning og fjárstuðning.

56) Upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar ættu að vera árangursrík, hröð og nákvæm. Fjöldi kerfa sem til eru, eins og upplýsinga- og fjarskiptakerfið fyrir markaðseftirlit (ICSMS-kerfi) og RAPEX-kerfið, gera samræmingu milli markaðseftirlitsyfirvalda í Sambandinu mögulega. Þessum kerfum, ásamt skilfletinum sem gerir gagnaflutning mögulegan frá ICSMS-kerfi til RAPEX-kerfis, ætti að vera viðhaldið og þau þróuð frekar til að nýta möguleika þeirra til fulls og stuðla að auknu samstarfi og upplýsingaskiptum milli aðildarríkja og framkvæmda-stjórnarinnar.

([28]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtíð. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

57) Í því sambandi ætti að uppfæra ICSMS-kerfið og gera það aðgengilegt framkvæmdastjórninni, miðlægum tengiskrifstofum, tollyfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum í þeim tilgangi að safna upplýsingum sem varða framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins um vörur. Enn fremur ætti að þróa rafræna skilflötinn þannig að unnt sé að hafa skilvirk upplýsingaskipti milli landsbundinna tollkerfa og markaðseftirlitsyfirvalda. Að því er varðar beiðnir um gagnkvæma aðstoð ættu miðlægar tengiskrifstofur að veita allan nauðsynlegan stuðning fyrir samstarf milli viðeigandi yfirvalda. Því ætti ICSMS-kerfið að bjóða upp á aðgerðir sem gera kleift að veita miðlægum tengiskrifstofum sjálfvirkar ábendingar þegar frestir eru ekki virtir. Í tilvikum þar sem sérlög kveða nú þegar á um rafræn kerfi fyrir samstarf og gagnaskipti, eins og á við um t.d. Evrópska gagnabankann um lækningatæki, ætti þeim kerfum að vera haldið áfram í notkun.

58) Almennt ætti að nota ICSMS-kerfið til að skiptast á upplýsingum sem eru taldar gagnlegar fyrir önnur markaðseftirlitsyfirvöld. Þetta getur falið í sér athuganir sem gerðar eru í tengslum við verkefni á sviði markaðseftirlits og óháð niðurstöðum úr prófunum. Magnið af gögnum sem færa á inn í ICSMS-kerfið ætti að ætti að gæta jafnvægis milli þess að lagt sé á óhóflegt álag í þeim tilvikum þar sem fyrirhöfnin við að færa inn gögnin væri meiri en sú vinna sem felst í að framkvæma sjálfar athuganirnar og að vera nógu yfirgripsmikið til að stuðla að meiri skilvirkni og árangri af hálfu yfirvaldanna. Því ættu gögnin sem færð eru inn í ICSMS-kerfið einnig að ná yfir einfaldari athuganir frekar en einungis prófanir á rannsóknarstofu. Þó ætti ekki að vera nein þörf á að hafa með stuttar sjónrænar athuganir. Til viðmiðunar ættu athuganir sem eru sérstaklega skráðar einnig að vera færðar inn í ICSMS-kerfið.

59) Aðildarríki eru hvött til að nota ICSMS-kerfið fyrir samskipti milli tollyfirvalda og markaðseftirlitsyfirvalda í stað fyrir landsbundnu kerfin. Þetta ætti ekki að koma í staðinn fyrir áhættustýringarkerfi Bandalagsins (CRMS-kerfi) sem tollyfirvöld nota. Þessi tvö kerfi ættu að virka samhliða þar sem þau uppfylla mismunandi en jafnframt samfallandi hlutverk þar sem ICSMS-kerfið greiðir fyrir samskiptum milli tollyfirvalda og markaðseftirlitsyfirvalda til að unnt sé að hafa snurðulausa meðferð tollskýrslna innan gildisviðs rammans fyrir vöruöryggi og samræmi vara við kröfur á meðan CRMS-kerfið er ætlað fyrir almenna áhættustjórnun og eftirlit á sviði tollgæslu.

60) Áverkar af völdum vara sem eru í ósamræmi við kröfur eru mikilvægar upplýsingar fyrir markaðseftirlitsyfirvöld. Því ætti ICSMS-kerfið að bjóða upp á tengda gagnareiti þannig að markaðseftirlitsyfirvöld geti fært inn greiðlega tiltækar skýrslur sem veittar eru við rannsóknir þeirra og þannig greiða fyrir síðari tölfræðilegar úttektir.

61) Framkvæmdastjórnin ætti að geta skipst á upplýsingum um markaðseftirlit við eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum eða alþjóðastofnanir innan ramma þeirra samninga sem gerðir eru milli Sambandsins og þriðju landa eða alþjóðastofnana, með það fyrir augum að tryggja samræmi vara við kröfur áður en þær eru fluttar út til markaðs Sambandsins.

62) Framkvæmdastjórnin ætti að geta samþykkt sérstök kerfi til að annast eftirlit fyrir útflutning til að ná fram miklu samræmi við kröfur í gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins um vörur, samtímis því að tryggja skilvirka úthlutun fjárveitinga og kostnaðarhagkvæmt eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins. Vörur sem falla undir slík samþykkt kerfi geta, sem hluti af áhættumatinu sem framkvæmt er af yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, notið hærra trausts en sambærilegar vörur sem ekki hafa fallið undir eftirlit fyrir útflutning.

63) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja mat á þessa reglugerð í ljósi markmiðsins með henni og að teknu tilliti til nýrrar tæknilegrar þróunar, efnahagslegrar þróunar, viðskiptalegrar þróunar og lagalegrar þróunar. Samkvæmt ákvæðum 22. liðar í samstarfssamningnum milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ([29]) ætti matið, sem byggt er á skilvirkni, árangri, gildi, samræmi og virðisauka, að leggja grunninn að gerð áhrifamats á valkostum fyrir frekari aðgerðir, einkum að því er varðar gildissvið þessarar reglugerðar, beitingu og framfylgd ákvæðanna sem varða verkefni rekstraraðila sem setja vörur á markað og kerfið til vörutengds eftirlits.

64) Vernda ætti fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með hóflegum ráðstöfunum meðan á öllu útgjaldatímabilinu stendur, þ.m.t. með því að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, eftir því sem við á, með stjórnsýslulegum og fjárhagslegum viðurlögum.

([29]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

65) Fjölbreytni refsiaðgerða í Sambandinu er ein af helstu ástæðunum fyrir ófullnægjandi fælingarmætti og ójafnri verndun. Reglur um að koma á refsiaðgerðum, þ.m.t. peningasektum, falla undir landsbundna lögsögu og því ætti að ákvarða þær út frá landslögum.

66) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvaldið að því er varðar: að ákvarða samræmdu skilyrðin fyrir athuganir, viðmiðanir fyrir ákvörðun á tíðni athugana og fjölda sýna sem á að athuga í tengslum við tilteknar vörur eða vöruflokka ef sérstakar áhættur eða alvarleg brot gegn samhæfingarlöggjöf Sambandsins greinast stöðugt, tilgreina málsmeðferðina fyrir tilnefningu á prófunarstöðvum Sambandsins, mæla fyrir um viðmiðanir og aðferðir fyrir athuganir á grundvelli sameiginlegrar áhættugreiningar á vettvangi Sambandsins, tilgreina upplýsingarnar varðandi tölfræðileg gögn sem ná yfir eftirlit sem tilnefnd yfirvöld annast að því er varðar vörur sem falla undir lög Sambandsins, tilgreina upplýsingarnar um framkvæmdarfyrirkomulag á upplýsinga- og fjarskiptakerfinu og skilgreina þau gögn sem tollyfirvöld senda sem varða setningu vara í tollferlið „afgreiða í frjálst flæði“, ásamt því að samþykkja og afturkalla samþykki á tilteknum kerfum til vörutengds eftirlits fyrir útflutning. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([30]).

67) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að bæta starfsemi innri markaðarins með því að styrkja markaðseftirlit með vörum sem falla undir samhæfingarlöggjöf Sambandsins vegna þarfarinnar á mjög miklu samstarfi, samspili og samfelldum aðgerðum allra lögbærra yfirvalda í öllum aðildarríkjum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa þess, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

68) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og sem eru fyrir hendi í stjórnskipunarhefðum aðildarríkjanna. Til samræmis við það ætti að túlka og beita þessari reglugerð í samræmi við þessi réttindi og meginreglur, þ.m.t. þau sem tengjast frelsi og fjölhyggju fjölmiðlanna. Í þessari reglugerð er einkum leitast við að tryggja að neytendavernd, frelsi til atvinnurekstrar, tjáningarfrelsi og upplýsingafrelsi, eignaréttur og vernd persónuupplýsinga séu virt að fullu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

**ALMENN ÁKVÆÐI**

*1. gr.*

**Efni**

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að bæta starfsemi innri markaðarins með því að styrkja markaðseftirlit með vörum sem falla undir samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem um getur í 2. gr. í því skyni að tryggja að einungis þær vörur séu gerðar aðgengilegar á markaði Sambandsins sem uppfylla kröfur sem veita almannahagsmunum öfluga vernd, svo sem heilbrigði og öryggi almennt, heilbrigði og öryggi á vinnustað, neytendavernd, umhverfisvernd og verndun almannaöryggis og allra annarra almannahagsmuna sem sú löggjöf verndar.

2. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur og verklagsreglur fyrir rekstraraðila varðandi vörur sem falla undir tiltekna samhæfingarlöggjöf Sambandsins og komið á fót ramma um samstarf við rekstraraðila.

3. Í þessari reglugerð er einnig kveðið á um ramma vegna eftirlits með vörum sem koma inn á markað Sambandsins.

([30]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

*2. gr.*

**Gildissvið**

1. Þessi reglugerð gildir um vörur sem falla undir samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem um getur í I. viðauka („samhæfingarlöggjöf Sambandsins“) að því marki sem ekki er um að ræða nein sértæk ákvæði með sömu markmið í þeirri löggjöf um að stýra tilteknum þáttum markaðseftirlits og framfylgdar með ákveðnari hætti.

2. Ákvæði 25. til 28. gr. gilda um vörur sem falla undir lög Sambandsins að því marki sem ekki er um að ræða nein sértæk ákvæði í lögum Sambandsins um skipulagningu á eftirliti með vörum sem koma inn á markað Sambandsins.

3. Beiting þessarar reglugerðar skal ekki koma í veg fyrir að markaðseftirlitsyfirvöld grípi til sértækari ráðstafana eins og kveðið er á um í tilskipun 2001/95/EB.

4. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á 12. til 15. gr. tilskipunar 2000/31/EB.

*3. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „að bjóða fram á markaði“ öll afhending á vöru til dreifingar, neyslu eða til notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

2) „setning á markað“: það að vara er boðin fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,

3) „markaðseftirlit“: sú starfsemi sem markaðseftirlitsyfirvöld annast og þær ráðstafanir sem þau gera til að tryggja að vörur uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins til að tryggja verndun þeirra almannahagsmuna sem falla undir þá löggjöf.

4) „markaðseftirlitsyfirvald“: yfirvald sem aðildarríki tilnefnir skv. 10. gr. sem ábyrgt fyrir markaðseftirliti á yfirráðasvæði þess aðildarríkis,

5) „yfirvald sem leggur fram beiðni“: markaðseftirlitsyfirvald sem leggur fram beiðni um gagnkvæma aðstoð,

6) „yfirvald sem beiðni er beint til“: markaðseftirlitsyfirvald sem tekur við beiðni um gagnkvæma aðstoð,

7) „ósamræmi við kröfur“: hvers konar ósamræmi við kröfur samkvæmt samhæfingarlöggjöf Sambandsins eða samkvæmt þessari reglugerð,

8) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir vöru eða lætur hanna eða framleiða vöru og markaðssetur vöruna undir sínu nafni eða vörumerki,

9) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Sambandsins sem setur vöru frá þriðja landi á markað Sambandsins,

10) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður vöru fram á markaði,

11) „veitandi dreifingarþjónustu“: einstaklingur eða lögaðili sem með viðskiptastarfsemi býður upp á minnst tvær af eftirfarandi þjónustum: geymslu, pakkningu, skráningu póstfangs og sendingu án þess að hafa eignarhald á viðkomandi vörum, að undanskildum póstþjónustum eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB ([31]), bögglaútburðarþjónustum eins og þær eru skilgreindar í 2. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 ([32]) og öllum öðrum póstþjónustum eða vöruflutningaþjónustum.

([31]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar Bandalagsins á sviði póstþjónustu og umbætur á þeirri þjónustu (Stjtíð. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14).

([32]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 frá 18. apríl 2018 um bögglaútburðarþjónustu yfir landamæri (Stjtíð. ESB L 112, 2.5.2018, bls. 19).

12) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðanda til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni með tilliti til skuldbindinga framleiðandans samkvæmt viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins eða samkvæmt kröfum þessarar reglugerðar,

13) „rekstraraðili“: framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi, dreifingaraðili, veitandi dreifingarþjónustu eða annar einstaklingur eða lögaðili sem fellur undir skuldbindingar í tengslum við að framleiða vörur, bjóða þær fram á markaði eða að taka þær í notkun í samræmi við gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins,

14) „þjónustuveitandi í upplýsingasamfélaginu“: veitandi þjónustu eins og hún er skilgreind í b-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 ([33]),

15) „netskilflötur“: hvers kyns hugbúnaður, þ.m.t. vefsetur, hluti af vefsetri eða smáforriti, sem starfræktur er af rekstraraðila eða fyrir hönd hans, og sem þjónar þeim tilgangi að gefa endanlegum notanda aðgang að vörum rekstraraðilans,

16) „aðgerð til úrbóta“: sérhver aðgerð sem rekstraraðili grípur til, að kröfu markaðseftirlitsyfirvalds eða að eigin frumkvæði rekstraraðilans, í því skyni að binda enda á ósamræmi við kröfur,

17) „valfrjáls ráðstöfun“: aðgerð til úrbóta sem er ekki að kröfu markaðseftirlitsyfirvalds,

18) „áhætta“: samsetning líknanna á að hætta valdi skaða og alvarleika þess skaða,

19) „vara sem felur í sér áhættu“: vara sem mögulega getur haft neikvæð áhrif á heilbrigði og öryggi einstaklinga almennt, heilsu og öryggi á vinnustað, neytendavernd, umhverfisvernd, verndun almannaöryggis og annarra almannahagsmuna sem gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins verndar, að því marki sem er umfram það sem telst eðlilegt og viðunandi í tengslum við ætlaðan tilgang viðkomandi vöru eða við venjuleg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði hennar, þ.m.t. notkunartíma, og, eftir atvikum, í tengslum við kröfur varðandi að taka vöruna í notkun, uppsetningu og viðhald hennar,

20) „vara sem felur í sér alvarlega áhættu“: vara sem felur í sér áhættu, byggt á áhættumati og að teknu tilliti til venjulegrar og fyrirsjáanlegrar notkunar á vörunni, þar sem litið er á að samsetning líknanna á að hætta valdi skaða og alvarleika þess skaða skapi þá kröfu að markaðseftirlitsyfirvöld grípi til skjótra íhlutunaraðgerða, þ.m.t. í tilvikum þar sem áhrif áhættunnar koma ekki strax fram,

21) „endanlegur notandi“: einstaklingur eða lögaðili, búsettur eða með staðfestu í Sambandinu, þar sem vara hefur verið gerð aðgengileg honum, annaðhvort sem neytandi utan atvinnugreinar, fyrirtækis, iðn- eða sérgreinar eða sem faglegur endanlegur notandi við iðnaðar- eða atvinnustarfsemi sína,

22) „innköllun“: hver sú ráðstöfun sem miðar að því að vara, sem hefur þegar verið boðin endanlegum notenda, sé skilað til baka,

23) „vara tekin af markaði“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að vara í aðfangakeðjunni sé boðin fram á markaði,

24) „tollyfirvöld“: yfirvöldin eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013,

25) „afgreiða í frjálst flæði“: tollferlið sem mælt er fyrir um í 201. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013,

26) „vörur sem koma inn á markað Sambandsins“: vörur frá þriðju löndum sem fyrirhugað er að séu settar á markað í Sambandinu eða að séu til einkanota eða neyslu innan tollsvæðis Sambandsins og eru settar í tollferlið „afgreiða í frjálst flæði“.

([33]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 frá 9. september 2015 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1).

II. KAFLI

**VERKEFNI REKSTRARAÐILA**

*4. gr.*

**Verkefni rekstraraðila varðandi vörur sem falla undir tiltekna samhæfingarlöggjöf Sambandsins**

1. Þrátt fyrir allar skuldbindingar sem settar eru fram í gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins getur vara sem fellur undir löggjöf sem um getur í 5. mgr. einungis verið sett á markað ef til staðar er rekstraraðili með staðfestu í Sambandinu sem ber ábyrgð á þeim verkefnum sem sett eru fram í 3. mgr. að því er varðar þá vöru.

2. Að því er varðar þessa reglugerð merkir rekstraraðilinn sem um getur í 1. mgr. eitthvað af eftirfarandi:

a) framleiðanda sem hefur staðfestu í Sambandinu,

b) innflytjanda ef framleiðandinn hefur ekki staðfestu í Sambandinu,

c) viðurkenndan fulltrúa sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum sem tilnefnir viðurkennda fulltrúann til að framkvæma þau verkefni sem sett eru fram í 3. mgr. fyrir hönd framleiðandans,

d) veitanda dreifingarþjónustu með staðfestu í Sambandinu að því er varðar þær vörur sem veitandinn meðhöndlar, ef enginn annar rekstraraðili sem tilgreindur er í a-, b- og c-lið hefur staðfestu í Sambandinu.

3. Með fyrirvara um allar skuldbindingar sem rekstraraðilar falla undir í gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins skal rekstraraðilinn sem um getur í 1. mgr. framkvæma eftirfarandi verkefni:

a) ef samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem gildir um vöruna kveður á um ESB-samræmisyfirlýsingu eða yfirlýsingu um nothæfi og tæknigögn, sannreyna að ESB-samræmisyfirlýsingin eða yfirlýsingin um nothæfi og tæknigögnin hafi verið útbúin, hafa samræmisyfirlýsinguna eða yfirlýsinguna um nothæfi tiltæka handa markaðseftirlitsyfirvöldum á því tímabili sem krafist er í þeirri löggjöf ásamt því að tryggja að þessi yfirvöld geti haft aðgang að tæknigögnunum, sé þess óskað,

b) á grundvelli rökstuddrar beiðni frá markaðseftirlitsyfirvaldi, afhenda þessu yfirvaldi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi vöru, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu,

c) ef ástæða er til að ætla að viðkomandi vara feli í sér áhættu, tilkynna markaðseftirlitsyfirvöldum um það,

d) eiga samstarf við markaðseftirlitsyfirvöld, þ.m.t. eftir rökstudda beiðni, og ganga úr skugga um að tafarlaust sé gripið til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að ráða bót á tilvikum af ósamræmi við kröfurnar sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem gildir um viðkomandi vöru eða, ef slíkt er ekki hægt, að draga úr þeirri áhættu sem felst í þeirri vöru, að kröfu markaðseftirlitsyfirvalda eða að eigin frumkvæði ef rekstraraðilinn sem um getur í 1. mgr. telur eða hefur ástæðu til að ætla að viðkomandi vara feli í sér áhættu.

4. Á vörunni eða pakkningu vörunnar, umbúðum eða fylgiskjali hennar skal tilgreina heiti, skráð viðskiptaheiti eða vörumerki og samskiptaupplýsingar, þ.m.t. póstfang, þeirra rekstraraðila sem um getur í 1. mgr., með fyrirvara um skuldbindingar rekstraraðila samkvæmt gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

5. Þessi grein gildir einungis í tengslum við vörur sem falla undir reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 ([34]), (ESB) 2016/425 ([35]) og (ESB) 2016/426 ([36]), og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2000/14/EC ([37]), 2006/42/EB ([38]), 2009/48/EB ([39]), 2009/125/EB ([40]), 2011/65/ESB ([41]), 2013/29/ESB ([42]), 2013/53/ESB ([43]), 2014/29/ESB ([44]), 2014/30/ESB ([45]), 2014/31/ESB ([46]), 2014/32/ESB ([47]), 2014/34/ESB ([48]), 2014/35/ESB ([49]), 2014/53/ESB ([50]) og 2014/68/ESB ([51]).

*5. gr.*

**Viðurkenndur fulltrúi**

1. Að því er varðar c-lið 2. mgr. 4. gr. skal framleiðandi veita viðurkenndum fulltrúa umboð til að sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í 3. mgr. 4. gr. þrátt fyrir öll önnur verkefni sem eru skyldubundin samkvæmt viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

2. Viðurkenndur fulltrúi skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu. Að fenginni beiðni skal hann láta markaðseftirlitsyfirvöldum í té afrit af umboðinu á tungumáli Sambandsins sem markaðseftirlitsyfirvöldin ákvarða.

3. Viðurkenndir fulltrúar skulu hafa viðeigandi úrræði til að geta sinnt verkefnum sínum.

*6. gr.*

**Fjarsala**

Vörur sem eru boðnar til sölu á netinu eða gegnum aðrar leiðir fyrir fjarsölu skulu teljast hafa verið boðnar fram á markaði ef söluboðið beinist að endanlegum notendum í Sambandinu. Litið er á að söluboð beinist að endanlegum notendum í Sambandinu ef viðkomandi rekstraraðili beinir starfsemi sinni með einhverjum hætti að aðildarríki.

([34]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5).
([35]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 frá 9. mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/686/EBE (Stjtíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 51).
([36]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/426 frá 9. mars 2016 um tæki sem brenna loftkenndu eldsneyti og niðurfellingu á tilskipun 2009/142/EB (Stjtíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 99).
([37]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/14/EB frá 8. maí 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða hávaðamengun í umhverfinu af völdum búnaðar til nota utanhúss (Stjtíð. EB L 162, 3.7.2000, bls. 1).
([38]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24).
([39]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga (Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1).
([40]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur (Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).
([41]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88).
([42]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/29/ESB frá 12. júní 2013 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða flugeldavörur fram á markaði (Stjtíð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 27).
([43]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/53/ESB frá 20. nóvember 2013 um skemmtibáta og einmenningsför á sjó og um niðurfellingu á tilskipun 94/25/EB (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 90).
([44]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/29/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða einföld þrýstihylki fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 45).
([45]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79).
([46]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/31/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða ósjálfvirkan vogarbúnað fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 107).
([47]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 149).
([48]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og verndarkerfi sem eru ætluð til notkunar í hugsanlega sprengifimu lofti (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 309).
([49]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða raföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).
([50]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62).
([51]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/68/ESB frá 15. maí 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði (Stjtíð. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 164).

*7. gr.*

**Skuldbinding um samstarf**

1. Rekstraraðilar skulu starfa saman með markaðseftirlitsyfirvöldum varðandi aðgerðir sem gætu útrýmt eða dregið úr áhættum sem stafa af vörum sem þeir rekstraraðilar bjóða fram á markaði.

2. Þjónustuveitendur í upplýsingasamfélaginu skulu starfa saman með markaðseftirlitsyfirvöldum, að beiðni þeirra yfirvalda og í sérstökum tilvikum, til að auðvelda allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að útrýma eða, ef slíkt er ekki hægt, draga úr áhættum sem stafa af vörum sem eru eða voru áður boðnar fram til sölu á netinu með þjónustu þeirra.

III. KAFLI

**AÐSTOÐ OG SAMSTARF VIÐ REKSTRARAÐILA**

*8. gr.*

**Upplýsingar til rekstraraðila**

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja, í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1724, að þjónustuveitan Þín Evrópa veiti notendum greiðan aðgang að upplýsingum á netinu um kröfur varðandi vörur og réttindi, skuldbindingar og reglur sem leiða af samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

2. Aðildarríki skulu koma á verklagsreglum um að veita rekstraraðilum, að beiðni þeirra og án endurgjalds, upplýsingar sem varða landsbundna lögleiðingu og framkvæmd á samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem gildir um vörur. Í þessum tilgangi gilda ákvæði 1., 4., og 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/515.

*9. gr.*

**Sameiginleg starfsemi til að stuðla að samræmi við kröfur**

1. Markaðseftirlitsyfirvöld geta gert samkomulag við önnur viðkomandi yfirvöld eða stofnanir sem koma fram fyrir hönd rekstraraðila eða endanlegra notenda um að annast sameiginlega starfsemi sem hefur það að markmiði að stuðla að samræmi við kröfur, greina ósamræmi við kröfur, auka vitund og veita leiðbeiningar varðandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins að því er varðar tiltekna vöruflokka, þá einkum vöruflokka sem vitað er að feli oft í sér alvarlega áhættu, þ.m.t. vörur sem boðnar eru til sölu á netinu.

2. Þau markaðseftirlitsyfirvöld sem um er að ræða og þeir aðilar sem um getur í 1. mgr. skulu tryggja að samningurinn um sameiginlega starfsemi leiði ekki til ósanngjarnar samkeppni milli rekstraraðila og hafi ekki áhrif á hlutlægni, óhæði og óhlutdrægni aðilanna.

3. Markaðseftirlitsyfirvald getur notað allar upplýsingar sem koma frá sameiginlegri starfsemi sem það annast og er hluti af hvers konar rannsóknum á ósamræmi við kröfur.

4. Markaðseftirlitsyfirvaldið sem um er að ræða skal gera samninginn um sameiginlega starfsemi, þ.m.t. heiti aðilanna sem hlut eiga að máli, aðgengilegan almenningi og skal færa þann samning inn í upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr. Að beiðni aðildarríkis skal Samstarfsnetið, sem komið er á fót skv. 29. gr., aðstoða við gerð samnings um sameiginlega starfsemi.

IV. KAFLI

**SKIPULAGNING, STARFSEMI OG SKULDBINDINGAR MARKAÐSEFTIRLITSYFIRVALDA OG MIÐLÆGRA TENGISKRIFSTOFA**

*10. gr.*

**Tilnefning markaðseftirlitsyfirvalda og miðlægra tengiskrifstofa**

1. Aðildarríkin skulu skipuleggja og annast markaðseftirlit eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.

2. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar skal hvert aðildarríki tilnefna eitt eða fleiri markaðseftirlitsyfirvöld á sínu yfirráðasvæði. Hvert aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um markaðseftirlitsyfirvöld sín og valdsvið sérhverra þessara yfirvalda með því að nota upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr.

3. Hvert aðildarríki skal tilnefna eina miðlæga tengiskrifstofu.

4. Miðlæga tengiskrifstofan skal að minnsta kosti bera ábyrgð á að vera í forsvari fyrir samræmda afstöðu markaðseftirlitsyfirvalda og þeirra yfirvalda sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. og að miðla landsbundnu stefnuáætlununum sem settar eru fram í 13. gr. Miðlæga tengiskrifstofan skal einnig aðstoða við samstarfið milli markaðseftirlitsyfirvalda í mismunandi aðildarríkjum, eins og sett er fram í VI. kafla.

5. Til að framkvæma markaðseftirlit með vörum sem boðnar eru fram á netinu og utan þess sem er jafn áhrifaríkt á öllum dreifileiðum skulu aðildarríki tryggja að þeirra markaðseftirlitsyfirvöld og miðlægar tengiskrifstofur hafi nauðsynleg úrræði, þ.m.t. nægt fjármagn og annars konar úrræði, s.s. nægan fjölda af hæfu starfsfólki, sérfræðiþekkingu, verklagsreglur og annað fyrirkomulag til að sinna hlutverkum sínum á tilhlýðilegan hátt.

6. Ef um er að ræða fleiri en eitt markaðseftirlitsyfirvald á yfirráðasvæði aðildarríkja skulu þau sjá til þess að verkaskipting þeirra sé greinilega skilgreind og viðeigandi samskipta- og samræmingaraðferðum sé komið á fót til að gera þeim yfirvöldum kleift að vinna saman svo að þau geti leyst skyldur sínar af hendi með skilvirkum hætti.

*11. gr.*

**Starfsemi markaðseftirlitsyfirvalda**

1. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu annast starfsemi sína til að tryggja eftirfarandi:

a) áhrifaríkt markaðseftirlit á yfirráðasvæði þeirra með vörum sem boðnar eru fram á netinu og utan þess, að því er varðar vörur sem falla undir samhæfingarlöggjöf Sambandsins,

b) að rekstraraðilar grípi til viðeigandi og hóflegra aðgerða til úrbóta í tengslum við samræmi við kröfur þeirrar löggjafar og þessarar reglugerðar,

c) að gerðar séu viðeigandi og hóflegar ráðstafanir ef rekstraraðili lætur hjá líða að grípa til aðgerða til úrbóta.

2. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu beita valdheimildum sínum og framkvæma skyldur sínar á óháðan, óvilhallan hátt og án hlutdrægni.

3. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu, sem hluta af þeirri starfsemi sinni sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar, framkvæma viðeigandi athuganir á eiginleikum vara með fullnægjandi umfangi með því að nota skjalaskoðun og, eftir því sem við á, efnislegar athuganir og athuganir á rannsóknarstofu á grundvelli fullnægjandi sýnishorna og forgangsraða úrræðum sínum og aðgerðum til að tryggja skilvirkt markaðseftirlit ásamt því að taka tillit til landsbundnu stefnuáætlunarinnar um markaðseftirlit sem um getur í 13. gr.

Þegar ákveðið er hvaða athuganir eigi að framkvæma á hvaða vörutegundum og að hvaða umfangi skulu markaðseftirlitsyfirvöld fylgja áhættumiðaðri nálgun þar sem tekið er tillit til eftirfarandi þátta:

a) mögulegra hætta og ósamræmis við kröfur sem tengist vörunum og, ef slíkt liggur fyrir, tilvik þess á markaðnum,

b) starfsemi og aðgerða undir stjórn rekstraraðila,

c) ferils rekstraraðila að því er varðar ósamræmi við kröfur,

d) áhættusniðs sem þau yfirvöld gera sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr., ef við á,

e) kvartana neytenda og annarra upplýsinga sem fengnar eru frá öðrum yfirvöldum, rekstraraðilum, miðlum og öðrum heimildum sem gætu bent til ósamræmis við kröfur.

4. Að höfðu samráði við Samstarfsnetið getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir til að ákvarða samræmd skilyrði við athuganir, viðmiðanir fyrir ákvörðun á tíðni athugana og fjölda sýna sem á að athuga í tengslum við tilteknar vörur eða vöruflokka ef sértækar áhættur eða alvarleg brot gegn samhæfingarlöggjöf Sambandsins greinast stöðugt, í því skyni að tryggja mikla verndun heilbrigðis og öryggis eða aðra hagsmuni almennings sem sú löggjöf verndar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 43. gr.

5. Ef rekstraraðilar leggja fram prófunarskýrslur eða vottorð, sem samræmismatsstofa gefur út sem er faggilt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008, sem staðfesta að vörur þeirra uppfylla tilskilin ákvæði í samhæfingarlöggjöf Sambandsins, skulu markaðseftirlitsyfirvöld taka tilhlýðilegt tillit til þeirra skýrslna eða vottorða.

6. Sönnunargögn sem markaðseftirlitsyfirvöld nota í einu aðildarríki er heimilt að nota sem hluta af rannsóknum til að sannreyna samræmi vara við kröfur sem markaðseftirlitsyfirvöld framkvæma í öðru aðildarríki án nokkurra frekari formlegra krafna.

7. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu koma á fót eftirfarandi verklagsreglum í tengslum við vörur sem falla undir samhæfingarlöggjöf Sambandsins:

a) verklagsreglur um að fylgja á eftir kvörtunum eða skýrslum um mál sem varða áhættu eða ósamræmi við kröfur,

b) verklagsreglur um að sannreyna að gripið hafi verið til þeirra aðgerða til úrbóta sem rekstraraðila ber að grípa til.

8. Í því skyni að tryggja samskipti og samræmi með mótaðilum þeirra í öðrum aðildarríkjum skulu markaðseftirlitsyfirvöld taka virkan þátt í samstarfshópum á sviði stjórnsýslu (ADCO) eins og um getur í 2. mgr. 30. gr.

9. Vörur sem litið er á að séu í ósamræmi við kröfur á grundvelli ákvörðunar markaðseftirlitsyfirvalds í einu aðildarríki skulu teljast vera í ósamræmi við kröfur samkvæmt markaðseftirlitsyfirvöldum í öðrum aðildarríkjum, nema að viðeigandi markaðseftirlitsyfirvald í öðru aðildarríki komist að andstæðri niðurstöðu á grundvelli eigin rannsóknar, að teknu tilliti til upplýsinga sem rekstraraðili leggur fram, ef einhverjar eru, með fyrirvara um hvers konar verndarráðstafanameðferð Sambandsins samkvæmt gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

*12. gr.*

**Jafningjarýni**

1. Skipuleggja skal jafningjarýni fyrir markaðseftirlitsyfirvöld sem vilja taka þátt í slíkri rýni til að styrkja samkvæmni í starfsemi á sviði markaðseftirlits sem tengist beitingu þessarar reglugerðar.

2. Samstarfsnetið skal þróa aðferðafræði og breytilega áætlun fyrir jafningarýni milli markaðseftirlitsyfirvalda sem taka þátt. Þegar aðferðafræði og breytilegri áætlun er komið á fót ætti Samstarfsnetið a.m.k. að taka tillit til fjölda og stærðar markaðseftirlitsyfirvalda í aðildarríkjunum, fjölda tiltæks starfsfólks og annarra úrræða, ásamt öðrum viðeigandi viðmiðunum við framkvæmd jafningjarýni.

3. Jafningjarýni skal ná yfir bestu starfsvenjur sem markaðseftirlitsyfirvöld þróa og sem geta verið gagnlegar fyrir önnur markaðseftirlitsyfirvöld, ásamt aðra viðeigandi þætti varðandi árangur á starfsemi á sviði markaðseftirlits.

4. Tilkynna skal niðurstöðuna úr jafningjarýninni til Samstarfsnetsins.

*13. gr.*

**Landsbundnar stefnuáætlanir um markaðseftirlit**

1. Hvert aðildarríki skal gera alhliða landsbundna stefnuáætlun um markaðseftirlit á minnst fjögurra ára fresti. Hvert aðildarríki skal gera fyrstu slíku stefnuáætlunina eigi síðar en 16. júlí 2022. Landsbundin stefnuáætlun skal stuðla að samræmdri, heildstæðri og samþættri stefnu við markaðseftirlit og við framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins á yfirráðasvæði aðildarríkisins. Þegar landsbundin stefnuáætlun um markaðseftirlit er gerð skal taka til athugunar öll svið sem falla undir samhæfingarlöggjöf Sambandsins og öll stig í vöruaðfangakeðjunni, þ.m.t. innflutning og stafrænar aðfangakeðjur. Forgangsatriðin sem sett eru fram í vinnuáætlun Samstarfsnetsins má einnig taka til athugunar.

2. Landsbundna stefnuáætlunin um markaðseftirlit skal fela í sér að minnsta kosti eftirfarandi þætti þegar þeir hafa ekki neikvæð áhrif á starfsemi á sviði markaðseftirlits:

a) fyrirliggjandi upplýsingar um vörur sem eru í ósamræmi við kröfur, einkum þar sem tekið er tillit til skoðana og eftirlits sem um getur í 3. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 25. gr. og, eftir því sem við á, markaðsþróun sem getur haft áhrif á tíðnina á ósamræmi við kröfur í vöruflokkum og mögulegar hættur og áhættur sem felast í nýtilkominni tækni,

b) þau svið sem aðildarríkin hafa tilgreint að hafi forgang þegar kemur að framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins,

c) áætlaða framfylgdarstarfsemi til að draga úr ósamræmi við kröfur á þeim sviðum sem tilgreint er að hafi forgang, þ.m.t. lágmarkseftirlit sem reiknað er með fyrir vöruflokka þar sem talsvert er um ósamræmi við kröfur,

d) mat á samstarfinu við markaðseftirlitsyfirvöld í öðrum aðildarríkjum eins og um getur í 8. mgr. 11. gr. og í VI. kafla.

3. Aðildarríki skulu miðla landsbundnu stefnuáætlunum sínum um markaðseftirlit til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna gegnum upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr. Hvert aðildarríki skal birta samantekt á stefnuáætlun sinni.

V. KAFLI

**VALDHEIMILDIR OG RÁÐSTAFANIR VIÐ MARKAÐSEFTIRLIT**

*14. gr.*

**Valdheimildir markaðseftirlitsyfirvalda**

1. Aðildarríki skulu veita markaðseftirlitsyfirvöldum sínum valdheimildir til markaðseftirlits, rannsóknar og framfylgdar sem þörf er á til að beita þessari reglugerð og til að beita samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

2. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu beita þeim valdheimildum sem settar eru fram í þessari grein á skilvirkan og árangursríkan hátt í samræmi við meðalhófsregluna, að því marki sem slík beiting tengist viðfangsefni og tilgangi ráðstafananna og eðli þess raunverulega eða hugsanlega heildarskaða sem hlýst af tilviki þar sem ósamræmi er við kröfur. Valdheimildir skulu veittar og þeim beitt í samræmi við lög Sambandsins og landslög, þ.m.t. meginreglur sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, ásamt meginreglum landslaga sem varða tjáningarfrelsi og frelsi og fjölhyggju fjölmiðlanna með gildandi réttarfarsreglum sem og reglum Sambandsins um gagnavernd, þá einkum reglugerð (ESB) 2016/679.

3. Þegar aðildarríki veita valdheimildir skv. 1. mgr. er þeim heimilt að kveða á um að beiting valdheimildanna fari fram á einhvern eftirfarandi hátt, eins og við á:

a) beint af hálfu markaðseftirlitsyfirvalda samkvæmt eigin heimildum þeirra,

b) með því að skjóta þeim til annarra opinberra yfirvalda í samræmi við skiptingu valds og skipulag stofnana og stjórnskipulag í viðkomandi aðildarríki,

c) með því að vísa máli til dómstóla sem eru þar til bærir að taka nauðsynlega ákvörðun um að samþykkja beitingu þeirra valdheimilda, þ.m.t. með málskoti ef þörf krefur, ef ekki er orðið við beiðni um að taka þessa nauðsynlegu ákvörðun.

4. Valdheimildirnar sem veittar eru markaðseftirlitsyfirvöldum skv. 1. mgr. skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) valdheimild til að krefjast þess að rekstraraðilar leggi fram viðeigandi skjöl, tækniforskriftir, gögn eða upplýsingar um samræmi við kröfur ásamt tæknilegum atriðum vörunnar, þ.m.t. aðgang að ívafshugbúnaði svo fremi að sá aðgangur sé nauðsynlegur í þeim tilgangi að meta samræmi vörunnar við kröfur í gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins, á hvaða formi sem er og án tillits til geymslumiðils þeirra eða staðarins þar sem slík skjöl, tækniforskriftir, gögn eða upplýsingar eru geymdar, og til að taka eða fá afrit af öllu þessu,

b) valdheimild til að krefjast þess að rekstraraðilar leggi fram viðeigandi upplýsingar um birgðakeðjuna, nánari upplýsingar um dreifingarnetið, fjölda af vörum á markaði og aðrar undirtegundir af vörum sem hafa sömu tæknilegu eiginleika og viðkomandi vara, þar sem við á um samræmi við gildandi kröfur samkvæmt samhæfingarlöggjöf Sambandsins,

c) valdheimild til að krefjast þess að rekstraraðilar leggi fram viðeigandi upplýsingar sem krafist er í þeim tilgangi að ganga úr skugga um eignarhald vefsetra, ef upplýsingarnar sem um er að ræða tengjast viðfangsefni rannsóknarinnar,

d) valdheimild til að framkvæma fyrirvaralausar vettvangsskoðanir og efnislegar athuganir á vörum,

e) valdheimild til að fara inn á öll athafnasvæði, lóðir eða inn í flutningatæki sem viðkomandi rekstraraðili notar í tengslum við atvinnugrein sína, fyrirtæki, iðn eða sérgrein, í því skyni að greina ósamræmi við kröfur og afla sönnunargagna,

f) valdheimild til að hefja rannsóknir að eigin frumkvæði markaðseftirlitsyfirvalda til að greina ósamræmi við kröfur og binda enda á slík tilvik,

g) valdheimild til að krefjast þess að rekstraraðilar grípi til viðeigandi aðgerða til að binda enda á tilvik af ósamræmi við kröfur eða útrýma áhættu,

h) valdheimild til að gera viðeigandi ráðstafanir ef rekstraraðili hefur látið hjá líða að grípa til viðeigandi aðgerða til úrbóta eða ef tilvik af ósamræmi við kröfur eða áhætta er enn til staðar, þ.m.t. valdheimild til að banna eða takmarka það að bjóða vöru fram á markaði eða til að fyrirskipa að varan sé afturkölluð eða tekin af markaði,

i) valdheimild til að leggja á viðurlög í samræmi við 41. gr.,

j) valdheimild til að afla sýna af vörum, þ.m.t. undir fölsku nafni, til að rannsaka þau sýni og vendismíða þau til að greina ósamræmi við kröfur og afla sönnunargagna,

k) ef engin önnur skilvirk leið er tiltæk til að útrýma alvarlegri áhættu, valdheimild:

   i) til að krefjast þess að efni sé fjarlægt ef það vísar til tengdu varanna á netskilfleti eða krefjast þess að birt sé skýr viðvörun til endanlegra notenda þegar þeir fara inn á netskilflöt eða

   ii) ef beiðni samkvæmt i-lið hefur ekki verið fylgt, til að krefjast þess að þjónustuveitendur í upplýsingasamfélaginu takmarki aðgang að netskilfleti, þ.m.t. með því að óska eftir því að viðkomandi þriðji aðili framkvæmi slíkar ráðstafanir.

5. Markaðseftirlitsyfirvöld geta notað allar upplýsingar, skjöl, niðurstöður, yfirlýsingar eða aðra vitneskju sem sönnunargögn að því er varðar rannsóknir þeirra, án tillits til geymsluforms og geymslumiðils þeirra.

*15. gr.*

**Endurheimt kostnaðar af hálfu markaðseftirlitsyfirvalda**

1. Aðildarríki geta heimilað markaðseftirlitsyfirvöldum sínum að endurheimta af viðkomandi rekstraraðila allan kostnaðinn sem þau stofna til af starfsemi sinni, að því er varðar tilvik af ósamræmi við kröfur.

2. Í kostnaðinum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar getur falist kostnaður við framkvæmd prófunar, kostnaður við framkvæmd mælinga í samræmi við 1. og 2. mgr. 28. gr., kostnaður við geymslu og kostnaður við starfsemi sem varðar vörur sem reynast vera í ósamræmi við kröfur og sem falla undir aðgerðir til úrbóta áður en þær eru afgreiddar í frjálst flæði eða á undan því að þær eru settar á markað.

*16. gr.*

**Ráðstafanir vegna markaðseftirlits**

1. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu gera viðeigandi ráðstafanir ef vara sem fellur undir samhæfingarlöggjöf Sambandsins og er notuð í samræmi við fyrirhugaða notkun hennar eða við sæmilega fyrirsjáanleg skilyrði og er sett upp og viðhaldið með réttum hætti:

a) er líkleg til að stefna heilbrigði eða öryggi notenda í hættu eða

b) er ekki í samræmi við samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvöld komast að niðurstöðum sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. skulu þau tafarlaust krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til viðeigandi og hóflegra aðgerða til úrbóta til að binda enda á ósamræmi við kröfur eða til að útrýma áhættu innan þess tímabils sem þau tilgreina.

3. Að því er varðar 2. mgr., getur sú aðgerð til úrbóta sem krafist er að rekstraraðili grípi til m.a. falið í sér:

a) að varan sé aðlöguð til að hún sé í samræmi við kröfur, þ.m.t. með því að leiðrétta formleg tilvik af ósamræmi við kröfur eins og skilgreint er í gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins eða með því að tryggja að varan feli ekki lengur í sér áhættu,

b) að komið sé í veg fyrir að varan sé boðin fram á markaði,

c) að varan sé tafarlaust afturkölluð eða tekin af markaði og að almenningi sé gert viðvart um áhættuna sem stafar af henni,

d) að varan sé eyðilögð eða gerð óvirk á annan hátt,

e) að sett sé á vöruna hæfileg, skýr og auðskiljanleg viðvörun um áhættuna sem mögulega felst í vörunni, á tungumáli eða tungumálum sem ákvörðuð eru af aðildarríkinu þar sem varan er boðin fram á markaði,

f) að sett séu fyrirfram skilyrði fyrir því að viðkomandi vara sé boðin fram á markaði,

g) að endanlegum notendum sé tafarlaust gert viðvart um áhættu og það á viðeigandi formi, þ.m.t. með því að gefa út sérstakar viðvaranir á tungumáli eða tungumálum sem ákvörðuð eru af aðildarríkinu þar sem varan er boðin fram á markaði.

4. Einungis er hægt að krefjast þess að gripið sé til ráðstafana til úrbóta sem um getur í e-, f-, og g-lið 3. mgr. í tilvikum þar sem er líklegt að varan feli í sér áhættu við einungis tiltekin skilyrði eða einungis gagnvart tilteknum endanlegum notendum.

5. Ef rekstraraðilinn lætur hjá líða að grípa til aðgerða til úrbóta sem um getur í 3. mgr. eða ef ósamræmi eða áhætta sem um getur í 1. mgr. er enn til staðar, skulu markaðseftirlitsyfirvöld tryggja að varan sé afturkölluð eða tekin af markaði eða það að hún sé boðin fram á markaði sé bannað eða takmarkað og að almenningur, framkvæmdastjórnin og hin aðildarríkin séu upplýst til samræmis við það.

6. Upplýsingunum til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna skv. 5. mgr. þessarar greinar skal miðlað gegnum upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr. Líta skal á að þessi miðlun upplýsinga uppfylli tilkynningarskyldur fyrir viðeigandi verndarráðstafanameðferðir í samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

7. Ef litið er á að landsráðstöfun sé réttlætanleg í samræmi við viðeigandi verndarráðstafanameðferð eða ef ekkert markaðseftirlitsyfirvald í öðru aðildarríki kemst að andstæðri niðurstöðu eins og um getur í 9. mgr. 11. gr. skulu lögbær markaðseftirlitsyfirvöld í hinum aðildarríkjunum gera viðeigandi ráðstafanir að því er varðar vörur sem eru í ósamræmi við kröfur og skulu færa viðeigandi upplýsingar inn í upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr.

*17. gr.*

**Notkun upplýsinga og þagnarskylda og viðskiptaleynd**

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu sinna starfsemi sinni með mjög gagnsæjum hætti og skulu gera allar upplýsingar aðgengilegar almenningi sem þau líta á að skipti máli til að vernda hagsmuni endanlegra notenda. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu virða meginreglurnar um trúnaðarkvöð og um þagnarskyldu og viðskiptaleynd og skulu vernda persónuupplýsingar í samræmi við lög Sambandsins og landslög.

*18. gr.*

**Réttindi rekstraraðila sem varða málsmeðferð**

1. Í öllum ráðstöfunum, ákvörðunum eða fyrirmælum sem markaðseftirlitsyfirvöld framkvæma samkvæmt samhæfingarlöggjöf Sambandsins eða þessari reglugerð skal greina nákvæmlega frá ástæðunum sem liggja að baki þeim.

2. Tilkynna skal hlutaðeigandi rekstraraðila þegar í stað um slíka ráðstöfun, ákvörðun eða skipun og honum um leið kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt lögum í viðkomandi aðildarríki, ásamt tímamörkunum á þeim lagaúrræðum.

3. Áður en ráðstafanir, ákvarðanir eða fyrirmæli sem um getur í 1. mgr. eru gerðar eða teknar skal hlutaðeigandi rekstraraðili fá tækifæri til að tjá sig innan hæfilegra tímamarka, sem er ekki skemmri tími en 10 virkir dagar, nema það sé ekki mögulegt að veita rekstraraðila þennan valkost vegna þess hversu brýnt það er að framkvæma mælingu, ákvörðun eða fyrirmæli, á grundvelli heilbrigðis- eða öryggiskrafna eða annarra þátta sem tengjast hagsmunum almennings og falla undir viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

Ef ráðstöfunin, ákvörðunin eða skipunin er tekin eða gerð án þess að rekstraraðili hafi fengið tækifæri til að tjá sig skal rekstraraðilinn fá það tækifæri svo fljótt sem verða má þar á eftir og markaðseftirlitsyfirvaldið skal endurskoða þá ráðstöfun, ákvörðun eða skipun umsvifalaust.

*19. gr.*

**Vörur sem fela í sér alvarlega áhættu**

1. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu tryggja að vörur sem fela í sér alvarlega áhættu séu afturkallaðar eða teknar af markaði ef engin önnur skilvirk leið er tiltæk til að útrýma þeirri alvarlegu áhættu eða ef bannað er að bjóða vörurnar fram á markaði. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta án tafar og í samræmi við 20. gr.

2. Ákvörðunin um það hvort að vara felur í sér alvarlega áhættu er byggð á viðeigandi áhættumati sem tekur mið af eðli hættunnar og líkum á því á að hún komi upp. Þótt mögulegt sé að ná meira öryggi og ef öðrum vörum fylgir minni áhætta er það ekki næg ástæða til að telja að vara feli í sér alvarlega áhættu.

*20. gr.*

**Kerfi fyrir skjót skipti á upplýsingum**

1. Ef markaðseftirlitsyfirvald grípur til eða hyggst grípa til ráðstafana skv. 19. gr. og telur að ástæðurnar, sem urðu til þess að gripið var til ráðstafana eða áhrif ráðstafananna nái út fyrir yfirráðasvæði síns aðildarríkis, skal það þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þá ráðstöfun í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar. Markaðseftirlitsyfirvaldið skal einnig tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um breytingu eða afturköllun allra slíkra ráðstafana.

2. Ef vara sem felur í sér alvarlega áhættu hefur verið sett á markað skulu markaðseftirlitsyfirvöld tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir sem rekstraraðili hefur gripið til að eigin frumkvæði og tilkynnt um til markaðseftirlitsyfirvalds.

3. Í upplýsingunum, sem veittar eru í samræmi við 1. og 2. mgr., skulu koma fram öll tiltæk smáatriði, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina vöruna, uppruna og aðfangakeðju vörunnar, þá áhættu sem tengist vörunni, eðli og gildistíma ráðstöfunar aðildarríkis sem gerð hefur verið og hvers konar ráðstafanir sem rekstraraðilinn hefur gripið til að eigin frumkvæði.

4. Að því er varðar 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar skal nota kerfið fyrir skjót skipti á upplýsingum (RAPEX-kerfi) sem kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar 2001/95/EB. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. í 12. gr. þeirrar tilskipunar skulu gilda að breyttu breytanda.

5. Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir og viðhalda skilfleti fyrir gögn milli RAPEX-kerfis og upplýsinga- og fjarskiptakerfisins sem um getur í 34. gr. til að koma í veg fyrir tvöfalda gagnaskráningu.

*21. gr.*

**Prófunarstöðvar Sambandsins**

1. Markmiðið með prófunarstöðvum Sambandsins er að stuðla að bættri afkastagetu rannsóknarstofa ásamt því að tryggja áreiðanleika og samræmi prófunar að því er varðar markaðseftirlit innan Sambandsins.

2. Að því er varðar 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin tilnefnt opinbera prófunarstöð aðildarríkis sem prófunarstöð Sambandsins fyrir tiltekna vöruflokka eða sérstakar áhættur varðandi vöruflokk.

Framkvæmdastjórnin getur einnig tilnefnt eina af sínum eigin prófunarstöðvum sem prófunarstöð Sambandsins fyrir tiltekna vöruflokka eða sérstakar áhættur varðandi vöruflokka eða fyrir vörur í tilvikum þar sem prófunargetu vantar eða hún er ófullnægjandi.

3. Prófunarstöðvar Sambandsins skulu viðurkenndar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008.

4. Tilnefning prófunarstöðva Sambandsins skal ekki hafa áhrif á frelsi markaðseftirlitsyfirvalda, Samstarfsnetsins og framkvæmdastjórnarinnar til að velja prófunarstöðvar fyrir þeirra starfsemi.

5. Tilnefndar prófunarstöðvar Sambandsins skulu einungis veita markaðseftirlitsyfirvöldum, Samstarfsnetinu, framkvæmdastjórninni og öðrum opinberum stofnunum eða milliríkjastofnunum þjónustu sína.

6. Prófunarstöðvar Sambandsins skulu sinna eftirfarandi starfsemi, innan verksviðs þeirra:

a) framkvæma prófun á vörum að beiðni markaðseftirlitsyfirvalda, Samstarfsnetsins, eða framkvæmdastjórnarinnar,

b) veita óháða tækniráðgjöf eða vísindalega ráðgjöf að beiðni Samstarfsnetsins,

c) þróa nýjar aðferðir og greiningaraðferðir.

7. Greiða skal fyrir starfsemina sem um getur í 6. mgr. og hún getur verið fjármögnuð af Sambandinu í samræmi við 2. mgr. 36. gr.

8. Prófunarstöðvar Sambandsins geta fengið fjármögnun frá Sambandinu í samræmi við 2. mgr. 36. gr. til að auka prófunargetu þeirra eða til að skapa nýja prófunargetu fyrir tiltekna vöruflokka eða sérstakar áhættur varðandi vöruflokka í tilvikum þar sem prófunargetu vantar eða hún er ófullnægjandi.

9. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem málsmeðferðin fyrir tilnefningu á prófunarstöðvum Sambandsins er tilgreind. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 43. gr.

VI. KAFLI

**GAGNKVÆM AÐSTOÐ YFIR LANDAMÆRI**

*22. gr.*

**Gagnkvæm aðstoð**

1. Milli markaðseftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna skal vera til staðar skilvirkt samstarf og upplýsingaskipti, sem og milli markaðseftirlitsyfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar og viðkomandi stofnana Sambandsins.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvald getur ekki lokið rannsókn sinni þar sem það hefur ekki aðgang að vissum upplýsingum þrátt fyrir að hafa gert allar viðeigandi ráðstafanir til að afla þeirra upplýsinga er því yfirvaldi heimilt að leggja fram rökstudda beiðni til markaðseftirlitsyfirvalds í öðru aðildarríki þar sem hægt er að fara fram á aðgang að þessum upplýsingum. Í því tilviki skal yfirvald sem beiðni er beint til láta yfirvaldi sem leggur fram beiðni í té, án tafar og innan 30 daga hvað sem öðru líður, allar þær upplýsingar sem yfirvald sem beiðni er beint til telur að skiptir máli til að staðreyna hvort að vara sé í ósamræmi við kröfur.

3. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal gera viðeigandi rannsóknir eða hvers konar aðrar viðeigandi ráðstafanir sem eru viðeigandi til að afla umbeðinna upplýsinga. Ef nauðsyn krefur skulu rannsóknirnar fara fram með aðstoð annarra markaðseftirlitsyfirvalda.

4. Yfirvald sem leggur fram beiðni ber áfram ábyrgð á allri rannsókn sem það hefur hrundið af stað, nema ef yfirvald sem beiðni er beint til samþykkir að taka við ábyrgðinni.

5. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum getur yfirvald sem beiðni er beint til neitað að verða við beiðni um upplýsingar skv. 2. mgr. ef:

a) yfirvald sem leggur fram beiðni hefur ekki fært fullnægjandi rökstuðning fyrir því að umbeðnar upplýsingar séu nauðsynlegar til að ákvarða ósamræmi við kröfur,

b) yfirvald sem beiðni er beint til sýnir fram á með rökum að það myndi verulega hamla framkvæmd á eigin starfsemi ef orðið yrði við beiðninni.

*23. gr.*

**Beiðnir um framfylgdarráðstafanir**

1. Ef þörf er á ráðstöfunum innan lögsögu annars aðildarríkis til að binda enda á ósamræmi vöru við kröfur og ef slíkar ráðstafanir eru ekki byggðar á kröfunum í 7. mgr. 16. gr. getur yfirvald sem leggur fram beiðni þess í stað lagt fram rökstudda beiðni um framfylgdarráðstöfun til yfirvalds sem beiðni er beint til í því aðildarríki.

2. Yfirvald sem beiðni er beint til skal tafarlaust gera allar hæfilegar og nauðsynlegar framfylgdarráðstafanir með því að nota þá valdheimild sem því er falið samkvæmt þessari reglugerð í því skyni að binda enda á tilvik af ósamræmi við kröfur með því að beita þeim valdheimildum sem mælt er fyrir um í 14. gr. og öllum viðbótarheimildum sem því er falið samkvæmt landslögum.

3. Yfirvald sem beiðni er beint til skal tilkynna yfirvaldi sem leggur fram beiðni um þær ráðstafanir, sem um getur í 2. mgr., sem gerðar hafa verið eða fyrirhugað er að verði gerðar.

Yfirvald sem beiðni er beint til getur neitað að verða við beiðni um framfylgdarráðstöfun ef einhver af eftirfarandi aðstæðum eiga við:

a) yfirvald sem beiðni er beint til kemst að þeirri niðurstöðu að yfirvald sem leggur fram beiðni hafi ekki lagt fram nægar upplýsingar,

b) yfirvald sem beiðni er beint til lítur svo á að beiðnin sé andstæð samhæfingarlöggjöf Sambandsins,

c) yfirvald sem beiðni er beint til sýnir fram á gilda ástæðu sem sýnir að það myndi verulega hamla framkvæmd á eigin starfsemi ef orðið yrði við beiðninni.

*24. gr.*

**Málsmeðferð vegna beiðna um gagnkvæma aðstoð**

1. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal leitast við að framkvæma allar mögulegar rannsóknir sem eru hæfilegar áður en það leggur fram beiðni um aðstoð skv. 22. eða 23. gr.

2. Þegar lögð er fram beiðni skv. 22. eða 23. gr. skal yfirvaldið sem leggur fram beiðnina láta í té allar fyrirliggjandi upplýsingar til að yfirvaldið sem beiðni er beint til geti orðið við beiðninni, þ.m.t. nauðsynleg sönnunargögn sem aðeins er unnt að fá í aðildarríki yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina.

3. Beiðnir skv. 22. og 23. gr. og allar orðsendingar varðandi þær skulu gerðar með rafrænum stöðluðum eyðublöðum með því að nota upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr.

4. Samskipti skulu eiga sér stað beint milli hlutaðeigandi markaðseftirlitsyfirvalda eða gegnum miðlægar tengiskrifstofur hlutaðeigandi aðildarríkja.

5. Viðkomandi markaðseftirlitsyfirvöld skulu koma sér saman um þau tungumál sem nota á í beiðnum skv. 22. og 23. gr. og í öllum orðsendingum sem tengjast þeim.

6. Ef ekki er hægt að komast að neinu samkomulagi milli viðkomandi markaðseftirlitsyfirvalda um þau tungumál sem nota á skulu beiðnirnar skv. 22. og 23. gr. sendar á opinberu tungumáli aðildarríkis þess yfirvalds sem leggur fram beiðni og svörin við slíkum beiðnum skulu send á opinberu tungumáli aðildarríkis þess yfirvald sem beiðni er beint til. Í slíku tilviki skal yfirvaldið sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem beiðni er beint til sjá til þess að þýðingar séu gerðar á beiðnum, svörum eða öðrum skjölum sem það fær frá hinu yfirvaldinu.

7. Upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr. skal veita hlutaðeigandi miðlægri tengiskrifstofu skipulagðar upplýsingar um mál sem varða gagnkvæma aðstoð. Með því að nota þessar upplýsingar skulu miðlægar tengiskrifstofur veita allan nauðsynlegan stuðning til að greiða fyrir aðstoð.

VII. KAFLI

**VÖRUR SEM KOMA INN Á MARKAÐ SAMBANDSINS**

*25. gr.*

**Eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins**

1. Aðildarríki skulu tilnefna tollyfirvöld, eitt markaðseftirlitsyfirvald eða fleiri, eða einhver önnur yfirvöld á yfirráðasvæði þeirra sem yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með vörum sem koma inn á markað Sambandsins.

Hvert aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um þau yfirvöld sem eru tilnefnd samkvæmt fyrstu undirgrein og um valdsvið þeirra gegnum upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr.

2. Yfirvöld sem eru tilnefnd samkvæmt 1. mgr. skulu hafa valdheimildir og úrræði sem þörf er á til að þau geti sinnt verkefnum sínum eins og um getur í þeirri málsgrein.

3. Vörur sem falla undir lög Sambandsins og sem setja á í tollferlið „afgreiða í frjálst flæði“ skulu falla undir það eftirlit sem yfirvöld eru tilnefnd til að sinna samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Þau yfirvöld skulu sinna þessu eftirliti á grundvelli áhættumats í samræmi við 46. og 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 og, ef við á, á grundvelli áhættumiðaðrar nálgunar eins og um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar.

4. Skiptast skal á áhættutengdum upplýsingum milli:

a) yfirvaldanna sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. þessarar greinar, í samræmi við 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 og

b) tollyfirvalda í samræmi við 5. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013.

Ef tollyfirvöld á fyrsta komustað hafa ástæðu til að ætla að vörur sem falla undir lög Sambandsins og eru annað hvort í bráðabirgðageymslu eða settar í annað tollferli en „afgreiða í frjálst flæði“ séu í ósamræmi við kröfur gildandi laga Sambandsins eða að þær feli í sér áhættu skulu þau senda allar viðeigandi upplýsingar til þar til bærrar endatollstöðvar.

5. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu láta yfirvöldum, sem eru tilnefnd samkvæmt 1. mgr., í té upplýsingar um vöruflokka eða auðkenni rekstraraðila þar sem greind hefur verið mikil áhætta á ósamræmi við kröfur.

6. Eigi síðar en 31. mars ár hvert skulu aðildarríki leggja fyrir framkvæmdastjórnina nákvæm tölfræðileg gögn sem ná yfir það eftirlit sem yfirvöld sinna sem eru tilnefnd samkvæmt 1. mgr. að því er varðar vörur sem falla undir lög Sambandsins á næstliðnu almanaksári. Tölfræðilegu gögnin skulu ná yfir fjölda íhlutana á sviði eftirlits með slíkum vörum að því er varðar vöruöryggi og samræmi vara við kröfur.

Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu eigi síðar en 30. júní ár hvert sem inniheldur upplýsingarnar sem aðildarríkin leggja fram á næstliðnu almanaksári ásamt greiningu á þeim gögnum sem lögð eru fram. Birta skal skýrsluna í upplýsinga- og fjarskiptakerfinu sem um getur í 34. gr.

7. Fái framkvæmdastjórnin vitneskju um að vörur sem falla undir lög Sambandsins og eru innfluttar frá þriðja landi feli í sér alvarlega áhættu skal hún mælast til þess við viðkomandi aðildarríki að það geri viðeigandi ráðstafanir varðandi markaðseftirlit.

8. Eftir samráð við Samstarfsnetið getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um viðmiðanir og aðferðir fyrir athuganir á grundvelli sameiginlegrar áhættugreiningar á vettvangi Sambandsins til að tryggja samræmda framfylgd á lögum Sambandsins, efla eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins og tryggja að slíkt eftirlit sé árangursríkt og samræmt. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 43. gr.

9. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að tilgreina nánar upplýsingarnar í þeim gögnum sem lögð eru fram skv. 6. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 43. gr.

*26. gr.*

**Tímabundin stöðvun á afgreiðslu í frjálst flæði**

1. Yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. skulu tímabundið stöðva það að vara sé afgreidd í frjálst flæði ef staðfest er við eftirlit samkvæmt 3. mgr. 25. gr. að:

a) vörunni fylgja ekki upplýsingar sem krafist er í lögum Sambandsins sem gilda um hana eða rökstudd ástæða er til að draga í efa áreiðanleika, nákvæmni eða heilleika slíkra gagna,

b) varan er ekki merkt í samræmi við þau lög Sambandsins sem gilda um hana,

c) varan ber CE-merki eða aðra merkingu sem krafist er í lögum Sambandsins sem gilda um hana sem hefur verið fest á vöruna á rangan eða villandi hátt,

d) heiti, skráð viðskiptaheiti eða vörumerki og samskiptaupplýsingar, þ.m.t. póstfang, þeirra rekstraraðila sem sinna verkefnum varðandi vöru sem fellur undir tiltekna samhæfingarlöggjöf Sambandsins eru ekki tilgreind eða greinanleg í samræmi við 4. mgr. 4. gr. eða

e) þegar ástæða er til að ætla af einhverju öðru tilefni að varan uppfylli ekki lög Sambandsins sem gilda um hana eða að varan feli í sér alvarlega áhættu fyrir heilbrigði, öryggi, umhverfi eða einhverja aðra almannahagsmuni sem um getur í 1. gr.

2. Yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. skulu tafarlaust tilkynna markaðseftirlitsyfirvöldum alla tímabundna stöðvun á afgreiðslu í frjálst flæði sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Ef markaðseftirlitsyfirvöldin hafa gilda ástæðu til að ætla að vara sé í ósamræmi við lög Sambandsins sem gilda um hana eða að hún feli í sér alvarlega áhættu skulu þau biðja yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. um að stöðva tímabundið ferlið við að afgreiða hana í frjálst flæði.

4. Tilkynningar skv. 2. mgr. og beiðnir skv. 3. mgr. þessarar greinar geta átt sér stað gegnum upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr., þ.m.t. gegnum rafræna skilfleti milli þessa kerfis og þeirra kerfa sem tollyfirvöld nota, ef þau kerfi eru aðgengileg.

*27. gr.*

**Afgreiðsla í frjálst flæði**

Ef afgreiðsla vöru í frjálst flæði hefur verið tímabundið stöðvuð í samræmi við 26. gr. skal sú vara afgreidd í frjálst flæði að uppfylltum öllum öðrum kröfum og formsatriðum sem varða slíka afgreiðslu og ef annað hvort eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) innan fjögurra virkra daga frá stöðvuninni ef markaðseftirlitsyfirvöldin hafa ekki beðið yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. um að viðhalda stöðvuninni,

b) markaðseftirlitsyfirvöldin hafa upplýst yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. um samþykki þeirra á að vara sé afgreidd í frjálst flæði.

Afgreiðsla í frjálst flæði telst ekki vera sönnun um samræmi við lög Sambandsins.

*28. gr.*

**Synjun á að afgreiða í frjálst flæði**

1. Ef markaðseftirlitsyfirvöldin komast að þeirri niðurstöðu að varan feli í sér alvarlega áhættu skulu þau gera ráðstafanir til að banna setningu vörunnar á markað og þau skulu krefjast þess að yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. afgreiði hana ekki í frjálst flæði. Þau skulu einnig krefjast þess að þessi yfirvöld láti eftirfarandi tilkynningu í gagnavinnslukerfi tollyfirvalda og, eftir því sem við á, á vörureikning sem fylgir vörunni og í öll önnur viðeigandi fylgiskjöl:

„Hættuleg vara — óheimilt að afgreiða í frjálst flæði — reglugerð (ESB) nr. 2019/1020“.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu tafarlaust færa upplýsingarnar inn í upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvöldin komast að þeirri niðurstöðu að ekki megi setja vöruna á markað þar sem hún er í ósamræmi við lög Sambandsins sem gilda um hana skulu þau gera ráðstafanir til að banna setningu vörunnar á markað og þau skulu krefjast þess að yfirvöldin sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. afgreiði hana ekki í frjálst flæði. Þau skulu einnig krefjast þess að þau yfirvöld láti eftirfarandi tilkynningu í gagnavinnslukerfi tollyfirvalda og, eftir því sem við á, á vörureikning sem fylgir vörunni og í öll önnur viðeigandi fylgiskjöl:

„Vara er í ósamræmi við kröfur — óheimilt að afgreiða í frjálst flæði — reglugerð (ESB) nr. 2019/1020“.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu tafarlaust færa upplýsingarnar inn í upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr.

3. Ef sú vara sem um getur í 1. eða 2. mgr. er síðan sett í tollafgreiðslu aðra en fyrir frjálsa dreifingu og, að því tilskildu að markaðseftirlitsyfirvöldin mótmæli því ekki, skal tilkynningin sem krafist er í 1. eða 2. mgr. einnig fylgja með samkvæmt sömu skilyrðum sem krafist er í 1. eða 2. mgr. í skjölunum sem eru notuð í tengslum við þá afgreiðslu.

4. Yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. geta eyðilagt vöru eða með öðrum hætti gert hana óvirka ef hún felur í sér áhættu fyrir heilbrigði og öryggi endanlegra notenda ef viðkomandi yfirvöld líta svo á að þetta sé nauðsynlegt og hóflegt. Kostnaðurinn af slíkri ráðstöfun fellur á þá einstaklinga eða lögaðila sem setja vöruna í frjálst flæði.

Ákvæði 197. til 198. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013 gilda til samræmis við það.

VIII. KAFLI

**SAMRÆMD FRAMFYLGD OG ALÞJÓÐLEG SAMVINNA**

*29. gr.*

**Samstarfsnet Sambandsins um að vörur samræmist kröfum**

1. Samstarfsneti Sambandsins um að vörur samræmist kröfum (hér eftir nefnt „Samstarfsnetið“) er hér með komið á fót.

2. Tilgangur Samstarfsnetsins er að þjóna sem vettvangur fyrir skipulega samræmingu og samvinnu milli eftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og að hagræða starfsemi markaðseftirlits innan Sambandsins, sem þannig eykur skilvirkni markaðseftirlits.

*30. gr.*

**Samsetning og hlutverk Samstarfsnetsins**

1. Netið skal skipa‘ fulltrúum frá hverju aðildarríki, þ.m.t. fulltrúum frá þeim miðlægu tengiskrifstofum sem um getur í 10. gr. og valkvæðum landsbundnum sérfræðingi, formönnum samstarfshópa á sviði stjórnsýslu (ADCO) og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar.

2. Koma skal á fót aðskildum eða tengdum samstarfshópum á sviði stjórnsýslu til að beita samhæfingarlöggjöf Sambandsins með samræmdum hætti. Samstarfshópa á sviði stjórnsýslu skipa fulltrúar frá landsbundnum markaðseftirlitsyfirvöldum og, ef við á, fulltrúar frá miðlægum tengiskrifstofum.

Fundir samstarfshópa á sviði stjórnsýslu eru einungis ætlaðir fyrir fulltrúa frá markaðseftirlitsyfirvöldum og framkvæmda-stjórninni.

Bjóða má viðeigandi hagsmunaaðilum, eins og stofnunum sem gæta hagsmuna atvinnugreina, litlum og meðalstórum fyrirtækjum, neytendum, prófunarstofum, staðlastofnunum og samræmismatsstofnunum á vettvangi Sambandsins, að sækja fundi samstarfshópa á sviði stjórnsýslu, með hliðsjón af því viðfangsefni sem er til umfjöllunar.

3. Framkvæmdastjórnin skal stuðla að og hvetja til samstarfs milli markaðseftirlitsyfirvalda með Samstarfsnetinu og taka þátt í fundum netsins, undirhópa þess og samstarfshópa á sviði stjórnsýslu.

4. Netið skal halda fundi reglulega og að rökstuddri beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis ef nauðsyn krefur.

5. Netið getur komið á fót varanlegum eða tímabundnum undirhópum sem fást við ákveðnar spurningar og verkefni.

6. Netið getur boðið sérfræðingum og öðrum þriðju aðilum, þ.m.t. stofnunum sem gæta hagsmuna atvinnugreina, litlum og meðalstórum fyrirtækjum, neytendum, prófunarstofum, staðlastofnunum og samræmismatsstofnunum á vettvangi Sambandsins, til að sækja fundi sem áheyrnarfulltrúar eða til að leggja fram skrifleg framlög.

7. Netið skal reyna af fremsta megni að ná sammæli. Ákvarðanir sem Samstarfsnetið tekur eru tilmæli sem eru ekki lagalega bindandi.

8. Netið setur sér starfsreglur.

*31. gr.*

**Hlutverk og verkefni Samstarfsnetsins**

1. Við framkvæmd verkefnanna sem sett eru fram í 2. mgr. skal Samstarfsnetið takast á við almenn þverlæg málefni við markaðseftirlit með það fyrir augum að greiða fyrir samvinnu milli miðlægra tengiskrifstofa.

2. Netið skal sinna eftirfarandi verkefnum:

a) undirbúa, samþykkja og vakta framkvæmd vinnuáætlunar þess,

b) greiða fyrir greiningu á sameiginlegum forgangsatriðum við starfsemi á sviði markaðseftirlits og upplýsingaskipti milli sviða vegna mats á vörum, þ.m.t. áhættumat, prófunaraðferðir og niðurstöður úr prófunum, nýleg vísindaleg þróun og ný tækni, nýjar áhættur og aðrir þættir sem skipta máli við eftirlitsstarfsemi, og vegna beitingar á landsbundnum stefnuáætlunum um markaðseftirlit og starfsemi á sviði markaðseftirlits,

c) samræma samstarfshópa á sviði stjórnsýslu og starfsemi þeirra,

d) skipuleggja sameiginlegt markaðseftirlit og prófunarverkefni þvert á svið og skilgreina forgangsatriði þeirra,

e) skiptast á sérfræðiþekkingu og bestu starfsvenjum, einkum varðandi beitingu á landsbundnum stefnuáætlunum um markaðseftirlit,

f) greiða fyrir skipulagningu á þjálfunaráætlunum og skiptum á starfsfólki,

g) skipuleggja upplýsingaherferðir og valfrjálsar, gagnkvæmar heimsóknaráætlanir milli markaðseftirlitsyfirvalda í samstarfi við framkvæmdastjórnina,

h) ræða álitamál sem upp kunna að koma í tengslum við fyrirkomulag á gagnkvæmri aðstoð yfir landamæri,

i) stuðla að þróun leiðbeininga til að tryggja áhrifaríka og samræmda beitingu þessarar reglugerðar,

j) leggja til fjármögnun á starfsemi sem um getur í 36. gr.,

k) stuðla að samræmdri stjórnsýsluframkvæmd að því er varðar markaðseftirlit í aðildarríkjunum,

l) veita ráðgjöf og aðstoða framkvæmdastjórnina við mál sem varða frekari þróun á RAPEX-kerfi og upplýsinga- og fjarskiptakerfinu sem um getur í 34. gr,

m) stuðla að samvinnu og sérfræðingaskiptum og bestu starfsvenjum milli markaðseftirlitsyfirvalda og yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti á ytri landamærum Sambandsins,

n) stuðla að og greiða fyrir samvinnu með öðrum viðkomandi netum og hópum, með það fyrir augum að kanna möguleika á að nota nýja tækni að því er varðar markaðseftirlit og rekjanleika vara,

o) meta með reglulegum hætti landsbundnu stefnuáætlanirnar um markaðseftirlit og fyrsta slíka matið skal eiga sér stað eigi síðar en 16. júlí 2024,

p) takast á við önnur mál sem tengjast þeirri starfsemi sem fellur undir verkefni Samstarfsnetsins með það fyrir augum að stuðla að skilvirkri starfsemi markaðseftirlits innan Sambandsins.

*32. gr.*

**Hlutverk og verkefni samstarfshópa á sviði stjórnsýslu**

1. Við framkvæmd verkefnanna sem sett eru fram í 2. mgr. skulu samstarfshópar á sviði stjórnsýslu takast á við tiltekin mál sem tengjast markaðseftirliti og geirabundnum málefnum.

2. Samstarfshópar á sviði stjórnsýslu skulu sinna eftirfarandi verkefnum:

a) greiða fyrir samræmdri beitingu á samhæfingarlöggjöf Sambandsins innan verksviðs þeirra með það fyrir augum að auka skilvirkni markaðseftirlits á öllum innri markaðinum,

b) stuðla að samskiptum milli markaðseftirlitsyfirvalda og Samstarfsnetsins og þróa gagnkvæmt traust milli markaðseftirlitsyfirvalda,

c) koma á fót og samræma sameiginleg verkefni, s.s. sameiginlega starfsemi á sviði markaðseftirlits sem nær yfir landamæri,

d) þróa sameiginlegar starfsvenjur og aðferðafræði fyrir áhrifaríkt markaðseftirlit,

e) upplýsa hver annan um landsbundnar markaðseftirlitsaðferðir og -starfsemi og þróa og stuðla að bestu starfsvenjum,

f) greina málefni er varða sameiginlega hagsmuni varðandi markaðseftirlit og leggja til sameiginlegar nálganir til að beita,

g) greiða fyrir mati á vörum, sem er bundið við geira, þ.m.t. áhættumat, prófunaraðferðir og niðurstöður úr prófunum, nýleg vísindalega þróun og aðrir þættir sem skipta máli við eftirlitsstarfsemi.

*33. gr.*

**Hlutverk og verkefni framkvæmdastjórnarinnar**

Framkvæmdastjórnin skal sinna eftirfarandi verkefnum:

a) aðstoða Samstarfsnetið, undirhópa þess og samstarfshópa á sviði stjórnsýslu með framkvæmdaskrifstofu sem veitir tæknilegan stuðning og stuðning við aðfangastjórnun,

b) geyma skrá yfir formenn samstarfshópa á sviði stjórnsýslu, ásamt samskiptaupplýsingum þeirra, og gera miðlægum tengiskrifstofum og formönnum samstarfshópa á sviði stjórnsýslu þetta aðgengilegt,

c) aðstoða Samstarfsnetið við undirbúning og vöktun á vinnuáætlun þess,

d) styðja starfsemi vörutengiliða sem hafa skyldur sem aðildarríki fela þeim í tengslum við samhæfingarlöggjöf Sambandsins

e) í samráði við Samstarfsnetið, ákvarða þörfina á að auka prófunargetu og leggja fram lausnir í þeim tilgangi í samræmi við 21. gr.,

f) koma gerningum um alþjóðlega samvinnu sem um getur í 35. gr. til framkvæmda,

g) veita stuðning þegar kemur að því að koma á fót aðskildum eða tengdum samstarfshópum á sviði stjórnsýslu,

h) þróa og viðhalda upplýsinga- og fjarskiptakerfinu sem um getur í 34. gr., þ.m.t. rafræna skilfletinum sem um getur í 7. mgr. 34. gr., ásamt tengingunni við landsbundin gagnasöfn fyrir markaðseftirlit og veita almenningi upplýsingar í gegnum það kerfi,

i) aðstoða Samstarfsnetið við að framkvæma undirbúningsvinnu eða fylgivinnu í tengslum við framkvæmd á starfsemi á sviði markaðseftirlits sem tengist beitingu samhæfingarlöggjafar Sambandsins, s.s. rannsóknir, áætlanir, mat, samanburðargreiningar, gagnkvæmar heimsóknir og heimsóknaráætlanir, skipti á starfsfólki, rannsóknarvinnu, rannsóknarstofuvinnu, frammistöðuprófanir, fjölsetraprófanir og vinnu við samræmismat,

j) undirbúa og aðstoða við framkvæmd markaðseftirlitsherferða og svipaðrar starfsemi á vegum Sambandsins,

k) skipuleggja sameiginlegt markaðseftirlit og prófunarverkefni, sem og sameiginlegar þjálfunaráætlanir, til að greiða fyrir skiptum á starfsfólki milli markaðseftirlitsyfirvalda og, eftir því sem við á, markaðseftirlitsyfirvalda þriðju landa eða alþjóðastofnana, og einnig til þess að skipuleggja upplýsingaherferðir og valfrjálsar, gagnkvæmar heimsóknaráætlanir milli markaðseftirlitsyfirvalda,

l) sinna starfsemi sem fram fer samkvæmt áætlunum um tæknilega aðstoð, samvinnu við þriðju lönd og kynningu og umbætur á markaðseftirlitsstefnum og markaðseftirlitskerfum Sambandsins meðal hagsmunaaðila á vettvangi Sambandsins og á alþjóðlegum vettvangi,

m) greiða fyrir tæknilegri eða vísindalegri sérfræðiþekkingu í að því er varðar framkvæmd samvinnu á sviði stjórnsýslu um markaðseftirlit,

n) kanna, að beiðni Samstarfsnetsins eða að eigin frumkvæði, hvers kyns álitaefni sem varða beitingu þessarar reglugerðar og gefa út viðmiðunarreglur, tilmæli og bestu starfsvenjur til þess að hvetja til samræmdrar beitingar hennar.

*34. gr.*

**Upplýsinga- og fjarskiptakerfi**

1. Framkvæmdastjórnin skal þróa frekar og viðhalda upplýsinga- og fjarskiptakerfi fyrir söfnun, úrvinnslu og geymslu upplýsinga á skipulögðu formi um málefni sem varða framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins með það fyrir augum að bæta gagnaskipti milli aðildarríkja, m.a. að því er varðar beiðnir um upplýsingar, veitingu á heildstæðu yfirliti á starfsemi, niðurstöðum og þróun á sviði markaðseftirlits. Framkvæmdastjórnin, markaðseftirlitsyfirvöld, miðlægar tengiskrifstofur og yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. skulu hafa aðgang að því kerfi. Framkvæmdastjórnin skal þróa og viðhalda opnu notendaviðmóti fyrir þetta kerfi þar sem lagðar eru fram lykilupplýsingar fyrir endanlega notendur um starfsemi á sviði markaðseftirlits.

2. Framkvæmdastjórnin skal þróa frekar og viðhalda rafrænu skilflötunum milli kerfanna sem um getur í 1. mgr. og landsbundnu markaðseftirlitskerfanna.

3. Miðlægar tengiskrifstofur skulu færa eftirfarandi upplýsingar inn í upplýsinga- og fjarskiptakerfið:

a) auðkenni markaðseftirlitsyfirvaldanna í þeirra aðildarríki og valdsvið þeirra yfirvalda skv. 2. mgr. 10. gr.,

b) auðkenni yfirvaldanna sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr.,

c) landsbundnu stefnuáætlunina um markaðseftirlit sem aðildarríki þeirra gerir skv. 13. gr. og niðurstöðurnar úr endurskoðun og mati á stefnuáætluninni um markaðseftirlit.

4. Í tengslum við vörur sem boðnar eru fram á markaði og sem ítarlegt mat hefur verið gert á um samræmi þeirra við kröfur, með fyrirvara um ákvæði 12. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/95/EB og 20. gr. þessarar reglugerðar og, eftir atvikum, í tengslum við vörur sem koma inn á markað Sambandsins þar sem ferlið á afgreiðslu í frjálst flæði hefur verið stöðvað tímabundið í samræmi við 26. gr. þessarar reglugerðar, skulu markaðseftirlitsyfirvöld færa inn í upplýsinga- og fjarskiptakerfið eftirfarandi upplýsingar varðandi:

a) ráðstafanir skv. 5. mgr. 16. gr. sem það markaðseftirlitsyfirvald gerir,

b) skýrslur úr prófunum sem það markaðseftirlitsyfirvald framkvæmir,

c) aðgerðir til úrbóta sem viðkomandi rekstraraðili grípur til,

d) greiðlega tiltækar skýrslur um áverka af völdum vörunnar sem um er að ræða,

e) öll andmæli sem aðildarríki hreyfa í samræmi við viðeigandi verndarráðstafanameðferð í samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem gildir um vöruna og alla eftirfylgni í kjölfar þeirra,

f) ef slíkt liggur fyrir, vanrækslu viðurkenndra fulltrúa á að fara að 2. mgr. 5. gr.,

g) ef slíkt liggur fyrir, vanrækslu framleiðenda á að fara að 1. mgr. 5. gr.

5. Ef markaðseftirlitsyfirvöld telja það gagnlegt geta þau fært inn í upplýsinga- og fjarskiptakerfið allar viðbótarupplýsingar sem tengjast þeim athugunum sem þau framkvæma og niðurstöður prófana sem þau framkvæma sjálf eða eru framkvæmdar að þeirra beiðni.

6. Þar sem við á um framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins og í þeim tilgangi að takmarka áhættu skulu tollyfirvöld safna úr landsbundnum upplýsingakerfum tollsins upplýsingum um vörur sem settar eru í tollferlið „afgreiða í frjálst flæði“ í tengslum við framfylgd samhæfingarlöggjafar Sambandsins og senda þær upplýsingar í upplýsinga- og fjarskiptakerfið.

7. Framkvæmdastjórnin skal þróa rafrænan skilflöt til að gagnasendingar séu mögulegar milli landsbundinna tollkerfa og upplýsinga- og fjarskiptakerfisins. Þessi skilflötur skal vera til staðar innan fjögurra ára frá þeim degi sem viðeigandi framkvæmdargerðirnar sem um getur í 8. mgr. eru samþykktar.

8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem tilgreindar eru upplýsingar um framkvæmdarfyrirkomulag á 1. til 7. mgr. þessarar greinar og einkum um þá gagnavinnslu sem er notuð fyrir gögnin sem safnað er í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, og þar sem skilgreind eru þau gögn sem á að senda í samræmi við 6. og 7. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 43. gr.

*35. gr.*

**Alþjóðleg samvinna**

1. Til að auka skilvirkni markaðseftirlits í Sambandinu getur framkvæmdastjórnin unnið með og skipst á upplýsingum um markaðseftirlit við eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum eða alþjóðastofnanir innan ramma þeirra samninga sem gerðir eru milli Sambandsins og þriðju landa eða alþjóðastofnana. Allir slíkir samningar skulu byggjast á gagnkvæmni, hafa ákvæði um trúnaðarkvöð sem svarar til þeirra sem gilda í Sambandinu og tryggja að öll upplýsingaskipti fari fram í samræmi við gildandi lög Sambandsins.

2. Samvinnan eða upplýsingaskiptin geta m.a. varðað eftirfarandi:

a) hvaða aðferðir eru notaðar við áhættumat og niðurstöður úr vöruprófun,

b) samræmdar innkallanir á vörum eða aðrar svipaðar aðgerðir,

c) ráðstafanir sem markaðseftirlitsyfirvöld gera skv. 16. gr.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt sérstakt kerfi til vörutengds eftirlits fyrir útflutning sem þriðja land annast og fer fram á vörum rétt áður en þær eru fluttar út til Sambandsins í því skyni að sannprófa samræmi þessara vara við kröfur samhæfingarlöggjafar Sambandsins sem gilda um þær. Samþykkið má veita að því er varðar eina eða fleiri vörur, að því er varðar einn eða fleiri vöruflokka eða að því er varðar vörur eða vöruflokka sem tilteknir framleiðendur framleiða.

4. Framkvæmdastjórnin skal útbúa og viðhalda skrá yfir þær vörur eða vöruflokka sem samþykki hefur verið veitt í tengslum við eins og um getur í 3. mgr. og hún skal einnig gera þessa skrá aðgengilega almenningi.

5. Einungis má veita þriðja landi samþykki skv. 3. mgr. ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) þriðja landið býr yfir skilvirku kerfi til sannprófunar á samræmi vara, sem eru fluttar út til Sambandsins, við kröfur og eftirlitið sem fer fram í þriðja landinu er nægilega áhrifaríkt og skilvirkt til að koma í staðinn fyrir innflutningseftirlit eða til að draga megi úr innflutningseftirliti,

b) úttektir innan Sambandsins og, ef við á, í þriðja landinu sýna fram á að vörur sem eru fluttar út úr því þriðja landi til Sambandsins eru í samræmi við kröfur sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

6. Það áhættumat sem gert er á innflutningseftirlitinu með þeim vörum eða vöruflokkum sem koma inn á markað Sambandsins, sem um getur í 3. mgr., skal innihalda þær samþykktir sem veittar eru, ef slíkar samþykktir hafa verið veittar.

Yfirvöld sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 25. gr. geta þó haft eftirlit með þessum vörum eða vöruflokkum sem koma inn á markað Sambandsins, þ.m.t. til að tryggja að það eftirliti fyrir útflutning sem þriðja land annast sé áhrifaríkt til að ákvarða megi samræmi við kröfur í samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

7. Í samþykkinu sem um getur í 3. mgr. skal tilgreina það lögbæra yfirvald þriðja landsins sem ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits fyrir flutning og það lögbæra yfirvald skal vera samstarfsaðilinn í öllum samskiptum við Sambandið.

8. Það lögbæra yfirvald sem um getur í 7. mgr. skal tryggja opinbera sannprófun á vörum áður en þær koma inn í Sambandið.

9. Ef eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, leiðir í ljós umtalsverð tilvik þar sem ósamræmi er við kröfur skulu markaðseftirlitsyfirvöld tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um það gegnum upplýsinga- og fjarskiptakerfið sem um getur í 34. gr. og aðlaga eftirlitið með slíkum vörum.

10. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir fyrir samþykki á hverju sérstöku kerfi til vörutengds eftirlits fyrir útflutning sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 43. gr.

11. Framkvæmdastjórnin skal reglulega vakta rétta framkvæmd þess samþykkis sem veitt er skv. 3. mgr. þessarar greinar. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að afturkalla samþykki ef leitt er í ljós að vörurnar sem koma inn á markað Sambandsins eru í ósamræmi við kröfur samhæfingarlöggjafar Sambandsins í umtalsverðum fjölda tilvika. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 43. gr. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa þriðja landið um þetta án tafar.

12. Kerfið til vörutengds eftirlits fyrir útflutning skal meta í samræmi við 4. mgr. 42. gr.

IX. KAFLI

**FJÁRHAGSÁKVÆÐI**

*36. gr.*

**Fjármögnunarhreyfingar**

1. Sambandið skal fjármagna þau verkefni sem Samstarfsnetið sinnir og um getur í 31. gr. og jafningjarýnina sem um getur í 12. gr.

2. Sambandið getur fjármagnað eftirfarandi starfsemi í tengslum við þessa reglugerð:

a) starfsemi vörutengiliða,

b) stofnun og rekstur prófunarstöðva Sambandsins sem um getur í 21. gr.,

c) þróun á gerningum um alþjóðlega samvinnu sem um getur í 35. gr.,

d) að semja og uppfæra framlög til viðmiðunarreglna um markaðseftirlit,

e) að gera tæknilega og vísindalega sérfræðiþekkingu aðgengilega framkvæmdastjórninni í þeim tilgangi að aðstoða framkvæmdastjórnina við framkvæmd samvinnu stjórnvalda á sviði markaðseftirlits,

f) framkvæmd landsbundnu stefnuáætlananna um markaðseftirlit, sem um getur í 13. gr.,

g) markaðseftirlitsherferðir aðildarríkja og Sambandsins og starfsemi sem tengist þeim, að meðtöldum úrræðum og búnaði, upplýsingatæknitólum og þjálfun,

h) framkvæmd undirbúningsvinnu eða fylgivinnu í tengslum við starfsemi á sviði markaðseftirlits sem tengist beitingu samhæfingarlöggjafar Sambandsins, s.s. rannsóknir, áætlanir, mat, viðmiðunarreglur, samanburðargreiningar, gagnkvæmar heimsóknir og heimsóknaráætlanir, skipti á starfsfólki, rannsóknarvinnu, þjálfunarstarfsemi, rannsóknarstofuvinnu, frammistöðuprófanir, fjölsetraprófanir og vinnu við samræmismat,

i) starfsemi sem fram fer samkvæmt áætlunum um veitingu tæknilegrar aðstoðar, samvinnu við þriðju lönd og kynningu og umbætur á markaðseftirlitsstefnum og markaðseftirlitskerfum Sambandsins meðal hagsmunaaðila á vettvangi Sambandsins og á alþjóðlegum vettvangi,

3. Sambandið skal fjármagna rafrænu skilfletina sem um getur í 7. mgr. 34. gr., þ.m.t. þróunina á upplýsinga- og fjarskiptakerfinu sem um getur í 34. gr. til að gera því kleift að taka á móti sjálfvirku flæði rafrænna gagna frá landsbundnum tollkerfum.

4. Sambandið skal fjármagna rafrænu skilfletina sem um getur í 2. mgr. 34. gr. til að gagnaskipti séu möguleg milli upplýsinga- og fjarskiptakerfisins sem um getur í 34. gr. og landsbundnu markaðseftirlitskerfanna.

5. Fjárhagsaðstoð Sambandsins, að því er varðar starfsemi til stuðnings þessari reglugerð, skal framkvæmd í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ([52]), annaðhvort beint eða með því að fela aðilum, sem taldir eru upp í c-lið 1. mgr. 62. gr. þeirrar reglugerðar, verkefni er varða framkvæmd fjárhagsáætlana.

6. Fjárframlögin, sem úthlutað er til starfseminnar sem um getur í þessari reglugerð, skal fjárveitingavaldið ákvarða árlega innan marka gildandi fjárhagsramma.

7. Fjárveitingarnar sem fjárveitingavald ákvarðar til að fjármagna starfsemi á sviði markaðseftirlits geta einnig náð yfir útgjöld í tengslum við starfsemi er varðar undirbúningsvinnu, vöktun, eftirlit, endurskoðun og mat sem er nauðsynleg við stjórnun starfseminnar sem sett er fram í þessari reglugerð og til að ná markmiðum þeirrar starfsemi. Þessi útgjöld skulu taka til kostnaðar við framkvæmd rannsókna, skipulagningu sérfræðingafunda, upplýsinga- og samskiptastarfsemi, þ.m.t. upplýsingamiðlunar stofnana (e. *corporate communication*) um pólitísk forgangsverkefni Sambandsins, að því marki sem þau tengjast almennum markmiðum starfsemi á markaðseftirlits, útgjalda sem tengjast upplýsingatækninetum fyrir vinnslu og miðlun upplýsinga og allra annarra útgjalda vegna tengdrar tækni- og stjórnsýsluaðstoðar sem framkvæmdastjórnin stofnar til.

*37. gr.*

**Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins**

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd hagsmuna Sambandsins við framkvæmd starfsemi sem fjármögnuð er samkvæmt þessari reglugerð með því að beita forvarnarráðstöfunum gegn svikum, spillingu og öllu öðru ólöglegu athæfi, með því að beita árangursríku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

2. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarrétturinn skulu hafa heimild til að láta fara fram endurskoðun, á grundvelli skjala og vettvangseftirlits, hjá öllum styrkþegum, verktökum og undirverktökum sem hafa fengið fjárstyrk Sambandsins samkvæmt þessari reglugerð.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur framkvæmt athuganir, þ.m.t. eftirlit og eftirlitsúttektir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 ([53]) og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 ([54]), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu eða annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkákvörðun eða samning sem er fjármagnaður samkvæmt þessari reglugerð.

([52]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

([53]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([54]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir, sem leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar, innihalda ákvæði sem veita framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að láta fara fram slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

X. KAFLI

**BREYTINGAR**

*38. gr.*

**Breytingar á tilskipun 2004/42/EB**

Ákvæði 6. og 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB ([55]) falla brott.

*39. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 765/2008**

1. Reglugerð (EB) nr. 765/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93.“

2) Í 1. gr. falla 2. og 3. mgr. brott.

3) Í 2. gr. falla 1., 2., 14., 15., 17., 18. og 19. mgr. brott.

4) Ákvæði III. kafla, sem inniheldur 15. til 29. gr., falla brott.

5) Ákvæðum 1. mgr. 32. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) framsetningu og uppfærslu framlaga til viðmiðunarreglna á sviði faggildingar, tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar um samræmismatsstofur, samræmismat,“.

b) Ákvæði d- og e-liðar falla brott.

c) Í stað f- og g-liðar kemur eftirfarandi:

„f) framkvæmd undirbúnings- eða stoðvinnu í tengslum við samræmismat, mælitækni, faggildingarstarfsemi sem tengist framkvæmd löggjafar Bandalagsins, s.s. rannsóknir, áætlanir, mat, viðmiðunarreglur, samanburðargreiningar, gagnkvæmar heimsóknir, rannsóknarvinnu, þróun og viðhald gagnagrunna, þjálfunarstarfsemi, rannsóknarstofuvinnu, færniprófanir, samanburðarprófanir á rannsóknarstofum og samræmismatsvinnu,

g) starfsemi sem fram fer samkvæmt áætlunum um tæknilega aðstoð, samvinnu við þriðju lönd og kynningu og umbætur á evrópska samræmismatinu og faggildingaráherslum og -kerfum meðal hagsmunaaðila í Bandalaginu og á alþjóðlegum vettvangi.“

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvæðin í reglugerð (EB) nr. 765/2008 sem tilvísanir í ákvæði þessarar reglugerðar og skulu þær lesnar með hliðsjón af III. viðauka þessarar reglugerðar.

*40. gr.*

**Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 305/2011**

Í stað fyrstu undirgreinar í 1. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011 kemur eftirfarandi:

„1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa fullnægjandi ástæðu til að ætla að byggingarvara, sem fellur undir samhæfðan staðal eða sem evrópskt tæknimat hefur verið gefið út fyrir, nái ekki tilgreindu nothæfi og skapi hættu á því að grunnkröfum um mannvirki sem falla undir þessa reglugerð verði ekki fullnægt, skulu þau framkvæma mat á viðkomandi vöru sem tekur til allra viðkomandi krafna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Viðkomandi rekstraraðilar skulu hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eins og nauðsyn krefur.“

([55]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnum til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB (Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87).

XI. KAFLI

**LOKAÁKVÆÐI**

*41. gr.*

**Viðurlög**

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gegn samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem eru talin upp í II. viðauka sem leggja skuldbindingar á rekstraraðila, og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt í samræmi við landslög.

2. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

3. Eigi síðar en 16. október 2021 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði ef þau hafa ekki áður verið tilkynnt henni áður og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

*42. gr.*

**Mat, endurskoðun og viðmiðunarreglur**

1. Eigi síðar en 31. desember 2026 og á fimm ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin meta þessa reglugerð í ljósi þeirra markmiða sem hún stefnir að og leggja fram skýrslu um það fyrir Evrópuþingið, ráðið og fyrir efnahags- og félagsmálanefndina.

2. Í skýrslunni skal metið hvort að markmiði þessarar reglugerðar sé náð, einkum varðandi að draga úr fjölda vara á markaði Sambandsins sem eru í ósamræmi við kröfur, tryggja árangursríka og skilvirka framfylgd innan Sambandsins á samhæfingarlöggjöf Sambandsins, bæta samvinnu milli lögbærra yfirvalda og efla eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, að teknu tilliti til áhrifa á fyrirtæki og sérstaklega á lítil og meðalstór fyrirtæki. Þetta mat skal að auki ná til gildissviðs þessarar reglugerðar, árangur kerfisins fyrir jafningjarýni og starfseminnar á sviði markaðseftirlits sem fá fjármögnun frá Sambandinu í ljósi þeirra krafna sem gerðar eru í löggjöf og lögum Sambandsins og möguleikanna á að bæta frekar samvinnuna milli markaðseftirlitsyfirvalda og tollyfirvalda.

3. Eigi síðar en 16. júlí 2023 skal framkvæmdastjórnin undirbúa skýrslu um framkvæmd 4. gr. Í skýrslunni skal einkum meta gildissvið þeirrar greinar, áhrif hennar og kostnað og ávinning af henni. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.

4. Innan fjögurra ára eftir fyrsta samþykki á sérstöku kerfi til vörutengds eftirlits fyrir útflutning sem um getur í 3. mgr. 35. gr. skal framkvæmdastjórnin framkvæma mat á áhrifum og kostnaðarhagkvæmni kerfisins.

5. Til að greiða fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin semja viðmiðunarreglur um að koma 4. gr. til framkvæmdar í reynd að því er varðar markaðseftirlitsyfirvöld og rekstraraðila.

*43. gr.*

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdagerðinni að því er varðar framkvæmdarvaldið sem um getur í 11. gr. (4. mgr.), 21. gr. (9. mgr.), 25. gr. (8. mgr.), 35. gr. (10. mgr.) og 35. gr. (11. mgr.) þessarar reglugerðar og ákvæði þriðju undirgreinar 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 182/2011 gilda.

*44. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2021. Ákvæði 29., 30., 31., 32., 33. og 36. gr. koma þó til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2019.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| A. TAJANI | G. CIAMBA |
| *forseti.* | *forseti.* |

*I. VIÐAUKI*

**Skrá yfir samhæfingarlöggjöf Sambandsins**

1. Tilskipun ráðsins 69/493/EBE frá 15. desember 1969 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristallsgler (Stjtíð. EB L 326, 29.12.1969, bls. 36).

2. Tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja (Stjtíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 16.).

3. Tilskipun ráðsins 75/107/EBE frá 19. desember 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi flöskur (ílát) sem notaðar eru sem mælikeröld (Stjtíð. EB L 42, 15.2.1975, bls. 14).

4. Tilskipun ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa (Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40).

5. Tilskipun ráðsins 76/211/EBE frá 20. janúar 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreinda vigt eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru (Stjtíð. EB L 46, 21.2.1976, bls. 1.).

6. Tilskipun ráðsins 80/181/EBE frá 20. desember 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar og um ógildingu tilskipunar 71/354/EBE (Stjtíð. EB L 39, 15.2.1980, bls. 40).

7. Tilskipun ráðsins 92/42/EBE frá 21. maí 1992 um kröfur varðandi orkunýtni nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti (Stjtíð, EB L 167, 22.6.1992, bls. 17).

8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB frá 23. mars 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásöludreifingu (Stjtíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 37).

9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE (Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58).

11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

12. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/14/EB frá 8. maí 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða hávaðamengun í umhverfinu af völdum búnaðar til nota utanhúss (Stjtíð. EB L 162, 3.7.2000, bls. 1).

13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).

14. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð (Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1).

15. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni (Stjtíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1).

16. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7).

17. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnum til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB (Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87).

18. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/64/EB frá 26. október 2005 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika þeirra og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 10).

19. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (endursamin) (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24).

20. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB frá 17. maí 2006 um losun frá loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12).

21. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE (Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1).

22. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

23. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).

24. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/45/EB frá 5. september 2007 um reglur um tilgreint magn forpakkaðrar vöru, um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 75/106/EBE og 80/232/EBE og um breytingu á tilskipun ráðsins 76/211/EBE (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 17).

25. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

26. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB (Stjtíð. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 1).

27. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 79/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vetnisknúinna ökutækja og um breytingu á tilskipun 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 32).

28. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/34/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit (Stjtíð. ESB L 106, 28.4.2009, bls. 7).

29. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga (Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1).

30. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB (Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1).

31. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1).

32. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur (endurútgefin) (Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).

33. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins (Stjtíð. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1).

34. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 frá 25. nóvember 2009 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðrar nauðsynlegar kennistærðir (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 46).

35. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59).

36. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1).

37. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/35/ESB frá 16. júní 2010 um færanlegan þrýstibúnað og niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 76/767/EBE, 84/525/EBE, 84/526/EBE, 84/527/EBE og 1999/36/EB (Stjtíð. ESB L 165, 30.6.2010, bls. 1).

38. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5).

39. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88).

40. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 frá 27. september 2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 73/44/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB og 2008/121/EB (Stjtíð. ESB L 272, 18.10.2011, bls. 1).

41. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

42. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (endursamin) (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

43. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1).

44. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

45. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/29/ESB frá 12. júní 2013 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða flugeldavörur fram á markaði (Stjtíð. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 27).

46. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/53/ESB frá 20. nóvember 2013 um skemmtibáta og einmenningsför á sjó og um niðurfellingu á tilskipun 94/25/EB (Stjtíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 90).

47. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/28/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða sprengiefni til almennra nota fram á markaði og um eftirlit með þeim (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 1).

48. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/29/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða einföld þrýstihylki fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 45).

49. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 79).

50. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/31/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða ósjálfvirkan vogarbúnað fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 107).

51. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða mælitæki fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 149).

52. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/33/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um lyftur og öryggisíhluti fyrir lyftur (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 251).

53. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og verndarkerfi sem eru ætluð til notkunar í hugsanlega sprengifimu lofti (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 309).

54. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða rafföng fram á markaði sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).

55. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1).

56. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62).

57. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/68/ESB frá 15. maí 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði (Stjtíð. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 164).

58. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014 um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146).

59. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 (Stjtíð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 195).

60. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 frá 16. apríl 2014 um hljóðstig vélknúinna ökutækja og hljóðdeyfikerfa til endurnýjunar og breytingu á tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu tilskipunar 70/157/EBE (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 131).

61. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/424 frá 9. mars 2016 um togbrautarbúnað og niðurfellingu á tilskipun 2000/9/EB (Stjtíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 1).

62. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 frá 9. mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/686/EBE (Stjtíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 51).

63. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/426 frá 9. mars 2016 um tæki sem brenna loftkenndu eldsneyti og niðurfellingu á tilskipun 2009/142/EB (Stjtíð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 99).

64. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (Stjtíð. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53).

65. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/745 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki, um breytingu á tilskipun 2001/83/EB, reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 1223/2009 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 90/385/EBE og 93/42/EBE (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 1).

66. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/746 frá 5. apríl 2017 um lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi og um niðurfellingu á tilskipun 98/79/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/227/ESB (Stjtíð. ESB L 117, 5.5.2017, bls. 176).

67. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 frá 17. maí 2017 um kvikasilfur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1102/2008 (Stjtíð. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 1).

68. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1).

69. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

70. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1), að svo miklu leyti sem að varðar hönnun, framleiðslu og setningu loftfara á markað, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr., þegar það varðar ómönnuð loftför, og hreyfla þeirra, loftskrúfur, hluta og búnaðar til að fjarstýra loftfarinu.

———

*II. VIÐAUKI*

**Skrá yfir samhæfingarlöggjöf Sambandsins án ákvæða um viðurlög**

1. Tilskipun ráðsins 69/493/EBE frá 15. desember 1969 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristallsgler (Stjtíð. EB L 326, 29.12.1969, bls. 36).

2. Tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja (Stjtíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 16.).

3. Tilskipun ráðsins 75/107/EBE frá 19. desember 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi flöskur (ílát) sem notaðar eru sem mælikeröld (Stjtíð. EB L 42, 15.2.1975, bls. 14).

4. Tilskipun ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa (Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40).

5. Tilskipun ráðsins 76/211/EBE frá 20. janúar 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreinda vigt eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru (Stjtíð. EB L 46, 21.2.1976, bls. 1.).

6. Tilskipun ráðsins 92/42/EBE frá 21. maí 1992 um kröfur varðandi orkunýtni nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti (Stjtíð, EB L 167, 22.6.1992, bls. 17).

7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EB frá 23. mars 1994 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásöludreifingu (Stjtíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 37).

8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/14/EB frá 8. maí 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða hávaðamengun í umhverfinu af völdum búnaðar til nota utanhúss (Stjtíð. EB L 162, 3.7.2000, bls. 1).

10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).

11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/64/EB frá 26. október 2005 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika þeirra og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 10).

12. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB frá 17. maí 2006 um losun frá loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12).

13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/45/EB frá 5. september 2007 um reglur um tilgreint magn forpakkaðrar vöru, um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 75/106/EBE og 80/232/EBE og um breytingu á tilskipun ráðsins 76/211/EBE (Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 17).

14. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 frá 25. nóvember 2009 um merkingu hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðrar nauðsynlegar kennistærðir (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 46).

15. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/35/ESB frá 16. júní 2010 um færanlegan þrýstibúnað og niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 76/767/EBE, 84/525/EBE, 84/526/EBE, 84/527/EBE og 1999/36/EB (Stjtíð. ESB L 165, 30.6.2010, bls. 1).

16. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5).

17. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 frá 27. september 2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 73/44/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB og 2008/121/EB (Stjtíð. ESB L 272, 18.10.2011, bls. 1).

18. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014 um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146).

19. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 frá 16. apríl 2014 um hljóðstig vélknúinna ökutækja og hljóðdeyfikerfa til endurnýjunar og breytingu á tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu tilskipunar 70/157/EBE (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 131).

———

*III. VIÐAUKI*

**Samsvörunartafla**

| Reglugerð (EB) nr. 765/2008 | Þessi reglugerð |
|---|---|
| 2. mgr. 1. gr. | 1. mgr. 1. gr. |
| 3. mgr. 1. gr. | 3. mgr. 1. gr. |
| 1. liður 2. gr. | 1. liður 3. gr. |
| 2. liður 2. gr. | 2. liður 3. gr. |
| 14. liður 2. gr. | 22. liður 3. gr. |
| 15. liður 2. gr. | 23. liður 3. gr. |
| 17. liður 2. gr. | 3. liður 3. gr. |
| 18. liður 2. gr. | 4. liður 3. gr. |
| 19. liður 2. gr. | 25. liður 3. gr. |
| 1. og 2. mgr. 15. gr. | 1. mgr. 2. gr. |
| 3. mgr. 15. gr. | 3. mgr. 2. gr. |
| 4. mgr. 15. gr. | — |
| 5. mgr. 15. gr. | 2. mgr. 2. gr. |
| 1. mgr. 16. gr. | 1. mgr. 10. gr. |
| 2. mgr. 16. gr. | 5. mgr. 16. gr. |
| 3. mgr. 16. gr. | — |
| 4. mgr. 16. gr. | — |
| 1. mgr. 17. gr. | 2. mgr. 10. gr. |
| 2. mgr. 17. gr. | Síðasti málsliður 1. mgr. 34. gr. og a-liður 3. mgr. 34. gr. |
| 1. mgr. 18. gr. | 6. mgr. 10. gr. |
| a-liður 2. mgr. 18. gr. | a-liður 7. mgr. 11. gr. |
| b-liður 2. mgr. 18. gr. | — |
| c-liður 2. mgr. 18. gr. | b-liður 7. mgr. 11. gr. |
| d-liður 2. mgr. 18. gr. | — |
| 3. mgr. 18. gr. | 5. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 14. gr. |
| 4. mgr. 18. gr. | 2. mgr. 14. gr. |
| 5. mgr. 18. gr. | 13. gr. |
| 6. mgr. 18. gr. | o-liður 2. mgr. 31. gr. |
| Fyrsta undirgrein 1. mgr. 19. gr. | 3. mgr. 11. gr. |
| Önnur undirgrein 1. mgr. 19. gr. | a-, b-, e- og j-liður 4. mgr. 14. gr. |
| Þriðja undirgrein 1. mgr. 19. gr. | 5. mgr. 11. gr. |
| 2. mgr. 19. gr. | g-liður 3. mgr. 16. gr. |
| 3. mgr. 19. gr. | 2. mgr. 18. gr. |
| 4. mgr. 19. gr. | 2. mgr. 11. gr. |
| 5. mgr. 19. gr. | 17. gr. |

| Reglugerð (EB) nr. 765/2008 | Þessi reglugerð |
|---|---|
| 1. mgr. 20. gr. | 1. mgr. 19. gr. |
| 2. mgr. 20. gr. | 2. mgr. 19. gr. |
| 1. mgr. 21. gr. | 1. mgr. 18. gr. |
| 2. mgr. 21. gr. | 2. mgr. 18. gr. |
| 3. mgr. 21. gr. | 3. mgr. 18. gr. |
| 4. mgr. 21. gr. | — |
| 1. mgr. 22. gr. | 1. mgr. 20. gr. |
| 2. mgr. 22. gr. | 2. mgr. 20. gr. |
| 3. mgr. 22. gr. | 3. mgr. 20. gr. |
| 4. mgr. 22. gr. | 4. mgr. 20. gr. |
| 1. og 3. mgr. 23. gr. | 1. mgr. 34. gr. |
| 2. mgr. 23. gr. | 4. mgr. 34. gr. |
| 1. mgr. 24. gr. | 1. mgr. 22. gr. |
| 2. mgr. 24. gr. | 2. til 5. mgr. 22. gr. |
| 3. mgr. 24. gr. | — |
| 4. mgr. 24. gr. | — |
| 1. mgr. 25. gr. | — |
| a-liður 2. mgr. 25. gr. | f-liður 2. mgr. 31. gr. og i- og k-liður 1. mgr. 33. gr. |
| b-liður 2. mgr. 25. gr. | g- og m-liður 2. mgr. 31. gr. og i- og k-liður 1. mgr. 33. gr. |
| 3. mgr. 25. gr. | — |
| 26. gr. | — |
| Fyrsti málsliður 1. mgr. 27. gr. | 2. mgr. 25. gr. |
| Annar málsliður 1. mgr. 27. gr. | 3. mgr. 25. gr. |
| 2. mgr. 27. gr. | 4. mgr. 25. gr. |
| Fyrsta undirgrein 3. mgr. 27. gr. | 1. mgr. 26. gr. |
| Önnur undirgrein 3. mgr. 27. gr. | 2. mgr. 26. gr. |
| 4. mgr. 27. gr. | — |
| 5. mgr. 27. gr. | — |
| 1. mgr. 28. gr. | a-liður fyrstu málsgreinar 27. gr. |
| 2. mgr. 28. gr. | b-liður fyrstu málsgreinar 27. gr. |
| 1. mgr. 29. gr. | 1. mgr. 28. gr. |
| 2. mgr. 29. gr. | 2. mgr. 28. gr. |
| 3. mgr. 29. gr. | 3. mgr. 28. gr. |
| 4. mgr. 29. gr. | 4. mgr. 28. gr. |
| 5. mgr. 29. gr. | 5. mgr. 25. gr. |
| d-liður 1. mgr. 32. gr. | — |
| e-liður 1. mgr. 32. gr. | e-liður 2. mgr. 36. gr. |

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1121** **2024/EES/11/44**

**frá 8. júlí 2021**

**þar sem tilgreindar eru upplýsingar um tölfræðileg gögn, sem aðildarríkin eiga að leggja fram að því er varðar eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, með tilliti til öryggis og samræmi vara** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1020 frá 20. júní 2019 um markaðseftirlit og samræmi vara við kröfur og um breytingu á tilskipun 2004/42/EB og reglugerðum (EB) nr. 765/2008 og (ESB) nr. 305/2011 ([1]), einkum 9. mgr. 25. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020 skulu aðildarríki leggja nákvæm tölfræðileg gögn fyrir framkvæmdastjórnina um eftirlitið sem sinnt er af yfirvöldunum sem þau hafa tilnefnt skv. 1. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar að því er varðar vörur sem falla undir lög Sambandsins og koma inn á markað Sambandsins. Samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1020 skulu tölfræðilegu gögnin ná yfir fjölda íhlutana á sviði eftirlits með slíkum vörum að því er varðar öryggi og samræmi vara.

2) Nauðsynlegt er að tilgreina upplýsingarnar varðandi slík tölfræðileg gögn.

3) Ef íhlutun yfirvalda, sem tilnefnd eru skv. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020, leiðir til þess að markaðseftirlitsyfirvöld geri þá kröfu að vara verði ekki afgreidd í frjálst flæði skv. 1. og 2. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar, ætti að bæta ítarlegri upplýsingum um viðkomandi vöru við tölfræðilegu gögnin um fjölda íhlutana í því skyni að skilja betur vandamál og þróun að því er varðar öryggi og samræmi vara. Þau tölfræðilegu gögn sem lögð eru fram geta einnig stuðlað að bættri áhættustýringu.

4) Þó að tölfræðilegu gögnin sem lögð eru fyrir framkvæmdastjórnina um íhlutanir á sviði eftirlits ættu að ná yfir allt eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins ættu þau engu að síður aðeins að ná yfir eftirlit þar sem íhlutun tilnefndra yfirvalda hefur í raun átt sér stað. Tölfræðilegu gögnin ættu því ekki að ná yfir gögn um eftirlit sem fer eingöngu fram með rafrænni gagnavinnslutækni.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

1. Tölfræðilegu gögnin, sem leggja skal fram skv. 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020, skulu ná yfir eftirfarandi upplýsingar um íhlutanir á sviði eftirlits með vörum sem falla undir lög Sambandsins að því er varðar öryggi og samræmi vara:

a) heildarfjölda íhlutana,

b) heildarfjölda íhlutana sem hafa leitt til tímabundinnar stöðvunar á afgreiðslu í frjálst flæði skv. 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020,

c) fyrir hverja íhlutun sem hefur annaðhvort leitt til kröfu hlutaðeigandi yfirvalda um að viðkomandi rekstraraðilar ljúki sértækum aðgerðum eða kröfu markaðseftirlitsyfirvalds um að afgreiða ekki vöru í frjálst flæði skv. 1. og 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020:

   i. dagsetninguna þegar tollyfirvöld samþykktu tollskýrsluna,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 317/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 1.

ii. upplýsingar um tegund tollskýrslu ef um er að ræða tollskýrslu með skertu gagnasafni skv. 143. gr. a og 144. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 ([2]),

iii. upprunaland (gagnastak 16 08 000 000) eða, ef það er ekki tiltækt, land útflytjanda (gagnaundirstak 13 01 018 020),

iv. undirnúmer úr samræmdri tollskrá (gagnaundirstak 18 09 056 000),

v. númer úr sameinaðri nafnaskrá ef það liggur fyrir (gagnaundirstak 18 09 057 000),

vi. viðbótareiningarnar (gagnastak 18 02 000 000) eða ef þær eru ekki tiltækar nettómassi (gagnastak 18 01 000 000),

vii. flutningsmáta við landamæri (gagnastak 19 03 000 000),

viii. helstu vöruflokka sem um er að ræða,

ix. helstu löggjöf Sambandsins sem markaðseftirlitsyfirvöld hafa sannreynt að brotið hafi verið gegn,

x. upplýsingar um hvort varan geti verið afgreidd í frjálst flæði ef hlutaðeigandi rekstraraðilar ljúka sértækum aðgerðum eins og krafist er af viðkomandi yfirvöldum.

2. Gögnin sem um getur í 1. mgr. skulu ná yfir gögn um allt eftirlit að undanskildu eftirliti sem fer eingöngu fram með rafrænni gagnavinnslutækni.

3. Ef tollskýrsla tekur til vara sem falla undir tvo eða fleiri liði í þeirri tollskýrslu, að því er varðar 1. mgr., skal líta á íhlutunina vegna hvers liðs sem sérstaka íhlutun.

4. Að því er varðar iii.–vii. lið c-liðar 1. mgr. þessarar greinar skulu gögnin, sem leggja skal fram, vera upplýsingarnar sem eru tiltækar í tollskýrslunni samkvæmt samsvarandi gagnastaki í viðauka B við framselda reglugerð (ESB) 2015/2446. Ef aðildarríki, í samræmi við 2. gr., 143. gr. a og 144. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/2446 eða aðrar umbreytingarreglur sem settar eru fram í þeirri reglugerð, beita öðrum gagnakröfum á tollskýrsluna skulu gögnin, sem leggja skal fram, samanstanda af jafngildu upplýsingunum sem eru tiltækar í tollskýrslunni sem ná yfir þessar gagnakröfur.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2446 frá 28. júlí 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 að því er varðar ítarlegar reglur varðandi tiltekin ákvæði tollalaga Sambandsins (Stjtíð. ESB L 343, 29.12.2015, bls. 1).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1267** **2024/EES/11/45**

**frá 20. júlí 2022**

**um að tilgreina verklagsreglur við tilnefningu prófunarstöðva Sambandsins vegna markaðseftirlits og sannprófunar á samræmi vöru við kröfur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1020** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1020 frá 20. júní 2019 um markaðseftirlit og samræmi vara við kröfur og um breytingu á tilskipun 2004/42/EB og reglugerðum (EB) nr. 765/2008 og (ESB) nr. 305/2011 ([1]), einkum 9. mgr. 21. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Eitt af markmiðunum með prófunarstöðvum Sambandsins er að aðstoða landsbundin markaðseftirlitsyfirvöld í starfsemi sinni við að stuðla að bættri afkastagetu rannsóknarstofa varðandi tiltekna vöruflokka eða sérstaka áhættu varðandi vöruflokk. Verklagsreglur við tilnefningu prófunarstöðva Sambandsins ættu einkum að tryggja að prófunarstöðvar Sambandsins séu tilnefndar þar sem skortur er á afkastagetu rannsóknarstofa vegna prófana.

2) Til að koma í veg fyrir skort á afkastagetu rannsóknarstofa ætti að veita víðtæka heimild til að tilnefna prófunarstöðvar. Með það fyrir augum að veita slíka heimild og til að tryggja gagnsæi í ferlinu, sem leiðir til tilnefningar, ætti að ákvarða hvaða opinberu prófunarstöðvar í aðildarríkjunum eigi að tilnefna sem prófunarstöðvar Sambandsins í kjölfar auglýsinga eftir áhugayfirlýsingum.

3) Tilnefna ætti prófunarstöðvar framkvæmdastjórnarinnar sem prófunarstöðvar Sambandsins með beinni tilnefningu frá framkvæmdastjórninni.

4) Vegna mikils fjölda vöruflokka og sérstakrar áhættu varðandi vöruflokk ætti að hafa samráð við Samstarfsnet Sambandsins um að vörur samræmist kröfum, sem komið var á fót skv. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020, til að tryggja rétta forgangsröðun slíkra flokka og sérstakrar áhættu.

5) Endurskoða ætti reglulega tilnefningu prófunarstöðva Sambandsins til að sannprófa að þær tryggi ávallt hágæða vöruprófanir og að þær veiti afar vandaða tækni- og vísindalega ráðgjöf.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Verklagsreglur við tilnefningu prófunarstöðva Sambandsins**

1. Tilnefna skal opinberar prófunarstöðvar aðildarríkja sem prófunarstöðvar Sambandsins í kjölfar auglýsingar eftir áhugayfirlýsingum þar sem skilyrðin fyrir tilnefningu þeirra eru sett fram.

2. Tilnefna skal prófunarstöðvar framkvæmdastjórnarinnar sem prófunarstöðvar Sambandsins í kjölfar beinnar tilnefningar frá framkvæmdastjórninni þar sem skilyrðin fyrir tilnefningunni eru sett fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 192, 21.7.2022, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 317/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 1.

3. Áður en tilnefningin fer fram skal hafa samráð við Samstarfsnet Sambandsins um að vörur samræmist kröfum, sem komið var á fót skv. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020, um eftirfarandi:

a) tiltekna vöruflokka og sérstaka áhættu varðandi vöruflokk þar sem þörf er á að tilnefna prófunarstöðvar Sambandsins,

b) skilyrðin fyrir tilnefningu prófunarstöðva Sambandsins til að tryggja ávallt hágæða vöruprófanir og að tækni- og vísindalega ráðgjöfin sé afar vönduð.

*2. gr.*

**Endurskoðun tilnefningar**

1. Framkvæmdastjórnin skal reglulega, í samráði við Samstarfsnetið, endurskoða tilnefningar prófunarstöðva Sambandsins til að ganga úr skugga um að prófunarstöðvar Sambandsins uppfylli skilyrðin fyrir tilnefningunum og kröfurnar sem settar eru fram í 21. gr. (3., 5. og 6. mgr.) reglugerðar (ESB) 2019/1020.

2. Frestur til að ákvarða endurskoðun tilnefningar prófunarstöðvar Sambandsins skal settur fram í ákvörðuninni um að tilnefna prófunarstöð.

3. Ef prófunarstöð Sambandsins uppfyllir ekki skilyrðin fyrir tilnefningunni og kröfurnar, sem settar eru fram í 21. gr. (3., 5. og 6. mgr.) reglugerðar (ESB) 2019/1020, skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Samstarfsnetið, draga tilnefninguna til baka, eftir því sem við á.

*3. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/1149** **2024/EES/11/46**

**frá 20. júní 2019**

**um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344**

**(Texti sem varðar EES og Sviss)** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 46. og 48. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Frjáls för launafólks, staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu eru grundvallarreglur innri markaðar Sambandsins, sem bundnar eru í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE).

2) Samkvæmt 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið skal Sambandið vinna að afar samkeppnishæfu, félagslegu markaðshagkerfi, þar sem markmiðið er atvinna fyrir alla og félagslegar framfarir og stuðla að félagslegu réttlæti og vernd, jafnrétti kvenna og karla, samstöðu kynslóðanna og berjast gegn mismunun. Samkvæmt 9. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal Sambandið taka, við mótun og framkvæmd á stefnum og starfsemi sinni, tillit til krafna sem stuðla að háu atvinnustigi, tryggja fullnægjandi félagslega vernd, vinna gegn félagslegri útilokun, stuðla að góðri menntun, starfsmenntun og vernd fyrir heilbrigði manna.

3) Evrópustoð félagslegra réttinda var viðfangsefni sameiginlegrar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá leiðtogafundi um sanngjörn störf og hagvöxt í Gautaborg 17. nóvember 2017. Á þeim fundi var lögð áhersla á nauðsyn þess að setja fólk í forgang til að þróa frekar félagsmálaþátt Sambandsins og til að stuðla að samleitni með átaki á öllum stigum, eins og staðfest var í ályktunum leiðtogaráðsins í kjölfar fundar þess 14. og 15. desember 2017.

4) Í sameiginlegri yfirlýsingu sinni um forgangsmál í löggjöf ESB fyrir árin 2018 til 2019 skuldbundu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin sig til að grípa til aðgerða til að styrkja félagsmálaþátt Sambandsins með því að vinna að því að bæta samræmingu almannatryggingakerfa, vernda starfsmenn fyrir heilbrigðisáhættu á vinnustöðum, tryggja öllum sanngjarna meðferð á vinnumarkaði Sambandsins á grundvelli nútímalegra reglna um útsendingu starfsmanna og með því að bæta enn frekar framfylgd laga Sambandsins yfir landamæri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 319/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga), VI. viðauka (Félagslegt öryggi) og bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 440, 6.12.2018, bls. 128.

([2]) Stjtíð. ESB C 461, 21.12.2018, bls. 16.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 13. júní 2019.

5) Til að vernda réttindi farstarfsmanna og stuðla að sanngjarnri samkeppni milli fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, er afar áríðandi að bæta framfylgd laga Sambandsins yfir landamæri að því er varðar hreyfanleika vinnuafls og ráðast gegn misnotkun.

6) Koma ætti á fót evrópskri vinnumálastofnun (hér eftir nefnd „Vinnumálastofnunin“) til að efla sanngirni og traust á innri markaðnum. Skilgreina ætti markmið Vinnumálastofnunarinnar með skýrum hætti og leggja ríka áherslu á takmarkaðan fjölda verkefna til að tryggja eins skilvirka nýtingu tiltæks fjármagns og mögulegt er á sviðum sem Vinnumálastofnunin getur fært mestan virðisauka. Í þeim tilgangi ætti Vinnumálastofnunin að aðstoða aðildarríkin og framkvæmdastjórnina við að efla aðgang að upplýsingum, styðja við reglufylgni aðildarríkjanna og samstarf þeirra á milli með samræmdri, skilvirkri og árangursríkri beitingu og framfylgd á lögum Sambandsins sem varða hreyfanleika vinnuafls innan Sambandsins og samræmingu almannatryggingakerfa innan Sambandsins og stofnunin ætti að miðla málum og greiða fyrir lausnum í deilumálum.

7) Nauðsynlegt er að bæta aðgengi einstaklinga og vinnuveitenda, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, að upplýsingum um réttindi þeirra og skyldur að því er varðar hreyfanleika vinnuafls, frjálsa þjónustustarfsemi og samræmingu almannatrygginga svo að unnt sé að gera þeim kleift að njóta til fulls ávinnings af innri markaðnum.

8) Vinnumálastofnunin ætti að sinna starfsemi sinni á sviði hreyfanleika vinnuafls innan Sambandsins og samræmingar almannatrygginga, þ.m.t. frjáls för launafólks, útsending starfsmanna og þjónusta sem byggist á miklum hreyfanleika. Hún ætti einnig að efla samstarf milli aðildarríkja um að taka á svartri vinnu og öðrum aðstæðum sem stofna eðlilegri starfsemi innri markaðarins í hættu, t.d. skúffufyrirtækjum og gerviverktöku, án þess að hafa áhrif á valdheimildir aðildarríkja til að ákvarða landsbundnar ráðstafanir. Ef Vinnumálastofnunin hefur í starfsemi sinni grun um misfellur á sviðum sem falla undir lög Sambandsins, s.s. brot á vinnuskilyrðum eða reglum um heilbrigði og öryggi eða nauðungarvinnu, ætti hún að geta tilkynnt slíkt til landsbundinna yfirvalda viðkomandi aðildarríkja og átt samstarf um slíkt við þau og, eftir því sem við á, framkvæmdastjórnina og aðrar lögbærar stofnanir Sambandsins.

9) Starfsemi Vinnumálastofnunarinnar ætti að taka til tiltekinna réttargerða Sambandsins sem tilgreindar eru í þessari reglugerð, m.a. breytinga á þeim. Framlengja ætti þá skrá ef um er að ræða frekari samþykktir á réttargerðum Sambandsins á sviði hreyfanleika vinnuafls innan Sambandsins.

10) Vinnumálastofnunin ætti að leggja sitt af mörkum með virkum hætti til aðgerða Sambandsins og aðildarríkjanna að því er varðar hreyfanleika vinnuafls innan Sambandsins og samræmingu á sviði almannatrygginga með því að inna verkefni sín af hendi í fullu samstarfi við stofnanir og aðila Sambandsins og aðildarríkin en forðast jafnframt hvers kyns tvíverknað og stuðla að samvirkni og fylld.

11) Vinnumálastofnunin ætti að leggja sitt af mörkum til að auðveldara verði að beita og framfylgja lögum Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar og styðja við framfylgd þessara ákvæða sem koma til framkvæmda með kjarasamningum, sem hafa almennt gildi, í samræmi við venjur í aðildarríkjunum. Í því skyni ætti Vinnumálastofnunin að setja upp sameiginlegt vefsetur Sambandsins til að veita aðgang að öllum viðeigandi vefsetrum Sambandsins og landsbundnum vefsetrum sem komið er á fót í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/54/ESB ([5]). Með fyrirvara um verkefni og starfsemi framkvæmdaráðsins um samræmingu almannatryggingakerfa (hér eftir nefnt „framkvæmdaráðið“), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 ([6]), ætti Vinnumálastofnunin einnig að aðstoða við samræmingu almannatryggingakerfa.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (Stjtíð. ESB L 159, 28.05.2014, bls. 11).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/54/ESB frá 16. apríl 2014 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að launþegar geti nýtt sér þau réttindi sem þeir hafa í tengslum við frjálsa för launþega (Stjtíð. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 8).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).

12) Í vissum tilvikum hafa geirabundin lög Sambandsins verið samþykkt til að bregðast við sérstökum þörfum tiltekinna geira, s.s. á sviði millilandaflutninga, þ.m.t. vega, járnbrauta, sjóflutninga, skipgengra vatnaleiða og flugs. Vinnumálastofnunin ætti einnig, innan gildissviðs þessarar reglugerðar, að takast á við þætti sem varða hreyfanleika vinnuafls yfir landamæri og félagslegt öryggi vegna beitingar slíkra geirabundinna laga Sambandsins. Meta ætti með reglubundnum hætti og, ef við á, endurskoða umfang starfsemi Vinnumálastofnunarinnar, einkum varðandi það hvort auka ætti við starfsemi hennar svo hún nái yfir réttargerðir Sambandsins sem taka til geirabundinna þarfa á sviði millilandaflutninga.

13) Starfsemi Vinnumálastofnunarinnar ætti að ná til einstaklinga sem falla undir lög Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar, þ.m.t. launafólks, sjálfstætt starfandi einstaklinga og fólks í atvinnuleit. Til slíkra einstaklinga ættu að teljast borgarar Sambandsins og ríkisborgarar þriðju landa sem eru með lagalega búsetu í Sambandinu, s.s. útsendir starfsmenn, einstaklingar sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis eða einstaklingar með fasta búsetu, auk aðstandenda þeirra, í samræmi við lög Sambandsins sem gilda um hreyfanleika þeirra innan Sambandsins.

14) Tilgangurinn með því að koma Vinnumálastofnuninni á fót ætti ekki að vera sá að skapa ný réttindi eða skyldur fyrir einstaklinga eða vinnuveitendur, þ.m.t. rekstraraðila eða fyrirtæki sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, þar eð í starfsemi stofnunarinnar ætti að gera ráð fyrir slíkum einstaklingum og vinnuveitendum að því marki sem þeir falla undir lög Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar. Aukin samvinna um framfylgd ætti hvorki að leggja óhóflega stjórnsýslubyrði á farstarfsmenn eða vinnuveitendur, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, né heldur koma í veg fyrir hreyfanleika vinnuafls.

15) Til að tryggja að einstaklingar og vinnuveitendur geti notið ávinnings af sanngjörnum og skilvirkum innri markaði ætti Vinnumálastofnunin að styðja aðildarríkin í því að efla tækifæri í tengslum við hreyfanleika vinnuafls eða þjónustustarfsemi og ráðningar alls staðar í Sambandinu, m.a. tækifæri sem felast í aðgengi að þjónustu vegna hreyfanleika yfir landamæri, s.s. pörun starfa yfir landamæri, starfsþjálfun og námi á námssamningi og hreyfanleikaáætlunum á borð við „Fyrsta EURES-starfið þitt“ (Your first EURES job) eða ErasmusPRO. Vinnumálastofnunin ætti einnig að stuðla að bættu gagnsæi upplýsinga, m.a. um réttindi og skyldur sem kveðið er á um í lögum Sambandsins, og að aðgengi einstaklinga og vinnuveitenda að þjónustu í samstarfi við aðrar upplýsingaþjónustuveitur Sambandsins, eins og þjónustuveituna Þín Evrópa - ráðgjöf (Your Europe Advice), og að því að unnt sé að nýta sér til fulls og tryggja samræmi við gáttina Þín Evrópa (Your Europe portal) sem á að vera hryggjarstykkið í sameiginlegri stafrænni gátt sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 ([7]).

16) Í þessu skyni ætti Vinnumálastofnunin að eiga samstarf innan ramma annarra viðeigandi frumkvæðisverkefna og tengslaneta Sambandsins, einkum samstarfsnets opinberra vinnumiðlana í Evrópu (European Network of Public Employment Services), evrópska fyrirtækjanetsins (European Enterprise Network), landamæramiðstöðvarinnar (Border Focal Point), nets til úrlausnar á vandamálum á innri markaði (SOLVIT) og nefndar háttsettra vinnueftirlitsmanna (Senior Labour Inspectors Committee), sem og innan ramma viðeigandi landsstofnana eins og aðila sem stuðla að jafnri meðferð og styðja launafólk í Sambandinu og aðstandendur þeirra, sem aðildarríkin tilnefna samkvæmt tilskipun 2014/54/ESB. Vinnumálastofnunin ætti að koma í stað framkvæmdastjórnarinnar við stjórn evrópskrar samráðsskrifstofu vinnumiðlunarnets Evrópu (EURES-netið), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 ([8]), þ.m.t. við að greina þarfir notenda og viðskiptalegar kröfur að því er varðar skilvirkni EURES-vefgáttarinnar og tengdrar upplýsingatækniþjónustu, en að undanskildum þeim ákvæðum er varða upplýsingatækni og rekstur og þróun á innviðum upplýsingatækni sem framkvæmdastjórnin mun áfram sjá um.

17) Í því skyni að tryggja sanngjarna, einfalda og skilvirka beitingu og framfylgd á lögum Sambandsins ætti Vinnumálastofnunin að styðja samstarf og tímabær upplýsingaskipti milli aðildarríkja. Landsbundnir tengifulltrúar, sem starfa hjá Vinnumálastofnuninni, ættu, ásamt öðru starfsfólki, að styðja aðildarríki í því að uppfylla skuldbindingar um samvinnu, flýta fyrir upplýsingaskiptum þeirra á milli með málsmeðferð sem á að draga úr töfum og tryggja tengsl við aðrar landsbundnar tengiskrifstofur, aðila og tengiliði sem komið er á fót samkvæmt lögum Sambandsins. Vinnumálastofnunin ætti að hvetja til notkunar á nýstárlegum aðferðum við árangursríkt og skilvirkt samstarf yfir landamæri, m.a. verkfærum til skiptast á rafrænum gögnum, t.d. kerfinu fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) og upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn (IMI), og hún ætti að leggja sitt af mörkum til að gera málsmeðferðir stafrænar og bæta upplýsingatæknitól sem notuð eru í boðskiptum milli landsbundinna yfirvalda.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 frá 13. apríl 2016 um vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið), aðgang launafólks að þjónustu vegna hreyfanleika og frekari samþættingu vinnumarkaða, og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) nr. 1296/2013 (Stjtíð. ESB L 107, 22.4.2016, bls. 1).

18) Til að auka getu aðildarríkjanna til að tryggja vernd einstaklinga, sem nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar, og takast á við misfellur sem ná yfir landamæri í tengslum við lög Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar ætti Vinnumálastofnunin að styðja landsbundin yfirvöld við framkvæmd samstilltra og sameiginlegra skoðana, þ.m.t. með því að greiða fyrir framkvæmd skoðana í samræmi við 10. gr. tilskipunar 2014/67/ESB. Þessar skoðanir ættu að fara fram að beiðni aðildarríkja eða eftir að þau hafa fallist á tillögu Vinnumálastofnunarinnar. Vinnumálastofnunin ætti að veita aðildarríkjum, sem taka þátt í samstilltum eða sameiginlegum skoðunum, stuðning í tengslum við stefnumótun, skipulag og tækni, jafnframt því að virða trúnaðarkvaðir að fullu. Skoðanir ættu að fara fram í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki og framkvæmdar innan ramma landslaga eða venja í þeim aðildarríkjum þar sem þær eru framkvæmdar. Aðildarríki ættu að fylgja eftir niðurstöðum samstilltu og sameiginlegu skoðananna samkvæmt landslögum eða venju.

19) Samstilltar og sameiginlegar skoðanir ættu ekki að koma í stað eða grafa undan landsbundum valdheimildum. Landsbundin yfirvöld ættu einnig að eiga fulla hlutdeild í slíkum skoðunarferlum og hafa óskorað vald. Ef stéttarfélög eru í forsvari fyrir skoðanir á innlendum vettvangi ættu samstilltar og sameiginlegar skoðanir að fara fram í kjölfar samkomulags við viðeigandi aðila vinnumarkaðarins og í samstarfi við þá.

20) Vinnumálastofnunin ætti að þróa, í samstarfi við aðildarríki og, eftir því sem við á, aðila vinnumarkaðarins, getu til greininga og áhættumats til þess að geta fylgst með nýrri þróun, áskorunum og glufum að því er varðar hreyfanleika vinnuafls og samræmingu almannatrygginga. Þetta ætti að taka til greininga og athugana á vinnumarkaðnum, sem og jafningjarýni. Vinnumálastofnunin ætti að fylgjast með mögulegu ójafnvægi með tilliti til færni og flæðis vinnuafls yfir landamæri, m.a. hugsanlegum áhrifum slíks á samheldni milli svæða. Vinnumálastofnunin ætti einnig að styðja við áhættumatið sem um getur í 10. gr. tilskipunar 2014/67/ESB. Vinnumálastofnunin ætti að tryggja að starf hennar og starf sérstofnana, þjónustuaðila og tengslaneta Sambandsins feli í sér samlegðaráhrif og komi hvert öðru til fyllingar.. Þetta ætti að fela í sér að leitað verði álits frá neti til úrlausnar vandamálum á innri markaði (SOLVIT) og sambærilegrar þjónustu um geirabundnar áskoranir og endurtekin vandamál sem varða hreyfanleika vinnuafls innan gildissviðs þessarar reglugerðar. Vinnumálastofnunin ætti einnig að auðvelda og einfalda þá gagnasöfnunstarfsemi sem kveðið er á um í lögum Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar. Þetta felur ekki í sér nýjar skuldbindingar um skýrslugjöf fyrir aðildarríkin.

21) Til að styrkja burði landsbundinna yfirvalda að því er varðar hreyfanleika vinnuafls og samræmingu almannatrygginga og efla samræmda beitingu laga Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar ætti Vinnumálastofnunin að veita landsbundnum yfirvöldum aðstoð við framkvæmd aðgerða, m.a. með því að þróa hagnýtar viðmiðunarreglur, koma á fót þjálfunar- og jafningjafræðsluáætlunum, þ.m.t. fyrir vinnueftirlitsstofnanir til að takast á við áskoranir á borð við gerviverktöku og misnotkun á útsendingu starfsmanna, stuðla að verkefnum um gagnkvæma aðstoð, greiða fyrir starfsmannaskiptum, eins og þeim sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2014/67/ESB, og aðstoða aðildarríki við að skipuleggja herferðir til vitundarvakningar sem upplýsa einstaklinga og vinnuveitendur um réttindi þeirra og skyldur. Vinnumálastofnunin ætti að stuðla að skiptum á góðum starfsvenjum og þekkingu, miðlun þeirra og útbreiðslu og stuðla að gagnkvæmum skilningi á mismunandi kerfum og starfsvenjum í aðildarríkjunum.

22) Vinnumálastofnunin ætti að þróa samlegðaráhrif milli verkefna sinna til að tryggja sanngjarnan hreyfanleika vinnuafls og að tekið verði á svartri vinnu. Í þessari reglugerð merkir hugtakið „taka á“ svartri vinnu að koma í veg fyrir, aftra fólki frá og berjast gegn svartri vinnu, sem og að stuðla að skráningu svartrar vinnu. Á grundvelli þekkingar og vinnuaðferða evrópska vettvangsins til að efla samstarf um að taka á svarti vinnu, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/344 ([9]), ætti Vinnumálastofnunin að koma á fót, með þátttöku aðila vinnumarkaðarins, varanlegum starfshópi, sem einnig er nefndur vettvangur, til að efla samstarf um að taka á svartri vinnu. Vinnumálastofnunin ætti að tryggja snurðulaus umskipti á núverandi starfsemi vettvangsins, sem komið var á fót með ákvörðun (ESB) 2016/344, yfir til starfshópsins innan Vinnumálastofnunarinnar.

23) Vinnumálastofnunin ætti að vera í hlutverki sáttamiðlara. Aðildarríki ættu að geta vísað einstökum deilumálum til Vinnumálastofnunarinnar til sáttameðferðar ef þeim hefur ekki tekist að leysa þau með beinu sambandi og samtali. Sáttameðferð ætti aðeins að varða deilumál milli aðildarríkja en einstaklingar og vinnuveitendur, sem eiga í erfiðleikum með að nýta sér Sambandsréttindi sín, ættu áfram að hafa aðgang að landsbundnum þjónustustofnunum og þjónustustofnunum Sambandsins sem eru sérhæfðar í því að fást við slík mál, t.d. SOLVIT-netið, sem Vinnumálastofnunin ætti að vísa slíkum málum til. SOLVIT-netið ætti einnig að geta vísað til Vinnumálastofnunarinnar málum sem ekki hefur tekist að leysa vegna ágreinings milli landsbundinna stjórnvalda. Vinnumálastofnunin ætti að sinna sáttamiðlunarhlutverki sínu með fyrirvara um valdheimildir Dómstóls Evrópusambandsins (hér eftir nefndur „Dómstóllinn“) að því er varðar túlkun á lögum Sambandsins og með fyrirvara um valdsvið framkvæmdaráðsins.

([9]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/344 frá 9. mars 2016 um að koma á fót evrópskum vettvangi til að efla samstarf við að taka á svartri vinnu (Stjtíð ESB L 65, 11.3.2016, bls. 12).

24) Í evrópskri umgjörð samvirkni (European Interoperability Framework (EIF)) eru meginreglur og tilmæli um hvernig bæta megi stjórnun á því starfi er lýtur að samvirkni og veitingu opinberrar þjónustu, stofna til sambanda þvert á stofnanir og yfir landamæri, einfalda ferla sem styðja við stafræn skipti enda á milli og tryggja að bæði gildandi og ný löggjöf styðji við meginreglur um samvirkni. Evrópska viðmiðunarhögunin fyrir samvirkni (European Interoperability Reference Architecture - EIRA) er almenn umgjörð sem samanstendur af meginreglum og leiðbeiningum sem eiga við um framkvæmd samvirknilausna sem um getur í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2240 ([10]). Bæði evrópsk umgjörð samvirkni og evrópska viðmiðunarhögunin fyrir samvirkni ættu að veita Vinnumálastofnuninni leiðsögn og stuðning í málum sem varða samvirkni.

25) Vinnumálastofnunin ætti að mið að því að bæta aðgengi að upplýsingum og þjónustu á Netinu fyrir hagsmunaaðila í aðildarríkjunum og í Sambandinu og greiða fyrir upplýsingaskiptum þeirra á milli. Því ætti Vinnumálastofnunin að hvetja til notkunar á stafrænum verkfærum þegar unnt er. Fyrir utan upplýsingatæknikerfi og vefsetur gegna stafræn verkfæri á borð við netvettvanga og gagnasöfn á Netinu æ mikilvægara hlutverki á vinnumarkaði yfir landamæri fyrir hreyfanlegt vinnuafl. Slík verkfæri eru þannig gagnleg til að veita auðveldan aðgang að viðeigandi upplýsingum á Netinu og auðvelda hagsmunaaðilum í aðildarríkjunum og í Sambandinu upplýsingaskipti varðandi starfsemi þeirra sem nær yfir landamæri.

26) Vinnumálastofnunin ætti að kappkosta að tryggja að vefsetur og smáforrit fyrir snjalltæki, sem eiga að framkvæma þau verkefni sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu í samræmi við viðeigandi kröfur Sambandsins um aðgengi. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 ([11]) er þess krafist að aðildarríkin tryggi að vefsetur opinberra aðila þeirra séu aðgengileg í samræmi við þær meginreglur að þau séu skýr, nothæf, skiljanleg og traust og uppfylli kröfur þeirrar tilskipunar. Sú tilskipun gildir ekki um vefsetur eða smáforrit stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins fyrir snjalltæki. Vinnumálastofnunin ætti þó að leitast við að fylgja þeim meginreglum sem settar eru fram í þeirri tilskipun.

27) Um stjórnun og rekstur Vinnumálastofnunarinnar ættu að gilda meginreglur sameiginlegrar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um sjálfstæðar stofnanir frá 19. júlí 2012.

28) Jafnræðisreglan er grundvallarregla í lögum Sambandsins. Samkvæmt henni er jafnrétti kvenna og karla tryggt á öllum sviðum, þ.m.t. að því er varðar atvinnu, störf og laun. Allir aðilar ættu að leitast við að ná jöfnu hlutfalli karla og kvenna í stjórninni og í hagsmunahópnum. Stjórnin ætti einnig að stefna að því markmiði þegar litið er til formanns hennar og varaformanna samanlagt.

29) Til að tryggja skilvirka starfsemi Vinnumálastofnunarinnar ættu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin að eiga fulltrúa í stjórninni. Evrópuþingið og heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins, þar sem stéttarfélög og samtök vinnuveitenda eiga jafnmarga fulltrúa og lítil og meðalstór fyrirtæki hafa fullnægjandi fyrirsvar, geta einnig tilnefnt fulltrúa í stjórnina. Samsetning stjórnarinnar, þ.m.t. val á formanni hennar og varaformanni, ætti að byggjast á meginreglunum um jafnt hlutfall kynjanna, reynslu og menntun og hæfi. Til þess að Vinnumálastofnunin starfi með skilvirkum og árangursríkum hætti ætti stjórnin einkum að samþykkja árlega vinnuáætlun, gegna störfum sínum með tilliti til fjárhagsáætlunar Vinnumálastofnunarinnar, samþykkja fjárhagsreglur fyrir stofnunina, skipa framkvæmdastjóra og koma á ferli vegna töku ákvarðana fyrir framkvæmdastjórann í tengslum við verkefni Vinnumálastofnunarinnar er varða framkvæmd aðgerða. Fulltrúum þriðju landa sem beita reglum Sambandsins innan gildissvið þessarar reglugerðar ætti að vera heimilt að taka þátt í fundum stjórnarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

30) Í undantekningartilvikum, þar sem nauðsynlegt þykir að tryggja mestu mögulegu leynd upplýsinga, ætti sjálfstæði sérfræðingurinn, sem Evrópuþingið og heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins tilnefna, ekki að taka þátt í umræðum stjórnarinnar. Tilgreina ætti slík ákvæði með skýrum hætti í starfsreglum stjórnarinnar og takmarka þau við viðkvæmar upplýsingar um einstök mál til að tryggja að virk þátttaka sérfræðingsins og fulltrúanna í starfi stjórnarinnar sé ekki takmörkuð meira en þörf krefur.

31) Skipa ætti framkvæmdastjóra til að tryggja almenna stjórnsýslu Vinnumálastofnunarinnar og framkvæmd þeirra verkefna sem henni eru falin. Annað starfsfólk getur gengið í starf framkvæmdastjórans þegar slíkt er talið nauðsynlegt til að tryggja daglegan rekstur Vinnumálastofnunarinnar, í samræmi við innri reglur stofnunarinnar, án þess að koma fót öðrum stjórnunarstöðum.

([10]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2240 frá 25. nóvember 2015 um að koma á fót áætlun um rekstrarsamhæfislausnir og sameiginlega ramma fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara í Evrópu ($ISA^2$-áætlunin) sem leið til að nútímavæða hið opinbera (Stjtíð. ESB L 318, 4.12.2015, bls. 1).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengileika vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir snjalltæki (Stjtíð. ESB L 327, 2.12.2016, bls. 1).

32) Stjórnin og framkvæmdastjórinn ættu, með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar, að njóta sjálfstæðis við framkvæmd skyldustarfa sinna og starfa að hagsmunum almennings.

33) Vinnumálastofnunin ætti að reiða sig á sérfræðiþekkingu viðkomandi hagsmunaaðila með beinum hætti á þeim sviðum sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar fyrir milligöngu sérstaks hóps hagsmunaaðila. Í hagsmunahópnum ættu að vera fulltrúar aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins, þ.m.t. viðurkenndir aðilar vinnumarkaðarins í Sambandinu í tilteknum geirum sem eru fulltrúar atvinnugreina sem láta málefni hreyfanleika vinnuafls sig varða sérstaklega. Hagmunahópurinn ætti að fá fyrirframkynningu og leggja álit sitt fyrir Vinnumálastofnunina, að fenginni beiðni eða að eigin frumkvæði. Í starfsemi sinni mun hagsmunahópurinn taka tilhlýðilegt tillit til álitsgerða og byggja á sérfræðiþekkingu ráðgjafarnefndarinnar um samræmingu almannatryggingakerfa sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 883/2004 og ráðgjafarnefndarinnar um frjálsa för launafólks sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 ([12]).

34) Til að tryggja Vinnumálastofnuninni fullt sjálfræði og sjálfstæði ætti hún að hafa sjálfstæðan fjárhag og hafa tekjur sínar af fjárlögum Sambandsins, frjálsum framlögum frá aðildarríkjunum og framlögum frá þriðju löndum sem taka þátt í starfi hennar. Í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum gæti hún einnig verið í stöðu til að taka við framsalssamningum eða sérstökum fjárstyrkjum og innheimta gjöld fyrir útgáfu og aðra þjónustu sem hún veitir.

35) Þýðingamiðstöðin, sem þjónar stofnunum Evrópusambandsins (þýðingamiðstöðin), skal annast nauðsynlegar þýðingar vegna starfsemi Vinnumálastofnunarinnar. Vinnumálastofnunin ætti að vinna náið með þýðingamiðstöðinni að því að ákvarða vísa varðandi gæði, tímanleika og trúnaðarkvaðir svo að unnt verði að greina með skýrum hætti þarfir og forgangsröð Vinnumálastofnunarinnar og setja fram gagnsæjar og hlutlægar verklagsreglur fyrir þýðingarferlið.

36) Vinnsla persónuupplýsinga, sem fram fer í tengslum við þessa reglugerð, ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([13]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([14]), eftir því sem við á. Þetta felur í sér að gerðar eru viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að uppfylla þær skuldbindingar sem felast í þessum reglugerðum, einkum ráðstafanir sem varða lögmæti vinnslunnar, öryggi vinnslustarfseminnar, miðlun upplýsinga og réttindi skráðra aðila.

37) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 ([15]) ætti að gilda um Vinnumálastofnunina til að tryggja gagnsæjan rekstur hennar. Starfsemi Vinnumálastofnunarinnar ætti að sæta grannskoðun umboðsmanns Evrópusambandsins í samræmi við 228. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

38) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 ([16]) ætti að gilda um Vinnumálastofnunina, sem ætti að gerast aðili að samstarfssamningnum milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF).

39) Gistiaðildarríki Vinnumálastofnunarinnar ætti að sjá fyrir bestu hugsanlegu skilyrðum til að tryggja eðlilega starfsemi hennar.

40) Til þess að tryggja opin og gagnsæ ráðningarkjör og jafna meðferð starfsfólks skulu starfsmannareglur embættismanna Evrópusambandsins og ráðningarskilmálar annarra starfsmanna Evrópusambandsins, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 ([17]) (nefndar „starfsmannareglurnar“ og „ráðningarskilmálarnir“, eftir því sem við á), gilda um starfsfólk og framkvæmdastjóra Vinnumálastofnunarinnar, þ.m.t. reglur um þagnarskyldu eða aðrar sambærilegar trúnaðarreglur.

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011 um frjálsa för launafólks innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 141, 27.5.2011, bls. 1).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([17]) Stjtíð. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1.

41) Vinnumálastofnunin ætti að eiga samstarf við stofnanir Sambandsins, innan ramma valdheimilda þeirra, einkum þær sem hafa staðfestu á sviði atvinnu- og félagsmála, byggja á sérfræðikunnáttu þeirra og hámarka samlegðaráhrif: við Evrópustofnunina um bætt lífskjör og starfsskilyrði (Eurofound), Evrópumiðstöðina fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop), Evrópsku vinnuverndarstofnunina (EU-OSHA) og Starfsmenntunarstofnun Evrópu (ETF) sem og, að því er varðar baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi og mansali, við Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) og Refsivörslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Eurojust). Slíkt samstarf ætti að tryggja samræmingu, stuðla að samlegðaráhrifum og koma í veg fyrir tvíverknað í starfsemi þeirra.

42) Að því er varðar samræmingu almannatrygginga ættu Vinnumálastofnunin og framkvæmdaráðið að eiga náið samstarf með það að markmiði að ná fram samlegðaráhrifum og forðast tvíverknað.

43) Til að styrkja aðgerðaþætti í starfsemi þeirra aðila sem fyrir eru á þeim sviðum sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar ætti Vinnumálastofnunin að sinna verkefnum tækninefndarinnar um frjálsa för launþega, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 492/2011, sérfræðinganefndarinnar um útsendingu starfsmanna, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/17/EB ([18]), þ.m.t. upplýsingaskiptum um samvinnu á sviði stjórnsýslu, aðstoð í álitaefnum varðandi framkvæmd, sem og framfylgd yfir landamæri, og vettvangsins sem komið var á fót með ákvörðun (ESB) 2016/344. Þegar Vinnumálastofnunin hefur hafið starfsemi sína ætti að leggja niður starfsemi þessara aðila. Stjórnin getur ákveðið að koma á fót sérstökum starfshópum eða sérfræðinganefndum.

44) Með ráðgjafarnefndinni um samræmingu almannatryggingakerfa og ráðgjafarnefndinni um frjálsa för launþega myndast samráðsvettvangur aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarfulltrúa á landsvísu. Vinnumálastofnunin ætti að leggja sitt af mörkum til starfs þeirra og er heimilt að taka þátt í fundum þeirra.

45) Þegar Vinnumálastofnunin hefur hafið starfsemi sína ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og fella niður ákvörðun (ESB) 2016/344 til að endurspegla nýja stofnanafyrirkomulagið.

46) Vinnumálastofnunin ætti að taka tillit til þess hversu fjölbreytt samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins eru í aðildarríkjunum, sem og sjálfræðis aðila vinnumarkaðarins, eins og skýrt er kveðið á um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins. Þátttaka í starfsemi Vinnumálastofnunarinnar hefur ekki áhrif á valdheimildir, skuldbindingar og ábyrgð aðildarríkjanna samkvæmt m.a. viðeigandi og gildandi samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), s.s. samþykkt nr. 81 um vinnueftirlit í iðnaði og verslun, eða á heimildir aðildarríkjanna til að setja reglur um, miðla eða hafa eftirlit með samskiptum aðila vinnumarkaðarins á innlendum vettvangi, einkum hvað varðar nýtingu réttarins til að gera kjarasamninga og grípa til sameiginlegra aðgerða.

47) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð, án samræmingar, markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að stuðla, innan gildissviðs hennar, að því að tryggja sanngjarnan hreyfanleika vinnuafls innan Sambandsins og aðstoða aðildarríkin og framkvæmdastjórnina við samræmingu almannatryggingakerfa innan Sambandsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna eðlis þeirrar starfsemi yfir landamæri og vegna þess að þörf er á aukinni samvinnu milli aðildarríkja, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

48) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, eins og viðurkennt er í 6. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

([18]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/17/EB frá 19. desember 2008 um að koma á fót sérfræðinganefnd um útsendingu starfsmanna (Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 26).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

**MEGINREGLUR**

*1. gr.*

**Stofnun, efni og gildissvið**

1. Með þessari reglugerð er Evrópsku vinnumálastofnuninni komið á fót (hér eftir nefnd „Vinnumálastofnunin“).

2. Vinnumálastofnunin skal aðstoða aðildarríki og framkvæmdastjórnina við skilvirka beitingu og framfylgd á lögum Sambandsins sem varða hreyfanleika vinnuafls innan Sambandsins og samræmingu almannatryggingakerfa innan Sambandsins. Vinnumálastofnunin skal starfa innan gildissviðs þeirra gerða Sambandsins sem eru taldar upp í 4. mgr., þ.m.t. allra tilskipana, reglugerða og ákvarðana sem eiga stoð í þessum gerðum, og annarra lagalega bindandi gerða Sambandsins þar sem Vinnumálastofnuninni eru falin verkefni.

3. Þessi reglugerð skal ekki á nokkurn hátt hafa áhrif á nýtingu grundvallarréttinda eins og þau eru viðurkennd í aðildarríkjunum og á vettvangi Sambandsins, þ.m.t. réttar eða frelsis til verkfalls eða annarra aðgerða sem falla undir sérstök samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum í samræmi við landslög eða venjur. Hún hefur heldur ekki áhrif á réttinn til að semja um, ganga frá og framfylgja kjarasamningum eða grípa til sameiginlegra aðgerða í samræmi við landslög eða venjur.

4. Umfang starfsemi Vinnumálastofnunarinnar skal ná yfir eftirfarandi gerðir Sambandsins, þ.m.t. allar síðari breytingar á þessum gerðum:

a) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB ([19]),

b) tilskipun 2014/67/ESB,

c) reglugerð (EB) nr. 883/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ([20]), þ.m.t. ákvæði reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 ([21]) og (EBE) nr. 574/72 ([22]) að því leyti sem þau eiga enn við, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1231/2010 ([23]) og reglugerð ráðsins (EB) nr. 859/2003 ([24]) um að láta ákvæði reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 ná til ríkisborgara þriðju landa sem þessar reglugerðir taka ekki þegar til einungis á grundvelli þjóðernis þeirra,

d) reglugerð (ESB) nr. 492/2011,

([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Stjtíð. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1).

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1).

([21]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja (Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2).

([22]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja (Stjtíð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1).

([23]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1231/2010 frá 24. nóvember 2010 um að láta reglugerð (EB) nr. 883/2004 og reglugerð (EB) nr. 987/2009 ná til ríkisborgara þriðju landa sem þessar reglugerðir taka ekki þegar til einungis á grundvelli þjóðernis þeirra (Stjtíð. ESB L 344, 29.12.2010, bls. 1).

([24]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 859/2003 frá 14. maí 2003 um að láta ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar (EBE) nr. 574/72 ná til ríkisborgara þriðju landa sem þessi ákvæði taka ekki þegar til einungis á grundvelli þjóðernis þeirra (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 1).

e) tilskipun 2014/54/ESB,

f) reglugerð (ESB) 2016/589,

g) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 ([25]),

h) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB ([26]),

i) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 ([27]).

5. Starfsemi Vinnumálastofnunarinnar skal taka til ákvæða þessarar reglugerðar sem tengjast samstarfi milli aðildarríkja um að taka á svartri vinnu.

6. Þessi reglugerð skal virða valdheimildir aðildarríkja að því er varðar beitingu og framfylgd á lögum Sambandsins sem talin eru upp í 4. mgr.

Hún skal ekki hafa áhrif á þau réttindi eða skyldur einstaklinga eða vinnuveitenda sem lög Sambandsins, landslög eða venjur veita eða réttindi og skyldur landsbundinna yfirvalda sem af þeim leiða og ekki heldur á sjálfræði aðila vinnumarkaðarins eins og það er viðurkennt í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á gildandi tvíhliða samninga og fyrirkomulag um samvinnu aðildarríkja á sviði stjórnsýslu, einkum þá sem tengist samstilltum og sameiginlegum skoðunum.

*2. gr.*

**Markmið**

Markmið Vinnumálastofnunarinnar skulu vera að stuðla að því að tryggja sanngjarnan hreyfanleika vinnuafls innan Sambandsins og aðstoða aðildarríki og framkvæmdastjórnina við samræmingu almannatryggingakerfa innan Sambandsins. Í því skyni og innan gildissviðs skv. 1. gr. skal Vinnumálastofnunin:

a) greiða fyrir aðgengi að upplýsingum um réttindi og skyldur varðandi hreyfanleika vinnuafls innan Sambandsins sem og aðgengi að viðkomandi þjónustu,

b) greiða fyrir samstarfi og efla milli aðildarríkja við framfylgd viðeigandi laga Sambandsins í öllu Sambandinu, þ.m.t. að greiða fyrir samstilltum og sameiginlegum skoðunum,

c) miðla og greiða fyrir lausn ef um er að ræða deilumál yfir landamæri milli aðildarríkja og

d) styðja samstarf milli aðildarríkja um að taka á svartri vinnu.

*3. gr.*

**Réttarstaða**

1. Vinnumálastofnunin skal vera Sambandsstofnun með réttarstöðu lögaðila.

([25]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).

([26]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB frá 15. mars 2006 um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE (Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 35).

([27]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51).

2. Vinnumálastofnunin skal njóta þess rétthæfis og gerhæfis í hverju aðildarríki sem landslög þess framast veita lögaðilum. Hún getur m.a. aflað og afsalað sér fasteignum og lausafé og tekið þátt í málarekstri.

II. KAFLI

**VERKEFNI VINNUMÁLASTOFNUNARINNAR**

*4. gr.*

**Verkefni Vinnumálastofnunarinnar**

Til að ná markmiðum sínum skal Vinnumálastofnunin annast eftirfarandi verkefni:

a) greiða fyrir aðgengi að upplýsingum og samræma vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið) í samræmi við 5. og 6. gr.,

b) greiða fyrir samstarfi og upplýsingaskiptum milli aðildarríkja með samræmda, skilvirka og árangursríka beitingu og framfylgd viðeigandi laga Sambandsins fyrir augum, í samræmi við 7. gr.,

c) samræma og styðja við samstilltar og sameiginlegar skoðanir, í samræmi við 8. og 9. gr.,

d) annast greiningar og áhættumat í málefnum sem varða hreyfanleika vinnuafls yfir landamæri, í samræmi við 10. gr.,

e) styðja aðildarríki við að byggja upp getu að því er varðar skilvirka beitingu og framfylgd á viðeigandi lögum Sambandsins, í samræmi við 11. gr.,

f) styðja aðildarríki við að taka á svartri vinnu, í samræmi við 12. gr.,

g) miðla deilumálum milli aðildarríkja um beitingu viðeigandi laga Sambandsins, í samræmi við 13. gr.

*5. gr.*

**Upplýsingar um hreyfanleika vinnuafls**

Vinnumálastofnunin skal bæta tiltækileika, gæði og aðgengileika almennra upplýsinga sem einstaklingum, vinnuveitendum og samtökum aðila vinnumarkaðarins bjóðast varðandi réttindi og skyldur sem leiðir af þeim gerðum Sambandsins sem taldar eru upp í 4. mgr. 1. gr. til að greiða fyrir hreyfanleika vinnuafls innan Sambandsins. Í því skyni skal Vinnumálastofnunin:

a) stuðla að miðlun viðeigandi upplýsinga um réttindi og skyldur einstaklinga í tilvikum sem tengjast hreyfanleika vinnuafls yfir landamæri, m.a. um sameiginlegt vefsetur innan Sambandsins sem gegnir hlutverki sameiginlegrar gáttar til að fá aðgang að upplýsingaveitum og þjónustu á vettvangi Sambandsins og á landsvísu á öllum opinberum tungumálum Sambandsins sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2018/1724,

b) styðja aðildarríki við beitingu reglugerðar (ESB) 2016/589,

c) styðja aðildarríki við að uppfylla skuldbindingar um aðgengi að og miðlun upplýsinga sem varða frjálsa för launafólks, einkum eins og mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 2014/54/ESB og í 22. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589, samræmingu almannatrygginga eins og mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og útsendingu starfsmanna eins og mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 2014/67/ESB, m.a. með því að vísa til landsbundinna upplýsingaveitna eins og sameiginlegra opinberra vefsetra í hverju aðildarríki,

d) styðja aðildarríki við að bæta nákvæmni, heildstæðni og notendavænleika viðeigandi landsbundinna upplýsingaveitna og þjónustu, í samræmi við gæðaviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/1724,

e) styðja aðildarríki við að einfalda miðlun upplýsinga og þjónustu til einstaklinga og vinnuveitenda varðandi hreyfanleika yfir landamæri að eigin frumkvæði,

f) greiða fyrir samstarfi milli þar til bærra aðila sem tilnefndir eru í samræmi við tilskipun 2014/54/ESB til að veita einstaklingum og vinnuveitendum upplýsingar, leiðbeiningar og aðstoð að því er varðar hreyfanleika vinnuafls á innri markaðinum.

*6. gr.*

**Samræming EURES-netsins**

Til að styðja aðildarríki við að veita einstaklingum og vinnuveitendum þjónustu í gegnum EURES-netið, s.s. við pörun lausra starfa, starfsþjálfunar og náms á námssamningi við ferilskrár yfir landamæri og greiða þannig fyrir hreyfanleika vinnuafls innan Sambandsins, skal Vinnumálastofnunin stjórna evrópskri samráðsskrifstofu EURES-netsins, sem komið var á fót skv. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589.

Evrópska samráðsskrifstofan skal uppfylla skyldur sínar í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2016/589 undir stjórn Vinnumálastofnunarinnar, að undanskildum tæknilegum rekstri og þróun EURES-gáttarinnar og tengdrar upplýsinga-tækniþjónustu sem skal áfram vera undir stjórn framkvæmdastjórnarinnar. Vinnumálastofnunin skal, á ábyrgð framkvæmdastjórans, eins og sett er fram í n-lið 4. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar, tryggja að þessi starfsemi uppfylli að öllu leyti kröfur gildandi löggjafar um gagnavernd, þ.m.t. kröfuna um að tilnefna gagnaverndarfulltrúa, í samræmi við 36. gr. þessarar reglugerðar.

*7. gr.*

**Samstarf og upplýsingaskipti milli aðildarríkja**

1. Vinnumálastofnunin skal greiða fyrir samstarfi og hröðun upplýsingaskipta milli aðildarríkja og styðja þau við að uppfylla skuldbindingar um samstarf á skilvirkan hátt, þ.m.t. um upplýsingaskipti, eins og skilgreint er í lögum Sambandsins innan gildissviðs þessarar reglugerðar.

Í því skyni skal Vinnumálastofnunin einkum:

a) ef eitt eða fleiri aðildarríki óska þess, styðja landsbundin yfirvöld við að staðfesta hverjir eru viðeigandi tengiliðir landsbundinna yfirvalda í öðrum aðildarríkjum,

b) ef eitt eða fleiri aðildarríki óska þess, greiða fyrir eftirfylgni með beiðnum og upplýsingaskiptum milli landsbundinna yfirvalda með því að veita skipulagslegan og tæknilegan stuðning, þ.m.t. þýðingar- og túlkaþjónustu, og með miðlun upplýsinga um stöðu mála,

c) efla, deila og stuðla að miðlun bestu starfsvenja milli aðildarríkja,

d) ef eitt eða fleiri aðildarríki óska þess, þar sem við á, greiða fyrir og styðja við fullnustuaðgerðir yfir landamæri sem varða viðurlög og sektir, innan gildissviðs þessarar reglugerðar skv. 1. gr.,

e) gefa framkvæmdastjórninni skýrslu tvisvar á ári um óleystar beiðnir milli aðildarríkja og ígrunda hvort vísa ætti þeim til sáttameðferðar í samræmi við 2. mgr. 13. gr.

2. Ef eitt eða fleiri aðildarríki óska þess og þegar Vinnumálastofnunin sinnir verkefnum sínum skal hún veita upplýsingar til að styðja viðkomandi aðildarríki við skilvirka beitingu þeirra gerða Sambandsins sem falla undir valdsvið Vinnumála-stofnunarinnar.

3. Vinnumálastofnunin skal stuðla að notkun rafrænna verkfæra og málsmeðferða í boðskiptum milli landsbundinna yfirvalda, þ.m.t upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn (IM-upplýsingakerfið).

4. Vinnumálastofnunin skal hvetja til notkunar á nýstárlegum aðferðum við árangursríkt og skilvirkt samstarf yfir landamæri og skal stuðla að mögulegri notkun á rafrænum miðlunarbúnaði og gagnasöfnum milli aðildarríkjanna til að greiða fyrir aðgangi að gögnum í rauntíma og greiningu á svikum og getur lagt til mögulegar umbætur við notkun á þessum búnaði og gagnasöfnum. Vinnumálastofnunin skal senda framkvæmdastjórninni skýrslur í því skyni að þróa rafrænan miðlunarbúnað og gagnasöfn frekar.

*8. gr.*

**Samræming og stuðningur við samstilltar og sameiginlegar skoðanir**

1. Að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja skal Vinnumálastofnunin samræma og styðja við samstilltar eða sameiginlegar skoðanir á sviðum innan valdsviðs Vinnumálastofnunarinnar. Vinnumálastofnunin getur einnig lagt til, að eigin frumkvæði, við yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja að þau framkvæmi samstillta eða sameiginlega skoðun.

Samstilltar og sameiginlegar skoðanir skulu háðar samþykki hlutaðeigandi aðildarríkja.

Samtök aðila vinnumarkaðarins á landsvísu geta vakið athygli Vinnumálastofnunarinnar á málum.

2. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „samstilltar skoðanir“: skoðanir sem fara fram í tveimur eða fleiri aðildarríkjum samtímis varðandi tengd mál, þar sem hvert landsbundið yfirvald starfar á sínu eigin yfirráðasvæði og, eftir því sem við á, með stuðningi starfsfólks Vinnumálastofnunarinnar,

b) „sameiginlegar skoðanir“: skoðanir sem fara fram í aðildarríki með þátttöku landsbundinna yfirvalda í einu eða fleiri öðrum aðildarríkjum og, eftir því sem við á, með stuðningi starfsfólks Vinnumálastofnunarinnar.

3. Í samræmi við meginregluna um samstarf af heilindum skulu aðildarríki leitast við að taka þátt í samstilltum eða sameiginlegum skoðunum.

Samstillt eða sameiginleg skoðun skal vera með fyrirvara um fyrirframsamþykki allra þátttökuaðildarríkja og skal tilkynna um slíkt samþykki gegnum landsbundna tengifulltrúa sem eru tilnefndir skv. 32. gr.

Ef eitt eða fleiri aðildarríki ákveða að taka ekki þátt í samstilltri eða sameiginlegri skoðun skulu landsbundin yfirvöld hinna aðildarríkjanna einungis framkvæma slíka skoðun í þátttökuaðildarríkjunum. Aðildarríki sem ákveða að taka ekki þátt skulu fara með upplýsingar um slíka skoðun sem trúnaðarmál.

4. Vinnumálastofnunin skal koma á og samþykkja fyrirkomulag til að tryggja viðeigandi eftirfylgni þegar aðildarríki ákveður að taka ekki þátt í samstilltri eða sameiginlegri skoðun.

Í slíkum tilvikum skal hlutaðeigandi aðildarríki upplýsa, án ástæðulausrar tafar, Vinnumálastofnunina og hin aðildarríkin sem hlut eiga að máli skriflega, þ.m.t. með rafrænum hætti, um ástæður ákvörðunar sinnar og hugsanlega um þær ráðstafanir sem það fyrirhugar að gera til að leysa málið, sem og um niðurstöður slíkra ráðstafana þegar þær eru þekktar. Vinnumálastofnunin getur lagt til að aðildarríkið sem tók ekki þátt í samstilltri eða sameiginlegri skoðun framkvæmi sína eigin skoðun að eigin ákvörðun.

5. Aðildarríki og Vinnumálastofnunin skulu fara með upplýsingar um fyrirhugaðar skoðanir sem trúnaðarmál að því er varðar þriðju aðila.

*9. gr.*

**Fyrirkomulag við samstilltar og sameiginlegar skoðanir**

1. Í samningi um að framkvæma samstillta skoðun eða sameiginlega skoðun milli þátttökuaðildarríkja og Vinnumálastofnunarinnar skal setja fram skilmála og skilyrði fyrir framkvæmd þeirrar skoðunar, þ.m.t. umfang og tilgang

skoðunarinnar og, ef við á, fyrirkomulag að því er varðar þátttöku starfsfólks Vinnumálastofnunarinnar. Samningurinn getur innihaldið ákvæði sem gera það kleift að framkvæma samstilltar eða sameiginlegar skoðanir með skömmum fyrirvara, þegar þær hafa verið samþykktar og skipulagðar. Vinnumálastofnunin skal koma á fyrirmynd að samningi í samræmi við lög Sambandsins og einnig landslög eða venjur.

2. Samstilltar og sameiginlegar skoðanir skulu fara fram í samræmi við lög eða venjur þeirra aðildarríkja þar sem skoðanirnar fara fram. Hvers kyns eftirfylgni með slíkum skoðunum skal fara fram í samræmi við lög eða venjur hlutaðeigandi aðildarríkja.

3. Samstilltar og sameiginlegar skoðanir skulu fara fram með skilvirkum hætti. Í því skyni skulu aðildarríki veita embættismönnum frá öðru aðildarríki, sem taka þátt í slíkum skoðunum, viðeigandi hlutverk og stöðu með skoðunar-samningnum, í samræmi við lög eða venjur þess aðildarríkis þar sem skoðunin fer fram.

4. Vinnumálastofnunin skal veita aðildarríkjum, sem framkvæma samstilltar eða sameiginlegar skoðanir, stuðning með tilliti til hugtaka, skipulags og tækni og, eftir því sem við á, lögfræðilegrar sérþekkingar ef hlutaðeigandi aðildarríki óska eftir því, þ.m.t. þýðingar- og túlkaþjónusta.

5. Starfsfólk Vinnumálastofnunarinnar getur verið viðstatt skoðun sem áheyrnarfulltrúar, veitt skipulagslegan stuðning og tekið þátt í samstilltri eða sameiginlegri skoðun með fyrirframsamþykki aðildarríkisins á því yfirráðasvæði þar sem aðstoð þess verður veitt við skoðun í samræmi við lög eða venjur aðildarríkisins.

6. Yfirvald aðildarríkis sem framkvæmir samstillta eða sameiginlega skoðun skal gefa Vinnumálastofnuninni skýrslu um niðurstöðu skoðunarinnar innan þess aðildarríkis og um heildarframkvæmd samstilltu eða sameiginlegu skoðunarinnar eigi síðar en sex mánuðum eftir að skoðuninni er lokið.

7. Það skal vera mögulegt að nota þær upplýsingar sem safnað er við samstilltar eða sameignlegar skoðanir sem sönnunargögn í málarekstri í hlutaðeigandi aðildarríkjum, í samræmi við lög eða venjur þess aðildarríkis.

8. Upplýsingar um samstilltar og sameiginlegar skoðanir sem Vinnumálastofnunin samhæfir, sem og upplýsingar sem aðildarríki og Vinnumálastofnunin veita eins og um getur í 2. og 3. mgr. 8. gr., skulu koma fram í skýrslunum sem senda á stjórninni tvisvar á ári. Slíkar skýrslur skal einnig senda hagsmunahópnum þar sem viðkvæmar upplýsingar hafa verið afmáðar með viðeigandi hætti. Árleg skýrsla um þær skoðanir sem Vinnumálastofnunin styður skal fylgja með ársskýrslu stofnunarinnar um starfsemi hennar.

9. Ef Vinnumálastofnunin verður við samstilltar eða sameiginlegar skoðanir, eða í starfsemi sinni, vör við grunsemdir um misfellur við beitingu laga Sambandsins getur hún tilkynnt þær grunsemdir til hlutaðeigandi aðildarríkis og framkvæmda-stjórnarinnar, eftir því sem við á.

*10. gr.*

**Greiningar og áhættumat í tengslum við hreyfanleika vinnuafls**

1. Vinnumálastofnunin skal í samstarfi við aðildarríki og, eftir því sem við á, aðila vinnumarkaðarins meta áhættu og annast greiningar að því er varðar hreyfanleika vinnuafls og samræmingu almannatrygginga innan Sambandsins. Áhættumatið og greiningarvinnan skulu fjalla um málefni eins og ójafnvægi á vinnumarkaði, geirabundnar áskoranir og endurtekin vandamál og einnig getur Vinnumálastofnunin framkvæmt markvissar og ítarlegar greiningar og athuganir til að rannsaka sértæk mál. Við framkvæmd áhættumats og greiningarvinnu sinnar skal Vinnumálastofnunin nota, að því marki sem mögulegt er, viðeigandi og gildandi tölfræðileg gögn sem eru tiltæk úr fyrirliggandi könnunum og tryggja fylld við og byggja á sérfræðiþekkingu sérstofnana eða þjónustu Sambandsins og landsbundinna yfirvalda, sérstofnana eða þjónustu, þ.m.t. að því er varðar svik, misneytingu, mismunun, færnispár og heilbrigði og öryggi á vinnustað.

2. Vinnumálastofnunin skal skipuleggja jafningjarýni meðal aðildarríkja sem samþykkja að taka þátt til að:

a) kanna álitaefni, erfiðleika og sértæk mál sem kunna að koma upp varðandi framkvæmd og beitingu laga Sambandsins í reynd innan valdsviðs Vinnumálastofnunarinnar, sem og framfylgd þeirra í reynd,

b) styrkja samræmi í veitingu þjónustu til einstaklinga og fyrirtækja,

c) bæta þekkingu og gagnkvæman skilning á mismunandi kerfum og starfsvenjum, sem og meta árangur af mismunandi stefnuúrræðum, þ.m.t. forvarnar- og varnaðarráðstöfunum.

3. Þegar áhættumati eða annars konar greiningarvinnu er lokið skal Vinnumálastofnunin gefa skýrslu um niðurstöður sínar til framkvæmdastjórnarinnar, sem og til hlutaðeigandi aðildarríkja beint, og gera grein fyrir mögulegum ráðstöfunum til að taka á tilgreindum veikleikum.

Vinnumálastofnunin skal einnig láta samantekt á niðurstöðum sínum fylgja ársskýrslum sínum til Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar.

4. Vinnumálastofnunin skal, eftir því sem við á, safna tölfræðilegum gögnum sem aðildarríki taka saman og láta í té á þeim sviðum laga Sambandsins sem eru innan valdsviðs stofnunarinnar. Við það skal Vinnumálastofnunin leitast við að einfalda núverandi gagnasöfnun á þessum sviðum til að koma í veg fyrir tvíverknað við gagnasöfnun. Ákvæði 15. gr. skulu gilda þar sem við á. Vinnumálastofnunin skal hafa samráð við framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins) og deila niðurstöðum gagnasöfnunar sinnar, eftir því sem við á.

*11. gr.*

**Stuðningur til uppbyggingar á getu**

Vinnumálastofnunin skal styðja aðildarríki við að byggja upp getu sem miðar að því að stuðla að samræmdri framfylgd laga Sambandsins á öllum sviðum sem talin eru upp í 1. gr. Vinnumálastofnunin skal einkum sinna eftirfarandi starfsemi:

a) þróa í samstarfi við landsbundin yfirvöld og, eftir því sem við á, aðila vinnumarkaðarins sameiginlegar viðmiðunarreglur, sem ekki eru bindandi, til notkunar fyrir aðildarríki og aðila vinnumarkaðarins, þ.m.t. leiðbeiningar um skoðanir í málum sem ná yfir landamæri, sem og sameiginlegar skilgreiningar og hugtök, sem byggja á viðeigandi starfi á landsvísu og á vettvangi Sambandsins,

b) stuðla að og styðja við gagnkvæma aðstoð, annaðhvort í formi jafningjastarfi eða hópstarfi, sem og starfsmannaskipti og tímabundnar starfstilfærslur milli landsbundinna yfirvalda,

c) stuðla að skiptum á og miðlun reynslu og góðra starfsvenja, þ.m.t. dæma um samstarf milli viðkomandi landsbundinna yfirvalda,

d) þróa þjálfunaráætlanir innan tiltekinna geira og þvert á geira, þ.m.t. fyrir vinnueftirlitsstofnanir, og sérstakt efni til þjálfunar, þ.m.t. með námsaðferðum á Netinu,

e) stuðla að herferðum til vitundarvakningar, þ.m.t. herferðum til að upplýsa einstaklinga og vinnuveitendur, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, um réttindi þeirra og skyldur og þau tækifæri sem þeim standa til boða.

*12. gr.*

**Evrópskur vettvangur til að efla samstarf um að taka á svartri vinnu**

1. Evrópski vettvangurinn til að efla samstarf um að taka á svartri vinnu (hér eftir nefndur „vettvangurinn“), sem komið er á fót í samræmi við 2. mgr. 16. gr., skal styðja við starfsemi Vinnumálastofnunarinnar við að taka á svartri vinnu með því að:

a) efla samstarf milli viðkomandi yfirvalda aðildarríkja og annarra hlutaðeigandi aðila með það að markmiði að taka með skilvirkari og árangursríkari hætti á svartri vinnu í sínum ýmsu birtingarmyndum og á ranglega tilkynntri vinnu, sem henni er tengd, þ.m.t. gerviverktöku,

b) bæta getu ólíkra hlutaðeigandi yfirvalda aðildarríkjanna og annarra aðila til að taka á svartri vinnu að því er varðar þá þætti sem ná yfir landamæri og stuðla þannig að jöfnum samkeppnisskilyrðum,

c) auka almenningsvitund um málefni sem varða svarta vinnu og hina brýnu þörf á viðeigandi aðgerðum, sem og að hvetja aðildarríki til að leggja sig enn frekar fram við að taka á svartri vinnu,

d) annast þá starfsemi sem talin er upp í viðaukanum.

2. Vettvangurinn skal hvetja til samstarfs milli aðildarríkja með því að:

a) miðla bestu starfsvenjum og upplýsingum,

b) þróa sérþekkingu og greiningu en forðast hvers konar tvíverknað,

c) hvetja til og greiða fyrir nýstárlegum aðferðum við árangursríkt og skilvirkt samstarf yfir landamæri og leggja mat á reynslu,

d) stuðla að þverlægum skilningi á málefnum sem varða svarta vinnu.

3. Vettvangurinn skal skipaður eftirtöldum aðilum:

a) háttsettum fulltrúa, sem hvert aðildarríki skipar,

b) fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar,

c) að hámarki fjórum fulltrúum heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins, sem þessi samtök skipa, og skulu stéttarfélög og samtök vinnuveitenda eiga jafnmarga fulltrúa.

4. Eftirfarandi hagsmunaaðilar mega sækja fundi vettvangsins sem áheyrnarfulltrúar og taka skal tilhlýðilegt tillit til framlags þeirra:

a) að hámarki 14 fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins í geirum þar sem tíðni svartrar vinnu er mikil, sem þessi samtök tilnefna, og skulu stéttarfélög og samtök vinnuveitenda eiga jafnmarga fulltrúa,

b) einn fulltrúi frá Evrópustofnun um bætt lífskjör og starfsskilyrði (Eurofound), einn fulltrúi frá Evrópsku vinnuverndar-stofnuninni (EU-OSHA) og einn fulltrúi frá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO),

c) einn fulltrúi frá hverju þeirra þriðju landa sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu.

Bjóða má öðrum áheyrnarfulltrúum en þeim sem um getur í fyrstu undirgrein að sækja fundi vettvangsins og skal taka tilhlýðilegt tillit til framlags þeirra.

Fulltrúi Vinnumálastofnunarinnar fer með formennsku á vettvanginum.

*13. gr.*

**Sáttameðferð milli aðildarríkja**

1. Vinnumálastofnunin getur greitt fyrir lausn ef um er að ræða deilur milli tveggja eða fleiri aðildarríkja varðandi einstök tilvik að því er varðar beitingu laga Sambandsins á sviðum sem falla undir þessa reglugerð, með fyrirvara um valdsvið Dómstólsins. Tilgangur slíkrar sáttameðferðar skal vera að sætta mismunandi sjónarmið þeirra aðildarríkja sem eru deiluaðilar og samþykkja álit sem ekki er bindandi.

2. Ef ekki er hægt að leysa deilur með beinu sambandi og samtali milli aðildarríkja sem eru aðilar að deilunni skal Vinnumálastofnunin hefja sáttameðferð, ef eitt eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríki fara fram á það. Vinnumálastofnunin getur einnig, að eigin frumkvæði, lagt til að sáttameðferð verði hafin. Sáttameðferð skal einungis fara fram með samþykki allra aðildarríkja sem eru aðilar að deilunni.

3. Fyrsti áfangi sáttameðferðarinnar skal fara fram milli þeirra aðildarríkja sem eru aðilar að deilunni og sáttamiðlara, sem skulu samþykkja álit sem ekki er bindandi með samkomulagi sín á milli. Sérfræðingar frá aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Vinnumálastofnuninni geta tekið þátt sem ráðgjafar í fyrsta áfanga sáttameðferðarinnar.

4. Ef engin lausn finnst í fyrsta áfanga sáttameðferðarinnar skal Vinnumálastofnunin hefja annan áfanga sáttameðferðar fyrir sáttanefnd sinni, að því tilskildu að öll aðildarríkin sem eru aðilar að deilunni komi sér saman um það.

5. Sáttanefndin sem skipuð er sérfræðingum frá aðildarríkjum, öðrum en þeim sem eru aðilar að deilunni, skulu leitast við að sætta sjónarmið þeirra aðildarríkja sem eru aðilar að deilunni og skulu koma sér saman um álit sem ekki er bindandi. Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni og Vinnumálastofnuninni geta tekið þátt sem ráðgjafar í öðrum áfanga sáttameðferðarinnar.

6. Stjórnin skal samþykkja málsmeðferðarreglur um sáttameðferð, þ.m.t. varðandi vinnutilhögun og tilnefningar á sáttamiðlurum, viðeigandi fresti, þátttöku sérfræðinga frá aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Vinnumálastofnuninni og mögulega þátttöku sáttanefndarinnar í umræðuhópum sem skipaðir eru nokkrum aðilum.

7. Aðildarríkjum, sem eru aðilar að deilunni, skal vera í sjálfsvald sett hvort þau taka þátt í báðum áföngum sáttameðferðarinnar. Ef aðildarríki ákveður að taka ekki þátt í sáttameðferð skal það upplýsa Vinnumálastofnunina og önnur aðildarríki sem eru aðilar að deilunni, skriflega, m.a. með rafrænum hætti, um ástæður ákvörðunar sinnar innan þess frests sem mælt er fyrir um í þeim málsmeðferðarreglum sem um getur í 6. mgr.

8. Þegar mál eru sett í sáttameðferð skulu aðildarríki tryggja að allar persónuupplýsingar sem tengjast málinu séu aftengdar persónuauðkennum þannig að ekki sé lengur unnt að persónugreina skráða aðilann. Vinnumálastofnuninni er óheimilt, hvenær sem er á meðan á sáttameðferðinni stendur, að vinna persónuupplýsingar um einstaklinga sem málið varðar.

9. Vinnumálastofnunin getur ekki tekið til sáttameðferðar mál sem eru í yfirstandandi málarekstri fyrir dómstólum á innlendum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins. Ef málarekstur fyrir dómstóli hefst á meðan á sáttameðferð stendur skal sáttameðferð hætt.

10. Sáttameðferð skal ekki hafa áhrif á valdsvið framkvæmdaráðsins, þ.m.t. allar ákvarðanir sem það tekur. Sáttameðferð skal taka tillit til allra viðeigandi ákvarðana framkvæmdaráðsins.

11. Ef deila varðar, að öllu leyti eða að hluta til, almannatryggingar skal Vinnumálastofnunin upplýsa framkvæmdaráðið um slíkt.

Til að tryggja gott samstarf, samræma starfsemina í gagnkvæmu samkomulagi og koma í veg fyrir tvíverknað í sáttameðferðarmálum, sem varða bæði almannatryggingar og vinnulöggjöf, skulu framkvæmdaráðið og Vinnumálastofnunin gera með sér samstarfssamning.

Vinnumálastofnunin skal, að fenginni beiðni framkvæmdaráðsins og í samráði við aðildarríkin sem eiga aðild að deilunni, vísa málum sem varða almannatryggingar til framkvæmdaráðsins skv. 2. mgr. 74. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 883/2004. Sáttameðferð er áfram heimil í málum sem varða ekki almannatryggingar.

Vinnumálastofnunin skal, að fenginni beiðni aðildarríkis sem er aðili að deilunni, vísa málum sem varða almannatryggingar til framkvæmdaráðsins. Slíkt má gera hvenær sem er á meðan á sáttameðferðinni stendur. Sáttameðferð er áfram heimil í málum sem varða ekki almannatryggingar.

12. Aðildarríki sem eru aðilar að deilunni skulu, innan þriggja mánaða frá samþykkt álits sem ekki er bindandi, tilkynna Vinnumálastofnuninni um ráðstafanir sem þau hafa gert í þeim tilgangi að fylgja álitinu eftir eða, þegar þau hafa ekki gert ráðstafanir, um ástæður fyrir því að þau hafa ekki gripið til ráðstafana.

13. Vinnumálastofnunin skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu tvisvar á ári að því er varðar niðurstöður sáttameðferða sem hún hefur framkvæmt og um mál sem ekki var fylgt eftir.

*14. gr.*

**Samstarf við sérstofnanir og sérhæfða aðila**

Vinnumálastofnunin skal stefna að því í allri starfsemi sinni að tryggja samstarf, forðast skörun, stuðla að samlegðaráhrifum og fylld við aðrar sjálfstæðar sérstofnanir Sambandsins og sérhæfða aðila, eins og framkvæmdaráðið. Í því skyni er Vinnumálastofnuninni heimilt að gera samstarfssamninga við viðeigandi sérstofnanir Sambandsins, s.s. Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (Cedefop), Evrópustofnun um bætt lífskjör og starfsskilyrði (Eurofound), Evrópsku vinnuverndarstofnunina (EU-OSHA), Starfsmenntunarstofnun Evrópu (ETF), Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) og Refsivörslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Eurojust).

*15. gr.*

**Samvirkni og upplýsingaskipti**

Vinnumálastofnunin skal samræma, þróa og beita umgjörð fyrir samvirkni til að tryggja upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna sem og við stofnunina. Umgjörð fyrir samvirkni af þessu tagi skal byggð á og studd af evrópskri umgjörð samvirkni og evrópsku viðmiðunartilhöguninni fyrir samvirkni sem um getur í ákvörðun (ESB) 2015/2240.

III. KAFLI

**SKIPULAG VINNUMÁLASTOFNUNARINNAR**

*16. gr.*

**Skipulag stjórnsýslu og stjórnunarfyrirkomulag**

1. Stjórnsýsluskipulag og stjórnunarfyrirkomulag Vinnumálastofnunarinnar skal samanstanda af:

a) stjórn,

b) framkvæmdastjóra,

c) hagsmunahópi.

2. Vinnumálastofnuninni er heimilt að koma á fót starfshópum eða sérfræðinefndum, skipuðum fulltrúum aðildarríkja eða framkvæmdastjórnarinnar, eða utanaðkomandi sérfræðingum í kjölfar valferlis, eða samblandi af þessu, til að vinna að sérstökum verkefnum hennar eða sértækum málaflokkum. Hún skal koma vettvanginum, sem um getur í 12. gr., á fót sem varanlegum vinnuhópi, sem og sáttanefndinni sem um getur í 13. gr.

Vinnumálastofnunin skal setja fram starfsreglur þessara starfshópa og nefnda að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina.

*17. gr.*

**Skipan stjórnar**

1. Stjórnina skipa eftirtaldir aðilar:

a) einn fulltrúi frá hverju aðildarríki,

b) tveir fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar,

c) einn óháður sérfræðingur sem Evrópuþingið skipar,

d) fjórir fulltrúar heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins og skulu stéttarfélög og samtök vinnuveitenda eiga jafnmarga fulltrúa.

Aðeins fulltrúarnir, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, skulu hafa atkvæðisrétt.

2. Hver stjórnarmaður skal hafa varamann. Varamennirnir skulu koma í stað stjórnarmanna í fjarveru þeirra.

3. Þeir fulltrúar sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og varamenn þeirra skulu skipaðir af aðildarríki þeirra.

Framkvæmdastjórnin skal skipa fulltrúana sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

Evrópuþingið skal skipa sérfræðinginn sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

Heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins skulu skipa fulltrúa sína og Evrópuþingið skal skipa óháðan sérfræðing sinn, eftir að hafa gengið úr skugga um að engir hagsmunaárekstrar séu til staðar.

Stjórnarmenn og varamenn þeirra skal skipa á grundvelli þekkingar þeirra á þeim sviðum sem um getur í 1. gr., með tilliti til viðeigandi stjórnunarfærni og hæfni á sviði stjórnsýslu og fjárhagsáætlunargerðar.

Allir aðilar sem eiga fulltrúa í stjórninni skulu leitast við að takmarka skipti á fulltrúum til að tryggja samfellu í starfi hennar. Allir aðilar skulu leitast við að ná jöfnu hlutfalli karla og kvenna í stjórninni.

4. Sérhver stjórnarmaður og varamaður skal undirrita skriflega yfirlýsingu þegar hann tekur sæti í stjórninni, þess efnis að hann sé ekki í aðstöðu sem veldur hagsmunaárekstri. Sérhver stjórnarmaður og varamaður skal uppfæra yfirlýsingu sína ef breyting verður á aðstæðum hans að því er varðar hvers kyns hagsmunaárekstra. Stofnunin skal birta yfirlýsingarnar og uppfærslur þeirra á vefsetri sínu.

5. Skipunartími stjórnarmanna og varamanna þeirra skal vera fjögur ár. Heimilt skal vera að endurnýja skipunartímann.

6. Fulltrúum þriðju landa sem beita lögum Sambandsins á sviðum sem falla undir þessa reglugerð er heimil þátttaka í fundum og umræðum stjórnarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

7. Heimilt er að bjóða fulltrúa Evrópustofnunar um bætt lífskjör og starfsskilyrði, fulltrúa Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar, fulltrúa Evrópumiðstöðvarinnar fyrir þróun starfsmenntunar og fulltrúa Starfsmenntunarstofnunar Evrópu að sitja fundi stjórnarinnar sem áheyrnarfulltrúar til þess að efla skilvirkni stofnananna og samvirkni milli þeirra.

*18. gr.*

**Hlutverk stjórnar**

1. Stjórnin skal einkum:

a) sjá um stefnumótun og hafa eftirlit með starfsemi Vinnumálastofnunarinnar,

b) samþykkja, með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna, árlega fjárhagsáætlun Vinnumálastofnunarinnar og sinna öðrum störfum í tengslum við fjárhagsáætlun stofnunarinnar skv. IV. kafla,

c) meta og samþykkja samstæðuársskýrslu um starfsemi Vinnumálastofnunarinnar, þ.m.t. yfirlit yfir hvernig hún sinnti verkefnum sínum, og senda hana, eigi síðar en 1. júlí ár hvert, til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Endurskoðunarréttarins og birta hana,

d) samþykkja fjárhagsreglur sem gilda um Vinnumálastofnunina í samræmi við 29. gr.,

e) samþykkja áætlun sem beinist gegn svikum og er í réttu hlutfalli við hættu á svikum með tilliti til kostnaðar og ábata af ráðstöfununum sem hrundið verður í framkvæmd,

f) samþykkja reglur til forvarna gegn og stýringar á hagsmunaárekstrum að því er varðar eigin stjórnarmenn og óháða sérfræðinga, sem og meðlimi hagsmunahópsins og starfshópa og nefnda Vinnumálastofnunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr., ásamt landssérfræðingum sem lánaðir eru til starfa og öðru starfsliði sem ekki er ráðið af Vinnumálastofnuninni eins og um getur í 33. gr., og skal birta árlega hagsmunayfirlýsingar stjórnarmanna á vefsetri stofnunarinnar,

g) samþykkja og uppfæra reglulega samskipta- og miðlunaráætlanirnar, sem um getur í 3. mgr. 36. gr., á grundvelli þarfagreiningar,

h) setja sér starfsreglur,

i) samþykkja málsmeðferðarreglur um sáttameðferð skv. 13. gr.,

j) koma á fót starfshópum og sérfræðinganefndum skv. 2. mgr. 16. gr. og samþykkja starfsreglur þeirra,

k) beita, í samræmi við 2. mgr., að því er varðar starfsfólk Vinnumálastofnunarinnar, heimildum sem starfsmannareglurnar hafa falið tilnefningaryfirvaldinu og sem ráðningarskilmálar fela yfirvaldinu sem hefur heimild til að gera ráðningarsamning („heimildir tilnefningaryfirvaldsins“),

l) samþykkja framkvæmdarreglur um framkvæmd starfsmannareglnanna og ráðningarskilmálanna í samræmi við 110. gr. starfsmannareglnanna,

m) koma á fót, eftir því sem við á, getu til innri endurskoðunar,

n) skipa og, ef við á, framlengja skipunartíma framkvæmdastjóra eða víkja honum úr embætti, í samræmi við 31. gr.,

o) tilnefna þann sem annast bókhaldsstjórn, með fyrirvara um starfsmannareglur og ráðningarskilmálanna, og skal hann vera algerlega óháður öðrum aðilum við framkvæmd skyldustarfa sinna,

p) ákvarða verklagsreglur við val fulltrúa og varamanna þeirra í hagsmunahópnum sem komið var á fót í samræmi við 23. gr. og skipa þessa fulltrúa og varamenn,

q) tryggja fullnægjandi eftirfylgni við niðurstöður og tilmæli sem leiða af innri eða ytri endurskoðunarskýrslum og matsgerðum, og af rannsóknum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF),

r) taka allar ákvarðanir um að koma á fót innri nefndum Vinnumálastofnunarinnar eða öðrum aðilum og, ef nauðsyn krefur, um breytingar á þeim, með tilliti til þarfa stofnunarinnar sem tengjast starfsemi hennar og með hliðsjón af traustri fjárhagslegri stjórnun,

s) samþykkja drög Vinnumálastofnunarinnar að samræmda áætlunarskjalinu, sem um getur í 24. gr., áður en það er sent framkvæmdastjórninni til að fá álit hennar,

t) samþykkja, að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar, samræmt áætlunarskjal Vinnumálastofnunarinnar með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna og í samræmi við 24. gr.

2. Stjórnin skal samþykkja, í samræmi við 110. gr. í starfsmannareglunum, ákvörðun, sem byggist á 1. mgr. 2. gr. starfsmannareglnanna og 6. gr. ráðningarskilmálanna, um að framselja viðeigandi valdheimildir tilnefningaryfirvaldsins til framkvæmdastjórans og þar sem kveðið er á um með hvaða skilyrðum fella má þetta framsal valds niður. Framkvæmda-stjóranum skal vera heimilt að framselja áfram þessar valdheimildir.

3. Ef sérstakar aðstæður krefjast þess er stjórninni heimilt að að fella tímabundið úr gildi, með ákvörðun, framsal á valdheimildum tilnefningaryfirvaldsins til framkvæmdastjórans og frekara framsal hins síðarnefnda og beita þeim sjálf eða framselja þær einum stjórnarmanni sínum eða starfsmanni öðrum en framkvæmdastjóranum.

*19. gr.*

**Formaður stjórnar**

1. Stjórnin skal kjósa formann og varaformann úr röðum stjórnarmanna sem hafa atkvæðisrétt og skal leitast við að halda jöfnu kynjahlutfalli. Formaðurinn og varaformaðurinn skulu kosnir með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða allra atkvæðisbærra stjórnarmanna.

Náist ekki meirihluti í fyrstu atkvæðisgreiðslu sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæðisbærra stjórnarmanna skal halda aðra atkvæðagreiðslu þar sem formaðurinn og varaformaðurinn skulu kosnir með einföldum meirihluta atkvæða allra atkvæðisbærra stjórnarmanna.

Varaformaður skal sjálfkrafa koma í stað formanns í forföllum hans.

2. Skipunartími formannsins og varaformannsins skal vera þrjú ár. Heimilt er að endurnýja skipunartíma þeirra einu sinni. Ef stjórnarsetu þeirra lýkur meðan á skipunartíma þeirra stendur skal skipunartíma þeirra þó ljúka sjálfkrafa á þeim degi.

*20. gr.*

**Stjórnarfundir**

1. Stjórnarformaðurinn skal boða til stjórnarfunda.

2. Stjórnarformaðurinn skal skipuleggja umræður í samræmi við þau mál sem eru á dagskrá. Þeir stjórnarmenn sem um getur í c- og d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 17. gr. skulu ekki taka þátt í umræðum um þætti sem varða viðkvæmar upplýsingar um einstök mál eins og fram kemur í starfsreglum stjórnarinnar.

3. Framkvæmdastjóri Vinnumálastofnunarinnar skal taka þátt í umræðunum, án atkvæðisréttar.

4. Stjórnin skal halda minnst tvo almenna fundi á ári. Auk þess kemur stjórnin saman að beiðni formanns, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að beiðni a.m.k. þriðjungs stjórnarmanna.

5. Stjórnin skal koma saman til fundar með hagsmunahópnum eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

6. Stjórnin getur boðið hverjum þeim einstaklingi eða stofnun sem kann að hafa áhugaverð sjónarmið að sitja fundi sína sem áheyrnarfulltrúar, m.a. meðlimum hagsmunahópsins.

7. Stjórnarmönnum og varamönnum þeirra er heimilt, með fyrirvara um starfsreglur stjórnarinnar, að njóta aðstoðar ráðgjafa eða sérfræðinga á fundum.

8. Vinnumálastofnunin skal annast skrifstofuhald fyrir stjórnina.

*21. gr.*

**Reglur um atkvæðagreiðslu stjórnar**

1. Stjórnin skal taka ákvarðanir með meirihluta atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna, sbr. þó 18. gr. (b- og t-liður 1. mgr.), 19. gr. (1. mgr.) og 31. gr. (8. mgr.).

2. Hver atkvæðisbær stjórnarmaður skal fara með eitt atkvæði. Í fjarveru atkvæðisbærs stjórnarmanns skal varamaður hans fara með atkvæðisrétt hans.

3. Framkvæmdastjóri Vinnumálastofnunarinnar skal taka þátt í umræðunum, án atkvæðisréttar.

4. Í starfsreglum stjórnarinnar skal kveða nánar á um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, einkum við hvaða aðstæður stjórnarmaður má koma fram fyrir hönd annars stjórnarmanns og við hvaða aðstæður atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg.

*22. gr.*

**Ábyrgð framkvæmdastjóra**

1. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á stjórnun Vinnumálastofnunarinnar og skal leitast við að tryggja jafnt kynjahlutfall innan hennar. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð gagnvart stjórninni.

2. Framkvæmdastjórinn skal gefa Evrópuþinginu skýrslu um framkvæmd skyldustarfa sinna þegar hann er beðinn um að gera það. Ráðið getur beðið framkvæmdastjórann að skýra frá störfum sínum.

3. Framkvæmdastjórinn er lagalegur fyrirsvarsmaður stofnunarinnar.

4. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á framkvæmd verkefna sem Vinnumálastofnuninni eru falin samkvæmt þessari reglugerð, einkum:

a) daglegum rekstri stofnunarinnar,

b) að framkvæma ákvarðanir sem stjórnin samþykkir,

c) að taka saman drög að samræmda áætlunarskjalinu og leggja það fyrir stjórnina til samþykktar,

d) að sjá um framkvæmd samræmda áætlunarskjalsins og skýrslugjöf til stjórnar um framkvæmd þess,

e) að taka saman drög að samstæðuársskýrslunni um starfsemi Vinnumálastofnunarinnar og leggja þau fyrir stjórnina til mats og samþykktar,

f) að semja aðgerðaáætlun til að fylgja eftir niðurstöðum innri eða ytri endurskoðunarskýrslna og matsgerða, og enn fremur rannsóknum Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og senda framvinduskýrslu til framkvæmda-stjórnarinnar tvisvar á ári og reglulega til stjórnarinnar,

g) að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, án þess að skerða rannsóknarheimildir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum, með skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með stjórnsýslulegum viðurlögum, þ.m.t. fjárhagslegum viðurlögum, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif,

h) að semja áætlun um aðgerðir gegn svikum fyrir Vinnumálastofnunina og leggja hana fyrir stjórnina til samþykktar,

i) að semja drög að fjárhagsreglum fyrir Vinnumálastofnunina og leggja þau fyrir stjórnina,

j) að taka saman drög að áætlun um tekjur og gjöld Vinnumálastofnunarinnar, sem hluta af samræmdu áætlunarskjali hennar, og að framkvæma fjárhagsáætlun stofnunarinnar,

k) ákvarðanatöku að því er varðar mannauðsstjórnun, í samræmi við ákvörðunina sem um getur í 2. mgr. 18. gr.,

l) að taka ákvarðanir um innra skipulag Vinnumálastofnunarinnar, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, fela staðgenglum verkefni sem kunna að taka til daglegrar stjórnunar hennar og gera breytingar á þeim ef nauðsyn krefur, að teknu tilliti til þarfa sem varða starfsemi Vinnumálastofnunarinnar og til traustrar fjárhagslegrar stjórnunar,

m) þar sem við á, samstarfi við sérstofnanir Sambandsins og því að gera samstarfssamninga við þær,

n) að hrinda í framkvæmd ráðstöfunum sem stjórnin kemur á fót vegna beitingar Vinnumálastofnunarinnar á reglugerð (ESB) nr. 2018/1725,

o) að upplýsa stjórnina um tilkynningar frá hagsmunahópnum.

5. Framkvæmdastjórinn skal ákveða hvort nauðsynlegt sé að staðsetja einn eða fleiri starfsmenn í einu eða fleiri aðildarríkjum og hvort nauðsynlegt sé að koma á fót tengiskrifstofu í Brussel til að efla samstarf Vinnumálastofnunarinnar við viðeigandi stofnanir og aðila Sambandsins. Áður en ákvörðun er tekin um að koma á fót staðarskrifstofu eða tengiskrifstofu skal framkvæmdastjórinn fá fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar, stjórnarinnar og aðildarríkisins þar sem áætlað er að skrifstofunni verði komið á fót. Í ákvörðuninni skal tilgreina umfang þeirrar starfsemi sem mun fara fram á skrifstofunni þannig að forðast megi óþarfa kostnað og tvíverknað í stjórnsýslu Vinnumálastofnunarinnar. Þess má krefjast að gerður verði samningur um höfuðstöðvar við aðildarríkið þar sem áætlað er að staðarskrifstofunni eða tengiskrifstofunni verði komið á fót.

*23. gr.*

**Hagsmunahópur**

1. Koma skal á fót hagsmunahópi til að greiða fyrir samráði við viðkomandi hagsmunaaðila og njóta sérfræðiþekkingar þeirra á sviðum sem falla undir þessa reglugerð. Hagsmunahópurinn skal vera tengdur Vinnumálastofnuninni og gegna ráðgefandi hlutverki.

2. Hagsmunahópurinn skal fá kynningu fyrir fram og honum er heimilt, að fenginni beiðni Vinnumálastofnunarinnar eða að eigin frumkvæði, að senda stofnuninni álit sitt varðandi:

a) málefni sem tengjast beitingu og framfylgd á lögum Sambandsins á þeim sviðum sem falla undir þessa reglugerð, þ.m.t. varðandi greiningu og áhættumat í tengslum við hreyfanleika vinnuafls yfir landamæri, eins og um getur í 10. gr.,

b) drögin að samstæðuársskýrslunni um starfsemi Vinnumálastofnunarinnar sem um getur í 18. gr.,

c) drögin að samræmdu áætlunarskjali sem um getur í 24. gr.

3. Hagsmunahópurinn skal starfa undir stjórn framkvæmdastjórans og koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári að frumkvæði framkvæmdastjórans eða að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.

4. Hagsmunahópurinn skal vera skipaður tveimur fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar og tíu fulltrúum aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins þar sem stéttarfélög og samtök vinnuveitenda eiga jafnmarga fulltrúa, þ.m.t. viðurkenndir aðilar vinnumarkaðarins í Sambandinu í tilteknum geirum sem eru fulltrúar atvinnugreina sem láta málefni hreyfanleika vinnuafls sig varða sérstaklega.

5. Stjórnin skal skipa í hagsmunahópinn þá fulltrúa og varamenn sem samtök þeirra hafa tilnefnt. Stjórnin skal skipa varamennina í samræmi við sömu skilyrði og aðra fulltrúa og skulu þeir taka sæti fjarverandi fulltrúa sjálfvirkt. Eftir því sem mögulegt er skal ná viðeigandi kynjahlutfalli og fullnægjandi fyrirsvari lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

6. Vinnumálastofnunin skal annast skrifstofuhald fyrir hagsmunahópinn. Hagsmunahópurinn skal samþykkja starfsreglur sínar með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa. Starfsreglurnar skulu háðar samþykki stjórnarinnar.

7. Hagsmunahópurinn getur boðið sérfræðingum eða fulltrúum viðeigandi alþjóðastofnana að sitja fundi sína.

8. Vinnumálastofnunin skal birta opinberlega álit, ráðgjöf og tilmæli hagsmunahópsins og niðurstöður samráðs við hann nema þegar trúnaðarkvaðir eiga við.

IV. KAFLI

**GERÐ OG EFNISSKIPAN FJÁRHAGSÁÆTLUNAR VINNUMÁLASTOFNUNARINNAR**

*1. ÞÁTTUR*

***Samræmt áætlunarskjal Vinnumálastofnunarinnar***

*24. gr.*

**Ársáætlun og áætlanir til margra ára**

1. Ár hvert skal framkvæmdastjórinn semja drög að samræmdu áætlunarskjali sem einkum inniheldur áætlun til margra ára og ársáætlun í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1271/2013 ([28]), að teknu tilliti til leiðbeininga framkvæmdastjórnarinnar og hvers kyns ráðgjafar hagsmunahópsins.

2. Fyrir 30. nóvember ár hvert skal stjórnin samþykkja drögin að samræmda áætlunarskjalinu sem um getur í 1. mgr. Hún skal senda þau og uppfærðar útgáfur þeirra til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 31. janúar næsta árs.

Samræmda áætlunarskjalið skal verða endanlegt í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Sambandsins og skal breyta því til samræmis við þau, ef nauðsyn krefur.

3. Í árlegu vinnuáætluninni skal setja fram ítarleg markmið og væntar niðurstöður, þ.m.t. frammistöðuvísa. Hún skal einnig innihalda lýsingu á þeim aðgerðum sem á að fjármagna og upplýsingar um fjármagn og mannafla sem úthlutað er til hverrar aðgerðar. Árlega vinnuáætlunin skal vera í samræmi við vinnuáætlunina til margra ára sem um getur í 4. mgr. Þar skal koma skýrt fram hvaða verkefnum hefur verið bætt við, breytt eða eytt samanborið við næstliðið fjárhagsár. Stjórnin skal breyta samþykktri árlegri vinnuáætlun þegar Vinnumálastofnuninni er falið nýtt verkefni innan gildissviðs þessarar reglugerðar.

Hvers konar verulegar breytingar á árlegu vinnuáætluninni skulu samþykktar með sömu aðferð og gildir um samþykkt upphaflegu árlegu vinnuáætlunarinnar. Stjórninni er heimilt að framselja framkvæmdastjóranum vald til að gera óverulegar breytingar á árlegu vinnuáætluninni.

4. Í vinnuáætluninni til margra ára skal setja fram heildarskipulagsáætlun, þ.m.t. markmið, væntar niðurstöður og frammistöðuvísa. Þar skal einnig koma fram, fyrir hverja aðgerð, það leiðbeinandi fjármagn og mannafli sem talið er nauðsynlegt til að ná settum markmiðum.

Skipulagsáætlunin skal uppfærð, eftir því sem við á, einkum til að bregðast við niðurstöðunum úr matinu sem um getur í 40. gr.

*25. gr.*

**Gerð fjárhagsáætlunar**

1. Ár hvert skal framkvæmdastjórinn setja saman drög að bráðabirgðaáætlun um tekjur og gjöld Vinnumálastofnunarinnar fyrir komandi fjárhagsár, þ.m.t. yfirlit um stöðugildi, og senda til stjórnarinnar.

2. Þessi drög að bráðabirgðaáætlun skulu byggð á markmiðum og væntum niðurstöðum árlega áætlunarskjalsins, sem um getur í 3. mgr. 24. gr., og taka tillit til þess fjármagns sem þarf til að ná þessum markmiðum og væntu niðurstöðum, í samræmi við meginregluna um árangurstengda fjárlagagerð.

([28]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1271/2013 frá 30. september 2013 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 208. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 42).

3. Stjórnin skal samþykkja, á grundvelli draganna að bráðabirgðaáætluninni, drög að áætlun um tekjur Vinnumálastofnunarinnar fyrir komandi fjárhagsár og senda þau til framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

4. Framkvæmdastjórn ESB skal senda fjárveitingavaldinu drögin að áætluninni ásamt drögum að fjárlögum Sambandsins. Drögin að áætluninni skulu einnig gerð aðgengileg Vinnumálastofnuninni.

5. Á grundvelli draganna að áætluninni skal framkvæmdastjórnin fella inn í drögin að fjárlögum Sambandsins þá þætti fjárhagsáætlunarinnar sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirlitinu um stöðugildi og það framlag sem láta skal í té af fjárlögum og leggja þau fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 313. og 314. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

6. Fjárveitingavaldið skal heimila fjárveitingar vegna framlags af fjárlögum Sambandsins til Vinnumálastofnunarinnar.

7. Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlit um stöðugildi fyrir Vinnumálastofnunina.

8. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlun Vinnumálastofnunarinnar. Hún skal verða endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Sambandsins og skal breyta henni til samræmis við þau ef nauðsyn krefur.

9. Framseld reglugerð (ESB) nr. 1271/2013 gildir um hver þau byggingarverkefni sem líklegt er að leiði til mikils kostnaðar á fjárhagsáætlun Vinnumálastofnunarinnar.

*2. ÞÁTTUR*

***Framsetning og framkvæmd fjárhagsáætlunar Vinnumálastofnunarinnar og eftirlit með henni***

*26. gr.*

**Efnisskipan fjárhagsáætlunarinnar**

1. Gera skal áætlun um allar tekjur og öll gjöld Vinnumálastofnunarinnar fyrir hvert fjárhagsár og gera grein fyrir henni í fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsárið skal samsvara almanaksárinu.

2. Jafnvægi skal vera milli tekna og útgjalda í fjárhagsáætlun stofnunarinnar.

3. Tekjur Vinnumálastofnunarinnar skulu, með fyrirvara um önnur tilföng, samanstanda af:

a) framlagi frá Sambandinu sem fært er í fjárlög Sambandsins,

b) frjálsum fjárframlögum frá aðildarríkjunum,

c) framlögum frá þriðju löndum sem taka þátt í starfi Vinnumálastofnunarinnar, eins og kveðið er á um í 42. gr.,

d) mögulegri fjármögnun frá Sambandinu í formi framsalssamninga eða sérstakra fjárstyrkja í samræmi við fjárhagsreglur Vinnumálastofnunarinnar sem um getur í 29. gr. og ákvæði viðeigandi gerninga sem styðja við stefnur Sambandsins,

e) innheimtum gjöldum fyrir útgefið efni og aðra þjónustu sem Vinnumálastofnunin veitir.

4. Til útgjalda Vinnumálastofnunarinnar skal telja launagreiðslur starfsmanna, stjórnsýslu- og skipulagskostnað og rekstrarútgjöld.

*27. gr.*

**Framkvæmd fjárhagsáætlunar**

1. Framkvæmdastjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Vinnumálastofnunarinnar.

2. Ár hvert skal framkvæmdastjórinn senda fjárveitingavaldinu allar upplýsingar sem varða matsniðurstöður.

*28. gr.*

**Framlagning og staðfesting reikninga**

1. Sá sem annast bókhaldsstjórn hjá Vinnumálastofnuninni skal senda þeim sem annast bókhaldsstjórn hjá framkvæmdastjórn ESB og Endurskoðunarréttinum bráðabirgðareikningsskil fyrir fjárhagsárið (ár N) eigi síðar en 1. mars næsta fjárhagsárs (ár N + 1).

2. Sá sem annast bókhaldsstjórn hjá Vinnumálastofnuninni skal einnig veita þeim sem annast bókhaldsstjórn hjá framkvæmdastjórn ESB umbeðin reikningsskilagögn vegna samstæðureikningsskilanna, á þann hátt og á því formi sem hin síðarnefnda krefst, eigi síðar en 1. mars ársins N + 1.

3. Vinnumálastofnunin skal senda skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á árinu N til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnar ESB og Endurskoðunarréttarins eigi síðar en 31. mars ársins N + 1.

4. Þegar framkvæmdastjóra Vinnumálastofnunarinnar berast athugasemdir Endurskoðunarréttarins við bráðabirgðareikningsskil stofnunarinnar fyrir árið N skal sá sem annast bókhaldsstjórn hjá Vinnumálastofnuninni ganga frá endanlegum reikningsskilum stofnunarinnar á eigin ábyrgð. Framkvæmdastjórinn skal leggja þau fyrir stjórnina til umsagnar.

5. Stjórnin skal skila áliti um endanleg reikningsskil Vinnumálastofnunarinnar fyrir árið N.

6. Sá sem annast bókhaldsstjórn hjá Vinnumálastofnuninni skal, eigi síðar en 1. júlí ársins N + 1, senda endanleg reikningsskil fyrir árið N til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnar ESB og Endurskoðunarréttarins ásamt áliti stjórnarinnar.

7. Birta skal vefslóð á síður vefsetursins þar sem endanleg reikningsskil Vinnumálastofnunarinnar eru birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eigi síðar en 15. nóvember ársins N + 1.

8. Framkvæmdastjórinn skal senda Endurskoðunarréttinum, eigi síðar en 30. september ársins N + 1, svar við þeim athugasemdum sem settar voru fram í ársskýrslunni. Framkvæmdastjórinn skal einnig senda svarið til stjórnarinnar og framkvæmdastjórnarinnar.

9. Fari Evrópuþingið þess á leit skal framkvæmdastjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að beita verklagsreglum við staðfestingu reikninga ársins N, í samræmi við 3. mgr. 261. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ([29]).

10. Að fengnum tilmælum frá ráðinu, sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, skal Evrópuþingið, fyrir 15. maí ársins N + 2, leysa framkvæmdastjórann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.

([29]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

*29. gr.*

**Fjárhagsreglur**

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir stofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá framseldri reglugerð (ESB) nr. 1271/2013 nema sérstök þörf sé á slíku fráviki vegna reksturs Vinnumálastofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

V. KAFLI

**STARFSFÓLK**

*30. gr.*

**Almennt ákvæði**

Starfsmannareglurnar og ráðningarskilmálarnir og reglur, sem stofnanir Evrópusambandsins hafa samþykkt til að koma í framkvæmd þessum starfsreglum og ráðningarskilmálum, gilda um starfsfólk Vinnumálastofnunarinnar.

*31. gr.*

**Framkvæmdastjóri**

1. Framkvæmdastjórinn skal ráðinn tímabundið til Vinnumálastofnunarinnar skv. a-lið 2. gr. ráðningarskilmálanna.

2. Stjórnin skal skipa framkvæmdastjórann af skrá yfir umsækjendur sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gerir tillögu um eftir opið og gagnsætt valferli. Umsækjandanum, sem valinn er, skal boðið að gefa yfirlýsingu frammi fyrir Evrópuþinginu og svara spurningum þingmanna. Þau skoðanaskipti skulu ekki valda ótilhlýðilegum töfum á skipun framkvæmdastjórans.

3. Formaður stjórnar skal gera samning við framkvæmdastjórann fyrir hönd Vinnumálastofnunarinnar.

4. Skipunartími framkvæmdastjóra skal vera fimm ár. Fyrir lok þess tímabils skal framkvæmdastjórn ESB framkvæma mat þar sem metin er frammistaða framkvæmdastjórans og framtíðarverkefni og -áskoranir Vinnumálastofnunarinnar.

5. Stjórnin getur, með hliðsjón af matinu sem um getur í 4. mgr., framlengt skipunartíma framkvæmdastjóra í eitt skipti um allt að fimm ár.

6. Framkvæmdastjóri, sem fengið hefur framlengingu á skipunartíma skv. 5. gr., má ekki taka þátt í öðru valferli fyrir sömu stöðu við lok heildartímabilsins.

7. Einungis má víkja framkvæmdastjóranum úr starfi með ákvörðun stjórnar. Við þá ákvörðun sína skal stjórnin taka tillit til mats framkvæmdastjórnar ESB á frammistöðu framkvæmdastjórans sem um getur í 4. mgr.

8. Stjórnin skal taka ákvarðanir um skipun framkvæmdastjóra, framlengingu á skipunartíma hans eða brottvikningu hans úr starfi á grundvelli meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða atkvæðisbærra stjórnarmanna.

*32. gr.*

**Landsbundnir tengifulltrúar**

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn landsbundinn tengifulltrúa sem landssérfræðing sem lánaður er til starfa hjá Vinnumálastofnuninni og til starfa í aðsetri hennar, skv. 33. gr.

2. Landsbundnir tengifulltrúar skulu leggja sitt af mörkum við framkvæmd á verkefnum Vinnumálastofnunarinnar, þ.m.t. með því að greiða fyrir samstarfi og upplýsingaskiptum sem um getur í 7. gr. og með því að styðja við og samræma þær skoðanir sem um getur í 8. gr. Þeir skulu einnig vera landsbundnir tengiliðir varðandi spurningar frá og varðandi aðildarríki sín, annaðhvort með því að svara þeim spurningum beint eða með því að vera í sambandi við landsbundin stjórnvöld sín.

3. Landsbundnum tengifulltrúum skal heimilt að óska eftir og taka við öllum viðeigandi upplýsingum frá aðildarríkjum sínum, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð, en virða jafnframt landslög eða venjur í aðildarríki sínu að fullu, einkum að því er varðar persónuvernd og reglur um trúnaðarkvaðir.

*33. gr.*

**Landssérfræðingar sem lánaðir eru til starfa og annað starfsfólk**

1. Til viðbótar við landsbundnu tengifulltrúana er Vinnumálastofnuninni heimilt að njóta liðsinnis annarra landssérfræðinga sem lánaðir eru til starfa eða annars starfsfólks sem ekki starfar hjá stofnuninni, á öllum starfssviðum þess.

2. Stjórnin skal samþykkja ákvörðun þar sem mælt er fyrir um reglur um lán á innlendum sérfræðingum til starfa hjá stofnuninni tímabundið, þ.m.t. á landsbundnum tengifulltrúum.

VI. KAFLI

**ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI**

*34. gr.*

**Sérréttindi og friðhelgi**

Bókun 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins gildir um Vinnumálastofnunina og starfsfólk hennar.

*35. gr.*

**Tungumálanotkun**

1. Ákvæði reglugerðar ráðsins nr. 1 ([30]) gilda um Vinnumálastofnunina.

2. Þýðingamiðstöðin skal annast nauðsynlega þýðingaþjónustu vegna starfsemi Vinnumálastofnunarinnar.

*36. gr.*

**Gegnsæi, vernd persónuupplýsinga og samskipti**

1. Reglugerð (EB) nr. 1049/2001 gildir um skjöl í vörslu stofnunarinnar. Stjórnin skal, innan sex mánaða frá dagsetningu fyrsta fundar síns, samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu reglugerðar (EB) nr. 1049/2001.

2. Stjórnin skal gera ráðstafanir til að fara að þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/1725, einkum þeim sem varða tilnefningu gagnaverndarfulltrúa Vinnumálastofnunarinnar og þeim sem varða lögmæti vinnslu upplýsinganna, öryggi vinnslustarfseminnar, miðlun upplýsinganna og réttindi skráðra aðila.

([30]) Reglugerð nr. 1 frá 15. apríl 1958 þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu (Stjtíð. EB 17, 6.10.1958, bls. 385).

3. Vinnumálastofnunin hefur heimild til að sinna upplýsingastarfsemi að eigin frumkvæði á sínu valdsviði. Ráðstöfun á fjármagni stofnunarinnar til upplýsingastarfsemi skal ekki hafa skaðleg áhrif á skilvirkni við framkvæmd verkefnanna sem um getur í 4. gr. Upplýsingastarfsemin skal fara fram í samræmi við viðeigandi samskipta- og miðlunaráætlanir stjórnarinnar.

*37. gr.*

**Barátta gegn svikum**

1. Til að auðvelda baráttuna gegn svikum, spillingu og annarri ólöglegri starfsemi, í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) nr. 883/2013, skal Vinnumálastofnunin, innan sex mánaða frá því að hún tekur til starfa, gerast aðili að samstarfssamningnum milli stofnana frá 25. maí 1999 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um innri rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og samþykkja viðeigandi ákvæði sem gilda um alla starfsmenn hennar, og nota til þess sniðmátið sem sett er fram í viðaukanum við þann samning.

2. Endurskoðunarrétturinn skal hafa heimild til að hefja endurskoðun, á grundvelli skjala og vettvangsskoðana, hjá öllum styrkþegum, verktökum og undirverktökum sem hafa fengið fjármagn Sambandsins frá Vinnumálastofnuninni.

3. Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum er heimilt að hefja rannsóknir, þ.m.t. vettvangseftirlit og -athuganir, með það í huga að staðfesta hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrk eða samning sem er Vinnumálastofnunin fjármagnar, í samræmi við ákvæði og málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 883/2013 og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 ([31]).

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir Vinnumálastofnunarinnar innihalda ákvæði sem veita Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að hefja slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

*38. gr.*

**Öryggisreglur um vernd trúnaðarflokkaðra upplýsinga og viðkvæmra upplýsinga sem ekki eru trúnaðarflokkaðar**

Vinnumálastofnunin skal samþykkja eigin öryggisreglur sem jafnast á við öryggisreglur framkvæmdastjórnarinnar til verndar trúnaðarflokkuðum upplýsingum Evrópusambandsins (EUCI) og viðkvæmum upplýsingum sem eru ekki bundnar trúnaði, sem settar er fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/443 ([32]) og (ESB, KBE) 2015/444 ([33]). Öryggisreglur Vinnumálastofnunarinnar skulu m.a. taka til ákvæða um skipti, vinnslu og geymslu slíkra upplýsinga.

*39. gr.*

**Bótaábyrgð**

1. Skaðabótaábyrgð Vinnumálastofnunarinnar innan samninga skal falla undir þau lög sem gilda um viðkomandi samning.

2. Dómstóllinn skal hafa vald til að kveða upp dóma á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem Vinnumálastofnunin hefur gert.

3. Þegar um er að ræða skaðabótaábyrgð utan samninga ber Vinnumálastofnuninni, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem deildir eða starfsfólk hennar kunna eða kann að valda við skyldustörf sín.

4. Dómstóllinn fer með dómsvald í deilumálum um bætur vegna tjóns sem um getur í 3. mgr.

([31]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

([32]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/443 frá 13. mars 2015 um öryggismál í framkvæmdastjórninni (Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 41).

([33]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/444 frá 13. mars 2015 um öryggisreglur til verndar trúnaðarflokkuðum upplýsingum ESB (Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 53).

5. Persónuleg bótaábyrgð starfsfólks gagnvart Vinnumálastofnuninni lýtur þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í starfsmannareglunum og ráðningarskilmálunum sem gilda um það.

*40. gr.*

**Mat og endurskoðun**

1. Eigi síðar en 1. ágúst 2024, og síðan á fimm ára fresti, skal framkvæmdastjórnin meta frammistöðu Vinnumálastofnunarinnar í tengslum við markmið hennar, umboð og verkefni. Í matinu skal einkum fjalla um reynsluna af sáttameðferðinni skv. 13. gr. Þar skal einnig fjalla um hvort þörf sé á að breyta umboði Vinnumálastofnunarinnar og umfangi starfsemi hennar, þ.m.t. að rýmka gildissviðið svo það nái til geirabundinna þarfa og fjárhagslegra áhrifa slíkra breytinga, einnig að teknu tilliti til starfsemi sem stofnanir Sambandsins sinna á þeim sviðum. Í matinu skal einnig kanna frekari samlegðaráhrif og betri samhæfingu við stofnanir á sviði atvinnu- og félagsmálastefna. Á grundvelli matsins getur framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, lagt fram tillögur að endurskoðun á gildissviði þessarar reglugerðar.

2. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á að ekki sé lengur hægt að réttlæta rekstur Vinnumálastofnunarinnar með tilliti til þeirra markmiða sem hún á að uppfylla, umboðs hennar og verkefna getur hún lagt til að þessari reglugerð verði breytt eða hún felld úr gildi til samræmis við það.

3. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu, ráðinu og stjórninni skýrslu um niðurstöður matsins. Birta skal niðurstöður matsins opinberlega.

*41. gr.*

**Stjórnsýsluathuganir**

Aðgerðir Vinnumálastofnunarinnar skulu sæta athugunum umboðsmanns Evrópusambandsins í samræmi við 228. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

*42. gr.*

**Samstarf við þriðju lönd og alþjóðastofnanir**

1. Vinnumálastofnuninni er heimilt að eiga samstarf við lögbær yfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í þessari reglugerð og með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna og stofnana Sambandsins.

Í því skyni er Vinnumálastofnuninni heimilt, með fyrirvara um leyfi stjórnar og að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar, að koma á samkomulagi um vinnutilhögun við lögbær yfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir. Þetta samkomulag skal ekki stofna til lagaskyldna sem hvíla á Sambandinu eða aðildarríkjum þess.

2. Þriðju löndum er frjálst að taka þátt í starfsemi Vinnumálastofnunarinnar ef þau hafa gert samninga þar að lútandi við Sambandið.

Samkvæmt viðeigandi ákvæðum samninganna sem um getur í fyrstu undirgrein skal ákveða nánara fyrirkomulag, þar sem sérstaklega er tilgreint hvernig, í hve miklum mæli og með hvaða hætti hlutaðeigandi þriðju lönd skuli taka þátt í starfi Vinnumálastofnunarinnar, þ.m.t. ákvæði sem varða þátttöku í frumkvæðisverkefnum sem stofnunin framkvæmir, fjárframlög og starfsfólk. Þetta fyrirkomulag skal í öllum tilvikum vera í samræmi við starfsmannareglurnar og ráðningarskilmálana að því er varðar starfsmannamál.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að Vinnumálastofnunin starfi í samræmi við umboð sitt og innan þess stofnanaramma sem er til staðar með því að gera viðeigandi samstarfssamning við framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

*43. gr.*

**Samningur um höfuðstöðvar og rekstrarskilyrði**

1. Í samningi um höfuðstöðvar á milli stofnunarinnar og aðildarríkisins, þar sem stofnunin hefur aðsetur, skal, að fengnu samþykki stjórnarinnar og eigi síðar en 1. ágúst 2021, mælt fyrir um nauðsynlegt fyrirkomulag varðandi húsnæði, sem stofnunin fær í gistiaðildarríkinu, og auk þess sértækar reglur sem skulu gilda í viðkomandi gistiaðildarríki fyrir framkvæmdastjórann, stjórnarmenn, starfsmenn stofnunarinnar og fjölskyldur þeirra.

2. Gistiaðildarríki Vinnumálastofnunarinnar skal sjá stofnuninni fyrir bestu hugsanlegum aðstæðum til að tryggja snurðulausa og skilvirka starfsemi hennar, þ.m.t. menntun á evrópskan mælikvarða sem fram fer á mörgum tungumálum og viðeigandi samgöngutengingar.

*44. gr.*

**Upphaf starfsemi Vinnumálastofnunarinnar**

1. Vinnumálastofnunin skal vera starfhæf og hafa getu til að annast framkvæmd eigin fjárhagsáætlunar eigi síðar en 1. ágúst 2021.

2. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á stofnun Vinnumálastofnunarinnar og upphaflegum rekstri hennar þar til hún hefur rekstrarlegt hæfi. Í því skyni:

a) er framkvæmdastjórninni heimilt að tilnefna embættismann framkvæmdastjórnarinnar til að sinna störfum framkvæmdastjórans til bráðabirgða og annast þær skyldur sem framkvæmdastjóranum hefur verið falið, þar til framkvæmdastjórinn hefur störf að lokinni tilnefningu stjórnarinnar, í samræmi við 31. gr.,

b) skal bráðabirgðaframkvæmdastjórinn beita heimildum tilnefningaryfirvalds, með fyrirvara um k-lið 1. mgr. 18. gr. og þar til ákvörðunin, sem um getur í 2. mgr. 18. gr., hefur verið tekin,

c) er framkvæmdastjórninni heimilt að bjóða Vinnumálastofnuninni aðstoð, einkum með því að færa embættismenn framkvæmdastjórnarinnar til hennar til að sinna starfsemi stofnunarinnar á ábyrgð bráðabirgðaframkvæmdastjórans eða framkvæmdastjórans,

d) getur bráðabirgðaframkvæmdastjórinn heimilað allar greiðslur sem falla undir fjárveitingar sem færðar eru undir fjárhagsáætlun Vinnumálastofnunarinnar, að fengnu samþykki stjórnarinnar, og gert samninga, þ.m.t. starfsmannasamninga, þegar stofnunin hefur samþykkt yfirlitið um stöðugildi.

*45. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 883/2004**

Reglugerð (EB) nr. 883/2004 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður bætist við í 1. gr.:

„(na) „Evrópska vinnumálastofnunin“: stofnun sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 (*) og sem um getur í 74. gr. a,

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344 (Stjtíð ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21).“

2) Eftirfarandi grein bætist við:

*„74. gr. a*

**Evrópska vinnumálastofnunin**

1. Með fyrirvara um verkefni og starfsemi framkvæmdaráðsins skal Evrópska vinnumálastofnunin styðja við beitingu þessarar reglugerðar í samræmi við verkefni sín eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2019/1149. Framkvæmdaráðið skal vinna í samstarfi við Evrópsku vinnumálastofnunina til að samræma starfsemina í gagnkvæmu samkomulagi og koma í veg fyrir tvíverknað. Það skal gera samstarfssamning við Evrópsku vinnumálastofnunina í þessu skyni.

2. Framkvæmdaráðið getur farið þess á leit við Evrópsku vinnumálastofnunina að hún skjóti máli, sem varðar félagslegt öryggi og er í sáttameðferð, til framkvæmdaráðsins, í samræmi við þriðju undirgrein 11. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1149.“

*46. gr.*

**Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 492/2011**

Reglugerð (ESB) nr. 492/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í 26. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„Evrópska vinnumálastofnunin, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 (*), skal taka þátt í fundum ráðgjafarnefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og láta í té tæknilegt framlag og sérfræðiþekkingu, eftir því sem við á.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344 (Stjtíð ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21).“

2) Ákvæði 29.–34. gr. eru felld brott frá og með þeim degi er Vinnumálastofnunin tekur til starfa í samræmi við 1. mgr. 44. gr. þessarar reglugerðar.

3) Í stað 35. gr. kemur eftirfarandi:

„35. gr.

Málsmeðferðarreglur ráðgjafarnefndarinnar sem voru í gildi 8. nóvember 1968 eiga áfram við.“

4) Í stað 39. gr. kemur eftirfarandi:

„39. gr.

Stjórnunarkostnaður ráðgjafarnefndarinnar skal talinn með í þeim hluta fjárlaga Evrópusambandsins sem varðar framkvæmdastjórnina.“

*47. gr.*

**Breytingar á reglugerð (ESB) 2016/589**

Reglugerð (ESB) 2016/589 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) skipulag EURES-netsins milli framkvæmdastjórnarinnar, Evrópsku vinnumálastofnunarinnar og aðildarríkjanna,“.

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar, Evrópsku vinnumálastofnunarinnar og aðildarríkjanna um að deila viðkomandi tiltækum gögnum um lausar stöður, atvinnuumsóknir og ferilskrár,“.

c) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:

„f) eflingu EURES-netsins á vettvangi Sambandsins með skilvirkum ráðstöfunum fyrir miðlun upplýsinga af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, Evrópsku vinnumálastofnunarinnar og aðildarríkjanna.“

2) Eftirfarandi lið er bætt við 3. gr.:

„8) „Evrópska vinnumálastofnunin“: stofnun sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 (*)

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1149 frá 20. júní 2019 um að koma á fót evrópskri vinnumálastofnun, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004, (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) 2016/589 og um niðurfellingu ákvörðunar (ESB) 2016/344 (Stjtíð ESB L 186, 11.7.2019, bls. 21).“

3) Í stað 2. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Tryggja skal aðgengi einstaklinga með fötlun að upplýsingunum sem veittar eru á EURES-vefgáttinni og að stuðningsþjónustu sem tiltæk er á landsvísu. Framkvæmdastjórnin, Evrópska samráðsskrifstofan og aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess skulu ákveða með hvaða hætti þetta skuli tryggt, með tilliti til skyldna hvers um sig.“

4) Ákvæðum 1. mgr. 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) evrópskri samráðsskrifstofu, sem skal komið á fót innan Evrópsku vinnumálastofnunarinnar og sem skal bera ábyrgð á að styðja við starfsemi EURES-netsins,“.

b) Eftirfarandi liður bætist við:

„e) framkvæmdastjórnin.“

5) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Evrópska samráðsskrifstofan skal styðja við starfsemi EURES-netsins, einkum með því að þróa og sinna, í nánu samstarfi við landsbundnu samræmingarskrifstofurnar og framkvæmdastjórnina, eftirfarandi starfsemi:“

ii. Í stað i. liðar í a-lið kemur eftirfarandi:

„i. sem kerfiseigandi EURES-vefgáttarinnar og tengdrar upplýsingatækniþjónustu, skilgreining á þörfum notenda og viðskiptalegum kröfum sem senda skal framkvæmdastjórninni vegna rekstrar og þróunar vefgáttarinnar, þ.m.t. kerfi og málsmeðferð til að skiptast á upplýsingum um lausar stöður, atvinnuumsóknum, ferilskrám og fylgiskjölum og öðrum upplýsingum, í samstarfi við aðra viðeigandi upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu eða -net og frumkvæðisverkefni Sambandsins,“.

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Evrópska samráðsskrifstofan skal vera undir stjórn Evrópsku vinnumálastofnunarinnar. Evrópska samráðsskrifstofan skal koma á reglulegum viðræðum við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Evrópska samráðsskrifstofan skal, að höfðu samráði við samræmingarhópinn sem um getur í 14. gr. og við framkvæmdastjórnina, gera sameiginlegar vinnuáætlanir sínar til margra ára.“

6) Í stað b-liðar 2. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„b) samstarfi við framkvæmdastjórnina, Evrópsku vinnumálastofnunina og aðildarríkin um afgreiðslu innan rammans sem settur er fram í III. kafla,“.

7) Í stað 1. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Samræmingarhópurinn skal samanstanda af fulltrúum á viðeigandi stjórnunarstigi framkvæmdastjórnarinnar, Evrópsku samráðsskrifstofunnar og landsbundnu samræmingarskrifstofanna.“

8) Í stað 6. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi:

„6. Aðildarríkin skulu, ásamt framkvæmdastjórninni og Evrópsku samráðsskrifstofunni, kanna alla möguleika á að veita borgurum Sambandsins forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að koma á jafnvægi milli framboðs á og eftirspurnar eftir vinnuafli innan Sambandsins. Aðildarríkin geta samþykkt ráðstafanir sem nauðsynlegar eru í þessu skyni.“

9) Í stað 1. mgr. 19. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu vinna saman, með framkvæmdastjórninni og með Evrópsku samráðsskrifstofunni að samvirkni milli landsbundinna kerfa og evrópska flokkunarkerfisins sem framkvæmdastjórnin hefur þróað. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríkin reglulega um þróun evrópska flokkunarkerfisins.“

10) Í stað 29. gr. kemur eftirfarandi:

„*29. gr.*

**Upplýsingaskipti um strauma og mynstur**

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu fylgjast með og birta upplýsingar um strauma og mynstur með tilliti til hreyfanleika vinnuafls í Sambandinu á grundvelli skýrslna frá Evrópsku vinnumálastofnuninni sem byggðar eru á tölfræðilegum upplýsingum frá Hagstofu Evrópusambandsins og tiltækum landsbundnum gögnum.“

*48. gr.*

**Niðurfelling**

Ákvörðun (ESB) 2016/344 er felld úr gildi frá og með þeim degi er Vinnumálastofnunin tekur til starfa í samræmi við 1. mgr. 44. gr. þessarar reglugerðar.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

*49. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2019.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| A. TAJANI | G. CIAMBA |
| *forseti.* | *forseti.* |

*VIÐAUKI*

STARFSEMI VETTVANGSINS SEM KOMIÐ ER Á FÓT Í SAMRÆMI VIÐ 2. MGR. 16. GR.

Vettvangurinn skal, í stuðningi sínum við markmið Vinnumálastofnunarinnar um að taka á svartri vinnu, einkum vinna að því að:

1) bæta þekkingu á svartri vinnu, m.a. á orsökum, svæðisbundnum mismun og þáttum sem ná yfir landamæri, með sameiginlegum skilgreiningum og hugtökum, gagnreyndum mælitækjum og með því að ýta undir samanburðargreiningu, með þróun gagnkvæms skilnings á mismunandi kerfum og starfsvenjum við að taka á svartri vinnu og greina árangur stefnuúrræða, m.a. með forvarnarráðstöfunum og viðurlögum,

2) greiða fyrir og meta mismunandi samstarfsform milli aðildarríkjanna og, ef við á, þriðju landa, s.s. skipti á starfsmönnum, notkun á gagnasöfnum, sameiginlega starfsemi og sameiginlega þjálfun, og koma á fót kerfi um upplýsingaskipti fyrir samvinnu á sviði stjórnsýslu með því að nota sérstaka vinnslueiningu fyrir svarta vinnu í IM-upplýsingakerfinu,

3) koma á fót verkfærum til skilvirkra skipta á upplýsingum og reynslu, t.d. þekkingarbanka, og þróa viðmiðunarreglur um framfylgd laga, handbækur um góðar starfsvenjur, sameiginlegar meginreglur um eftirlit til að taka á svartri vinnu með sameiginlegri starfsemi, eins og evrópskum herferðum og meta reynslu af slíkum verkfærum,

4) þróa áætlun um jafningjafræðslu til að greina góðar starfsvenjur á öllum viðeigandi sviðum til að takast á við svarta vinnu og skipuleggja jafningjaryni til að taka á svartri vinnu í aðildarríkjum sem velja að taka þátt í slíkri rýni,

5) miðla reynslu landsbundinna yfirvalda af beitingu viðeigandi laga Sambandsins til að taka á svartri vinnu.

# REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 391/2009 2024/EES/11/47

**frá 23. apríl 2009**

**um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit**

**(endurútgefin)**

**(Texti sem varðar EES)** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og

félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 3. febrúar 2009 ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ([4]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Með tilliti til eðlis ákvæða tilskipunar 94/57/EB virðist viðeigandi að endurútgefa ákvæði hennar í tveimur mismunandi lagagerningum Bandalagsins, þ.e. í tilskipun og reglugerð.

3) Stofnanir, sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit, skulu geta boðið þjónustu í öllu Bandalaginu og átt í samkeppni sín á milli ásamt því að veita sambærilega öryggis- og umhverfisvernd. Þar af leiðandi skal setja nauðsynlega fagstaðla um þessa starfsemi og beita þeim með einsleitum hætti alls staðar í Bandalaginu.

4) Leitast skal við að ná þessu markmiði með ráðstöfunum sem tengjast með fullnægjandi hætti starfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og, eftir því sem við á, byggja á því og styrkja það. Enn fremur skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin stuðla að því að Alþjóðasiglingamálastofnunin þrói alþjóðlegan kóða fyrir viðurkenndar stofnanir.

5) Mæla skal fyrir um lágmarksviðmiðanir um viðurkenningu stofnana með það í huga að auka öryggi skipa og koma í veg fyrir mengun frá þeim. Því skal styrkja lágmarksviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 94/57/EB.

6) Til að unnt sé að veita stofnunum, sem sækjast eftir leyfi til að starfa fyrir hönd aðildarríkjanna, upphaflegu viðurkenninguna getur framkvæmdastjórnin, ásamt aðildarríkjunum sem farið hafa fram á viðurkenninguna, metið á skilvirkari hátt, með samræmdri aðferð og á miðlægari hátt hvort farið hafi verið að lágmarksviðmiðununum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

7) Aðeins skal veita viðurkenningu á grunni gæða- og öryggisframmistöðu stofnunarinnar. Sjá skal til þess að umfang viðurkenningarinnar verði ávallt í samræmi við raunverulega getu viðkomandi stofnunar. Í tengslum við viðurkenninguna skal enn fremur taka tillit til mismunandi réttarstöðu og skipulags félagsins að baki viðurkenndra stofnana og samtímis að tryggja samræmda beitingu lágmarksviðmiðananna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og skilvirkni eftirlits Bandalagsins. Óháð skipulagi félagsins skal stofnunin, sem á að hljóta viðurkenningu, veita þjónustu um allan heim og lögaðilar hennar skulu bera óskipta bótaábyrgð.

8) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([5]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 195.

([2]) Stjtíð. ESB C 229, 22.9.2006, bls. 38.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 25. apríl 2007 (Stjtíð. ESB C 74 E, 20.3.2008, bls. 632), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. júní 2008 (Stjtíð. ESB C 190 E, 29.7.2008, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 24. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), ákvörðun ráðsins frá 26. febrúar 2009 og lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 11. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).

([4]) Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20.

([5]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

9) Einkum skal veita framkvæmdastjórninni heimild til að breyta þessari reglugerð í því skyni að hrinda í framkvæmd síðari breytingum á alþjóðasamningunum, -bókununum, -kóðunum og ályktunum sem tengjast henni, uppfæra lágmarksviðmiðanirnar í I. viðauka og samþykkja viðmiðanirnar til að mæla skilvirkni reglnanna og verklagsreglnanna auk frammistöðu viðurkenndu stofnananna að því er varðar öryggi skipa og varnir gegn mengun frá skipum sem eru í flokki hjá þeim. Þar sem þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

10) Mjög mikilvægt er að unnt sé að bregðast við með skjótum, árangursríkum og hóflegum hætti ef viðurkenndar stofnanir uppfylla ekki skyldur sínar. Meginmarkmiðið skal vera að ráða bót á hvers konar annmörkum með það í huga að koma í veg fyrir, á byrjunarstigi, að þeir stofni öryggi eða umhverfinu hugsanlega í hættu. Framkvæmdastjórnin skal því öðlast nauðsynlegar heimildir til að krefjast þess að viðurkenndu stofnanirnar grípi til nauðsynlegra fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta svo og að þær leggi á sektir og févíti sem þvingunarráðstafanir. Þegar framkvæmdastjórnin beitir þessum heimildum sínum skal hún gera það þannig að grundvallarréttindi séu virt og að tryggt sé að stofnunin geti ætíð komið sjónarmiðum sínum á framfæri meðan á málsmeðferðinni stendur.

11) Í samræmi við aðferðina, sem tíðkast alls staðar í Bandalaginu, skal ákvörðun um að afturkalla viðurkenningu stofnunar tekin á vettvangi Bandalagsins og þar af leiðandi af framkvæmdastjórninni á grundvelli málsmeðferðar nefndarinnar, ef stofnunin uppfyllir ekki þær skyldur sem settar eru fram í þessari reglugerð, ef framangreindar ráðstafanir reynast gagnslausar eða ef stofnunin stofnar öryggi eða umhverfinu á annan hátt í óviðunandi hættu.

12) Hafa má stöðugt og skilvirkara eftirlit með viðurkenndum stofnunum eftir á til að meta hvort þær geti farið að ákvæðum þessarar reglugerðar með samræmdari og miðlægari hætti. Því er við hæfi að framkvæmdastjórninni verði, ásamt aðildarríkinu sem fer fram á viðurkenninguna, falið þetta verkefni fyrir hönd Bandalagsins í heild.

13) Sem hluti af eftirliti með starfsemi viðurkenndra stofnana er afar mikilvægt að skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar hafi aðgang að öllum skipum og skipsskjölum, án tillits til fánans sem skipið siglir undir, í því skyni að ganga úr skugga um hvort viðurkenndu stofnanirnar fari að þeim lágmarksviðmiðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð að því er varðar öll skip hvert í sínum flokki.

14) Geta viðurkenndra stofnana til að greina skjótt veikleika í reglum sínum, verklagsreglum og innra eftirliti og ráða bót á þeim er afar mikilvæg fyrir öryggi skipanna sem þær skoða og viðurkenna. Efla skal þá getu með hjálp einingar sem hefur með gæðamat og vottun að gera en hún skal hvorki hafa viðskiptalegra né pólitískra hagsmuna að gæta, geta lagt til sameiginlegar aðgerðir um viðvarandi úrbætur á öllum viðurkenndum stofnunum og tryggt árangursríkt samstarf við framkvæmdastjórnina.

15) Reglur og verklagsreglur viðurkenndra stofnana eru meginforsendan fyrir því að unnt sé að auka öryggi og koma í veg fyrir slys og mengun. Viðurkenndu stofnanirnar hafa innleitt ferli sem skal leiða til samræmingar reglna þeirra og verklagsreglna. Stuðla skal að innleiðingu slíks ferlis og það skal stutt með löggjöf Bandalagsins vegna þess að það mun hafa jákvæð áhrif á siglingaöryggi og samkeppnishæfni skipasmíðaiðnaðarins í Evrópu.

16) Samræming reglna viðurkenndra stofnana um hönnun, smíði og reglubundið eftirlit með kaupskipum er viðvarandi ferli. Þar af leiðandi skal litið á þá skyldu að hafa eigin reglur eða geta sýnt fram á að geta haft eigin reglur sem hluta af samræmingarferlinu og ekki skal litið á hana sem hindrun í starfsemi viðurkenndu stofnananna eða hugsanlegra umsækjenda um viðurkenningu.

17) Viðurkenndum stofnunum skal gert skylt að uppfæra tæknistaðla sína og beita þeim með samræmdum hætti í því skyni að samhæfa öryggisreglur og tryggja að framkvæmd regla innan Bandalagsins sé einsleit. Ef tæknistaðlar viðurkenndra stofnana um efni, búnað og íhluti eru eins eða mjög svipaðir skal metið hvort gagnkvæm viðurkenning skírteina fyrir efni, búnað og íhluti komi til álita í viðeigandi tilvikum, þar sem ströngustu og mest krefjandi staðlar eru hafðir til viðmiðunar.

18) Jafnvel þótt hver viðurkennd stofnun skuli að meginreglu til einungis bera ábyrgð í tengslum við þá hluti sem hún vottar fer bótaábyrgð viðurkenndra stofnana og framleiðenda eftir samningsbundnum skilyrðum eða, eftir atvikum, gildandi lögum í hverju tilviki fyrir sig.

19) Þar sem gagnsæi upplýsinga og upplýsingaskipti hagsmunaaðila, svo og aðgangur almennings að upplýsingum, eru meðal mikilvægustu leiða til að koma í veg fyrir sjóslys skulu viðurkenndar stofnanir láta eftirlitsyfirvöldum hafnarríkis í té allar viðeigandi, lögboðnar upplýsingar um ástand skipa í þeirra flokki og gera þær aðgengilegar almenningi.

20) Í því skyni að koma í veg fyrir að skip skipti um flokk til að komast hjá því að framkvæma nauðsynlegar viðgerðir skulu viðurkenndar stofnanir skiptast á öllum viðeigandi upplýsingum um ástand þeirra skipa sem skipta um flokk og gera fánaríkinu viðvart ef nauðsyn krefur.

21) Vernd hugverkaréttinda hagsmunaaðila á sviði siglingamála, þ.m.t. skipasmíðastöðvar, birgjar búnaðar og skipaeigendur, skal ekki koma í veg fyrir eðlileg viðskipti og samningsbundna þjónustu sem á sér stað milli þessara aðila.

22) Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 ([1]) skal veita nauðsynlegan stuðning til að tryggja beitingu þessarar reglugerðar.

23) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að ákvarða tilteknar ráðstafanir sem stofnanir, sem falið er að skoða, hafa eftirlit með og viðurkenna skip sem starfrækt eru í Bandalaginu, eiga að gera og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna umfangs og áhrifa ráðstafananna, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

24) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ([2]) er mælt fyrir ráðstafanir sem stofnanir sem annast skipaskoðun og -eftirlit eiga að gera.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í þessari reglugerð er ákveðið hvaða ráðstafanir stofnanir eiga að gera sem falið er að skoða, hafa eftirlit með og annast skírteinisútgáfu til skipa í því skyni að fara að alþjóðasamningum um öryggi á hafi úti og varnir gegn mengun sjávar og að stuðla að því að ná markmiðinu um frelsi til að veita þjónustu. Þetta ferli felur í sér þróun og framkvæmd öryggiskrafna sem gilda um bol, vél-, raf- og stjórnbúnað skipa sem falla undir gildissvið alþjóðasamninganna.

*2. gr.*

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skip“: skip sem fellur undir gildissvið alþjóðasamþykktanna,

b) „alþjóðasamningar“: alþjóðasamningurinn um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS-samþykktin frá 1974), að undanskildum kafla XI-2 í viðaukanum við hann, alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa frá 1966 og alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) svo og bókanir við þá og breytingar á þeim, ásamt reglum sem tengjast þeim og eru bindandi í öllum aðildarríkjunum, í nýjustu útgáfum sínum,

c) „stofnun“: lögaðili, útibú þess og hvers konar aðrir aðilar undir stjórn hans sem sinna verkefnum sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar sameiginlega eða sitt í hvoru lagi,

d) „stjórn“: að því er varðar c-lið, réttindi, samninga eða önnur úrræði, að lögum eða í reynd, sem annaðhvort sitt í hvoru lagi eða saman, gefa lögaðila kleift að hafa veruleg áhrif eða sinna verkefnum sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar,

e) „viðurkennd stofnun“: stofnun sem hlotið hefur viðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð,

f) „leyfi“: sú framkvæmd af hálfu aðildarríkis að veita viðurkenndri stofnun leyfi eða fela henni vald,

g) „lögboðin skírteini“: skírteini gefið út af eða fyrir hönd aðildarríkis í samræmi við alþjóðasamningana,

h) „reglur og verklagsreglur“: kröfur viðurkenndrar stofnunar um hönnun, smíði, búnað og viðhald skipa ásamt eftirliti með þeim,

i) „flokkunarfélagsskírteini“: skjal sem viðurkennd stofnun gefur út og vottar að skip sé hæft til tiltekinna nota eða reksturs og sé í samræmi við reglur og verklagsreglur sem viðurkennda stofnunin hefur mælt fyrir um og birt opinberlega,

j) „staðsetning“: sá staður þar sem skráða skrifstofu, yfirstjórn eða höfuðstöðvar stofnunar er að finna.

([1]) Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47.

*3. gr.*

1. Aðildarríki sem óska eftir því að veita stofnun, sem enn hefur ekki verið viðurkennd, leyfi skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um viðurkenningu ásamt ítarlegum upplýsingum og gögnum þess efnis að stofnunin fari að lágmarksviðmiðunum sem settar eru fram í I. viðauka, svo og upplýsingum um þá kröfu og þá skuldbindingu að stofnunin fari að ákvæðum 4. mgr. 8. gr. og 9., 10. og 11. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ásamt viðkomandi aðildarríkjum sem leggja fram beiðnina, sjá um að meta stofnanirnar sem hún hefur fengið umsókn um að viðurkenna, til þess að sannprófa að stofnanirnar uppfylli kröfurnar í 1. mgr. og skuldbindi sig til að fara að þeim.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., neita að viðurkenna stofnanir sem uppfylla ekki kröfurnar sem um getur í 1. mgr. eða ef frammistaða þeirra telst stofna öryggi eða umhverfinu í óviðunandi hættu á grunni viðmiðananna sem mælt er fyrir um í 14. gr.

*4. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin skal veita viðurkenninguna í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

2. Aðeins skal veita þeim stofnununum viðurkenningu sem uppfylla kröfurnar sem um getur í 3. gr.

3. Viðurkenning skal veitt hlutaðeigandi lögaðila sem er móðurfélag einingar allra lögaðila sem viðurkennda stofnunin samanstendur af. Viðurkenningin skal ná til allra lögaðila sem stuðla að því að tryggja að sú stofnun geti innt af hendi þjónustu sína um allan heim.

4. Framkvæmdastjórnin má, í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., takmarka viðurkenningu að því er varðar tilteknar tegundir skipa, skipa af tiltekinni stærð, á tilteknu farsviði eða sambland af þessu, í samræmi við getu og sérfræðiþekkingu sem hlutaðeigandi stofnun hefur sýnt fram á. Í slíkum tilvikum skal framkvæmdastjórnin tilgreina ástæður fyrir takmörkuninni og skilyrði þess að aflétta skuli takmörkuninni eða að unnt sé að rýmka hana. Endurskoða má takmörkunina hvenær sem er.

5. Framkvæmdastjórnin skal vinna og uppfæra skrá yfir stofnanirnar sem viðurkenndar eru í samræmi við þessa grein. Birta skal þessa skrá í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

*5. gr.*

Telji framkvæmdastjórnin að viðurkennd stofnun hafi ekki uppfyllt lágmarksviðmiðanirnar, sem settar eru fram í I. viðauka, eða skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð, eða að frammistaða viðurkenndrar stofnunar, hvað varðar öryggi og mengunarvarnir, hafi versnað umtalsvert, án þess þó að það stofni öryggi eða umhverfi í verulega hættu, skal hún krefjast þess að hlutaðeigandi viðurkennd stofnun grípi til nauðsynlegra fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta innan tiltekins frests til að tryggja að farið sé í einu og öllu að þessum lágmarksviðmiðunum og skyldum og, einkum, afstýra hugsanlegri hættu sem öryggi eða umhverfið stafar þar af, eða taka með öðrum hætti á ástæðum þess að frammistaðan hefur versnað.

Fyrirbyggjandi ráðstafanir og aðgerðir til úrbóta geta falið í sér verndarráðstafanir til bráðabirgða þegar hugsanleg öryggis- eða umhverfishætta er yfirvofandi.

Án þess að það hafi áhrif á tafarlausa framkvæmd skal framkvæmdastjórnin þó tilkynna öllum aðildarríkjum, sem hafa veitt viðurkenndri stofnun leyfi, fyrir fram um þær ráðstafanir sem hún hyggst grípa til.

*6. gr.*

1. Til viðbótar við þær ráðstafanir sem gerðar eru skv. 5. gr. má framkvæmdastjórnin, í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 12. gr., leggja sektir á viðurkennda stofnun:

a) — ef hún lætur undir höfuð leggjast, með alvarlegum eða endurteknum hætti, að fara að lágmarks-viðmiðunum, sem settar eru fram í I. viðauka, eða að uppfylla skyldur sínar skv. 4. mgr. 8. gr. og 9., 10. og 11. gr.

eða

— ef versnandi frammistaða hennar leiðir í ljós alvarlega ágalla í skipulagi hennar, verklagsreglum eða innra eftirliti

eða

b) ef stofnunin hefur vísvitandi lagt fyrir framkvæmdastjórnina rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í tengslum við matið, skv. 1. mgr. 8. gr., eða hindrað þetta mat með öðrum hætti.

2. Ef viðurkennd stofnun lætur undir höfuð leggjast að grípa til þeirra fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta, sem framkvæmdastjórnin krefst, eða ótilhlýðilegar tafir verða á þeim má framkvæmdastjórnin leggja févíti á stofnunina þar til gripið hefur verið til tilskilinna aðgerða með fullnægjandi hætti, sbr. þó 1. mgr.

3. Sektirnar og févítin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu hafa letjandi áhrif og vera í réttu hlutfalli bæði við alvarleika málsins og fjárhagslega getu hlutaðeigandi viðurkenndrar stofnunar, að teknu sérstöku tilliti til þess að hvaða marki öryggi eða umhverfisvernd hefur verið stofnað í hættu.

Þau skulu því aðeins lögð á eftir að viðurkennd stofnun og hlutaðeigandi aðildarríki hafa fengið tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar.

Samanlögð fjárhæð álagðra sekta og févíta skal ekki vera hærri en sem nemur 5% af samanlagðri meðalveltu viðurkenndu stofnunarinnar á næstliðnum þremur rekstrarárum fyrir starfsemi sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar.

4. Dómstóll Evrópubandalaganna skal hafa ótakmarkaða lögsögu til að endurskoða ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um sektir eða févíti. Honum er heimilt að fella niður sekt eða févíti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

*7. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin skal afturkalla viðurkenningu stofnunar:

a) ef ítrekaður og alvarlegur misbrestur hennar við að fara að lágmarksviðmiðununum, sem settar eru fram í I. viðauka, eða að uppfylla skyldur sínar, samkvæmt þessari reglugerð, er með þeim hætti að það stofni öryggi eða umhverfinu í óviðunandi hættu,

b) ef ítrekaður og alvarlegur misbrestur hennar á frammistöðu við öryggis- og mengunarvarnir er með þeim hætti að það stofni öryggi og umhverfinu í óviðunandi hættu,

c) ef hún hindrar eða kemur ítrekað í veg fyrir mat framkvæmdastjórnarinnar,

d) ef hún vanrækir að greiða sektirnar og/eða févítin sem um getur í 1. og 2. mgr. 6. gr. eða

e) ef hún leitast við að fá fjárhagslega tryggingu eða endurgreiðslu hvers konar sekta sem lagðar eru á skv. 6. gr.

2. Að því er varðar a- og b- lið 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun, á grunni allra fyrirliggjandi upplýsinga, þ.m.t.:

a) niðurstöður eigin mats á hlutaðeigandi viðurkenndri stofnun skv. 1. mgr. 8. gr.,

b) skýrslur sem aðildarríki leggja fram skv. 10. gr. tilskipunar 2009/15/EB,

c) greining slysa þar sem skip í flokki hjá viðurkenndum stofnunum eiga í hlut,

d) hvers konar upplýsingar um að ágallarnir, sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr., komi ítrekað í ljós,

e) upplýsingar um að hvaða marki þetta snertir flotann í flokki hjá viðurkenndu stofnuninni og

f) staðfesting þess efnis að þær ráðstafanir sem um getur í 2. mgr. 6. gr. hafi engin áhrif.

3. Framkvæmdastjórnin skal, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, taka ákvörðun um afturköllun viðurkenningar í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., og eftir að hlutaðeigandi viðurkennd stofnun hefur fengið tækifæri til að leggja fram athugasemdir.

*8. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin skal, ásamt aðildarríkinu sem lagði fram viðkomandi beiðni um viðurkenningu, meta allar viðurkenndu stofnanirnar reglulega og á a.m.k. tveggja ára fresti til að sannreyna að þær uppfylli skyldurnar, samkvæmt þessari reglugerð, og fari að lágmarksviðmiðununum sem mælt er fyrir um í I. viðauka. Matið skal takmarkast við þá starfsemi viðurkenndu stofnananna sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar.

2. Við val á viðurkenndum stofnunum, sem fyrirhugað er að meta, skal framkvæmdastjórnin einkum og sér í lagi huga að frammistöðu stofnunarinnar að því er varðar öryggi og mengunarvarnir, að gögnum um slys og að skýrslum sem aðildarríki leggja fram í samræmi við 10. gr. tilskipunar 2009/15/EB.

3. Matið getur falið í sér vitjun í svæðisútibú viðurkenndu stofnunarinnar auk slembiskoðunar á skipum, bæði þeim sem eru í rekstri og á smíðastigi, í því skyni að gera úttekt á frammistöðu viðurkenndu stofnunarinnar. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin, ef við á, gera aðildarríkjunum, þar sem útibúið er staðsett, grein fyrir því. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins.

4. Hver viðurkennd stofnun skal sjá til þess að ár hvert séu niðurstöður endurskoðunar hennar á stjórn gæðakerfisins aðgengilegar nefndinni sem um getur í 1. mgr. 12. gr.

*9. gr.*

1. Viðurkenndar stofnanir skulu sjá til þess að framkvæmdastjórnin hafi aðgang að upplýsingum sem eru nauðsynlegar að því er varðar matið sem um getur í 1. mgr. 8. gr. Ekki má skírskota til neinna samningsákvæða til að takmarka þennan aðgang.

2. Viðurkenndar stofnanir skulu sjá til þess að í samningum sínum við skipaeigendur eða útgerðarmenn um útgáfu lögboðinna skírteina eða flokkunarfélagsskírteina fyrir skip að skilyrði fyrir slíkri útgáfu sé bundið því að aðilarnir setji sig ekki á móti því að skoðunarmenn framkvæmdastjórnarinnar fái aðgang að skipi að því er varðar 1. mgr. 8. gr.

*10. gr.*

1. Viðurkenndar stofnanir skulu reglulega ráðfæra sig hver við aðra í því skyni að reglur þeirra og verklagsreglur séu ávallt jafngildar og stefna að því að þær séu samræmdar svo og framkvæmd þeirra. Þær skulu hafa samráð með það í huga að alþjóðasamningarnir séu alltaf túlkaðir á sama hátt, sbr. þó heimildir fánaríkjanna. Viðurkenndar stofnanir skulu, í viðeigandi tilvikum, koma sér saman um þau skilyrði um tæknileg mál og verklagsreglur sem þær byggja gagnkvæma viðurkenningu sína á flokkunarfélagsskírteinum fyrir efni, búnað og íhluti þar sem jafngildir staðlar eru lagðir til grundvallar og þar sem ströngustu og mest krefjandi staðlar eru hafðir til viðmiðunar.

Ef ekki er hægt að ná samkomulagi um gagnkvæma viðurkenningu sökum alvarlegra öryggisástæðna skulu viðurkenndar stofnanir tilgreina ástæður þess með skýrum hætti.

Ef viðurkennd stofnun kemst að raun um, með skoðun eða öðrum hætti, að efni, búnaður eða íhlutur uppfyllir ekki kröfur skírteinis síns má sú stofnun synja um heimild til að koma því efni, búnaði eða íhlut fyrir um borð í skipinu. Viðurkennda stofnunin skal tafarlaust upplýsa aðrar viðurkenndar stofnanir um það og greina frá ástæðum synjunarinnar.

Viðurkenndar stofnanir skulu viðurkenna, með flokkun í huga, skírteini fyrir búnað um borð í skipum sem ber merkið í formi stýrishjóls í samræmi við tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum ([1]).

Þær skulu reglulega gefa framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum skýrslu um mikilvægar framfarir á sviði staðla og gagnkvæmrar viðurkenningar á skírteinum fyrir efni, búnað og íhluti.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 17. júní 2014, sem byggð er á sjálfstæðri rannsókn og þar sem fjallað er um að hvaða marki náðst hefur að samræma reglur og verklagsreglur auk gagnkvæmrar viðurkenningar skírteina fyrir efni, búnað og íhluti.

3. Viðurkenndu stofnanirnar skulu vinna með eftirlitsyfirvöldum hafnarríkis þegar um er að ræða eitt af skipum í þeirra flokki, einkum til að auðveldara sé að ráða bót á annmörkum eða öðru ósamræmi sem tilkynnt er um.

4. Viðurkenndar stofnanir skulu útvega öllum yfirvöldum aðildarríkjanna, sem veitt hafa einhver þau leyfi sem kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 2009/15/EB, svo og framkvæmdastjórninni, allar viðeigandi upplýsingar um flokkaðan flota þeirra, tilfærslur milli stofnana, breytingar, niðurfellingar og útstrikun skipa úr flokki, óháð því undir hvaða fána þau sigla.

Upplýsingar um tilfærslur, breytingar, niðurfellingar og útstrikun skipa úr flokki, þ.m.t. upplýsingar um hvers konar eftirlit og tilmæli sem komin eru fram yfir tímamörk, flokkunarskilyrði, skilyrði fyrir rekstri eða takmarkanir á honum, sem gefnar eru út fyrir skip sem þær hafa flokkað, skulu einnig, óháð því undir hvaða fána skipin sigla, sendar með rafrænum hætti til sameiginlegs skoðunargagnagrunns sem aðildarríkin nota til að framkvæma tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit ([2]) á sama tíma og þær eru skráðar í eigin kerfi viðurkenndu stofnunarinnar og í öllu falli ekki síðar en 72 klukkustundum eftir að atvikið, sem varð til þess að gripið var til tilkynningaskyldu, átti sér stað. Þær upplýsingar, að undanskildum tilmælum og skilyrðum flokksins sem komin eru fram yfir tímamörk, skulu birtar á vefsíðum þessara viðurkenndu stofnana.

5. Viðurkenndar stofnanir skulu ekki gefa út lögboðin skírteini fyrir skip, sem hefur verið strikað út úr flokki eða þar sem flokknum hefur verið breytt af öryggisástæðum, óháð því undir hvaða fána það siglir, fyrr en lögbærum yfirvöldum fánaríkisins hefur verið gefinn hæfilegur frestur til að skila áliti sínu um það hvort nauðsynlegt sé að krefjast alhliða skoðunar.

6. Við tilfærslu flokks frá einni viðurkenndri stofnun til annarrar skal víkjandi stofnunin, án óþarfa tafar, láta viðtökustofnuninni í té heildarferilsskrá skipsins og einkum upplýsa hana:

a) um allt eftirlit sem komið er fram yfir tímamörk,

b) um öll tilmæli og flokkunarskilyrði sem komin eru fram yfir tímamörk,

c) um skilyrði fyrir rekstri sem gefin eru út fyrir skipið og

d) um rekstrartakmarkanir sem gefnar eru út fyrir skipið.

Viðtökustofnunin getur þá fyrst gefið út ný skírteini fyrir skipið þegar öllu eftirliti, sem komið er fram yfir tímamörk, hefur verið lokið með fullnægjandi hætti og öll tilmæli eða flokkunarskilyrði, sem komin eru fram yfir tímamörk og gefin hafa verið út fyrir skipið, hafa verið afgreidd með þeim hætti sem víkjandi stofnun mælir fyrir um.

Áður en skírteinin eru gefin út skal viðtökustofnunin gera víkjandi stofnuninni grein fyrir dagsetningu útgáfu skírteinanna og staðfesta hvenær, hvar og til hvaða aðgerða verður gripið í tengslum við eftirlit, tilmæli og flokkunarskilyrði sem komin eru fram yfir tímamörk.

([1]) Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25.

([2]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.

Viðurkenndar stofnanir skulu ákvarða og hrinda í framkvæmd viðeigandi sameiginlegum kröfum um tilfærslu milli flokka þar sem þörf er á sérstökum varúðarráðstöfunum. Þessi tilvik skulu að lágmarki ná til tilfærslu 15 ára gamalla skipa og eldri milli flokka og tilfærslu frá stofnun sem er ekki viðurkennd til viðurkenndrar stofnunar.

Viðurkenndar stofnanir skulu vinna saman að því að koma ákvæðum þessarar málsgreinar í framkvæmd með viðeigandi hætti.

*11. gr.*

1. Viðurkenndar stofnanir skulu, eigi síðar en 17. júní 2011, koma á og viðhalda einingu sem hefur með sjálfstætt gæðamat og vottun að gera í samræmi við gildandi alþjóðlega gæðastaðla þar sem hlutaðeigandi fagsamtök, sem starfa á sviði siglinga, mega láta til sín taka í hlutverki ráðgjafa.

2. Einingin sem hefur með gæðamat og vottun að gera skal framkvæma eftirfarandi verkefni:

a) meta oft og reglulega gæðastjórnunarkerfi viðurkenndra stofnana, í samræmi við viðmiðanir gæðastaðalsins ISO 9001,

b) votta gæðastjórnunarkerfi viðurkenndra stofnana, þ.m.t. stofnanir sem sótt hafa um viðurkenningu í samræmi við 3. gr.,

c) gefa út túlkanir á alþjóðlega viðurkenndum gæðastjórnunarstöðlum, einkum til að taka mið af sérkennum og skyldum viðurkenndra stofnana og

d) samþykkja sjálfstæð og heildstæð tilmæli til að bæta ferli viðurkenndra stofnana og innri eftirlitskerfi.

3. Einingin, sem hefur með gæðamat og vottun að gera, skal búa yfir nauðsynlegum stjórnunar- og valdheimildum til að starfa óháð viðurkenndu stofnununum og búa yfir nauðsynlegum úrræðum til að gegna skyldum sínum með skilvirkum hætti og samkvæmt ströngustu fagstöðlum og tryggja sjálfstæði þeirra einstaklinga sem framkvæma verkefnin. Einingin sem hefur með gæðamat og vottun að gera kemur sér upp eigin vinnuaðferðum og setur sér starfsreglur.

4. Einingin sem hefur með gæðamat og vottun að gera má óska eftir aðstoð frá öðrum utanaðkomandi aðilum á sviði gæðamats.

5. Einingin sem hefur með gæðamat og vottun að gera skal sjá hagsmunaaðilum, þ.m.t. fánaríkin og framkvæmdastjórnin, fyrir ítarlegum upplýsingum um árlega vinnuáætlun og niðurstöður og tilmæli, einkum að því er varðar tilvik þar sem öryggi kann að hafa verið stofnað í hættu.

6. Einingin sem hefur með gæðamat og vottun að gera skal sæta reglubundnu mati framkvæmdastjórnarinnar.

7. Framkvæmdastjórnin skal gefa aðildarríkjunum skýrslu um niðurstöður matsins og eftirfylgni í kjölfar þess.

*12. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ([1]).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.-4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

*13. gr.*

1. Breyta má þessari reglugerð, án þess að víkka gildissvið hennar, í því skyni að uppfæra lágmarksviðmiðanirnar í I. viðauka, að teknu sérstöku tilliti til viðeigandi ákvarðana Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 12. gr.

2. Undanskilja má breytingar á alþjóðasamningunum, sem um getur í b-lið 2. gr. þessarar reglugerðar, gildissviði þessarar reglugerðar, skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

([1]) Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

*14. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja og birta:

a) viðmiðunarreglur til að mæla skilvirkni reglna og verklagsreglna svo og frammistöðu viðurkenndra stofnana að því er varðar öryggi og mengunarvarnir skipa sem eru í flokki þeirra, að teknu sérstöku tilliti til gagna í tengslum við Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit og/eða annað sambærilegt fyrirkomulag og

b) viðmiðunarreglur til þess að ákvarða hvenær slík frammistaða telst stofna öryggi eða umhverfinu í óviðunandi hættu en taka má mið af sérstökum aðstæðum sem hafa áhrif á minni eða mjög sérhæfðar stofnanir.

Þær ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 12. gr.

2. Þær ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana, í tengslum við reglur um framkvæmd 6. gr. og, ef við á, 7. gr., skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 12. gr.

3. Með fyrirvara um tafarlausa beitingu lágmarksviðmiðananna í I. viðauka má framkvæmdastjórnin, í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., samþykkja reglur um túlkun þeirra og hún má taka til athugunar að setja markmið fyrir almennar lágmarksviðmiðanir sem um getur í 3. lið A-hluta I. viðauka.

*15. gr.*

1. Stofnanirnar sem höfðu, við gildistöku þessarar reglugerðar, hlotið viðurkenningu í samræmi við tilskipun 94/57/EB skulu halda sinni viðurkenningu, sbr. þó ákvæði 2. mgr.

2. Með fyrirvara um 5. og 7. gr. skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 17. júní 2010, endurskoða allar takmarkaðar viðurkenningar sem veittar voru samkvæmt tilskipun 94/57/EB í ljósi 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, með það í huga að ákveða, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 12. gr., hvort í stað takmarkanna komi aðrar takmarkanir eða hvort fella eigi þær niður. Takmarkanirnar skulu gilda þar til framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun.

*16. gr.*

Á meðan matið, skv. 1. mgr. 8. gr. fer fram skal framkvæmdastjórnin sannprófa að handhafi viðurkenningarinnar sé viðkomandi lögaðili innan stofnunarinnar sem ákvæði þessarar reglugerðar gilda um. Ef sú er ekki raunin skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun um að breyta þeirri viðurkenningu.

Ef framkvæmdastjórnin breytir viðurkenningunni skulu aðildarríkin aðlaga samninga sína við viðurkenndu stofnunina í samræmi við breytinguna.

*17. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal, á tveggja ára fresti, upplýsa Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar.

*18. gr.*

Líta ber á tilvísanir í tilskipun 94/57/EB í lögum Bandalagsins og landslögum sem tilvísanir í þessa reglugerð, eins og við á, og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

*19. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 23. apríl 2009

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. PÖTTERING

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

P. NEČAS

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

**LÁGMARKSVIÐMIÐANIR SEM STOFNANIR ÞURFA AÐ NÁ EÐA AÐ VIÐHALDA TIL AÐ NJÓTA VIÐURKENNINGAR Í BANDALAGINU**

**(sem um getur í 3. gr.)**

A. ALMENNAR LÁGMARKSVIÐMIÐANIR

1. Viðurkennd stofnun skal hafa réttarstöðu lögaðila í ríkinu þar sem hún er staðsett. Reikningar hennar skulu staðfestir af óháðum endurskoðendum.

2. Viðurkennda stofnunin skal geta sýnt fram á víðtæka reynslu við að leggja mat á hönnun og smíði kaupskipa.

3. Viðurkennda stofnunin skal ávallt hafa yfir að ráða nægilegum fjölda starfsfólks á sviði stjórnunar, tækni, stoðvinnu og rannsókna, í réttu hlutfalli við stærð flotans í flokki hennar, samsetningu hans og þátttöku stofnunarinnar í smíði skipa og breytingum á þeim. Þegar á þarf að halda og eftir þörfum þarf viðurkennda stofnunin að geta látið í té úrræði og starfsfólk á hverjum vinnustað, í réttu hlutfalli við verkefnin sem sinnt er í samræmi við almennar lágmarksviðmiðanir skv. 6. og 7. lið og sérstakar lágmarksviðmiðanir samkvæmt B-hluta.

4. Viðurkennda stofnunin skal hafa eigin alhliða reglur og verklagsreglur og beita þeim eða geta sýnt fram á hæfni til slíks, að því er varðar hönnun og smíði kaupskipa og reglubundið eftirlit með þeim, og skulu þær vera af sömu gæðum og alþjóðlega viðurkenndir staðlar. Þær skulu birtar og uppfærðar reglulega og endurbættar í krafti rannsóknar- og þróunaráætlana.

5. Viðurkennda stofnunin skal ár hvert gefa út skipaskrá sína eða færa hana í rafrænan gagnagrunn sem er aðgengilegur almenningi.

6. Viðurkenndu stofnuninni skal ekki stjórnað af skipaeigendum eða aðilum í skipasmíðum eða af öðrum sem hafa viðskiptalegra hagsmuni að gæta um framleiðslu, útbúnað, viðgerð eða rekstur skipa. Viðurkennda stofnunin á ekki að verulegu leyti að vera háð einstöku atvinnufyrirtæki um öflun tekna. Viðurkennda stofnunin framkvæmir ekki flokkunarvinnu eða lögboðin verk ef hún er sjálf með viðskipta-, persónu- eða fjölskyldutengsl við eigendur eða útgerð skipsins. Þessi vanhæfisregla gildir einnig um þá eftirlitsmenn sem viðurkennda stofnunin hefur ráðið til starfa.

7. Viðurkennda stofnunin verður að starfa í samræmi við ákvæði viðaukans við ályktun Alþjóðasiglinga-málastofnunarinnar A.789(19) um forskriftir að því er varðar eftirlits- og vottunarhlutverk viðurkenndra stofnana, sem starfa á vegum stjórnvalda, að því marki sem þær fjalla um málefni sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

B. SÉRSTAKAR LÁGMARKSVIÐMIÐANIR

1. Viðurkennda stofnunin verður að láta í té þjónustu um allan heim af hálfu sérstakra eftirlitsmanna sinna eða, í sérstökum tilvikum þegar unnt er að rökstyðja með tilhlýðilegum hætti, af hálfu sérstakra eftirlitsmanna annarra viðurkenndra stofnana.

2. Viðurkennda stofnunin verður að lúta siðareglum.

3. Viðurkennda stofnunin verður að vera starfrækt og stjórnað á þann hátt að tryggt sé að farið sé með upplýsingar sem stjórnvald krefst sem trúnaðarmál.

4. Viðurkennda stofnunin verður að sjá stjórnvaldi, framkvæmdastjórninni og hagsmunaaðilum fyrir viðeigandi upplýsingum.

5. Viðurkennda stofnunin, eftirlitsmenn hennar og tæknimenntað starfsfólk skal sinna störfum sínum án þess að skerða hugverkarétt skipasmíðastöðva, birgja búnaðar og skipaeigenda, þ.m.t. í tengslum við einkaleyfi, leyfi, þekkingu eða hvers konar aðra þekkingu sem er lögvernduð við notkun á alþjóðavettvangi, á vettvangi Bandalagsins eða á landsvísu. Viðurkennda stofnunin eða eftirlitsmennirnir og tæknimenntað starfsfólk, sem gegna störfum hjá stofnuninni, má ekki í neinum tilvikum, með fyrirvara um matsheimild aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og einkum skv. 9. gr., framsenda eða ljóstra upp upplýsingum sem hafa viðskiptalega þýðingu og sem þeir hafa komist yfir við dagleg skyldustörf sín við skoðun, athugun á og eftirlit með skipum sem verið er að smíða eða gera við.

6. Stjórn viðurkenndu stofnunarinnar verður að skilgreina og skrá stefnu sína og markmið og skuldbindingar að því er varða gæðamál og tryggja að inntak stefnunnar sé skilið, hún sé framkvæmd og henni viðhaldið á öllum stigum innan viðurkenndu stofnunarinnar. Í stefnu viðurkenndu stofnunarinnar verður að tilgreina frammistöðumarkmið og árangursvísbenda á sviði öryggis og mengunarvarna.

7. Viðurkennda stofnunin skal sjá til þess:

   a) að reglur og verklagsreglur hennar séu settar og þeim viðhaldið á kerfisbundinn hátt,

   b) að farið sé að reglum og verklagsreglum hennar og innra kerfi komið á til að meta gæði þjónustunnar með tilliti til þessara reglna og verklagsreglna,

   c) að kröfur, sem gerðar eru til lögboðins starfs sem viðurkenndu stofnuninni er heimilt að sinna, séu uppfylltar og innra kerfi komið á til að meta gæði þjónustunnar með tilliti til þess hvort hún uppfylli alþjóðasamninga,

   d) að ábyrgðir, heimildir og innbyrðis tengsl milli starfsfólks, sem vinnur starf sem hefur áhrif á gæði þjónustu viðurkenndu stofnunarinnar, séu skilgreind og skráð,

   e) að öll vinna fari fram undir eftirliti,

   f) að komið verði á fót eftirlitskerfi sem hefur eftirlit með aðgerðum og starfi eftirlitsmanna og tæknimenntaðs starfsfólks ásamt starfsfólki á sviði stjórnunar sem er ráðið af hálfu viðurkenndu stofnunarinnar,

   g) að eftirlitsmenn hafi til að bera yfirgripsmikla þekkingu á þeirri tilteknu gerð skipa sem er viðfangsefni lögboðinna starfa þeirra að því er varðar það tiltekna eftirlit sem framkvæma skal, sem og á viðeigandi, gildandi kröfum,

   h) að komið verði á kerfi um hæfismat eftirlitsmanna og reglulega uppfærslu þekkingar þeirra,

   i) að færðar séu skrár sem sýna að staðlar, sem krafist er, séu uppfylltir vegna þeirra liða sem varða þjónustuna sem innt er af hendi og að gæðakerfið virki á áhrifaríkan hátt,

   j) að fyrir hendi sé heildarkerfi yfir áætlað og skjalfest innra gæðaeftirlit í öllum deildum,

   k) að lögboðið eftirlit og skoðanir, sem krafist er samkvæmt samræmdu kerfi eftirlits og skírteinisútgáfu, sem viðurkennda stofnunin hefur heimild til að vinna eftir, séu framkvæmd í samræmi við ákvæðið í viðaukanum og viðbætinum við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.948(23) um viðmiðunarreglur um skoðun samkvæmt samræmdu kerfi eftirlits og skírteinisútgáfu,

   l) að komið verði á skýrri skiptingu ábyrgðar og beinum boðleiðum stjórnunar milli aðal- og svæðisskrifstofa viðurkenndu stofnunarinnar og milli viðurkenndu stofnananna og eftirlitsmanna á þeirra vegum.

8. Viðurkennd stofnun verður að hafa þróað, framkvæmt og viðhaldið áhrifaríku innra gæðakerfi sem byggist á viðeigandi hlutum alþjóðlega viðurkenndra gæðastaðla í samræmi við EN ISO/IEC 17020:2004 (skoðunaraðilar) og EN ISO 9001:2000 (gæðastjórnunarkerfi, kröfur) eins og þeir eru túlkaðir og vottaðir af hálfu einingarinnar sem hefur með gæðamat og vottun að gera og um getur í 1. mgr. 11. gr.

9. Hrinda verður í framkvæmd reglum og verklagsreglum viðurkenndu stofnunarinnar með þeim hætti að stofnunin sé í þeirri stöðu að geta, á grunni eigin beinnar reynslu og mats, gefið áreiðanlega og hlutlæga yfirlýsingu um öryggi hlutaðeigandi skipa með flokkunarfélagsskírteinum þannig að gefa megi út lögboðin skírteini á grunni þeirra.

10. Viðurkenndu stofnanirnar verða að búa yfir nauðsynlegum úrræðum til að meta, með hjálp hæfs, faglegs starfsfólks og samkvæmt ákvæðunum í viðaukanum við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.913(22) um leiðbeiningar við framkvæmd stjórnvalda á alþjóðlega kóðanum um öryggisstjórnun skipa (ISM Code), beitingu og viðhald öryggisstjórnunarkerfisins, bæði í landi og um borð í skipum sem viðkomandi skírteini eiga að ná yfir.

11. Viðurkennda stofnunin verður að leyfa fulltrúum stjórnvalda og öðrum hlutaðeigandi aðilum að taka þátt í að þróa reglur og verklagsreglur.

*II. VIÐAUKI*

**Samsvörunartafla**

| Tilskipun 94/57/EB | Tilskipun 2009/15/EB | Þessi reglugerð |
|---|---|---|
| 1. gr. | 1. gr. | 1. gr. |
| a-liður 2. gr. | a-liður 2. gr. | a-liður 2. gr. |
| b-liður 2. gr. | b-liður 2. gr. | — |
| c-liður 2. gr. | c-liður 2. gr. | — |
| d-liður 2. gr. | d-liður 2. gr. | b-liður 2. gr. |
| e-liður 2. gr. | e-liður 2. gr. | c-liður 2. gr. |
| — | f-liður 2. gr. | d-liður 2. gr. |
| f-liður 2. gr. | g-liður 2. gr. | e-liður 2. gr. |
| g-liður 2. gr. | h-liður 2. gr. | f-liður 2. gr. |
| h-liður 2. gr. | i-liður 2. gr. | g-liður 2. gr. |
| i-liður 2. gr. | k-liður 2. gr. | i-liður 2. gr. |
| — | j-liður 2. gr. | h-liður 2. gr. |
| j-liður 2. gr. | l-liður 2. gr. | — |
| k-liður 2. gr. | — | j-liður 2. gr. |
| 3. gr. | 3. gr. | — |
| Fyrsta setning 1. mgr. 4. gr. | — | 1. mgr. 3. gr. |
| Önnur setning 1. mgr. 4. gr. | — | 2. mgr. 3. gr. |
| þriðja setning 1. mgr. 4. gr. | — | — |
| Fjórða setning 1. mgr. 4. gr. | — | 1. mgr. 4. gr. |
| — | — | 3. mgr. 3. gr. |
| — | — | 2., 3. og 4. mgr. 4. gr. |
| — | — | 5. gr. |
| — | — | 6. gr. |
| — | — | 7. gr. |
| 1. mgr. 5. gr. | 1. mgr. 4. gr. | — |
| 3. mgr. 5. gr. | 2. mgr. 4. gr. | — |
| 1., 2., 3. og 4. mgr. 6. gr. | 1., 2., 3. og 4. mgr. 5. gr. | — |
| 5. mgr. 6. gr. | — | — |
| 7. gr. | 6. gr. | 12. gr. |
| Fyrsti undirliður 1. mgr. 8. gr. | Fyrsta undirgrein a-liðar 1. mgr. 7. gr. | — |
| Annar undirliður 1. mgr. 8. gr. | — | 1. mgr. 13. gr. |
| Þriðji undirliður 1. mgr. 8. gr. | Fyrsta undirgrein b-liðar 1. mgr. 7. gr. | — |
| — | Önnur undirgrein 1. mgr. 7. gr. | Önnur undirgrein 1. mgr. 13. gr. |
| 2. mgr. 8. gr. | 2. mgr. 7. gr. | — |
| Önnur undirgrein 2. mgr. 8. gr. | — | 2. mgr. 13. gr. |

| Tilskipun 94/57/EB | Tilskipun 2009/15/EB | Þessi reglugerð |
|---|---|---|
| 1. mgr. 9. gr. | — | — |
| 2. mgr. 9. gr. | — | — |
| Inngangsorð 1. mgr. 10. gr. | 8. gr. | — |
| a-, b- og c-liður 1. mgr. og 2., 3. og 4. mgr. 10. gr. | — | — |
| 1. og 2. mgr. 11. gr. | 1. og 2. mgr. 9. gr. | — |
| 3. og 4. mgr. 11. gr. | — | 1. og 2. mgr. 8. gr. |
| 12. gr. | 10. gr. | — |
| 13. gr. | — | — |
| 14. gr. | 1. og 2. mgr. 11. gr. | — |
| — | 3. mgr. 11. gr. | — |
| — | 12. gr. | — |
| — | 9. gr. | |
| 1. mgr. 15. gr. | | |
| | | 1. og 2. mgr. 10. gr. |
| 2. mgr. 15. gr. | | 3. mgr. 10. gr. |
| 3. mgr. 15. gr. | — | 4. mgr. 10. gr. |
| 4. mgr. 15. gr. | | 5. mgr. 10. gr. |
| 5. mgr. 15. gr. | | Fyrsta, önnur, þriðja og fimmta undirgrein 6. mgr. 10. gr. |
| — | | fjórða undirgrein 6. mgr. 10. gr. |
| 16. gr. | 13. gr. | — |
| 17. gr. | 16. gr. | — |
| — | 14. gr. | — |
| — | 15. gr. | — |
| | | 11. gr. |
| | | 14. gr. |
| | | 15. gr. |
| | | 16. gr. |
| | | 17. gr. |
| | | 18. gr. |
| | | 19. gr. |
| Viðauki | | I. viðauki |
| | I. viðauki | |
| | II. viðauki | II. viðauki |

# REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 788/2014 2024/EES/11/48

**frá 18. júlí 2014**

**um ítarlegar reglur um álagningu sekta og févíta og um afturköllun viðurkenninga stofnana sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit skv. 6. og 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ([1]), einkum 2. mgr. 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Ákvæði 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 veita framkvæmdastjórninni heimild til að leggja sektir og févíti á viðurkenndar stofnanir, eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar reglugerðar, eða að afturkalla viðurkenningu þeirra, til að tryggja framfylgd viðmiðananna og skyldnanna, sem ákvarðaðar eru samkvæmt þeirri reglugerð, sérstaklega í því skyni að afstýra hugsanlegri hættu sem steðjar að öryggi eða umhverfinu.

2) Í þágu gagnsæis er rétt að mæla fyrir um ítarlega málsmeðferð um ákvarðanatöku, í samræmi við 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, ásamt aðferðafræði við útreikninga framkvæmdastjórnarinnar á sektum og févítum þannig að viðkomandi stofnanir þekki aðferðirnar fyrir fram, þ.m.t. tilteknar viðmiðanir framkvæmdastjórnarinnar til að meta alvarleika málsins og að hve miklu leyti öryggi eða umhverfisvernd hefur verið stofnað í hættu.

3) Með innleiðingu sekta og févíta ætti framkvæmdastjórnin að búa yfir frekari úrræðum, sem gera henni kleift að grípa til margbreytilegri, sveigjanlegri og aðlögunarhæfari viðbragða við brotum viðurkenndrar stofnunar á reglunum, sem er að finna í reglugerð (EB) nr. 391/2009, samanborið við afturköllun viðurkenningar hennar.

4) Févíti ættu að vera skilvirk þannig að þau tryggi að brugðist sé við því, án tafar og með viðeigandi úrræðum, þegar skyldur og kröfur, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 391/2009, eru ekki uppfylltar. Í reglugerð (EB) nr. 391/2009 er framkvæmdastjórninni því veitt heimild til að leggja á févíti, að loknum hæfilegum fresti, þegar viðurkennd stofnun hefur ekki gripið til þeirra fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta sem framkvæmdastjórnin krefst, þar til hlutaðeigandi viðurkennd stofnun hefur gripið til nauðsynlegra aðgerða. Í ljósi aðstæðna í hverju máli fyrir sig er heimilt að hækka smám saman fjárhæð févíta á dag, ef nauðsyn krefur, til að endurspegla hversu brýnar aðgerðirnar, sem farið er fram á, eru.

5) Í ljósi þess að stofnanir eru mismunandi að stærð reynist einföld aðferð til að gera sektir og févíti letjandi, á sama tíma og þau verða áfram í réttu hlutfalli við bæði alvarleika málsins og efnahagslega getu viðkomandi stofnana, að reikna þau sem hluta af veltu stofnunarinnar með tilliti til hámarksfjárhæðarinnar sem ákvörðuð er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

6) Í þágu gagnsæis og réttarvissu ætti að setja fram með skýrum hætti við hvaða mismunandi aðstæður ætti að leggja á samanlagða heildarfjárhæð sekta og févíta. Af sömu ástæðum ætti einnig að mæla fyrir um hvernig samanlögð meðalvelta næstliðinna þriggja rekstrarára viðkomandi starfsemi, sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 391/2009, er reiknuð út fyrir hverja viðurkennda stofnun.

7) Rétt þykir að við ákvörðun á því að afturkalla viðurkenningu stofnunar á grundvelli skilyrðanna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, séu skoðaðir allir þætti, sem tengjast meginmarkmiðinu með vöktun starfsemi og heildarafkasta viðurkenndra stofnana, þ.m.t. skilvirkni allra sekta og févíta sem þegar hafa verið lögð á vegna endurtekinna og alvarlegra brota á þeirri reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 214, 19.7.2014, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

8) Mæla ætti fyrir um sértæka málsmeðferð til að gera framkvæmdastjórninni kleift, hvort sem er að eigin frumkvæði eða að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja, að afturkalla viðurkenningu stofnunar, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 391/2009, til viðbótar við heimild framkvæmdastjórnarinnar til að meta viðurkenndar stofnanir og leggja á sektir og févíti samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

9) Mikilvægt er að ákvörðunin um að leggja á sektir og févíti eða að afturkalla viðurkenningu, í samræmi við þessa reglugerð, byggist eingöngu á ástæðum sem hlutaðeigandi viðurkennd stofnun hefur fengið tækifæri til að gera athugasemdir við.

10) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglunum, sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, fylgt, einkum að því er varðar rétt til varnar og meginregluna um trúnaðarkvöð og regluna um tvöfalt refsinæmi í samræmi við almennar meginreglur laga og dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.

11) Ákvarðanir um álagningu sekta og févíta, í samræmi við þessa reglugerð, ættu að vera framfylgjanlegar í samræmi við 299. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og geta þær verið háðar endurskoðun Evrópudómstólsins.

12) Til þess að tryggja sanngirni og réttarvissu við framkvæmd málsmeðferðarinnar er nauðsynlegt að mæla fyrir um ítarlegar reglur um útreikning á frestum, sem framkvæmdastjórnin ákveður meðan á málsmeðferðinni stendur, og um fyrningarfresti, sem gilda um framkvæmdastjórnina, að því er varðar álagningu og fullnustu sekta og févíta, með tilliti til gildistökudags reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

13) Framfylgd þessarar reglugerðar krefst skilvirkrar samvinnu á milli hlutaðeigandi aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu. Því er nauðsynlegt að skýra réttindi og skuldbindingar hvers aðila um sig í verklagsreglunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, til að tryggja skilvirka framkvæmd ferla við rannsókn, ákvarðanatöku og eftirfylgni skv. 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

**ALMENN ÁKVÆÐI**

*1. gr.*

**Efni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um framkvæmd framkvæmdastjórnarinnar á 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

Þar eru settar fram viðmiðanir um ákvörðun fjárhæða sekta og févíta, tilhögun ákvarðanatöku við álagningu sekta og févíta eða um afturköllun viðurkenningar viðurkenndrar stofnunar, að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða að beiðni aðildarríkis.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

([1]) Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaks sem hér segir:

„hlutaðeigandi aðildarríki“: aðildarríki sem hefur falið viðurkenndri stofnun skipaskoðun, -eftirlit og skírteinisútgáfu að því er varðar skip, sem sigla undir fána þess, í því skyni að fara að alþjóðasamningum, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ([1]), þ.m.t. aðildarríki sem hefur lagt beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um viðurkenningu á þeirri stofnun í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

II. KAFLI

**SEKTIR OG FÉVÍTI**

*3. gr.*

**Staðfesting brota**

1. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta brot skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009:

a) ef viðurkennd stofnun lætur undir höfuð leggjast, með alvarlegum og endurteknum hætti, að fara að einhverjum af lágmarksviðmiðunum, sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 391/2009, eða að uppfylla skyldur sínar skv. 8. gr. (4. mgr.), 9., 10. og 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 sem leiðir í ljós alvarlega ágalla á skipulagi viðurkenndrar stofnunar, verklagsreglum eða innra eftirliti,

b) ef versnandi frammistaða viðurkenndrar stofnunar, með tilliti til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2009/491/EB ([2]), leiðir í ljós alvarlega ágalla á skipulagi viðurkenndrar stofnunar, verklagsreglum eða innra eftirliti,

c) ef viðurkennd stofnun hefur vísvitandi lagt fyrir framkvæmdastjórnina rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í tengslum við matið eða hindrað þetta mat með öðrum hætti.

2. Í allri málsmeðferð vegna brota, samkvæmt þessari reglugerð, skal sönnunarbyrðin hvíla á framkvæmdastjórninni.

*4. gr.*

**Útreikningur á sektum**

1. Upphaflega skal leggja á grunnsekt fyrir hvert brot, eins og ákvarðað er skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, sem nemur 0,6% af samanlagðri meðalveltu viðurkenndrar stofnunar, eins og ákvarðað er í samræmi við 9. gr.

2. Vegna útreiknings á einstökum sektum fyrir hvert brot, skal hækka eða lækka grunnsektina, sem um getur í 1. mgr., á grundvelli alvarleika brotsins og áhrifa þess, einkum að hve miklu leyti öryggi eða umhverfisvernd hefur verið stofnað í hættu, í samræmi við 5. og 6. gr.

3. Hámarksfjárhæð hverrar einstakrar sektar skal ekki fara yfir 1,8% af samanlagðri meðalveltu viðurkenndrar stofnunar.

4. Þegar einstök aðgerð eða aðgerðaleysi viðurkenndrar stofnunar er eina ástæða tveggja eða fleiri brota, samkvæmt a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, sem staðfest eru í samræmi við a-lið 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, skal samsvarandi einstök sekt vera hæsta einstaka sektin sem reiknuð er út fyrir viðkomandi brot.

5. Samanlögð sekt, sem lögð er á viðurkennda stofnun í einni ákvörðun, skal vera summa allra einstakra sekta, sem leiða af beitingu 1.–4. mgr. þessarar greinar, með fyrirvara um hámarksfjárhæðina, sem ákvörðuð er í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, eins og lýst er nánar í 8. gr. þessarar reglugerðar.

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47.
([2]) Stjtíð. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 6.

*5. gr.*

**Mat á alvarleika brots**

Þegar alvarleiki brots er metinn skal framkvæmdastjórnin taka tillit til allra íþyngjandi og mildandi aðstæðna, einkum eftirfarandi:

a) hvort stofnunin hafi sýnt af sér gáleysi eða hvort um ásetning sé að ræða,

b) hve oft viðurkennd stofnun grípur til aðgerða og hve oft ekki sem leiðir af sér brot,

c) hvort brotið hafi áhrif á einangraðar deildir, landsvæði eða alla stofnunina,

d) endurtekinna aðgerða eða aðgerðaleysis viðurkenndrar stofnunar sem leiðir af sér brotið,

e) hversu lengi brotið stendur yfir,

f) rangra upplýsinga um raunverulegt ástand skipa í skírteinum og samræmingarskjölum, sem viðurkennda stofnunin lætur af hendi, eða að skírteinin og skjölin innihaldi rangar eða misvísandi upplýsingar,

g) fyrri viðurlaga, þ.m.t. sekta, sem lagðar hafa verið á sömu viðurkenndu stofnunina,

h) hvort brotin séu vegna samninga á milli viðurkenndra stofnana eða samstilltra aðgerða, sem hafa það að markmiði eða valda því að viðmiðanirnar og skyldurnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 391/2009, eru ekki uppfylltar,

i) kostgæfni og samstarfsvilja viðurkenndu stofnunarinnar þegar viðkomandi aðgerð eða aðgerðaleysi uppgötvast ásamt staðfestingu framkvæmdastjórnarinnar um að brot hafi verið framið.

*6. gr.*

**Mat á áhrifum brots**

Við mat á áhrifum hvers brots, einkum að hve miklu leyti öryggi eða umhverfisvernd hefur verið stofnað í hættu, skal framkvæmdastjórnin taka tillit til allra íþyngjandi og mildandi aðstæðna sem skipta máli, einkum:

a) eðlis og umfangs ágalla, sem hafa raunveruleg eða hugsanleg áhrif á flotann, sem stofnunin vottar, og sem fyrrnefnd stofnun, sem vegna afleiðinga brotsins, hefur ekki getað greint eða er jafnvel ekki fær um að greina eða hefur ekki eða er hugsanlega ekki fær um að óska tímanlega eftir úrbótum á, einkum með tilliti til viðmiðananna um farbann, sem lagt er á skip, sem mælt er fyrir um í X. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins ([1]) 2009/16/EB um hafnarríkiseftirlit,

b) hlutfalls af flotanum, sem stofnunin vottar, sem verður fyrir raunverulegum áhrifum eða gæti hugsanlega orðið fyrir áhrifum,

c) allra annarra aðstæðna, sem geta skapað hugsanlega greinanlega áhættu, s.s. gerð skipa sem verða fyrir raunverulegum eða hugsanlegum áhrifum.

*7. gr.*

**Févíti**

1. Framkvæmdastjórnin getur lagt févíti, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, á hlutaðeigandi stofnun, með fyrirvara um sektirnar, sem lagðar eru á skv. 3. gr., til að tryggja að gripið sé til fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta, sem framkvæmdastjórnin krefst á meðan hún framkvæmir mat sitt á viðkomandi viðurkenndri stofnun.

2. Í ákvörðun sinni um að leggja á sektir, skv. 3. gr., er framkvæmdastjórninni einnig heimilt að ákvarða févíti, sem á að leggja á viðurkennda stofnun, ef og svo fremi að hún grípi ekki til aðgerða til úrbóta eða ef um er að ræða órökstuddar tafir á því að brotin séu stöðvuð.

3. Í ákvörðun um að leggja á févíti skal ákveða frestinn sem viðurkennd stofnun hefur til að grípa til þeirra aðgerða sem krafist er.

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.

4. Févíti skulu gilda frá og með deginum eftir að fresturinn, sem ákveðinn er í samræmi við 3. mgr., rennur út og þar til stofnunin hefur gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin telji aðgerðirnar til úrbóta fullnægjandi.

5. Grunnfjárhæð févíta á dag fyrir hvert brot, sem er reiknuð út í samræmi við 9. gr., skal vera 0,0033% af samanlagðri meðalveltu viðurkenndrar stofnunar. Við útreikning á einstökum févítum fyrir hvert brot skal aðlaga grunnfjárhæðina að alvarleika brotsins og með tilliti til þess að hve miklu leyti öryggi eða umhverfisvernd hefur verið stofnað í hættu, í ljósi 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar.

6. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið, í ljósi aðstæðna í hverju máli fyrir sig, og einkum í ljósi þess hversu brýnt er að viðkomandi stofnun grípi til aðgerða til úrbóta, að hækka fjárhæð févíta á dag upp að eftirfarandi mörkum:

a) þegar viðurkennd stofnun fer meira en 120 daga fram yfir frestinn, sem ákvarðaður er skv. 3. mgr., frá 121. degi til 300. dags eftir að fresturinn rennur út, þar sem um er að ræða 0,005% af samanlagðri meðalveltu á dag, reiknað út í samræmi við 9. gr.,

b) þegar viðurkennd stofnun fer meira en 300 daga fram yfir frestinn, frá 301. degi eftir að fresturinn rennur út, þar sem um er að ræða 0,01% af samanlagðri meðalveltu á dag, reiknað út í samræmi við 9. gr.,

7. Heildarfjárhæð févíta, sem lögð eru á samkvæmt þessari grein, stök eða til viðbótar við sektir, skal ekki fara yfir hámarksfjárhæðina, sem ákvörðuð er skv. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, eins og lýst er nánar í 8. gr. þessarar reglugerðar.

*8. gr.*

**Ákvörðun samanlagðrar hámarksfjárhæðar sekta og févíta**

Samanlögð hámarksfjárhæð sekta og févíta, sem lögð eru á viðurkennda stofnun, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, skal ákvörðuð eins og hér segir:

a) heildarfjárhæð sekta, sem lögð er á viðurkennda stofnun í samræmi við 4. gr., á einu rekstrarári þeirrar stofnunar, með tilliti til dagsetningar ákvörðunarinnar um að leggja á sektir, ef um er að ræða fleiri en eina ákvörðun um álagningu sekta á þá stofnun, þá frá dagsetningu fyrstu ákvörðunarinnar um að leggja sekt á þá stofnun, skal ekki fara yfir 5% af samanlagðri meðalveltu þeirrar stofnunar, reiknað út í samræmi við 9. gr.,

b) samanlögð fjárhæð sekta, sem lögð er á viðurkennda stofnun í samræmi við 4. gr., á einu rekstrarári þeirrar stofnunar, sem ákvörðuð er í samræmi við 1. mgr., og févíta, sem lögð eru á með sömu ákvörðun í samræmi við 2. mgr. 7. gr., sem safnast upp svo fremi að stofnun hafi ekki gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta, skal ekki fara yfir 5% af samanlagðri heildarveltu þeirrar stofnunar, reiknað út í samræmi við 9. gr.; innheimta framkvæmdastjórnarinnar á févítum skal ekki fara yfir 5% hámarkið, sbr. þó 21. gr.,

c) samanlögð fjárhæð févíta, sem lögð er á viðurkennda stofnun í samræmi við 1. mgr. 7. gr,. sem safnast upp svo fremi að stofnunin hafi ekki gripið til viðeigandi fyrirbyggjandi ráðstafana eða aðgerða til úrbóta, skal ekki fara yfir 5% af samanlagðri meðalveltu þeirrar stofnunar, reiknað út í samræmi við 9. gr. Innheimta framkvæmdastjórnarinnar á févítum skal ekki fara yfir 5% hámarkið, sbr. þó 21. gr.

*9. gr.*

**Útreikningur á veltu**

1. Í þessari reglugerð skal samanlögð meðalvelta hlutaðeigandi viðurkenndrar stofnunar vera einn þriðji af fjárhæðinni, sem fengin er með því að leggja saman samanlagða heildarveltu þriggja rekstrarára áður en ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er lögð fram, samanlagða heildarveltu móðurfélagsins, sem er viðurkennda stofnunin, og allra lögaðila, sem viðurkenningin tekur til, í lok hvers árs.

2. Ef um er að ræða samstæðu með vottuð samstæðureikningsskil skal veltan, sem um getur í 1. mgr., að því er varðar móðurfélagið og alla lögaðila í þeirri samstæðu, sem eru hluti af viðurkenningunni í lok hvers rekstrarárs, vera samanlagðar tekjur þessara eininga.

3. Við beitingu 1. og 2. mgr. skal aðeins taka tillit til þeirrar starfsemi sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

III. KAFLI

**AFTURKÖLLUN VIÐURKENNINGAR**

*10. gr.*

**Afturköllun viðurkenningar**

1. Framkvæmdastjórnin getur, að eigin frumkvæði eða að ósk aðildarríkis, samþykkt ákvörðun um að afturkalla viðurkenningu stofnunar í tilvikunum, sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

2. Til að ákvarða hvort endurtekin og alvarleg vanræksla telst vera óviðunandi ógnun við öryggi eða umhverfisvernd, í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, skal taka tillit til eftirfarandi þátta:

a) upplýsinga og aðstæðna, sem um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, einkum í ljósi aðstæðnanna, sem um getur í 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar,

b) viðmiðananna og, eftir atvikum, viðmiðunarmarkanna sem skilgreind eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/491/EB.

3. Þegar sektir og févíti, sem eru lögð á viðurkennda stofnun, ná hámarkinu, sem ákvarðað er í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, og viðurkennda stofnunin hefur ekki gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta, getur framkvæmdastjórnin álitið svo að þessar ráðstafanir hafi ekki náð því markmiði að afstýra hugsanlegri hættu sem steðjar að öryggi eða umhverfi.

*11. gr.*

**Málsmeðferð um afturköllun viðurkenningar að ósk aðildarríkis**

1. Þegar aðildarríki óskar eftir að framkvæmdastjórnin afturkalli viðurkenningu stofnunar, í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, skal það beina skriflegri beiðni til framkvæmdastjórnarinnar.

2. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal rökstyðja ítarlega ástæðurnar fyrir beiðninni og vísa í, eins og við á, viðmiðanirnar, sem taldar eru upp í 1. mgr. 7. gr., og aðstæðurnar, sem taldar eru upp í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, ásamt aðstæðunum sem taldar eru upp í 2. og 3. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar.

3. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal láta framkvæmdastjórninni í té allar nauðsynlegar skjalfestar sannanir, flokkaðar og númeraðar á viðeigandi hátt.

4. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta skriflega móttöku beiðnar aðildarríkisins.

5. Telji framkvæmdastjórnin þörf á viðbótarupplýsingum, skýringum eða sönnunum til að hún geti tekið ákvörðun, skal hún tilkynna það aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, og hvetja það til að bæta gögnum við framlagðar upplýsingar, eins og við á, innan tilgreinds frests sem skal að lágmarki vera fjórar vikur. Beiðni aðildarríkisins skal ekki teljast fullnægjandi fyrr en allar nauðsynlegar upplýsingar hafa verið lagðar fram.

6. Innan árs frá því að fullnægjandi beiðni var móttekin skal framkvæmdastjórnin, ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að beiðni aðildarríkisins sé réttlætanleg, beina yfirlýsingu um andmæli til hlutaðeigandi stofnunar, í samræmi við 12. gr., með það í huga að afturkalla viðurkenningu hennar í samræmi við þessa reglugerð. Í slíku tilviki skal veita aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, þá meðferð og þau réttindi sem hlutaðeigandi aðildarríki hefur, skv. IV. kafla þessarar reglugerðar.

Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, innan sama frests, að beiðni aðildarríkisins sé ekki réttlætanleg, skal hún tilkynna það aðildarríkinu, sem lagði fram beiðnina, greina frá ástæðum þess og hvetja það til að leggja fram athugasemdir sínar innan tilgreinds frests sem skal að lágmarki vera þrír mánuðir. Innan sex mánaða frá því að framkvæmdastjórnin móttekur þessar athugasemdir skal hún annaðhvort staðfesta að beiðnin sé ekki réttlætanleg eða gefa út yfirlýsingu um andmæli í samræmi við fyrstu undirgrein.

7. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að beiðni aðildarríkisins sé ekki réttlætanleg eða að hún sé ekki fullnægjandi eftir að fresturinn, sem um getur í 5. mgr., er liðinn, getur framkvæmdastjórnin valið að fella alla beiðnina eða hluta hennar og fylgigögn hennar inn í matið á viðurkenndu stofnuninni sem fer fram í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

8. Framkvæmdastjórnin skal árlega tilkynna nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum um beiðnir um afturköllun, sem aðildarríkin hafa lagt fram, ásamt yfirstandandi málsmeðferð um afturköllun sem framkvæmdastjórnin hóf.

IV. KAFLI

**SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI**

*12. gr.*

**Yfirlýsing um andmæli**

1. Telji framkvæmdastjórnin að til staðar séu ástæður til að leggja sekt og févíti á viðurkennda stofnun, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, eða afturkalla viðurkenningu, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, skal hún beina yfirlýsingu um andmæli til stofnunarinnar og tilkynna það hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Yfirlýsingin um andmæli skal fela í sér:

a) nákvæma greinagerð um aðgerðir og aðgerðaleysi viðurkenndrar stofnunar, þ.m.t. lýsingu á viðkomandi málsatvikum og tilgreiningu ákvæða reglugerðar (EB) nr. 391/2009, sem framkvæmdastjórnin telur að viðurkennda stofnunin hefur brotið,

b) tilgreiningu þeirra sannana, sem viðkomandi niðurstöður byggjast á, þ.m.t. tilvísun í skoðunarskýrslur, matsskýrslur eða önnur gögn sem skipta máli og framkvæmdastjórnin eða Siglingaöryggisstofnun Evrópu, fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, hefur áður sent hlutaðeigandi stofnun,

c) tilkynningu um að framkvæmdastjórninni sé heimilt að leggja á sektir og févíti eða afturkalla viðurkenningu í samræmi við 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

3. Þegar framkvæmdastjórnin tilkynnir um yfirlýsingu um andmæli skal hún hvetja viðurkenndu stofnunina og hlutaðeigandi aðildarríki til að leggja fram skriflegar athugasemdir innan tilgreinds frests sem skal í engu tilviki vera styttri en sex vikur frá viðtökudegi andmælanna. Framkvæmdastjórninni skal ekki vera skylt að taka tillit til framlagðra gagna, sem berast eftir að fresturinn rennur út, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. þessarar reglugerðar.

4. Tilkynning um yfirlýsingu um andmæli frestar ekki mati á hlutaðeigandi stofnun. Áður en ákvörðun um að leggja á sektir og févíti eða afturkalla viðurkenningu, í samræmi við þessar reglugerð, hefur verið samþykkt getur framkvæmdastjórnin, hvenær sem er, ákveðið að framkvæma frekari skoðanir á skrifstofum og aðstöðu stofnunar, heimsækja skip, sem stofnunin hefur vottað, eða óska skriflega eftir að viðurkennda stofnunin veiti viðbótarupplýsingar um hvort hún uppfylli viðmiðanirnar og skyldurnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 391/2009.

5. Áður en ákvörðun um að leggja á sektir og févíti eða afturkalla viðurkenningu, í samræmi við þessa reglugerð, getur framkvæmdastjórnin, hvenær sem er, breytt mati sínu á hlutaðeigandi viðurkenndri stofnun. Ef nýja matið er ólíkt matinu, sem var ástæða yfirlýsingar um andmæli, vegna þess að ný málsatvik hafa komið fram eða vegna nýrra brota eða nýrra aðstæðna varðandi alvarleika brots eða áhrif þess á öryggi og umhverfi hafa komið í ljós skal framkvæmdastjórnin gefa út nýja yfirlýsingu um andmæli.

*13. gr.*

**Beiðnir um upplýsingar**

Til þess að skýra nánar málsatvik, að því er varðar 12. gr., getur framkvæmdastjórnin óskað skriflega eftir að viðurkennd stofnun láti í té skriflegar eða munnlegar skýringar eða upplýsingar eða skjöl, innan tilgreinds frests, sem skal í engu tilviki vera styttri en fjórar vikur. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin tilkynna viðurkenndu stofnuninni um févíti og sektir sem kunna að verða lagðar á ef hún uppfyllir ekki beiðnina eða ef um er að ræða óréttlætanlega seinkun á því að upplýsingar séu veittar eða ef stofnunin hefur vísvitandi látið framkvæmdastjórninni í té rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar.

*14. gr.*

**Munnleg skýrslugjöf**

1. Að beiðni viðurkenndrar stofnunar, sem yfirlýsingu um andmæli hefur verið beint til, skal framkvæmdastjórnin gefa þeirri stofnun tækifæri til að rökstyðja mál sitt í munnlegri skýrslugjöf.

2. Framkvæmdastjórnin skal bjóða lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríkjum og er ennfremur heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkja, að bjóða öðrum aðilum, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta varðandi brotin, að taka þátt í munnlegu skýrslugjöfinni. Framkvæmdastjórnin getur óskað eftir aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu.

3. Einstaklingar eða lögaðilar, sem boðið er að taka þátt í skýrslugjöfinni, skulu annaðhvort mæta í eigin persónu eða senda löglega eða viðurkennda fulltrúa sína. Fulltrúar aðildarríkja skulu vera embættismenn í því aðildarríki.

4. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar, sem hvattir eru til að taka þátt í skýrslugjöfinni, skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra, sem hafa verið boðaðir, og tekið skal tillit til lögmætra hagsmuna viðurkenndu stofnunarinnar og annarra aðila sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

5. Skrá skal málflutning allra sem gefa skýrslu. Þeir sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríki skulu fá aðgang að skráðum málflutningi ef þeir óska eftir því.

*15. gr.*

**Févíti vegna skorts á samstarfsvilja**

1. Hyggist framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun um álagningu févíta, eins og um getur í 1. mgr. 7. gr., á viðurkennda stofnun, sem hefur ekki gripið til þeirra fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta sem framkvæmdastjórnin krefst eða ef um er að ræða órökstuddar tafir á þeim, skal hún fyrst tilkynna viðurkenndu stofnuninni skriflega um slíka ákvörðun.

2. Í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 1. mgr., skal vera tilvísun í tilteknar fyrirbyggjandi ráðstafanir og aðgerðir til úrbóta, sem viðurkennda stofnunin hefur ekki gripið til, sem og sönnun því til stuðnings og tilkynna skal viðurkenndu stofnuninni um févíti sem framkvæmdastjórnin íhugar að leggja á.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákveða frestinn sem viðurkennda stofnunin hefur til að leggja skriflegar athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

*16. gr.*

**Aðgangur að málsskjölum**

1. Að beiðni viðurkenndrar stofnunar, sem yfirlýsingu um andmæli hefur verið beint til, skal framkvæmdastjórnin veita aðgang að málsskjölum sem innihalda gögn og aðrar sannanir sem safnað hefur verið um meint brot.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetningu og gera viðeigandi hagnýtar ráðstafanir til að viðurkennda stofnunin fái aðgang að málsskjölunum sem aðeins má veita á rafrænu formi.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa aðgengilega skrá yfir öll gögn í málsskjölunum, að beiðni hlutaðeigandi viðurkenndrar stofnunar.

4. Hlutaðeigandi viðurkennd stofnun skal hafa heimild til að fá aðgang að gögnum og upplýsingum í málsskjölunum. Þegar framkvæmdastjórnin heimilar slíkan aðgang skal hún taka tilhlýðilegt tillit til viðskiptaleyndarmála, trúnaðarupplýsinga eða hvort um sé að ræða innanhússkjöl sem framkvæmdastjórnin eða Siglingaöryggisstofnun Evrópu hefur gefið út.

5. Að því er varðar 4. mgr. geta innanhússskjöl framkvæmdastjórnarinnar og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu m.a. verið:

a) gögn eða hluti af gögnum sem varða innri umfjöllun framkvæmdastjórnarinnar og þjónustu hennar og Siglingaöryggis-stofnunar Evrópu, þ.m.t. álit og tilmæli Siglingaöryggisstofnunar Evrópu sem beint er til framkvæmdastjórnarinnar,

b) gögn eða hluti af gögnum sem mynda hluta af bréfaskiptum á milli framkvæmdastjórnarinnar og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu eða á milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna.

*17. gr.*

**Málflutningsþjónusta**

Viðurkennd stofnun skal hafa rétt á málflutningsþjónustu á öllum stigum málsmeðferðarinnar samkvæmt þessari reglugerð

*18. gr.*

**Trúnaðarkvöð, þagnarskylda og rétturinn til að tjá sig ekki (e. *right to remain silent*)**

1. Málsmeðferð samkvæmt þessari reglugerð skal fara fram í samræmi við meginreglurnar um trúnaðarkvöð og þagnarskyldu.

2. Framkvæmdastjórninni, Siglingaöryggisstofnun Evrópu, yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja ásamt embættismönnum þeirra, opinberum stafsmönnum og öðrum aðilum, sem vinna undir stjórn þeirra, er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem þeir öðlast eða skiptast á samkvæmt þessari reglugerð og eru þess eðlis að þær falli undir þagnarskyldu og trúnaðarkvöð embættismanna.

3. Allar viðurkenndar stofnanir eða aðrir aðilar, sem leggja fram upplýsingar eða athugasemdir samkvæmt þessari reglugerð, skulu tilgreina á skýran hátt allt efni, sem telst vera trúnaðarupplýsingar, og rökstyðja það sem og leggja fram sérútgáfu, þar sem trúnaðarmálum er sleppt, innan frests sem framkvæmdastjórnin setur.

4. Framkvæmdastjórnin getur einnig krafist þess að viðurkennd stofnun og aðrir hagsmunaaðilar tilgreini þá hluta skýrslu, yfirlýsingar um andmæli eða ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar, sem, að þeirra áliti, innihalda viðskiptaleyndarmál.

5. Ef ekki er fyrir hendi tilgreiningin, sem um getur í 3. og 4. mgr., getur framkvæmdastjórnin gengið út frá því að engar trúnaðarupplýsingar séu í viðkomandi skjölum eða athugunum.

6. Með fyrirvara um 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 hefur viðurkennd stofnun rétt til að tjá sig ekki í tilvikum þar sem hún yrði annars knúin til að veita svör sem gætu falið í sér viðurkenningu á þátttöku hennar í broti.

*19. gr.*

**Ákvörðun**

1. Ákvörðun um að leggja á sektir, févíti eða að afturkalla viðurkenningu, samkvæmt þessari reglugerð, skal eingöngu byggjast á ástæðum sem hlutaðeigandi viðurkennd stofnun hefur fengið tækifæri til að gera athugasemdir við.

2. Í ákvörðuninni um að leggja á sekt eða févíti og ákvörðun viðeigandi fjárhæðar skal taka tillit til meginreglnanna um skilvirkni, meðalhóf og letjandi áhrif.

3. Þegar gerðar eru ráðstafanir í samræmi við þessa reglugerð og alvarleiki og áhrif viðkomandi aðgerða eða aðgerðaleysis á öryggi og umhverfi eru ákvörðuð skal framkvæmdastjórnin taka tillit til landsráðstafana, sem þegar hefur verið gripið til á grundvelli sömu málsatvika gegn hlutaðeigandi viðurkenndri stofnun, einkum ef stofnunin hefur þegar gengist undir dóms- eða framfylgdarmálsmeðferð.

4. Ekki skal gera frekari ráðstafanir vegna aðgerða eða aðgerðaleysis viðurkenndrar stofnunar þar sem gerðar hafa verið ráðstafanir í samræmi við þessa reglugerð. Þó má taka tillit til þessara aðgerða eða aðgerðaleysis í síðari ákvörðunum, sem eru samþykktar í samræmi við þessa reglugerð, til að meta hvort um endurtekin atburð sé að ræða.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun um að leggja á févíti eða ákvörðun um að leggja á sektir og févíti í samræmi við viðeigandi verklagsreglur skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

6. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun um að afturkalla viðurkenningu viðurkenndrar stofnunar í samræmi við viðeigandi verklagsreglur skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

*20. gr.*

**Réttarúrræði, tilkynningar og birting**

1. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa hlutaðeigandi viðurkennda stofnun um þau réttarúrræði sem standa henni til boða.

2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Siglingaöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum um ákvörðun sína í upplýsingaskyni.

3. Þegar það telst réttlætanlegt, einkum á grundvelli öryggis- og umhverfisverndar, skal framkvæmdastjórnin birta ákvörðun sína opinberlega. Þegar framkvæmdastjórnin birtir upplýsingar um ákvörðun sína eða greinir aðildarríkjunum frá þeim skal hún taka tillit til lögmætra hagsmuna hlutaðeigandi viðurkenndrar stofnunar og annarra hagsmunaaðila.

*21. gr.*

**Endurheimt sekta og févíta**

Framkvæmdastjórnin skal endurheimta sektir og févíti með því að setja fram fyrirmæli um innheimtu og gefa út kröfu um endurgreiðslu, sem beint er til hlutaðeigandi viðurkenndrar stofnunar í samræmi við 78.–80. gr. og 83. gr. reglugerðar (ESB, KBE) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 966/2012 ([1]) og 80.–92. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1268/2012 ([2]).

*22. gr.*

**Fyrningarfrestir vegna álagningar sekta og févíta**

1. Réttur framkvæmdastjórnarinnar til að leggja sektir og/eða févíti á viðurkennda stofnun, í samræmi við þessa reglugerð, fellur úr gildi að fimm árum liðnum, frá og með þeim degi sem aðgerð eða aðgerðaleysi viðurkenndu stofnunarinnar verður ástæða þess að brot, sem er staðfest í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar, var framið. Sé hins vegar um að ræða að áframhaldandi eða endurteknar aðgerðir eða aðgerðaleysi sé ástæða brots skal fresturinn hefjast frá þeim degi sem aðgerðinni eða aðgerðaleysinu lýkur.

Réttur framkvæmdastjórnarinnar til að leggja févíti á viðurkennda stofnun, í samræmi við 15. gr. þessarar reglugerðar, fellur úr gildi að þremur árum liðnum, frá og með þeim degi sem aðgerð eða aðgerðaleysi viðurkenndu stofnunarinnar, þar sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir að gripið væri til fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta, átti sér stað.

2. Allar aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, að því er varðar mat eða verklag við brot í tengslum við aðgerðir eða aðgerðaleysi viðurkenndu stofnunarinnar, skulu verða til þess að viðeigandi fyrningarfrestur, sem er settur skv. 1. mgr., rofnar. Fyrningarfresturinn telst rofinn frá og með þeim degi sem viðurkenndu stofnuninni er tilkynnt um aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar eða Siglingaöryggisstofnunar Evrópu.

3. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Fyrningarfresturinn skal þó ekki vera lengri en sem samsvarar tvöföldum upprunalegum fyrningarfresti, nema þegar gert er hlé á fyrningarfrestinum skv. 4. mgr.

4. Rjúfa skal fyrningarfrestinn vegna álagningar sekta eða févíta á meðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er til meðferðar hjá Evrópudómstólnum.

*23. gr.*

**Fyrningarfrestur vegna innheimtu sekta og févíta**

1. Rétturinn til að hefja innheimtuferli vegna sekta og/eða févíta skal renna út einu ári eftir að ákvörðunin, skv. 19. gr., er orðin endanleg.

2. Fyrningarfresturinn, sem um getur í 1. mgr., rofnar ef framkvæmdastjórnin eða aðildarríki, sem kemur fram fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, grípur til aðgerða til innheimtu sektanna og/eða févítanna.

3. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju.

4. Gera skal hlé á fyrningarfrestinum, sem um getur í 2. mgr., á meðan:

a) greiðslufrestur er veittur,

b) fullnustu greiðslu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun Evrópudómstólsins.

([1]) Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 362, 31.12.2012, bls. 1.

*24. gr.*

**Frestir**

1. Frestirnir, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu gilda frá deginum eftir að tekið hefur verið við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar eða boðsending hefur verið afhent.

2. Ef um er að ræða orðsendingu, sem er beint til framkvæmdastjórnarinnar, skal litið svo á að farið hafi verið að viðeigandi fresti þegar orðsendingin hefur verið send með ábyrgðarpósti áður en viðkomandi frestur rennur út.

3. Við ákvörðun fresta skal framkvæmdastjórnin taka tillit til réttar til sanngjarnrar málsmeðferðar og sérstakra aðstæðna varðandi tilhögun hverrar ákvarðanatöku samkvæmt þessari reglugerð.

4. Lengja má frest, eftir því sem við á og þegar rökstudd beiðni berst um það, áður en upphaflegi fresturinn rennur út.

*25. gr.*

**Samstarf við lögbær landsyfirvöld**

Framkvæmdastjórnin skal einungis nýta upplýsingar, sem berast frá lögbærum landsyfirvöldum vegna beiðni frá framkvæmdastjórninni, í eftirfarandi tilgangi:

a) til að annast þau verkefni sem þeim eru falin í tengslum við viðurkenningu viðurkenndra stofnana og eftirlit með þeim samkvæmt reglugerð (EB) nr. 391/2009,

b) sem sönnun, að því er varðar ákvarðanatöku samkvæmt þessari reglugerð, sbr. þó 16. og 18. gr. þessarar reglugerðar.

V. KAFLI

**LOKAÁKVÆÐI**

*26. gr.*

**Umsókn**

Atburðir, sem áttu sér stað fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 391/2009, skulu ekki hafa í för með sér neinar ráðstafanir í samræmi við þessa reglugerð.

*27. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Fyrsti dálkur þessarar töflu vísar til viðeigandi ákvæðis í reglugerð (EB) nr. 391/2009 og I. viðauka hennar, sem, að því er varðar þessa reglugerð, er skipt í flokka viðmiðana og skyldna þar sem hver og ein telst ástæða fyrir einu broti. Að því er varðar skyldurnar, sem mælt er fyrir um í meginmáli reglugerðar (EB) nr. 391/2009, vísar fyrsti dálkurinn til viðeigandi greinar og málsgreinar. Ef um er að ræða viðmiðanir, sem taldar eru upp í I. viðauka þeirrar reglugerðar, vísar fyrsti dálkurinn til viðeigandi hlutar, viðmiðunar, undirviðmiðunar og ákvæðis.

Annar dálkurinn inniheldur almenna lýsingu á hverjum flokki, eingöngu í þeim tilgangi að auðvelda tilvísanir.

| Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 391/2009 | Viðfangsefni samsvarandi flokka |
|---|---|
| 4. mgr. 8. gr. | Birting niðurstaðna á endurskoðun á stjórn gæðakerfis |
| Viðmiðun B.4 í 1. mgr. 9. gr. | Aðgangur að upplýsingum og skipsskjölum |
| 2. mgr. 9. gr. | Aðgangur að skipum |
| Fyrsti hluti 1. mgr. 10. gr. | Samráð um jafngildi og samhæfingu reglna og málsmeðferðar og um sameiginlega túlkun á alþjóðasamningum |
| Annar hluti 1. mgr. 10. gr. | Gagnkvæm viðurkenning |
| 3. mgr. 10 gr. | Samstarf við eftirlitsyfirvöld hafnarríkis |
| 4. mgr. 10. gr. | Upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og aðra aðila, sem um er að ræða, að því er varðar, m.a., flokkaðan flota, tilfærslur, breytingar, niðurfellingar og útstrikun skipa úr flokki. |
| 5. mgr. 10. gr. | Tækifæri fyrir fánaríkið til að veita ráðgjöf um þörfina fyrir alhliða skoðun þegar skip eru útstrikuð úr flokki eða þar sem flokknum er breytt áður en stofnunin gefur út lögboðið skírteini. |
| 6. mgr. 10. gr. | Kröfur þegar um er að ræða tilfærslu flokks |
| 1., 2., 3. og 5. mgr. 11. gr. | Gerðar séu allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á, viðhalda og tryggja skilvirka starfrækslu einingar sem hefur með sjálfstætt gæðamat og vottun að gera í samræmi við kröfurnar í reglugerðinni. |
| Viðmiðun A.1 | Kröfur um réttarstöðu lögaðila og úttekt |
| Viðmiðun A.2 | Skjalfest fullnægjandi reynsla við að leggja mat á hönnun og smíði kaupskipa |
| Viðmiðun A.3, B.1 og g-liður B.7 | Hæfilegur fjöldi starfsfólks með fullnægjandi hæfni, þjónusta um allan heim, sérstakir skoðunarmenn |
| Viðmiðun A.4 og a-liður B.7 | Setja og viðhalda alhliða reglum um flokkun og setja og viðhalda verklagsreglum |
| Viðmiðun A.5 | Skipaskrá |
| Viðmiðun A.6 | Óhæði, óhlutdrægni og hagsmunaárekstrar |
| Viðmiðun A.7, fyrsti hluti c-liðar B.7 og k-liður B.7 | Kröfur um lögboðin verk, að undanskildum ISM-kóðanum |
| Viðmiðun B.2 | Siðareglur |
| Viðmiðun B.3 | Viðeigandi upplýsingar sem stjórnvald krefst að farið sé með sem trúnaðarmál |

| Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 391/2009 | Viðfangsefni samsvarandi flokka |
|---|---|
| Viðmiðun B.5 | Hugverkaréttindi skipasmíðastöðva, birgja búnaðar og skipseigenda |
| Viðmiðun B.6, annar hluti b-liðar B.7, annar hluti c-liðar B.7, i-liður B.7 og B.8 | Gæðastjórnunarkerfi, þ.m.t. skrár |
| Fyrsti hluti b-liðar í viðmiðun B.7 | Framkvæmd reglna um flokkun og verklagsreglna |
| Viðmiðun d-liðar B.7 | Skipting ábyrgðar, heimilda og innbyrðis tengsl milli starfsfólks |
| Viðmiðun e-liðar B.7 | Starfsemi fari fram undir eftirliti |
| Viðmiðun f- liðar B.7 | Eftirlit með starfi eftirlitsmanna og annars starfsfólks |
| Viðmiðun h-liðar B.7 | Kerfi um þjálfun og hæfismat eftirlitsmanna |
| Viðmiðun j-liðar B.7 | Heildarkerfi fyrir innra gæðaeftirlit í öllum deildum |
| Viðmiðun l-liðar B.7 | Ábyrgð og eftirlit með svæðisskrifstofum og eftirlitsmönnum |
| Viðmiðun B.9 | Bein reynsla og mat |
| Viðmiðun B.10 | Alþjóðakóði um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóði) |
| Viðmiðun B.11 | Þátttaka aðila sem koma að þróun reglna og verklagsreglna |

# REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/492 2024/EES/11/49

**frá 25. mars 2019**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 391/2009 að því er varðar útgöngu Bretlands úr Sambandinu** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningur öðlast gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, þ.e. 30. mars 2019, nema leiðtogaráðið, í samráði við Bretland, ákveði einróma að framlengja það tímabil.

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 ([3]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB ([4]) mynda saman regluramma fyrir starfsemi viðurkenndra stofnana sem skoða, hafa eftirlit með og annast skírteinisútgáfu fyrir skip.

3) Í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 á framkvæmdastjórnin að meta stofnanir, sem hún hefur viðurkennt á vettvangi Sambandsins og sem skoða, hafa eftirlit með og annast skírteinisútgáfu fyrir skip („viðurkenndar stofnanir“), reglulega og a.m.k. á tveggja ára fresti ásamt aðildarríkinu sem lagði fram viðkomandi beiðni um viðurkenningu stofnunarinnar.

4) Af ástæðum sem varða jafna meðferð á framkvæmdastjórnin að meta stofnanir sem viðeigandi ríki viðurkenndi upphaflega, í samræmi við tilskipun ráðsins 94/57/EB ([5]), og njóta, sem stendur, viðurkenningar Sambandsins, skv. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, ásamt aðildarríkinu sem upphaflega viðurkenndi þessar stofnanir.

5) Viðurkenndar stofnanir verða, í samræmi við 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, að halda áfram að fara að kröfunum og lágmarksviðmiðunum, sem settar eru fram í I. viðauka við þá reglugerð, til að halda áfram að njóta góðs af viðurkenningu Sambandsins. Þetta er sannreynt með símati sem framkvæmdastjórnin framkvæmir ásamt viðkomandi aðildarríki í samræmi við 1. mgr. 8. gr þeirrar reglugerðar. Þar af leiðandi gegnir reglulegt mat mikilvægu hlutverki fyrir áframhaldandi viðurkenningu stofnana.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 85I , 27.3.2019, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 298.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 19. mars 2019.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47).

([5]) Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20).

6) Í kjölfar útgöngu Bretlands úr Sambandinu mun Bretland ekki lengur geta tekið þátt í matinu sem framkvæmt er skv. 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

7) Viðurkenndu stofnanirnar, sem Bretland viðurkenndi upphaflega, njóta, sem stendur, viðurkenningar Sambandsins og önnur aðildarríki hafa falið þeim skyldur í tengslum við skoðun, eftirlit og skírteinisútgáfu fyrir skip í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/15/EB. Því ætti að breyta 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 til að tryggja að þær stofnanir haldi áfram að sæta mati í samræmi við kröfur þessa ákvæðis.

8) Einnig ætti að taka tillit til vöktunar- og eftirlitsskyldnanna sem aðildarríkin þurfa, sem stendur, að uppfylla skv. 9. gr. tilskipunar 2009/15/EB. Hvað þetta varðar ætti framkvæmdastjórnin að meta viðurkenndar stofnanir, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 391/2009, ásamt aðildarríkinu eða aðildarríkjunum sem veittu heimild fyrir viðkomandi viðurkennda stofnun í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/15/EB.

9) Til að tryggja samræmi milli landsbundinna aðgerða og aðgerða Sambandsins að því er varðar vöktun á viðurkenndum stofnunum ætti framkvæmdastjórnin að hafa samráð við sérfræðinga og auðkenna og miðla góðum starfsvenjum til að forðast tvíverknað og nýta sem best fyrirliggjandi getu og tilföng.

10) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún ætti að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að reglugerð (EB) nr. 391/2009 hættir að gilda um Bretland.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 kemur eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal, ásamt aðildarríkinu eða aðildarríkjunum sem veittu heimild fyrir viðurkenndu stofnanirnar, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/15/EB, meta allar viðurkenndar stofnanir reglulega og a.m.k. á tveggja ára fresti til að sannreyna að þær uppfylli skyldurnar, samkvæmt þessari reglugerð, og fari að lágmarksviðmiðunum sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð. Matið skal takmarkast við þá starfsemi viðurkenndu stofnananna sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar.“

*2. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um áhrif þessarar reglugerðar eigi síðar en þremur árum frá því þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að reglugerð (EB) nr. 391/2009 hættir að gilda um Bretland.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. mars 2019.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| A. TAJANI | G. CIAMBA |
| *forseti.* | *forseti.* |

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1355/2014** **2024/EES/11/50**

**frá 17. desember 2014**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 391/2009 að því er varðar samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á tilteknum kóðum og tilheyrandi breytingum á tilteknum samningum og bókunum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

í samræmi við málsmeðferðina fyrir samræmisathugun sem sett er fram í 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002 skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin vinna saman að því að skilgreina, eftir því sem við á, sameiginlega afstöðu eða nálgun varðandi lögmætan alþjóðavettvang í því skyni að draga úr þeirri hættu að árekstrar verði á milli siglingalöggjafar Sambandsins og alþjóðlegra gerninga.

2) Reglugerð (EB) nr. 391/2009 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15//EB ([3]) mynda saman eina samræmda löggjöf þar sem reglur eru settar með samræmdum hætti um starfsemi viðurkenndra stofnana í samræmi við sömu meginreglur og skilgreiningar. Í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/15/EB er kveðið á um að ef aðildarríki ákveður, að því er varðar skip sem sigla undir fána þess, að veita stofnunum leyfi til að framkvæma, fyrir hönd þess, skoðanir og eftirlit, sem tengjast lögboðnum skírteinum, skal það einungis fela viðurkenndri stofnun þessi verk, sem, samkvæmt g-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar, er stofnun sem er viðurkennd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009. Reglurnar, sem viðurkenning hlutaðeigandi stofnana byggist á, hafa því áhrif á báðar gerðirnar.

3) Með hugtakinu „alþjóðasamningar“, eins og það er skilgreint í b-lið 2. gr. reglugerðar (EB) 391/2009, er átt við alþjóðasamninginn um öryggi mannslífa á hafinu frá 1. nóvember 1974 (SOLAS-samþykktina frá 1974), að undanskildum kafla XI-2 í viðaukanum við hann, alþjóðasamninginn um hleðslumerki skipa frá 5. apríl 1966 og alþjóðasamninginn um varnir gegn mengun frá skipum frá 2. nóvember 1973 (MARPOL-samninginn) svo og bókanir við þá og breytingar á þeim, ásamt kóðum sem tengjast þeim og eru bindandi í öllum aðildarríkjunum, í nýjustu útgáfum sínum.

4) Á 28. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) var samþykktur kóði um framkvæmd IMO-gerninga (III-kóði), eins og sett er fram í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1070(28) frá 4. desember 2013, og breytingar á samningnum um hleðslumerki skipa í því skyni að gera III-kóðann lögbundinn, ásamt tilheyrandi úttektarkerfi fánaríkis, eins og sett er fram í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1083(28) frá 4. desember 2013.

5) Sjávarumhverfisverndarnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MEPC) samþykkti á 66. fundi sínum breytingar á bókuninni um MARPOL-samninginn frá 1978, eins og sett er fram í ályktun MEPC.246(66) frá 4. apríl 2014, og á bókuninni um MARPOL-samninginn frá 1997, með breytingum samkvæmt bókun frá 1978 hvað hann varðar, eins og sett er fram í ályktun MEPC.247(66) frá 4. apríl 2014 í því skyni að gera III-kóðann lögbundinn, ásamt tilheyrandi úttektarkerfi fánaríkis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 82. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

([2]) Stjtíð. ESB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls.47).

6) Siglingaöryggisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MSC) samþykkti á 93. fundi sínum breytingar á SOLAS-samþykktinni, eins og sett er fram í ályktun MSC.366(93) frá 22. maí 2014, og á bókuninni um samninginn um hleðslumerki skipa frá 1988, eins og sett er fram í ályktun MSC.375(93) frá 22. maí 2014 í því skyni að gera III-kóðann lögbundinn, ásamt tilheyrandi úttektarkerfi fánaríkis.

7) Á 65. fundi sjávarumhverfisverndarnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og 92. fundi siglingaöryggisnefndarinnar var samþykktur kóði Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðurkenndar stofnanir (RO-kóði), eins og sett er fram í ályktun MSC.349(92) frá 21. júní 2013.

8) Á 65. fundi sínum samþykkti sjávarumhverfisverndarnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar breytingar á bókuninni frá 1978 um MARPOL-samninginn í því skyni að gera RO-kóðann lögbundinn, eins og sett er fram í ályktun MEPC.238(65) frá 17. maí 2013.

9) Á 92. fundi sínum samþykkti siglingaöryggisnefndin breytingar á SOLAS-samþykktinni og bókuninni um hleðslumerki skipa frá 1988 í því skyni að gera RO-kóðann lögbundinn, eins og sett er fram í ályktunum MSC.350(92) og MSC.356(92) frá 21. júní 2013.

10) Því er gert ráð fyrir því að III-kóðinn og RO-kóðinn öðlist gildi á tímabilinu frá 1. janúar 2015 til 1. janúar 2018 í samræmi við gildandi reglur um samþykkt, fullgildingu og gildistöku breytinga samkvæmt viðeigandi samningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

11) Hinn 13. maí 2013 samþykkti ráðið ákvörðun ráðsins 2013/268/ESB um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hvað varðar samþykkt tiltekinna kóða og tilheyrandi breytinga á tilteknum samningum og bókunum ([1]). Samkvæmt 5. gr. þeirrar ákvörðunar heimilaði ráðið aðildarríkjunum að gefa samþykki sitt, í þágu Sambandsins og með fyrirvara um yfirlýsinguna, sem sett er fram í viðaukanum við þá ákvörðun, um að vera bundin af breytingunum sem um getur í forsendum 4–9 þessarar reglugerðar.

12) Í yfirlýsingunni, sem fylgir með ákvörðun ráðsins 2013/268/ESB, kemur fram að aðildarríkin telja III-kóðann og RO-kóðann innihalda röð lágmarkskrafna, sem ríkin geti þróað áfram og betrumbætt eftir þörfum, til að auka siglingaöryggi og vernd umhverfisins.

13) Þar kemur einnig fram að ekkert í III-kóðanum eða RO-kóðanum skuli túlkað þannig að það takmarki eða dragi með nokkrum hætti úr efndum aðildarríkjanna á skuldbindingum, samkvæmt lögum Sambandsins að því er varðar skilgreiningar á „lögboðnu skírteini“ og „flokkunarfélagsskírteini“, umfangi skyldna og viðmiðana, sem mælt er fyrir um fyrir viðurkenndar stofnanir, og skyldum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í tengslum við viðurkenningu og mat á viðurkenndum stofnunum og, ef við á, beitingu ráðstafana til úrbóta eða viðurlaga gegn þeim. Í sömu yfirlýsingu kemur fram að í tengslum við úttekt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar munu aðildarríkin lýsa því yfir að þau muni aðeins sannreyna hvort farið sé að þessum ákvæðum viðeigandi alþjóðasamninga, sem aðildarríkin hafa samþykkt, þ.m.t. í skilmálum þessarar yfirlýsingar.

14) Í réttarkerfi Sambandsins felur gildissvið reglugerðar (EB) nr. 391/2009 sem og tilskipun 2009/15/EB í sér tilvísanir í „alþjóðasamninga“, eins og lýst er í forsendu 3. Innan þessa ramma eru breytingar á samningum Alþjóðasiglingamálastofnununarinnar sjálfkrafa teknar upp í lög Sambandsins á sama tíma og þær öðlast gildi á alþjóðavísu, þ.m.t. viðeigandi bindandi kóðar eins og III-kóðinn og RO-kóðinn, sem eru þar af leiðandi hluti af gerningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem skipta máli fyrir beitingu reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

15) Breytingar á alþjóðasamningum geta hins vegar fallið utan gildissviðs siglingalöggjafar Sambandsins í samræmi við málsmeðferðina fyrir samræmisathugun, ef þær uppfylla a.m.k. eina viðmiðun af þeim tveimur sem settar eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

16) Framkvæmdastjórnin hefur metið breytingarnar á samningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002 og komist að raun um að nokkurs misræmis gætir á milli III-kóðans og RO-kóðans annars vegar og reglugerðar (EB) nr. 391/2009 og tilskipunar 2009/15/EB hins vegar.

17) Í fyrsta lagi er í lið 16.1 í 2. hluta III-kóðans kveðið á um lágmarksfjölda úrræða og vinnsluferla, sem fánaríki þurfa að koma á fót, þ.m.t. ákvæði um stjórnsýslufyrirmæli, *m.a.* í tengslum við flokkunarfélagsskírteini skipa, sem fánaríkið krefst til að sýna fram á samræmi við kröfur um burðarvirki, vél- og rafbúnað og/eða aðrar kröfur í

([1]) Ákvörðun ráðsins 2013/268/ESB frá 13. maí 2013 um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hvað varðar samþykkt tiltekinna kóða og tilheyrandi breytinga á tilteknum samningum og bókunum (Stjtíð. ESB L 155, 7.6.2013, bls. 3).

alþjóðasamningum, sem fánaríkið er aðili að, eða samræmi við kröfu í landsbundinni reglugerð fánaríkisins. Eins og fram kemur í forsendu 21 hér á eftir er þó gerður greinarmunur í lögum Sambandsins á lögboðnum skírteinum og flokkunarfélagsskírteinum. Hið síðarnefnda eru gögn á vegum einkaaðila sem eru hvorki gefin út af fánaríki né heldur fyrir hönd þess. Þetta ákvæði í III-kóðanum vísar í raun til reglu 3-1 í hluta A-1 í kafla II-1 í SOLAS-samþykktinni, þar sem kveðið er á um að skip skulu hönnuð, smíðuð og þeim viðhaldið í samræmi við kröfur flokkunarfélags, sem stjórnvöld viðurkenna í samræmi við ákvæðin í reglu XI-1/1.1, um burðarvirki, vél- og rafbúnað. Í SOLAS-samþykktinni kemur greinilega fram að skipið eða lagalegur fulltrúi þess gagnvart fánaríkinu er viðfangsefni þessarar kröfu. Þegar viðurkennd stofnun sinnir hlutverki sínu sem flokkunarfélag gefur hún enn fremur út flokkunarfélagsskírteini í samræmi við eigin reglur, verklagsreglur, skilyrði og samningsbundið fyrirkomulag einkaaðila sem fánaríkið er ekki aðili að. Þetta ákvæði III-kóðans stangast því á við þann greinarmun sem gerður er á flokkunarfélagsskírteinum og lögboðnum skírteinum eins og fram kemur í gildandi löggjöf ESB.

18) Í öðru lagi er þess krafist í lið 18.1 í 2. hluta III-kóðans að fánaríkið tryggi, *„aðeins hvað varðar skip sem mega sigla undir fána þess“,* að viðurkennd stofnun hafi fullnægjandi úrræði á sviði tækni, stjórnunar og rannsókna til að annast þær skyldur sem henni er falið að sinna. Aftur á móti er tekið á þessum þætti í lögum Sambandsins sem kröfu að því er varðar viðurkenninguna, eins og fram kemur í viðmiðun í 3. lið A-þáttar í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 391/2009, og tekur til alls flotans í flokki hlutaðeigandi stofnunar, án greinarmunar á grunni fána. Ef fella ætti framangreind ákvæði III-kóðans inn í lög Sambandsins myndi það takmarka beitingu viðmiðunarinnar í 3. lið A-þáttar í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 391/2009 við frammistöðu viðurkenndu stofnunarinnar einungis hvað varðar skip, sem sigla undir fána aðildarríkja, sem er í mótsögn við gildandi kröfur.

19) Í þriðja lagi er í 19. lið 2. hluta í III-kóðanum innleitt bann gegn því að fánaríki geti krafist þess að viðurkenndar stofnanir þess beiti, hvað varðar önnur skip en þau sem sigla undir fána þess, kröfum er varða m.a. flokkunarreglur þeirra, kröfur eða verklagsreglur. Samkvæmt tilskipun 2009/15/EB geta aðildarríkin einungis heimilað stofnun að gefa út lögboðin skírteini fyrir þeirra hönd til handa flota þeirra aðildarríkja, ef sú stofnun hefur verið viðurkennd og eftirlit er haft með henni í þessum tilgangi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009. Innan þessa ramma verður starfsemi viðurkenndra stofnana að uppfylla tilteknar kröfur, að því er varðar allan flotann í flokki þeirra, án tillits til fána. Þetta gildir um flestar þær viðmiðanir sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 391/2009 sem og um aðrar skyldur, einkum í 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar. Ef fella ætti framangreint ákvæði III-kóðans inn í lög Sambandsins myndi það takmarka beitingu gildandi krafna um viðurkenningu, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 391/2009, m.a. ef þær teljast reglur, kröfur og verklagsreglur um frammistöðu viðurkenndu stofnunarinnar, einungis við skip sem sigla undir fána aðildarríkja.

20) Í fjórða lagi er „viðurkennd stofnun“ skilgreind í lið 1.1 í 2. hluta RO-kóðans sem stofnun sem fánaríki hefur metið og uppfyllir kröfur 2. hluta RO-kóðans. Í e-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 er aftur á móti kveðið á um að viðurkennd stofnun sé *„stofnun sem hlotið hefur viðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð“*. Á grundvelli mats framkvæmdastjórnarinnar, sem sett er fram í forsendum 21–23, virðist sem mörg ákvæði 2. hluta RO-kóðans samrýmist ekki reglugerð (EB) nr. 391/2009. Þar af leiðandi myndi viðurkennd stofnun, eins og hún er skilgreind í RO-kóðanum, ekki uppfylla allar kröfur reglugerðar (EB) nr. 391/2009 og gæti því ekki samrýmst skilgreiningunni á viðurkenndri stofnun, eins og hún er sett fram í lögum Sambandsins.

21) Í fimmta lagi er „útgáfa lögboðinna skírteina og lögboðin þjónusta“ skilgreind í lið 1.3. í 2. hluta RO-kóðans sem einn flokkur atvinnustarfsemi, sem viðurkennd stofnun hefur leyfi til að annast fyrir hönd fánaríkis, þ.m.t. útgáfa skírteina sem varða bæði lögbundnar kröfur og flokkunarkröfur. Í g- og i-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 er aftur á móti gerður skýr greinarmunur á „lögboðnum skírteinum“, sem eru þau skírteini sem fánaríki eða einhver fyrir hönd þess gefur út í samræmi við alþjóðasamninga, og „flokkunarfélagsskírteinum“, sem eru þau skjöl sem viðurkennd stofnun gefur út í hlutverki sínu sem flokkunarfélag, þar sem hún vottar að skip sé hæft til tiltekinna nota eða þjónustu og sé í samræmi við reglur og verklagsreglur sem viðurkennda stofnunin hefur mælt fyrir um og birt opinberlega. Samkvæmt lögum Sambandsins eru skýr skil á milli lögboðinna skírteina og flokkunarfélagsskírteina og eru þau ólík í eðli sínu. Lögboðin skírteini eru þannig opinber í eðli sínu en flokkunarfélagsskírteini eru á vegum einkaaðila og gefin út af flokkunarfélagi í samræmi við eigin reglur, verklagsreglur og skilyrði. Flokkunarfélagsskírteini, sem viðurkennd stofnun gefur út fyrir skip til að staðfesta að það sé í samræmi við flokkunarreglur og verklagsreglur, þ.m.t. þegar fánaríki staðfestir það sem sönnun um samræmi við reglu 3-1 í hluta A-1 í kafla II-I í SOLAS-samþykktinni, eru skjöl sem eru alfarið á vegum einkaaðila og eru hvorki gerningar fánaríkis né framkvæmdir fyrir hönd þess. Í RO-kóðanum er hins vegar kerfisbundið vísað til þess að „útgáfa lögboðinna skírteina og lögboðin þjónusta“ sé framkvæmd af hálfu viðurkenndra stofnana *„fyrir hönd fánaríkis“* sem stangast á við lagalega aðgreiningu í lögum Sambandsins. Þrátt

fyrir þetta ósamræmi felur þetta ákvæði RO-kóðans í sér, ef það er viðtekið sem almenn regla í réttarkerfi Sambandsins, umtalsverða hættu á því að ekki væri lengur hægt að framfylgja kröfunum um viðurkenningu í reglugerð (EB) nr. 391/2009, sem lúta að allri starfsemi stofnunarinnar, án tillits til fána.

22) Í sjötta lagi er í lið 3.9.3.1 í 2. hluta RO-kóðans kveðið á um samstarfsfyrirkomulag milli viðurkenndra stofnana innan þess ramma sem fánaríkið hefur komið á í því skyni að staðla ferli varðandi útgáfu lögboðinna skírteina og lögboðna þjónustu fyrir fánaríkið, eftir því sem við á, en í lið 3.9.3.2 í 2. hluta í sama kóða skapar „fánaríki eða *hópur fánaríkja“* ramma til að setja reglur um samstarf milli viðurkenndra stofnana þeirra um tæknileg og öryggistengd atriði í tengslum við *„útgáfu lögboðinna skírteina og lögboðna þjónustu skipa[...] fyrir hönd fyrrnefnds fánaríkis eða fyrrnefndra fánaríkja“*. Samkvæmt lögum Sambandsins er í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 kveðið á um samstarf milli viðurkenndra stofnana þar sem þess er krafist að viðurkenndar stofnanir ráðfæri sig hver við aðra, með hliðsjón af því að tryggja að reglur þeirra og verklagsreglur séu ávallt jafngildar og samræmdar svo og framkvæmd þeirra, og ákvarðaður rammi um gagnkvæma viðurkenningu, í viðeigandi tilvikum, á flokkunarfélagsskírteinum fyrir efni, búnað og íhluti. Þessi tvö samstarfsferli skv. 1. mgr. 10. gr. lúta að einkastarfsemi viðurkenndra stofnana í hlutverki sínu sem flokkunarfélög og gilda því án greinarmunar á grunni fána. Ef samstarfsfyrirkomulagið, sem kveðið er á um í RO-kóðanum, yrði fellt inn í lög Sambandsins myndi það því takmarka gildissvið samstarfsrammans, sem ákvarðaður er með reglugerð (EB) nr. 391/2009, við starfsemi viðurkenndu stofnananna einungis að því er varðar skip, sem sigla undir fána aðildarríkja, sem er í mótsögn við gildandi kröfur.

23) Í sjöunda lagi er liður 3.9.3.3 í 2. hluta RO-kóðans og 19. liður í 2. hluta III-kóðans samhljóða og skipta því atriðin, sem fram koma í forsendu 19, einnig máli að því er þetta ákvæði RO-kóðans varðar.

24) Hvorki III-kóðinn né RO-kóðinn ættu að takmarka getu Sambandsins, í samræmi við sáttmálana og alþjóðalög, til að mæla fyrir um viðeigandi skilyrði hvað varðar veitingu viðurkenningar til stofnana, sem sækjast eftir leyfi aðildarríkjanna til að sinna, fyrir þeirra hönd, eftirliti með skipum og skírteinisútgáfu, í því skyni að uppfylla markmið Sambandsins og sér í lagi til að auka siglingaöryggi og vernd umhverfisins.

25) Fyrirkomulagið um gagnkvæma viðurkenningu á flokkunarfélagsskírteinum fyrir efni, búnað og íhluti, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, gildir aðeins í Sambandinu um skip sem sigla undir fána aðildarríkis. Hvað varðar erlend skip þá veltur samþykki viðeigandi skírteina á ákvörðun viðeigandi fánaríkja utan ESB er þau skírskota til sérlögsögu sinnar, einkum samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna (UNCLOS).

26) Á grundvelli eigin mats ákvarðaði framkvæmdastjórnin að ákvæði III-kóðans og RO-kóðans, sem um getur í framangreindum forsendum, samrýmist ekki reglugerð (EB) nr. 391/2009 og að ákvæðin ættu því að falla utan gildissviðs þeirrar reglugerðar. Því ætti að breyta b-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 til samræmis við það.

27) Þar eð RO-kóðinn öðlast gildi 1. janúar 2015 ætti þessi reglugerð að öðlast gildi eins fljótt og auðið er eftir að hún hefur verið birt.

28) Nefndin um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) skilaði ekki áliti um þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Talin var þörf á framkvæmdargerð og lagði formaðurinn drög að framkvæmdargerð fyrir málskotsnefndina til frekari umfjöllunar. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit málskotsnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað b-liðar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 komi eftirfarandi:

„b) „alþjóðasamningar“: alþjóðasamningurinn um öryggi mannslífa á hafinu frá 1. nóvember 1974 (SOLAS-samþykktin frá 1974), að undanskildum kafla XI-2 í viðaukanum við hann, alþjóðasamningurinn um hleðslumerki skipa frá 5. apríl 1966 og alþjóðasamningurinn um varnir gegn mengun frá skipum frá 2. nóvember 1973 (MARPOL) svo og bókanir við þá og breytingar á þeim, ásamt kóðum sem tengjast þeim og eru bindandi í öllum aðildarríkjunum, að undanskildum liðunum 16.1, 18.1 og 19 í 2. hluta kóðans um framkvæmd IMO-gerninga og liðunum 1.1, 1.3, 3.9.3.1,

3.9.3.2 og 3.9.3.3 í 2. hluta kóða Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðurkenndar stofnanir, í nýjustu útgáfum sínum,“.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

# TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/15/EB 2024/EES/11/51

**frá 23. apríl 2009**

**um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda**

**(endurútgefin)**

**(Texti sem varðar EES)** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 3. febrúar 2009,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ([4]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Með tilliti til eðlis ákvæða tilskipunar 94/57/EB virðist viðeigandi að endurútgefa ákvæði hennar í tveimur mismunandi lagagerningum Bandalagsins, þ.e. í tilskipun og reglugerð.

3) Í ályktun frá 8. júní 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti setti ráðið það markmið að útiloka öll undirmálsskip frá hafsvæðum Bandalagsins og lagði ríka áherslu á að Bandalagið beitti sér fyrir aðgerðum sem ætlað er að tryggja skilvirka og einsleita framkvæmd alþjóðareglna með því að semja sameiginlega staðla fyrir flokkunarfélög.

4) Auka má með skilvirkum hætti öryggi og mengunarvarnir á hafi úti með því að beita til hins ítrasta alþjóðasamningum, kóðum og ályktunum og stuðla á sama tíma að því að ná markmiðinu um frelsi til að veita þjónustu.

5) Eftirlit með því að skip uppfylli samræmda alþjóðlega staðla um öryggi og mengunarvarnir á hafi úti er á ábyrgð fána- og hafnarríkja.

6) Aðildarríki bera ábyrgð á útgáfu alþjóðlegra skírteina um öryggi og mengunarvarnir, sem kveðið er á um í alþjóðasamningum, eins og alþjóðasamningi um öryggi mannslífa á hafinu frá 1. nóvember 1974 (SOLAS-samþykktin frá 1974), alþjóðasamningi um hleðslumerki skipa frá 5. apríl 1966 og alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum frá 2. nóvember 1973 (MARPOL) og á að hrinda þessum samningum í framkvæmd.

7) Samkvæmt þessum samningum mega öll aðildarríkin heimila, að vissu marki, viðurkenndum stofnunum að votta að farið sé að þeim og fela öðrum að gefa út viðeigandi skírteini um öryggi og mengunarvarnir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 195.

([2]) Stjtíð. ESB C 229, 22.9.2006, bls. 38.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 25. apríl 2007 (Stjtíð. ESB C 74 E, 20.3.2008, bls. 633), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. júní 2008 (Stjtíð. ESB C 184 E, 29.7.2008, bls. 11), afstaða Evrópuþingsins frá 24. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), ákvörðun ráðsins frá 26. febrúar 2009 og lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 11. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).

([4]) Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20.

8) Fjöldi starfandi stofnana víða um heim, sem eru viðurkenndar af samningsaðilum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), tryggir hvorki nægilega skilvirka framkvæmd reglna né áreiðanleika þeirra þegar þær koma fram fyrir hönd stjórnvalda í hverju ríki vegna þess að þær búa hvorki yfir áreiðanlegu og nægilega góðu skipulagi né reynslu til að gegna skyldum sínum á mjög faglegan hátt.

9) Í samræmi við reglu 3-1, í hluta A-1, kafla II-1 í SOLAS-samþykktinni frá 1974 bera aðildarríki ábyrgð á að tryggja að skip, sem sigla undir fána þeirra, séu hönnuð, smíðuð og þeim viðhaldið í samræmi við kröfur stofnana, sem stjórnvöld viðurkenna, um burðarvirki, vél- og rafbúnað. Þessar stofnanir semja því og hrinda í framkvæmd reglum um hönnun, smíði, viðhald og skoðun skipa og þær bera ábyrgð á að skoða skip fyrir hönd fánaríkjanna og votta að þessi skip uppfylli kröfur alþjóðasamninganna um útgáfu viðkomandi skírteina. Svo þær geti sinnt skyldum sínum með fullnægjandi hætti þurfa þær að vera algjörlega sjálfstæðar, búa yfir mjög sérhæfðri tæknilegri færni og strangri gæðastjórnun.

10) Stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit gegna mikilvægu hlutverki í löggjöf Bandalagsins um siglingaöryggi.

11) Stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit skulu geta boðið þjónustu í öllu Bandalaginu og átt í samkeppni sín á milli ásamt því að veita jafngilda öryggis- og umhverfisvernd. Þar af leiðandi skal setja nauðsynlega fagstaðla um þessa starfsemi og þeim beitt með einsleitum hætti alls staðar í Bandalaginu.

12) Útgáfu öryggisskírteinis fyrir fjarskiptabúnað flutningaskipa má fela einkaaðilum með nægilega sérþekkingu og hæft starfsfólk í sínum röðum.

13) Aðildarríkið má takmarka þann fjölda viðurkenndra stofnana sem það veitir leyfi í samræmi við ríkjandi þörf, á grundvelli hlutlægra og gagnsærra viðmiðana, sbr. þó eftirlit framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við nefndarmeðferð.

14) Þessi tilskipun tryggir frelsi til að veita þjónustu í Bandalaginu. Í samræmi við það skal Bandalagið hafa rétt til þess að semja við þau þriðju lönd, þar sem einhverjar af viðurkenndu stofnununum hafa aðsetur, um jafna meðferð fyrir viðurkenndar stofnanir sem eru í Bandalaginu.

15) Nauðsynlegt er að stjórnvöld innanlands taki virkan þátt í skipaeftirliti og útgáfu tengdra skírteina til að tryggja að farið sé í einu og öllu að alþjóðareglum um öryggi jafnvel þótt aðildarríkin reiði sig á viðurkenndar stofnanir utan stjórnsýslusviðs þeirra til að framkvæma lögboðnar skyldur. Það er því við hæfi að koma á náinni samvinnu milli stjórnvalda og viðurkenndu stofnananna sem kann að þýða að nauðsynlegt sé að viðurkenndu stofnanirnar hafi á sínum vegum staðbundinn fulltrúa á yfirráðasvæði aðildarríkisins til að framkvæma skyldur í nafni þeirra.

16) Þegar viðurkennd stofnun, skoðunarmenn eða tæknilegt starfsfólk hennar gefa út viðkomandi skírteini fyrir hönd stjórnvalds skulu aðildarríkin íhuga að gera því kleift, að því er varðar þau verkefni sem því er falið, að njóta hóflegrar lagalegrar verndar og réttarverndar, þ.m.t. að það fái viðeigandi rétt til varnar, fyrir utan friðhelgi, en hún er heimild sem aðildarríki geta einungis skírskotað til sem óaðskiljanlegs hluta fullveldisréttar og því er ekki hægt að framselja hann.

17) Mismunandi fyrirkomulag fjárskuldbindinga meðal viðurkenndra stofnana, sem starfa fyrir hönd aðildarríkjanna, myndi hindra rétta framkvæmd þessarar tilskipunar. Til að stuðla að lausn þessa vandamáls er við hæfi að koma á einhverri samræmingu, á vettvangi Bandalagsins, á þeirri bótaábyrgð sem kann að skapast við sjóslys, sem viðurkennd stofnun er völd að samkvæmt úrskurði dómstóls, þ.m.t. með því að beita gerðardómi við lausn deilumála.

18) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

19) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa heimild til að breyta þessari tilskipun til að taka inn síðari breytingar á alþjóðasamningum, bókunum, kóðum og ályktunum sem tengjast henni. Þar sem þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

20) Aðildarríkin skulu samt sem áður eiga þann möguleika að fella tímabundið úr gildi starfsleyfi þeirra sem viðurkennd stofnun eða afturkalla það og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um ákvarðanir sínar og færa rök fyrir þeim.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

21) Aðildarríkin skulu meta reglulega frammistöðu viðurkenndra stofnana sem starfa fyrir hönd þeirra og veita framkvæmdastjórninni og öllum hinum aðildarríkjunum nákvæmar upplýsingar um slíka frammistöðu.

22) Aðildarríki skulu sem hafnaryfirvöld auka öryggi og koma í veg fyrir mengun á hafsvæðum Bandalagsins með forgangsskoðun skipa, sem hafa skírteini gefin út af hálfu stofnana sem uppfylla ekki sameiginlegar viðmiðanir, og tryggja þannig að skip sem sigla undir fána þriðja ríkis hljóti ekki hagstæðari meðferð en önnur ríki.

23) Eins og sakir standa eru ekki fyrir hendi samræmdir alþjóðlegir staðlar sem öll skip þurfa að fara að, annaðhvort á smíðastigi eða allan endingartíma þeirra að því er varðar bol, vél-, raf- og stjórnbúnað. Setja má slíka staðla samkvæmt reglum viðurkenndra stofnana eða samkvæmt sambærilegum stöðlum sem stjórnvöld innanlands ákveða í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([1]).

24) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að ákveða til hvaða ráðstafana aðildarríkin skulu grípa í tengslum við stofnanir sem falið er að skoða, hafa eftirlit með og annast skírteinisútgáfu fyrir skip sem starfrækt eru í Bandalaginu og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

25) Skyldan til að lögleiða þessa tilskipun í aðildarríkjunum skal takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér verulega breytingu í samanburði við tilskipun 94/57/EB. Skyldan til að lögleiða óbreyttu ákvæðin er fyrir hendi í þeirri tilskipun.

26) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

27) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([2]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra og birta þær.

28) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit (endurútgefin) ([3]), er mælt fyrir um ráðstafanir sem stofnanir sem annast skipaskoðun og -eftirlit eiga að gera.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í þessari tilskipun er ákveðið hvaða ráðstafanir aðildarríki eiga að gera í tengslum við stofnanir sem falið er að skoða, hafa eftirlit með og annast skírteinisútgáfu fyrir skip í því skyni að fara að alþjóðasamningum um öryggi á hafi úti og varnir gegn mengun sjávar og að stuðla að því að ná markmiðinu um frelsi til að veita þjónustu. Þetta ferli felur í sér þróun og framkvæmd öryggiskrafna sem gilda um bol, vél-, raf- og stjórnbúnað skipa sem falla undir gildissvið alþjóðasamninganna.

*2. gr.*

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skip“: skip sem fellur undir gildissvið alþjóðasamninganna,

b) „skip sem siglir undir fána aðildarríkis“: skip sem er skráð í aðildarríki og siglir undir fána þess í samræmi við lög þess. Skip, sem þessi skilgreining á ekki við um, teljast vera skip sem sigla undir fána þriðja lands,

c) „skoðanir og eftirlit“: skoðanir og eftirlit sem skylt er að framkvæma samkvæmt alþjóðasamningum,

d) „alþjóðasamningar“: alþjóðasamningurinn um öryggi mannslífa á hafinu frá 1974 (SOLAS-samþykktin frá 1974), að undanskildum kafla XI-2 í viðaukanum við hann, alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa frá 1966 og alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) svo og bókanir við þá og breytingar á þeim, ásamt reglum sem tengjast þeim og eru bindandi í öllum aðildarríkjunum, í nýjustu útgáfum sínum,

([1]) Stjtíð. EB L 204, 21.7. 1998, bls. 37.
([2]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 131. 28.5.2009, bls. 11.

e) „stofnun“: lögaðili, útibú hans og hvers konar aðrir lögaðilar undir stjórn hans, sem sinna verkefnum sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, sameiginlega eða sitt í hvoru lagi,

f) „stjórn“: að því er varðar e-lið, réttindi, samninga eða önnur úrræði, að lögum eða í reynd, sem annaðhvort sitt í hvoru lagi eða saman, gera lögaðila kleift að hafa veruleg áhrif eða sinna verkefnum sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar,

g) „viðurkennd stofnun“: stofnun sem hlotið hefur viðurkenningu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009/EB.

h) „leyfi“: sú framkvæmd af hálfu aðildarríkis að veita viðurkenndri stofnun leyfi eða fela henni vald,

i) „lögboðið skírteini“: skírteini gefið út af eða fyrir hönd fánaríkis í samræmi við alþjóðasamninga,

j) „reglur og verklagsreglur“: kröfur viðurkenndrar stofnunar um hönnun, smíði, búnað og viðhald skipa ásamt eftirliti með þeim,

k) „flokkunarskírteini“: skjal sem viðurkennd stofnun gefur út og vottar að skip sé hæft til tiltekinna nota eða reksturs og sé í samræmi við reglur og verklagsreglur sem viðurkennda stofnunin hefur mælt fyrir um og birt opinberlega,

l) „öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað flutningaskips“: skírteini sem kveðið er á um í bókuninni frá 1988 um breytingu á SOLAS-samþykktinni frá 1974, samþykktri af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO).

*3. gr.*

1. 1. Aðildarríkin skulu ábyrgjast skyldur sínar samkvæmt alþjóðasamningunum og tryggja að lögbær stjórnvöld þeirra geti séð svo um, með viðunandi hætti, að ákvæðum alþjóðasamninganna sé framfylgt, einkum að því er varðar skoðun skipa og eftirlit með þeim og útgáfu lögboðinna skírteina og undanþáguskírteina eins og kveðið er á um í alþjóðasamningunum. Aðildarríkin skulu fara eftir viðeigandi ákvæðum viðauka og viðbætis ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.847(20) um viðmiðunarreglur til að aðstoða fánaríki við framkvæmd gerninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

2. Ef aðildarríki ákveður, í skilningi 1. mgr., að því er varðar skip sem sigla undir fána þess:

i. að veita stofnunum leyfi til að framkvæma, að fullu eða að hluta, skoðanir og eftirlit sem tengjast lögboðnum skírteinum, þ.m.t. þau sem ætluð eru til að meta hvort farið sé að 2. mgr. 11. gr., og, ef við á, að gefa út eða endurnýja tengd skírteini eða

ii. að láta stofnanir framkvæma, að fullu eða að hluta, skoðanir og eftirlit sem um getur í i. lið;

það skal eingöngu fela viðurkenndum stofnunum þessar skyldur.

Lögbært stjórnvald skal í öllum tilvikum samþykkja fyrstu útgáfu undanþáguskírteinanna.

Að því er varðar öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað flutningaskips má fela þessar skyldur einkaaðila sem lögbært stjórnvald viðurkennir og býr yfir nægilegri sérþekkingu og hæfu starfsfólki til að framkvæma fyrir þeirra hönd sérhæft mat á öryggisþáttum þráðlausra fjarskipta.

3. Þessi grein á ekki við um útgáfu skírteina fyrir tiltekna hluta búnaðar um borð í skipum.

*4. gr.*

1. Við beitingu 2. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin að meginreglu til ekki synja neinum viðurkenndum stofnunum um leyfi til að vinna slík verkefni, að teknu tilliti til ákvæðanna í 2. mgr. þessarar greinar svo og 5. og 9. gr. Þó mega þau takmarka fjölda stofnana, sem þau veita leyfi, við þá þörf sem er fyrir hendi, að því tilskildu að það sé gert með gagnsæjum og hlutlægum hætti.

Að beiðni aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr., samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að tryggja rétta beitingu fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar að því er varðar synjun leyfis og 8. gr. að því er varðar þau tilvik þar sem starfsleyfi var fellt úr gildi tímabundið eða það afturkallað.

2. Til þess að aðildarríki geti samþykkt að stofnun, sem er í þriðja ríki, fái að gegna að fullu þeim skyldum sem um getur í 3. gr. eða hluta af þeim má það óska eftir því að hlutaðeigandi þriðja ríki veiti þeim viðurkenndu stofnunum, sem staðsettar eru í Bandalaginu, sambærilega meðferð.

Enn fremur má Bandalagið óska eftir því að þriðja ríkið, þar sem viðurkennda stofnunin er staðsett, veiti þeim viðurkenndu stofnunum sem eru í Bandalaginu sambærilega meðferð.

*5. gr.*

1. Þau aðildarríki sem ákveða að gera eins og lýst er í 2. mgr. 3. gr. skulu koma á samvinnu milli lögbærra stjórnvalda þeirra og stofnana sem starfa á þeirra vegum.

2. Fyrirkomulag samvinnunnar skal byggjast á formlegum, skriflegum samningi á jafnréttisgrundvelli eða á sambærilegu, lögbundnu fyrirkomulagi þar sem kveðið er á um þær sértæku skyldur og þau verkefni sem stofnanirnar hafa með höndum og sem fela a.m.k. í sér:

a) ákvæði II. viðbætis ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A. 739(18) um leiðbeiningar um veitingu starfsleyfis fyrir stofnanir sem starfa fyrir hönd stjórnvalda en jafnframt skal taka mið af viðauka, viðbætum og fylgiskjali Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC/umburðarbréf 710 og MEPC/umburðarbréf 307 um fyrirmynd að samkomulagi um veitingu starfsleyfis fyrir viðurkenndar stofnanir sem starfa á vegum stjórnvalda,

b) eftirfarandi ákvæði varðandi fjárskuldbindingar:

   i. ef yfirvöld eru endanlega og afdráttarlaust dæmd samkvæmt úrskurði dómstóls til að bera bótaábyrgð vegna sjóslyss eða ef gerðardómi er beitt sem lið í lausn deilumáls og auk þess gerð krafa um bætur til tjónþola vegna taps, eignatjóns, líkamstjóns eða manntjóns sem sýnt hefur verið fram á fyrir dómstólnum að rekja megi til vísvitandi athæfis, vanrækslu eða vítaverðs gáleysis af hálfu viðurkenndu stofnunarinnar eða aðila, starfsmanna, fulltrúa eða annarra sem starfa fyrir hennar hönd skulu stjórnvöld eiga kröfu á hendur viðurkenndu stofnuninni um fébætur, að svo miklu leyti sem viðurkennda stofnunin er, samkvæmt úrskurði dómstólsins, völd að framangreindu tapi, eignatjóni, líkamstjóni eða manntjóni,

   ii. ef stjórnvöld eru endanlega og afdráttarlaust dæmd samkvæmt úrskurði dómstóls til að bera bótaábyrgð vegna sjóslyss eða ef gerðardómi er beitt sem lið í lausn deilumáls og auk þess gerð krafa um bætur til tjónþola sökum líkamstjóns eða manntjóns sem sýnt hefur verið fram á fyrir dómstólnum að rekja megi til hvers konar gáleysis, glæfralegs athæfis, eða vanrækslu af hálfu viðurkenndu stofnunarinnar, starfsmanna hennar, fulltrúa eða annarra sem starfa fyrir hennar hönd skulu stjórnvöld eiga kröfu á hendur viðurkenndu stofnuninni um fébætur, að svo miklu leyti sem viðurkennda stofnunin er, samkvæmt úrskurði dómstólsins, völd að framangreindu líkamstjóni eða manntjóni; aðildarríkjunum er heimilt að takmarka þá hámarksfjárhæð sem viðurkenndu stofnuninni ber að greiða en fjárhæðin skal þó nema a.m.k. fjórum milljónum evra,

   iii. ef stjórnvöld eru endanlega og afdráttarlaust dæmd samkvæmt úrskurði dómstóls til að bera bótaábyrgð vegna sjóslyss eða ef gerðardómi er beitt sem lið í lausn deilumáls og auk þess gerð krafa um bætur til tjónþola vegna taps eða eignatjóns, sem sýnt hefur verið fram á fyrir dómstólnum að rekja megi til hvers konar gáleysis, glæfralegs athæfis eða vanrækslu af hálfu viðurkenndu stofnunarinnar eða starfsmanna, fulltrúa eða annarra sem starfa fyrir hennar hönd skulu stjórnvöld eiga kröfu á hendur viðurkenndu stofnuninni um fébætur, að svo miklu leyti sem viðurkennda stofnunin er, samkvæmt úrskurði dómstólsins, völd að framangreindu tapi eða tjóni; aðildarríkjunum er heimilt að takmarka þá fjárhæð sem viðurkenndu stofnuninni ber að greiða en fjárhæðin skal þó nema a.m.k. tveimur milljónum evra,

c) ákvæði um reglulega úttekt stjórnvalda eða óhlutdrægra, utanaðkomandi aðila, sem yfirvöld skipa, á þeim skyldum sem stofnanirnar gegna á vegum þeirra eins og um getur í 1. mgr. 9. gr.,

d) möguleika á að hægt sé að framkvæma nákvæmar slembiúrtaksskoðanir á skipum,

e) ákvæði um að tilkynna mikilvægar upplýsingar um flokkaðan flota þeirra, breytingar, tímabundnar niðurfellingar skipa úr flokki og útstrikun þeirra úr flokki.

3. Í samningnum eða sambærilegu lögbundnu fyrirkomulagi má kveða á um kröfur þess efnis að viðurkennd stofnun hafi staðbundinn fulltrúa á yfirráðasvæði aðildarríkisins og að hann gegni fyrir hönd þess þeim skyldum sem um getur í 3. gr. Nægilegt er að hinn staðbundni fulltrúi hafi réttarstöðu lögaðila í samræmi við gildandi lög í viðkomandi aðildarríki enda sé lögsaga dómstóla þess óyggjandi.

4. Hvert aðildarríki skal veita framkvæmdastjórninni nákvæmar upplýsingar um samvinnu þá sem komið er á í samræmi við þessa grein. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

*6. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ([1]).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

([1]) Stjtíð. EB L 324, 29.11. 2002, bls. 1.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

*7. gr.*

1. Þessari tilskipun má breyta, án þess að gildissvið hennar sé víkkað, í því skyni:

a) að taka upp, að því er varðar þessa tilskipun, síðari breytingar á alþjóðasamningunum, bókunum og ályktunum þar að lútandi, sem um getur í d-lið 2. gr., 1. mgr. 3. gr., og 2. mgr. 5. gr. og sem hafa öðlast gildi,

b) að breyta fjárhæðunum sem tilgreindar eru í ii. og iii. lið b-liðar 2. mgr. 5. gr.

Þær ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

2. Þegar nýir gerningar eða bókanir við alþjóðasamninga eru samþykktir, sem um getur í d-lið 2. gr., skal ráðið ákvarða, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að teknu tilliti til málsmeðferðar þjóðþinga aðildarríkjanna og viðeigandi málsmeðferð, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt, nákvæmar reglur um fullgildingu þessara nýju gerninga eða bókana um leið og það tryggir að þeim sé beitt á einsleitan hátt og samtímis í aðildarríkjunum.

Undanskilja má breytingar á alþjóðasamningunum, sem um getur í d-lið 2. gr. og 5. gr., gildissviði þessarar tilskipunar skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

*8. gr.*

Þrátt fyrir lágmarksviðmiðanirnar, sem tilgreindar eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 391/2009, getur aðildarríki fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað leyfi ef það telur að viðurkennd stofnun eigi ekki lengur að hafa leyfi til að framkvæma fyrir þess hönd þau verkefni sem tilgreind eru í 3. gr. Í slíku tilviki skal aðildarríkið, án tafar, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um ákvörðun sína og gefa rökstuddar ástæður fyrir henni.

*9. gr.*

1. Hvert aðildarríki skal ganga úr skugga um að viðurkenndar stofnanir, sem starfa á þeirra vegum í skilningi 2. mgr. 3. gr., inni af hendi með skilvirkum hætti þau verkefni sem um getur í þeirri grein í samræmi við kröfur lögbærra stjórnvalda þess.

2. Í því skyni að sinna verkefninu, sem um getur í 1. mgr., skal hvert aðildarríki, á a.m.k. tveggja ára fresti, hafa eftirlit með sérhverri viðurkenndri stofnun, sem starfar á þeirra vegum, og skal skila aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður þessa eftirlits eigi síðar en 31. mars árið eftir að eftirlitið fór fram.

*10. gr.*

Þegar aðildarríki beita skoðunarrétti sínum og sinna skyldum sínum sem hafnarríki skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni, hinum aðildarríkjunum og hlutaðeigandi fánaríki ef þau komast að því að viðurkenndar stofnanir, sem starfa fyrir hönd fánaríkis, gefa út lögboðin skírteini til handa skipi sem uppfyllir ekki viðeigandi kröfur alþjóðasamninganna eða í hvert sinn sem í ljós kemur að skip með gilt flokkunarfélagsskírteini uppfyllir ekki þær kröfur sem því ber samkvæmt því skírteini. Að því er þessa grein snertir skal eingöngu tilkynnt um skip sem stofna öryggi og umhverfi í alvarlega hættu eða þar sem vísbendingar eru fyrir hendi um mikla vanrækslu af hálfu stofnananna. Gera skal viðurkenndu stofnuninni, sem í hlut á, grein fyrir slíku þegar upphafsskoðun fer fram svo að hún geti þegar í stað gripið til viðeigandi ráðstafana í framhaldi af því.

*11. gr.*

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að skip sem sigla undir fána þess skuli hönnuð, smíðuð, búin og viðhaldið í samræmi við reglur og verklagsreglur tengdar bol, vél-, raf- og stjórnbúnaði sem viðurkennd stofnun krefst.

2. Aðildarríki má ákveða að nota reglur sem það telur jafngildar reglum og verklagsreglum viðurkenndrar stofnunar en aðeins með þeim fyrirvara um að það tilkynni framkvæmdastjórninni án tafar um þær, í samræmi við málsmeðferðina í tilskipun 98/34/EB, og hinum aðildarríkjunum og að hvorki annað aðildarríki né framkvæmdastjórnin andmæli þeim og að það verði ekki staðfest samkvæmt reglunefndarmeðferðinni í 2. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar að þessar reglur séu ekki jafngildar.

3. Aðildarríkin skulu eiga samvinnu við viðurkenndar stofnanir, sem þau veita leyfi, um að semja reglur og verklagsreglur þessara stofnana. Þau skulu hafa samráð við viðurkenndar stofnanir með það í huga að fá samræmda túlkun á alþjóðasamningunum.

*12. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal, á tveggja ára fresti, upplýsa Evrópuþingið og ráðið um það hvernig framkvæmd þessarar tilskipunar miðar.

*13. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 17. júní 2011. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipanirnar sem eru felldar niður með þessari tilskipun sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*14. gr.*

Tilskipun 94/57/EB, eins og henni var breytt með tilskipununum sem tilgreindar eru í A-hluta I. viðauka er hér með felld úr gildi frá og með 17. júní 2009, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

*15. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

*16. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2009.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| H.-G. PÖTTERING | P. NEČAS |
| *forseti.* | *forseti.* |

*I. VIÐAUKI*

**A-HLUTI**

**Niðurfelld tilskipun með síðari breytingum**

(sem um getur í 14. gr.)

| | |
|---|---|
| Tilskipun ráðsins 94/57/EB | Stjtíð. EB L 319, 12.12. 1994, bls. 20 |
| Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/58/EB | Stjtíð. EB L 274, 7.10. 1997, bls. 8 |
| Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/105/EB | Stjtíð. EB L 19, 22.1. 2002, bls. 9 |
| Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/84/EB | Stjtíð. EB L 324, 29.11. 2002, bls. 53 |

**B-HLUTI**

**Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum**

(sem um getur í 14. gr.)

| Tilskipun | Frestur til lögleiðingar |
|---|---|
| 94/57/EB | 31. desember 1995 |
| 97/58/EB | 30. september 1998 |
| 2001/105/EB | 22. júlí 2003 |
| 2002/84/EB | 23. nóvember 2003 |

*II. VIÐAUKI*

**Samsvörunartafla**

| Tilskipun 94/57/EB | Þessi tilskipun | Reglugerð (EB) nr. 391/2009 |
|---|---|---|
| 1. gr. | 1. gr. | 1. gr |
| a-liður 2. gr. | a-liður 2. gr. | a-liður 2. gr. |
| b-liður 2. gr. | b-liður 2. gr. | — |
| c-liður 2. gr. | c-liður 2. gr. | — |
| d-liður 2. gr. | d-liður 2. gr. | b-liður 2. gr. |
| e-liður 2. gr. | e-liður 2. gr. | c-liður 2. gr. |
| — | f-liður 2. gr. | d-liður 2. gr. |
| f-liður 2. gr. | g-liður 2. gr. | e-liður 2. gr. |
| g-liður 2. gr. | h-liður 2. gr. | f-liður 2. gr. |
| h-liður 2. gr. | i-liður 2. gr. | g-liður 2. gr. |
| i-liður 2. gr. | k-liður 2. gr. | i-liður 2. gr. |
| — | j-liður 2. gr. | h-liður 2. gr. |
| j-liður 2. gr. | l-liður 2. gr. | — |
| k-liður 2. gr. | — | j-liður 2. gr. |
| 3. gr. | 3. gr. | — |
| Fyrsta setning 1. mgr. 4. gr. | — | 1. mgr. 3. gr. |
| Önnur setning 1. mgr. 4. gr. | — | 2. mgr. 3. gr. |
| Þriðja setning 1. mgr. 4. gr. | — | — |
| Fjórða setning 1. mgr. 4. gr. | — | 1. mgr. 4. gr. |
| — | — | 3. mgr. 3. gr. |
| — | — | 2., 3. og 4. mgr. 4. gr. |
| — | — | 5. gr. |
| — | — | 6. gr. |
| — | — | 7. gr. |
| 1. mgr. 5. gr. | 1. mgr. 4. gr. | — |
| 3. mgr. 5. gr. | 2. mgr. 4. gr. | — |
| 1., 2., 3. og 4. mgr. 6. gr. | 1., 2., 3. og 4. mgr. 5. gr. | — |
| 5. mgr. 6. gr. | — | — |
| 7. gr. | 6. gr. | 12. gr. |
| Fyrsti undirliður 1. mgr. 8. gr. | Fyrsta undirgrein a-liðar 1. mgr. 7. gr. | — |
| Annar undirliður 1. mgr. 8. gr. | — | 1. mgr. 13. gr. |
| Þriðji undirliður 1. mgr. 8. gr. | Fyrsta undirgrein b-liðar 1. mgr. 7. gr. | — |
| — | Önnur undirgrein 1. mgr. 7. gr. | (Önnur undirgrein) 1. mgr. 13. gr. |
| 2. mgr. 8. gr. | 2. mgr. 7. gr. | — |
| Önnur undirgrein 2. mgr. 8. gr. | — | 2. mgr. 13. gr. |
| 1. mgr. 9. gr. | — | — |
| 2. mgr. 9. gr. | — | — |
| Inngangsorð í 1. mgr. 10. gr. | 8. gr. | — |
| a-, b- og c-liður 1. mgr., 2., 3. og 4. mgr. 10. gr. | — | — |

| Tilskipun 94/57/EB | Þessi tilskipun | Reglugerð (EB) nr. 391/2009 |
|---|---|---|
| 1. og 2. mgr. 11. gr. | 1. og 2. mgr. 9. gr. | — |
| 3. og 4. mgr. 11. gr. | — | 1. og 2. mgr. 8. gr. |
| 12. gr. | 10. gr. | — |
| 13. gr. | — | — |
| 14. gr. | 1. og 2. mgr. 11. gr. | — |
| — | 3. mgr. 11. gr. | — |
| — | 12. gr. | — |
| — | — | 9. gr. |
| 1. mgr. 15. gr. | — | — |
| — | — | 1. og 2. mgr. 10. gr. |
| 2. mgr. 15. gr. | — | 3. mgr. 10. gr. |
| 3. mgr. 15. gr. | — | 4. mgr. 10. gr. |
| 4. mgr. 15. gr. | — | 5. mgr. 10. gr. |
| 5. mgr. 15. gr. | — | Fyrsta, önnur, þriðja og fimmta undirgrein 6. mgr. 10. gr. |
| — | | Fjórða undirgrein 6. mgr. 10. gr. |
| 16. gr. | 13. gr. | — |
| 17. gr. | 16. gr. | — |
| — | 14. gr. | — |
| — | 15. gr. | — |
| — | — | 11. gr. |
| — | — | 14. gr. |
| — | — | 15. gr. |
| — | — | 16. gr. |
| — | — | 17. gr. |
| — | — | 18. gr. |
| — | — | 19. gr. |
| Viðauki | — | I. viðauki |
| — | I. viðauki | — |
| — | II. viðauki | II. viðauki |

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/111/ESB** **2024/EES/11/52**

**frá 17. desember 2014**

**um breytingu á tilskipun 2009/15/EB að því er varðar samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á tilteknum kóðum og tilheyrandi breytingum á tilteknum samningum og bókunum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ([1]), einkum önnur málsgrein 2. mgr. 7. gr.,

í samræmi við málsmeðferðina fyrir samræmisathugun sem sett er fram í 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002 skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin vinna saman að því að skilgreina, eftir því sem við á, sameiginlega afstöðu eða nálgun varðandi lögmætan alþjóðavettvang í því skyni að draga úr þeirri hættu að árekstrar verði á milli siglingalöggjafar Sambandsins og alþjóðlegra gerninga.

2) Tilskipun 2009/15/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 ([3]) mynda saman eina samræmda löggjöf þar sem reglur eru settar með samræmdum hætti um starfsemi viðurkenndra stofnana í samræmi við sömu meginreglur og skilgreiningar. Í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/15/EB er kveðið á um að ef aðildarríki ákveður, að því er varðar skip sem sigla undir fána þess, að veita stofnunum leyfi til að framkvæma, fyrir hönd þess, skoðanir og eftirlit, sem tengjast lögboðnum skírteinum, skal það einungis fela viðurkenndri stofnun þessi verk, sem, samkvæmt g-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar, er stofnun sem er viðurkennd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009. Reglurnar, sem viðurkenning hlutaðeigandi stofnana byggist á, hafa því áhrif á báðar gerðirnar.

3) Með hugtakinu „alþjóðasamningar“, eins og það er skilgreint í d-lið 2. gr. tilskipunar 2009/15/EB, er átt við alþjóðasamninginn um öryggi mannslífa á hafinu frá 1. nóvember 1974 (SOLAS-samþykktina frá 1974), að undanskildum kafla XI-2 í viðaukanum við hann, alþjóðasamninginn um hleðslumerki skipa frá 5. apríl 1966 og alþjóðasamninginn um varnir gegn mengun frá skipum frá 2. nóvember 1973 (MARPOL-samninginn) svo og bókanir við þá og breytingar á þeim, ásamt kóðum sem tengjast þeim og eru bindandi í öllum aðildarríkjunum, í nýjustu útgáfum sínum.

4) Á 28. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) var samþykktur kóði um framkvæmd IMO-gerninga (III-kóði), eins og sett er fram í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1070(28) frá 4. desember 2013, og breytingar á samningnum um hleðslumerki skipa í því skyni að gera III-kóðann lögbundinn, ásamt tilheyrandi úttektarkerfi fánaríkis, eins og sett er fram í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1083(28) frá 4. desember 2013.

5) Sjávarumhverfisverndarnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MEPC) samþykkti á 66. fundi sínum breytingar á bókuninni um MARPOL-samninginn frá 1978, eins og sett er fram í ályktun MEPC.246(66) frá 4. apríl 2014, og á bókuninni um MARPOL-samninginn frá 1997, með breytingum samkvæmt bókun frá 1978 hvað hann varðar, eins og sett er fram í ályktun MEPC.247(66) frá 4. apríl 2014 í því skyni að gera III-kóðann lögbundinn, ásamt tilheyrandi úttektarkerfi fánaríkis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 366, 20.12.2014, bls. 83. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47.

([2]) Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11).

6) Siglingaöryggisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MSC) samþykkti á 93. fundi sínum breytingar á SOLAS-samþykktinni, eins og sett er fram í ályktun MSC.366(93) frá 22. maí 2014, og á bókuninni um samninginn um hleðslumerki skipa frá 1988, eins og sett er fram í ályktun MSC.375(93) frá 22. maí 2014 í því skyni að gera III-kóðann lögbundinn, ásamt tilheyrandi úttektarkerfi fánaríkis.

7) Á 65. fundi sjávarumhverfisverndarnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og 92. fundi siglingaöryggisnefndarinnar var samþykktur kóði Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðurkenndar stofnanir (RO-kóði), eins og sett er fram í ályktun MSC.349(92) frá 21. júní 2013.

8) Á 65. fundi sínum samþykkti sjávarumhverfisverndarnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar breytingar á bókuninni frá 1978 um MARPOL-samninginn í því skyni að gera RO-kóðann lögbundinn, eins og sett er fram í ályktun MEPC.238(65) frá 17. maí 2013.

9) Á 92. fundi sínum samþykkti siglingaöryggisnefndin breytingar á SOLAS-samþykktinni og bókuninni um hleðslumerki skipa frá 1988 í því skyni að gera RO-kóðann lögbundinn, eins og sett er fram í ályktunum MSC.350(92) og MSC.356(92) frá 21. júní 2013.

10) Því er gert ráð fyrir því að III-kóðinn og RO-kóðinn öðlist gildi á tímabilinu frá 1. janúar 2015 til 1. janúar 2018 í samræmi við gildandi reglur um samþykkt, fullgildingu og gildistöku breytinga samkvæmt viðeigandi samningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

11) Hinn 13. maí 2013 samþykkti ráðið ákvörðun ráðsins 2013/268/ESB um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hvað varðar samþykkt tiltekinna kóða og tilheyrandi breytinga á tilteknum samningum og bókunum ([1]). Samkvæmt 5. gr. þeirrar ákvörðunar heimilaði ráðið aðildarríkjunum að gefa samþykki sitt, í þágu Sambandsins og með fyrirvara um yfirlýsinguna, sem sett er fram í viðaukanum við þá ákvörðun, um að vera bundin af breytingunum sem um getur í forsendum 4–9 þessarar tilskipunar.

12) Í yfirlýsingunni, sem fylgir með ákvörðun ráðsins 2013/268/ESB, kemur fram að aðildarríkin telja III-kóðann og RO-kóðann innihalda röð lágmarkskrafna, sem ríkin geti þróað áfram og betrumbætt eftir þörfum, til að auka siglingaöryggi og vernd umhverfisins.

13) Þar kemur einnig fram að ekkert í III-kóðanum eða RO-kóðanum skuli túlkað þannig að það takmarki eða dragi með nokkrum hætti úr efndum aðildarríkjanna á skuldbindingum samkvæmt lögum Sambandsins að því er varðar skilgreiningar á „lögboðnu skírteini“ og „flokkunarfélagsskírteini“, umfangi skyldna og viðmiðana, sem mælt er fyrir um fyrir viðurkenndar stofnanir, og skyldum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í tengslum við viðurkenningu og mat á viðurkenndum stofnunum og, ef við á, beitingu ráðstafana til úrbóta eða viðurlaga gegn þeim. Í sömu yfirlýsingu kemur fram að í tengslum við úttekt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar munu aðildarríkin lýsa því yfir að þau muni aðeins sannreyna hvort farið sé að þessum ákvæðum viðeigandi alþjóðasamninga, sem aðildarríkin hafa samþykkt, þ.m.t. í skilmálum þessarar yfirlýsingar.

14) Í réttarkerfi Sambandsins felur gildissvið tilskipunar 2009/15/EB sem og reglugerð (EB) nr. 391/2009 í sér tilvísanir í „alþjóðasamninga“, eins og lýst er í forsendu 3. Innan þessa ramma eru breytingar á samningum Alþjóðasiglingamálastofnununarinnar sjálfkrafa teknar upp í lög Sambandsins á sama tíma og þær öðlast gildi á alþjóðavísu, þ.m.t. viðeigandi bindandi kóðar eins og III-kóðinn og RO-kóðinn, sem eru þar af leiðandi hluti af gerningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem skipta máli fyrir beitingu tilskipunar 2009/15/EB.

15) Breytingar á alþjóðasamningum geta hins vegar fallið utan gildissviðs siglingalöggjafar Sambandsins í samræmi við málsmeðferðina fyrir samræmisathugun, ef þær uppfylla a.m.k. eina viðmiðun af þeim tveimur sem settar eru fram í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002.

16) Framkvæmdastjórnin hefur metið breytingarnar á samningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002 og komist að raun um að nokkurs misræmis gætir á milli III-kóðans og RO-kóðans annars vegar og tilskipunar 2009/15/EB og reglugerðar (EB) nr. 391/2009 hins vegar.

([1]) Stjtíð. ESB L 155, 7.6.2013, bls. 3.

17) Í fyrsta lagi er í lið 16.1 í 2. hluta III-kóðans kveðið á um lágmarksfjölda úrræða og vinnsluferla, sem fánaríki þurfa að koma á fót, þ.m.t. ákvæði um stjórnsýslufyrirmæli, *m.a.* í tengslum við flokkunarfélagsskírteini skipa, sem fánaríkið krefst til að sýna fram á samræmi við kröfur um burðarvirki, vél- og rafbúnað og/eða aðrar kröfur í alþjóðasamningum, sem fánaríkið er aðili að, eða samræmi við kröfu í landsbundinni reglugerð fánaríkisins. Eins og fram kemur í forsendu 21 hér á eftir er þó gerður greinarmunur í lögum Sambandsins á lögboðnum skírteinum og flokkunarfélagsskírteinum. Hið síðarnefnda eru gögn á vegum einkaaðila sem eru hvorki gefin út af fánaríki né heldur fyrir hönd þess. Þetta ákvæði í III-kóðanum vísar í raun til reglu 3-1 í hluta A-1 í kafla II-1 í SOLAS-samþykktinni, þar sem kveðið er á um að skip skulu hönnuð, smíðuð og þeim viðhaldið í samræmi við kröfur flokkunarfélags, sem stjórnvöld viðurkenna í samræmi við ákvæðin í reglu XI-1/1.1, um burðarvirki, vél- og rafbúnað. Í SOLAS-samþykktinni kemur greinilega fram að skipið eða lagalegur fulltrúi þess gagnvart fánaríkinu er viðfangsefni þessarar kröfu. Þegar viðurkennd stofnun sinnir hlutverki sínu sem flokkunarfélag gefur hún enn fremur út flokkunarfélagsskírteini í samræmi við eigin reglur, verklagsreglur, skilyrði og samningsbundið fyrirkomulag einkaaðila sem fánaríkið er ekki aðili að. Þetta ákvæði III-kóðans stangast því á við þann greinarmun sem gerður er á flokkunarfélagsskírteinum og lögboðnum skírteinum, eins og fram kemur í gildandi löggjöf ESB.

18) Í öðru lagi er þess krafist í lið 18.1 í 2. hluta III-kóðans að fánaríkið tryggi, *„aðeins hvað varðar skip sem mega sigla undir fána þess“,* að viðurkennd stofnun hafi fullnægjandi úrræði á sviði tækni, stjórnunar og rannsókna til að annast þær skyldur sem henni er falið að sinna. Aftur á móti er tekið á þessum þætti í lögum Sambandsins sem kröfu að því er varðar viðurkenninguna, eins og fram kemur í viðmiðun í 3. lið A-þáttar í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 391/2009, og tekur til alls flotans í flokki hlutaðeigandi stofnunar, án greinarmunar á grunni fána. Ef fella ætti framangreind ákvæði III-kóðans inn í lög Sambandsins myndi það takmarka beitingu viðmiðunarinnar í 3. lið A-þáttar í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 391/2009 við frammistöðu viðurkenndu stofnunarinnar einungis hvað varðar skip, sem sigla undir fána aðildarríkja, sem er í mótsögn við gildandi kröfur.

19) Í þriðja lagi er í 19. lið 2. hluta í III-kóðanum innleitt bann gegn því að fánaríki geti krafist þess að viðurkenndar stofnanir þess beiti, hvað varðar önnur skip en þau sem sigla undir fána þess, kröfum er varða m.a. flokkunarreglur þeirra, kröfur eða verklagsreglur. Samkvæmt tilskipun 2009/15/EB geta aðildarríkin einungis heimilað stofnun að gefa út lögboðin skírteini fyrir þeirra hönd til handa flota þeirra aðildarríkja ef sú stofnun hefur verið viðurkennd og eftirlit er haft með henni í þessum tilgangi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009. Innan þessa ramma verður starfsemi viðurkenndra stofnana að uppfylla tilteknar kröfur, að því er varðar allan flotann í flokki þeirra, án tillits til fána. Þetta gildir um flestar þær viðmiðanir sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 391/2009 sem og um aðrar skyldur, einkum í 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar. Ef fella ætti framangreint ákvæði III-kóðans inn í lög Sambandsins myndi það takmarka beitingu gildandi krafna um viðurkenningu, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 391/2009, m.a. ef þær teljast reglur, kröfur og verklagsreglur um frammistöðu viðurkenndu stofnunarinnar, einungis við skip sem sigla undir fána aðildarríkja.

20) Í fjórða lagi er „viðurkennd stofnun“ skilgreind í lið 1.1 í 2. hluta RO-kóðans sem stofnun sem fánaríki hefur metið og uppfyllir kröfur 2. hluta RO-kóðans. Í g-lið 2. gr. tilskipunar 2009/15/EB er aftur á móti kveðið á um að viðurkennd stofnun sé *„stofnun sem hlotið hefur viðurkenningu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009/EB“*. Á grundvelli mats framkvæmdastjórnarinnar, sem sett er fram í forsendum 21–23, virðist sem mörg ákvæði 2. hluta RO-kóðans samrýmist ekki reglugerð (EB) nr. 391/2009. Þar af leiðandi myndi viðurkennd stofnun, eins og hún er skilgreind í RO-kóðanum, ekki uppfylla allar kröfur reglugerðar (EB) nr. 391/2009 og gæti því ekki samrýmst skilgreiningunni á viðurkenndri stofnun, eins og hún er sett fram í lögum Sambandsins.

21) Í fimmta lagi er „útgáfa lögboðinna skírteina og lögboðin þjónusta“ skilgreind í lið 1.3. í 2. hluta RO-kóðans sem einn flokkur atvinnustarfsemi, sem viðurkennd stofnun hefur leyfi til að annast fyrir hönd fánaríkis, þ.m.t. útgáfa skírteina sem varða bæði lögbundnar kröfur og flokkunarkröfur. Í i- og k-lið 2. gr. tilskipunar 2009/15/EB er aftur á móti gerður skýr greinarmunur á „lögboðnum skírteinum“, sem eru þau skírteini sem fánaríki eða einhver fyrir hönd þess gefur út í samræmi við alþjóðasamninga, og „flokkunarfélagsskírteinum“, sem eru þau skjöl sem viðurkennd stofnun gefur út í hlutverki sínu sem flokkunarfélag, þar sem hún vottar að skip sé hæft til tiltekinna nota eða þjónustu og sé í samræmi við reglur og verklagsreglur sem viðurkennda stofnunin hefur mælt fyrir um og birt opinberlega. Samkvæmt lögum Sambandsins eru skýr skil á milli lögboðinna skírteina og flokkunarfélagsskírteina og eru þau ólík í eðli sínu. Lögboðin skírteini eru þannig opinber í eðli sínu en flokkunarfélagsskírteini eru á vegum einkaaðila og gefin út af flokkunarfélagi í samræmi við eigin reglur, verklagsreglur og skilyrði. Flokkunarfélagsskírteini, sem viðurkennd stofnun gefur út fyrir skip til að staðfesta að það sé í samræmi við flokkunarreglur og verklagsreglur, þ.m.t. þegar fánaríki staðfestir það sem sönnun um samræmi við reglu 3-1 í hluta A-1 í kafla II-I í SOLAS-samþykktinni, eru skjöl sem eru alfarið á vegum einkaaðila og eru hvorki gerningar fánaríkis né framkvæmdir fyrir hönd þess. Í RO-kóðanum er hins vegar kerfisbundið vísað til þess að „útgáfa lögboðinna skírteina og lögboðin þjónusta“ sé framkvæmd af hálfu viðurkenndra stofnana

*„fyrir hönd fánaríkis“* sem stangast á við lagalega aðgreiningu í lögum Sambandsins. Þrátt fyrir þetta ósamræmi felur þetta ákvæði RO-kóðans í sér, ef það er viðtekið sem almenn regla í réttarkerfi Sambandsins, umtalsverða hættu á því að ekki væri lengur hægt að framfylgja kröfunum um viðurkenningu í reglugerð (EB) nr. 391/2009, sem lúta að allri starfsemi stofnunarinnar, án tillits til fána. Sökum þess að þessir tveir gerningar eru tengdir, eins og fram kom í forsendu 2, þá skiptir þessi hætta einnig máli varðandi tilskipun 2009/15/EB.

22) Í sjötta lagi er í lið 3.9.3.1 í 2. hluta RO-kóðans kveðið á um samstarfsfyrirkomulag milli viðurkenndra stofnana innan þess ramma sem fánaríkið hefur komið á í því skyni að staðla ferli varðandi útgáfu lögboðinna skírteina og lögboðna þjónustu fyrir fánaríkið, eftir því sem við á, en í lið 3.9.3.2 í 2. hluta í sama kóða skapar *„fánaríki eða hópur fánaríkja“* ramma til að setja reglur um samstarf milli viðurkenndra stofnana þeirra um tæknileg og öryggistengd atriði í tengslum við *„útgáfu lögboðinna skírteina og lögboðna þjónustu skipa[...] fyrir hönd fyrrnefnds fánaríkis eða fyrrnefndra fánaríkja“*. Samkvæmt lögum Sambandsins er í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 kveðið á um samstarf milli viðurkenndra stofnana þar sem þess er krafist að viðurkenndar stofnanir ráðfæri sig hver við aðra, með hliðsjón af því að tryggja að reglur þeirra og verklagsreglur séu ávallt jafngildar og samræmdar, svo og framkvæmd þeirra, og ákvarðaður rammi um gagnkvæma viðurkenningu, í viðeigandi tilvikum, á flokkunarfélagsskírteinum fyrir efni, búnað og íhluti. Þessi tvö samstarfsferli skv. 1. mgr. 10. gr. lúta að einkastarfsemi viðurkenndra stofnana í hlutverki sínu sem flokkunarfélög og gilda því án greinarmunar á grunni fána. Ef samstarfsfyrirkomulagið, sem kveðið er á um í RO-kóðanum, yrði fellt inn í lög Sambandsins myndi það því takmarka gildissvið samstarfsrammans, sem ákvarðaður er með reglugerð (EB) nr. 391/2009, við starfsemi viðurkenndu stofnananna einungis að því er varðar skip, sem sigla undir fána aðildarríkja, sem er í mótsögn við gildandi kröfur.

23) Í sjöunda lagi er liður 3.9.3.3 í 2. hluta RO-kóðans og 19. liður í 2. hluta III-kóðans samhljóða og skipta því atriðin, sem fram koma í forsendu 19, einnig máli að því er þetta ákvæði RO-kóðans varðar.

24) Hvorki III-kóðinn né RO-kóðinn ættu að takmarka getu Sambandsins, í samræmi við sáttmálana og alþjóðalög, til að mæla fyrir um viðeigandi skilyrði hvað varðar veitingu viðurkenningar til stofnana, sem sækjast eftir leyfi aðildarríkjanna til að sinna, fyrir þeirra hönd, eftirliti með skipum og skírteinisútgáfu, í því skyni að uppfylla markmið Sambandsins og sér í lagi til að auka siglingaöryggi og vernd umhverfisins.

25) Fyrirkomulagið um gagnkvæma viðurkenningu á flokkunarfélagsskírteinum fyrir efni, búnað og íhluti, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, gildir aðeins í Sambandinu um skip sem sigla undir fána aðildarríkis. Hvað varðar erlend skip þá veltur samþykki viðeigandi skírteina á ákvörðun viðeigandi fánaríkja utan ESB er þau skírskota til sérlögsögu sinnar, einkum samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna (UNCLOS).

26) Á grundvelli eigin mats ákvarðaði framkvæmdastjórnin að ákvæði III-kóðans og RO-kóðans, sem um getur í framangreindum forsendum, samrýmist ekki tilskipun 2009/15/EB eða reglugerð (EB) nr. 391/2009, og samrýmist þar af leiðandi ekki heldur tilskipun 2009/15/EB sökum tengingarinnar á milli gerninganna tveggja, eins og fram kom í forsendu 2, og að ákvæðin ættu því að falla utan gildissviðs þeirrar tilskipunar. Því ætti að breyta d-lið 2. gr. tilskipunar 2009/15/EB til samræmis við það.

27) Þar eð RO-kóðinn öðlast gildi 1. janúar 2015 ætti þessi tilskipun að öðlast gildi eins fljótt og auðið er eftir að hún hefur verið birt.

28) Nefndin um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) skilaði ekki áliti um þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Talin var þörf á framkvæmdargerð og lagði formaðurinn drög að framkvæmdargerð fyrir málskotsnefndina til frekari umfjöllunar. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit málskotsnefndarinnar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað d-liðar 2. gr. í tilskipun 2009/15/EB komi eftirfarandi:

„d) „alþjóðasamningar“: alþjóðasamningurinn um öryggi mannslífa á hafinu frá 1. nóvember 1974 (SOLAS-samþykktin frá 1974), að undanskildum kafla XI-2 í viðaukanum við hann, alþjóðasamningurinn um hleðslumerki skipa frá 5. apríl 1966 og alþjóðasamningurinn um varnir gegn mengun frá skipum frá 2. nóvember 1973 (MARPOL) svo og

bókanir við þá og breytingar á þeim, ásamt kóðum sem tengjast þeim og eru bindandi í öllum aðildarríkjunum, að undanskildum liðunum 16.1, 18.1 og 19 í 2. hluta kóðans um framkvæmd IMO-gerninga og liðunum 1.1, 1.3, 3.9.3.1, 3.9.3.2 og 3.9.3.3 í 2. hluta kóða Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðurkenndar stofnanir, í nýjustu útgáfum sínum,“.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2015. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR** **2024/EES/11/53**

**frá 30. september 2009**

**um að framlengja án takmarkana viðurkenningu á pólskri skipaskrá í Bandalaginu**

(2009/728/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit (1), einkum 15. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með ákvörðun 2006/660/EB (2) veitti framkvæmdastjórnin pólsku skipaskránni takmarkaða viðurkenningu til þriggja ára. Þessi viðurkenning er veitt stofnunum sem þekktar eru sem flokkunarfélög og uppfylla allar viðmiðanir nema þær sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. A-hluta „Almennar lágmarksviðmiðanir“ í viðauka við tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (3). Áhrif viðurkenningarinnar takmörkuðust við Tékkland, Kýpur, Litháen, Möltu, Pólland og Slóvakíu.

2) Framkvæmdastjórnin lagði mat á pólsku skipaskrána í samræmi við 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 94/57/EB. Matið var byggt á niðurstöðum fjögurra skoðana til gagnaöflunar sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu önnuðust 2007 í samræmi við iii. lið b-liðar 2. mgr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1406/2002 (4). Yfirvöldum í Tékklandi, á Kýpur, í Litáen, á Möltu, í Póllandi og Slóvakíu var boðið að taka þátt í matinu. Framkvæmdastjórnin hefur einnig tekið tillit til niðurstaðna tveggja skoðana til viðbótar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, sem gerðar voru í apríl og maí 2009, til að kanna starfsemi pólsku skipaskrárinnar varðandi eftirlit með smíði nýrra skipa og til að sannreyna þær aðgerðir til úrbóta sem gripið var til á vegum pólsku skipaskrárinnar til að bregðast við mati framkvæmdastjórnarinnar.

3) Þar sem annmarkar hafa komið í ljós hafa í flestum tilvikum, án tafar, verið gerðar viðeigandi og fullnægjandi aðgerðir til úrbóta á vegum pólsku skipaskrárinnar. Þeir annmarkar sem eftir standa hafa einkum að gera með framkvæmd reglna og verklagsreglna skipaskrárinnar, einkum að því er varðar eftirlit með gæðum skipasmíðastöðva og sannprófun á smíði nýrra skipa, þjálfun skoðunarmanna sem og menntun þeirra og hæfi ásamt færslu milli flokkunarfélaga. Pólska skipaskráin hefur því verið hvött til að grípa til frekari aðgerða til úrbóta hvað þetta varðar. Þrátt fyrir alvarleika þessara annmarka gefa þeir, að svo stöddu, ekki tilefni til að draga í efa gæði meginkerfa og eftirlitskerfa stofnunarinnar.

4) Í millitíðinni hefur reglugerð (EB) nr. 391/2009 öðlast gildi. Í henni er kveðið á um að stofnanir, sem hafa hlotið viðurkenningu í samræmi við tilskipun 94/57/EB skuli, daginn sem hún öðlast gildi. halda viðurkenningu sinni. Framkvæmdastjórnin verður að taka viðurkenningarnar til skoðunar, eigi síðar en 17. júní 2010, með það fyrir augum að ákveða hvort í stað takmarkananna komi aðrar takmarkanir eða hvort fella eigi þær niður.

5) Þær upplýsingar sem aðgengilegar eru framkvæmdastjórninni á grundvelli matsins og skoðananna sýna að pólska skipaskráin fer almennt að þeim kröfum og skyldum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 391/2009 fyrir öll farsvið og allar gerðir skipa.

6) Byggt á þeim gögnum sem síðast voru birt samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit, þar sem fjallað er um skoðanir sem undirritunaraðilar framkvæmdu fram til ársins 2008, var farbannstíðni skipa á tímabilinu 2006-2008, vegna álitamála sem tengjast skírteinum sem gefin voru út á vegum pólsku skipaskrárinnar, 0,77% af heildarfjölda skoðana, á meðan meðaltíðni hjá viðurkenndum stofnunum var 0,34%.

7) Framlenging á viðurkenningu pólsku skipaskrárinnar í Bandalaginu ætti að öðlast gildi 29. september 2009 til þess að tryggja samfellu hennar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum sem komið var á fót með 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

(2) Stjtíð. ESB L 272, 3.10.2006, bls. 17.

(3) Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20.

(4) Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Viðurkenning pólsku skipaskrárinnar í Bandalaginu er hér með framlengd án takmarkana frá og með 29. september 2009.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. september 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Antonio TAJANI

*varaforseti.*

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2024/EES/11/54**

**frá 13. desember 2013**

**um breytingu á viðurkenningu Det Norske Veritas samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 um sameiginlegar reglur og staðla um stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit**

**(tilkynnt með númeri C(2013) 8876)**

(2013/765/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla um stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit [1], einkum 1. mgr. 4. gr. og 16. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, á framkvæmdastjórnin að sannprófa að handhafi viðurkenningarinnar, sem veitt er í samræmi við c-lið 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, sé viðkomandi lögaðili innan stofnunarinnar sem ákvæði þeirrar reglugerðar gilda um. Ef sú er ekki raunin á framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um að breyta þeirri viðurkenningu.

2) Tvær stofnanir, Det Norske Veritas og Germanischer Lloyd („aðilar“), öðluðust viðurkenningu 1995 samkvæmt tilskipun ráðsins 94/57/EB [2].

3) Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 héldu aðilarnir viðurkenningum sínum við gildistöku þeirrar reglugerðar.

4) Upphafleg viðurkenning Det Norske Veritas var veitt lögaðilanum DNV Classification AS, nafninu síðar breytt í DNV AS, sem starfaði undir einingunni DNV Group AS, sem ekki er aðgerðareining, sem stofnunin Stiftelsen Det Norske Veritas (SDNV-stofnunin), sem ekki er rekin í hagnaðarskyni og komið var á fót í Noregi, stjórnaði fjárhagslega.

5) Upphafleg viðurkenning Germanischer Lloyd var veitt lögaðilanum Germanischer Lloyd AG, síðar komið á fót sem Germanischer Lloyd SE („GL SE“), sem starfaði undir einingunni GL Group, sem ekki er aðgerðareining, sem eignarhaldsfélagið Mayfair, sem komið var á fót í Þýskalandi, stjórnaði fjárhagslega.

6) Hinn 10. júní 2013 fékk framkvæmdastjórnin tilkynningu um áætlaða samfylkingu, skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 [3], þar sem SDNV-stofnunin öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, full yfirráð yfir GL SE og sameinar það dótturfyrirtæki sínu DNV Group AS sem eftir það heitir DNV GL Group AS.

7) Hinn 15. júlí 2013 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun, samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. Samrunareglugerðarinnar, um að andmæla ekki samfylkingunni sem vísað er til sem „ Mál COMP/M.6885 — SDNV/ Germanischer Lloyd“, og lýsa því yfir að hún samrýmist innri markaðinum.

8) Einingin DNV GL Group AS, sem ekki er aðgerðareining og komið var á fót í Noregi, hóf starfsemi 12. september 2013. Þar til sameiginlegur rekstur þeirra hæfist upplýstu aðilarnir framkvæmdastjórnina um að upprunalegu stofnanirnar, DNV AS og GL SE, yrðu áfram til og störfuðu hvor um sig sjálfstætt undir DNV GL Group AS, í samræmi við fyrri reglur sínar, verklagsreglur og kerfi.

9) Eignarhald á GL SE var yfirfært til DNV AS og nafni stofnunarinnar síðan breytt í DNV GL AS. Frá þeim tíma, sem markar upphaf sameiginlegs reksturs, ber DNV GL AS, ásamt dótturfyrirtækjum sínum, ábyrgð á allri flokkunar- og vottunarstarfsemi sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 391/2009. DNV GL AS er því hlutaðeigandi móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, og veita ætti henni viðurkenninguna.

10) Þar með er GL SE ekki lengur hlutaðeigandi móðurfélag eininga þeirrar stofnunar sem ákvæði reglugerðar (EB) nr. 391/2009 gilda um. Því ætti viðurkenning hennar, skv. 4. gr. þeirrar reglugerðar, að falla úr gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 338, 17.12.2013, bls. 107. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

(2) Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20).

(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) (Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).

11) Upplýsingarnar, sem aðilarnir láta framkvæmdastjórninni í té, gefa til kynna, frá upphafi sameiginlegs rekstrar og þar til sameiginlegt framleiðslukerfi er til staðar, að gömul skip og yfirstandandi verkefni ætti að meðhöndla aðskilin, samkvæmt fyrri reglum, verklagsreglum og kerfum hjá DNV AS annars vegar og GL SE hins vegar. Samþætta ætti starfsemi og kerfi stig af stigi til að tryggja að skuldbindingum og viðmiðunum reglugerðar (EB) nr. 391/2009 sé fylgt að staðaldri.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ([1]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Handhafi viðurkenningarinnar, sem veitt er Det Norske Veritas, skal, frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar, vera DNV GL AS, sem er móðurfélag eininga allra lögaðila sem mynda hina viðurkenndu stofnun að því er varðar reglugerð (EB) nr. 391/2009.

Q-ATHUGA-KASTA

Vegna yfirfærslu eignarhalds á GL SE til DNV GL AS, fellur viðurkenning Germanischer Lloyd, sem upphaflega var veitt GL SE, úr gildi.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Siim KALLAS

*varaforseti.*

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR** **2024/EES/11/55**
**frá 14. maí 2014**

**um að veita króatískri skipaskrá ESB-viðurkenningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit**

*(tilkynnt með númeri C(2014) 3014)*

(2014/281/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ([1]), einkum 1. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af bréfum frá króatískum yfirvöldum, 23. júlí 2010 og 25. febrúar 2014, þar sem farið er fram á að framkvæmdastjórnin veiti króatískri skipaskrá ESB-viðurkenningu,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, skulu aðildarríki, sem óska eftir að veita stofnun viðurkenningu, sem hefur ekki enn öðlast hana, leggja fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um slíka viðurkenningu.

2) Hinn 23. júlí 2010 lagði Lýðveldið Króatía fram upplýsingar og sönnun um að króatísk skipaskrá samrýmdist kröfum reglugerðar (EB) nr. 391/2009. Með tilliti til þess að viðurkenningarferlið getur tekið langan tíma eftir að beiðni hefur verið lögð fram og þar eð króatíska ríkisstjórnin mun ekki vera í stakk búin að fela króatískri skipaskrá lögboðin verkefni, á tímabilinu frá inngöngu Króatíu í ESB og þar til viðurkenningarferlinu lýkur, hóf framkvæmdastjórnin undirbúning að því að meta króatísku skipaskrána áður en Króatía yrði aðili að Sambandinu.

3) Í kjölfar aðildar Króatíu að Sambandinu ítrekaði Króatía, 25. febrúar 2014, beiðni sína við framkvæmdastjórnina um að veita króatískri skipaskrá ESB-viðurkenningu.

4) Með aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu staðfesti framkvæmdastjórnin að króatísk skipaskrá uppfyllti allar lágmarksviðmiðanirnar sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

5) Matið var byggt á athugun á gögnunum, sem króatísk yfirvöld lögðu fram, sem og á niðurstöðum úr tveimur skoðunum, sem fóru fram á skrifstofum króatísku skipaskrárinnar, sem sérfræðingar frá Siglingaöryggisstofnun Evrópu framkvæmdu í október 2011, og einni skoðun, sem framkvæmd var í október 2013, til að sannprófa að fulltrúar króatísku skipaskrárinnar hefðu gert ráðstafanir til að ráða bót á þeim annmörkum sem framkvæmdastjórnin benti á meðan á matinu stóð.

6) Í þeim tilvikum þar sem annmarkar komu í ljós gripu fulltrúar króatísku skipaskrárinnar ávallt til viðeigandi og fullnægjandi aðgerða til úrbóta. Fulltrúar króatísku skipaskrárinnar voru samvinnufúsir meðan á matsferlinu stóð og sýndu fram á getu sína til að gera endurbætur á stofnuninni og verklagsreglum sínum í forvarnarskyni.

7) Enn er unnið að framkvæmd nokkurra aðgerða til úrbóta og með þeim verður fylgst, einkum opnun útibússkrifstofu í Shanghai í Kína. Þetta dregur þó ekki í efa almenn gæði kerfa og eftirlitskerfa stofnunarinnar.

8) Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að fulltrúar króatískrar skipaskrár hefðu skuldbundið sig til að fara að ákvæðum 8. gr. (4. mgr.), 9., 10. og 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 145, 16.5.2014, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

9) Frammistaða króatískrar skipaskrár á sviði öryggis og mengunar telst fullnægjandi, enda þótt hún sé lítillega undir meðalframmistöðu annarra viðurkenndra ESB-stofnana. Þetta sýnir fram á jákvæða þróun samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit, þar sem meðaltal skipa í farbanni var 0,51% á tímabilinu 2010-2012, samanborið við 0,89% á tímabilinu 2009-2011 og 1,44% á tímabilinu 2008-2010. Á árunum 2010, 2011 og 2012 var þar að auki ekkert farbann í tengslum við viðurkennda stofnun, samkvæmt reglum hafnarríkiseftirlits bandarísku strandgæslunnar, lagt á skip sem skráð eru í króatísku skipaskrána.

10) Til að tryggja að stofnunin geti ávallt starfað í samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 391/2009 og með hliðsjón af því að fulltrúar króatískrar skipaskrár hafa vottað tiltölulega lítinn hluta flotans, telur framkvæmdastjórnin að samfara aukinni starfsemi stofnunarinnar ætti að auka, með viðeigandi hætti, tækni- og stjórnunargetu hennar, þ.m.t. með því að fjölga skrifstofum, ef þörf er á.

11) Lögaðili króatískrar skipaskrár hefur aðsetur í Split í Króatíu og er hann opinber stofnun samkvæmt „lögum um króatíska skipaskrá“ frá 20. september 1996 (Stjórnartíðindi nr. 81/96) og „stofnskrá króatískrar skipaskrár“ frá 1. júní 1997. Hún ber heitið „króatísk skipaskrá“ (Hrvatski registar brodova).

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ([1]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

„Króatísk skipaskrá“ er viðurkennd skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. maí 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Siim KALLAS

*varaforseti.*

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/668** **2024/EES/11/56**

**frá 24. apríl 2015**

**um breytingu á viðurkenningu tiltekinna stofnana í samræmi við 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009**

*(tilkynnt með númeri C(2015) 2595)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ([1]), einkum 1. mgr. 4. gr. og 16. gr.

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Samkvæmt 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 verður framkvæmdastjórnin að sannprófa að handhafi viðurkenningarinnar, sem veitt er í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og c-lið 2. gr. þeirrar reglugerðar, sé viðkomandi lögaðili innan stofnunarinnar sem ákvæði þeirrar reglugerðar gilda um. Ef sú er ekki raunin verður framkvæmdastjórnin að taka ákvörðun um að breyta þeirri viðurkenningu.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/421/EB ([2]) er vísað til þeirra stofnana sem aðildarríkin hafa viðurkennt í samræmi við tilskipun ráðsins 94/57/EB ([3]) með því að kveða á um að aðalframkvæmdastjóri orku- og flutningamála skuli birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* uppfærða skrá yfir þær stofnanir sem viðurkenndar eru í samræmi við tilskipun 94/57/EB eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

3) Nýjasta skráin yfir stofnanir, sem viðurkenndar eru á grundvelli tilskipunar 94/57/EB, var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([4]) árið 2007.

4) Flokkunarfélögin „Lloyds Register of Shipping (LR), Korean Register of Shipping (KR), Nippon Kaiji Kyokai (NK) og Registro Italiano Navale (RINA)“ voru öll viðurkennd í samræmi við tilskipun 94/57/EB.

5) Í samræmi við 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 héldu stofnanirnar, sem höfðu þegar hlotið viðurkenningu 17. júní 2009 í samræmi við tilskipun 94/57/EB, viðurkenningu sinni.

6) Að því er varðar flokkunarfélagið „Korean Register of Shipping (KR)“ þá hefur hlutaðeigandi móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, fengið nýtt heiti „KR (Korean Register)“.

7) Að því er varðar flokkunarfélagið „Nippon Kaiji Kyokai (NK)“ þá hefur hlutaðeigandi móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, breytt réttarstöðu sinni, samkvæmt japönskum lögum, úr „Foundation“ í „General Incorporated Foundation“. Fullt heiti stofnunarinnar, sem ætti að öðlast viðurkenningu, er því „Nippon Kaiji Kyokai General Incorporated Foundation (ClassNK)“.

8) Að því er varðar flokkunarfélagið „Lloyd’s Register of Shipping (LR)“ þá breyttist upprunalegt heiti viðurkenndu stofnunarinnar fyrst í Lloyd’s Register og síðar í Lloyd’s Register Group Limited í kjölfar þess að fyrirtækið breyttist úr því að vera félag, sem stofnað var samkvæmt bresku lögunum „Industrial & Provident Societies Act“ frá 1965, með áorðnum breytingum, í að vera fyrirtæki sem stofnað er samkvæmt bresku lögunum „Companies Act“ frá 2006. Fullt heiti stofnunarinnar, sem ætti að öðlast viðurkenningu, er því „Lloyd’s Register Group LTD (LR)“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/421/EB frá 14. júní 2007 um niðurfellingu á ákvörðun 96/587/EB um birtingu skrár yfir stofnanir sem aðildarríkin hafa tilkynnt í samræmi við tilskipun ráðsins 94/57/EB (Stjtíð. ESB L 157, 19.6.2007, bls. 18).

([3]) Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20).

([4]) Stjtíð. ESB C 135, 19.6.2007, bls. 4.

9) Að því er varðar flokkunarfélagið „Registro Italiano Navale (RINA)“ hefur öll starfsemi, sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 391/2009, verið flutt yfir til RINA S.p.A, sem er dótturfyrirtæki að fullu í eigu RINA, og síðan yfir til RINA Services S.p.A, sem er dótturfyrirtæki að fullu í eigu RINA S.p.A. RINA Services S.p.A. er því hlutaðeigandi móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, og ætti að öðlast viðurkenningu.

10) Framangreindar breytingar á hlutaðeigandi móðurfélögum eininga hafa ekki áhrif á getu hlutaðeigandi stofnana til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 391/2009.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ([1]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Handhafi viðurkenningarinnar, sem var áður veitt flokkunarfélaginu „Korean Register of Shipping (KR)“, skal vera, frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar, flokkunarfélagið „KR (Korean Register)“ en það er móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

*2. gr.*

Handhafi viðurkenningarinnar, sem var áður veitt flokkunarfélaginu „Lloyd’s Register of Shipping (LR)“, skal vera, frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar, flokkunarfélagið „Lloyd’s Register Group LTD (LR)“ en það er móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

*3. gr.*

Handhafi viðurkenningarinnar, sem var áður veitt flokkunarfélaginu „Nippon Kaiji Kyokai (NK)“, skal vera, frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar, flokkunarfélagið „Nippon Kaiji Kyokai General Incorporated Foundation (ClassNK)“ en það er móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

*4. gr.*

Handhafi viðurkenningarinnar, sem var áður veitt flokkunarfélaginu „Registro Italiano Navale (RINA)“, skal vera, frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar, flokkunarfélagið „RINA Services S.p.A.“ en það er móðurfélag eininga allra lögaðila, sem mynda hina viðurkenndu stofnun, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

*5. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. apríl 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Violeta BULC

*framkvæmdastjóri.*

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (Stjtíð EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1327** **2024/EES/11/57**

**frá 1. ágúst 2016**

**um að veita indverskri skipaskrá ESB-viðurkenningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit**

*(tilkynnt með númeri C(2016) 4895)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ([1]), einkum 1. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af bréfi frá búlgörskum yfirvöldum, dagsettu 17. desember 2012, þar sem farið er fram á að framkvæmdastjórnin veiti indverskri skipaskrá ESB-viðurkenningu,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1 Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, skulu aðildarríki, sem óska eftir að veita stofnun viðurkenningu, sem hefur ekki enn öðlast hana, leggja fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um slíka viðurkenningu.

2) Hinn 17. desember 2012 lögðu yfirvöld í Búlgaríu beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um viðurkenningu indversku skipaskrárinnar, ásamt ítarlegum upplýsingum um og gögnum þess efnis að fulltrúar indverskrar skipaskrár fari að lágmarksviðmiðunum, sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 391/2009, sem og skuldbindingu um að samrýmast ákvæðum 8. gr. (4. mgr.), 9., 10. og 11. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Framkvæmdastjórnin hefur, með aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, sannprófað að fulltrúar indverskrar skipaskrár uppfylla allar lágmarksviðmiðanir sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

4) Framkvæmdastjórnin sannprófaði einnig að fulltrúar indverskrar skipaskrár hafa skuldbundið sig til að fara að ákvæðum 8. gr. (4. mgr.), 9., 10. og 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

5) Matið var byggt á athugun á gögnunum, sem búlgörsk siglingamálayfirvöld, sem gerðu úttekt á indversku skipaskránni í maí 2011, lögðu fram og á niðurstöðum þriggja skoðana sem Siglingaöryggisstofnun Evrópu framkvæmdi árið 2013 fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar í höfuðstöðvum indversku skipaskrárinnar og í tveimur útibússkrifstofum hennar, þ.m.t. annarri í Indlandi og hinni í Kína. Framkvæmdastjórnin lauk mati sínu í febrúar 2016 og byggðist það á lokaúttekt á indversku skipaskránni sem siglingamálayfirvöld í Búlgaríu framkvæmdu í árslok 2015.

6) Í þeim tilvikum þar sem annmarkar komu í ljós mótuðu fulltrúar indversku skipaskrárinnar viðeigandi aðgerðir til úrbóta og hrintu þeim í framkvæmd. Enn er unnið að framkvæmd nokkurra aðgerða til úrbóta og með þeim verður fylgst. Þetta gefur þó ekki tilefni til efasemda um heildarmat á indversku skipaskránni að því er varðar viðurkenninguna.

7) Framkvæmdastjórnin sannprófaði, sér í lagi, að fulltrúar indversku skipaskrárinnar hafa yfir að ráða skilvirku og viðteknu gæðakerfi, sem hefur hlotið vottun um að það samrýmist viðeigandi lögboðnum stöðlum og stöðlum atvinnulífsins og að það sé innleitt á réttan hátt innan stofnunarinnar.

8) Fulltrúar indversku skipaskrárinnar höfðu fullt samstarf, á skilvirkan og gagnsæjan hátt, við búlgörsk siglingamálayfirvöld, framkvæmdastjórnina og Siglingaöryggisstofnun Evrópu meðan á matsferlinu stóð og sýndu fram á getu sína til að gera endurbætur á stofnuninni og verklagsreglum sínum í forvarnarskyni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 209, 3.8.2016, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

9) Frammistaða indversku skipaskrárinnar á sviði öryggis og mengunarvarna telst fullnægjandi, enda þótt hún sé lítillega undir meðalframmistöðu annarra núverandi viðurkenndra stofnana. Á árunum 2011, 2012, 2013 og 2014 var frammistaða hennar viðvarandi innan efri marka frammistöðuflokkunarinnar „miðlungsgóð“ samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit. Fulltrúar indversku skipaskrárinnar skráðu ekki heldur nein farbönn á skip í tengslum við viðurkennda stofnun á tímabilinu 2010-2014, samkvæmt reglum hafnarríkiseftirlits bandarísku strandgæslunnar, og á árunum 2011, 2012, 2013 og 2014 var frammistaða indversku skipaskrárinnar innan marka frammistöðuflokkunarinnar „mjög góð“ samkvæmt Tókýósamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit. Það var þó tekið fram að stór hluti af flokkuðum flota indversku skipaskrárinnar siglir undir indverskum fána, á innlendum hafsvæðum og fellur því ekki undir hafnarríkiseftirlitsskoðanir.

10) Lögaðilinn, sem ætti að hljóta viðurkenninguna, er „indverska skipaskráin“, sem stofnuð var á Indlandi árið 1974 sem hlutafélag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni skv. 25. hluta indversks félagaréttar, 1956. Indverska skipaskráin er skráð í Maharashtra-fylki á Indlandi og höfuðstöðvar stofnunarinnar eru í borginni Mumbai. Verslunarheiti hennar er „IRClass“.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ([1]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

„Indversk skipaskrá“ er viðurkennd skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. ágúst 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Violeta BULC

*framkvæmdastjóri.*

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).

# REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 100/2013 2024/EES/11/58

**frá 15. janúar 2013**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 ([3]), sem var samþykkt sem viðbrögð við atvikinu þar sem olíuflutningaskipið Erika átti í hlut, var kveðið á um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu („Siglingaöryggisstofnun“) í þeim tilgangi að tryggja siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum, á háu stigi, með samræmdum og skilvirkum hætti.

2) Eftir atvikið árið 2002 þar sem olíuflutningaskipið Prestige átti í hlut, var reglugerð (EB) nr. 1406/2002 breytt til að fela Siglingaöryggisstofnuninni fleiri verkefni í tengslum við viðbrögð við mengun.

3) Nauðsynlegt er að skýra hvaða tegundir sjávarmengunar skuli falla undir markmið reglugerðar (EB) nr. 1406/2002. Því skal litið svo á að sjávarmengun vegna olíu- og gaslagna sé mengun af völdum olíu eða annarra efna en olíu sem eru líkleg til að stofna heilbrigði manna í hættu, skaða lifandi auðlindir og sjávarlíf, rýra eftirsóknarverða þætti í umhverfinu eða hindra önnur réttmæt not af hafinu ef þau eru losuð í umhverfi sjávar, samkvæmt bókun um viðbúnað og viðbrögð gegn mengunaratvikum af völdum hættulegra og skaðvænlegra efna og samstarf þar um frá 2000.

4) Í samræmi við 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1406/2002 lét stjórn Siglingaöryggisstofnunarinnar („stjórnin“) árið 2007 fara fram óháð mat utanaðkomandi aðila á framkvæmd þeirrar reglugerðar. Á grundvelli þessa mats gaf hún í júní 2008 út tilmæli varðandi breytingar á starfsemi Siglingaöryggisstofnunarinnar, á valdsviði hennar og vinnuaðferðum.

5) Á grundvelli niðurstaðna mats utanaðkomandi aðila og á grundvelli tilmæla og áætlunar til margra ára, sem stjórnin samþykkti í mars 2010, skal skýra og uppfæra nokkur ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1406/2002. Á sama tíma og Siglingaöryggisstofnunin einbeitir sér að forgangsverkefnum sínum á sviði siglingaöryggis, skal hún fá nokkur ný kjarna- og hliðarverkefni sem endurspegla þróun stefnumótunar á sviði siglingaöryggis á vettvangi Sambandsins og á alþjóðlegum vettvangi. Í ljósi þeirra fjárhagslegu takmarkana sem Sambandinu eru settar er þörf á aðgerðum til skimunar og endurúthlutunar til að tryggja kostnaðar- og fjárhagshagkvæmni og til að forðast skörun. Starfsmannaþörf fyrir nýju kjarna- og hliðarverkefnin skal, að meginreglu til, falla undir innri endurúthlutun Siglingaöryggisstofnunar. Á sama tíma skal Siglingaöryggisstofnunin fá, eftir því sem við á, fjármagn frá öðrum hlutum fjárlaga Sambandsins, einkum fyrir tilstilli gerningsins um evrópsku nágrannastefnuna. Öll framkvæmd hinna nýju kjarna- og hliðarverkefna Siglingaöryggisstofnunar skal fara fram innan marka núverandi fjárhagsáætlunar og fjárlaga Siglingaöryggisstofnunar, sbr. þó samningaviðræður og ákvarðanir um framtíðarfjárhagsramma til margra ára. Þar sem þessi reglugerð er ekki fjármögnunarákvörðun, skal fjárveitingavaldið ákveða fjármagn fyrir Siglingaöryggisstofnun innan ramma árlegrar fjárlagagerðar.

6) Verkefnum Siglingaöryggisstofnunar skal lýst með skýrum og nákvæmum hætti og koma skal í veg fyrir hvers konar tvíverknað.

7) Siglingaöryggisstofnun hefur sýnt að tiltekin verkefni er hægt að framkvæma með skilvirkari hætti á evrópskum vettvangi, sem gæti, í tilteknum tilvikum, leitt til sparnaðar fyrir aðildarríkin í fjárlögum þeirra og, þar sem sýnt er fram á það, skapað raunverulegan evrópskan virðisauka.

8) Skýra þarf nokkur ákvæði varðandi tiltekna stjórnunarhætti Siglingaöryggisstofnunar. Með tilliti til sérstakrar ábyrgðar framkvæmdastjórnarinnar við framkvæmd stefnu Sambandsins, sem kemur fram í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, skal framkvæmdastjórnin leiðbeina Siglingaöryggisstofnun í tengslum við hvaða stefnu eigi að taka við framkvæmd verkefna hennar, á sama tíma og réttarstaða

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 327/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 107, 6.4.2011, bls. 68.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. desember 2011 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 4. október 2012 (Stjtíð. ESB C 352 E, 16.11.2012, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 13. desember 2012.

([3]) Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1.

stofnunarinnar er virt og sjálfstæði framkvæmdastjóra hennar, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1406/2002.

9) Þegar stjórnarmenn eru skipaðir, formaður stjórnar og varaformaður hennar kosnir og skipaðir eru yfirmenn deilda, er mikilvægt að tryggja að fullt tillit sé tekið til jafnvægis í hlutfalli kynjanna.

10) Ríkja skal skilningur um það að allar tilvísanir í viðeigandi lagagerninga Sambandsins vísi til gerða á sviði siglingaöryggis, siglingaverndar, forvarna gegn og viðbragða við mengun frá skipum ásamt viðbrögðum við sjávarmengun af völdum olíu- og gaslagna.

11) Í þessari reglugerð skal „siglingavernd“ skilin — í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu [1] — sem samþættar forvarnarráðstafanir til að vernda sjóflutninga og hafnaraðstöðu gegn ógnum af völdum vísvitandi, ólögmætra aðgerða. Verndarmarkmiðum skal náð með því að samþykkja viðeigandi ráðstafanir á sviði stefnumótunar fyrir flutninga á sjó, með fyrirvara um reglur aðildarríkjanna á sviði þjóðaröryggis, varnarmála og almannaöryggis ásamt því að berjast gegn fjármálaglæpum gegn ríkinu.

12) Siglingaöryggisstofnunin skal starfa í þágu Sambandsins. Þetta skal einnig fela í sér að Siglingaöryggisstofnunin getur, innan valdsviðs síns, fengið úthlutað verkefnum, sem eru utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, í því skyni að styðja við stefnu Sambandsins um siglingaöryggi með því að veita viðeigandi þriðju löndum tækniaðstoð.

13) Siglingaöryggisstofnunin skal veita aðildarríkjunum tækniaðstoð, sem á að greiða fyrir því að komið sé á nauðsynlegri landsbundinni getu til að framkvæma *réttarreglur* Sambandsins.

14) Siglingaöryggisstofnunin skal veita aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni rekstrarlega aðstoð. Það skal fela í sér þjónustu eins og rafræna tilkynningakerfið í Sambandinu um skipakomur (SafeSeaNet-kerfið), evrópska fjarvöktunarþjónustu á sviði sjávarmengunar (CleanSeaNet-kerfið), gagnamiðstöð Evrópusambandsins um auðkennis- og fjarvöktun skipa (EU LRIT Data Centre) og gagnagrunn Evrópusambandsins yfir hafnarríkiseftirlitsskoðun (Thetis).

15) Nota skal sérþekkingu Siglingaöryggisstofnunarinnar á rafrænum gagnasendingum og á rafrænu tilkynningakerfi um skipakomur til að einfalda formsatriði við skýrslugjöf fyrir skip, með það í huga að afnema hindranir í flutningum á sjó og að koma á evrópsku sjóflutningasvæði án hindrana. Einkum skal Siglingaöryggisstofnunin styðja aðildarríkin við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/EB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum [2].

16) Siglingaöryggisstofnunin skal auka aðstoð sína við framkvæmdastjórnina að því er varðar rannsóknastarfsemi í tengslum við valdsvið sitt. Þó skal forðast tvíverknað að því er varðar núverandi ramma í Sambandinu fyrir rannsóknir. Siglingaöryggisstofnunin skal m.a. ekki bera ábyrgð á stjórnun rannsóknarverkefna.

17) Í ljósi þróunar nýs hugbúnaðar og þjónustu og úrbóta á þeim hugbúnaði og þjónustu sem fyrir eru, og með það fyrir augum að koma á evrópsku sjóflutningasvæði án hindrana, skal Siglingaöryggisstofnunin nýta til fulls möguleikana sem felast í evrópsku áætlununum um leiðsögu um gervihnött (EGNOS og Galíleó) og hnattrænu eftirliti vegna umhverfis- og öryggismála (GMES).

18) Eftir að rammaákvæði Sambandsins um samvinnu á sviði óviljandi eða viljandi mengunar sjávar, sem voru sett með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2850/2000/EB [3], falla úr gildi skal Siglingaöryggisstofnunin halda áfram að sinna ýmsum þeim verkefnum sem voru áður framkvæmd samkvæmt þessum rammaákvæðum og byggja einkum á sérþekkingu innan tæknilegs samráðshóps á sviði viðbúnaðar og viðbragða við sjávarmengun. Starfsemi Siglingaöryggisstofnunar á þessu sviði skal ekki leysa strandríki undan þeirri ábyrgð að hafa viðeigandi fyrirkomulag til að bregðast við mengun og skal virða gildandi samstarfsfyrirkomulag aðildarríkjanna eða hópa aðildarríkja á þessu sviði.

19) Að fenginn beiðni skal Siglingaöryggisstofnunin veita aðildarríkjunum ítarlegar upplýsingar um möguleg tilvik mengunar frá skipum fyrir tilstuðlan CleanSeaNet-kerfisins til að gera þeim kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB frá 7. september 2005 um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum [4]. Þó er skilvirkni framfylgdar mjög mismunandi þrátt fyrir að slík mengun geti hugsanlega breiðst út til annarrar landhelgi. Framkvæmdastjórnin skal því í næstu skýrslu sinni, skv. 12. gr. þeirrar tilskipunar, veita Evrópuþinginu og ráðinu upplýsingar um skilvirkni og samræmi í framfylgd að því er varðar þá tilskipun og aðrar viðeigandi upplýsingar um beitingu hennar.

20) Beiðnir frá þeim ríkjum sem málið varðar, um að Siglingaöryggisstofnunin virki aðgerðir gegn mengun, skulu fara í gegnum almannavarnakerfi ESB, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2007/779/EB, KBE [5]. Framkvæmdastjórninni er þó heimilt að taka til

[1] Stjtíð. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6.

[2] Stjtíð. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1.

[3] Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 1.

[4] Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 11.

[5] Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2007, bls. 9.

athugunar að þegar ekki er óskað eftir því að mengunarvarnarskip og -búnaður í viðbragðsstöðu séu virkjuð, sé meira viðeigandi að nota aðra samskiptamiðla á sviði þróaðrar upplýsingatækni, og veita aðildarríkinu sem leggur fram beiðnina upplýsingar með þeim hætti.

21) Í ljósi nýlegra atburða hefur athyglin beinst að áhættu í tengslum við leit og vinnslu olíu og gass á hafi úti fyrir flutninga á sjó og sjávarumhverfi. Nota skal viðbragðsgetu Siglingaöryggisstofnunarinnar í tengslum við olíumengun og sérþekkingu hennar á sviði mengunar af völdum hættulegra og skaðlegra efna til að bregðast við mengun sem á rætur sínar að rekja til slíkrar starfsemi, að beiðni þess ríkis sem verður fyrir áhrifunum.

22) Siglingaöryggisstofnunin skal einnig nota CleanSeaNet-kerfið, sem nú er notað til að færa sönnur á olíuleka frá skipum, til að greina og tilkynna um olíuleka við olíu- og gasleit og vinnslu á olíu og gasi á hafi úti, án þess að það valdi skaðlegum áhrifum á þjónustu sem veitt er við flutninga á sjó.

23) Siglingaöryggisstofnunin hefur nýtt sér og viðurkennt verðmæta sérþekkingu og tæki á sviði siglingaöryggis, siglingaverndar, forvarna og viðbragða við mengun af völdum skipa. Þessi sérþekking og tæki geta varðar aðra starfsemi Sambandsins sem tengist stefnu Sambandsins á sviði sjóflutninga. Siglingaöryggisstofnunin skal því aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin, að fenginni beiðni, við þróun og framkvæmd slíkrar starfsemi í Sambandinu, að því tilskildu að stjórnin hafi samþykkt slíkt í tengslum við árlega starfsáætlun Siglingaöryggisstofnunarinnar. Slík aðstoð skal vera háð ítarlegri kostnaðar- og ábatagreiningu og skal ekki hafa skaðleg áhrif á kjarnaverkefni Siglingaöryggisstofnunarinnar.

24) Með þeirri tækniaðstoð sem Siglingaöryggisstofnunin veitir stuðlar hún einnig að þróun á umhverfisvænni flutningum á sjó.

25) Flest flokkunarfélög þurfa að hafa samstarf bæði við hafskip og skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum. Á grundvelli reynslu Siglingaöryggisstofnunarinnar á flokkunarfélögum fyrir hafskip skal stofnunin veita framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar að því er varðar flokkunarfélög fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og stuðla þar með að meiri skilvirkni.

26) Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin, að því er varðar tengingar á milli flutningsupplýsingakerfa, með því að kanna, í samstarfi við lögbær yfirvöld fyrir upplýsingaþjónustu um ár, möguleikann á því að deila upplýsingum á milli slíkra kerfa.

27) Með fyrirvara um ábyrgð lögbærra yfirvalda skal Siglingaöryggisstofnunin aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin við þróun og framkvæmd væntanlegs framtaksverkefnis um rafrænt upplýsingatæknikerfi á sviði sjóflutninga (e. *e-Maritime*) sem miðar að því að bæta skilvirkni í evrópskum sjóflutningum með því að greiða fyrir notkun þróaðrar upplýsingatækni.

28) Með það í huga að koma á innri markaði og evrópsku sjóflutningasvæði án hindrana, skal draga úr stjórnsýslualagi á sviði sjóflutninga og þar með að hvetja m.a. til flutninga á stuttum sjóleiðum. Í þessu samhengi er hugsanlegt að nota hugtakið „bláa beltið“ (*e. Blue Belt*) og rafrænt upplýsingatæknikerfi á sviði sjóflutninga, sem aðferð til að draga úr formsatriðum við skýrslugjöf sem krafist er að skip sem notuð eru í atvinnuskyni uppfylli við komu í eða brottför úr höfnum í aðildarríkjunum.

29) Minnt er á að samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og til að virða meginregluna um jafnvægi á milli stofnana, skal valdið til að samþykkja ákvarðanir sem hafa almennt gildi ekki falið tiltekinni stofnun.

30) Með fyrirvara um markmiðin og verkefnin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1406/2002, skal framkvæmdastjórnin undirbúa og leggja fram, innan eins árs frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, í nánu samstarfi við viðkomandi hagsmunaaðila, hagkvæmniathugun, með það fyrir augum að meta og greina möguleikana á því að auka samræmingu og samstarf vegna hinna ýmsu verkefna við landhelgisgæslu. Í þessari athugun skal taka tillit til gildandi lagaramma og viðeigandi tilmæla frá tilheyrandi vettvangi Sambandsins, ásamt núverandi þróun sameiginlegs umhverfis til upplýsingaskipta (CISE) og virða skal að öllu leyti meginreglurnar um nálægð og meðalhóf, með skýrum upplýsingum um kostnað og ávinning fyrir Evrópuþingið og ráðið.

31) Mikilvægt er fyrir samkeppnishæfni siglingaklasa Sambandsins að laða að vel þjálfaða evrópska farmenn. Í ljósi núverandi og væntanlegrar eftirspurnar í Sambandinu eftir farmönnum með mikla menntun og hæfi, skal Siglingaöryggisstofnunin, ef við á, styðja aðildarríkin og framkvæmdastjórnina við að efla þjálfun farmanna með því að greiða fyrir frjálsum upplýsingaskiptum um bestu starfsvenjur og veita upplýsingar um skiptiáætlanir í Sambandinu varðandi þjálfun farmanna. Þetta getur falið í sér að aðstoða lögbæra evrópska hagsmunaaðila við að stuðla að yfirburðarmenntun og -þjálfun á sviði sjómennsku með sjálfviljugum hætti á sama tíma og ábyrgð aðildarríkjanna á innihaldi og skipulagi þjálfunar farmanna er virt að öllu leyti.

32) Til að vinna gegn sífellt meiri áhættu sem stafar af sjóræningjastarfsemi skal Siglingaöryggisstofnunin halda áfram, eftir því sem við á, að senda lögbærum landsyfirvöldum og öðrum viðkomandi aðilum, þ.m.t. aðilum innan ramma Atalanta-hernaðaraðgerðar ESB, ítarlegar upplýsingar um stöðu skipa sem sigla undir fána aðildarríkja og sigla um svæði sem eru flokkuð sem mjög hættuleg. Enn fremur hefur Siglingaöryggisstofnunin úrræði sem geta reynst gagnleg, nánar tiltekið í tengslum við þróun sameiginlegs umhverfis til upplýsingaskipta. Því er rétt að Siglingaöryggisstofnunin veiti lögbærum landsyfirvöldum og stofnunum Sambandsins, s.s. Frontex og Evrópsku lögregluskrifstofunni, að fenginni beiðni þar að lútandi,

upplýsingar um staðsetningu viðkomandi skips og gögn um jarðfjarkönnun, til að auðvelda forvarnarráðstafanir gegn vísvitandi, ólögmætum aðgerðum í skilningi viðeigandi laga Sambandsins, án þess að það hafi áhrif á réttindi og skuldbindingar aðildarríkjanna í samræmi við gildandi lög þeirra og löggjöf Sambandsins, einkum að því er varðar þær stofnanir sem óska eftir gögnunum. Gögn frá kerfi til auðkennis- og fjarvöktunar skipa (LRIT) skulu háð samþykki hlutaðeigandi fánaríkis, í samræmi við verklagsreglur sem stjórnin setur.

33) Þegar framkvæmdastjórnin og Siglingaöryggisstofnunin birta upplýsingar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit ([1]) skal byggja á sérþekkingu og fenginni reynslu samkvæmt Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit, til að tryggja samræmi.

34) Aðstoð Siglingaöryggisstofnunarinnar til handa framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum, að því er varðar viðeigandi starf alþjóðlegra og svæðisbundinna stofnana, skal ekki hafa áhrif á sambandið á milli þessara stofnana og aðildarríkjanna í tengslum við aðild aðildarríkjanna að þessum stofnunum.

35) Sambandið hefur gengist undir eftirfarandi gerninga, um að koma á fót svæðisbundnum stofnunum, þar sem starfsemi þeirra fellur einnig undir markmið Siglingaöryggisstofnunarinnar: samning um vernd Eystrasalts (Helsinki-samningurinn, endurskoðaður 1992) ([2]), samning um verndun Miðjarðarhafsins gegn mengun (Barselóna-samningurinn) ([3]), endurskoðun hans frá 1995 ([4]) og fjölda bókana við hann, samstarfssamning um að berjast gegn mengun Norðursjávar af völdum olíu og annarra skaðlegra efna (Bonn-samstarfssamningurinn) ([5]), samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (OSPAR-samningurinn) ([6]), samstarfssamning um verndun strandlengju og hafsvæða Norðaustur-Atlantshafsins gegn mengun sem var undirritaður 17. október 1990 (Lissabon-samningurinn) ([7]), að meðtalinni viðbótarbókun við samninginn sem var undirrituð 20. maí 2008 en hefur ekki enn öðlast gildi ([8]). Sambandið hefur einnig samið um aðild að samningnum um verndun Svartahafs gegn mengun sem var undirritaður í apríl 1992 (Búkarest-samningurinn). Siglingaöryggisstofnunin skal því veita aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni tækniaðstoð til að taka þátt í viðeigandi starfi þessara svæðisbundnu stofnana.

36) Til viðbótar við þessar svæðisbundnu stofnanir er um að ræða margs konar annað svæðisbundið, undirsvæða- og tvíhliða samræmingar- og samstarfsfyrirkomulag að því er varðar viðbrögð við mengun. Þegar Siglingaöryggisstofnunin veitir þriðju löndum, sem deila svæðisbundnum hafsvæðum með Sambandinu, aðstoð vegna viðbragða við mengun, skal hún taka tillit til þessa fyrirkomulags.

37) Sambandið deilir svæðisbundnum hafsvæðum Miðjarðarhafs, Svartahafs og Eystrasalts með nágrannalöndunum. Siglingaöryggisstofnunin skal, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, veita þessum löndum aðstoð að því er varðar viðbrögð við mengun.

38) Til að hámarka skilvirkni skal Siglingaöryggisstofnunin starfa eins náið og mögulegt er í tengslum við Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu halda áfram að skoða alla kosti, sem unnt er að leggja fram til athugunar innan ramma Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit, til að auka frekar skilvirkni.

39) Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina við heimsóknir til aðildarríkjanna til að tryggja að bindandi lagagerningar Sambandsins á sviði siglingaöryggis og forvarna gegn mengun af völdum skipa fari í raun fram með réttum hætti. Þessar heimsóknir til landsbundinna stjórnvalda skulu gera Siglingaöryggisstofnuninni kleift að afla allra nauðsynlegra upplýsinga til að leggja ítarlega skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina með hliðsjón af ítarlegra mati. Þessar heimsóknir skulu fara fram í anda meginreglnanna, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, og skulu fara fram með þeim hætti að stjórnsýsluálagi fyrir landsbundin stjórnvöld á sviði siglingamála sé haldið í lágmarki. Enn fremur skulu heimsóknirnar fara fram í samræmi við settar verklagsreglur, þ.m.t. staðlaða aðferðafræði, sem stjórnin hefur samþykkt.

40) Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina með því að framkvæma skoðanir á viðurkenndum stofnunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla um stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ([9]). Einnig er heimilt að framkvæma þessar skoðanir í þriðju löndum. Framkvæmdastjórnin og Siglingaöryggisstofnunin skulu tryggja að hlutaðeigandi aðildarríki séu upplýst á viðeigandi hátt. Siglingaöryggisstofnunin skal einnig framkvæma skoðanirnar, sem framkvæmdastjórnin hefur falið stofnuninni, í tengslum við þjálfun og útgáfu skírteina farmanna í þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna ([10]). Upplýsingar um tækniaðstoðina, sem Siglingaöryggisstofnunin veitir í tengslum við skoðanir á sviði siglingaverndar, sem framkvæmdastjórnin framkvæmir í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2008 frá 9. apríl 2008 um endurskoðaðar

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.
([2]) Ákvörðun ráðsins 94/157/EB (Stjtíð. EB L 73, 16.3.1994, bls. 19).
([3]) Ákvörðun ráðsins 77/585/EBE (Stjtíð. EB L 240, 19.9.1977, bls. 1).
([4]) Ákvörðun ráðsins 1999/802/EB (Stjtíð. EB L 322, 14.12.1999, bls. 32).
([5]) Ákvörðun ráðsins 84/358/EBE (Stjtíð. EB L 188, 16.7.1984, bls. 7).
([6]) Ákvörðun ráðsins 98/249/EB (Stjtíð. EB L 104, 3.4.1998, bls. 1).
([7]) Ákvörðun ráðsins 93/550/EBE (Stjtíð. EB L 267, 28.10.1993, bls. 20).
([8]) Ákvörðun ráðsins 2010/655/ESB (Stjtíð. EB L 285, 30.10.2010, bls. 1).
([9]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.
([10]) Stjtíð. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

verklagsreglur um framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar ([1]), falla ekki undir reglugerð (EB) nr. 1406/2002.

41) Til að tryggja samfellu í stefnumótun og stofnanauppbyggingu í Sambandinu sem og að því er varðar málsmeðferðarreglur á sviði stjórnsýslu- og fjármála, skal framkvæmdastjórnin gefa út formleg ráð í formi skriflegs álits á drögum að áætlun Siglingaöryggisstofnunarinnar til margra ára og drögum að árlegum starfsáætlunum, sem stjórnin skal taka tillit til áður en hún samþykkir þessi skjöl.

42) Til að tryggja réttláta og gagnsæja málsmeðferð við skipun framkvæmdastjóra skal fylgja valferli, sem samrýmist leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar við val og tilnefningu framkvæmdastjóra fyrir stofnanir Sambandsins. Í þessum leiðbeiningum er kveðið á um að ríkisborgarar allra aðildarríkja geti lagt fram umsókn. Af sömu ástæðum skal áheyrnarfulltrúi vera fulltrúi stjórnarinnar í forvalsnefndinni. Upplýsa skal áheyrnarfulltrúann á seinni stigum valferlisins. Þegar stjórnin hefur tekið ákvörðun sína um skipun skulu stjórnarmenn geta beint spurningum til framkvæmdastjórnarinnar um valferlið. Stjórnin skal enn fremur hafa tök á að taka viðtal við þá sem eru á úrtakslista yfir umsækjendur í samræmi við staðlaða venju. Á öllum stigum valferlisins og skipunar í stöðu framkvæmdastjóra Siglingaöryggisstofnunarinnar skulu allir aðilar sem eiga hlut að máli tryggja að farið sé með persónuupplýsingar umsækjenda í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]).

43) Þó svo að Siglingaöryggisstofnunin sé að mestu leyti fjármögnuð með framlagi frá Sambandinu, hefur hún einnig tekjur af þóknunum og gjöldum í tengslum við þjónustuna sem hún veitir. Þessar þóknanir og gjöld tengjast einkum rekstri gagnamiðstöðvar Evrópusambandsins um kerfi til auðkennis- og fjarvöktunar skipa og er þeim beitt í samræmi við ályktun ráðsins sem var samþykkt 1. og 2. október 2007 og 9. desember 2008 í tengslum við stofnun gagnamiðstöðvar Evrópusambandsins um kerfi til auðkennis- og fjarvöktunar skipa og einkum í samræmi við þær málsgreinar sem tengjast fjármögnun skýrslna um kerfið til auðkennis- og fjarvöktunar skipa.

44) Innan ramma framvinduskýrslunnar, sem kveðið er á um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1406/2002, skal framkvæmdastjórnin einnig skoða möguleika Siglingaöryggisstofnunarinnar til að leggja sitt af mörkum til hrinda í framkvæmd lagagerðum í framtíðinni um öryggi við leit, rannsókn og vinnslu á olíu og gasi á hafi úti, sem Evrópuþingið og ráðið skoðar sem stendur, að því er varðar að koma í veg fyrir mengun á hafi úti af völdum olíu- og gaslagna, með tilliti til þeirrar sérþekkingar og tækja sem Siglingaöryggisstofnunin hefur komið sér upp og eru viðurkennd.

45) Með starfsemi Siglingaöryggisstofnunarinnar skal, eftir því sem við á, einnig stuðlað að stofnun raunverulegs evrópsks sjóflutningasvæðis án hindrana.

46) Taka skal tillit til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins ([3]), einkum 208. gr.

47) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1406/2002 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1406/2002**

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 1406/2002:

1) Eftirfarandi komi í stað 1.–3. gr.:

*„1. gr.*

**Markmið**

1. Með þessari reglugerð er komið á fót Siglingaöryggisstofnun Evrópu („Siglingaöryggisstofnunin“) í þeim tilgangi að tryggja siglingaöryggi, siglingavernd, varnir gegn og viðbrögð við mengun af völdum skipa, ásamt viðbrögðum við sjávarmengun af völdum olíu- og gaslagna, á háu stigi og með samræmdum og skilvirkum hætti.

2. Í því skyni skal Siglingaöryggisstofnunin starfa með aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni og sjá þeim fyrir tækni-, rekstrar- og vísindaaðstoð á þeim sviðum sem nefnd eru í 1. mgr. þessarar greinar, innan marka kjarnaverkefnanna, sem sett eru fram í 2. gr., og, þegar og ef við á, hliðarverkefnanna, sem sett eru fram í 2. gr. a, einkum til að aðstoða aðildarríkin og framkvæmdastjórnina við að beita viðeigandi lagagerningum Sambandsins á tilhlýðilegan hátt. Siglingaöryggisstofnunin skal einungis veita rekstrarlega aðstoð að því er varðar viðbrögð við mengun, að fenginni beiðni frá því ríki eða þeim ríkjum sem verða fyrir áhrifum.

3. Með því að veita aðstoðina, sem um getur í 2. mgr., leggur Siglingaöryggisstofnunin, eftir því sem við á, sitt af mörkum til heildarskilvirkni skipaumferðar og flutninga á sjó, eins og sett er fram í þessari reglugerð, til að greiða fyrir stofnun evrópsks sjóflutningasvæðis án hindrana.

([1]) Stjtíð. ESB L 98, 10.4.2008, bls. 5.

([2]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1.

*2. gr.*

**Kjarnaverkefni Siglingaöryggisstofnunarinnar**

1. Til að tryggja að markmiðunum, sem tilgreind eru í 1. gr., verði náð með viðeigandi hætti skal Siglingaöryggisstofnunin sinna kjarnaverkefnunum sem talin eru upp í þessari grein.

2. Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina:

a) við að undirbúa uppfærslu og þróun viðeigandi lagagerninga Sambandsins, einkum í samræmi við þróun alþjóðlegrar löggjafar,

b) við skilvirka framkvæmd viðeigandi bindandi lagagerninga Sambandsins, einkum með því að fara í heimsóknir og framkvæma skoðanir, eins og um getur í 3. gr. þessarar reglugerðar, og með því að sjá framkvæmdastjórninni fyrir tækniaðstoð við framkvæmd skoðunarverkefnanna, sem henni eru falin skv. 4. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu (*); að því er þetta varðar er Siglingaöryggisstofnuninni heimilt að fjalla um tillögur framkvæmdastjórnarinnar um hvers konar mögulegar úrbætur á þessum bindandi lagagerningum,

c) við að greina rannsóknarverkefni sem eru í gangi og sem hefur verið lokið við og skipta máli fyrir markmið Siglingaöryggisstofnunarinnar; þetta getur falið í sér tilgreiningu á mögulegum eftirfylgniráðstöfunum sem leiða af tilteknum rannsóknarverkefnum,

d) við framkvæmd hvers konar annarra verkefna sem framkvæmdastjórninni eru falin samkvæmt lagagerðum Sambandsins og varða markmið Siglingaöryggisstofnunarinnar.

3. Siglingaöryggisstofnunin skal starfa með aðildarríkjunum við:

a) að skipuleggja, eftir því sem við á, viðeigandi þjálfunarverkefni á sviðum sem eru á ábyrgð aðildarríkjanna,

b) að þróa tæknilausnir, þ.m.t. að veita viðeigandi rekstrarþjónustu og tækniaðstoð, til að byggja upp nauðsynlega getu innan aðildarríkjanna til að framkvæma viðkomandi lagagerninga Sambandsins,

c) að veita, að beiðni aðildarríkis, viðeigandi upplýsingar, sem leiða af skoðununum sem um getur í 3. gr., til að styðja við vöktun viðurkenndra stofnana, sem vinna að vottunarverkefnum af hálfu aðildarríkjanna í samræmi við 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (**), án þess að það hafi áhrif á réttindi og skuldbindingar fánaríkisins,

d) að styðja með viðbótarúrræðum, á kostnaðarhagkvæman hátt, við viðbrögð við mengun, þegar um er að ræða mengun frá skipum, ásamt sjávarmengun af völdum olíu- og gaslagna, þegar beiðni hefur verið lögð fram af því aðildarríki sem varð fyrir áhrifum og stýrir framkvæmd hreinsunaraðgerðanna, án þess að það hafi áhrif á ábyrgð strandríkja um að hafa til staðar viðeigandi kerfi fyrir viðbrögð við mengun, á sama tíma og fyrirliggjandi samstarf aðildarríkjanna á þessu sviði er virt. Eins og við á, skulu beiðnir um virkjun aðgerða gegn mengun fara í gegnum kerfi ESB á sviði almannavarna, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2007/779/EB, KBE (***).

4. Siglingaöryggisstofnunin skal greiða fyrir samstarfi á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar:

a) á sviði vöktunar umferðar á sjó, sem fellur undir tilskipun 2002/59/EB, skal Siglingaöryggisstofnunin einkum stuðla að samstarfi milli strandríkja sem liggja að viðkomandi siglingasvæðum ásamt því að þróa og reka gagnamiðstöð Evrópusambandsins um auðkennis- og fjarvöktun skipa og SafeSeaNet-kerfið, eins og um getur í 6. gr. b og 22. gr. a í þeirri tilskipun, og alþjóðlegt upplýsingaskiptakerfi um auðkennis- og fjarvöktun skipa í samræmi við skuldbindinguna sem gerð var á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO),

b) með því að veita lögbærum landsyfirvöldum og viðkomandi stofnunum Sambandsins, innan valdsviðs þeirra, samkvæmt beiðni og án þess að það hafi áhrif á landslög eða lög Sambandsins, viðeigandi gögn um staðsetningu skips og gögn um jarðfjarkönnun, til að greiða fyrir ráðstöfunum gegn hættum sem stafa af sjóræningjastarfsemi og vísvitandi, ólögmætum aðgerðum, eins og kveðið er á um í gildandi lögum Sambandsins eða alþjóðlega samþykktum lagagerningum á sviði flutninga á sjó, sem falla undir viðeigandi reglur um gagnavernd, og í samræmi við þá stjórnsýslumeðferð sem stjórnin ákveður eða stýrihópur háttsettra embættismanna, sem skipaður er í samræmi við tilskipun 2002/59/EB, eins og við á; gögn frá kerfi til auðkennis- og fjarvöktunar skipa skulu háð samþykki hlutaðeigandi fánaríkis,

c) á sviði rannsókna á sjóslysum og atvika á sjó í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB frá 23. apríl 2009 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum á sviði sjóflutninga(****), skal Siglingaöryggisstofnunin, ef beiðni berst frá viðkomandi aðildarríkjum og að því gefnu að ekki komi upp hagsmunaárekstrar, sjá þessum aðildarríkjum fyrir rekstrarstuðningi varðandi rannsóknir í tengslum við alvarleg eða mjög alvarleg slys og skal hún láta fara fram greiningu á öryggisrannsóknarskýrslum í því skyni að koma auga á mikilvægi þess á vettvangi Sambandsins að því er varðar þann lærdóm sem draga má af atvikinu; á grundvelli þeirra gagna sem aðildarríkin útvega, í samræmi við 17. gr. þeirrar tilskipunar, skal Siglingaöryggisstofnunin árlega taka saman yfirlit yfir sjóslys og atvik á sjó,

d) með því að sjá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum fyrir hlutlægum, áreiðanlegum og sambærilegum upplýsingum og gögnum til að gera þeim kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta aðgerðir sínar og meta skilvirkni og kostnaðarhagkvæmni þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið; á meðal slíkra verkefna skulu vera söfnun, skráning og mat á tækniupplýsingum, kerfisbundin nýting fyrirliggjandi gagnagrunna, þ.m.t. víxlnýting þeirra og, eftir því sem við á, þróun viðbótargagnagrunna; á grundvelli gagna, sem aflað hefur verið, skal Siglingaöryggisstofnunin aðstoða framkvæmdastjórnina við birtingu upplýsinga um skip samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit (*****),

e) við að afla og greina gögn um farmenn, sem eru lögð fram og notuð í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna (******),

f) við að endurbæta aðferðir til að bera kennsl á og veita eftirför skipum sem stunda ólöglega losun í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB frá 7. september 2005 um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum (*******),

g) að því er varðar olíumengun sjávar af völdum olíu- og gaslagna, með því að nota CleanSeaNet-kerfið til að vakta umfang og umhverfisáhrif slíkrar mengunar,

h) við að veita aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni nauðsynlega tækniaðstoð til að leggja sitt af mörkum til viðeigandi starfs tækninefnda Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að því er varðar sjóflutninga og Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit og viðeigandi svæðisbundinna stofnana sem Sambandið er aðili að, að því er varðar valdsvið Sambandsins,

i) að því er varðar framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum (********), einkum með því að greiða fyrir rafrænum gagnasendingum fyrir tilstuðlan SafeSeaNet-kerfisins og með því að styðja við þróun stöku glugganna.

5. Siglingaöryggisstofnuninni er heimilt, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, að veita ríkjum, sem sækja um aðild að Sambandinu, tækniaðstoð, þ.m.t. aðstoð við að skipuleggja viðeigandi þjálfun að því er varðar viðeigandi lagagerninga Sambandsins, og, eftir atvikum, evrópskum nágrannalöndum, sem eru samstarfsaðilar, og löndum sem eru aðilar að Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit.

Siglingaöryggisstofnuninni er einnig heimilt að veita aðstoð þegar um er að ræða mengun af völdum skipa sem og sjávarmengun af völdum olíu- og gaslagna, sem hafa áhrif á þessi þriðju lönd sem deila svæðisbundnum hafsvæðum með Sambandinu, í samræmi við kerfi ESB á sviði almannavarna, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 2007/779/EB, KBE og með hliðsjón af skilyrðunum sem gilda um aðildarríkin eins og um getur í d-lið 3. mgr. þessarar greinar. Samræma skal þessi verkefni við það fyrirkomulag sem er á fyrirliggjandi svæðisbundinni samvinnu í tengslum við sjávarmengun.

*2. gr. a*

**Viðbótarverkefni Siglingaöryggisstofnunarinnar**

1. Með fyrirvara um kjarnaverkefnin, sem um getur í 2. gr., skal Siglingaöryggisstofnunin aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin, eins og við á, við að þróa og framkvæma verkefni Sambandsins, sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, í tengslum við markmið Siglingaöryggisstofnunarinnar, að því marki sem hún hefur komið á og viðurkennt sérþekkingu og tæki. Viðbótarverkefnin, sem sett eru fram í þessari grein, skulu:

a) skapa verulega aukinn virðisauka,

b) komast hjá því að um tvíverknað verði að ræða,

c) vera í þágu stefnumótunar Sambandsins á sviði flutninga á sjó,

d) ekki vera skaðleg kjarnaverkefnum Siglingaöryggisstofnunarinnar og

e) ekki brjóta í bága við réttindi og skuldbindingar aðildarríkjanna, einkum sem fánaríki, hafnarríki og strandríki.

2. Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina:

a) í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB (Haftilskipunin) (*********), með því að leggja sitt af mörkum til markmiðsins um að ná góðri umhverfislegri stöðu sjávar að því er varðar þætti sem tengjast sjóflutningum og hvernig þau tæki sem fyrir hendi eru, eru nýtt, t.d. SafeSeaNet-kerfið og CleanSeaNet-kerfið,

b) við að veita tækniaðstoð í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum, einkum með því að fylgja eftir þróun á alþjóðavettvangi,

c) að því er varðar hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (GMES), við að efla notkun gagna frá hnattrænu eftirliti vegna umhverfis- og öryggismála og þjónustu í tengslum við siglingar, innan stjórnunarramma hnattræna eftirlitsins vegna umhverfis- og öryggismála,

d) við að þróa sameiginlegt umhverfi til upplýsingaskipta á sviði siglingamála innan ESB,

e) að því er varðar færanlegar olíu- og gaslagnir á hafi úti, með því að skoða kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og safna grunnupplýsingum um mögulegar ógnir við flutninga á sjó og sjávarumhverfið,

f) með því að útvega viðeigandi upplýsingar að því er varðar flokkunarfélög fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/87/EB frá

12. desember 2006 um tæknilegar kröfur vegna skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum(**********). Þessar upplýsingar skulu einnig vera hluti af skýrslunum sem um getur í 4. og 5. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

3. Siglingaöryggisstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina og aðildarríkin:

a) við að skoða hagkvæmni og framkvæmd stefnumála og verkefna sem styðja við stofnun evrópska sjóflutningasvæðisins án hindrana, t.d. Bláa beltið og rafrænt upplýsingatæknikerfi á sviði sjóflutninga ásamt hraðbrauta hafsins; þetta skal einkum gert með því að skoða viðbótarstarfsemi SafeSeaNet-kerfisins, án þess að það hafi áhrif á hlutverk stýrihóps háttsettra embættismanna sem skipaður er í samræmi við tilskipun 2002/59/EB,

b) með því að skoða, í samstarfi við lögbær yfirvöld yfir upplýsingaþjónustu um ár, möguleikann á því að þetta kerfi og upplýsingakerfi fyrir flutninga á sjó skiptist á upplýsingum, á grundvelli skýrslunnar sem kveðið er á um í 15. gr. tilskipunar 2010/65/ESB,

c) með því að greiða fyrir valkvæðum skiptum á bestu starfsvenjum við þjálfun og menntun farmanna í Sambandinu og með því að útvega upplýsingar um skiptiáætlanir í Sambandinu í tengslum við þjálfun farmanna, á sama tíma og 166. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er að fullu virt.

*3. gr.*

**Heimsóknir til aðildarríkjanna og skoðanir**

1. Í því skyni að sinna þeim verkefnum, sem Siglingaöryggisstofnuninni eru falin, og til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að uppfylla skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og einkum vegna mats á skilvirkri framkvæmd viðkomandi laga Sambandsins, skal Siglingaöryggisstofnunin fara í heimsóknir til aðildarríkjanna í samræmi við þá aðferðafræði sem stjórnin ákveður.

2. Siglingaöryggisstofnunin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki tímanlega um fyrirhugaða heimsókn, nöfn hinna viðurkenndu embættismanna, hvaða dag heimsóknin hefst og hversu lengi er gert ráð fyrir að hún standi yfir. Embættismenn Siglingaöryggisstofnunarinnar sem er falið að fara í slíkar heimsóknir, skulu gera það gegn framvísun skriflegrar ákvörðunar framkvæmdastjóra stofnunarinnar þar sem tilgangur og markmið erindisins er tilgreint.

3. Siglingaöryggisstofnunin skal framkvæma skoðanir af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, eins og krafist er samkvæmt bindandi lagagerningum Sambandsins að því er varðar stofnanir sem Sambandið viðurkennir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit(**********) og varðandi þjálfun og útgáfu skírteina farmanna í þriðju löndum í samræmi við tilskipun 2008/106/EB.

4. Við lok hverrar heimsóknar eða skoðunar skal Siglingaöryggisstofnunin semja skýrslu og senda til framkvæmdastjórnarinnar og hlutaðeigandi aðildarríkis.

5. Eftir því sem við á og ætíð þegar heimsóknar- eða skoðunartímabili er lokið, skal Siglingaöryggisstofnunin greina skýrslur þess tímabils í því skyni að koma auga á þverlægar og almennar niðurstöður um skilvirkni og kostnaðarhagkvæmni fyrirliggjandi ráðstafana. Siglingaöryggisstofnunin skal leggja þessa greiningu fyrir framkvæmdastjórnina til frekari viðræðna við aðildarríkin til að draga viðeigandi lærdóm af henni og greiða fyrir útbreiðslu góðra starfsvenja.

---

(*) Stjtíð. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6.
(**) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47.
(***) Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2007, bls. 9.
(****) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 114.
(*****) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.
(******) Stjtíð. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.
(*******) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 11.
(********) Stjtíð. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 1.
(*********) Stjtíð. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19.
(**********) Stjtíð. ESB L 389, 30.12.2006, bls. 1.
(***********) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.“

2) Í stað 3. og 4. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„3. Stjórnin skal samþykkja hagnýtt fyrirkomulag um beitingu 1. og 2. mgr., þ.m.t., eftir því sem við á, fyrirkomulag varðandi samráð við aðildarríkin áður en upplýsingar eru birtar.

4. Upplýsingar, sem framkvæmdastjórnin og Siglingaöryggisstofnunin safna og vinna úr í samræmi við þessa reglugerð, skulu vera samkvæmt reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga(*) og Siglingaöryggisstofnunin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja örugga meðferð og vinnslu trúnaðarupplýsinga.

---

(*) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.“

3) Í stað 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„3. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar er stjórninni heimilt að ákveða, með samþykki og í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki og að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhrifa á fjárlög, þ.m.t. öll framlög sem hlutaðeigandi aðildarríki kunna að veita, að setja á stofn svæðismiðstöðvar sem skulu vinna að sumum verkefnum Siglingaöryggisstofnunarinnar á sem skilvirkastan og árangursríkastan hátt. Þegar slík ákvörðun er tekin skal stjórnin skilgreina nákvæmlega umfang starfseminnar sem svæðismiðstöðvarnar eiga að sinna, forðast ónauðsynlegan fjárhagslegan kostnað og stuðla að samstarfi við svæðisbundin og landsbundin kerfi sem eru til staðar.“

4) Ákvæðum 2. mgr. 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) samþykkja ársskýrslu um starfsemi Siglingaöryggisstofnunarinnar og framsenda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, endurskoðunarréttarins og aðildarríkjanna eigi síðar en 15. júní ár hvert;

Siglingaöryggisstofnunin skal senda fjárveitingavaldinu árlega allar upplýsingar sem varða matsniðurstöðurnar,“.

b) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) fjalla um og samþykkja innan ramma undirbúnings að gerð starfsáætlunarinnar, beiðnir frá aðildarríkjunum um aðstoð, eins og um getur í d-lið 2. mgr. 2. gr., beiðnir frá aðildarríkjunum um tækniaðstoð, eins og um getur í 3. mgr. 2. gr. og beiðnir um tækniaðstoð, eins og um getur í 5. mgr. 2. gr., ásamt beiðnum um aðstoð, eins og um getur í 2. gr. a,

ca) fjalla um og samþykkja áætlun Siglingaöryggisstofnunarinnar til margra ára, fyrir fimm ára tímabil, með tilliti til skriflegs álits framkvæmdastjórnarinnar,

cb) fjalla um og samþykkja áætlun Siglingaöryggisstofnunarinnar um starfsmannastefnu til margra ára,

cc) taka til athugunar drög að stjórnunarfyrirkomulagi, eins og um getur í ba-lið 2. mgr. 15. gr.,“.

c) Í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g) ákveða aðferðafræði fyrir heimsóknir sem á að fara í skv. 3. gr.; ef framkvæmdastjórnin lýsir sig ósamþykka aðferðafræðinni, innan 15 daga frá því að hún er samþykkt, skal stjórnin endurskoða aðferðafræðina og samþykkja hana, hugsanlega með breytingum, í annarri umræðu annaðhvort með tveimur þriðju hluta atkvæða meirihluta, þ.m.t. fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar, eða með samhljóða samþykki fulltrúa aðildarríkjanna,“.

d) Eftirfarandi komi í stað h-liðar:

„h) sinna skyldum sínum með tilliti til fjárhagsáætlunar Siglingaöryggisstofnunarinnar, skv. 18., 19. og 21. gr., og vakta og tryggja fullnægjandi eftirfylgni við niðurstöður og tilmæli, sem koma fram við gerð mismunandi úttektarskýrslna og mats sem annaðhvort eru gerð af hálfu utanaðkomandi aðila eða aðila innan Siglingaöryggisstofnunarinnar,“.

e) Í stað i-liðar komi eftirfarandi:

„i) vera yfir framkvæmdastjórann og deildarstjórana sett, sem um getur í 16. gr.,“.

f) Í stað l-liðar komi eftirfarandi:

„l) endurskoða fjárhagslega framkvæmd nákvæmu áætlunarinnar, sem um getur í k-lið þessarar málsgreinar, og skuldbindingar samkvæmt fjárhagsáætluninni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2038/2006 frá 18. desember 2006 um fjármögnun til margra ára á aðgerðum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu til að bregðast við mengun frá skipum(*).

_____

(*) Stjtíð. ESB L 394, 30.12.2006, bls. 1.“

g) Eftirfarandi liður bætist við:

„m) skipa áheyrnarfulltrúa úr röðum stjórnarmanna sinna til að fylgjast með valferli framkvæmdastjórnarinnar við skipun framkvæmdastjóra.“

5) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarar undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Stjórnarmenn skal skipa á grundvelli viðeigandi reynslu og sérfræðiþekkingar á þeim sviðum sem um getur í 1. gr. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu kappkosta að hafa jafnvægi á milli karla og kvenna í stjórninni.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Skipunartíminn er fjögur ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann.“

6) Í stað 4. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„4. Ef um er að ræða trúnaðarmál eða hagsmunaárekstra er stjórninni heimilt að ákveða að taka fyrir tiltekna dagskrárliði án nærveru hlutaðeigandi stjórnarmanna. Kveða skal nánar á um beitingu þessa ákvæðis í starfsreglum stjórnar.“

7) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- og b-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„a) hann skal semja áætlun Siglingaöryggisstofnunarinnar til margra ára og leggja hana fyrir stjórnina, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, a.m.k. átta vikum fyrir viðkomandi stjórnarfund, að teknu tillit til skoðana og tillagna stjórnarmanna,

aa) hann skal undirbúa starfsmannastefnu Siglingaöryggisstofnunarinnar til margra ára og leggja hana fyrir stjórnina, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, a.m.k. fjórum vikum fyrir viðkomandi stjórnarfund,

ab) hann skal semja árlega starfsáætlun með upplýsingum um áætlaðan mannauð og fjármagn sem úthlutað er fyrir hvert verkefni ásamt nákvæmri áætlun um viðbúnað og viðbrögð Siglingaöryggisstofnunarinnar við mengun, og leggja hana fyrir stjórnina, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, a.m.k. átta vikum fyrir viðkomandi stjórnarfund, að teknu tilliti til skoðana og tillagna stjórnarmanna. Hann skal gera viðeigandi ráðstafanir um framkvæmd þeirra. Hann skal svara öllum beiðnum um aðstoð frá aðildarríki í samræmi við c-lið 2. mgr. 10. gr.,

b) hann skal taka ákvarðanir um heimsóknirnar og skoðanirnar, sem kveðið er á um í 3. gr., að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og í samræmi við aðferðafræðina fyrir heimsóknirnar sem stjórnin ákveður í samræmi við g-lið 2. mgr. 10. gr.,

ba) hann getur tekið þátt í stjórnunarfyrirkomulagi með öðrum aðilum, sem starfa á sviði Siglingaöryggisstofnunarinnar, að því tilskildu að drög að fyrirkomulaginu hafi verið lagt fyrir stjórnina til samráðs og að stjórnin hreyfi ekki við andmælum innan fjögurra vikna.“

b) Í stað d-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„d) hann skal skipuleggja skilvirkt vöktunarkerfi svo unnt sé að bera saman árangur Siglingaöryggisstofnunarinnar við sett markmið og verkefni hennar, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Í þessu skyni skal hann, í samráði við framkvæmdastjórnina og stjórnina, ákvarða sérsniðna árangursvísbenda, sem gera kleift að meta á skilvirkan hátt þann árangur sem næst. Hann skal tryggja að stjórnskipulag Siglingaöryggisstofnunarinnar sé reglulega aðlagað að þróun þarfar á sviði fjármagns og mannauðs sem stendur til boða. Á grundvelli þessa skal framkvæmdastjórinn semja ár hvert drög að almennri skýrslu og leggja fyrir stjórnina til skoðunar. Í skýrslunni skal vera hluti um fjárhagslega framkvæmd hinnar nákvæmu áætlunar Siglingaöryggisstofnunarinnar um viðbúnað og viðbrögð við mengun og gera skal grein fyrir stöðunni á öllum sviðum starfseminnar sem fjármögnuð eru samkvæmt þeirri áætlun. Hann skal koma á fót reglulegu matsferli sem uppfyllir viðurkennda fagstaðla.“

c) Í 2. mgr. falli g-liður brott.

d) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórinn skal, eins og við á, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd verkefna sinna.

Einkum skal hann leggja fram upplýsingar um núverandi árangur með hliðsjón af undirbúningi áætlunarinnar til margra ára og árlegu starfsáætlunarinnar.“

8) Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

*„16. gr.*

**Skipun og brottvikning framkvæmdastjóra og deildarstjóra**

1. Stjórnin tekur ákvörðun um skipun og brottvikningu framkvæmdastjóra. Skipunin skal vera til fimm ára á grundvelli verðleika og skjalfestrar stjórnsýslu- og stjórnunarhæfni auk skjalfestrar reynslu á sviðunum, sem um getur í 1. gr., að fengnu áliti áheyrnarfulltrúans eins og um getur í 10. gr. Framkvæmdastjóri skal skipaður á grundvelli skrár yfir a.m.k. þrjá umsækjendur, sem framkvæmdastjórnin gerir tillögu að í kjölfar opinnar samkeppni sem fer fram eftir að auglýst hefur verið í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eftir áhugasömum einstaklingum og annars staðar. Bjóða má umsækjandanum, sem stjórnin velur, að gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bærri nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum þeirra sem þar eiga sæti. Stjórnin skal fjalla um brottvikningu að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða þriðjungs stjórnarmanna. Stjórnin skal taka ákvörðun um skipun eða brottvikningu með fjórum fimmtu hlutum allra atkvæðisbærra stjórnarmanna.

2. Stjórnin getur, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að teknu tilliti til matsskýrslu, framlengt skipunartíma framkvæmdastjóra einu sinni, en þó ekki lengur en í fjögur ár. Stjórnin skal taka ákvörðun með fjórum fimmtu hlutum allra atkvæðisbærra stjórnarmanna. Stjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu um allar fyrirætlanir um að framlengja skipunartíma framkvæmdastjóra. Innan eins mánaðar áður en skipunartíminn er framlengdur, er heimilt að bjóða framkvæmdastjóra að gefa yfirlýsingu frammi fyrir þar til bærri nefnd Evrópuþingsins og svara spurningum þingmanna. Ef skipunartími er ekki framlengdur skal framkvæmdastjóri sitja í embætti þar til arftaki hans hefur verið skipaður.

3. Framkvæmdastjórinn getur notið aðstoðar eins eða fleiri deildarstjóra. Einn af deildarstjórunum skal koma í stað framkvæmdastjóra í fjarveru hans eða forföllum.

4. Deildarstjórar skulu skipaðir á grundvelli verðleika sinna og skjalfestrar stjórnsýslu- og stjórnunarhæfni auk hæfni og -reynslu á þeim sviðum sem um getur í 1. gr. Framkvæmdastjóri skipar eða víkur deildarstjórum úr starfi, að fengnu jákvæðu áliti stjórnarinnar á viðkomandi skipun eða brottvikningu.“

9) Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„c) innheimtum þóknunum og gjöldum fyrir útgefið efni, þjálfun og/eða hverja þá þjónustu aðra sem Siglingaöryggisstofnunin veitir.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórinn skal gera drög að áætlun um tekjur og gjöld fyrir komandi ár á grundvelli fjárhagsáætlunar sem byggist á starfseminni og leggja hana fyrir stjórnina ásamt drögum að yfirliti um stöðugildi.“

c) Í stað 7. og 8. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu („fjárveitingavaldinu“) fjárhagsáætlunina ásamt drögum að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins.

8. Á grundvelli fjárhagsáætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin fella inn í drög að fjárlögum Evrópusambandsins þá þætti fjárhagsáætlunarinnar, sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirliti um stöðugildi og þann styrk sem veita skal af fjárlögum, og leggja þau fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 314. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ásamt lýsingu og rökstuðningi á hvers konar mismuni á milli fjárhagsáætlunar Siglingaöryggisstofnunarinnar og þess styrks sem veita skal af fjárlögum.“

d) Í stað 10. mgr. komi eftirfarandi:

„10. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlunina. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Eftir því sem við á, skal fjárhagsáætlunin aðlöguð til samræmis við fjárlögin og árlegu starfsáætlunina.“

10) Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:

*„22. gr.*

**Mat**

1. Með reglulegu millibili og a.m.k. á fimm ára fresti skal stjórnin láta utanaðkomandi aðila meta framkvæmd þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal láta Siglingaöryggisstofnuninni í té hvers konar upplýsingar sem sú síðarnefnda telur að skipti máli í tengslum við matið

2. Í matinu skal gera úttekt á áhrifum þessarar reglugerðar sem og gagnsemi hennar, mikilvægi, þeim virðisauka sem hefur náðst ásamt skilvirkni Siglingaöryggisstofnunarinnar og vinnuaðferðum hennar. Við matið skal hafa hliðsjón af sjónarmiðum hagsmunaaðila, bæði á evrópskum vettvangi og á landsvísu. Einkum skal fjalla um mögulega þörf á breytingum á verkefnum Siglingaöryggisstofnunarinnar. Stjórnin skal gefa út sérstakt skipunarbréf með samþykki framkvæmdastjórnarinnar að höfðu samráði við aðilana sem í hlut eiga.

3. Stjórnin tekur við niðurstöðum matsins og beinir tilmælum um breytingar á þessari reglugerð, Siglingaöryggisstofnuninni og vinnuaðferðum hennar til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal senda bæði niðurstöður matsins og tilmælin til Evrópuþingsins og ráðsins og þau skulu einnig birt opinberlega. Þessu getur fylgt tímasett aðgerðaáætlun, ef við á.“

11) Eftirfarandi grein bætist við:

*„22. gr. a*

**Framvinduskýrsla**

Eigi síðar en 2. mars 2018, með hliðsjón af matsskýrslunni, sem um getur í 22. gr., skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvernig Siglingaöryggisstofnunin hefur framkvæmt viðbótarskyldur sínar, sem henni eru úthlutaðar í þessari reglugerð, í því skyni að greina betur aukna skilvirkni sem hefur náðst og, ef nauðsyn krefur, hvort breyta þurfi markmiðum og verkefnum Siglingaöryggisstofnunarinnar.“

12) Ákvæði 23. gr. falli brott.

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. janúar 2013.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

M. SCHULZ

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

L. CREIGHTON

*forseti.*

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/1625** **2024/EES/11/59**

**frá 14. september 2016**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Landsyfirvöld sem annast strandgæslustörf bera ábyrgð á margs konar verkefnum, sem geta falið í sér siglingaöryggi, siglingavernd, leit og björgun á sjó, landamæravörslu á sjó, fiskveiðieftirlit, tolleftirlit, almenna löggæslu og umhverfisvernd á sjó. Siglingaöryggisstofnun Evrópu („Siglingaöryggisstofnunin“), Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1624 ([3]), og Fiskveiðieftirlitsstofnun Evrópusambandsins, sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 768/2005 ([4]), ættu því að efla samstarfið sín á milli, þar sem hver um sig starfar innan eigin umboðs, bæði hver við aðra og við þau landsyfirvöld sem annast strandgæslustörf, til þess að auka næmi á aðstæður á hafi úti og til þess að styðja við samfelldar og kostnaðarhagkvæmar aðgerðir.

2) Framkvæmd þessarar reglugerðar hefur ekki áhrif á skiptingu valdheimilda milli Sambandsins og aðildarríkjanna eða skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt alþjóðasamningum, eins og hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, alþjóðasamningi um öryggi mannslífa á hafinu, alþjóðasamningi um leit og björgun á sjó, alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum, alþjóðasamþykkt um viðmiðanir að því er varðar menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna og öðrum viðeigandi alþjóðlegum gerningum á sviði siglinga.

3) Til þess að tryggja skilvirkan og áhrifaríkan stuðning við landsyfirvöld, sem annast strandgæslustörf, ætti Siglingaöryggisstofnunin að nýta nýjustu tækni, sem stendur til boða, eins og fjarstýrð loftfarskerfi.

4) Rétt þykir að stjórn Siglingaöryggisstofnunarinnar taki fullan þátt í ákvarðanatöku um málefnin, sem um getur í þessari reglugerð, sem gætu haft áhrif á önnur verkefni og fjárhagsáætlun stofnunarinnar, þ.m.t. vinnutilhögun samstarfs milli þessara þriggja sérstofnana.

5) Því ætti að breyta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 ([5]) til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 251, 16.9.2016, bls. 77. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 328/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Álit frá 16. mars 2016 (Stjtíð. ESB C 177, 18.5.2016, bls. 57).

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 6. júlí 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. september 2016.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1624 frá 14. september 2016 um Evrópsku landamæra- og strandgæsluna og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 863/2007, reglugerð ráðsins (EB) nr. 2007/2004 og ákvörðun ráðsins 2005/267/EB (Stjtíð. ESB L 251, 16.9.2016, bls. 1).

([4]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 768/2005 frá 26. apríl 2005 um að koma á fót Fiskveiðieftirlitsstofnun Bandalagsins og um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2847/93 um að koma á eftirlitskerfi í tengslum við sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna (Stjtíð. ESB L 128, 21.5.2005, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (Stjtíð EB L 208, 5.8.2002, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (EB) nr. 1406/2002:

*2. gr. b*

**Evrópusamstarf um strandgæslustörf**

1. Siglingaöryggisstofnunin skal, í samstarfi við Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1624 (*), og Fiskveiðieftirlitsstofnun Evrópusambandsins, sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 768/2005 (**), þar sem hver um sig starfar innan eigin umboðs, styðja við landsyfirvöld, sem annast strandgæslustörf á landsvísu og á vettvangi Sambandsins og, eftir því sem við á, alþjóðavísu með því að:

a) deila, samkeyra og greina upplýsingar, sem er að finna í tilkynningakerfum skipa og öðrum upplýsingakerfum sem hýst eru hjá þessum sérstofnunum eða þær hafa aðgang að, í samræmi við viðkomandi lagagrunna, sbr. þó eignarhald aðildarríkja á gögnunum,

b) veita eftirlits- og samskiptaþjónustu á grundvelli nýjustu tækni, þ.m.t. með grunnvirkjum í geimnum og á jörðu niðri og nemum sem komið er fyrir á hvers konar pöllum,

c) byggja upp getu með því að semja leiðbeiningar og tilmæli og innleiða bestu starfsvenjur, veita þjálfun og með því að skiptast á starfsfólki,

d) efla skipti á upplýsingum og samstarf um strandgæslustörf, þ.m.t. með því að greina áskoranir á sviði aðgerða og aðsteðjandi hættur á sviði siglingamála,

e) deila getu með því að skipuleggja og framkvæma margþættar aðgerðir og með því að deila eignum og annarri getu, að því marki sem slík starfsemi er samhæfð af þessum sérstofnunum og samþykkt af lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja.

2. Með fyrirvara um valdsvið stjórnar Siglingaöryggisstofnunarinnar, sem sett er fram í 2. mgr. 10. gr., skal nákvæm tilhögun samstarfs um strandgæslustörf milli Siglingaöryggisstofnunarinnar, Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu og Fiskveiðieftirlitsstofnunar Evrópusambandsins ákveðin í samkomulagi um vinnutilhögun, í samræmi við umboð hverrar þeirra um sig og þær fjárhagsreglur sem gilda um þessar sérstofnanir. Slík tilhögun skal samþykkt af stjórn Siglingaöryggisstofnunarinnar, stjórn Fiskveiðieftirlitsstofnunar Evrópusambandsins og stjórn Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í nánu samstarfi við aðildarríkin, Siglingaöryggisstofnunina, Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu og Fiskveiðieftirlitsstofnun Evrópusambandsins, setja fram hagnýta handbók um Evrópusamstarf um strandgæslustörf. Handbókin skal innihalda leiðbeiningar, tilmæli og bestu starfsvenjur um upplýsingaskipti. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja handbókina í formi tilmæla.

4. Verkefnin, sem sett eru fram í þessari grein, skulu ekki skaða verkefni Siglingaöryggisstofnunarinnar, sem um getur í 2. gr., og ekki brjóta í bága við réttindi og skyldur aðildarríkjanna, einkum sem fánaríki, hafnarríki eða strandríki.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1624 frá 14. september 2016 um Evrópsku landamæra- og strandgæsluna og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 863/2007, reglugerð ráðsins (EB) nr. 2007/2004 og ákvörðun ráðsins 2005/267/EB (Stjtíð. ESB L 251, 16.9.2016, bls. 1).

(**) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 768/2005 frá 26. apríl 2005 um að koma á fót Fiskveiðieftirlitsstofnun Bandalagsins og um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2847/93 um að koma á eftirlitskerfi í tengslum við sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna (Stjtíð. ESB L 128, 21.5.2005, bls. 1).

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. september 2016.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| M. SCHULZ | I. KORČOK |
| *forseti.* | *forseti.* |

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1152** **2024/EES/11/60**

**frá 12. júní 2023**

**um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([1]), einkum 1. mgr. 17. gr. og 14. og 15. mgr. 62. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í frönsku og þýsku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2014 ([2]) eru villur. Í frönsku tungumálaútgáfunni er hugtakavilla í b-lið M.A.201 í B-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta), í ii. lið 3. liðar c-liðar ML.1 í V. viðauka b (ML-hluta), í b-lið ML.A.201 í B-kafla A-þáttar í V. viðauka b (ML-hluta), í 2. lið c-liðar í I. viðbæti við V. viðauka b (ML-hluta) og í ii. lið 2. liðar CAO.1 í V. viðauka d (CAO-hluta). Í frönsku tungumálaútgáfunni er önnur hugtakavilla í fyrstu línu b-liðar í lið 12.9 í fyrsta dálki töflunnar í 12. áfanga í 2. lið I. viðbætis við III. viðauka (66. hluta), í línunni varðandi 25. kafla undir fyrirsögninni „Þyrlur“ í dálkinum „Stig Kaflar“ í töflunni í e-lið liðar 3.1 í III. viðbæti við III. viðauka (66. hluta) og í línunni varðandi 25. kafla undir fyrirsögninni „Þyrlur“ í dálkinum „Kaflar“ í töflunni í b-lið liðar 3.2 í III. viðbæti við III. viðauka (66. hluta). Þessar villur hafa áhrif á efni ákvæðanna. Í þýsku tungumálaútgáfunni er úrfelling í 1. lið d-liðar í ML.A.305 í C-kafla A-þáttar í V. viðauka b (ML-hluta) sem hefur áhrif á efni ákvæðisins.

2) Því ætti að leiðrétta frönsku og þýsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar, sem komið var á fót skv. 1. mgr. 65 gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ([3]), sem var skilað áður en reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 var samþykkt. Þessar ráðstafanir eru einnig í samræmi við álit nefndarinnar, sem komið var á fót skv. 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, sem var skilað áður en framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 var samþykkt ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 152, 13.6.2023, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 329/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflugi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (Stjtíð. ESB L 228, 4.9.2019, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

*(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júní 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/917** **2024/EES/11/61**

**frá 4. maí 2023**

**um leiðréttingu á pólsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 651/2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 108. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1588 frá 13. júlí 2015 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 1. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í pólsku tungumálaútgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 ([2]) er villa í lið 103e í 2. gr. sem hefur áhrif á inntak skilgreiningar á „litlu meðalverðmætu fyrirtæki“ og einnig óbeint á gildissvið allra ákvæða þar sem þetta hugtak er notað.

2) Því ætti að leiðrétta pólsku útgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 651/2014 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

*(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. maí 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 119, 5.5.2023, bls. 159. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 330/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtíð. ESB L 187, 26.6.2014, bls. 1).

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/789** **2024/EES/11/62**

**frá 17. apríl 2019**

**um reglur um nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem gilda um tilteknar netútsendingar útvarpsfyrirtækja og endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis og um breytingu á tilskipun ráðsins 93/83/EBE (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr. og 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Til að stuðla að eðlilegri starfsemi innri markaðarins er nauðsynlegt að kveða á um víðtækari miðlun á hljóðvarps- og sjónvarpsefni í aðildarríkjunum, sem er upprunnið í öðrum aðildarríkjum, í þágu notenda í Sambandinu með því að auðvelda leyfisveitingar vegna höfundarréttar og skyldra réttinda á verkum og öðru vernduðu efni sem er að finna í útsendingum á tilteknum tegundum hljóðvarps- og sjónvarpsefnis. Hljóðvarps- og sjónvarpsefni gegnir mikilvægu hlutverki við að efla fjölbreytileika í menningu og tungumálum og félagslega samheldni og að auka aðgengi að upplýsingum.

2) Þróun stafrænnar tækni og Netsins hefur gjörbreytt dreifingu hljóðvarps- og sjónvarpsefnis og aðgengi að því. Notendur vænta þess í auknum mæli að geta haft aðgang að hljóðvarps- og sjónvarpsefni, bæði í beinni útsendingu og með pöntunarþjónustu, eftir hefðbundnum leiðum, s.s. um gervihnött eða kapal, og einnig með netþjónustu. Útvarpsfyrirtæki eru því í auknum mæli farin að bjóða, auk eigin útsendinga á hljóðvarps- og sjónvarpsefni, upp á netþjónustu til viðbótar við slíkar útsendingar, s.s. samtímaútsendingar og tímaflakksþjónustu. Rekstraraðilar endurvarpsþjónustu, sem taka útsendingar hljóðvarps- og sjónvarpsefnis saman í pakka og bjóða notendum á sama tíma og upprunaleg útsending þeirra fer fram, óbreytt og óstytt, nota ýmiss konar tækni við endurvarpið, s.s. kapalkerfi, gervihnattanet, stafræn net um jarðstöðvakerfi og farnet eða lokuð netkerfi sem grundvallast á IP-samskiptareglum, og einnig Netið sem er opið. Enn fremur hafa rekstraraðilar, sem dreifa hljóðvarps- og sjónvarpsefni til notenda, nýtt sér ólíkar leiðir til að ná dagskrármerkjum útvarpsfyrirtækjanna, m.a. beina vörpun. Vaxandi eftirspurn er af hálfu notenda eftir aðgangi að útsendingum á hljóðvarps- og sjónvarpsefni sem kemur ekki aðeins frá þeirra eigin aðildarríki heldur einnig öðrum aðildarríkjum. Á meðal þessara notenda eru notendur sem eru í tungumálaminnihluta í Sambandinu og fólk sem býr í öðru aðildarríki en upprunaaðildarríki sínu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 82. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 332/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 125, 21.4.2017, bls. 27.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 28. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 15. apríl 2019.

3) Útvarpsfyrirtæki senda út hljóðvarps- og sjónvarpsefni í margar klukkustundir á dag. Þessir dagskrárliðir innihalda margs konar efni, s.s. hljóð- og myndmiðlaverk, tónverk, bókmenntaverk eða grafísk verk sem njóta samkvæmt lögum Sambandsins verndar af höfundarrétti eða skyldum réttindum eða hvoru tveggja. Þetta leiðir af sér flókið ferli við afgreiðslu réttindamála gagnvart fjölda rétthafa og vegna ólíkra flokka verka og annars verndaðs efnis. Oft þarf að afgreiða slík réttindamál á skömmum tíma, einkum við gerð dagskrárliða á borð við fréttir eða fréttatengda þætti. Til að geta boðið netþjónustu sína yfir landamæri verða útvarpsfyrirtæki að hafa tilskilin réttindi að verkum og öðru vernduðu efni fyrir öll viðkomandi yfirráðasvæði sem gerir afgreiðslu réttindamála enn flóknari.

4) Rekstraraðilar endurvarpsþjónustu bjóða almennt upp á margs konar efni sem samanstendur af miklum fjölda verka og annars verndaðs efnis og hafa mjög stuttan tíma til að afla sér nauðsynlegra leyfa og standa því frammi fyrir verulegri byrði vegna afgreiðslu réttindamála. Sú hætta er einnig fyrir hendi að verk og annað verndað efni höfunda, framleiðenda og annarra rétthafa sé notað án leyfis eða viðeigandi endurgjalds. Slíkt endurgjald fyrir endurvarp verka þeirra og annars verndaðs efnis er mikilvægt til að tryggja fjölbreytt framboð á efni sem er neytendum einnig í hag.

5) Réttindi til verka og annars verndaðs efnis eru samræmd m.a. með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB ([3]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB ([4]) sem veita rétthöfum mikla vernd.

6) Tilskipun ráðsins 93/83/EBE ([5]) auðveldar útsendingar milli landa um gervihnött og endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis um kapalkerfi frá öðrum aðildarríkjum. Hins vegar takmarkast ákvæði þeirrar tilskipunar um útsendingar útvarpsfyrirtækja við útsendingar um gervihnött og gilda því ekki um netþjónustu sem kemur til viðbótar útsendingum. Enn fremur takmarkast ákvæðin varðandi endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis frá öðrum aðildarríkjum við óbreytt og óstytt samtímaendurvarp um kapalkerfi eða örbylgjukerfi en taka ekki til endurvarps með annars konar tækni.

7) Af þeim sökum ætti að greiða götu netþjónustu yfir landamæri, sem kemur til viðbótar útsendingum, og endurvarps hljóðvarps- og sjónvarpefnis sem er upprunnið í öðrum aðildarríkjum með því að aðlaga lagarammann um nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem varðar slíka starfsemi. Við slíka aðlögun ætti að taka mið af fjármögnun og framleiðslu skapandi efnis, einkum hljóð- og myndmiðlaverka.

8) Tilskipun þessi ætti að taka til viðbótarnetþjónustu (e. ancillary online services) sem útvarpsfyrirtæki bjóða og hefur skýr og undirskipuð tengsl við útsendingar útvarpsfyrirtækisins. Þessi þjónusta tekur m.a. til þjónustu sem veitir aðgang að hljóðvarps- og sjónvarpsefni einungis í línulegri dagskrá, samtímis útsendingunni, og þjónustu sem veitir aðgang, innan skilgreinds tímabils frá útsendingunni, að hljóðvarps- og sjónvarpsefni sem útvarpsfyrirtækið hefur sent út áður, svokallaðrar „tímaflakksþjónustu“. Auk þess tekur viðbótarnetþjónustan, sem heyrir undir þessa tilskipun, til þjónustu sem veitir aðgang að efni sem auðgar eða kemur á annan hátt til fyllingar því hljóðvarps- og sjónvarpsefni sem útvarpsfyrirtækið sendir út, m.a. með sýnishornum, með því að víkka út, bæta við eða gera kleift að gefa umsögn um efni viðkomandi dagskrárliðar. Þessi tilskipun ætti að gilda um viðbótarnetþjónustu sem útvarpsfyrirtæki veita notendum auk útvarpsþjónustunnar. Hún ætti einnig að eiga við um viðbótarnetþjónustu sem neytendur geta, þrátt fyrir að þjónustan hafi skýr og undirskipuð tengsl við útsendinguna, haft aðgang að óháð útvarpsþjónustunni, án þess að sett sé það skilyrði að notendur þurfi að afla sér aðgangs að þeirri útvarpsþjónustu, t.d. með áskrift. Þetta hefur ekki áhrif á frelsi útvarpsfyrirtækja til að bjóða slíka viðbótarnetþjónustu endurgjaldslaust eða gegn greiðslu. Veiting aðgangs að

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarrétti, á sviði hugverkaréttar (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28).

([5]) Tilskipun ráðsins 93/83/EBE frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarrétt og réttindi tengd höfundarrétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal (Stjtíð. EB L 248, 6.10.1993, bls. 15).

einstökum verkum eða öðru vernduðu efni, sem hefur verið fellt inn í hljóðvarps- eða sjónvarpsefni, eða að verkum eða öðru vernduðu efni, sem ekki tengist dagskrárlið sem útvarpsfyrirtækið sendir út, s.s. þjónustu sem veitir aðgang að einstökum tónverkum eða hljóð- og myndmiðlaverkum, hljómplötum eða myndböndum, t.d. sjónvarpsþjónustu eftir pöntun, ætti ekki að falla undir þá þjónustu sem tilskipun þessi tekur til.

9) Til að auðvelda afgreiðslu réttindamála vegna veitingar viðbótarnetþjónustu yfir landamæri er nauðsynlegt að setja meginreglu um upprunaland vegna nýtingar höfundarréttar og skyldra réttinda í tengslum við þær aðgerðir sem gerðar eru þegar viðbótarnetþjónusta er boðin, veittur aðgangur að henni eða hún notuð. Þessi meginregla ætti að ná yfir afgreiðslu allra réttinda sem nauðsynleg eru til að útvarpsfyrirtæki geti miðlað dagskrárliðum sínum til almennings eða gert þá aðgengilega almenningi þegar það veitir viðbótarnetþjónustu, þ.m.t. afgreiðslu réttindamála vegna hvers konar höfundarréttar eða skyldra réttinda á verkum og öðru vernduðu efni sem notað er í dagskrárliðunum, t.d. réttinda á hljóðritum eða flutningi. Meginreglan um upprunaland ætti að gilda einvörðungu um tengsl milli rétthafa eða aðila sem eru í fyrirsvari fyrir rétthafa, s.s. sameiginlegra umsýslustofnana, og útvarpsfyrirtækja og einungis í þeim tilgangi að bjóða, veita aðgang að eða nota viðbótarnetþjónustu. Meginreglan um upprunaland ætti ekki að gilda um síðari miðlun til almennings á verkum eða öðru vernduðu efni, um þráð eða þráðlaust, eða um það þegar verk eða annað verndað efni er síðar gert aðgengilegt almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að almenningur getur fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs, eða síðari eftirgerð verkanna eða annars verndaðs efnis sem er að finna í viðbótarnetþjónustunni.

10) Með hliðsjón af fjármögnunar- og leyfisveitingarfyrirkomulagi tiltekinna hljóð- og myndmiðlaverka, sem oft er byggt á veitingu sérstakra nytjaleyfa sem eru bundin við yfirráðasvæði, er við hæfi, að því er sjónvarpsefni varðar, að takmarka gildissvið meginreglunnar um upprunaland, sem sett er fram í þessari tilskipun, við tilteknar tegundir dagskrárliða. Á meðal þessara tegunda dagskrárliða ættu að vera fréttir og fréttatengdir þættir og eigin framleiðsla útvarpsfyrirtækisins, sem eingöngu það sjálft fjármagnar, einnig þegar það fjármagn til fjármögnunar, sem útvarpsfyrirtækið notar í framleiðslu sína, kemur úr opinberum sjóðum. Að því er þessa tilskipun varðar ætti að líta svo á að eigin framleiðsla útvarpsfyrirtækja taki til efnis sem útvarpsfyrirtæki framleiðir með eigin tilföngum en ekki til efnis sem útvarpsfyrirtækið lætur framleiða hjá óháðum framleiðendum eða með samframleiðslu. Af sömu ástæðu ætti meginreglan um upprunaland ekki að gilda um sjónvarpsútsendingar frá íþróttaviðburðum samkvæmt þessari tilskipun. Meginreglan um upprunaland ætti einungis að gilda þegar útvarpsfyrirtækið notar dagskrárliði í eigin viðbótarnetþjónustu. Hún ætti ekki að gilda um leyfisveitingar til þriðju aðila vegna eigin framleiðslu útvarpsfyrirtækis, þ.m.t. til annarra útvarpsfyrirtækja. Meginreglan um upprunaland ætti ekki að hafa áhrif á frelsi rétthafa og útvarpsfyrirtækja til að samþykkja, í samræmi við lög Sambandsins, takmarkanir, þ.m.t. svæðisbundnar takmarkanir, varðandi nýtingu á réttindum þeirra.

11) Meginreglan um upprunaland, sem sett er fram í þessari tilskipun, ætti ekki að leiða til þess að útvarpsfyrirtækjum verði skylt að miðla til almennings eða gera almenningi aðgengilega dagskrárliði í viðbótarnetþjónustu sinni eða að bjóða slíka viðbótarnetþjónustu í öðru aðildarríki en því þar sem það hefur aðalstarfsstöð sína.

12) Þar eð veiting viðbótarnetþjónustu, aðgangur að henni eða notkun hennar telst, samkvæmt þessari tilskipun, einvörðungu eiga sér stað í aðildarríkinu þar sem útvarpsfyrirtækið hefur aðalstarfsstöð sína, þrátt fyrir að í reynd sé hægt að bjóða slíka viðbótarnetþjónustu yfir landamæri til annarra aðildarríkja, er nauðsynlegt að tryggja að þegar greiðsla fyrir viðkomandi réttindi er ákveðin taki aðilarnir tillit til allra þátta viðbótarnetþjónustunnar, s.s. eiginleika þjónustunnar, þ.m.t. hversu lengi dagskrárliðir í þjónustunni verða í boði á Netinu, hlustenda/áhorfenda hennar, þ.m.t. í aðildarríkinu þar sem útvarpsfyrirtækið er með aðalstarfsstöð sína og í öðrum aðildarríkjum þar sem aðgangur er að viðbótarnetþjónustunni og hún notuð, og þeirra tungumálaútgáfa sem boðið er upp á. Þó ætti að vera mögulegt að nota sérstakar aðferðir til að reikna út fjárhæð greiðslu fyrir réttindi sem falla undir meginregluna um upprunaland, t.d. aðferðir byggðar á þeim tekjum sem útvarpfyrirtækið hefur af netþjónustunni sem einkum útvarpsfyrirtæki, sem bjóða upp á hljóðvarp, nota.

13) Meginreglan um samningsfrelsi gerir það að verkum að áfram verður mögulegt að takmarka nýtingu þeirra réttinda sem meginreglan um upprunaland, sem sett er fram í þessari tilskipun, hefur áhrif á, að því tilskildu að slík takmörkun samrýmist lögum Sambandsins.

14) Rekstraraðilar endurvarpsþjónustu geta notað mismunandi tækni þegar þeir senda út til almennings óbreytt og óstytt samtímaendurvarp á upprunalegri útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis frá öðru aðildarríki. Rekstraraðilar endurvarpsþjónustu geta náð dagskrármerkjum útvarpsfyrirtækja, sem senda sjálf út þessi merki til almennings, með mismunandi hætti, t.d. með því að grípa merkin sem útvarpsfyrirtækin senda út eða með því að fá merkin beint frá þeim með tæknilegu ferli sem kallast bein vörpun. Þjónustu slíkra rekstraraðila er hægt að bjóða í gegnum gervihnattanet, stafræn net um jarðstöðvakerfi, farnet eða lokuð netkerfi sem grundvallast á IP-samskiptareglum og svipuð netkerfi eða með netaðgangsþjónustu (e. internet access services), eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 ([6]). Rekstraraðilar endurvarpsþjónustu sem nota slíka tækni við endurvarp sitt ættu því að falla undir þessa tilskipun og njóta góðs af því fyrirkomulagi sem innleiðir skyldubundna sameiginlega umsýslu réttinda. Til að tryggja að fyrir hendi séu viðunandi verndarráðstafanir gegn óheimilli notkun verka og annars verndaðs efnis, sem er einkum mikilvægt þegar um er að ræða þjónustu sem greitt er fyrir, ætti endurvarpsþjónusta, sem boðin er gegnum netaðgangsþjónustu (e. internet access services), einungis að heyra undir þessa tilskipun ef hún er veitt í umhverfi þar sem aðeins notendur, sem til þess hafa heimild, geta fengið aðgang að endurvarpinu og öryggisstig efnisins jafngildir öryggisstigi þess efnis sem sent er um stýrð net, s.s. um kapal eða lokuð net sem grundvallast á IP-samskiptareglum, þar sem efnið er dulkóðað við endurvörpun. Þessar kröfur ættu að vera raunhæfar og fullnægjandi.

15) Til að mega endurvarpa upprunalegum útsendingum hljóðvarps- og sjónvarpsefnis þurfa rekstraraðilar endurvarpsþjónustu að afla sér leyfis frá handhöfum einkaréttar á miðlun verka og annars verndaðs efnis til almennings. Til að veita rekstraraðilum endurvarpsþjónustu réttarvissu og vinna bug á ósamræmi í landslögum varðandi slíka endurvarpsþjónustu ættu að gilda svipaðar reglur og þær sem gilda um endurvarp um kapal, eins og skilgreint er í tilskipun 93/83/EBE. Samkvæmt reglum þeirrar tilskipunar er fyrir hendi skylda til að nýta réttinn til að veita eða synja rekstraraðila endurvarpsþjónustu um leyfi í gegnum sameiginlega umsýslustofnun. Samkvæmt þeim reglum helst rétturinn til að veita eða synja um leyfi óskertur og einungis eru settar vissar reglur um nýtingu þessa réttar. Rétthafar ættu að fá viðeigandi þóknun fyrir endurvarp verka sinna og annars verndaðs efnis. Þegar sanngjarnir leyfisveitingarskilmálar, þ.m.t. leyfisgjald, eru ákveðnir fyrir endurvarp í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB ([7]) ætti m.a. að taka tillit til fjárhagslegs virðis af notkun á réttindunum í viðskiptum, m.a. þess virðis sem endurvarpsaðferðin er metin á. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á sameiginlega nýtingu réttarins til að fá í eingreiðslu sanngjarna þóknun til listflytjenda og framleiðenda hljóðrita fyrir miðlun til almennings á hljóðritum sem gerð eru í hagnaðarskyni, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2006/115/EB eða áhrif á tilskipun 2014/26/ESB, einkum ákvæði hennar varðandi rétt rétthafa til að velja sér sameiginlega umsýslustofnun.

16) Í þessari tilskipun ætti að heimila útvíkkun samninga, sem gerðir eru milli sameiginlegrar umsýslustofnunar og rekstraraðila endurvarpsþjónustu varðandi réttindi sem heyra undir skyldubundna sameiginlega umsýslu samkvæmt þessari tilskipun, þannig að þeir taki til réttinda rétthafa, sem njóta ekki fyrirsvars þessarar sameiginlegu umsýslustofnunar, en þeim rétthöfum er þó ekki heimilt að undanskilja verk sín eða annað efni beitingu þess fyrirkomulags. Ef fleiri en ein sameiginleg umsýslustofnun fer með umsýslu réttinda í tilteknum flokki á yfirráðasvæði aðildarríkis ætti það að vera aðildarríkisins að ákveða hvaða sameiginlega umsýslustofnun eða -stofnanir hafa rétt til að veita eða synja um leyfi til endurvarps á því yfirráðasvæði þar sem rekstraraðili endurvarpsþjónustu er að afla endurvarpsréttinda.

17) Réttindi, sem útvarpsfyrirtækin ráða sjálf yfir í tengslum við útsendingar sínar, m.a. réttindi er varða efni dagskrárliða, ættu ekki að heyra undir skyldubundna sameiginlega umsýslu réttinda sem taka til endurvarps. Almennt eru viðskiptatengsl milli rekstraraðila endurvarpsþjónusta og útvarpsfyrirtækja og því þekkja rekstraraðilarnir til útvarpsfyrirtækjanna. Því er það tiltölulega einfalt fyrir þessa rekstraraðila að afgreiða réttindamál gagnvart útvarpsfyrirtækjum. Af þessum sökum fylgir því ekki sama byrði fyrir rekstraraðila endurvarpsþjónustu að afla sér nauðsynlegra leyfa frá útvarpsfyrirtækjum og þegar þeir afla sér leyfa frá rétthöfum verka og annars verndaðs efnis sem er að finna í hljóðvarps- og sjónvarpsefninu sem þeir endurvarpa. Því er ekki nauðsynlegt að einfalda leyfisveitingarferlið að því er varðar réttindi sem útvarpsfyrirtæki fara með. Engu að síður er nauðsynlegt að tryggja að

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn Netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB frá 26. febrúar 2014 um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 72).

þegar útvarpsfyrirtæki og rekstraraðilar endurvarpsþjónustu ganga til samninga þá semji þeir í góðri trú um leyfisveitingar að því er varðar réttindi vegna endurvarps sem heyrir undir þessa tilskipun. Í tilskipun 2014/26/ESB er kveðið á um svipaðar reglur sem gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir.

18) Reglurnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun um réttindi vegna endurvarps, sem útvarpsfyrirtæki fara með varðandi eigin útsendingar, ættu ekki að takmarka möguleika rétthafa til þess að framselja annaðhvort útvarpsfyrirtæki eða sameiginlegri umsýslustofnun réttindi sín og gera þeim þannig kleift að tryggja sér beinan hlut í þeirri þóknun sem rekstraraðili endurvarpsþjónustunnar greiðir.

19) Aðildarríki ættu að geta beitt reglum þessarar tilskipunar og tilskipunar 93/83/EBE um endurvarp við aðstæður þegar bæði upprunalega útsendingin og endurvarpið fara fram á yfirráðasvæði þeirra.

20) Til þess að tryggja réttarvissu og viðhalda öflugri vernd fyrir rétthafa er rétt að kveða á um að þegar útvarpsfyrirtæki senda dagskrármerki sín með beinni vörpun til merkjadreifingaraðila eingöngu, án þess að senda dagskrárliði sína beint til almennings, og merkjadreifingaraðilarnir senda þessi dagskrármerki til notenda sinna til að þeir geti horft eða hlustað á dagskrárliðina, telst um að ræða eina og sömu miðlunina til almennings sem bæði útvarpsfyrirtækin og merkjadreifingaraðilarnir taka þátt í með sínu framlagi. Bæði útvarpsfyrirtækin og merkjadreifingaraðilarnir ættu því að afla leyfis frá rétthöfum fyrir sínu framlagi til einnar og sömu miðlunar til almennings. Þátttaka útvarpsfyrirtækis og merkjadreifingaraðila í þessari einu og sömu miðlun til almennings ætti ekki að leiða til sameiginlegrar ábyrgðar af hálfu útvarpsfyrirtækisins og merkjadreifingaraðilans vegna þessarar miðlunar til almennings. Aðildarríkjunum ætti áfram að vera frjálst að koma á fyrirkomulagi á landsvísu vegna öflunar leyfis fyrir slíkri einni og sömu miðlun til almennings, m.a. vegna viðeigandi greiðslna til viðkomandi rétthafa, með tilliti til nýtingar hvors um sig, útvarpsfyrirtækisins og merkjadreifingaraðilans, á verkunum og öðru vernduðu efni í tengslum við þessa einu og sömu miðlun til almennings. Merkjadreifingaraðilar bera, með svipuðum hætti og rekstraraðilar endurvarpsþjónustu, verulega byrði vegna afgreiðslu réttindamála, þó ekki vegna réttinda sem útvarpsfyrirtækin fara með. Aðildarríkjum ætti því að vera heimilt að kveða á um að merkjadreifingaraðilar njóti góðs af fyrirkomulagi skyldubundinnar sameiginlegrar umsýslu réttinda vegna útsendinga sinna á sama hátt og að sama marki og rekstraraðilar endurvarpsþjónustu njóta vegna endurvarps sem heyrir undir tilskipun 93/83/EBE og þessa tilskipun. Ef merkjadreifingaraðilar láta útvarpsfyrirtækjum einungis í té „tæknilegar leiðir“, í skilningi dómaframkvæmdar Dómstóls Evrópusambandsins, til að tryggja að útsendingin náist eða til að bæta móttöku hennar, ætti ekki að líta svo á að merkjadreifingaraðilarnir taki þátt í miðlun til almennings.

21) Þegar útvarpsfyrirtæki senda út dagskrármerki sín beint til almennings, og ljúka þannig upprunalegri útsendingu, og senda á sama tíma þessi merki til annarra fyrirtækja með tæknilegu aðferðinni beinni vörpun, t.d. til að tryggja gæði merkjanna vegna endurvörpunar, skal útsending hinna fyrirtækjanna teljast miðlun til almennings sem er aðskilin frá þeirri sem útvarpsfyrirtækið framkvæmir. Við slíkar aðstæður gilda reglurnar um endurvarp sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og í tilskipun 93/83/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

22) Til að tryggja skilvirka sameiginlega umsýslu réttinda og nákvæma skiptingu tekna, sem innheimtar eru samkvæmt skyldubundna sameiginlega umsýslufyrirkomulaginu, sem er tekið upp með þessari tilskipun, er mikilvægt að sameiginlegar umsýslustofnanir haldi tilhlýðilegar skrár yfir félagsaðila, leyfi og notkun verka og annars verndaðs efnis, í samræmi við gagnsæisskylduna sem sett er fram í tilskipun 2014/26/ESB.

23) Til að koma í veg fyrir að hægt sé að sniðganga beitingu meginreglunnar um upprunaland með því að framlengja gildistíma gildandi samninga um nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda, sem eiga við um veitingu viðbótarnetþjónustu og aðgang að eða notkun á þeirri þjónustu, er nauðsynlegt að beita meginreglunni um upprunaland einnig í tengslum við gildandi samninga en þó með umbreytingartímabili. Á umbreytingartímabilinu ætti meginreglan ekki að eiga við í tengslum við gildandi samninga þannig að tími gefist til að aðlaga þá ef nauðsyn krefur í samræmi við þessa tilskipun. Einnig er nauðsynlegt að kveða á um umbreytingartímabil til að gefa útvarpsfyrirtækjum, merkjadreifingaraðilum og rétthöfum tækifæri til að aðlagast nýjum reglum um nýtingu verka og annars verndaðs efnis með beinni vörpun sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar tilskipunar um útsendingu dagskrárliða með beinni vörpun.

24) Í samræmi við meginreglurnar um bætta reglusetningu ætti að fara fram endurskoðun á þessari tilskipun, þ.m.t. ákvæðum hennar um beina vörpun, að tilteknum tíma liðnum frá gildistöku hennar, til að meta m.a. ávinning af henni fyrir neytendur Sambandsins, áhrif hennar á skapandi greinar í Sambandinu og á umfang fjárfestinga í nýju efni og þar með einnig ávinning varðandi bætta menningarlega fjölbreytni í Sambandinu.

25) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Þar eð þessi tilskipun kann að hafa truflandi áhrif á nýtingu réttinda rétthafa, að svo miklu leyti sem skyldubundin sameiginleg umsýsla á sér stað vegna nýtingar réttarins til miðlunar til almennings að því er varðar endurvarpsþjónustu, er nauðsynlegt að mæla fyrir um hnitmiðaða beitingu skyldubundinnar sameiginlegrar umsýslu og takmarka hana við tiltekna þjónustu.

26) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að ýta undir veitingu viðbótarnet-þjónustu yfir landamæri fyrir tilteknar tegundir dagskrárliða og auðvelda endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis frá öðrum aðildarríkjum, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum. Að því er varðar veitingu viðbótarnetþjónustu yfir landamæri eru útvarpsfyrirtæki ekki skylduð til að veita slíka þjónustu yfir landamæri í þessari tilskipun. Hún skyldar heldur ekki rekstraraðila endurvarpsþjónustu til að bjóða upp á hljóðvarps- eða sjónvarpsefni sem er upprunnið í öðrum aðildarríkjum sem hluta af þjónustu sinni. Þessi tilskipun varðar einungis nýtingu tiltekinna réttinda til endurvarps að því marki sem nauðsynlegt er til að einfalda leyfisveitingar er varða höfundarrétt og skyld réttindi vegna slíkrar þjónustu og í tengslum við hljóðvarps- og sjónvarpsefni sem er upprunnið í öðrum aðildarríkjum.

27) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([8]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttmæt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

**Almenn ákvæði**

*1. gr.*

**Efni**

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur sem miða að því að bæta aðgang yfir landamæri að fleiri dagskrárliðum í sjónvarpi og hljóðvarpi með því að auðvelda afgreiðslu réttindamála vegna veitingar netþjónustu sem kemur til viðbótar útsendingum á tilteknu hljóðvarps- og sjónvarpsefni, og vegna endurvarps hljóðvarps- og sjónvarpsefnis. Í henni er einnig mælt fyrir um sendingu hljóðvarps- og sjónvarpsefnis með beinni vörpun.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „viðbótarnetþjónusta“: þjónusta á Netinu, af hálfu útvarpsfyrirtækis eða undir stjórn og á ábyrgð útvarpsfyrirtækis, sem felst í því að bjóða almenningi upp á hljóðvarps- og sjónvarpsefni samhliða útsendingu af hálfu útvarpsfyrirtækisins eða í skilgreindan tíma eftir hana, auk hvers konar efnis sem kemur til viðbótar slíkri útsendingu,

([8]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

2) „endurvarp“: óbreytt og óstytt samtímaendurvarp, annað en endurvarp um kapal eins og það er skilgreint í tilskipun 93/83/EBE, til almennings á upprunalegri útsendingu hljóðvarps- og sjónvarpsefnis frá öðru aðildarríki sem ætluð er almenningi, þar sem upprunalega útsendingin fer fram um þráð eða þráðlaust, m.a. um gervihnött, en ekki netútsending, að því tilskildu að:

   a) endurvarpið annist annar aðili en útvarpsfyrirtækið sem sá um upprunalegu útsendinguna, stjórnaði henni og bar ábyrgð á henni, óháð því hvernig aðilinn sem annast endurvarpið nær dagskrármerkjum útvarpsfyrirtækisins til að endurvarpa þeim og

   b) endurvarpið fari fram í stýrðu umhverfi þegar það fer um netaðgangsþjónustu, eins og skilgreint er í 2. lið annarrar málsgreinar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2120,

3) „stýrt umhverfi“: umhverfi þar sem rekstraraðili endurvarpsþjónustu lætur notendum með tilskilda heimild í té öruggt endurvarp,

4) „bein vörpun“: tæknileg aðferð sem útvarpsfyrirtæki notar til að senda dagskrármerki sín til fyrirtækis, annars en útvarpsfyrirtækis, með þeim hætti að dagskrármerkin eru ekki aðgengileg almenningi meðan á útsendingunni stendur.

II. KAFLI

**Viðbótarnetþjónusta útvarpsfyrirtækja**

*3. gr.*

**Beiting meginreglunnar um upprunaland gagnvart viðbótarnetþjónustu**

1. Miðlun til almennings á verkum eða öðru vernduðu efni, um þráð eða þráðlaust, og það að gera verk eða annað verndað efni aðgengilegt almenningi, um þráð eða þráðlaust, með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs, sem á sér stað þegar almenningi er látið í té:

a) hljóðvarpsefni og

b) sjónvarpsefni sem er:

   i. fréttir og fréttatengdir þættir eða

   ii. eigin framleiðsla útvarpsfyrirtækisins sem það sjálft hefur fjármagnað að fullu,

innan ramma viðbótarnetþjónustu (e. ancillary online service) af hálfu útvarpsfyrirtækis eða undir stjórn og á ábyrgð útvarpsfyrirtækis og einnig endurgerð slíkra verka eða annars verndaðs efnis sem nauðsynleg er til að veita megi slíka netþjónustu, hafa aðgang að henni eða nota hana vegna sama efnis, skal, að því er varðar nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem eiga við að því er slíka miðlun varðar, teljast eiga sér stað eingöngu í því aðildarríki þar sem útvarpsfyrirtækið hefur aðalstarfsstöð sína.

Ákvæði b-liðar fyrstu undirgreinar skal ekki eiga við um útsendingar frá íþróttaviðburðum og á verkum og öðru vernduðu efni sem er að finna í þeim.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að þegar greiðsla er ákveðin fyrir réttindi, sem falla undir meginregluna um upprunaland eins og fram kemur í 1. mgr., taki aðilar tillit til allra þátta viðbótarnetþjónustunnar, s.s. eiginleika þjónustunnar, m.a. hversu lengi efnið í þjónustunni verður í boði á Netinu, hlustenda/áhorfenda hennar og þeirra tungumálaútgáfa sem boðið er upp á.

Fyrsta undirgrein skal ekki útiloka að reikna megi út fjárhæðina á grundvelli tekna útvarpsfyrirtækisins.

3. Meginreglan um upprunaland, sem sett er fram í 1. mgr., skal ekki hafa áhrif á samningsfrelsi rétthafa og útvarpsfyrirtækja til að samþykkja, í samræmi við lög Sambandsins, takmarkanir á nýtingu slíkra réttinda, þ.m.t. þeirra sem fjallað er um í tilskipun 2001/29/EB.

III. KAFLI

**Endurvarp hljóðvarps- og sjónvarpsefnis**

*4. gr.*

**Nýting réttar til endurvarps af hálfu annarra rétthafa en útvarpsfyrirtækja**

1. Afla skal heimildar til endurvarps dagskrárliða hjá handhöfum einkaréttar til miðlunar til almennings.

Aðildarríkin skulu tryggja að rétthafar geti einungis nýtt sér rétt sinn til að veita eða synja um leyfi til endurvarps í gegnum sameiginlega umsýslustofnun.

2. Hafi rétthafi ekki framselt umsýslu þeirra réttinda, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr., til sameiginlegrar umsýslustofnunar skal þessi sameiginlega umsýslustofnun, sem fer með umsýslu réttinda í sama flokki fyrir yfirráðasvæði aðildarríkisins, þar sem rekstraraðili endurvarpsþjónustu leitar eftir afgreiðslu réttinda vegna endurvarps, teljast fara með réttinn til að veita eða synja um leyfi til endurvarps fyrir viðkomandi rétthafa.

Fari hins vegar fleiri en ein sameiginleg umsýslustofnun með umsýslu réttinda í þeim flokki fyrir yfirráðasvæði þess aðildarríkis skal það vera aðildarríkisins, sem ræður yfir því yfirráðasvæði þar sem rekstraraðili endurvarpsþjónustu leitar eftir afgreiðslu réttinda til endurvarps, að ákveða hvaða sameiginlega umsýslustofnun eða -stofnanir skuli hafa rétt til að veita eða synja um leyfi til endurvarps.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að réttindi og skyldur rétthafa, sem leiðir af samningi milli rekstraraðila endurvarpsþjónustu og sameiginlegrar umsýslustofnunar eða -stofnana skv. 2. mgr., séu þau sömu og réttindi og skyldur rétthafa sem hafa gefið þeirri sameiginlegu umsýslustofnun eða -stofnunum umboð sitt. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að slíkur rétthafi geti krafist þeirra réttinda innan tímabils sem viðkomandi aðildarríki fastsetur, sem skal ekki vera styttra en þrjú ár frá degi endurvarpsins sem felur í sér verk hans eða annað verndað efni.

*5. gr.*

**Nýting útvarpsfyrirtækja á réttindum til endurvarps**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að 4. gr. taki ekki til réttinda til endurvarps sem útvarpsfyrirtæki nýtir varðandi sína eigin útsendingu, óháð því hvort það ráði sjálft yfir viðkomandi réttindum eða aðrir rétthafar hafi framselt því þau.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að þegar útvarpsfyrirtæki og rekstraraðilar endurvarpsþjónustu ganga til samninga um leyfi til endurvarps samkvæmt þessari tilskipun skuli samningaviðræðurnar fara fram í góðri trú.

*6. gr.*

**Sáttamiðlun**

Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að leita eftir aðstoð eins eða fleiri sáttamiðlara , eins og kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 93/83/EBE, sé enginn samningur fyrir hendi milli sameiginlegu umsýslustofnunarinnar og rekstraraðila endurvarpsþjónustunnar eða milli rekstraraðila endurvarpsþjónustunnar og útvarpsfyrirtækisins um leyfi til endurvarps á útsendingum.

*7. gr.*

**Endurvarp upprunalegrar útsendingar sem er upprunnin í sama aðildarríki**

Aðildarríkjunum er heimilt að láta reglur þessa kafla og III. kafla tilskipunar 93/83/EBE gilda í þeim tilvikum þar sem bæði upprunalega útsendingin og endurvarpið eiga sér stað á yfirráðasvæði þeirra.

IV. KAFLI

**Útsending dagskrárliða með beinni vörpun**

*8. gr.*

**Útsending dagskrárliða með beinni vörpun**

1. Þegar útvarpsfyrirtæki sendir út dagskrármerki sín með beinni vörpun til merkjadreifingaraðila, án þess að útvarpsfyrirtækið sjálft sendi samtímis þessi dagskrármerki beint út til almennings, og merkjadreifingaraðilinn sendir dagskrármerkin út til almennings, skulu útvarpsfyrirtækið og merkjadreifingaraðilinn teljast taka þátt í einni og sömu miðluninni til almennings sem þeir þurfa að afla leyfis fyrir hjá rétthöfum. Aðildarríkin mega kveða á um fyrirkomulag við leyfisöflun frá rétthöfum.

2. Aðildarríkin geta kveðið á um að 4., 5. og 6. gr. þessarar tilskipunar gildi, að breyttu breytanda, um nýtingu rétthafa á réttinum til að veita eða synja merkjadreifingaraðilum um leyfi til útsendingar sem um getur í 1. mgr., sem fram fer með einhverri þeirri tæknilegu aðferð sem um getur í 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/83/EBE eða í 2. lið 2. gr. þessarar tilskipunar.

V. KAFLI

**Lokaákvæði**

*9. gr.*

**Breyting á tilskipun 93/83/EBE**

Í stað 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/83/EBE komi eftirfarandi:

„3. Í þessari tilskipun merkir „endurvarp um kapal`` óbreytt og óstytt samtímaendurvarp til almennings um kapalkerfi eða örbylgjukerfi á upprunalegri útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis frá öðru aðildarríki, um þráð eða þráðlaust, þ.m.t. um gervihnött, sem er ætlað almenningi, óháð því hvernig rekstraraðili endurvarpsþjónustunnar nær dagskrármerkjum útvarpsfyrirtækisins til að endurvarpa þeim.“

*10. gr.*

**Endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 7. júní 2025, láta fara fram endurskoðun á þessari tilskipun og leggja skýrslu með helstu niðurstöðum fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins. Skýrslan skal birt og gerð aðgengileg almenningi á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni tímanlega í té viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar vegna gerðar skýrslunnar sem um getur í 1. mgr.

*11. gr.*

**Umbreytingarákvæði**

Samningar um nýtingu höfundarréttar og skyldra réttinda sem eiga við um miðlun til almennings á verkum eða öðru vernduðu efni um þráð eða þráðlaust og um það að gera að verk eða annað verndað efni aðgengilegt almenningi um þráð eða þráðlaust með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs, sem á sér stað þegar látin er í té viðbótarnetþjónusta og einnig við nauðsynlega endurgerð til að veita megi slíka netþjónustu, fá aðgang að henni eða nota hana, sem eru í gildi 7. júní 2021, skulu vera með fyrirvara um 3. gr. frá og með 7. júní 2023 ef þeir renna út eftir þann tíma.

Leyfi sem aflað er vegna miðlunar til almennings, sem falla undir 8. gr. og eru í gildi 7. júní 2021, skulu vera með fyrirvara um 8. gr. frá og með 7. júní 2025 ef þau renna út eftir þann tíma.

*12. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 7. júní 2021. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði landslaga sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*13. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*14. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 17. apríl 2019.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
|---|---|
| A. TAJANI | G. CIAMBA |
| *forseti.* | *forseti.* |

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/790** **2024/EES/11/63**

**frá 17. apríl 2019**

**um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 53. gr. (1 mgr.), 62. gr. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Sáttmálinn um Evrópusambandið kveður á um stofnun innri markaðar og innleiðingu kerfis sem tryggir að samkeppni á innri markaðinum raskist ekki. Frekari samræming laga aðildarríkjanna um höfundarétt og skyld réttindi ætti að stuðla að því að þessum markmiðum verði náð.

2) Þær tilskipanir sem hafa verið samþykktar á sviði höfundaréttar og skyldra réttinda stuðla að starfsemi innri markaðarins, veita rétthöfum öfluga vernd, auðvelda afgreiðslu réttindamála og skapa ramma um hagnýtingu verka og annars verndaðs efnis. Þessi samræmdi lagarammi stuðlar að eðlilegri starfsemi innri markaðarins og örvar nýsköpun, sköpunargáfu, fjárfestingu og framleiðslu nýs efnis, einnig í stafrænu umhverfi, til að koma í veg fyrir uppskiptingu innri markaðarins. Sú vernd sem þessi lagarammi veitir stuðlar einnig að því markmiði Sambandsins að virða og efla menningarlega fjölbreytni og halda jafnframt á lofti sameiginlegri evrópskri menningararfleifð. Samkvæmt 4. mgr. 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal Sambandið taka tillit til menningarlegra þátta í aðgerðum sínum.

3) Hröð tækniþróun heldur áfram að valda breytingum á því hvernig verk og annað efni er skapað, framleitt, því dreift og það hagnýtt. Stöðugt koma fram ný viðskiptalíkön og nýir aðilar. Viðeigandi löggjöf þarf að vera framtíðarmiðuð svo hún hamli ekki tækniþróun. Markmiðin og meginreglurnar sem mælt er fyrir um í ramma Sambandsins um höfundarétt standa enn fyrir sínu. Þó ríkir enn réttaróvissa, bæði fyrir rétthafa og notendur, að því er varðar tiltekna notkun, þ.m.t. notkun yfir landamæri, á verkum og öðru efni í hinu stafræna umhverfi. Eins og fram kom í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 9. desember 2015 undir heitinu „Í átt að nútímalegri og evrópskari ramma um höfundarétt“, er nauðsynlegt að aðlaga og bæta við núverandi ramma Sambandsins um höfundarétt á sumum sviðum, en halda jafnframt uppi öflugri vernd höfundaréttar og skyldra réttinda. Tilskipun þessi kveður á um reglur um að laga tilteknar undanþágur og takmarkanir á höfundarétti og skyldum réttindum að stafrænu umhverfi og umhverfi þvert á landamæri, sem og ráðstafanir til að auðvelda tilteknar starfsvenjur við leyfisveitingu, einkum, en þó ekki eingöngu, að því er varðar miðlun verka og annars efnis sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði og tiltækileika hljóð- og myndmiðlaverka á netinu á veitum fyrir myndmiðlun eftir pöntun, með það fyrir augum að tryggja víðtækari aðgang að efni. Hún felur einnig í sér reglur til að auðvelda notkun efnis sem ekki nýtur lengur höfundarverndar (e. in the public domain). Til að ná megi fram vel starfhæfum og sanngjörnum markaði á sviði höfundaréttar ættu einnig að vera fyrir

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 92. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 125, 21.4.2017, bls. 27.

([2]) Stjtíð. ESB C 207, 30.6.2017, bls. 80.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 26. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 15. apríl 2019.

hendi reglur um réttindi að útgefnu efni, um notkun verka eða annars efnis af hálfu þjónustuveitenda á netinu sem vista og veita aðgang að efni sem notendur hlaða upp, um gagnsæi samninga við höfunda og listflytjendur, um þóknun til höfunda og listflytjenda, ásamt fyrirkomulagi til að afturkalla réttindi sem höfundar og listflytjendur hafa framselt á einkaréttargrundvelli.

4) Tilskipun þessi byggist á, og kemur til viðbótar, reglum sem hafa verið settar í tilskipunum sem nú eru í gildi á þessu sviði, einkum tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB ([4]), 2000/31/EB ([5]), 2001/29/EB ([6]), 2006/115/EB ([7]), 2009/24/EB ([8]), 2012/28/ESB ([9]) og 2014/26/ESB ([10]).

5) Á sviði rannsókna, nýsköpunar, menntunar og varðveislu menningararfleifðar gefur stafræn tækni kost á nýjum tegundum notkunar sem falla ekki með skýrum hætti undir gildandi reglur Sambandsins um undanþágur og takmarkanir. Að auki gæti valkvætt eðli undanþága og takmarkana sem kveðið er á um í tilskipunum 96/9/EB, 2001/29/EB og 2009/24/EB á þessum sviðum haft neikvæð áhrif á starfsemi innri markaðarins. Þetta á einkum við að því er varðar notkun yfir landamæri, en mikilvægi hennar í stafrænu umhverfi eykst stöðugt. Því ætti að endurmeta gildandi undanþágur og takmarkanir í lögum Sambandsins, sem varða vísindarannsóknir, nýsköpun, kennslu og varðveislu menningararfleifðar, í ljósi þessarar nýju notkunar. Innleiða ætti skyldubundnar undanþágur eða takmarkanir vegna notkunar texta- og gagnanámstækni, vegna skýringar við kennslu í hinu stafræna umhverfi og vegna varðveislu menningararfleifðar. Núverandi undanþágur og takmarkanir í lögum Sambandsins ættu að gilda áfram, þ.m.t. um texta- og gagnanám, menntun og starfsemi á sviði varðveislu, svo framarlega sem þær takmarka ekki gildissvið skyldubundnu undanþáganna eða takmarkananna sem kveðið er á um í þessari tilskipun, sem aðildarríkin þurfa að innleiða í landslög. Því ætti að breyta tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB.

6) Þeim undanþágum og takmörkunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun er ætlað að skapa sanngjarnt jafnvægi milli réttinda og hagsmuna höfunda og annarra rétthafa annars vegar og notenda hins vegar. Þeim má aðeins beita í tilteknum sértilvikum sem stríða ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verka eða annars efnis og skerða ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa.

7) Sú vernd tæknilegra ráðstafana, sem var komið á með tilskipun 2001/29/EB, er áfram brýn til að tryggja vernd og skilvirka beitingu réttinda sem veitt eru höfundum og öðrum rétthöfum samkvæmt lögum Sambandsins. Viðhalda ætti slíkri vernd jafnframt því að tryggja að notkun tæknilegra ráðstafana komi ekki í veg fyrir að hægt sé að nýta þær undanþágur og takmarkanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Rétthafar ættu að hafa tækifæri til að tryggja þetta með valfrjálsum ráðstöfunum. Þeim ætti áfram að vera frjálst að velja viðeigandi leiðir til að gera þeim, sem eiga rétt á þeim undanþágum og takmörkunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun, kleift að njóta góðs af þeim. Hafi ekki verið gripið til valfrjálsra ráðstafana ættu aðildarríki að gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2001/29/EB, þ.m.t. þegar verkum og öðru efni er miðlað til almennings með hjálp þjónustu eftir pöntun.

8) Ný tækni gerir sjálfvirka tölvugreiningu upplýsinga á stafrænu formi, s.s. texta, hljóðs, mynda eða gagna, sem yfirleitt er nefnt texta- og gagnanám, mögulega. Texta- og gagnanám gerir kleift að vinna með mikið magn upplýsinga, með það fyrir augum að öðlast nýja þekkingu og uppgötva nýja þróun. Texta- og gagnanámstækni er ríkjandi innan stafræna hagkerfisins, þó er almennt viðurkennt að texta- og gagnanám geti einkum gagnast rannsóknasamfélaginu og þar með

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna (Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20).
([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).
([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10).
([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarrétti, á sviði hugverkaréttar (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28).
([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/24/EB frá 23. apríl 2009 um lögvernd fyrir tölvuforrit (Stjtíð. ESB L 111, 5.5.2009, bls. 16).
([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB frá 25. október 2012 um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum (Stjtíð. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 5).
([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB frá 26. febrúar 2014 um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 72).

stutt við nýsköpun. Slík tækni kemur háskólum og öðrum rannsóknarstofnunum til góða, sem og menningararfsstofnunum, þar sem þær gætu einnig stundað rannsóknir í tengslum við meginstarfsemi sína. Þó standa slíkar stofnanir í Sambandinu andspænis réttaróvissu varðandi það að hversu miklu leyti þær geta stundað texta- og gagnanám úr efni. Við ákveðnar aðstæður getur texta- og gagnanám falið í sér aðgerðir sem eru verndaðar samkvæmt höfundarétti, samkvæmt sinnar tegundar rétti að gagnagrunni, eða hvoru tveggja, einkum eftirgerð verka eða annars efnis, útdrátt efnis úr gagnagrunni eða hvort tveggja, sem gerist t.d. þegar gögn eru stöðluð meðan texta- og gagnanám fer fram. Ef engin undanþága eða takmörkun á við þarf heimild frá rétthöfum til slíkra aðgerða.

9) Texta- og gagnanám getur einnig farið fram á beinum staðreyndum eða gögnum sem eru ekki höfundaréttarvarin og í slíkum tilvikum er ekki krafist heimildar samkvæmt höfundarétti. Einnig geta verið tilvik texta- og gagnanáms þar sem ekki er um að ræða eftirgerð eða þar sem eftirgerðir heyra undir skyldubundnu undanþáguna vegna tímabundinna aðgerða til eftirgerðar sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB, sem gilda ætti áfram um texta- og gagnanámstækni sem felur ekki í sér gerð eintaka umfram það sem sú undanþága tekur til.

10) Lög Sambandsins kveða á um tilteknar undanþágur og takmarkanir sem ná yfir afnot í þágu vísindarannsókna og geta gilt um texta- og gagnanámsaðgerðir. Þessar undanþágur og takmarkanir eru þó valkvæðar og ekki fyllilega lagaðar að notkun tækni við vísindarannsóknir. Þegar vísindamenn hafa lögmætan aðgang að efni, t.d. með áskrift að útgefnu efni eða með leyfum til opins aðgangs, geta leyfisskilmálarnir auk þess undanskilið texta- og gagnanám. Þar sem rannsóknir fara í síauknum mæli fram með hjálp stafrænnar tækni er hætta á því að samkeppnisstöðu Sambandsins sem rannsóknasvæðis sé hætta búin, sé ekki gripið til aðgerða til að vinna bug á réttaróvissu að því er varðar texta- og gagnanám.

11) Taka ætti á réttaróvissu varðandi texta- og gagnanám með því að kveða á um skyldubundna undanþágu fyrir háskóla og aðrar rannsóknarstofnanir, sem og fyrir menningararfsstofnanir, frá einkaréttinum til eftirgerðar og frá réttinum til að koma í veg fyrir útdrátt úr gagnagrunni. Í samræmi við núverandi rannsóknarstefnu Sambandsins, sem hvetur háskóla og rannsóknasetur (e. research instututes) til samstarfs við einkageirann, ættu rannsóknarstofnanir einnig að njóta góðs af slíkri undanþágu þegar rannsóknarstarfsemi þeirra fer fram innan ramma samstarfsverkefna opinberra aðila og einkaaðila. Enda þótt rannsóknarstofnanir og menningararfsstofnanir ættu áfram að njóta góðs af þessari undanþágu ættu þær einnig að geta leitað til samstarfsaðila sinna í einkageiranum til að láta fara fram texta- og gagnanám, m.a. með því að notfæra sér tæknibúnað þeirra.

12) Rannsóknarstofnanir í Sambandinu ná yfir margskonar aðila sem hafa það megintakmark að stunda vísindarannsóknir eða að gera það samhliða því að veita þjónustu á sviði menntunar. Líta ætti svo á að hugtakið „vísindarannsóknir“ í skilningi þessarar tilskipunar taki bæði til náttúruvísinda og mannvísinda. Vegna þess hve slíkir aðilar eru fjölbreytilegir er mikilvægt að hafa sameiginlegan skilning á því hvað telst vera rannsóknarstofnun. Auk háskóla eða annarra æðri menntastofnana og bókasafna þeirra, ættu þær t.d. einnig að ná yfir aðila á borð við rannsóknasetur og sjúkrahús þar sem stundaðar eru rannsóknir. Þrátt fyrir mismunandi félags- og rekstrarform að lögum eiga rannsóknarstofnanir í aðildarríkjunum það yfirleitt sameiginlegt að annaðhvort starfa þær ekki í hagnaðarskyni eða þær gegna hlutverki í almannaþágu sem viðurkennt er af ríkinu. Slíkt hlutverk í almannaþágu gæti t.d. endurspeglast í opinberri fjármögnun eða í ákvæðum í landslögum eða opinberum samningum. Þegar atvinnufyrirtæki hafa afgerandi áhrif á stofnanir og það færir þeim yfirráð í krafti rekstraraðstæðna, s.s. vegna þess að þau eru hluthafar eða aðilar, sem gæti haft í för með sér að þau fengju forgangsaðgang að niðurstöðum rannsókna, ættu slíkar stofnanir á hinn bóginn ekki að teljast til rannsóknarstofnana að því er varðar þessa tilskipun.

13) Líta ætti svo á að menningararfsstofnanir nái yfir bókasöfn og söfn sem almenningur hefur aðgang að, óháð því hvers konar verk eða annað efni þau hafa að geyma í varanlegum safnkosti sínum, ásamt skjalasöfnum og varðveislustofnunum mynd- og hljóðefnis. Einnig ætti að telja til þeirra m.a. þjóðarbókasöfn og þjóðskjalasöfn og, að því er varðar skjalasöfn þeirra og bókasöfn sem almenningur hefur aðgang að, menntastofnanir, rannsóknarstofnanir og opinber útvarpsfyrirtæki.

14) Undanþágan vegna texta- og gagnanáms ætti að taka til rannsóknarstofnana og menningararfsstofnana, ásamt aðilum sem þeim tengjast, að því er varðar efni sem þær hafa lögmætan aðgang að. Líta ætti svo á að lögmætur aðgangur nái yfir aðgang að efni á grundvelli stefnu um opinn aðgang (e. open access policy) eða samningsbundins fyrirkomulags milli rétthafa og rannsóknarstofnana eða menningararfsstofnana, s.s. með áskrift eða eftir öðrum lögmætum leiðum. Til dæmis þegar um er að ræða áskriftir rannsóknarstofnana eða menningararfsstofnana ættu aðilar sem þeim tengjast og sem þessar áskriftir taka til að teljast hafa lögmætan aðgang. Lögmætur aðgangur ætti einnig að ná yfir aðgang að efni sem er aðgengilegt á netinu án endurgjalds.

15) Rannsóknarstofnanir og menningararfsstofnanir gætu í tilteknum tilvikum, t.d. vegna síðari sannprófunar á niðurstöðum vísindarannsókna, þurft að varðveita eintök sem gerð eru samkvæmt undanþágunni fyrir texta- og gagnanám. Í slíkum tilvikum ætti að varðveita eintökin í öruggu umhverfi. Aðildarríkjunum ætti að vera frjálst að ákveða, á landsvísu og að loknum viðræðum við viðeigandi hagsmunaaðila, frekara sérstakt fyrirkomulag við að varðveita eintökin, þ.m.t. getu til að tilnefna áreiðanlega aðila til vörslu eintakanna. Til að takmarka ekki beitingu undanþágunnar að óþörfu ætti slíkt fyrirkomulag að vera hóflegt og takmarkast við það sem nauðsynlegt er til að varðveita eintökin með öruggum hætti og koma í veg fyrir notkun þeirra í leyfisleysi. Notkun í þágu vísindarannsókna, önnur en texta- og gagnanám, s.s. vísindaleg jafningjarýni og sameiginlegar rannsóknir, ætti eftir atvikum áfram að falla undir þá undanþágu eða takmörkun sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB.

16) Í ljósi hugsanlega mikils fjölda beiðna um aðgang að verkum rétthafa og öðru efni og niðurhals á þeim ætti rétthöfum að vera heimilt að gera ráðstafanir þegar hætta er á að öryggi og réttleika kerfa þeirra eða gagnagrunna sé teflt í tvísýnu. Til dæmis mætti beita slíkum ráðstöfunum til að tryggja að einungis aðilar sem hafa lögmætan aðgang að gögnum þeirra geti haft aðgang að þeim, m.a. með sannprófun IP-vistfangs eða sannvottun notanda. Þessar ráðstafanir ættu að vera í réttu hlutfalli við áhættu og ættu ekki að ganga lengra en nauðsynlegt er í þeim tilgangi að tryggja öryggi og réttleika kerfisins og ættu ekki að grafa undan skilvirkri beitingu undanþágunnar.

17) Í ljósi eðlis og umfangs undanþágunnar, sem takmarkast við einingar sem sinna vísindarannsóknum, væri hugsanlegt tjón rétthafa vegna undanþágunnar mjög lítið. Af þeim sökum ættu aðildarríki ekki að kveða á um bætur til handa rétthöfum fyrir afnot samkvæmt undanþágunum vegna texta- og gagnanáms sem innleiddar eru með þessari tilskipun.

18) Auk þess að vera mikilvæg í sambandi við vísindarannsóknir er texta- og gagnanámstækni víða notuð af einkaaðilum og opinberum aðilum til að greina mikið magn gagna á ýmsum sviðum og í margskonar tilgangi, m.a. í opinberri þjónustu, við töku flókinna viðskiptaákvarðana og við þróun á nýjum hugbúnaði eða tækni. Rétthafar ættu áfram að geta veitt nytjaleyfi fyrir þau not verka sinna eða annars efnis sem falla utan gildissviðs skyldubundnu undanþágunnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun vegna texta- og gagnanáms í þágu vísindarannsókna, sem og gildandi undanþága og takmarkana sem kveðið er á um í tilskipun 2001/29/EB. Jafnframt ætti að taka tillit til þess að þeir sem beita texta- og gagnanámi gætu staðið frammi fyrir réttaróvissu um hvort gera megi eftirgerðir og útdrætti úr verkum eða öðru efni, sem þeir hafa lögmætan aðgang að, vegna texta- og gagnanáms, einkum þegar eftirgerðir eða útdrættir sem gerðir eru vegna tæknivinnslunnar fullnægja ekki öllum skilyrðum gildandi undanþágu vegna tímabundinna aðgerða til eftirgerðar sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB. Til þess að auka réttarvissu í slíkum tilvikum og einnig til að hvetja til nýsköpunar í einkageiranum ætti þessi tilskipun að kveða á um, með tilteknum skilyrðum, undanþágu eða takmörkun vegna eftirgerða og útdrátta úr verkum eða öðru efni vegna texta- og gagnanáms og heimila að eintök sem gerð eru séu varðveitt eins lengi og nauðsyn krefur vegna slíks texta- og gagnanáms.

Þessi undanþága eða takmörkun ætti því aðeins að gilda hafi haghafinn lögmætan aðgang að verkinu eða öðru efni, þ.m.t. þegar því er miðlað til almennings á netinu, og svo framarlega sem rétthafar hafa ekki með tilhlýðilegum hætti áskilið sér réttinn til eftirgerðar og útdrátta vegna texta- og gagnanáms. Þegar um er að ræða efni sem hefur verið gert

aðgengilegt almenningi á netinu ætti aðeins að teljast tilhlýðilegt að slíkur réttur sé áskilinn með tölvulesanlegum hætti, þ.m.t. í lýsigögnum og skilmálum og skilyrðum vefseturs eða þjónustu. Áskilnaður um rétt að því er varðar texta- og gagnanám ætti ekki að hafa áhrif á aðra notkun. Í öðrum tilvikum getur talist tilhlýðilegt að áskilja rétt eftir öðrum leiðum, s.s. með samningi eða einhliða yfirlýsingu. Rétthafar ættu einnig að geta gert ráðstafanir til að tryggja að áskilnaður þeirra að því er þetta varðar sé virtur. Þessi undanþága eða takmörkun ætti hvorki að hafa áhrif á skyldubundnu undanþáguna vegna texta- og gagnanáms í þágu vísindarannsókna sem kveðið er á um í þessari tilskipun né á gildandi undanþágu vegna tímabundinna aðgerða til eftirgerðar sem kveðið er á um í 1. mgr 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB.

19) Samkvæmt a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB er aðildarríkjum heimilt að innleiða undanþágu eða takmörkun á réttinum til eftirgerðar á verkum eða öðru efni, til opinbers flutnings þeirra og miðlunar til almennings *[áður þýtt sem: miðlun til almennings og að gera aðgengilegt almenningi]* með þeim hætti að hver og einn geti haft aðgang að þeim á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs, í þeim tilgangi einvörðungu að nota til skýringar við kennslu. Að auki heimila b-liður 2. mgr. 6. gr. og b-liður 9. gr. tilskipunar 96/9/EB notkun gagnagrunns og útdrátt umtalsverðs hluta efnis hans í þeim tilgangi að nota til skýringar við kennslu. Óljóst er í hve miklum mæli þessar undanþágur eða takmarkanir gilda um stafræna notkun. Auk þess er ekki skýrt hvort þessar undanþágur eða takmarkanir gilda þegar kennsla fer fram á netinu og í fjarkennslu. Enn fremur gerir gildandi lagarammi ekki ráð fyrir áhrifum yfir landamæri. Þetta ástand gæti hamlað þróun kennslu með aðstoð stafrænnar tækni og fjarkennslu. Af þessum sökum er nauðsynlegt að koma á fót nýrri skyldubundinni undanþágu eða takmörkun til að tryggja að menntastofnanir njóti fullnægjandi réttarvissu við notkun á verkum eða öðru efni við stafræna kennslu, einnig á netinu og yfir landamæri.

20) Enda þótt fjarkennsla og námsleiðir yfir landamæri hafi að mestu verið þróaðar á æðra menntastigi eru stafræn tæki og tilföng í auknum mæli notuð á öllum skólastigum, einkum til að bæta og auðga upplifunina af náminu. Sú undanþága eða takmörkun sem kveðið er á um í þessari tilskipun ætti því að koma öllum menntastofnunum sem viðurkenndar eru af aðildarríki til góða, þ.m.t. þeim sem starfa á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, starfsmenntastofnunum og æðri menntastofnunum. Hún ætti aðeins að gilda að því marki sem notkunin er réttlætanleg á grundvelli þess að kennslan sem um er að ræða er ekki í viðskiptalegum tilgangi. Stjórnskipulag og fjármögnunarleiðir menntastofnunar ættu ekki að ráða úrslitum við að ákvarða hvort starfsemin sé viðskiptalegs eðlis.

21) Líta ætti svo á að sú undanþága eða takmörkun sem kveðið er á um í þessari tilskipun í þeim tilgangi einvörðungu að nota til skýringar við kennslu, nái yfir stafræn afnot af verkum eða öðru efni til að styðja við, auðga eða bæta við kennsluna og námsstarfið. Dreifing hugbúnaðar sem leyfð er samkvæmt þessari undanþágu eða takmörkun ætti að takmarkast við stafræna yfirfærslu hugbúnaðar. Í flestum tilvikum myndi þetta því einvörðungu fela í sér notkun á hlutum verka eða útdráttum úr þeim, sem ætti ekki að koma í stað kaupa á efni sem einkum er ætlað menntamarkaðnum. Þegar aðildarríki koma undanþágunni eða takmörkuninni í framkvæmd ætti þeim að vera frjálst, fyrir mismunandi gerðir verka eða annars efnis, að tilgreina, þannig að jafnvægis sé gætt, hve stóran hluta verks eða annars efnis megi nota í þeim tilgangi einvörðungu að nota til skýringar við kennslu. Líta ætti svo á að notkun sem heimil er samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni nái yfir afnot sem taka tillit til sértækra aðgengisþarfa fólks með fötlun í tengslum við skýringar við kennslu.

22) Notkun verka eða annars efnis samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni í þeim tilgangi einvörðungu að nota til skýringar við kennslu, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ætti aðeins að fara fram í tengslum við kennslu og námsstarf sem er á ábyrgð menntastofnana, þ.m.t. í prófum eða kennslu sem fer fram utan veggja menntastofnana, t.d. á safni, bókasafni eða í annarri menningararfsstofnun, og ætti að vera takmörkuð við það sem nauðsynlegt er vegna slíkra athafna. Undanþágan eða takmörkunin ætti bæði að ná yfir notkun á verkum eða öðru efni sem fer fram í kennslustofu eða á öðrum stöðum með stafrænum hætti, t.d. með rafrænum tússtöflum eða stafrænum búnaði sem getur verið tengdur við netið, og fjarnotkun í öruggu rafrænu umhverfi s.s. í tengslum við námskeið á netinu eða aðgang að kennsluefni til fyllingar tilteknu námskeiði. Líta ætti svo á að öruggt rafrænt umhverfi sé stafrænt kennslu- og námsumhverfi þar sem aðgangur er takmarkaður við kennara menntastofnunarinnar og nemendur sem eru innritaðir á námsleið, einkum með viðeigandi sannvottunarferli, þ.m.t. sannvottun með lykilorði.

23) Gerðar hafa verið mismunandi ráðstafanir í nokkrum aðildarríkjum, á grundvelli framkvæmdar undanþágunnar og takmörkunarinnar sem kveðið er á um í tilskipun 2001/29/EB eða nytjaleyfissamninga sem ná yfir frekari afnot, til að greiða fyrir notkun á verkum og öðru efni við kennslu. Slíkar ráðstafanir hafa yfirleitt verið þróaðar með tilliti til þarfa menntastofnana og þarfa mismunandi menntunarstiga. Enda þótt mikilvægt sé að samhæfa umfang nýju skyldubundnu undanþágunnar eða takmörkunarinnar varðandi stafræn afnot og kennslu yfir landamæri geta ráðstafanir til framkvæmdar verið mismunandi frá einu aðildarríki til annars, að því marki sem þær hamla ekki skilvirkri beitingu undanþágunnar eða takmörkunarinnar eða notkun yfir landamæri. Aðildarríkjum ætti t.d. áfram að vera frjálst að krefjast þess að sæmdarréttur höfunda og listflytjenda sé virtur við notkun verka eða annars efnis. Þetta ætti að gera aðildarríkjum kleift að byggja á gildandi fyrirkomulagi sem innleitt hefur verið á landsvísu. Einkum gætu aðildarríki ákveðið að skilyrða beitingu undanþágunnar eða takmörkunarinnar að fullu eða að hluta við að tiltæk séu viðeigandi leyfi, sem ná a.m.k. yfir sömu afnot og leyfð eru samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni. Aðildarríki ættu að tryggja að ef leyfi taka aðeins til hluta þeirrar notkunar sem heimil er samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni falli öll önnur afnot áfram undir hana.

Aðildarríki gætu t.d. notað þetta kerfi til að setja í forgang leyfi fyrir efni sem er einkum ætlað menntamarkaðnum eða leyfi fyrir nótnablöðum. Til að forðast réttaróvissu eða rekstrarlegt álag fyrir menntastofnanir af völdum þess að beiting undanþágunnar sé skilyrt við aðgengi að leyfum ættu aðildarríki sem samþykkja slíka nálgun að gera raunhæfar ráðstafanir til að tryggja að leyfiskerfi, sem heimila stafræn afnot af verkum eða öðru efni til skýringar við kennslu, séu aðgengileg með góðu móti og að menntastofnunum sé kunnugt um að slík leyfiskerfi séu fyrir hendi. Umrædd leyfiskerfi ættu að koma til móts við þarfir menntastofnana. Einnig væri hægt að þróa upplýsingatæki sem er ætlað að tryggja sýnileika fyrirliggjandi leyfiskerfa. Slík kerfi gætu t.d. verið byggð á veitingu heildarleyfa eða samningskvaðaleyfa til að koma í veg fyrir að menntastofnanir þurfi að semja sérstaklega við einstaka rétthafa. Til að tryggja réttarvissu ættu aðildarríki að tilgreina með hvaða skilyrðum menntastofnun geti notað vernduð verk eða annað efni samkvæmt þessari undanþágu og á hinn bóginn hvenær hún ætti að byggja á tilteknu leyfiskerfi.

24) Aðildarríkjum ætti áfram að vera frjálst að kveða á um að rétthafar skuli fá sanngjarnar bætur fyrir stafræn afnot af verkum þeirra eða öðru efni samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni sem kveðið er á um í þessari tilskipun vegna skýringar við kennslu. Við ákvörðun á upphæð sanngjarnra bóta ætti m.a. að taka tilhlýðilegt tillit til menntunarmarkmiða aðildarríkja og þess tjóns sem rétthafar verða fyrir. Aðildarríki sem ákveða að kveða á um sanngjarnar bætur ættu að hvetja til þess að notuð séu kerfi sem valda menntastofnunum ekki rekstrarlegu álagi.

25) Menningararfsstofnanir sinna varðveislu safnkosts síns í þágu komandi kynslóða. Aðgerð til varðveislu verks eða annars efnis í safnkosti menningararfsstofnunar gæti krafist eftirgerðar og af þeim sökum verið bundin leyfi viðkomandi rétthafa. Stafræn tækni opnar nýjar leiðir til að varðveita þann menningararf sem felst í þessum safnkosti, en hún felur einnig í sér nýjar áskoranir. Í ljósi þessara nýju áskorana er nauðsynlegt að aðlaga gildandi lagaramma með því að kveða á um skyldubundna undanþágu frá réttinum til eftirgerðar til að gera slíkum stofnunum mögulegt að sinna slíkum varðveisluaðgerðum.

26) Mismunandi nálganir í aðildarríkjunum að því er varðar aðgerðir til eftirgerðar í varðveisluskyni af hálfu menningararfsstofnana hamlar samstarfi yfir landamæri, miðlun varðveisluaðferða og því að komið sé á fót netsamstarfi á sviði varðveislu yfir landamæri á innri markaðnum milli slíkra stofnana, sem leiðir til óskilvirkrar nýtingar tilfanga. Það getur haft neikvæð áhrif á varðveislu menningararfleifðar.

27) Því ætti aðildarríkjum að vera skylt að kveða á um undanþágu sem heimilar menningararfsstofnunum að afrita verk og annað efni sem er varanlega í safnkosti þeirra í varðveisluskyni, t.d. til að leysa vanda vegna tæknilegrar úreldingar eða slits á geymslumiðlum frumverka eða til að unnt sé að vátryggja slík verk og annað efni. Slík undanþága ætti að heimila að gerð séu eintök með viðeigandi varðveislutæki, -aðferð eða -tækni, á hvaða sniði eða miðli sem er, í þeim fjölda sem þarf, hvenær sem er á líftíma verks eða annars efnis og að því marki sem nauðsynlegt er í varðveisluskyni. Aðgerðir til

eftirgerðar á vegum menningararfsstofnana í öðrum tilgangi en til varðveislu verka og annars efnis í varanlegum safnkosti þeirra ætti áfram að vera háð heimild frá rétthöfum, nema hún sé leyfð samkvæmt öðrum undanþágum eða takmörkunum sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins.

28) Menningararfsstofnanir búa ekki endilega yfir þeim tæknilegu úrræðum eða sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er til að geta sjálfar framkvæmt þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að varðveita safnkost sinn, einkum í hinu stafræna umhverfi, og gætu þess vegna leitað aðstoðar annarra menningarstofnana og annarra þriðju aðila í þeim tilgangi. Menningararfsstofnunum ætti að vera heimilt, samkvæmt undanþágunni í varðveisluskyni sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að leita til þriðju aðila sem koma fram fyrir þeirra hönd og á ábyrgð þeirra, þ.m.t. aðila í öðrum aðildarríkjum, til að láta gera eintök.

29) Að því er varðar þessa tilskipun ætti að líta svo á að verk og annað efni séu varanlega í safnkosti menningararfsstofnunar ef sú stofnun er eigandi eða varanlegur handhafi eintaka af slíkum verkum eða öðru efni, t.d. í krafti yfirfærslu eignarhalds eða nytjaleyfissamnings, lögbundinnar skilaskyldu eða varanlegs vörslufyrirkomulags.

30) Menningararfsstofnanir ættu að njóta góðs af skýrum regluramma um stafvæðingu og miðlun, m.a. yfir landamæri, á verkum eða öðru efni sem ekki er talið fáanlegt lengur á almennum markaði að því er varðar þessa tilskipun. Vegna sérstakra eiginleika safna verka eða annars efnis sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði og þess fjölda verka og annars efnis sem eru viðfang stórfelldra stafvæðingarverkefna getur þó verið mjög erfitt að afla fyrirframheimildar frá einstökum rétthöfum. Þetta getur t.d. verið vegna aldurs verkanna eða annars efnis, takmarkaðs söluverðmætis þeirra eða vegna þess að þau voru aldrei ætluð til notkunar í viðskiptalegum tilgangi eða þau hafi aldrei verið hagnýtt í ábataskyni. Af þessum sökum er nauðsynlegt að kveða á um ráðstafanir til að greiða fyrir tilteknum afnotum af verkum eða öðru efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði en er að finna í varanlegum safnkosti menningararfsstofnana.

31) Öll aðildarríki ættu að hafa lagalegt fyrirkomulag sem heimilar að nytjaleyfi, sem viðkomandi sameiginlegar umsýslustofnanir sem fara með fullnægjandi fyrirsvar veita menningararfsstofnunum fyrir tilteknum afnotum af verkum eða öðru efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði, gildi einnig um réttindi rétthafa sem hafa ekki veitt sameiginlegri umsýslustofnun umboð hvað það varðar. Samkvæmt þessari tilskipun ættu slík nytjaleyfi að geta náð til allra aðildarríkjanna.

32) Ákvæðin um veitingu heildarleyfa fyrir verkum eða öðru efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði, sem innleidd eru með þessari tilskipun, eru hugsanlega ekki lausn í öllum tilvikum þar sem menningararfsstofnanir eiga í erfiðleikum með að afla allra nauðsynlegra heimilda frá rétthöfum til notkunar slíkra verka eða annars efnis sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði. Það gæti t.d. átt við þegar engin hefð er fyrir sameiginlegri umsýslu réttinda að tiltekinni tegund verka eða annars efnis eða þegar viðkomandi sameiginleg umsýslustofnun fer ekki með fullnægjandi fyrirsvar fyrir þann flokk rétthafa og þau réttindi sem um er að ræða. Í slíkum sérstökum tilvikum ætti menningararfsstofnunum að vera mögulegt að gera verk eða annað efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði en sem er varanlega í safnkosti þeirra, aðgengilegt á netinu í öllum aðildarríkjum samkvæmt samræmdri undanþágu eða takmörkun á höfundarétti og skyldum réttindum. Mikilvægt er að notkun samkvæmt slíkri undanþágu eða takmörkun fari aðeins fram að uppfylltum tilteknum skilyrðum, einkum að því er varðar aðgengi að leyfisveitingalausnum. Það að ekki sé fyrir hendi samkomulag um skilyrði nytjaleyfisins ætti ekki að skilja sem svo að leyfisveitingalausnir séu ekki fyrir hendi.

33) Aðildarríki ættu, innan þess ramma sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að hafa sveigjanleika til að velja tiltekna gerð leyfisveitingarfyrirkomulags, s.s. veitingu samningskvaðaleyfa eða ætlað fyrirsvar, sem þau koma á vegna notkunar menningararfsstofnana á verkum eða öðru efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði, í samræmi við lagahefð þeirra, starfsvenjur eða aðstæður. Aðildarríki ættu einnig að hafa sveigjanleika til að ákvarða hvaða kröfur sameiginlegar umsýslustofnanir þurfa að uppfylla til að fara með fullnægjandi fyrirsvar, svo framarlega sem ákvörðunin er byggð á því að verulegur fjöldi rétthafa viðeigandi tegundar verka eða annars efnis hafi veitt umboð sem heimilar

veitingu nytjaleyfis fyrir viðkomandi tegund notkunar. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að setja sértækar reglur sem gilda í tilvikum þegar fleiri en ein sameiginleg umsýslustofnun fer með fyrirsvar fyrir viðkomandi verk eða annað efni, t.d. með því að krefjast sameiginlegra nytjaleyfa eða samkomulags milli viðkomandi stofnana.

34) Að því er varðar þetta leyfisveitingafyrirkomulag er mikilvægt að strangt og vel starfhæft sameiginlegt umsýslukerfi sé fyrir hendi. Í tilskipun 2014/26/ESB er kveðið á um slíkt kerfi og í því felast einkum reglur um góða stjórnunarhætti, gagnsæi og skýrslugjöf og að úthlutun og greiðsla þeirra fjárhæða, sem hverjum einstökum rétthafa ber, fari fram reglulega, af kostgæfni og nákvæmni.

35) Viðeigandi verndarráðstafanir ættu að vera til staðar fyrir alla rétthafa, sem ættu að fá tækifæri til að útiloka beitingu leyfisveitingafyrirkomulagsins og undanþágunnar eða takmörkunarinnar, sem komið er á með þessari tilskipun vegna afnota af verkum eða öðru efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði, að því er varðar öll verk þeirra eða annað efni, að því er varðar öll nytjaleyfi eða alla notkun samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni, að því er varðar tiltekin verk eða annað efni, eða að því er varðar tiltekin nytjaleyfi eða notkun samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni, hvenær sem er fyrir eða á gildistíma leyfisins eða fyrir eða á meðan notkun stendur samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni. Skilyrði sem gilda um þetta leyfisveitingafyrirkomulag ættu ekki að hafa áhrif á hagnýta þýðingu þess fyrir menningararfsstofnanir. Ef rétthafi undanskilur eitt eða fleiri verk eða annað efni slíku fyrirkomulagi eða slíkri undanþágu eða takmörkun er mikilvægt að bundinn sé endi á yfirstandandi afnot innan hæfilegs tíma og, ef þau fara fram samkvæmt heildarleyfi, að sameiginlega umsýslustofnunin hætti að gefa út nytjaleyfi sem ná yfir viðkomandi afnot þegar henni hefur verið tilkynnt þar um. Slík undantekning af hálfu rétthafa ætti ekki að hafa áhrif á kröfur þeirra um þóknun fyrir raunveruleg afnot af verkinu eða öðru efni samkvæmt nytjaleyfinu.

36) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á getu aðildarríkja til að ákveða hver skuli bera lagalega ábyrgð á því að leyfisveitingar fyrir verkum eða öðru efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði og afnot af þeim, uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í þessari tilskipun, og á því að hlutaðeigandi aðilar fari að skilmálum þessara leyfa.

37) Í ljósi þess hve verk og annað efni í safnkosti menningararfsstofnana eru fjölbreytt er mikilvægt að leyfisveitinga-fyrirkomulagið og undanþágan eða takmörkunin sem kveðið er á um í þessari tilskipun séu tiltæk og hægt sé að nota þau í reynd fyrir mismunandi tegundir verka og annars efnis, þ. á m. ljósmyndir, hugbúnað, hljóðrit, hljóð- og myndmiðlaverk og einstök listaverk, einnig ef þau hafa aldrei verið fáanleg á almennum markaði. Verk sem aldrei hafa verið fáanleg á almennum markaði gætu verið veggspjöld, bæklingar, stríðsblöð (e. trench journals) eða hljóð- og myndmiðlaverk gerð af áhugamönnum, en einnig óbirt verk eða annað efni, með fyrirvara um aðrar lagalegar takmarkanir sem við eiga, s.s. landsbundnar reglur um sæmdarrétt. Þegar verk eða annað efni er tiltækt í einhverri af mismunandi útgáfum þess, s.s. síðari útgáfum bókmenntaverka og annars konar útgáfum (e. alternate cuts) kvikmyndaverka, eða í einhverri af mismunandi birtingarmyndum þess, s.s. sama verk á stafrænu og prentuðu formi, ætti ekki að líta svo á að umrætt verk eða annað efni sé ekki lengur fáanlegt á almennum markaði. Á hinn bóginn ætti það að aðlaganir verka séu tiltækar á markaði, þ.m.t. útgáfur á öðru tungumálum eða bókmenntaverk sem hafa verið aðlöguð fyrir hljóð- og myndmiðla, ekki að útiloka að verk eða annað efni teljist ekki lengur fáanlegt á almennum markaði á tilteknu tungumáli. Til að endurspegla sérstaka eiginleika mismunandi tegunda verka og annars efnis að því er varðar hvernig birtingu og dreifingu þeirra er háttað og til að gera þessi kerfi nothæfari gæti þurft að innleiða sértækar kröfur og verklagsreglur fyrir beitingu þessa leyfisveitingafyrirkomulags í reynd, s.s. kröfu um að tiltekinn tími verði að líða frá því að verk eða annað efni var fyrst fáanlegt á almennum markaði. Rétt þykir að aðildarríki hafi samráð við rétthafa, menningararfsstofnanir og sameiginlegar umsýslustofnanir þegar slíkum kröfum og verklagsreglum er komið á.

38) Þegar ákvarðað er hvort verk eða annað efni sé ekki lengur fáanlegt á almennum markaði ætti að krefjast þess að gerðar séu eðlilegar ráðstafanir til að leggja mat á hvort þau eru aðgengileg almenningi eftir venjulegum markaðsleiðum, að teknu tilliti til sérstakra eiginleika viðkomandi verks eða annars efnis eða viðkomandi samsafns verka eða annars efnis. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að ákvarða skiptingu ábyrgðar á gerð þessara eðlilegu ráðstafana. Þessar eðlilegu ráðstafanir ættu ekki að þurfa að fela í sér endurteknar aðgerðir í tímans rás en ættu þó að fela í sér að tekið sé tillit til hvers kyns auðfenginna vísbendinga um að verk eða annað efni muni verða aðgengilegt eftir venjulegum markaðsleiðum. Aðeins ætti að krefjast mats á hverju einstöku verki fyrir sig ef það er talið réttmætt í ljósi viðeigandi

upplýsinga sem tiltækar eru, hvort líklegt er að það sé fáanlegt á markaði og líklegs kostnaðar. Sannprófun á því hvort verk eða annað efni sé tiltækt ætti venjulega að fara fram í aðildarríkinu þar sem menningararfsstofnunin hefur staðfestu nema ástæða sé talin til sannprófunar yfir landamæri, t.d. í tilvikum þar sem auðfengnar upplýsingar eru fyrir hendi um að bókmenntaverk hafi fyrst verið gefið út á tilteknu tungumáli í öðru aðildarríki. Í mörgum tilvikum væri hægt að ákvarða þá stöðu samsafns verka eða annars efnis að það sé ekki lengur fáanlegt á almennum markaði með því að beita hlutfallslegri tilhögun, s.s. með því að taka úrtak. Ekki ætti að líta svo á að verk eða annað efni teljist aðgengilegt almenningi eftir venjulegum markaðsleiðum þó að það sé tiltækt að takmörkuðu leyti, s.s. í verslunum með notaðan varning, eða að fræðilegur möguleiki sé á að hægt sé að fá nytjaleyfi fyrir því.

39) Með skírskotun til alþjóðlegrar háttvísi ætti leyfisveitingafyrirkomulagið og undanþágan eða takmörkunin sem kveðið er á um í þessari tilskipun vegna stafvæðingar og miðlunar verka eða annars efnis sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði, ekki að gilda um samsafn verka eða annars efnis sem ekki er lengur fáanlegt á almennum markaði þegar fyrir liggja vísbendingar sem gefa tilefni til að ætla að það samanstandi fyrst og fremst af verkum eða öðru efni frá þriðju löndum, nema hlutaðeigandi sameiginleg umsýslustofnun fari með fullnægjandi fyrirsvar fyrir viðkomandi þriðja land, t.d. með fyrirsvarssamningi. Byggja mætti matið á vísbendingum sem liggja fyrir í kjölfar eðlilegra ráðstafana til að ákvarða hvort verkin eða annað efni sé ekki lengur fáanlegt á almennum markaði, án þess að nauðsynlegt sé að leita frekari vísbendinga. Einungis ætti að vera þörf á að meta uppruna verka eða annars efnis sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði í tilviki hvers verks fyrir sig að því marki sem einnig er þörf á því vegna eðlilegra ráðstafana til að ákvarða hvort þau eru fáanleg á almennum markaði.

40) Menningararfsstofnunum og sameiginlegum umsýslustofnunum sem gera samninga ætti að vera frjálst að komast að samkomulagi um gildissvæði nytjaleyfa, þ.m.t. þann möguleika að þau nái til allra aðildarríkjanna, um leyfisgjald og heimila notkun. Notkun sem fellur undir slík nytjaleyfi ætti ekki að vera í hagnaðarskyni, þ.m.t. þegar menningararfsstofnunin dreifir eintökum, s.s. þegar um er að ræða kynningarefni fyrir sýningu. Í ljósi þess að stafvæðing safnkosts menningararfsstofnana getur falið í sér verulegar fjárfestingar ættu nytjaleyfi sem veitt eru samkvæmt kerfinu sem kveðið er á um í þessari tilskipun þó ekki að koma í veg fyrir að menningararfsstofnanir láti nytjaleyfið standa undir kostnaðinum við nytjaleyfið og kostnaðinum við stafvæðingu og miðlun þeirra verka eða annars efnis sem leyfið nær yfir.

41) Upplýsingar um yfirstandandi og væntanlega notkun menningararfsstofnana á verkum eða öðru efni, sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði, á grundvelli þessarar tilskipunar og þær ráðstafanir, sem eru fyrir hendi fyrir alla rétthafa til að undanskilja verk sín eða annað efni beitingu nytjaleyfa eða undanþágu eða takmörkunar, ætti að birta með tilhlýðilegum hætti bæði fyrir og meðan á notkun samkvæmt nytjaleyfi eða samkvæmt undanþágu eða takmörkun stendur, eftir því sem við á. Slík birting er einkum mikilvæg þegar um er að ræða notkun yfir landamæri á innri markaðnum. Því er viðeigandi að kveða á um að komið verði á fót einni vefgátt fyrir Sambandið sem almenningur hefur aðgang að, til þess að gera slíkar upplýsingar aðgengilegar almenningi í hæfilegan tíma áður en notkunin hefst. Slík vefgátt ætti að auðvelda rétthöfum að undanskilja verk sín eða annað efni beitingu nytjaleyfa eða undanþágu eða takmörkunar. Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 386/2012 ([11]) er Hugverkastofu Evrópusambandsins falið að sinna tilteknum verkefnum og starfsemi sem er fjármögnuð með eigin fjárveitingum og beinist að því að auðvelda og styðja baráttu landsbundinna yfirvalda, einkageirans og meginstofnana Sambandsins gegn brotum á hugverkaréttindum, þ.m.t. forvarnir gegn þeim. Því er viðeigandi að fela Hugverkastofunni að koma á fót og stjórna vefgáttinni sem kemur slíkum upplýsingum á framfæri.

Auk þess að gera upplýsingarnar aðgengilegar gegnum vefgáttina gæti reynst nauðsynlegt að gera viðeigandi kynningarráðstafanir í hverju tilviki fyrir sig til að auka vitund hlutaðeigandi rétthafa að þessu leyti, t.d. með því að nota frekari samskiptaleiðir til þess að ná til breiðari hóps. Þörfin á frekari kynningarráðstöfunum, eðli þeirra og landfræðilegt gildissvið ætti að fara eftir eiginleikum viðkomandi verka eða annars efnis sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði, leyfisskilmálum eða því hvers eðlis notkunin samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni er, og gildandi starfsvenjum í aðildarríkjum. Kynningarráðstafanir ættu að vera skilvirkar án þess að upplýsa þurfi hvern einstakan rétthafa sérstaklega.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 386/2012 frá 19. apríl 2012 um að fela samhæfingarskrifstofu innri markaðarins (vörumerki og hönnun) verkefni sem varða framfylgd hugverkaréttinda, þ.m.t. að setja saman Evrópska athugunarstöð um brot á hugverkaréttindum skipaða fulltrúum opinberra aðila og úr einkageiranum (Stjtíð. ESB L 129, 16.5.2012, bls. 1).

42) Til að tryggja að leyfisveitingafyrirkomulagið, sem komið er á með þessari tilskipun fyrir verk eða annað efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði, sé viðeigandi og virki eðlilega, rétthafar njóti fullnægjandi verndar, nytjaleyfi séu birt með tilhlýðilegum hætti og réttarvissa sé fyrir hendi að því er varðar fyrirsvar sameiginlegra umsýslustofnana og flokkun verka, ættu aðildarríki að stuðla að skoðanaskiptum milli hagsmunaaðila í viðkomandi geirum.

43) Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun til að greiða fyrir veitingu heildarleyfa fyrir réttindum að verkum eða öðru efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði og er varanlega í safnkosti menningararfsstofnana ættu ekki að hafa áhrif á notkun slíkra verka eða annars efnis samkvæmt undanþágum eða takmörkunum sem kveðið er á í lögum Sambandsins eða samkvæmt öðrum samningskvaðaleyfum, þegar slík leyfisveiting er ekki byggð þeirri stöðu viðkomandi verka eða annars efnis að það sé ekki lengur fáanlegt á almennum markaði. Umræddar ráðstafanir ættu sömuleiðis ekki að hafa áhrif á landsbundið fyrirkomulag vegna notkunar verka eða annars efnis sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði á grundvelli nytjaleyfa milli sameiginlegra umsýslustofnana og annarra notenda en menningararfsstofnana.

44) Heildarleyfafyrirkomulag á grundvelli samningskvaða gerir sameiginlegri umsýslustofnun kleift að bjóða nytjaleyfi sem veitandi heildarleyfa fyrir hönd rétthafa, óháð því hvort þeir hafa veitt stofnuninni heimild til þess. Kerfi sem eru byggð á fyrirkomulagi á borð við samningskvaðaleyfi, lagalegt umboð eða ætlað fyrirsvar eru viðtekin venja í hinum ýmsu aðildarríkjum og er hægt að nota á mismunandi sviðum. Starfhæfur rammi um höfundarétt sem virkar fyrir alla aðila krefst þess að fyrir hendi sé hóflegt, lagalegt fyrirkomulag til veitingar nytjaleyfa fyrir verkum eða öðru efni. Aðildarríki ættu því að geta stuðst við lausnir sem heimila sameiginlegum umsýslustofnunum að bjóða nytjaleyfi sem ná yfir hugsanlega mikið magn verka eða annars efnis fyrir tilteknar tegundir notkunar og að úthluta tekjum af slíkum leyfum til rétthafa í samræmi við tilskipun 2014/26/ESB.

45) Með hliðsjón af eðli sumrar notkunar, auk þess sem yfirleitt er um mikið magn verka eða annars efnis að ræða, er kostnaður við afgreiðslu einstakra réttindamála gagnvart hverjum hlutaðeigandi rétthafa óhóflega hár. Af þessum sökum er ólíklegt að allir gerningar á viðkomandi sviðum, sem krafist er til að not slíkra verka eða annars efnis séu möguleg, myndu eiga sér stað án skilvirks leyfisveitingafyrirkomulags heildarleyfa. Samningskvaðaleyfi af hálfu sameiginlegra umsýslustofnana og álíka fyrirkomulag getur gert mögulegt að gera samninga á þeim sviðum þar sem heildarleyfi sem byggist á heimild frá rétthöfum veitir ekki tæmandi lausn sem nær yfir öll verk eða annað efni sem nota á. Slíkt fyrirkomulag kemur til fyllingar sameiginlegri umsýslu réttinda á grundvelli einstaklingsbundinna heimilda frá rétthöfum, með því að veita notendum fulla réttarvissu í tilteknum tilvikum. Á sama tíma veitir það rétthöfum tækifæri til að njóta ábata af lögmætri notkun verka sinna.

46) Í ljósi aukins mikilvægis þess að geta boðið sveigjanleg leyfiskerfi á stafrænni öld og síaukinnar notkunar slíkra kerfa ættu aðildarríki að geta kveðið á um leyfisveitingafyrirkomulag sem heimilar sameiginlegum umsýslustofnunum að gera nytjaleyfissamninga á valfrjálsum grundvelli, án tillits til þess hvort allir rétthafar hafi veitt hlutaðeigandi stofnun heimild til þess. Aðildarríki ættu að geta viðhaldið og komið á fót slíku fyrirkomulagi í samræmi við landsbundnar hefðir, starfsvenjur eða aðstæður, með fyrirvara um þær verndarráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun og í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðlegar skuldbindingar þess. Slíkt fyrirkomulag ætti aðeins að gilda á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis nema kveðið sé á um annað í lögum Sambandsins. Aðildarríki ættu að hafa sveigjanleika til að velja þá tilteknu gerð fyrirkomulags sem gerir kleift að láta nytjaleyfi fyrir verk eða annað efni ná einnig til réttinda rétthafa sem hafa ekki veitt stofnuninni sem gerir samkomulagið heimild, að því tilskildu að fyrirkomulagið sé í samræmi við lög Sambandsins, þ.m.t. við reglur um sameiginlega umsýslu réttinda sem kveðið er á um í tilskipun 2014/26/ESB. Einkum ætti slíkt fyrirkomulag einnig að tryggja að 7. gr. tilskipunar 2014/26/ESB gildi um rétthafa sem eru ekki félagsaðilar að stofnuninni sem gerir samkomulagið. Slíkt fyrirkomulag gæti tekið til samningskvaðaleyfa, lagalegs umboðs og ætlaðs fyrirsvars. Ákvæði þessarar tilskipunar um heildarleyfi ættu ekki að hafa áhrif á núverandi getu aðildarríkja til að beita skyldubundinni sameiginlegri umsýslu réttinda eða öðru fyrirkomulagi heildarleyfa á grundvelli samningskvaða á borð við það sem er að finna í 3. gr. tilskipunar ráðsins 93/83/EBE ([12]).

([12]) Tilskipun ráðsins 93/83/EBE frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarrétt og réttindi tengd höfundarrétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal (Stjtíð. EB L 248, 6.10.1993, bls. 15).

47) Mikilvægt er að fyrirkomulagi heildarleyfa á grundvelli samningskvaða sé aðeins beitt á vel skilgreindum notkunarsviðum þar sem yfirleitt er svo íþyngjandi og óhagkvæmt að afla heimildar rétthafa í hverju tilviki fyrir sig að sá leyfisgerningur sem er nauðsynlegur, þ.e. veiting leyfis sem tekur til allra rétthafa sem í hlut eiga, er ólíklegur vegna eðlis notkunarinnar eða þeirra tegunda verka eða annars efnis sem um er að ræða. Slíkt fyrirkomulag ætti að byggjast á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar að því er varðar meðferð rétthafa, þ.m.t. rétthafa sem eru ekki félagsaðilar að sameiginlegu umsýslustofnuninni. Einkum ætti sú staðreynd eingöngu, að viðkomandi rétthafar eru ekki ríkisborgarar, búsettir eða með staðfestu í aðildarríki notandans sem sækist eftir leyfi, ekki að vera ástæða í sjálfu sér til að telja afgreiðslu réttinda vera svo íþyngjandi og óhagkvæma að það réttlæti notkun slíks fyrirkomulags. Jafn mikilvægt er að notkunin samkvæmt leyfinu hafi hvorki neikvæð áhrif á fjárhagslegt virði viðeigandi réttinda né svipti rétthafa umtalsverðum viðskiptalegum ávinningi.

48) Aðildarríki ættu að tryggja að viðeigandi verndarráðstafanir séu fyrir hendi til verndar lögmætum hagsmunum rétthafa sem hafa ekki veitt stofnuninni sem býður leyfið umboð og að þessar verndarráðstafanir gildi án mismununar. Til að rýmri áhrif fyrirkomulagsins séu réttmæt ætti slík stofnun einkum að fara með, á grundvelli heimilda frá rétthöfum, fullnægjandi fyrirsvar fyrir þær tegundir verka eða annars efnis og þau réttindi sem nytjaleyfið tekur til. Aðildarríki ættu að ákvarða þær kröfur sem fullnægja þarf til að þessar stofnanir teljist fara með fullnægjandi fyrirsvar, með tilliti til þess flokks réttinda sem stofnunin hefur umsjón með, getu stofnunarinnar til að hafa skilvirka umsjón með réttindunum, þess skapandi geira sem hún starfar í og hvort stofnunin starfar fyrir verulegan fjölda rétthafa viðkomandi tegundar verka eða annars efnis sem hafa veitt umboð sem heimilar veitingu leyfis fyrir viðkomandi tegund notkunar, í samræmi við tilskipun 2014/26/ESB. Í þágu réttarvissu og til að tryggja tiltrú á fyrirkomulaginu ætti aðildarríkjum að vera heimilt að ákveða hverjir skuli bera lagalega ábyrgð að því er varðar notkun sem er heimiluð með nytjaleyfissamningnum. Tryggja ætti öllum rétthöfum verka sem eru hagnýtt samkvæmt nytjaleyfinu jafna meðferð, einkum að því er varðar aðgang að upplýsingum um leyfisveitinguna og útgreiðslu þóknunar. Kynningarráðstafanir ættu að vera skilvirkar á öllu leyfistímabilinu og ættu ekki að hafa í för með sér óhóflegt rekstrarlegt álag á notendur, sameiginlegar umsýslustofnanir eða rétthafa, og ekki ætti að þurfa að upplýsa hvern einstakan rétthafa sérstaklega.

Til þess að tryggja að rétthafar geti með auðveldum hætti tekið aftur stjórn á verkum sínum og til að koma í veg fyrir hvers kyns notkun á verkum þeirra sem gæti skaðað hagsmuni þeirra er brýnt að rétthöfum sé veitt raunverulegt tækifæri til að undanskilja verk sín eða annað efni beitingu slíks fyrirkomulags að því er varðar alla notkun og öll verk eða annað efni, eða að því er varðar tiltekna notkun og tiltekin verk eða annað efni, þ.m.t. áður en nytjaleyfi er veitt og á gildistíma leyfisins. Í slíkum tilvikum ætti að binda endi á yfirstandandi afnot innan hæfilegs tíma. Slík undantekning af hálfu rétthafa ætti ekki að hafa áhrif á kröfur þeirra um þóknun fyrir raunveruleg afnot af verkinu eða öðru efni samkvæmt nytjaleyfinu. Aðildarríki ættu einnig að geta ákveðið að viðeigandi sé að gera viðbótarráðstafanir til verndar rétthöfum. Slíkar viðbótarráðstafanir gætu t.d. falið í sér að hvetja til upplýsingaskipta milli sameiginlegra umsýslustofnana og annarra hagsmunaaðila í Sambandinu til vitundarvakningar um slíkt fyrirkomulag og þann kost sem rétthöfum stendur til boða að undanskilja verk sín eða annað efni þessu fyrirkomulagi.

49) Aðildarríki ættu að tryggja að tilgangur og gildissvið hvers nytjaleyfis sem er veitt samkvæmt fyrirkomulagi heildarleyfa á grundvelli samningskvaða, sem og hugsanleg notkun, séu ávallt skilgreind með ítarlegum og skýrum hætti í lögum eða, ef undirliggjandi lög eru almenn ákvæði, í þeim starfsvenjum sem viðhafðar eru við leyfisveitingar vegna slíkra almennra ákvæða, eða í nytjaleyfunum sem veitt eru. Möguleikinn á að nýta nytjaleyfi samkvæmt slíku fyrirkomulagi ætti einnig að vera takmarkaður við sameiginlegar umsýslustofnanir sem heyra undir landslög sem sett eru til framkvæmdar tilskipun 2014/26/ESB.

50) Í ljósi mismunandi hefða og reynslu að því er varðar fyrirkomulag heildarleyfa á grundvelli samningskvaða í hinum ýmsu aðildarríkjum og gildis þess gagnvart rétthöfum, án tillits til ríkisfangs þeirra eða í hvaða aðildarríki þeir eru búsettir, er mikilvægt að tryggja að gagnsæi og skoðanaskipti ríki á vettvangi Sambandsins um virkni slíks fyrirkomulags í reynd, einnig að því er varðar skilvirkni verndarráðstafana fyrir rétthafa, nothæfi slíks fyrirkomulags, áhrif þess á rétthafa sem eru ekki félagsaðilar að sameiginlegu umsýslustofnuninni eða á rétthafa með ríkisfang eða

búsetu í öðru aðildarríki og áhrif á veitingu þjónustu yfir landamæri, þ.m.t. hugsanlega þörf á að mæla fyrir um reglur um að slíkt fyrirkomulag gildi yfir landamæri á innri markaðnum. Í þágu gagnsæis ætti framkvæmdastjórnin að birta reglulega upplýsingar um notkun slíks fyrirkomulags samkvæmt þessari tilskipun. Aðildarríki sem hafa innleitt slíkt fyrirkomulag ættu því að tilkynna framkvæmdastjórninni um viðeigandi landsákvæði og beitingu þeirra í reynd, þ.m.t. gildissvið og tegundir leyfisveitinga sem teknar eru upp á grundvelli almennra ákvæða, umfang leyfisveitinga og sameiginlegar umsýslustofnanir sem eiga hlut að máli. Ræða ætti um slíkar upplýsingar við aðildarríkin í tengslanefndinni sem komið var á fót með 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2001/29/EB. Framkvæmdastjórnin ætti að birta skýrslu um notkun slíks fyrirkomulags í Sambandinu og áhrif þess á leyfisveitingar og rétthafa, um miðlun menningarlegs inntaks og um þjónustuveitingu yfir landamæri á sviði sameiginlegrar umsýslu höfundaréttar og skyldra réttinda, sem og um áhrif á samkeppni.

51) Myndmiðlunarþjónustur eftir pöntun (e. video-on-demand services) hafa möguleika á að gegna afgerandi hlutverki við miðlun hljóð- og myndmiðlaverka um allt Sambandið. Aðgengi að slíkum verkum, einkum evrópskum, hjá myndmiðlunarþjónustum eftir pöntun er þó enn takmarkað. Erfitt getur reynst að gera samninga um hagnýtingu slíkra verka á netinu vegna atriða sem tengjast leyfisveitingu vegna réttinda. Slíkt getur t.d. komið upp þegar handhafi réttinda fyrir tiltekið yfirráðasvæði hefur litla fjárhagslega hvata til að nýta verk á netinu og veitir ekki nytjaleyfi eða heldur eftir rétti til nýtingar á netinu, sem getur leitt til þess að hljóð- og myndmiðlaverk verði ófáanleg hjá myndmiðlunarþjónustum eftir pöntun. Önnur atriði geta tengst tímaramma hagnýtingar.

52) Til að auðvelda leyfisveitingu fyrir hljóð- og myndmiðlaverkum til myndmiðlunarþjónusta eftir pöntun ætti að krefjast þess að aðildarríki komi á fyrirkomulagi fyrir samningaviðræður sem gerir málsaðilum, sem óska þess að gera samning, kleift að leita aðstoðar óháðs aðila eða eins eða fleiri sáttasemjara. Í því skyni ætti aðildarríkjum að vera heimilt annaðhvort að koma á fót nýjum aðila eða njóta aðstoðar fyrirliggjandi aðila sem uppfyllir skilyrði þessarar tilskipunar. Aðildarríki ættu að geta tilnefnt einn eða fleiri lögbæra aðila eða sáttasemjara. Aðilinn eða sáttasemjararnir ættu að eiga fund með málsaðilum og aðstoða við samningaviðræðurnar með því að veita faglega, óháða og utanaðkomandi ráðgjöf. Ef málsaðilar frá mismunandi aðildarríkjum taka þátt í samningaviðræðum og þessir aðilar ákveða að notfæra sér samningaviðræðufyrirkomulagið ættu þeir að koma sér saman um lögbært aðildarríki fyrirfram. Aðilinn eða sáttasemjararnir gætu átt fund með málsaðilunum til að auðvelda upphaf samningaviðræðnanna eða meðan á viðræðunum stendur til að greiða fyrir gerð samnings. Þátttaka í slíku samningaviðræðufyrirkomulagi og gerð samninga í kjölfarið ætti að vera valfrjáls og ætti ekki að hafa áhrif á samningsfrelsi málsaðila. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að útfæra samningaviðræðufyrirkomulagið nánar, m.a. tímasetningu og tímalengd aðstoðar við samningsviðræður og hver skuli bera kostnaðinn. Aðildarríki ættu að tryggja að rekstrarlegt og fjárhagslegt álag haldist hóflegt til að tryggja skilvirkni samningaviðræðufyrirkomulagsins. Aðildarríki ættu, enda þótt þeim sé það ekki skylt, að hvetja til skoðanaskipta milli stofnana sem fara með fyrirsvar.

53) Þegar verndartími verks rennur út hefur það í för með sér að verkið nýtur ekki lengur höfundarverndar og réttindin, sem höfundaréttur Sambandsins veitir í sambandi við það verk, falla niður. Á sviði sjónlista stuðlar dreifing nákvæmra eftirgerða verka sem ekki njóta lengur höfundarverndar að aðgengi að og kynningu á menningu og aðgangi að menningararfleifð. Í stafrænu umhverfi er verndun slíkra eftirgerða með höfundarrétti eða skyldum réttindum ósamrýmanleg því að höfundaréttarvernd verka falli niður. Að auki valda ólík landslög á sviði höfundaréttar sem vernda slíkar eftirgerðir réttaróvissu og hafa áhrif á miðlun sjónlistaverka sem ekki njóta lengur höfundarverndar yfir landamæri. Tilteknar eftirgerðir sjónlistaverka sem ekki njóta lengur höfundarverndar ættu af þeim sökum ekki að njóta verndar samkvæmt höfundarétti eða skyldum réttindum. Allt þetta ætti þó ekki að koma í veg fyrir að menningararfsstofnanir geti selt eftirgerðir, s.s. póstkort.

54) Frjáls fréttamiðlun sem byggist á fjölhyggju er nauðsynleg til að tryggja blaðamennsku í háum gæðaflokki og aðgang borgaranna að upplýsingum. Hún er grundvallarframlag til opinberrar umræðu og eðlilegrar starfsemi lýðræðisþjóðfélags. Mikið framboð af útgefnu fréttaefni á netinu hefur leitt til þess að ýmis ný þjónusta á netinu hefur litið dagsins ljós, s.s. fréttasafnarar eða fjölmiðlavaktþjónusta, þar sem endurnotkun á útgefnu fréttaefni er mikilvægur hluti viðskiptalíkana þeirra og tekjulind. Útgefendur fréttaefnis standa frammi fyrir vanda við veitingu

leyfa til þeirra sem veita slíka þjónustu fyrir notkun á útgefnu efni þeirra á netinu, og það gerir þeim erfiðara fyrir við að fá fjárfestingar sínar bættar. Meðan útgefendur fréttaefnis eru ekki viðurkenndir sem rétthafar er veiting nytjaleyfa og framfylgd réttinda að útgefnu fréttaefni vegna notkunar þess á netinu af hálfu þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu í hinu stafræna umhverfi oft flókin og óskilvirk.

55) Viðurkenna þarf skipulagt og fjárhagslegt framlag útgefenda til framleiðslu á útgefnu fréttaefni og hvetja enn frekar til þess til að tryggja sjálfbærni útgáfustarfsemi og ýta þar með undir aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum. Því er nauðsynlegt að kveða á um samræmda lögvernd á vettvangi Sambandsins fyrir útgefið fréttaefni að því er varðar notkun þess á netinu af hálfu þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu, án þess að það hafi áhrif á núverandi reglur um höfundarétt í lögum Sambandsins sem gilda um notkun einstakra notenda á útgefnu fréttaefni í einkaþágu eða sem er ekki í viðskiptalegum tilgangi, þ.m.t. þegar slíkir notendur deila útgefnu fréttaefni á netinu. Tryggja ætti slíka vernd með skilvirkum hætti með því að taka upp í lög Sambandsins réttindi tengd höfundarétti vegna eftirgerðar og miðlunar til almennings á fréttaefni, sem gefið er út af útgefanda með staðfestu í aðildarríki, að því er varðar notkun þess á netinu af hálfu þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 ([13]). Lögvernd útgefins fréttaefnis sem kveðið er á um í þessari tilskipun ætti að gagnast útgefendum sem hafa staðfestu í aðildarríki og hafa skráða skrifstofu sína, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð innan Sambandsins.

Líta ætti svo á að hugtakið útgefandi fréttaefnis nái yfir þjónustuveitendur, s.s. fréttaútgefendur eða fréttastofur, þegar þær gefa út fréttaefni í skilningi þessarar tilskipunar.

56) Að því er varðar þessa tilskipun er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið „útgefið fréttaefni“ þannig að það taki aðeins til fréttatengds efnis sem er birt á hvaða miðli sem er, þ.m.t. á pappír, innan ramma atvinnustarfsemi sem telst vera þjónustustarfsemi samkvæmt lögum Sambandsins. Útgefið fréttaefni sem þetta ætti að taka til er t.d. dagblöð, viku- eða mánaðarrit almenns eða sértæks efnis, þ.m.t. tímarit í áskrift, og fréttavefsetur. Útgefið fréttaefni inniheldur að mestu samið mál, en einnig í auknum mæli aðrar tegundir verka og annars efnis, einkum ljósmyndir og myndbönd. Reglubundnar útgáfur í vísinda- eða fræðaskyni, s.s. vísindatímarit, ættu ekki að falla undir þá vernd sem veitt er útgefnu fréttaefni samkvæmt þessari tilskipun. Þessi vernd ætti ekki heldur að gilda um vefsetur, s.s. blogg, sem veita upplýsingar sem hluta af starfsemi sem ekki fer fram að frumkvæði, á ritstjórnarábyrgð og undir eftirliti þjónustuveitanda á borð við fréttaútgefanda.

57) Réttindin sem veitt eru útgefendum fréttaefnis samkvæmt þessari tilskipun ættu að hafa sama gildissvið og rétturinn til eftirgerðar og rétturinn til miðlunar til almennings, sem kveðið er á um í tilskipun 2001/29/EB, að því er varðar notkun á netinu af hálfu þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu. Réttindin sem veitt eru útgefendum fréttaefnis ættu ekki að ná til tenglasetningar (e. hyperlinking). Þau ættu ekki heldur að ná til beinna staðreynda sem greint er frá í útgefnu fréttaefni. Réttindin sem veitt eru útgefendum fréttaefnis samkvæmt þessari tilskipun ættu einnig að heyra undir sömu ákvæði um undanþágur og takmarkanir og gilda um réttindin sem kveðið er á um í tilskipun 2001/29/EB, þ.m.t. undanþáguna þegar um er að ræða tilvitnanir vegna gagnrýni eða ritdóma sem kveðið er á um í d-lið 3. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.

58) Notkun þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu á útgefnu fréttaefni getur falist í notkun útgefins efnis í heild eða heilla greina, en einnig á hlutum útgefins fréttaefnis. Slík notkun á hlutum útgefins fréttaefnis hefur einnig öðlast fjárhagslegt mikilvægi. Jafnframt kann að vera að notkun þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu á einstökum orðum eða mjög stuttum útdráttum úr útgefnu fréttaefni grafi ekki undan fjárfestingum útgefenda fréttaefnis í framleiðslu efnis. Af þeim sökum þykir rétt að kveða á um að notkun einstakra orða eða mjög stuttra útdrátta úr útgefnu fréttaefni ætti ekki að falla undir gildissvið réttindanna sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Með tilliti til hinnar umfangsmiklu samsöfnunar og notkunar þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu á útgefnu fréttaefni er mikilvægt að undanþágan fyrir mjög stutta útdrætti sé túlkuð þannig að hún hafi ekki áhrif á skilvirkni réttindanna sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 frá 9. september 2015 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1).

59) Verndin sem er veitt útgefendum fréttaefnis með þessari tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á réttindi höfunda og annarra rétthafa í verkum og öðru efni sem eru felld inn í það, einnig að því er varðar að hve miklu leyti höfundar og aðrir rétthafar geta hagnýtt verk sín eða annað efni óháð því útgefna fréttaefni sem þau eru felld inn í. Útgefendur fréttaefnis ættu því ekki að geta skírskotað til þeirrar verndar, sem þeim er veitt með þessari tilskipun, gagnvart höfundum og öðrum rétthöfum eða gagnvart öðrum notendum sem hafa heimild til afnota af sömu verkum eða öðru efni. Það ætti ekki að hafa áhrif á samningsbundið fyrirkomulag milli útgefenda fréttaefnis annars vegar og höfunda og annarra rétthafa hins vegar. Höfundar verka sem eru felld inn í útgefið fréttaefni ættu að eiga rétt á viðeigandi hlutdeild í þeim tekjum sem útgefendur fá af notkun þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu á útgefnu fréttaefni þeirra. Það ætti ekki að hafa áhrif á landslög um eignarhald eða nýtingu réttinda í tengslum við ráðningarsamninga, að því tilskildu að slík lög samrýmist lögum Sambandsins.

60) Útgefendur, þ.m.t. þeir sem gefa út fréttaefni, bækur eða vísindarit og tónverk, starfa oft á grundvelli framsals réttinda frá höfundum með samningi eða samkvæmt lagaákvæðum. Í því sambandi ráðast útgefendur í fjárfestingu með það fyrir augum að hagnýta verkin sem er að finna í útgáfu þeirra, og geta í sumum tilvikum orðið af tekjum ef slík verk eru notuð samkvæmt undanþágum eða takmörkunum á borð við þær sem gilda um eintakagerð til einkanota og fjölföldun, þ.m.t. samsvarandi fyrirliggjandi landsbundnu fyrirkomulagi sem gildir um fjölföldun í aðildarríkjunum eða samkvæmt fyrirkomulagi útlána til almennings. Í nokkrum aðildarríkjum skiptast bætur fyrir notkun samkvæmt þessum undanþágum eða takmörkunum milli höfunda og útgefenda. Til að taka mið af þessum aðstæðum og til að bæta réttarvissu í þágu allra sem hlut eiga að máli heimilar þessi tilskipun aðildarríkjum, sem hafa gildandi fyrirkomulag um skiptingu bóta milli höfunda og útgefenda, að viðhalda því. Það er einkum mikilvægt fyrir aðildarríki sem höfðu slíkt fyrirkomulag fyrir skiptingu bóta fyrir 12. nóvember 2015, enda þótt bætur skiptist ekki í öðrum aðildarríkjum og renni einungis til höfunda í samræmi við landsbundna stefnu í menningarmálum. Enda þótt þessi tilskipun ætti að gilda án mismununar fyrir öll aðildarríki ætti hún að virða hefðir á þessu sviði og ekki skylda aðildarríki, sem ekki hafa þegar slíkt fyrirkomulag skiptingar bóta, til að taka það upp. Hún ætti ekki að hafa áhrif á gildandi eða framtíðartilhögun í aðildarríkjum varðandi þóknun í tengslum við útlán til almennings.

Hún ætti heldur ekki að hafa áhrif á landsbundna tilhögun varðandi umsjón réttinda og varðandi rétt til þóknunar, að því tilskildu að hún sé í samræmi við lög Sambandsins. Öllum aðildarríkjum ætti að vera heimilt, en ekki skylt, að kveða á um að útgefendur eigi rétt á hluta af slíkum bótum, ef höfundar hafa framselt réttindi sín eða veitt leyfi fyrir þeim til útgefanda eða hafa á annan hátt lagt af mörkum til útgáfu með verkum sínum, og kerfi eru fyrir hendi til að bæta það tjón sem undanþága eða takmörkun bakar þeim, einnig fyrir milligöngu sameiginlegra umsýslustofnana sem eru í sameiginlegu fyrirsvari bæði fyrir höfunda og útgefendur. Aðildarríkjum ætti áfram að vera frjálst að ákvarða hvernig útgefendur skuli rökstyðja kröfur sínar um bætur eða þóknun og að mæla fyrir um skilyrðin fyrir skiptingu slíkra bóta eða þóknunar milli höfunda og útgefenda í samræmi við landsbundin kerfi sín.

61) Á undanförnum árum hefur markaðurinn fyrir efni á netinu sífellt orðið flóknari. Efnisdeiliþjónusta á netinu (e. online content-sharing services), sem veitir aðgang að miklu magni höfundaréttarvarins efnis sem notendur hlaða upp, hefur orðið meginuppspretta aðgangs að efni á netinu. Þjónusta á netinu er leið til að veita víðtækari aðgang að menningarlegum og skapandi verkum og veitir atvinnugreinum á menningarsviðinu og skapandi greinum mikil tækifæri til að þróa ný viðskiptalíkön. Enda þótt slík þjónusta ýti undir fjölbreytni og auðveldan aðgang að efni skapar hún samt sem áður áskoranir þegar höfundaréttarvörðu efni er hlaðið upp án fyrir fram heimildar rétthafa. Réttaróvissa ríkir um hvort athafnir veitenda slíkrar þjónustu varði höfundarétt og þeir þurfi að afla heimildar rétthafa fyrir efni sem hlaðið er upp af notendum þeirra sem ekki eru handhafar viðeigandi réttinda að efninu sem hlaðið er upp, sbr. þó beitingu þeirra undanþága og takmarkana sem kveðið er á um í lögum Sambandsins. Þessi óvissa hefur áhrif á möguleika rétthafa til að ákvarða hvort og með hvaða skilyrðum verk þeirra og annað efni er notað, sem og möguleika þeirra til að fá viðeigandi þóknun fyrir slíka notkun. Af þessum sökum er mikilvægt að stuðla að þróun markaðar fyrir leyfisveitingar milli rétthafa og veitenda efnisdeiliþjónustu á netinu. Slíkir nytjaleyfissamningar ættu að vera sanngjarnir og tryggja

viðunandi jafnvægi milli aðila. Rétthafar ættu að fá viðeigandi þóknun fyrir notkun verka sinna og annars efnis. Þar sem þessum ákvæðum er ekki ætlað að hafa áhrif á samningsfrelsi ætti rétthöfum þó ekki að vera skylt að veita heimild eða gera nytjaleyfissamninga.

62) Tiltekin þjónusta í upplýsingasamfélaginu er, innan ramma venjulegrar notkunar, gerð til þess að veita almenningi aðgang að höfundaréttarvörðu efni eða öðru efni sem notendur hennar hlaða upp. Skilgreiningin á veitanda efnisdeiliþjónustu á netinu sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun ætti eingöngu að beinast að þjónustu á netinu sem gegnir mikilvægu hlutverki á markaðnum fyrir efni á netinu með því að vera í samkeppni við aðra efnisveituþjónustu á netinu, s.s. streymiþjónustu hljóð- og myndefnis á netinu, fyrir sömu markhópa. Þjónusta sem fellur undir þessa tilskipun er þjónusta sem hefur þann megintilgang eða einn megintilgangur hennar er að geyma og gera notendum kleift að hlaða upp og deila miklu magni af höfundaréttarvörðu efni, með það fyrir augum að hafa hagnað af, annaðhvort með beinum eða óbeinum hætti, með því að skipuleggja efnið og kynna það til þess að ná til stærri markhóps, m.a. með því að flokka það og fella markvissa kynningu inn í það. Til slíkrar þjónustu ætti ekki að telja þjónustu sem hefur annan megintilgang en þann að gera notendum kleift að hlaða upp og deila miklu magni af höfundaréttarvörðu efni, með það fyrir augum að hafa hagnað af þeirri starfsemi. Síðarnefnd þjónusta nær t.d. yfir rafræna fjarskiptaþjónustu í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 ([14]), sem og yfir veitendur skýjaþjónustu milli fyrirtækja og skýjaþjónustu sem leyfir notendum að hlaða upp efni til eigin nota, s.s. skráarhýsingu (e. cyberlockers), eða netmarkaði sem hafa þá meginstarfsemi að stunda smásöluverslun á netinu og veita ekki aðgang að höfundaréttarvörðu efni.

Veitendur þjónustu á borð við þróunar- og deilivettvanga fyrir opinn hugbúnað, vísindaleg eða fræðslutengd gagnasöfn sem ekki eru í hagnaðarskyni, sem og alfræðirit á netinu sem ekki eru í hagnaðarskyni, ættu einnig að vera undanskildir skilgreiningunni á veitanda efnisdeiliþjónustu á netinu. Til að tryggja öfluga höfundaréttarvernd ætti kerfið um undanþágu frá bótaábyrgð sem kveðið er á um í þessari tilskipun ekki að gilda um þjónustuveitendur sem hafa að megintilgangi að taka þátt í eða greiða fyrir óheimilli hagnýtingu höfundaréttarvarins hugverks (e. copyright piracy).

63) Meta ætti í hverju tilviki um sig hvort veitandi efnisdeiliþjónustu á netinu geymir og veitir aðgang að miklu magni höfundaréttarvarins efnis og ætti við matið að taka tillit til ýmissa þátta, s.s. markhóps þjónustunnar og fjölda skráa með höfundaréttarvörðu efni sem notendur þjónustunnar hlaða upp.

64) Rétt þykir að skýra í þessari tilskipun að þegar veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu veita almenningi aðgang að höfundaréttarvörðum verkum eða öðru vernduðu efni sem notendur þeirra hlaða upp er um að ræða opinberan flutning eða miðlun til almennings. Þar af leiðandi ættu veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu að afla heimildar frá viðkomandi rétthöfum, m.a. með nytjaleyfissamningi. Þetta hefur ekki áhrif á hugtökin opinber flutningur eða miðlun til almennings annars staðar í löggjöf Sambandsins, og hefur ekki heldur áhrif á mögulega beitingu 1. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2001/29/EB gagnvart öðrum þjónustuveitendum sem nota höfundaréttarvarið efni.

65) Þegar veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu bera ábyrgð á opinberum flutningi eða miðlun til almennings samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, ætti 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2000/31/EB ekki að gilda um bótaábyrgðina sem hlýst af ákvæði þessarar tilskipunar um notkun veitenda efnisdeiliþjónustu á netinu á efni sem nýtur verndar. Það ætti ekki að hafa áhrif á beitingu 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2000/31/EB gagnvart slíkum þjónustuveitendum vegna atvika sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

66) Með tilliti til þess að veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu veita aðgang að efni sem þeir hafa ekki sjálfir hlaðið upp, heldur notendur þeirra, þykir rétt að kveða á um sérstakt kerfi bótaábyrgðar til að ná tilgangi tilskipunar þessarar í þeim tilvikum þegar engin heimild hefur verið veitt. Það ætti ekki að hafa áhrif á úrræði samkvæmt landslögum

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtíð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).

í málum sem varða annað en bótaábyrgð vegna brots á höfundarétti og ekki heldur á möguleika landsbundinna dómstóla eða stjórnsýsluyfirvalda til að úrskurða um lögbann í samræmi við lög Sambandsins. Einkum ætti hið sérstaka kerfi sem gildir um nýja veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu, sem hafa ársveltu undir 10 milljónum evra og mánaðarlegan meðalfjölda stakra heimsókna í Sambandinu sem fer ekki yfir fimm milljónir, ekki að hafa áhrif á hvort úrræði séu tiltæk samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum. Hafi þjónustuveitendum ekki verið veitt heimild ættu þeir að gera sitt ýtrasta, í samræmi við ströng viðmið atvinnugreinarinnar um faglega kostgæfni, til að koma í veg fyrir að verk og annað efni, sem tilgreind hafa verið af viðkomandi rétthöfum, séu í boði hjá efnisdeiliþjónustu án heimildar. Með þetta fyrir augum ættu rétthafar, m.a. að teknu tilliti til stærðar rétthafa og tegundar verka og annars efnis, að veita þjónustuveitendum viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar. Þær ráðstafanir sem veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu gera í samvinnu við rétthafa ættu ekki að leiða til þess að komið verði í veg fyrir aðgengi að efni sem heimilt er að dreifa, þ.m.t. verk eða annað verndað efni sem heyrir undir nytjaleyfissamning eða undanþágu eða takmörkun á höfundarétti og skyldum réttindum. Ráðstafanir sem slíkir þjónustuveitendur gera ættu því ekki að hafa áhrif á þá notendur sem nota efnisdeiliþjónustuna á netinu til að hlaða upp og nálgast upplýsingar með lögmætum hætti hjá slíkri þjónustu.

Til viðbótar ættu þær skyldur sem innleiddar eru með þessari tilskipun ekki að hafa í för með sér að aðildarríki leggi á almenna eftirlitsskyldu. Þegar metið er hvort veitandi efnisdeiliþjónustu á netinu hafi gert sitt ýtrasta í samræmi við ströng viðmið atvinnugreinarinnar um faglega kostgæfni, ætti að taka tillit til þess hvort þjónustuveitandinn hefur gert allar ráðstafanir sem samviskusamur rekstraraðili hefði gert til að ná þeim árangri að koma í veg fyrir að verk og annað efni sé í boði á vefsetri hans án heimildar, með tilliti til bestu starfsvenja í atvinnugreininni og skilvirkni þeirra ráðstafana sem gerðar voru í ljósi allra viðeigandi þátta og þróunar, ásamt meginreglunni um meðalhóf. Að því er varðar þetta mat ætti að íhuga fleiri þætti, s.s. stærð þjónustunnar, stöðuga þróun nýjustu tækniþekkingar að því er varðar fyrirliggjandi leiðir, þ.m.t. hugsanlega þróun í framtíðinni, til að koma í veg fyrir aðgengi að mismunandi tegundum efnis og kostnað við slíkar leiðir fyrir þjónustuna. Mismunandi leiðir til að forðast að höfundaréttarverndað efni sé aðgengilegt án heimildar gætu verið viðeigandi og hóflegar eftir því um hvers konar efni er að ræða og því er ekki hægt að útiloka að í sumum tilvikum sé eingöngu hægt að koma í veg fyrir að efni sé aðgengilegt án heimildar ef tilkynning berst um það frá rétthöfum. Allar ráðstafanir sem þjónustuveitendur gera ættu að vera skilvirkar með tilliti til markmiðanna sem stefnt er að en ættu ekki að ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði að koma í veg fyrir og stöðva aðgengi að verkum og öðru efni sem er án heimildar.

Ef verk og annað efni verða aðgengileg án heimildar þrátt fyrir ýtrustu viðleitni í samvinnu við rétthafa, eins og krafist er í þessari tilskipun, ættu veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu að vera ábyrgir varðandi þau tilteknu verk og annað efni sem þeir hafa fengið viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar um frá rétthöfum, nema þessir veitendur sýni fram á að þeir hafi gert sitt ýtrasta í samræmi við ströng viðmið atvinnugreinarinnar um faglega kostgæfni.

Að auki, hafi tiltekin verk eða annað efni orðið aðgengileg án heimildar hjá efnisdeiliþjónustu á netinu, óháð því hvort ýtrasta viðleitni var viðhöfð og óháð því hvort rétthafar höfðu gert viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar fyrir fram, ættu veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu að vera ábyrgir fyrir óheimilli miðlun til almennings á verkum eða öðru efni hafi þeir látið hjá líða, eftir að þeim hefur borist fullnægjandi rökstudd tilkynning, að grípa til tafarlausra aðgerða til að hindra aðgang að verkunum eða öðru efni sem tilkynnt var um eða fjarlægja þau af vefsetrum sínum. Auk þess ættu slíkir veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu einnig að vera ábyrgir ef þeir geta ekki sýnt fram á að þeir hafi gert sitt ýtrasta til að koma í veg fyrir frekara upphal á tilteknum verkum án heimildar á grundvelli viðeigandi og nauðsynlegra upplýsinga sem rétthafar hafa veitt í þessu skyni.

Ef rétthafar láta veitendum efnisdeiliþjónustu á netinu ekki í té viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar um tiltekin verk sín eða annað efni eða ef rétthafar hafa ekki sent frá sér tilkynningu varðandi hindrun aðgangs að tilteknum verkum eða öðru efni sem er á efnisdeiliþjónustunni án heimildar eða fjarlægingu þeirra og þjónustuveitendurnir geta af þeim sökum ekki gert sitt ýtrasta til að koma í veg fyrir aðgengi að óheimilu efni hjá þjónustu sinni í samræmi við ströng

efni hjá þjónustu sinni í samræmi við ströng viðmið atvinnugreinarinnar um faglega kostgæfni, ættu slíkir þjónustuveitendur ekki að vera ábyrgir fyrir óheimilum opinberum flutningi eða miðlun til almennings á slíkum ótilgreindum verkum eða öðru efni.

67) Á líkan hátt og 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2014/26/ESB kveður þessi tilskipun á um reglur að því er varðar nýja þjónustu á netinu. Reglunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun er ætlað að taka tillit til sérstakra aðstæðna sprotafyrirtækja sem vinna með efni sem notendur hlaða upp til að þróa ný viðskiptalíkön. Hið sérstaka kerfi sem gildir um nýja þjónustuveitendur með litla veltu og lítinn markhóp ætti að gagnast raunverulega nýjum fyrirtækjum og ætti þess vegna að hætta að gilda þremur árum eftir að þjónusta þeirra varð fyrst aðgengileg á netinu innan Sambandsins. Ekki ætti að misnota þetta kerfi með ráðstöfunum sem miða að því að framlengja ávinning af því umfram fyrstu þrjú árin. Einkum ætti það ekki að gilda um nýlega stofnaða þjónustu eða þjónustu sem starfar undir nýju heiti en sem heldur áfram starfsemi sem veitandi efnisdeiliþjónustu á netinu sem er þegar starfandi, sem gæti ekki, eða gæti ekki lengur notið góðs af umræddu kerfi.

68) Veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu ættu að gæta gagnsæis gagnvart rétthöfum að því er varðar ráðstafanir sem eru gerðar í tengslum við samvinnu. Þar sem veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu gætu gripið til ýmissa aðgerða ættu þeir að veita rétthöfum, að beiðni þeirra, fullnægjandi upplýsingar um til hvers konar aðgerða hefur verið gripið og með hvaða hætti. Slíkar upplýsingar ættu að vera nægilega sértækar til að tryggja rétthöfum fullnægjandi gagnsæi án þess að það komi niður á viðskiptaleyndarmálum veitenda efnisdeiliþjónustu á netinu. Þó ættu þjónustuveitendur ekki að þurfa að veita rétthöfum sundurliðaðar og einstaklingsbundnar upplýsingar um hvert tilgreint verk eða annað efni. Það ætti ekki að hafa áhrif á samningsbundið fyrirkomulag sem gæti innihaldið sértækari ákvæði um þær upplýsingar sem á að veita ef gerðir eru samningar milli þjónustuveitenda og rétthafa.

69) Ef veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu afla heimilda, m.a. með nytjaleyfissamningum, til að nota hjá þjónustu sinni efni sem notendur þjónustunnar hlaða upp ættu heimildirnar einnig að ná yfir aðgerðir sem varða höfundarétt þegar um er að ræða upphal notenda sem fellur innan gildissviðs heimildarinnar sem veitt er þjónustuveitendunum, en aðeins í þeim tilvikum þar sem aðgerðir notendanna eru ekki í viðskiptalegum tilgangi, s.s. deiling efnis sem er ekki í hagnaðarskyni, eða ef tekjurnar sem fást af upphali þeirra eru óverulegar með tilliti til aðgerða notendanna sem varða höfundarétt sem slíkar heimildir taka til. Hafi rétthafar með skýrum hætti veitt notendum heimild til að hlaða upp verkum eða öðru efni og gera þau aðgengileg á efnisdeiliþjónustu á netinu er opinber flutningur af hálfu þjónustuveitandans heimill innan gildissviðs þeirrar heimildar sem rétthafinn veitti. Þó ætti ekki að ganga út frá þeirri forsendu, í þágu veitenda efnisdeiliþjónustu á netinu, að notendur þeirra hafi tryggt sér öll viðeigandi réttindi.

70) Þær ráðstafanir sem veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu gera í samvinnu við rétthafa ættu ekki að hafa áhrif á beitingu undanþága eða takmarkana á höfundarétti, þ.m.t. einkum þeirra sem tryggja tjáningarfrelsi notenda. Notendum ætti að vera heimilt að hlaða upp og gera aðgengilegt efni framleitt af notendum ef um er að ræða notkun vegna tilvitnunar, gagnrýni, ritdóma, skopmyndar, skopstælingar eða annarrar stælingar. Það er einkum mikilvægt til þess að skapa jafnvægi milli grundvallarréttindanna sem mælt er fyrir um í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálanum um grundvallarréttindi“), einkum tjáningarfrelsisins og frelsis í listum, og eignarréttarins, þ.m.t. hugverkaréttinda. Til þess að tryggja að notendur njóti samræmdrar verndar í öllu Sambandinu ætti því að gera þessar undanþágur og takmarkanir skyldubundnar. Mikilvægt er að tryggja að veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu starfræki skilvirkt kerfi fyrir kvartanir og úrlausn mála til að styðja við notkun í slíkum sértækum tilgangi.

Veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu ættu einnig að setja upp skilvirk og fljótvirk kerfi fyrir kvartanir og úrlausn mála, sem gera notendum kleift að kvarta undan ráðstöfunum sem gerðar eru varðandi upphal þeirra, einkum þegar þeir gætu notið góðs af undanþágu eða takmörkun á höfundarétti í tengslum við efni sem hlaðið hefur verið upp og aðgangur hefur verið hindraður að eða sem hefur verið fjarlægt. Allar kvartanir sem lagðar eru fram samkvæmt slíkum kerfum ætti að

taka til meðferðar án ótilhlýðilegrar tafar og þær sæta mannlegri rýni. Þegar rétthafar óska eftir að þjónustuveitandi grípi til aðgerða gegn upphali notenda, s.s. með því að hindra aðgang að eða fjarlægja efni sem hefur verið hlaðið upp, ættu slíkir rétthafar að rökstyðja beiðnir sínar með tilhlýðilegum hætti. Enn fremur ætti samvinna ekki að leiða til auðkenningar á einstökum notendum né heldur til vinnslu persónuupplýsinga, nema í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ([15]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([16]). Aðildarríki ættu einnig að sjá til þess að notendur hafi aðgang að fyrirkomulagi til að leysa úr málum utan dómstóla. Slíkt fyrirkomulag ætti að gera það mögulegt að ná fram óhlutdrægri lausn deilumála. Notendur ættu einnig að geta leitað til dómstóls eða annars lögbærs úrskurðaraðila til að halda fram rétti til að nýta undanþágu eða takmörkun á höfundarétti og skyldum réttindum.

71) Eins fljótt og unnt er eftir gildistökudag þessarar tilskipunar ætti framkvæmdastjórnin, í samvinnu við aðildarríki, að skipuleggja skoðanaskipti milli hagsmunaaðila til að tryggja samræmda beitingu skyldunnar um samstarf milli veitenda efnisdeiliþjónustu á netinu og rétthafa og setja niður bestu starfsvenjur með tilliti til viðeigandi krafna starfsgreinarinnar um faglega kostgæfni. Í því skyni ætti framkvæmdastjórnin að hafa samráð við viðeigandi hagsmunaaðila, þar á meðal samtök notenda og þá sem láta í té tæknina, og taka tillit til þróunar á markaði. Samtök notenda ættu einnig að hafa aðgang að upplýsingum um aðgerðir veitenda efnisdeiliþjónustu á netinu til að hafa umsjón með efni á netinu.

72) Höfundar og listflytjendur eru gjarnan í veikari samningsstöðu þegar þeir veita nytjaleyfi eða framselja réttindi sín, einnig gegnum sín eigin fyrirtæki, til hagnýtingar gegn þóknun og þessir einstaklingar hafa þörf fyrir þá vernd sem veitt er með þessari tilskipun til að geta til fulls notið góðs af þeim réttindum sem eru samræmd með lögum Sambandsins. Sú þörf fyrir vernd er ekki fyrir hendi þegar samningsmótaðilinn kemur fram sem endanlegur notandi og hagnýtir ekki sjálfur verkið eða listflutninginn, sem gæti t.d. verið raunin í sumum ráðningarsamningum.

73) Þóknun til höfunda og listflytjenda ætti að vera viðeigandi og í réttu hlutfalli við raunverulegt eða hugsanlegt fjárhagslegt virði réttindanna sem veitt er nytjaleyfi fyrir eða eru framseld, að teknu tilliti til framlags höfundarins eða listflytjandans til heildarverksins eða annars efnis og allra annarra málavaxta, s.s. markaðsvenja eða raunverulegrar hagnýtingar verksins. Eingreiðsla getur einnig talist hlutfallsleg þóknun, en ætti ekki að vera reglan. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að skilgreina sérstök tilvik þar sem beitt er eingreiðslum, með tilliti til sérstakra eiginleika hvers geira. Aðildarríkjum ætti að vera frjálst að koma meginreglunni um viðeigandi og hlutfallslega þóknun í framkvæmd gegnum ýmiss konar núverandi eða nýlega innleitt fyrirkomulag, sem gæti tekið til rammasamninga og annars fyrirkomulags að því tilskildu að fyrirkomulagið sé í samræmi við viðeigandi lög Sambandsins.

74) Höfundar og listflytjendur þarfnast upplýsinga til að geta metið fjárhagslegt virði réttinda sinna sem eru samræmd samkvæmt lögum Sambandsins. Þetta á einkum við ef einstaklingar veita nytjaleyfi eða framselja réttindi til hagnýtingar gegn þóknun. Þessi þörf er ekki fyrir hendi ef hagnýtingu hefur verið hætt eða ef höfundur eða listflytjandi hefur veitt almenningi nytjaleyfi án þóknunar.

75) Þar sem höfundar og listflytjendur eru gjarnan í veikari samningsstöðu þegar þeir veita nytjaleyfi eða framselja réttindi sín, þarfnast þeir upplýsinga til að meta áframhaldandi fjárhagslegt virði réttinda sinna í samanburði við þá þóknun sem þeir fá fyrir nytjaleyfið eða framsalið, en standa oft frammi fyrir skorti á gagnsæi. Af þeim sökum er miðlun fullnægjandi og nákvæmra upplýsinga frá samningsmótaðilum þeirra eða síðari handhöfum réttinda mikilvæg í þágu

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

gagnsæis og jafnvægis í kerfinu sem gildir um þóknun til höfunda og listflytjenda. Upplýsingarnar ættu að vera uppfærðar til að unnt sé að hafa aðgang að nýjustu viðeigandi gögnum varðandi hagnýtingu verksins eða listflutningsins og heildstæðar, þannig að þær nái yfir allar tekjulindir sem varða viðkomandi mál, þ.m.t. tekjur af söluvarningi ef við á. Svo lengi sem hagnýting stendur yfir ættu samningsmótaðilar höfunda og listflytjenda að veita þær upplýsingar sem þeim eru tiltækar um alla hagnýtingarmáta og um allar viðkomandi tekjur um allan heim með því reglubundna millibili sem við á í viðkomandi geira, en þó a.m.k. árlega. Upplýsingarnar ættu að vera veittar þannig að þær séu skiljanlegar höfundinum og listflytjandanum og þær ættu að gera kleift að meta með skilvirkum hætti fjárhagslegt virði réttindanna sem um ræðir. Kvöðin um gagnsæi ætti þó einungis að gilda þegar um er að ræða réttindi sem varða höfundarétt. Vinnsla persónuupplýsinga, s.s. samskiptaupplýsinga og upplýsinga um þóknun, sem eru nauðsynlegar til að halda höfundum og listflytjendum upplýstum í sambandi við hagnýtingu á verkum þeirra og listflutningi, ætti að fara fram í samræmi við c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

76) Til að tryggja að upplýsingar sem tengjast hagnýtingu séu einnig veittar höfundum og listflytjendum með tilhlýðilegum hætti í tilvikum þar sem undirnytjaleyfi hefur verið veitt öðrum aðilum sem hagnýta réttindin, veitir þessi tilskipun höfundum og listflytjendum rétt til að óska eftir viðeigandi viðbótarupplýsingum um hagnýtingu réttindanna í tilvikum þar sem fyrsti samningsmótaðilinn hefur veitt þær upplýsingar sem honum eru tiltækar en þær upplýsingar eru ekki fullnægjandi til að meta fjárhagslegt virði réttinda þeirra. Beina ætti þeirri beiðni annaðhvort beint til handhafa undirnytjaleyfa eða gegnum samningsmótaðila höfunda og listflytjenda. Höfundar og listflytjendur og samningsmótaðilar þeirra ættu að geta komið sér saman um að halda trúnað um upplýsingarnar sem deilt er, en höfundar og listflytjendur ættu alltaf að geta notað slíkar upplýsingar í þeim tilgangi að neyta réttinda sinna samkvæmt þessari tilskipun. Aðildarríki ættu að eiga þess kost, í samræmi við lög Sambandsins, að geta kveðið á um frekari ráðstafanir til að tryggja gagnsæi fyrir höfunda og listflytjendur.

77) Við framkvæmd gagnsæiskvaðarinnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ættu aðildarríki að taka tillit til sérstakra eiginleika hinna ýmsu efnisgeira, s.s. tónlistargeirans, hljóð- og myndmiðlageirans og útgáfugeirans, og allir viðkomandi hagsmunaaðilar ættu að koma að ákvarðanatöku um slíkar geirabundnar skyldur. Ef við á ætti einnig að taka tillit til mikilvægis framlags höfunda og listflytjenda til heildarverksins eða listflutningsins. Íhuga ætti rammasamninga sem valkost fyrir viðkomandi hagsmunaaðila til að komast að samkomulagi að því er varðar gagnsæi. Slíkir samningar ættu að tryggja að höfundar og listflytjendur njóti sama gagnsæis og lágmarkskröfur þessarar tilskipunar kveða á um eða meira gagnsæis. Kveða ætti á um umbreytingartímabil til að unnt sé að aðlaga núverandi skýrslugjafarvenjur að kvöðinni um gagnsæi. Ekki ætti að vera þörf á að beita gagnsæiskvöðinni að því er varðar samninga sem rétthafar og sameiginlegar umsýslustofnanir, sjálfstæðar umsýslueiningar eða aðrar einingar sem heyra undir landsbundnar reglur til framkvæmdar tilskipun 2014/26/ESB gera sín í milli, þar sem þessar stofnanir eða einingar falla þegar undir kvaðir um gagnsæi samkvæmt 18. gr. tilskipunar 2014/26/ESB. Ákvæði 18. gr. tilskipunar 2014/26/ESB gilda um stofnanir eða samtök sem hafa umsjón með höfundarétti eða skyldum réttindum fyrir hönd fleiri en eins rétthafa til sameiginlegra hagsbóta fyrir þessa rétthafa. Samt sem áður ættu samningar sem gerðir eru milli einstakra rétthafa og þeirra af samningsmótaðilum þeirra sem starfa í eigin þágu að falla undir kvöðina um gagnsæi sem kveðið er á um þessari tilskipun.

78) Sumir samningar um hagnýtingu réttinda sem eru samræmd á vettvangi Sambandsins gilda til langs tíma og veita höfundum og listflytjendum fá tækifæri til að semja um þá að nýju við samningsmótaðila sína eða síðari handhafa réttinda ef í ljós kemur að fjárhagslegt virði réttindanna reynist umtalsvert hærra en upphaflega var áætlað. Til samræmis við það ætti, án þess að það hafi áhrif á löggjöf sem gildir um samninga í aðildarríkjunum, að kveða á um fyrirkomulag til að aðlaga þóknun í tilvikum þegar þóknunin sem upphaflega var samið um samkvæmt nytjaleyfi eða við framsal réttinda verður augljóslega hlutfallslega lág í samanburði við viðkomandi tekjur af síðari hagnýtingu samningsmótaðila höfundarins eða listflytjandans á viðkomandi verki eða upptöku á listflutningnum. Taka ætti tillit til allra tekna sem varða viðkomandi mál, þ.m.t. ef við á, tekjur af söluvarningi, við mat á því hvort þóknunin sé hlutfallslega lág. Við mat á aðstæðum ætti að taka tillit til sérstakra aðstæðna í hverju tilviki, m.a. framlags höfundar eða listflytjanda, sem og sérstakra eiginleika og starfsvenja varðandi þóknun í hinum ýmsu efnisgeirum og hvort samningurinn er byggður á rammasamningi. Fulltrúar höfunda og listflytjenda með viðeigandi umboð samkvæmt landslögum, í samræmi við lög Sambandsins, ættu að geta aðstoðað einn eða fleiri höfunda eða listflytjendur í tengslum við beiðnir um aðlögun samninga, einnig að teknu tilliti til hagsmuna annarra höfunda eða listflytjenda ef við á.

Þessir fulltrúar ættu að halda trúnað um deili á höfundunum og listflytjendunum sem þeir eru í fyrirsvari fyrir svo lengi sem það er hægt. Ef aðilar komast ekki að samkomulagi um aðlögun þóknunarinnar ætti höfundurinn eða listflytjandinn að hafa rétt til að fara með málið fyrir dómstól eða annað lögbært yfirvald. Slíkt fyrirkomulag ætti ekki að gilda um samninga sem gerðir eru af einingum sem skilgreindar eru í a- og b-lið 3. gr. tilskipunar 2014/26/ESB eða af öðrum einingum sem heyra undir landsbundnar reglur til framkvæmdar tilskipun 2014/26/ESB.

79) Höfundar og listflytjendur eru oft tregir til að framfylgja réttindum sínum gagnvart samningsmótaðilum fyrir dómstólum. Aðildarríki ættu því að kveða á um málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla sem tekur til meðferðar kröfur höfunda og listflytjenda, eða fulltrúa þeirra fyrir þeirra hönd, sem tengjast kvöðum um gagnsæi og fyrirkomulaginu til aðlögunar samninga. Í þeim tilgangi ættu aðildarríki að geta annaðhvort komið á fót nýjum aðila eða fyrirkomulagi, eða notað fyrirliggjandi aðila eða fyrirkomulag sem uppfyllir skilyrðin sem komið er á með þessari tilskipun, óháð því hvort þessir aðilar eða fyrirkomulag eru á vegum atvinnugreinanna eða opinber, þ.m.t. þegar þær eru hluti af réttarkerfi landsins. Aðildarríki ættu að njóta sveigjanleika við að ákveða hvernig skuli skipta kostnaðinum við málsmeðferðina við lausn deilumála. Slík málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla ætti ekki að hafa áhrif á rétt aðilanna til að halda fram réttindum sínum og verja þau með því að höfða mál fyrir dómstóli.

80) Þegar höfundar og listflytjendur veita nytjaleyfi eða framselja réttindi sín búast þeir við því að verk þeirra eða listflutningur verði hagnýtt. Þó getur sú staða komið upp að verk eða listflutningur sem veitt hefur verið nytjaleyfi fyrir eða sem hafa verið framseld séu alls ekki hagnýtt. Hafi þessi réttindi verið framseld á einkaréttargrundvelli geta höfundar og listflytjendur ekki snúið sér til annars mótaðila til að hagnýta verk sín eða listflutning. Í slíku tilviki og að hæfilegum tíma liðnum ættu höfundar og listflytjendur að geta notið góðs af kerfi til afturköllunar réttinda, sem gerir þeim kleift að framselja réttindi sín eða veita nytjaleyfi til annars aðila. Þar sem hagnýting verka eða listflutnings getur verið mismunandi eftir geirum væri hægt að mæla fyrir um sértæk ákvæði á landsvísu til að taka tillit til sérstakra eiginleika geiranna, s.s. hljóð- og myndmiðlageirans, eða verkanna eða listflutningsins, einkum með því að kveða á um tímaramma fyrir réttinn til afturköllunar. Til þess að vernda lögmæta hagsmuni leyfishafa og framsalshafa réttinda og til að koma í veg fyrir misnotkun, og með tilliti til þess að það tekur tiltekinn tíma að hefja hagnýtingu verks eða listflutnings í reynd, ættu höfundar og listflytjendur að geta nýtt sér réttinn til afturköllunar í samræmi við tilteknar kröfur um málsmeðferð og aðeins að liðnum tilteknum tíma frá því að gengið var frá veitingu nytjaleyfisins eða samningnum um framsal. Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að setja reglur um nýtingu réttarins til afturköllunar þegar um er að ræða verk eða listflutning fleiri en eins höfundar eða listflytjenda, að teknu tilliti til hlutfallslegs mikilvægis hvers einstaks framlags.

81) Ákvæðin um gagnsæi, fyrirkomulag til aðlögunar samninga og málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun ættu að vera skyldubundin og aðilar ættu ekki að geta vikið frá þeim ákvæðum, hvort heldur er í samningum milli höfunda, listflytjenda og samningsmótaðila þeirra eða í samningum milli þessara mótaðila og þriðju aðila, s.s. samningum um að afhenda ekki upplýsingar. Af þessum sökum ætti 4. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 ([17]) að gilda þannig að þegar aðilar hafa valið lög tiltekins lands, en allir aðrir mikilvægir þættir málsins á þeim tíma þegar valið fer fram, tengjast einu eða fleiri aðildarríkjum, kemur val aðila á gildandi lögum öðrum en lögum aðildarríkis ekki í veg fyrir beitingu ákvæðanna um gagnsæi, fyrirkomulag til aðlögunar samninga og málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eins og þau hafa komið til framkvæmda hjá því aðildarríki sem er dómstólsríkið.

82) Ekkert í tilskipun þessari ætti að túlka á þann veg að það komi í veg fyrir að handhafar einkaréttar samkvæmt löggjöf Sambandsins um höfundarétt heimili afnot af verkum sínum eða öðru efni án endurgjalds, m.a. með ókeypis almennu nytjaleyfi í þágu allra notenda.

83) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að færa tiltekna þætti í ramma Sambandsins um höfundarétt til nútímahorfs til að taka tillit til tækniþróunar og nýrra dreifingarleiða fyrir verndað efni á innri markaðnum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs aðgerðanna, áhrifa þeirra og þess

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I) (Stjtíð. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6).

að þær ná yfir landamæri, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

84) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd, einkum í sáttmálanum um grundvallarréttindi. Þar af leiðandi ætti að túlka og beita þessari tilskipun í samræmi við þau réttindi og meginreglur.

85) Við vinnslu allra persónuupplýsinga samkvæmt þessari tilskipun ætti að virða grundvallarréttindi, þ.m.t. réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttinn til verndar persónuupplýsingum skv. 7. og 8. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi, og nauðsynlegt er að hún sé í samræmi við tilskipun 2002/58/EB og reglugerð (ESB) nr. 2016/679.

86) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([18]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttmæt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

**ALMENN ÁKVÆÐI**

*1. gr.*

**Efni og gildissvið**

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur sem miða að frekari samræmingu á gildandi löggjöf Sambandsins um höfundarétt og skyld réttindi innan ramma innri markaðsins, þar sem einkum er tekið tillit til stafrænnar notkunar á vernduðu efni og notkunar yfir landamæri. Í henni er einnig mælt fyrir um reglur um undanþágur og takmarkanir á höfundarétti og skyldum réttindum, um að auðvelda veitingu nytjaleyfa, sem og reglur sem miða að því að tryggja vel starfhæfan markað fyrir hagnýtingu verka og annars efnis.

2. Að undanskildum þeim tilvikum sem um getur í 24. gr. skal tilskipun þessi ekki skerða eða hafa á neinn hátt áhrif á gildandi reglur sem mælt er fyrir um í þeim tilskipunum sem nú eru í gildi á þessu sviði, einkum tilskipanir 96/9/EB, 2000/31/EB, 2001/29/EB, 2006/115/EB, 2009/24/EB, 2012/28/ESB og 2014/26/ESB.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „rannsóknarstofnun“: háskóli, ásamt bókasöfnum hans, rannsóknasetur eða önnur starfseining sem hefur að meginmarkmiði að stunda vísindarannsóknir eða fræðslustarfsemi sem einnig felur í sér að stunda vísindarannsóknir:

   a) sem eru ekki í hagnaðarskyni, eða þar sem allur hagnaður er endurfjárfestur í rannsóknunum, eða

   b) samkvæmt hlutverki á sviði almannahagsmuna sem viðurkennt er af aðildarríki,

   með þeim hætti að fyrirtæki sem hefur afgerandi áhrif á slíka stofnun geti ekki haft forgang að niðurstöðum af slíkum vísindarannsóknum,

2) „texta- og gagnanám“: hvers kyns sjálfvirk greiningartækni sem ætlað er að greina texta og gögn á stafrænu formi til að draga fram upplýsingar sem ná yfir, en takmarkast þó ekki við, mynstur, þróun og fylgni,

3) „menningararfsstofnun“: bókasafn eða safn sem almenningur hefur aðgang að, skjalasafn eða varðveislustofnun mynd- og hljóðefnis,

([18]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

4) „útgefið fréttaefni“: safn efnis sem samanstendur að mestu leyti af sömdu máli af fréttatengdum toga en sem getur líka náð yfir önnur verk eða annað efni og sem:

   a) er stök eining í tímariti eða útgáfu sem er uppfærð reglulega undir einu heiti, s.s. dagblaði eða tímariti af almennum eða sérhæfðum toga,

   b) þjónar því hlutverki að veita almenningi upplýsingar tengdar fréttum eða öðrum umfjöllunarefnum og

   c) er birt á hvers kyns miðli að frumkvæði þjónustuveitanda, á ritstjórnarábyrgð hans og undir eftirliti hans.

   Tímarit sem eru gefin út í vísinda- eða fræðaskyni, s.s. vísindatímarit, eru ekki útgefið fréttaefni að því er varðar þessa tilskipun,

5) „þjónusta í upplýsingasamfélaginu“: þjónusta í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2015/1535,

6) „veitandi efnisdeiliþjónustu á netinu“: veitandi þjónustu í upplýsingasamfélaginu sem hefur þann megintilgang eða einn megintilgangur hennar er að geyma og veita almenningi aðgang að miklu magni höfundaréttarvarinna verka eða annars verndaðs efnis sem notendur hlaða upp, sem þjónustuveitandinn skipuleggur og kynnir í hagnaðarskyni.

   Veitendur þjónustu á borð við alfræðirit á netinu sem ekki eru í hagnaðarskyni, fræðslutengd og vísindaleg gagnasöfn sem ekki eru í hagnaðarskyni, þróunar- og deilivettvanga fyrir opinn hugbúnað, veitendur rafrænnar fjarskiptaþjónustu eins og skilgreint er í tilskipun (ESB) 2018/1972, netmarkaði, skýjaþjónustur milli fyrirtækja og skýjaþjónustur sem leyfa notendum að hlaða upp efni til eigin nota, eru ekki „veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu“ í skilningi þessarar tilskipunar.

II. BÁLKUR

**RÁÐSTAFANIR TIL AÐ AÐLAGA UNDANÞÁGUR OG TAKMARKANIR STAFRÆNU UMHVERFI OG UMHVERFI SEM NÆR YFIR LANDAMÆRI**

*3. gr.*

**Texta- og gagnanám í þágu vísindarannsókna**

1. Aðildarríki skulu kveða á um undanþágu frá réttindunum, sem kveðið er á um í 5. gr. (a-lið) og 7. gr. (1. mgr.) tilskipunar 96/9/EB, 2. gr. tilskipunar 2001/29/EB og 15. gr. (1. mgr.) þessarar tilskipunar vegna eftirgerðar og útdrátta af hálfu rannsóknarstofnana og menningararfsstofnana í þeim tilgangi að stunda texta- og gagnanám í þágu vísindarannsókna úr verkum eða öðru efni sem þær hafa lögmætan aðgang að.

2. Eintökum verka eða annars efnis sem gerð eru í samræmi við 1. mgr. skal koma fyrir þannig að gætt sé viðeigandi öryggisstigs og þau má varðveita í því skyni að stunda vísindarannsóknir, þ.m.t. til að sannprófa rannsóknarniðurstöður.

3. Rétthöfum skal vera heimilt að grípa til ráðstafana til að tryggja öryggi og réttleika kerfa og gagnagrunna þar sem verkin eða annað efni er hýst. Slíkar ráðstafanir skulu ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til þess að ná þessu markmiði.

4. Aðildarríki skulu hvetja rétthafa, rannsóknarstofnanir og menningararfsstofnanir til að skilgreina almennt viðurkenndar bestu starfsvenjur að því er varðar beitingu skyldunnar og ráðstafananna sem um getur í 2. mgr. annars vegar og 3. mgr. hins vegar.

*4. gr.*

**Undanþága eða takmörkun vegna texta- og gagnanáms**

1. Aðildarríki skulu kveða á um undanþágu eða takmörkun á réttindunum sem kveðið er á um í 5. gr. (a-lið) og 7. gr. (1. mgr.) tilskipunar 96/9/EB, 2. gr. tilskipunar 2001/29/EB, 4. gr. (a- og b-lið 1. mgr.) tilskipunar 2009/24/EB og 15. gr. (1. mgr.) þessarar tilskipunar vegna eftirgerðar og útdrátta úr verkum og öðru efni, sem er aðgengilegt með lögmætum hætti, vegna texta- og gagnanáms.

2. Heimilt er að varðveita eftirgerðir og útdrætti, sem gerð eru skv. 1. mgr., eins lengi og nauðsyn krefur vegna texta- og gagnanáms.

3. Sú undanþága eða takmörkun sem kveðið er á um í 1. mgr. skal gilda með því skilyrði að rétthafar hafi ekki sérstaklega áskilið sér réttinn til notkunar verka og annars efnis sem um getur í þeirri málsgrein með viðeigandi hætti, s.s. með tölvulesanlegum hætti þegar um er að ræða efni sem er gert aðgengilegt almenningi á netinu.

4. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á beitingu 3. gr. þessarar tilskipunar.

*5. gr.*

**Notkun verka og annars efnis við stafræna kennslu og við kennslu yfir landamæri**

1. Aðildarríki skulu kveða á um undanþágu eða takmörkun á réttindunum sem kveðið er á um í 5. gr. (a-, b-, d- og e-lið) og 7. gr. (1. mgr.) tilskipunar 96/9/EB, 2. og 3. gr. tilskipunar 2001/29/EB, 4. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2009/24/EB og 15. gr. (1. mgr.) þessarar tilskipunar til þess að leyfa stafræna notkun verka og annars efnis í þeim tilgangi einvörðungu að nota til skýringar við kennslu, að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er viðskiptalegs eðlis, með því skilyrði að:

a) slík notkun fari fram á ábyrgð menntastofnunar, innan veggja hennar eða á öðrum stöðum, eða innan öruggs rafræns umhverfis sem er aðeins aðgengilegt nemendum og kennurum menntastofnunarinnar, og

b) henni fylgi tilvísun í heimild, þ.m.t. nafn höfundar, nema það reynist ómögulegt.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. 7. gr. er aðildarríkjum heimilt að kveða á um að undanþágan eða takmörkunin sem samþykkt er skv. 1. mgr. gildi ekki, eða að hún gildi ekki um tiltekna notkun eða tilteknar tegundir verka eða annars efnis, s.s. efni sem er einkum ætlað menntamarkaðnum eða nótnablöð, að því marki sem viðeigandi nytjaleyfi, sem heimila aðgerðirnar sem vísað er til í 1. mgr. þessarar greinar og uppfylla þarfir og sérstöðu menntastofnana, eru auðfengin á markaði.

Aðildarríki sem ákveða að nýta sér fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að nytjaleyfi, sem heimila aðgerðirnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, séu aðgengileg og sýnileg menntastofnunum á tilhlýðilegan hátt.

3. Notkun verka og annars efnis í þeim tilgangi einvörðungu að nota til skýringar við kennslu í öruggu rafrænu umhverfi, sem fer fram í samræmi við ákvæði landslaga sem hafa verið sett í samræmi við ákvæði þessarar greinar, skal teljast einvörðungu fara fram í aðildarríkinu þar sem menntastofnunin hefur staðfestu.

4. Aðildarríkin geta kveðið á um sanngjarnar bætur til rétthafa fyrir notkun á verkum þeirra eða öðru efni skv. 1. mgr.

*6. gr.*

**Varðveisla menningararfleifðar**

Aðildarríki skulu kveða á um undanþágu frá réttindunum sem kveðið er á um í 5. gr. (a-lið) og 7. gr. (1. mgr.) tilskipunar 96/9/EB, 2. gr. tilskipunar 2001/29/EB, 4. gr. (a-lið 1. mgr.) tilskipunar 2009/24/EB og 15. gr. (1. mgr.) þessarar tilskipunar til að gera menningararfsstofnunum kleift að gera eintök af verkum eða öðru efni sem er varanlega í safnkosti þeirra, á hvaða formi eða miðli sem er, í því skyni að varðveita slík verk eða annað efni og að því marki sem nauðsynlegt er vegna slíkrar varðveislu.

*7. gr.*

**Sameiginleg ákvæði**

1. Hvers kyns ákvæði í samningum sem brjóta í bága við undanþágurnar sem kveðið er á um í 3., 5. og 6. gr. skulu vera óframfylgjanleg.

2. Ákvæði 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB gilda um þær undanþágur og takmarkanir sem kveðið er á um í þessum bálki. Fyrsta, þriðja og fimmta undirgrein 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2001/29/EB gilda um 3.–6. gr. þessarar tilskipunar.

III. BÁLKUR

**RÁÐSTAFANIR TIL AÐ BÆTA STARFSVENJUR VIÐ LEYFISVEITINGU OG TRYGGJA VÍÐTÆKARI AÐGANG AÐ EFNI**

*1. KAFLI*

***Verk og annað efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði***

*8. gr.*

**Notkun menningararfsstofnana á verkum og öðru efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði**

1. Aðildarríki skulu kveða á um að sameiginlegri umsýslustofnun sé heimilt, í samræmi við umboð hennar frá rétthöfum, að semja við menningararfsstofnun um almennt nytjaleyfi sem er ekki í viðskiptalegum tilgangi til eftirgerðar verka eða annars efnis sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði og er varanlega í safnkosti stofnunarinnar, dreifingar þeirra, opinbers flutnings þeirra eða miðlunar til almennings, óháð því hvort allir rétthafar sem falla undir nytjaleyfið hafa veitt sameiginlegu umsýslustofnuninni umboð, með því skilyrði að:

a) sameiginlega umsýslustofnunin fari, á grundvelli umboða sinna, með fullnægjandi fyrirsvar fyrir rétthafa viðkomandi tegundar verka eða annars efnis og fyrir þau réttindi sem nytjaleyfið tekur til, og

b) öllum rétthöfum sé tryggð jöfn meðferð að því er varðar skilmála nytjaleyfisins.

2. Aðildarríki skulu kveða á um undanþágu eða takmörkun á réttindunum sem kveðið er á um í 5. gr. (a-, b-, d- og e-lið) og 7. gr. (1. mgr.) tilskipunar 96/9/EB, 2. og 3. gr. tilskipunar 2001/29/EB, 4. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2009/24/EB og 15. gr. (1. mgr.) þessarar tilskipunar, til að gera menningararfsstofnunum kleift að gera verk eða annað efni, sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði og er varanlega í safnkosti þeirra, aðgengilegt, þó ekki í viðskiptalegum tilgangi, með því skilyrði að:

a) nafns höfundar eða annars sanngreinanlegs rétthafa sé getið, nema það reynist ómögulegt, og

b) slík verk eða annað efni sé gert aðgengilegt á vefsetrum sem eru ekki viðskiptalegs eðlis.

3. Aðildarríki skulu kveða á um að undanþágan eða takmörkunin sem kveðið er á um í 2. mgr. gildi aðeins um tegundir verka eða annars efnis sem engin sameiginleg umsýslustofnun sem uppfyllir skilyrðið, sem sett er fram í a-lið 1. mgr., tekur til.

4. Aðildarríki skulu kveða á um að allir rétthafar geti hvenær sem er, með auðveldum og skilvirkum hætti, undanskilið verk sín eða annað efni leyfisveitingafyrirkomulaginu sem sett er fram í 1. mgr. eða beitingu undanþágunnar eða takmörkunarinnar sem kveðið er á um í 2. mgr., annaðhvort almennt eða í tilteknum tilvikum, einnig eftir að nytjaleyfi hefur verið veitt eða eftir að viðkomandi notkun er hafin.

5. Líta ber svo á að verk eða annað efni sé ekki lengur fáanlegt á almennum markaði þegar ætla má, í góðri trú, að allt verkið eða annað efni sé ekki aðgengilegt almenningi eftir venjulegum markaðsleiðum, eftir að gerðar hafa verið eðlilegar ráðstafanir til að ákvarða hvort það sé aðgengilegt almenningi.

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um sérstök skilyrði, s.s. viðmiðunardagsetningu, til að ákvarða hvort veita megi nytjaleyfi fyrir verk og annað efni í samræmi við 1. mgr. eða nota það samkvæmt undanþágunni sem kveðið er á um í 2. mgr. Slík skilyrði skulu ekki ganga lengra en nauðsynlegt er og sanngjarnt og skulu ekki útiloka að hægt sé að ákvarða að samsafn verka eða annars efnis í heild sé ekki lengur fáanlegt á almennum markaði þegar ætla má með góðu móti að öll verkin eða annað efni séu ekki lengur fáanleg á almennum markaði.

6. Aðildarríki skulu kveða á um að óska skuli eftir nytjaleyfunum sem um getur í 1. mgr. hjá sameiginlegri umsýslustofnun sem er í fyrirsvari gagnvart því aðildarríki þar sem menningararfsstofnunin hefur staðfestu.

7. Þessi grein gildir ekki um samsafn verka eða annars efnis sem ekki er lengur fáanlegt á almennum markaði ef vísbendingar eru, á grundvelli þeirra eðlilegu ráðstafana sem um getur í 5. mgr., um að slíkt samsafn samanstandi fyrst og fremst af:

a) verkum eða öðru efni, að frátöldum kvikmyndaverkum eða hljóð- og myndmiðlaverkum, sem voru fyrst gefin út, eða ef ekki er um útgáfu að ræða, voru fyrst send út, í þriðja landi,

b) kvikmyndaverkum eða hljóð- og myndmiðlaverkum þar sem framleiðendurnir hafa höfuðstöðvar eða fast aðsetur í þriðja landi eða

c) verkum eða öðru efni eftir ríkisborgara þriðju landa, þegar ekki var hægt að ákvarða aðildarríkið eða þriðja landið skv. a- og b-lið eftir að gerðar höfðu verið eðlilegar ráðstafanir til þess.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein gildir þessi grein þegar sameiginlega umsýslustofnunin fer með fullnægjandi fyrirsvar, í skilningi a-liðar 1. mgr., fyrir rétthafa í viðkomandi þriðja landi.

*9. gr.*

**Notkun yfir landamæri**

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að nytjaleyfi sem eru veitt í samræmi við 8. gr. geti heimilað notkun menningararfsstofnana í hvaða aðildarríki sem er á verkum eða öðru efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði.

2. Notkun verka eða annars efnis samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr. skal teljast einvörðungu fara fram í aðildarríkinu þar sem menningararfsstofnunin, sem er á bak við þá notkun, hefur aðsetur.

*10. gr.*

**Kynningarráðstafanir**

1. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingar frá menningararfsstofnunum, sameiginlegum umsýslustofnunum eða viðeigandi opinberum yfirvöldum sem veittar eru í þeim tilgangi að greina verk eða annað efni sem er ekki lengur fáanlegt á almennum markaði, sem fellur undir nytjaleyfi sem veitt er í samræmi við 1. mgr. 8. gr., eða sem notað er samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr., sem og upplýsingar um þá valkosti sem standa rétthöfum til boða eins og um getur í 4. mgr. 8. gr. og upplýsingar, jafnskjótt og þær eru tiltækar og þar sem við á, um aðila að nytjaleyfinu, yfirráðasvæðin og notkunina sem það tekur til, séu gerðar aðgengilegar með varanlegum, auðveldum og skilvirkum hætti á einni opinberri vefgátt á netinu a.m.k. sex mánuðum áður en verkunum eða öðru efni er dreift, þau flutt opinberlega eða þeim miðlað til almennings í samræmi við nytjaleyfið eða samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni.

Vefgáttinni skal komið á fót af Hugverkastofu Evrópusambandsins og vera undir stjórn hennar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 386/2012.

2. Aðildarríki skulu kveða á um að gerðar verði, ef nauðsyn krefur til að vekja rétthafa til vitundar, viðeigandi viðbótarkynningarráðstafanir um getu sameiginlegra umsýslustofnana til að veita nytjaleyfi fyrir verkum eða öðru efni í samræmi við 8. gr., um nytjaleyfin sem veitt eru, um notkun samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr. og um þá valkosti sem standa rétthöfum til boða eins og um getur í 4. mgr. 8. gr.

Þær viðeigandi kynningarráðstafanir sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu gerðar í aðildarríkinu þar sem óskað er eftir nytjaleyfi í samræmi við 1. mgr. 8. gr. eða, vegna notkunar samkvæmt undanþágunni eða takmörkuninni sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr., í aðildarríkinu þar sem menningararfsstofnunin hefur staðfestu. Ef vísbendingar eru fyrir hendi, s.s. uppruni verka eða annars efnis, um að vekja mætti rétthafa til vitundar með skilvirkari hætti í öðrum aðildarríkjum eða í þriðju löndum, skulu slíkar kynningarráðstafanir einnig ná yfir umrædd aðildarríki og þriðju lönd.

*11. gr.*

**Skoðanaskipti hagsmunaaðila**

Aðildarríki skulu hafa samráð við rétthafa, sameiginlegar umsýslustofnanir og menningararfsstofnanir í hverjum geira áður en innleidd eru sérstök skilyrði skv. 5. mgr. 8. gr. og skulu hvetja til reglubundinna skoðanaskipta milli stofnana og samtaka sem fara með fyrirsvar fyrir notendur og rétthafa, þ.m.t. sameiginlegar umsýslustofnanir og önnur viðeigandi samtök hagsmunaaðila, fyrir hvern geira um sig, til að stuðla að því að leyfisveitingafyrirkomulagið, sem sett er fram í 1. mgr. 8. gr., sé viðeigandi og nothæft og til að tryggja að verndarráðstafanirnar fyrir rétthafa sem um getur í þessum kafla séu skilvirkar.

*2. KAFLI*

***Ráðstafanir til að greiða fyrir veitingum heildarleyfa***

*12. gr.*

**Heildarleyfi á grundvelli samningskvaða**

1. Aðildarríki geta, að því er varðar notkun á yfirráðasvæði þeirra og með fyrirvara um verndarráðstafanirnar sem er að finna í þessari grein, kveðið á um að ef sameiginleg umsýslustofnun sem fellur undir landsbundnar reglur til framkvæmdar tilskipun 2014/26/ESB gerir, í samræmi við umboð sín frá rétthöfum, nytjaleyfissamning um hagnýtingu á verkum eða öðru efni:

a) megi rýmka gildissvið slíks samnings þannig að hann taki til réttinda rétthafa sem hafa ekki heimilað sameiginlegu umsýslustofnuninni að vera í fyrirsvari fyrir þá með framsali, leyfi eða öðru samningsbundnu fyrirkomulagi eða

b) hafi stofnunin, að því er varðar slíkan samning, lagalegt umboð eða gert sé ráð fyrir að hún sé í fyrirsvari fyrir rétthafa sem hafa ekki veitt stofnuninni heimild þar að lútandi.

2. Aðildarríki skulu tryggja að leyfisveitingafyrirkomulaginu sem um getur í 1. mgr. sé aðeins beitt á vel skilgreindum notkunarsviðum þar sem yfirleitt er svo íþyngjandi og óhagkvæmt að afla heimildar rétthafa í hverju tilviki fyrir sig að sá leyfisgerningur sem er nauðsynlegur er ólíklegur vegna eðlis notkunarinnar eða þeirra tegunda verka eða annars efnis sem um er að ræða, og skulu tryggja að slíkt leyfisveitingafyrirkomulag verndi lögmæta hagsmuni rétthafa.

3. Aðildarríki skulu, að því er varðar 1. mgr., sjá til þess að eftirfarandi verndarráðstafanir séu gerðar:

a) að sameiginlega umsýslustofnunin fari, á grundvelli umboða sinna, með fullnægjandi fyrirsvar fyrir rétthafa viðkomandi tegundar verka eða annars efnis og fyrir þau réttindi sem nytjaleyfið tekur til í viðkomandi aðildarríki,

b) að öllum rétthöfum sé tryggð jöfn meðferð, þ.m.t. að því er varðar skilmála nytjaleyfisins,

c) að rétthafar, sem ekki hafa veitt stofnuninni sem veitir nytjaleyfið heimild, geti hvenær sem er, með auðveldum og skilvirkum hætti undanskilið verk sín eða annað efni leyfisveitingafyrirkomulaginu sem komið er á fót í samræmi við þessa grein og

d) að gerðar séu viðeigandi kynningarráðstafanir, sem hefjast hæfilega löngu fyrir notkun verkanna eða annars efnis samkvæmt nytjaleyfinu, til að upplýsa rétthafa um getu sameiginlegu umsýslustofnunarinnar til að veita nytjaleyfi fyrir verkunum eða öðru efni, um að leyfisveitingin fari fram í samræmi við þessa grein og um þá kosti sem standa rétthöfum til boða eins og um getur í c-lið. Kynningarráðstafanir skulu vera skilvirkar án þess að upplýsa þurfi hvern einstakan rétthafa sérstaklega.

4. Þessi grein hefur ekki áhrif á beitingu fyrirkomulags heildarleyfa á grundvelli samningskvaða í samræmi við önnur ákvæði í lögum Sambandsins, þ.m.t. ákvæði sem heimila undanþágur eða takmarkanir.

Þessi grein gildir ekki um skyldubundna sameiginlega umsýslu réttinda.

Ákvæði 7. gr. tilskipunar 2014/26/ESB gilda um það leyfisveitingafyrirkomulag sem kveðið er á um í þessari grein.

5. Ef aðildarríki setur ákvæði í landslög um leyfisveitingafyrirkomulag í samræmi við þessa grein skal það aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina um gildissvið samsvarandi landbundinna ákvæða, tilgang og tegundir nytjaleyfa sem kunna að verða innleidd samkvæmt þeim ákvæðum, samskiptaupplýsingar stofnana sem gefa út nytjaleyfi í samræmi við leyfisveitinga-fyrirkomulagið og eftir hvaða leiðum hægt er að fá upplýsingar um leyfisveitinguna og um þá kosti sem standa rétthöfum til boða eins og um getur í c-lið 3. mgr. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar upplýsingar.

6. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli upplýsinganna sem henni berast samkvæmt 5. mgr. þessarar greinar og viðræðna á vettvangi tengslanefndarinnar, sem komið er á fót með 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2001/29/EB, eigi síðar en 10. apríl 2021 senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um notkun leyfisveitingafyrirkomulagsins, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í Sambandinu, um áhrif þess á leyfisveitingar og rétthafa, einnig rétthafa sem eru ekki félagsaðilar að stofnuninni sem veitir nytjaleyfin eða sem eru með ríkisfang eða búsetu í öðru aðildarríki, um skilvirkni þess við að auðvelda miðlun menningarlegs inntaks og um áhrif þess á innri markaðinn, þ.m.t. á þjónustuveitingu yfir landamæri og samkeppni. Skýrslunni skal fylgja, ef við á, tillaga að nýrri löggjöf, þ.m.t. að því er varðar verkan slíks landsbundins fyrirkomulags yfir landamæri.

*3. KAFLI*

***Aðgangur að og tiltækileiki hljóð- og myndmiðlaverka á veitum fyrir myndmiðlun eftir pöntun***

*13. gr.*

**Fyrirkomulag samningaviðræðna**

Aðildarríki skulu sjá til þess að málsaðilar sem lenda í erfiðleikum í tengslum við leyfisveitingar vegna réttinda þegar þeir leitast eftir að gera samning til að gera hljóð- og myndmiðlaverk aðgengileg á myndmiðlunarþjónustum eftir pöntun geti notið aðstoðar óháðs aðila eða sáttasemjara. Óháði aðilinn, sem aðildarríki kemur á fót eða tilnefnir að því er varðar þessa grein, og sáttasemjarar skulu veita málsaðilum aðstoð við samningaviðræður þeirra og hjálpa þeim við að komast að samkomulagi, m.a. með því að leggja tillögur fyrir þá, eftir því sem við á.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þann aðila eða þá sáttasemjara sem um getur í fyrstu málsgrein eigi síðar en 7. júní 2021. Hafi aðildarríki kosið að styðjast við sáttaumleitanir skal í tilkynningunni til framkvæmdastjórnarinnar a.m.k. koma fram heimildin þar sem finna má viðeigandi upplýsingar um sáttasemjarana sem leitað var til, sé hún fyrir hendi.

*4. KAFLI*

***Sjónlistaverk sem ekki njóta lengur höfundarverndar***

*14. gr.*

**Sjónlistaverk sem ekki njóta lengur höfundarverndar**

Aðildarríki skulu kveða á um að þegar verndartími sjónlistaverks er útrunninn falli ekkert efni sem hlýst af aðgerð til eftirgerðar þess verks undir höfundarétt eða skyld réttindi, nema efnið sem hlýst af eftirgerðinni sé frumverk í þeim skilningi að það sé eigin hugverkasköpun höfundarins.

IV. BÁLKUR

**RÁÐSTAFANIR TIL AÐ NÁ FRAM VEL STARFHÆFUM MARKAÐI Á SVIÐI HÖFUNDARÉTTAR**

*1. KAFLI*

***Réttindi að útgefnu efni***

*15. gr.*

**Verndun útgefins fréttaefnis vegna notkunar á netinu**

1. Aðildarríki skulu veita útgefendum fréttaefnis, sem hafa staðfestu í aðildarríki, þau réttindi sem kveðið er á um í 2. gr. og í 2. mgr. 3. gr tilskipunar 2001/29/EB vegna notkunar þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu á útgefnu fréttaefni þeirra á netinu.

Réttindin sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein gilda ekki um notkun einstakra notenda á útgefnu fréttaefni sem er í einkaþágu eða ekki í viðskiptalegum tilgangi.

Verndin sem veitt er samkvæmt fyrstu undirgrein gildir ekki um tenglasetningu.

Réttindin sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein gilda ekki um notkun einstakra orða eða mjög stuttra útdrátta úr útgefnu fréttaefni.

2. Réttindin sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu ekki koma til skerðingar eða hafa nokkur áhrif á réttindi til handa höfundum og öðrum rétthöfum sem lög Sambandsins kveða á um að því er varðar verk eða annað efni sem er fellt inn í útgefið fréttaefni. Ekki skal skírskota til réttindanna sem kveðið er á um í 1. mgr. gagnvart þeim höfundum og öðrum rétthöfum og einkum skulu þau ekki verða til þess að svipta þá rétti sínum til hagnýtingar á verkum sínum og öðru efni óháð því útgefna fréttaefni sem þau eru felld inn í.

Þegar verk eða annað efni er fellt inn í útgefið fréttaefni á grundvelli almenns nytjaleyfis skal ekki skírskota til réttindanna sem kveðið er á um í 1. mgr. til að banna notkun annarra notenda, sem til þess hafa heimild, á þeim. Ekki skal skírskota til réttindanna sem kveðið er á um í 1. mgr. til að banna notkun á verkum eða öðru efni þar sem verndartími er útrunninn.

3. Ákvæði 5.–8. gr. tilskipunar 2001/29/EB, tilskipunar 2012/28/ESB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1564 ([19]) gilda að breyttu breytanda að því er varðar réttindin sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar.

4. Réttindin sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu renna út tveimur árum eftir birtingu hins útgefna fréttaefnis. Það tímabil skal reiknast frá 1. janúar ársins eftir birtingardag hins útgefna fréttaefnis.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um útgefið fréttaefni sem er birt í fyrsta sinn fyrir 6. júní 2019.

5. Aðildarríki skulu kveða á um að höfundar verka sem eru felld inn í útgefið fréttaefni fái viðeigandi hlutdeild í þeim tekjum sem útgefendur fréttaefnisins fá af notkun þjónustuveitenda í upplýsingasamfélaginu á útgefnu fréttaefni þeirra.

*16. gr.*

**Kröfur um sanngjarnar bætur**

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að ef höfundur hefur framselt rétt eða veitt nytjaleyfi fyrir honum til útgefanda sé slíkt framsal eða nytjaleyfi fullnægjandi lagagrundvöllur fyrir rétti útgefandans til hlutdeildar í bótum vegna notkunar á verkinu sem fer fram samkvæmt undanþágu frá eða takmörkun á réttindunum sem voru framseld eða veitt leyfi fyrir.

Fyrsta málsgrein skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem fyrir eru eða verða gerðar í aðildarríkjum að því er varðar rétt til útlána til almennings.

*2. KAFLI*

***Tiltekin notkun á vernduðu efni af hálfu þjónustu á netinu***

*17. gr.*

**Notkun veitenda efnisdeiliþjónustu á netinu á vernduðu efni**

1. Aðildarríki skulu kveða á um að þegar veitandi efnisdeiliþjónustu á netinu veitir almenningi aðgang að höfundaréttarvörðum verkum eða öðru vernduðu efni sem notendur hans hlaða upp sé um að ræða opinberan flutning eða miðlun til almennings af hálfu veitandans að því er varðar þessa tilskipun.

Veitandi efnisdeiliþjónustu á netinu skal því afla heimildar frá þeim rétthöfum sem um getur í 1. og 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2001/29/EB, t.d. með gerð nytjaleyfissamnings, til opinbers flutnings eða miðlunar til almennings á verkum eða öðru efni.

2. Aðildarríki skulu kveða á um að ef veitandi efnisdeiliþjónustu á netinu aflar heimildar, t.d. með því að gera nytjaleyfissamning, skuli sú heimild einnig ná yfir aðgerðir notenda þjónustunnar sem falla innan gildissviðs 3. gr. tilskipunar 2001/29/EB ef aðgerðir þeirra eru ekki í viðskiptalegum tilgangi eða ef þær skapa ekki umtalsverðar tekjur.

3. Þegar veitandi efnisdeiliþjónustu á netinu framkvæmir aðgerðir sem teljast opinber flutningur eða miðlun til almennings samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skal sú takmörkun ábyrgðar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2000/31/EB, ekki gilda um þær aðstæður sem þessi grein tekur til.

([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1564 frá 13. september 2017 um tiltekna leyfilega notkun á tilteknum verkum og öðru efni sem er verndað af höfundarétti og skyldum réttindum í þágu blindra, sjónskertra eða þeirra sem glíma við aðra prentleturshömlun og um breytingu á tilskipun 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. ESB L 242, 20.9.2017, bls. 6).

Fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar hefur ekki áhrif á mögulega beitingu 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2000/31/EB gagnvart slíkum þjónustuveitendum vegna atvika sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

4. Sé engin heimild veitt skulu veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu vera ábyrgir fyrir óheimilum opinberum flutningi á höfundaréttarvörðum verkum eða öðru vernduðu efni, þ.m.t. miðlun þeirra til almennings, nema þjónustuveitendurnir sýni fram á að þeir hafi:

a) gert sitt ýtrasta til að afla heimildar og

b) gert sitt ýtrasta, í samræmi við ströng viðmið atvinnugreinarinnar um faglega kostgæfni, til að ganga úr skugga um að tiltekin verk og annað efni, sem rétthafar hafa veitt þjónustuveitandanum viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar um, séu óaðgengileg, og í öllum tilvikum

c) gripið til tafarlausra aðgerða, eftir að þeim hefur borist fullnægjandi rökstudd tilkynning frá rétthöfum, til að hindra aðgang að verkunum eða öðru efni sem tilkynnt var um eða fjarlægja þau af vefsetrum sínum, og gert sitt ýtrasta til að koma í veg fyrir frekara upphal á þeim í samræmi við b-lið.

5. Þegar ákvarðað er hvort þjónustuveitandi hafi fullnægt skyldum sínum skv. 4. mgr. og í ljósi meðalhófsreglunnar skal m.a. taka tillit til eftirfarandi þátta:

a) tegundar, markhóps og stærðar þjónustunnar og tegundar verka eða annars efnis sem notendur þjónustunnar hafa hlaðið upp og

b) tiltækileika heppilegra og markvissra leiða og kostnaðar þeirra fyrir þjónustuveitendur.

6. Aðildarríki skulu kveða á um að þegar um er að ræða nýja veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu, sem bjóða þjónustu sem hefur verið aðgengileg almenningi í Sambandinu í minna en þrjú ár og sem hafa ársveltu sem er undir 10 milljónum evra, reiknað út í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ([20]), takmarkist skilyrðin samkvæmt bótaábyrgðarkerfinu sem sett er fram í 4. mgr. við að þeir fari að ákvæðum a-liðar 4. mgr. og grípi til tafarlausra aðgerða, eftir að þeim hefur borist fullnægjandi rökstudd tilkynning, til að hindra aðgang að verkunum eða öðru efni sem tilkynnt var um eða fjarlægja þau af vefsetrum sínum.

Ef mánaðarlegur meðalfjöldi stakra heimsókna til slíkra þjónustuveitenda fer yfir 5 milljónir, reiknað út á grundvelli næstliðins almanaksárs, skulu þeir einnig sýna fram á að þeir hafi gert sitt ýtrasta til að koma í veg fyrir frekara upphal hinna tilkynntu verka og annars efnis sem rétthafar hafa veitt viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar um.

7. Samstarf milli veitenda efnisdeiliþjónustu á netinu og rétthafa skal ekki leiða til þess að komið sé í veg fyrir tiltækileika verka eða annars efnis, sem notendur hafa hlaðið upp og sem brýtur ekki gegn höfundarétti og skyldum réttindum, einnig ef slík verk eða annað efni fellur undir undanþágu eða takmörkun.

Aðildarríki skulu tryggja að notendur í hverju aðildarríki geti treyst á núgildandi undanþágu eða takmörkun varðandi sérhvert af eftirfarandi þegar þeir hlaða upp og gera aðgengilegt hjá efnisdeiliþjónustu á netinu efni framleitt af notendum:

a) tilvitnanir, gagnrýni, ritdóma,

b) notkun vegna skopmyndar, skopstælingar eða annarrar stælingar.

8. Beiting þessarar greinar skal ekki hafa í för með sér almenna eftirlitsskyldu.

Aðildarríki skulu kveða á um að veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu veiti rétthöfum, að beiðni þeirra, fullnægjandi upplýsingar um hvernig starfsvenjum þeirra er háttað varðandi samstarfið sem um getur í 4. mgr. og, ef gerðir eru nytjaleyfissamningar milli veitenda þjónustunnar og rétthafa, upplýsingar um notkun á efni sem samningarnir taka til.

9. Aðildarríki skulu kveða á um að veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu komi á fót skilvirku og fljótvirku kerfi fyrir kvartanir og úrlausn mála, sem er aðgengilegt notendum þjónustu þeirra ef ágreiningur kemur upp vegna þess að aðgangur að verkum eða öðru efni sem þeir hafa hlaðið upp er hindraður eða þau fjarlægð.

([20]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

Ef rétthafar óska eftir að aðgangur að tilteknum verkum þeirra eða öðru efni verði hindraður eða að umrædd verk eða annað efni verði fjarlægt skulu þeir rökstyðja ástæður beiðna sinna með tilhlýðilegum hætti. Kvartanir sem lagðar eru fram samkvæmt kerfinu sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skulu teknar til meðferðar án ótilhlýðilegrar tafar og ákvarðanir um að hindra aðgang að efni sem hlaðið hefur verið upp eða fjarlægja það skulu sæta mannlegri rýni. Aðildarríkin skulu einnig sjá til þess að fyrir hendi sé fyrirkomulag til að leysa úr málum utan dómstóla. Slíkt fyrirkomulag skal gera það mögulegt að ná fram óhlutdrægri lausn deilumála og skal ekki svipta notandann þeirri réttarvernd sem landslög veita, án þess að það hafi áhrif á rétt notenda til að nýta sér skilvirk réttarúrræði. Aðildarríki skulu einkum tryggja að notendur geti leitað til dómstóls eða annars lögbærs úrskurðaraðila til að halda fram rétti til að nýta undanþágu eða takmörkun á höfundarétti og skyldum réttindum.

Tilskipun þessi skal ekki á neinn hátt hafa áhrif á lögmæta notkun, s.s. notkun samkvæmt undanþágum eða takmörkunum sem kveðið er á um í lögum Sambandsins, og skal ekki leiða til auðkenningar á einstökum notendum né heldur til vinnslu persónuupplýsinga, nema í samræmi við tilskipun 2002/58/EB og reglugerð (ESB) 2016/679.

Veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu skulu í skilmálum og skilyrðum sínum upplýsa notendur um að þeir geti notað verk og annað efni samkvæmt undanþágum og takmörkunum á höfundarétti og skyldum réttindum sem kveðið er á um í lögum Sambandsins.

10. Frá og með 6. júní 2019 skal framkvæmdastjórnin, í samvinnu við aðildarríkin, skipuleggja skoðanaskipti hagsmunaaðila til að ræða bestu starfsvenjur fyrir samstarf milli veitenda efnisdeiliþjónustu á netinu og rétthafa. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu, rétthafa, samtök notenda og aðra viðeigandi hagsmunaaðila, og að teknu tilliti til niðurstaðna skoðanaskipta hagsmunaaðila, gefa út leiðbeiningar um beitingu þessarar greinar, einkum að því er varðar samstarfið sem um getur í 4. mgr. Þegar bestu starfsvenjur eru ræddar skal, meðal annarra atriða, taka sérstakt tillit til þess að nauðsynlegt er að gæta jafnvægis milli grundvallarréttinda og notkunar undanþága og takmarkana. Að því er varðar skoðanaskipti hagsmunaaðila skuli samtök notenda hafa aðgang að viðeigandi upplýsingum frá veitendum efnisdeiliþjónustu á netinu um hvernig starfsvenjum þeirra er háttað varðandi 4. mgr.

*3. KAFLI*

***Sanngjörn þóknun í samningum höfunda og listflytjenda um hagnýtingu***

*18. gr.*

**Meginreglan um viðeigandi og hlutfallslega þóknun**

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar höfundar og listflytjendur veita nytjaleyfi eða framselja einkarétt sinn til hagnýtingar á verkum sínum eða öðru efni eigi þeir rétt á viðeigandi og hlutfallslegri þóknun.

2. Þegar aðildarríki koma meginreglunni, sem sett er fram í 1. mgr., til framkvæmda í landslögum skal þeim vera frjálst að nota mismunandi fyrirkomulag og þau skulu taka tillit til meginreglunnar um samningsfrelsi og sanngjarnt jafnvægi réttinda og hagsmuna.

*19. gr.*

**Kvöð um gagnsæi**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að höfundar og listflytjendur fái reglulega og a.m.k. einu sinni á ári, og að teknu tilliti til sérstakra eiginleika hvers geira, uppfærðar, viðeigandi og heildstæðar upplýsingar um hagnýtingu verka sinna og listflutnings frá þeim aðilum sem þeir hafa veitt nytjaleyfi eða framselt réttindi sín til, eða síðari handhöfum réttinda þeirra, einkum að því er varðar hagnýtingarleiðir, allar tekjur sem hafa skapast og þóknun til greiðslu.

2. Ef veitt hefur verið undirnytjaleyfi fyrir réttindunum, sem um getur í 1. mgr. skulu aðildarríki sjá til þess að höfundar og listflytjendur, eða fulltrúar þeirra, fái, óski þeir eftir því, viðbótarupplýsingar frá handhöfum undirnytjaleyfa, í þeim tilvikum þegar fyrsti samningsmótaðili þeirra hefur ekki yfir að ráða öllum nauðsynlegum upplýsingum að því er varðar 1. mgr.

Ef óskað er eftir slíkum viðbótarupplýsingum skal fyrsti samningsmótaðili höfunda og listflytjenda láta í té upplýsingar um deili á umræddum handhöfum undirnytjaleyfa.

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að öllum beiðnum til handhafa undirnytjaleyfa samkvæmt fyrstu undirgrein skuli með beinum eða óbeinum hætti komið á framfæri gegnum samningsmótaðila höfundarins eða listflytjandans.

3. Kvöðin, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal vera hófleg og skilvirk til að tryggja mikið gagnsæi í hverjum geira. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum takmarkist kvöðin við þær tegundir og það umfang upplýsinga sem búast má við með góðu móti í slíkum tilvikum, ef rekstrarlegt álag vegna kvaðarinnar, sem sett er fram í 1. mgr., yrði óhóflegt í ljósi teknanna af hagnýtingu verksins eða listflutningsins.

4. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að kvöðin, sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar, gildi ekki þegar framlag höfundarins eða listflytjandans er óverulegt með hliðsjón af verkinu eða flutningnum í heild, nema höfundurinn eða listflytjandinn sýni fram á þörf sína fyrir upplýsingarnar til að geta nýtt réttindi sín skv. 1. mgr. 20. gr. og óski eftir að fá upplýsingarnar í þeim tilgangi.

5. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að þegar um er að ræða samninga sem heyra undir rammasamninga eða byggjast á þeim gildi reglur viðkomandi rammasamnings um gagnsæi, með því skilyrði að þessar reglur standist þær viðmiðanir sem kveðið er á um í 1.–4. mgr.

6. Ef 18. gr. tilskipunar 2014/26/ESB á við gildir kvöðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, ekki að því er varðar samninga sem gerðir eru af einingum sem skilgreindar eru í a- og b-lið 3. gr. þeirrar tilskipunar eða af öðrum einingum sem heyra undir landsbundnar reglur til framkvæmdar þeirri tilskipun.

*20. gr.*

**Fyrirkomulag til aðlögunar samninga**

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að ef ekki er fyrir hendi viðeigandi rammasamningur, sem kveður á um fyrirkomulag sem er sambærilegt því sem sett er fram í þessari grein, eigi höfundar og listflytjendur, eða fulltrúar þeirra, rétt á að krefjast viðeigandi og sanngjarnrar viðbótarþóknunar frá þeim aðila sem þeir gerðu samning við um hagnýtingu réttinda sinna, eða frá síðari handhöfum réttindanna, ef í ljós kemur að þóknunin, sem upphaflega var samið um, er hlutfallslega lág í samanburði við allar síðari viðkomandi tekjur sem hljótast af hagnýtingu verkanna eða listflutningsins.

2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda ekki um samninga sem gerðir eru af einingum sem skilgreindar eru í a- og b-lið 3. gr. tilskipunar 2014/26/ESB eða af öðrum einingum sem heyra undir landsbundnar reglur til framkvæmdar þeirri tilskipun.

*21. gr.*

**Málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla**

Aðildarríki skulu kveða á um að vísa megi deilumálum sem varða kvöðina um gagnsæi skv. 19. gr. og fyrirkomulagið til aðlögunar samninga skv. 20. gr. til valfrjálsrar málsmeðferðar til lausnar deilumálum utan dómstóla. Aðildarríkin skulu tryggja að stofnanir sem eru í fyrirsvari fyrir höfunda og listflytjendur geti hafið slíka málsmeðferð að sérstakri beiðni eins eða fleiri höfunda eða listflytjenda.

*22. gr.*

**Réttur til afturköllunar**

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að þegar höfundur eða listflytjandi hefur veitt nytjaleyfi fyrir verki sínu eða öðru vernduðu efni eða framselt réttindi sín í því á einkaréttargrundvelli, geti höfundurinn eða listflytjandinn afturkallað nytjaleyfið eða framsal réttinda að fullu eða að hluta til, sé viðkomandi verk eða annað verndað efni ekki hagnýtt.

2. Heimilt er að setja sértæk ákvæði í landslögum um afturköllunarfyrirkomulagið, sem kveðið er á um í 1. mgr., með tilliti til eftirfarandi:

a) sérstakra eiginleika mismunandi geira og mismunandi tegunda verka og listflutnings og

b) ef verk eða annað efni inniheldur framlag fleiri en eins höfundar eða listflytjanda, hlutfallslegs mikilvægis hvers einstaks framlags og lögmætra hagsmuna allra höfunda og listflytjenda sem beiting afturköllunarfyrirkomulagsins af hálfu eins höfundar eða listflytjanda hefur áhrif á.

Aðildarríki mega undanskilja verk eða annað efni beitingu afturköllunarfyrirkomulagsins ef slík verk eða annað efni innihalda að jafnaði framlag margra höfunda eða listflytjenda.

Aðildarríki mega kveða á um að fyrirkomulag afturköllunar geti aðeins gilt innan tiltekinna tímamarka ef slík takmörkun er tilhlýðilega rökstudd með vísan til sérstakra eiginleika geirans eða tegundar verksins eða annars efnis sem um er að ræða.

Aðildarríki mega kveða á um að höfundar eða listflytjendur geti kosið að fella úr gildi einkaréttinn sem felst í samningnum í stað þess að afturkalla nytjaleyfið eða framsal réttindanna.

3. Aðildarríki skulu kveða á um að aðeins megi framkvæma afturköllunina, sem kveðið er á um í 1. mgr., að liðnum hæfilegum tíma frá því að nytjaleyfi er veitt eða réttindi framseld. Höfundur eða listflytjandi skal tilkynna þeim aðila, sem veitt hefur verið nytjaleyfið fyrir réttindunum eða sem réttindin hafa verið framseld til, og setja viðeigandi frest til að hefja hagnýtingu réttinda sem nytjaleyfi hefur verið veitt fyrir eða hafa verið framseld. Að loknum þeim fresti getur höfundur eða listflytjandi kosið að fella úr gildi einkaréttinn sem felst í samningnum í stað þess að afturkalla nytjaleyfið eða framsal réttindanna.

4. Ákvæði 1. mgr, gilda ekki ef aðstæður, sem ætla má að höfundur eða listflytjandi geti með góðu móti bætt úr, eru meginástæða þess að réttindin voru ekki hagnýtt.

5. Aðildarríki geta kveðið á um að hvert það samningsákvæði sem víkur frá afturköllunarfyrirkomulaginu sem kveðið er á um í 1. mgr. sé því aðeins framfylgjanlegt að það byggist á rammasamningi.

*23. gr.*

**Sameiginleg ákvæði**

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hvert það samningsákvæði, sem kemur í veg fyrir að farið sé að ákvæðum 19., 20. og 21. gr., sé óframfylgjanlegt gagnvart höfundum og listflytjendum.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að 18.–22. gr. þessarar tilskipunar gildi ekki um höfunda tölvuforrita í skilningi 2. gr. tilskipunar 2009/24/EB.

V. BÁLKUR

**LOKAÁKVÆÐI**

*24. gr.*

**Breytingar á tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB**

1. Tilskipun 96/9/EB er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 2. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„b) ef um er að ræða notkun sem einungis er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að heimildar sé getið og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er viðskiptalegs eðlis, sbr. þó þær undanþágur og takmarkanir sem kveðið er á um í tilskipun (ESB) 2019/790 (*),

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 92).“

b) Eftirfarandi kemur í stað b-liðar í 9. gr.:

„b) ef um er að ræða útdrátt sem er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að heimildar sé getið og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er viðskiptalegs eðlis, sbr. þó þær undanþágur og takmarkanir sem kveðið er á um í tilskipun (ESB) 2019/790,“.

2. Tilskipun 2001/29/EB er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi kemur í stað c-liðar í 2. mgr. 5. gr.:

„c) þegar um er að ræða tilteknar aðgerðir til eftirgerðar af hálfu bókasafna, menntastofnana eða safna sem almenningur hefur aðgang að eða skjalasafna, sem eru hvorki gerðar vegna beins eða óbeins efnahagslegs eða viðskiptalegs ávinnings, sbr. þó þær undanþágur eða takmarkanir sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 (*),

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB (Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 92).“

b) Í stað a-liðar 3. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„a) ef um er að ræða notkun sem einungis er til skýringar við kennslu eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og að því marki sem telja má réttlætanlegt miðað við tilgang sem ekki er viðskiptalegs eðlis, sbr. þó þær undanþágur og takmarkanir sem kveðið er á um í tilskipun (ESB) 2019/790,“.

c) Eftirfarandi liðir bætast við 4. mgr. 12. gr.:

„e) að rannsaka áhrif lögleiðingar tilskipunar (ESB) 2019/790 á starfsemi innri markaðarins og vekja athygli á öllum vandkvæðum við lögleiðingu,

f) að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um viðeigandi þróun á sviði löggjafar og dómaframkvæmdar og um beitingu í reynd á þeim ráðstöfunum sem aðildarríki gera til að hrinda tilskipun (ESB) 2019/790 í framkvæmd,

g) að ræða hvers kyns önnur álitamál sem upp kunna að koma í tengslum við beitingu tilskipunar (ESB) 2019/790.“

*25. gr.*

**Tengsl við undanþágur og takmarkanir sem kveðið er á um í öðrum tilskipunum**

Aðildarríkjum er frjálst að samþykkja eða viðhalda víðtækari ákvæðum, sem samrýmast þeim undanþágum og takmörkunum sem kveðið er á um í tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB, vegna notkunar eða sviða sem falla undir þær undanþágur eða takmarkanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

*26. gr.*

**Beiting með tilliti til tímamarka**

1. Tilskipun þessi skal koma til framkvæmda að því er varðar öll verk og annað efni sem nýtur verndar löggjafar aðildarríkjanna á sviði höfundaréttar 7. júní 2021 eða síðar.

2. Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um aðgerðir sem lokið var og réttindi sem tilkomin voru fyrir 7. júní 2021.

*27. gr.*

**Umbreytingarákvæði**

Samningar um nytjaleyfi eða framsal réttinda höfunda og listflytjenda skulu falla undir gagnsæiskvöðina, sem sett er fram í 19. gr., frá og með 7. júní 2022.

*28. gr.*

**Vernd persónuupplýsinga**

Vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer innan ramma þessarar tilskipunar skal vera í samræmi við tilskipun 2002/58/EB og reglugerð (ESB) 2016/679.

*29. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 7. júní 2021. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*30. gr.*

**Endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi fyrr en 7. júní 2026, láta fara fram endurskoðun á þessari tilskipun og leggja skýrslu með helstu niðurstöðum fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 7. júní 2024, leggja mat á áhrif hins sérstaka bótaábyrgðarkerfis sem sett er fram í 17. gr. og gildir um veitendur efnisdeiliþjónustu á netinu sem hafa ársveltu undir 10 milljónum evra og bjóða þjónustu sem hefur verið aðgengileg almenningi í Sambandinu í minna en þrjú ár skv. 6. mgr. 17. gr. og, ef við á, grípa til aðgerða í samræmi við niðurstöður matsins.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að semja skýrsluna sem um getur í 1. mgr.

*31. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*32. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 17. apríl 2019.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| A. TAJANI | G. CIAMBA |
| *forseti.* | *forseti.* |

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/958** **2024/EES/11/64**

**frá 10. maí 2023**

**um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og viðeigandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdar ráðstöfunar** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

Í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([4]) var komið á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins til að stuðla að því að dregið verði úr losun þeirra á kostnaðarhagkvæman og efnahagslega skilvirkan hátt. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB ([5]) var flugstarfsemi felld inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (EU ETS). Evrópusambandið hefur valdheimildir til að rýmka viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir þannig að það nái yfir öll flug sem fara frá eða koma til flugvallar sem er staðsettur í aðildarríki.

2) Verndun umhverfisins er ein af mikilvægustu áskorununum sem Sambandið og aðrir heimshlutar standa frammi fyrir. Parísarsamningurinn ([6]) sem var samþykktur 12. desember 2015 samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) öðlaðist gildi 4. nóvember 2016. Aðilar að Parísarsamningnum hafa samþykkt að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Sú skuldbinding var styrkt með því að samþykkja, samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, loftslagssáttmálann í Glasgow 13. nóvember 2021 en þar viðurkennir ráðstefna aðilanna að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem er fundur aðilanna að Parísarsamningnum, að með því að halda hækkun á hnattrænu meðalhitastigi við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu dragi verulega úr áhættum og áhrifum af loftslagsbreytingum og þessir aðilar skuldbundu sig til að styrkja markmið sín fyrir 2030 við lok árs 2022 til að hraða á loftslagsaðgerðum á þessum mikilvæga áratug og til að brúa bilið milli metnaðar og markmiða með 1,5 °C markmiðinu. Til þess að ná markmiðum Parísarsamningsins verða allar greinar atvinnulífsins, þ.m.t. alþjóðaflug, að leggja sitt af mörkum til að ná fram samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 115. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 152, 6.4.2022, bls. 152.

([2]) Stjtíð. ESB C 301, 5.8.2022, bls. 116.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 25. apríl 2023.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu taki einnig til flugstarfsemi (Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3).

([6]) Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4.

3) Flugstarfsemi er ástæðan fyrir 2–3% af hnattrænni koltvísýringslosun og heildaráhrif flugstarfsemi á loftslag eru a.m.k. tvöfalt meiri en áhrifin frá koltvísýringi einum og sér. Flugstarfsemi er önnur stærstu upptök áhrifa á loftslag frá flutningastarfsemi á eftir flutningum á vegum. Evrópustofnunin um öryggi flugleiðsögu spáði árið 2022 44% aukningu á flugstarfsemi í Evrópu fyrir 2050 samanborið við 2019. Þörfin fyrir aðgerð til að draga úr koltvísýringslosun verður sífellt brýnni eins og milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar (IPCC) setur fram í nýjustu skýrslu sinni frá 7. ágúst 2021 sem ber heitið „Climate change 2021: The Physical Science Basis“, skýrslu sinni frá 28. febrúar 2022 sem ber heitið „Climate Change 2022: Impacts, Adaptation and Vulnerability“ og skýrslu sinni frá 4. apríl 2022 sem ber heitið „Climate Change 2022: Mitigation of Climate Change“. Í skýrslunni frá 4. apríl 2022 er alþjóðaflug tilgreint sem geiri þar sem samningar innan atvinnugreina innihalda samþykkt markmið um mótvægi gegn loftslagsbreytingum sem eru langt undir því sem þörf er á til að ná langtímamarkmiðinu um hitastig í Parísarsamningnum. Sambandið ætti því að bregðast við þessari brýnu þörf til aðgerða með því að efla viðleitni sína og festa sig í sessi sem alþjóðlegur leiðtogi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

4) Hinn 27. júní 2018 samþykkti ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, á tíunda fundi 214. fundar þess, fyrstu útgáfu af IV. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem var undirritaður 7. desember 1944 (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn), – kerfi til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA), þar sem alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA SARPs) var komið á. Sambandið og aðildarríki þess komu kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi til framkvæmda við upphaf prófunaráfangans 2021–2023 í samræmi við ákvörðun ráðsins (ESB) 2020/954 ([7]).

5) Í samræmi við ákvörðun ráðsins (ESB) 2018/2027 ([8]) tilkynntu aðildarríkin skrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um mismun milli kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir. Markmiðið var að vernda réttarreglur Sambandsins og síðari stefnumótandi heimildir sem og metnaðarstig Sambandsins í loftslagsmálum og einskorðað hlutverk Evrópuþingsins og ráðsins við að ákvarða innihaldið í lögum Sambandsins. Í kjölfar samþykktar þessarar tilskipunar ætti að uppfæra tilkynninguna um mismun milli kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir til skrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar með annarri tilkynningu um mismun í samræmi við lög Sambandsins til að endurspegla endurskoðunina sem gerð var á tilskipun 2003/87/EB.

6) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019 sem ber heitið „Grænt samkomulag í Evrópu“ liggur það til grundvallar að takast á við loftslags- og umhverfistengdar áskoranir og ná markmiðum Parísarsamningsins.

7) Sambandið skuldbatt sig til að draga úr nettólosun sinni á gróðurhúsalofttegundum í öllu hagkerfinu um a.m.k. 55% fyrir 2030, samanborið við gildin á árinu 1990, í uppfærðu landsákvörðuðu framlagi Sambandsins og aðildarríkja þess sem var lagt fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 17. desember 2020. Flugstarfsemi ætti að leggja sitt af mörkum til þessarar viðleitni til samdráttar á losun.

8) Með samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 ([9]) fastsetti Sambandið markmið í löggjöfina um að draga úr losun þannig að hún verði engin, eigi síðar en 2050, og markmið um að ná fram neikvæðri losun eftir það. Í þeirri reglugerð er einnig fastsett bindandi milliloftslagsmarkmið Sambandsins um samdrátt í nettólosun gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (losun eftir að upptaka hefur verið dregin frá) sem nemur a.m.k. 55%, samanborið við gildi ársins 1990, fyrir 2030.

9) Breytingarnar sem eru innleiddar með þessari tilskipun eru nauðsynlegar til að tryggja heilleika viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og stýra viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir með skilvirkum hætti til að það stuðli að því, sem stjórntæki, að ná fram markmiðum Sambandsins um að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda um a.m.k. 55% fyrir 2030 og að verða loftslagshlutlaust fyrir 2050 sem og markmiðinu um að ná fram neikvæðri losun eftir það eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1119. Þessar breytingar miða þar af leiðandi einnig að því að

([7]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2020/954 frá 25. júní 2020 um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar tilkynningu um frjálsa aðild að kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA) frá 1. janúar 2021 og þann kost sem er valinn til útreiknings á jöfnunarkröfum flugrekenda flugvéla á tímabilinu 2021–2023 (Stjtíð. ESB L 212, 3.7.2020, bls. 14).

([8]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2018/2027 frá 29. nóvember 2018 um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd - kerfi til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA) (Stjtíð. ESB L 325, 20.12.2018, bls. 25).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 („evrópsku loftslagslögin“) (Stjtíð. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

koma framlagi Sambandsins samkvæmt Parísarsamningnum, að því er varðar flugstarfsemi, til framkvæmda. Þess vegna ætti að sameina heildarfjölda losunarheimilda fyrir flugstarfsemi og beita línulegum samdráttarstuðli [áður: línulegur skerðingarstuðull] þar að lútandi eins og um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

10) Til viðbótar við koltvísýringslosun hefur flugstarfsemi áhrif á loftslagið með annarri losun en koltvísýringslosun, s.s. köfnunarefnisoxíð (NOx), sótagnir og oxaðar brennisteinstegundir og áhrif frá vatnsgufu, sem og með ferlum í lofthjúpnum af völdum slíkrar losunar, t.d. myndun ósons og flugslóðaklósiga (e. *contrail cirrus*). Loftslagsáhrifin af slíkri annarri losun en koltvísýringslosun velta á því hvaða tegundir eldsneytis og hreyfla eru notaðar, á staðsetningu losunarinnar, einkum farflugshæð loftfarsins og staðsetningu þess með tilliti til breiddar- og lengdargráðu ásamt tímasetningu losunarinnar og veðurskilyrða á þeim tíma. Í tilskipun 2008/101/EB var viðurkennt, byggt á mati framkvæmdastjórnarinnar frá 2006 á áhrifum þess að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir tæki einnig til flugstarfsemi, að flugstarfsemi hefði áhrif á loftslagið í heiminum með annarri losun en koltvísýringslosun. Í 4. mgr. 30. gr. tilskipunar 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 ([10]), var þess krafist að framkvæmdastjórnin legði fram, fyrir 1. janúar 2020, uppfærða greiningu á öðrum áhrifum á flugstarfsemi en frá koltvísýringi og henni átti að fylgja, eftir því sem við á, tillaga um hvernig best væri að taka á þessum áhrifum. Til að uppfylla þessa kröfu innti Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins af hendi uppfærða greiningu á öðrum áhrifum frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi á loftslagsbreytingar og birti rannsókn sína 23. nóvember 2020. Niðurstöður þeirrar rannsóknar staðfestu fyrra mat, þ.e. að önnur áhrif á loftslag frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi eru í heildina a.m.k. jafn umtalsverð og áhrifin frá koltvísýringi einum og sér.

11) Af niðurstöðum úr rannsókn Flugöryggisstofnunar Evrópu frá 23. nóvember 2020 leiðir að í samræmi við varúðarregluna er ekki lengur unnt að líta fram hjá öðrum áhrifum frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi. Þörf er á stjórnvaldsráðstöfunum Sambandsins til að ná fram samdrætti í losun í samræmi við Parísarsamninginn. Þess vegna ætti framkvæmdastjórnin að koma á ramma um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á öðrum áhrifum frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi. Á grundvelli niðurstaðnanna frá þeim ramma ætti framkvæmdastjórnin að leggja fram skýrslu, eigi síðar en 1. janúar 2028, og, eftir því sem við á og á grundvelli mats á áhrifum, að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf, sem inniheldur mótvægisráðstafanir vegna annarra áhrifa frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi, með því að rýmka gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir þannig að það nái yfir slík áhrif.

12) Til þess að ná fram auknum metnaði í loftslagsmálum verður að beina eins mörgum úrræðum og unnt er í loftslagstengda umbreytingu sem ætti einnig að vera réttlát umskipti. Af þessu leiðir að nota ætti allar uppboðstekjur sem eru ekki ætlaðar í fjárlög Sambandsins í loftslagstengdum tilgangi.

13) Sameina ætti heildarfjölda losunarheimilda fyrir flugstarfsemi við úthlutanir fyrir flug þar sem skila þarf inn losunarheimildum í samræmi við tilskipun 2003/87/EB. Úthlutunin fyrir árið 2024 ætti að byggjast á heildarúthlutun til virkra umráðenda loftfara/flugrekenda á árinu 2023, lækkaðri um línulega samdráttarstuðulinn eins og um getur í þeirri tilskipun. Auka ætti úthlutun til að taka tillit til flugleiða sem féllu ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á árinu 2023 en koma til með að falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir frá og með árinu 2024.

14) Aukin hlutdeild uppboða frá og með árinu eftir að þessi tilskipun öðlast gildi ætti að vera reglan fyrir úthlutun losunarheimilda fyrir fluggeirann, að teknu tilliti til getu geirans til að velta auknum kostnaði af koltvísýringi áfram. Hverfa ætti frá úthlutun án endurgjalds í áföngum á árunum 2024 og 2025 og koma á uppboðum á öllum losunarheimildum frá og með árinu 2026.

15) Tilskipun 2003/87/EB ætti að stuðla að því að skapa hvata fyrir afkolun flutningaflugs. Umbreytingin frá notkun jarðefnaeldsneytis kemur til með að gegna hlutverki við að ná fram slíkri afkolun. Að teknu tilliti til mikillar samkeppni milli umráðenda loftfara/flugrekenda, þróunar á markaði Sambandsins fyrir sjálfbær flugvélaeldsneyti og verulegs verðmunar milli jarðefnasteinolíu og sjálfbærs flugvélaeldsneytis ætti þó að styðja við þessa umbreytingu með því að skapa hvata fyrir brautryðjendur. Á tímabilinu frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2030 ætti því að setja 20 milljónir losunarheimilda í varasjóð í því skyni að úthluta þeim til að standa straum af hluta af því sem eftir stendur af verðmuninum milli jarðefnasteinolíu og flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir til einstakra umráðenda loftfara/flugrekenda. Þessar losunarheimildir ættu að koma úr potti samanlagðra losunarheimilda sem eru til ráðstöfunar fyrir flugstarfsemi og einungis ætti að úthluta þeim, án mismununar, fyrir flug sem falla undir skuldbindinguna um innskil í tilskipun 2003/87/EB. Í kjölfar mats á starfsemi þessa varasjóðs gæti framkvæmdastjórnin ákveðið að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að úthluta takmörkuðum og tímabundnum fjölda losunarheimilda. Slík úthlutun ætti einungis að standa yfir til 31. desember 2034.

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 (Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).

16) Flutningaflug yfir hljóðhraða hætti m.a. að vera í boði vegna óhóflega mikilla umhverfisspjalla sem það olli. Engu að síður sýnir núverandi leitni að ítarlegar rannsóknir hafa verið gerðar á endurkomu flugs yfir hljóðhraða. Jákvæð fylgni milli ferðahraða og losunarmagns vegna eldsneytisnotkunar réttlætir það að meðhöndla flug undir hljóðhraða á annan hátt en flug yfir hljóðhraða. Því þykir rétt að undanskilja hugsanleg flug yfir hljóðhraða í framtíðinni frá stuðningnum sem kveðið er á um samkvæmt þessari tilskipun fyrir eldsneyti sem er ekki jarðefnaeldsneyti.

17) Einnig ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB, að því er varðar ásættanlegar einingar til hlítingar, til að taka tillit til hæfisviðmiðana fyrir losunareiningar innan ramma kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samþykkti á 216. fundi sínum í mars 2019 sem mikilvægan þátt í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi. Umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu í Sambandinu ættu að geta notað einingar til hlítingar við kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir flug til eða frá eða á milli þriðju landa sem litið er svo á að séu þátttakendur í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi. Til að tryggja að framkvæmdin á kerfi Sambandsins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi styðji við markmiðin í Parísarsamningnum og skapi hvata til víðtækrar þátttöku í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi ættu einingar til hlítingar að vera upprunnar frá ríkjum sem eru aðilar að Parísarsamningnum og sem taka þátt í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og komast ætti hjá tvítalningu.

18) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir notkun á einingum í samræmi við tilskipun 2003/87/EB ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja skrá yfir einingar sem byggja á þeim sem ráð Alþjóðaflug-málastofnunarinnar hefur talið ásættanlegar til notkunar til hlítingar við kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og sem uppfylla skilyrðin um hæfi sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([11]).

19) Til að tryggja samræmd skilyrði varðandi nauðsynlegar ráðstafanir til að fá leyfi frá þátttökuaðilum, tímanlegar aðlaganir á skýrslugjöf um losun frá upptökum af mannavöldum og upptöku í viðtaka sem fellur undir landsákvörðuð framlög aðila sem eru þátttakendur og til að komast hjá tvítalningu og hreinni aukningu á hnattrænni losun ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að mæla fyrir um nákvæmar kröfur varðandi slíkar ráðstafanir. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

20) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir útreikningi á jöfnunarkröfum fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu í Sambandinu ætti að fela framkvæmdastjórninni samsvarandi framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

21) Þar eð ætlunin er að framkvæmd og framfylgd kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu utan Sambandsins sé eingöngu á ábyrgð heimalands þessara umráðenda loftfara/flugrekenda ætti ekki að gera þá kröfu að umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu utan Sambandsins ógildi einingar til hlítingar við kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi samkvæmt þessari tilskipun.

22) Þar eð ætlunin er að framkvæmd og framfylgd kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu utan Sambandsins sé eingöngu á ábyrgð heimalands þessara umráðenda loftfara/flugrekenda getur viðkomandi ríki, ef umráðandi loftfars/flugrekandi með staðfestu utan Sambandsins er með verulega losun frá flugi innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fer frá flugvelli sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu til flugvallar sem er staðsettur í Sviss eða í Breska konungsríkinu þar sem viðkomandi umráðandi loftfars/flugrekandi er með staðfestu, einnig tilkynnt um mismun, að því er varðar beitingu kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, er varðar flug innan Evrópu. Endurskoða ætti tilskipun 2003/87/EB reglulega í ljósi þróunar að því er þetta varðar.

23) Til að tryggja jafna meðferð á flugleiðum ættu flug til og frá ríkjum sem eru ekki með kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi í framkvæmd að því er varðar lög Sambandsins, önnur en flug sem fara frá flugvelli sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu og lenda á flugvelli sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu, í Sviss eða í Breska konungsríkinu, að vera undanþegin þeirri skyldu að skila inn losunarheimildum eða ógilda einingar. Til að skapa hvata til fullrar innleiðingar á kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi frá og með 2027 ætti undanþágan einungis að gilda um losun fram til 31. desember 2026 í tengslum við innskil losunarheimilda.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

24) Í 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) er kveðið á um að umhverfisstefna Sambandsins skuli stuðla að því að efla ráðstafanir á alþjóðavettvangi til að berjast gegn loftslagsbreytingum og gerð sú krafa að Sambandið og aðildarríkin, hvert á sínu valdsviði, eigi samstarf við þriðju lönd og við lögbærar alþjóðastofnanir. Þessi markmið skipta einnig máli fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina og frekari þróun kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi.

25) Gagnsæi gagna og aðgangur almennings að upplýsingum eru mikilvæg til að bæta ábyrgð og framfylgd. Þess vegna ætti framkvæmdastjórnin að birta gögn um losun og jöfnun umráðenda loftfara/flugrekenda á notendavænan hátt. Slík birting myndi auðvelda matið á áhrifum kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á hnattrænan samdrátt koltvísýringslosunar ásamt hlutverki þess við að ná fram markmiðum Parísarsamningsins.

26) Flug til og frá þeim löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og þróunarríkjum sem eru lítil eyríki, í skilningi Sameinuðu þjóðanna, sem eru ekki með kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi í framkvæmd að því er varðar lög Sambandsins, önnur en ríki með jafnmikla eða meiri verga landsframleiðslu á mann en meðaltalið í Sambandinu, ættu að vera undanþegin þeirri skyldu að skila inn losunarheimildum eða ógilda einingar. Það ætti ekki að vera nein lokadagsetning á þeirri undanþágu.

27) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir því að veita umráðendum loftfara/flugrekendum undanþágu frá jöfnunarkröfum eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun, að því er varðar losun frá flugi til og frá ríkjum sem beita kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á vægari hátt í landslögum sínum eða vanrækja að framfylgja ákvæðunum í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi með sama hætti og allir umráðendur loftfara/flugrekendur samkvæmt þessari tilskipun, ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að veita umráðendum loftfara/flugrekendum með staðfestu í Sambandinu undanþágu frá jöfnunarkröfum að því er varðar losun frá flugi þar sem veruleg röskun á samkeppni er fyrir hendi sem skaðar umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu í Sambandinu vegna vægari framkvæmdar eða framfylgdar á kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi í þriðju löndum. Röskun á samkeppni gæti stafað af vægari nálgun varðandi einingar sem uppfylla viðmiðanir eða ákvæði um tvítalningu. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

28) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir því að koma á jöfnum samkeppnisskilyrðum varðandi flugleiðir milli tveggja mismunandi ríkja sem beita kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, þegar þessi ríki heimila umráðendum loftfara/flugrekendum að nota aðrar einingar en þær sem eru á skránni yfir einingar til hlítingar sem er samþykkt samkvæmt framkvæmdargerð samkvæmt þessari tilskipun, ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að heimila umráðendum loftfara/flugrekendum með staðfestu í Sambandinu að nota einingategundir til viðbótar við þær sem eru í þeirri skrá yfir einingar til hlítingar eða að vera ekki bundnir af þeim skilyrðum fyrir hæfi eininga sem eru innleidd með þessari tilskipun. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

29) Framkvæmdastjórnin ætti að gefa skýrslu um framkvæmd kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og ráðstafanakörfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til að uppfylla hnattrænt metnaðarfullt langtímamarkmið í alþjóðaflugi um að kolefnislosunin verði engin fyrir 2050 (hnattrænt metnaðarfullt langtímamarkmið) sem var samþykkt á 41. þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 7. október 2022.

30) Til þess að stuðla að framvindu hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni hefur Sambandið þrisvar samþykkt tímabundnar undanþágur frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir til þess að takmarka skyldur sem verður að uppfylla varðandi losun frá flugi milli flugvalla, sem eru staðsettir á Evrópska efnahagssvæðinu, þannig að flugleiðir umráðenda loftfara/flugrekenda njóti jafnrar meðferðar, óháð því hvar þeir hafa höfuðstöðvar. Nýjasta undanþágan frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 ([12]), takmarkaði skyldur sem verður að uppfylla varðandi losun frá flugi innan Evrópska efnahagssvæðisins fram til 2023 og þar var gert ráð fyrir hugsanlegum breytingum á gildissviði kerfisins að því er varðar starfsemi til og frá flugvöllum, sem eru staðsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins, frá og með 1. janúar 2024 í kjölfar endurskoðunarinnar sem sett er fram í þeirri reglugerð. Til að meta framkvæmd kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, en prófunaráfangi þess er hafinn, og hvernig því er beitt í reynd ætti að framlengja núverandi undanþágu frá skuldbindingunum í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að því er varðar skuldbindingarnar um innskil, til 31. desember 2026 fyrir flug sem umráðendur loftfara/flugrekendur starfrækja á flugleiðum sem falla ekki undir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi til og frá viðkomandi þriðju löndum þar sem skuldbindingar um skýrslugjöf og innskil í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir myndu annars koma til framkvæmda frá og með 31. mars 2027 og 30. september 2027. Þetta ætti að vera síðasta tímabundna undanþágan frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Endurskoðun á kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi ætti að fara fram eigi síðar en 1. júlí 2026. Ef

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 frá 13. desember 2017 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að viðhalda núverandi takmörkunum á umfangi flugstarfsemi og til að undirbúa framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar frá 2021 (Stjtíð. ESB L 350, 29.12.2017, bls. 7).

kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi verður ekki styrkt á þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar eigi síðar en 31. desember 2025, í samræmi við að ná fram hnattrænu metnaðarfullu langtímamarkmiði þess í átt að því að ná markmiðum Parísarsamningsins, eða ef ríki sem eru skráð í framkvæmdargerð sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja losa minna en 70% af alþjóðlegri losun frá flugstarfsemi samkvæmt nýjustu aðgengilegu gögnum, ætti framkvæmdastjórnin að leggja til, eins og við á, að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gildi um losun frá brottflugi frá árinu 2027 og að umráðendur loftfara/flugrekendur geti dregið frá allan kostnað af jöfnun í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á þessum flugleiðum til að komast hjá tvöfaldri gjaldtöku. Á sama tíma, ef þriðja land beitir ekki kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi frá árinu 2027, ætti viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir að gilda um losun frá flugi sem fer til þessa þriðja lands.

31) Gera ætti upplýsingar um notkun eininga til hlítingar við jöfnunarkröfur samkvæmt kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi aðgengilegar öllum á ekki síður gagnsæjan hátt en þegar um er að ræða upplýsingar um notkun á alþjóðlegum inneignum samkvæmt tilskipun 2003/87/EB fram til 2020 skv. XIV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 ([13]).

32) Hinn 7. október 2022 og í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn ákvað 41. þing Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að breyta fyrri grunnviðmiðun fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir tímabilið frá 2024 til 2035 úr meðaltalinu af koltvísýringslosuninni 2019 og 2020 í 85% af koltvísýringslosuninni 2019. Meðaltalið af allri uppgefinni koltvísýringslosun 2019 og 2020 var 435 859 594 tonn. Koltvísýringslosunin 2019 var 608 076 604 tonn og 85% af þeirri tölu eru 516 865 113 tonn. Raunveruleg grunnviðmiðun sem Alþjóðaflugmálastofnunin notar til að reikna út vaxtarþátt geirans er þó ákvörðuð með því að nota hlutmengi koltvísýringslosunar þar sem einungis er tekið tillit til losunar á flugleiðum sem falla undir jöfnunarkröfur. Að því er varðar hlutmengi allra ríkjapara sem falla undir jöfnunarkröfur á árinu 2021 hefur Alþjóðaflugmálastofnunin ekki birt meðaltal koltvísýringslosunar fyrir árin 2019 og 2020 en áætlað er að hún verði í kringum 245 milljónir tonna og koltvísýringslosunin á árinu 2019 var 341 380 188 tonn; 85% af því eru 290 173 160 tonn. Að því er varðar ríkjapör sem búist er við að falli undir jöfnunarkröfur á árinu 2027 er áætlað að meðaltal koltvísýringslosunar á árunum 2019 og 2020 verði í kringum 373 milljónir tonna en áætlað er að 85% af samsvarandi koltvísýringslosun á árinu 2019 verði í kringum 439 milljónir tonna.

33) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir því að koma á fót skrá yfir ríki sem litið er svo á að beiti kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi að því er varðar tilskipun 2003/87/EB ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja og viðhalda skránni yfir ríki, önnur en ríki Evrópska efnahagssvæðisins, Sviss og Breska konungsríkið, sem teljast vera þátttakendur í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi að því er varðar lög Sambandsins. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.

34) Við umbreytingu fluggeirans í átt að sjálfbærri flugstarfsemi verður að taka tillit til félagsmálaþáttar geirans og samkeppnishæfni hans til að tryggja að umbreytingin sé samfélagslega réttlát og bjóði upp á þjálfun, endurmenntun og viðbótarþjálfun fyrir starfsfólk. Framkvæmdastjórnin ætti að leggja skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og félagsleg áhrif hennar á fluggeirann fyrir Evrópuþingið og ráðið.

35) Flugferðir sem eru 1000 kílómetrar eða styttri valda 6 til 9% af heildarkoltvísýringslosun frá flugstarfsemi. Framkvæmdastjórnin ætti að leggja fram skýrslu um ráðstafanir til að stuðla að umskiptum yfir í annars konar, sjálfbærari flutningsmáta meðan beðið er eftir tímamótatækni og tiltækileika eldsneytis og loftfara með enga losun í flugstarfsemi.

36) Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir hefur gilt um flugstarfsemi frá árinu 2012 en pakkinn „Fær í 55%“ (e. *Fit for 55*) inniheldur viðbótarráðstafanir sem, ásamt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, gæti haft uppsöfnuð áhrif á geirann. Til þess að tryggja tengjanleika í flugsamgöngum sem þjóna eysvæðum eða litlum flugvöllum ætti fyrirkomulagið samkvæmt þessari tilskipun, sem er hannað til að brúa það sem eftir stendur af verðmuninum milli jarðefnaeldsneytis og staðgöngukosta þess, að takmarka neikvæð áhrif á tengjanleika í flugsamgöngum og draga úr áhættu á kolefnisleka. Eigi síðar en 2026 ætti framkvæmdastjórnin að gefa skýrslu um hugsanleg áhrif á tengjanleika í flugsamgöngum.

37) Laga ætti losunarstuðulinn fyrir þotusteinolíu (Jet A1 eða Jet A) samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir að losunarstuðlinum fyrir þetta eldsneyti sem er fastsettur í kröfum og ráðlögðum starfsvenjum fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA SARPs). Ekki ætti að gera neinar breytingar á úthlutunarmagni vegna hærri losunarstuðuls fyrir þotusteinolíu vegna þess að af þessari tilskipun leiðir að verið er að hverfa í áföngum frá úthlutun án endurgjalds til flugstarfsemi í þágu uppboða til að skila meiri samdrætti á losun.

([13]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 frá 2. maí 2013 um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011 (Stjtíð. ESB L 122, 3.5.2013, bls. 1).

38) Endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna, þar sem notað er vetni frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er í samræmi við 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 ([14]) ætti að teljast vera með enga losun fyrir þá umráðendur loftfara/flugrekendur sem nota það þar til ítarlegar reglur um viðeigandi bókhald hafa verið fastsettar samkvæmt þessari tilskipun.

39) Í því skyni að fastsetja ítarlegar reglur um árlegan útreikning á mismuninum á kostnaði milli jarðefnasteinolíu og eldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir í samræmi við reglugerð um að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir sjálfbæra flutninga í lofti, um úthlutun losunarheimilda vegna notkunar á slíku eldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir og um útreikning á minni losun gróðurhúsalofttegunda sem leiðir af notkun á slíku eldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir, sem og að fastsetja ráðstafanir til að taka tillit til hvata sem verða til vegna kolefnisverðs og vegna samræmds lágmarksskattþreps á jarðefnaeldsneyti, ætti að fela framkvæmdastjórnin vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU). Að auki ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), í því skyni að setja fram ítarlegar ráðstafanir um uppboð aðildarríkjanna á losunarheimildum vegna flugstarfsemi, þ.m.t. ítarlegar ráðstafanir um uppboð sem eru nauðsynleg til að færa hluta af tekjunum af slíkum uppboðum í almenn fjárlög Sambandsins sem eigin tekjur. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([15]). Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

40) Huga ætti sérstaklega að því að stuðla að aðgengi fyrir ystu svæði Sambandsins. Þess vegna ætti að kveða á um tímabundna undanþágu, til 31. desember 2030, frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir vegna losunar frá flugi milli flugvallar sem er staðsettur á ysta svæði aðildarríkis og flugvallar sem er staðsettur utan þessa ysta svæðis í sama aðildarríki til að bregðast við mikilvægustu þörfum íbúa með tilliti til atvinnu, menntunar og annarra tækifæra. Af sömu ástæðum ætti þessi undanþága að taka til flugs milli flugvalla sem eru báðir staðsettir á sama ysta svæði eða á mismunandi ystu svæðum í sama aðildarríki.

41) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/136 ([16]) skal gilda að því er varðar tilkynningu til umráðenda loftfara/flugrekenda, sem aðildarríkin skulu inna af hendi eigi síðar en 30. nóvember 2023 samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, að því tilskildu að vaxtarþáttur geirans fyrir losun á árinu 2022, sem Alþjóðaflugmálastofnunin skal birta, sé jafn og núll.

42) Heildstæð nálgun að nýsköpun er mikilvæg til að ná markmiðum Græna samkomulagsins í Evrópu og vegna samkeppnishæfni iðnaðar í Evrópu. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir geira sem erfitt er að afkola, s.s. flugstarfsemi og siglingar, þar sem taka verður í notkun samsetningu af rekstrarlegum úrbótum, annars konar loftslagshlutlaust eldsneyti og tæknilausnir. Þess vegna ættu aðildarríkin að tryggja að landsbundin lögleiðingarákvæði hindri ekki nýsköpun og séu tæknilega hlutlaus. Nauðsynlegt átak í rannsóknum og nýsköpun nýtur stuðnings á vettvangi Sambandsins, m.a. í gegnum Horizon Europe – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun, sem inniheldur verulega fjármögnun og nýja gerninga fyrir þá geira sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

43) Nýsköpunarsjóðurinn, sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB, skal styðja rannsóknir á og þróun og beitingu lausna til afkolunar, þ.m.t. tækni með enga losun, og draga úr loftslags- og umhverfisáhrifum frá fluggeiranum. Hann skal einnig styðja rafvæðingu og aðgerðir til að draga úr heildaráhrifum af flugstarfsemi.

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82).

([15]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

([16]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/136 frá 18. janúar 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar tilkynningu um jöfnun er varðar hnattræna markaðstengda ráðstöfun fyrir flugrekendur með staðfestu í Sambandinu (Stjtíð. ESB L 19, 20.1.2023, bls. 1).

44) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og að koma kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi til framkvæmda á viðeigandi hátt í lögum Sambandsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

45) Aðildarríkin ættu að leiða þessa tilskipun í lög eigi síðar en 31. desember 2023 í ljósi þess hversu brýn þörf er á loftslagsaðgerðum og til að allir geirar leggi sitt af mörkum til samdráttar á losun á kostnaðarhagkvæman hátt.

46) Einföldun stjórnsýslumeðferða og aðlögun þessara meðferða að bestu starfsvenjum ætti að halda stjórnsýsluálaginu í lágmarki.

47) Því ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á tilskipun 2003/87/EB**

Tilskipun 2003/87/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi lið er bætt við 3. gr.:

„v) „önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi“: áhrif á loftslagið, sem verða við brennslu eldsneytis, af losun köfnunarefnisoxíða (NOx), sótagna og oxaðra brennisteinstegunda og áhrif frá vatnsgufu, þ.m.t. flugslóðar, frá loftfari sem stundar flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka,“.

2) Ákvæðum 3. gr. c er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 2. mgr. falla brott.

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„5. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða heildarfjölda losunarheimilda sem skal úthluta að því er varðar umráðendur loftfara/flugrekendur fyrir árið 2024, á grundvelli heildarúthlutunar losunarheimilda að því er varðar umráðendur loftfara/flugrekendur sem stunduðu flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka á árinu 2023, lækkaðan um línulega samdráttarstuðulinn eins og um getur í 9. gr., og skal birta þennan fjölda, sem og fjölda úthlutana án endurgjalds sem hefði verið úthlutað á árinu 2024 samkvæmt reglunum um úthlutun án endurgjalds sem voru í gildi fyrir breytingarnar sem voru innleiddar með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/958 (*).

6. Að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2030 skal setja að hámarki 20 milljónir af heildarfjölda losunarheimilda, sem um getur í 5. mgr., í varasjóð að því er varðar umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni, á grundvelli gagnsæis, jafnrar meðferðar og banns við mismunun, til notkunar á sjálfbæru flugvélaeldsneyti og öðru flugvélaeldsneyti, sem er ekki úr jarðefnaeldsneyti, og sem er tilgreint í reglugerð um að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir sjálfbæra flutninga í lofti sem verði tekið með í reikninginn til að ná því lágmarkshlutfalli af sjálfbæru flugvélaeldsneyti sem krafist er samkvæmt þeirri reglugerð að flugvélaeldsneyti, sem birgjar flugvélaeldsneytis láta umráðendum loftfara/flugrekendum á flugvöllum Sambandsins í té, innihaldi fyrir flug undir hljóðhraða þar sem skila þarf inn losunarheimildum í samræmi við 3. mgr. 12. gr. þessarar tilskipunar. Ef ekki er unnt að tengja flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir efnislega við tiltekið flug á flugvelli skulu losunarheimildir, sem eru settar í varasjóð samkvæmt þessari undirgrein, vera til reiðu fyrir flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir, sem er áfyllt á þessum flugvelli í réttu hlutfalli við losun frá flugi umráðanda loftfars/flugrekanda frá þessum flugvelli, þar sem skila þarf inn losunarheimildum í samræmi við 3. mgr. 12. gr. þessarar tilskipunar.

Aðildarríkin skulu útdeila þeim losunarheimildum sem eru settar í varasjóð samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar til að standa straum af hluta af eða öllum verðmuninum milli notkunar á jarðefnasteinolíu og notkunar á viðkomandi flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir, að teknu tilliti til hvata vegna kolefnisverðs og vegna samræmds lágmarksskattþreps á jarðefnaeldsneyti. Við útreikning á þessum verðmun skal framkvæmdastjórnin taka tillit til tækniskýrslunnar sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins birtir samkvæmt reglugerð um að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir sjálfbæra flutninga í lofti. Aðildarríkin skulu tryggja að fjármögnun samkvæmt þessari málsgrein sé sýnileg með þeim hætti að það samræmist kröfunum í a- og b-lið 1. mgr. 30. gr. m í þessari tilskipun.

Losunarheimildir sem er úthlutað samkvæmt þessari málsgrein skulu taka til:

a) 70% af því sem eftir stendur af verðmuninum milli notkunar á jarðefnasteinolíu og vetnis frá endurnýjanlegum orkugjöfum og háþróaðs lífeldsneytis, eins og það er skilgreint í 34. lið annarrar undirgreinar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 (**), sem er með losunarstuðulinn núll skv. IV. viðauka eða samkvæmt framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 14. gr. þessarar tilskipunar,

b) 95% af því sem eftir stendur af verðmuninum milli notkunar á jarðefnasteinolíu og endurnýjanlegu eldsneyti af ólífrænum uppruna sem er í samræmi við 25. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001, sem er notað í flugstarfsemi, sem er með losunarstuðulinn núll skv. IV. viðauka eða samkvæmt framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 14. gr. þessarar tilskipunar,

c) 100% af því sem eftir stendur af verðmuninum milli notkunar á jarðefnasteinolíu og sérhvers flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir, sem er ekki úr jarðefnaeldsneyti, sem fellur undir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, á flugvöllum sem eru staðsettir á eyjum sem eru minni en 10 000 $km^2$ og hvorki með vega- né járnbrautartengingu við meginlandið, á flugvöllum sem eru ekki nógu stórir til að vera skilgreindir sem flugvellir Sambandsins í samræmi við reglugerð um að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir sjálfbæra flutninga í lofti og á flugvöllum sem eru staðsettir á ysta svæði,

d) í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í a-, b- og c-lið, 50% af því sem eftir stendur af verðmuninum milli notkunar á jarðefnasteinolíu og sérhvers flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir, sem er ekki úr jarðefnaeldsneyti, sem fellur undir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Við úthlutun losunarheimilda samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að taka tillit til mögulegs stuðnings frá öðrum áætlunum á landsbundnum vettvangi.

Umráðendum loftfara/flugrekendum sem eru með rekstur í atvinnuskyni er heimilt, á ársgrundvelli, að sækja um úthlutun losunarheimilda sem grundvallast á magni hvers flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir, sem um getur í þessari málsgrein, sem er notað í flugferðum þar sem skila þarf inn losunarheimildum í samræmi við 3. mgr. 12. gr. á tímabilinu frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2030, að undanskildum flugferðum þar sem litið er svo á að krafan sé uppfyllt skv. 1. mgr. 28. gr. a. Ef eftirspurn eftir losunarheimildum vegna notkunar á slíku eldsneyti er meiri en tiltækileiki losunarheimilda á tilteknu ári skal draga úr fjölda losunarheimilda með samræmdum hætti fyrir alla umráðendur loftfara/flugrekendur sem úthlutunin fyrir þetta ár varðar.

Framkvæmdastjórnin skal birta upplýsingar á ársgrundvelli fyrir næstliðið ár um meðaltal mismunar á kostnaði vegna jarðefnasteinolíu, að teknu tilliti til hvata vegna kolefnisverðs og vegna samræmds lágmarksskattþreps á jarðefnaeldsneyti, og viðkomandi flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun með því að fastsetja ítarlegar reglur um árlegan útreikning á mismuninum á kostnaði sem um getur í sjöttu undirgrein þessarar málsgreinar, um úthlutun losunarheimilda vegna notkunar á eldsneytinu sem er tilgreint í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og um útreikning á minni losun gróðurhúsalofttegunda sem leiðir af notkun á þessu eldsneyti, eins og kemur fram í skýrslu samkvæmt framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 1. mgr. 14. gr., og til að fastsetja ráðstafanir til að taka tillit til hvata vegna kolefnisverðs og vegna samræmds lágmarksskattþreps á jarðefnaeldsneyti.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2028, framkvæma mat að því er varðar beitingu þessarar málsgreinar og skila niðurstöðunum úr því mati tímanlega í skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins. Með skýrslunni má fylgja, eftir því sem við á, tillaga að nýrri löggjöf til að úthluta takmörkuðum og tímabundnum fjölda losunarheimilda fram til 31. desember 2034 til að skapa frekari hvata til notkunar á eldsneytinu sem er tilgreint í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, einkum notkun á endurnýjanlegu eldsneyti af ólífrænum uppruna sem er í samræmi við 25. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001, sem er notað í flugstarfsemi, sem er með losunarstuðulinn núll skv. IV. viðauka eða samkvæmt framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 14. gr. þessarar tilskipunar.

Frá og með 1. janúar 2028 skal framkvæmdastjórnin meta beitingu þessarar málsgreinar í ársskýrslunni sem krafist er að hún leggi fram skv. 5. mgr. 10. gr.

7. Að því er varðar flug sem fara frá flugvelli sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu, sem lenda á flugvelli sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu, í Sviss eða Breska konungsríkinu og sem féllu ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á árinu 2023, skal heildarfjöldi losunarheimilda, sem skal úthluta til umráðenda loftfara/flugrekenda, aukinn um það magn losunarheimilda, þ.m.t. úthlutun án endurgjalds og uppboð, sem hefði verið úthlutað ef þeir hefðu fallið undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á því ári, lækkaðar um línulega samdráttarstuðulinn eins og um getur í 9. gr.

8. Þrátt fyrir 12. gr. (3. mgr.), 14. gr. (3. mgr.) og 16. gr. skulu aðildarríkin líta svo á að kröfurnar sem eru settar fram í þessum ákvæðum séu uppfylltar og skulu ekki grípa til neinna aðgerða gegn umráðendum loftfara/flugrekendum að því er varðar losun fram til 31. desember 2030 frá flugi milli flugvallar sem er staðsettur á ysta svæði aðildarríkis og flugvallar sem er staðsettur í sama aðildarríki, þ.m.t. annar flugvöllur sem er staðsettur á sama ysta svæðinu eða í öðru ysta svæði í sama aðildarríki.

---

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/958 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og viðeigandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdar ráðstöfunar (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 115).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82).“

3) Ákvæðum 3. gr. d er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Á árunum 2024 og 2025 skal bjóða upp 15% af losunarheimildunum sem um getur í 5. og 7. mgr. 3. gr. c, sem og 25% á árinu 2024 og 50% á árinu 2025, eftir því sem við á, af þeim 85% sem eftir standa af þeim losunarheimildum sem hefði verið úthlutað án endurgjalds, að undanskildum þeim fjölda losunarheimilda sem um getur í 6. mgr. 3. gr. c og fjórðu undirgrein 8. mgr. 10. gr. a. Því sem eftir stendur af losunarheimildum fyrir þessi ár skal úthlutað án endurgjalds.

Frá og með 1. janúar 2026 skal bjóða upp allar losunarheimildirnar sem hefði verið úthlutað án endurgjalds á því ári, að undanskildum þeim fjölda losunarheimilda sem um getur í 6. mgr. 3. gr. c og fjórðu undirgrein 8. mgr. 10. gr. a.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Losunarheimildum sem er úthlutað án endurgjalds skal úthlutað til umráðenda loftfara/flugrekenda í réttu hlutfalli við hlutdeild þeirra í sannprófaðri losun frá flugstarfsemi sem kemur fram í skýrslu fyrir árið 2023. Við þennan útreikning skal einnig taka tillit til sannprófaðrar losunar frá flugstarfsemi sem kemur fram í skýrslu að því er varðar flug sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir fyrr en frá og með 1. janúar 2024. Eigi síðar en 30. júní á viðkomandi ári skulu lögbær yfirvöld gefa út þær losunarheimildir sem er úthlutað án endurgjalds á því ári.“

c) Ákvæði 2. mgr. falla brott.

d) Í stað 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun varðandi ítarlegar ráðstafanir um uppboð aðildarríkjanna á losunarheimildum vegna flugstarfsemi í samræmi við 1. mgr. og 1. mgr. a í þessari grein, þ.m.t. ítarlegar ráðstafanir um uppboð sem eru nauðsynleg vegna færslu á hluta af tekjunum af slíkum uppboðum í almenn fjárlög Sambandsins sem eigin tekjur í samræmi við þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU). Fjöldi losunarheimilda, sem hvert aðildarríki býður upp á hverju tímabili, skal vera í réttu hlutfalli við hlutdeild aðildarríkisins í heildarlosun sem rakin er til flugstarfsemi fyrir öll aðildarríkin fyrir viðmiðunarárið sem kemur fram í skýrslu skv. 3. mgr. 14. gr. og er sannprófuð skv. 15. gr. Fyrir hvert tímabil sem um getur í 13. gr. skal viðmiðunarárið vera almanaksárið sem lýkur 24 mánuðum áður en tímabilið hefst sem tengist uppboðinu. Framseldar gerðir skulu tryggja að meginreglurnar, sem settar eru fram í fyrstu undirgrein 4. mgr. 10. gr., séu virtar.

4. Aðildarríkin skulu ákvarða hvernig tekjur sem eru tilkomnar vegna uppboðs á losunarheimildum sem falla undir þennan kafla verða notaðar, að undanskildum tekjum sem er ákvarðað að séu eigin tekjur í samræmi við þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) og færðar í almenn fjárlög Sambandsins. Aðildarríkin skulu nota tekjur sem eru tilkomnar vegna uppboðs á losunarheimildum eða jafngildi þessara tekna, metið til fjár, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar.“

4) Ákvæði 3. gr. e og 3. gr. f falla brott.

5) Ákvæðum 11. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1., 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, geta notað eftirfarandi einingar til að uppfylla skyldur sínar um að ógilda einingar að því er varðar fjöldann sem er tilkynntur skv. 6. mgr. 12. gr., eins og mælt er fyrir um í 9. mgr. 12. gr.:

a) inneignir sem aðilar hafa samþykkt sem eru þátttakendur í fyrirkomulaginu sem er fastsett skv. 4. mgr. 6. gr. Parísarsamningsins,

b) inneignir sem aðilar hafa samþykkt sem eru þátttakendur í inneignaráætlunum sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar telur að uppfylli viðmiðanir í samræmi við framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 8. mgr.,

c) inneignir sem aðilar að samningum hafa samþykkt skv. 5. mgr.,

d) inneignir sem voru gefnar út vegna verkefna á vettvangi Sambandsins skv. 24. gr. a.

2. Heimilt er að nota einingar sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. ef eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) þær eru upprunnar í ríki sem er aðili að Parísarsamningnum þegar þær eru notaðar,

b) þær eru upprunnar í ríki sem er skráð í framkvæmdargerðina, sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a, sem þátttakandi í kerfi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA). Þetta skilyrði gildir hvorki að því er varðar losun fyrir 2027 né að því er varðar lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun eða þróunarríki sem eru lítil eyríki, í skilningi Sameinuðu þjóðanna, nema þau ríki þar sem verg landsframleiðsla á mann er jafnmikil eða meiri en meðaltalið í Sambandinu.

3. Heimilt er að nota einingarnar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. ef ráðstafanir eru fyrir hendi til að fá leyfi frá þátttökuaðilum, gerðar eru tímanlegar aðlaganir á skýrslugjöf um losun frá upptökum af mannavöldum og upptöku í viðtaka sem fellur undir landsákvörðuð framlög aðila sem eru þátttakendur og komist er hjá tvítalningu og hreinni aukningu á hnattrænni losun.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarlegar kröfur varðandi ráðstafanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, sem geta tekið til krafna um skýrslugjöf og skráningu, og um skráningu þeirra ríkja eða áætlana þar sem þessum ráðstöfunum er beitt. Þessar ráðstafanir skulu taka mið af sveigjanleika sem löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og þróunarríkjum sem eru lítil eyríki er veittur í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“

b) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir með skrá yfir einingar sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar telur að uppfylli viðmiðanir og sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Framkvæmdastjórnin skal einnig samþykkja framkvæmdargerðir til að uppfæra þá skrá eins og við á. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“

6) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Aðildarríkin skulu reikna út jöfnunarkröfur á hverju ári fyrir næstliðið almanaksár, í samræmi við aðferðafræðina sem er sett fram í framkvæmdargerðinni sem um getur í 8. mgr. þessarar greinar, að því er varðar flug til, frá og milli ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a og að því er varðar flug milli Sviss eða Breska konungsríkisins og ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a og upplýsa umráðendur loftfara/flugrekendur um það eigi síðar en 30. nóvember á hverju ári.

Aðildarríkin skulu einnig reikna út, í samræmi við aðferðafræðina sem er sett fram í framkvæmdargerðinni sem um getur í 8. mgr. þessarar greinar, samanlagðar endanlegar jöfnunarkröfur fyrir tiltekið reglufylgnitímabil í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og eigi síðar en 30. nóvember, árið eftir síðasta árið í viðkomandi reglufylgnitímabili í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, skulu þau upplýsa umráðendur loftfara/flugrekendur, sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar, um þessar kröfur.

Aðildarríkin skulu upplýsa umráðendur loftfara/flugrekendur, sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði, um jöfnunarstigið:

a) umráðendur loftfara/flugrekendur eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, og

b) árleg koltvísýringslosun þeirra er meiri en 10 000 tonn vegna notkunar á flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5 700 kg, þeir annast flug sem falla undir I. viðauka, önnur en þau sem fara frá eða lenda í sama aðildarríkinu, þ.m.t. ystu svæði sama aðildarríkisins, frá og með 1. janúar 2021.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal ekki taka tillit til koltvísýringslosunar frá eftirfarandi tegundum flugs:

i. ríkisflugi,

ii. flugi í mannúðarskyni,

iii. sjúkraflugi,

iv. herflugi,

v. flugi til slökkvistarfa,

vi. flugi á undan eða eftir flugi í mannúðarskyni, sjúkraflugi eða flugi til slökkvistarfa, að því tilskildu að slík flug hafi verið framkvæmd með sama loftfarinu og verið nauðsynleg til að sinna tengdri starfsemi í mannúðarskyni, sjúkra- eða slökkvistarfi eða til að skipta um staðsetningu loftfarsins eftir þessa starfsemi fyrir næstu starfsemi þess.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„8. Útreikningur á jöfnunarkröfum, sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar í tengslum við kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, skal gerður í samræmi við aðferðafræði sem framkvæmdastjórnin skal tilgreina að því er varðar flug til, frá og milli ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a og flug milli Sviss eða Breska konungsríkisins og ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem aðferðarfræðin til að reikna út jöfnunarkröfur fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, er tilgreind.

Í þessum framkvæmdargerðum skal einkum gera nánar grein fyrir beitingu krafna sem leiða af viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar, einkum 3. gr. c, 11. gr. a, 12. gr. og 25. gr. a, og, að því marki sem mögulegt er í ljósi viðeigandi ákvæða í þessari tilskipun, af alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA SARPs).

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 30. júní 2024.

9. Umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, skulu einungis ógilda einingar sem um getur í 11. gr. a fyrir þann fjölda sem viðkomandi aðildarríki tilkynnir um í samræmi við 6. mgr., að því er varðar viðkomandi reglufylgnitímabil í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi. Ógildingin skal fara fram eigi síðar en 31. janúar 2025 vegna losunar á tímabilinu 2021 til 2023 og eigi síðar en 31. janúar 2028 vegna losunar á tímabilinu 2024 til 2026.“

7) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 14. gr.:

„5. Umráðendur loftfara/flugrekendur skulu gefa skýrslu einu sinni á ári um önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi sem eiga sér stað frá og með 1. janúar 2025. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin samþykkja, eigi síðar en 31. ágúst 2024, framkvæmdargerð skv. 1. mgr. til að fella önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi inn í ramma um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun. Þessi rammi um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun skal a.m.k. innihalda fyrirliggjandi þrívíð gögn um feril loftfars og umhverfisraka og -hitastig til að gera það kleift að fá fram koltvísýringsjafngildi á hverja flugferð. Framkvæmdastjórnin skal tryggja, með fyrirvara um fyrirliggjandi tilföng, að fyrir hendi séu verkfæri til að auðvelda og, að því marki sem mögulegt er, gera vöktun, skýrslugjöf og sannprófun sjálfvirka til að lágmarka allt stjórnsýsluálag.

Frá og með 1. janúar 2025 skulu aðildarríkin tryggja að hver umráðandi loftfars/flugrekandi vakti og gefi lögbæru yfirvaldi skýrslu um önnur áhrif en frá koltvísýringi frá hverju loftfari sem hann starfrækir á hverju almanaksári, eftir lok hvers árs í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 1. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu á hverju ári frá árinu 2026, sem hluta af skýrslunni sem um getur í 5. mgr. 10. gr., um niðurstöður úr beitingu rammans um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Eigi síðar en 31. desember 2027 skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu, á grundvelli niðurstaðna um beitingu rammans um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á öðrum áhrifum frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi, og, eftir því sem við á og eftir að hafa framkvæmt mat á áhrifum, tillögu að nýrri löggjöf til mótvægis við önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi með því að rýmka gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir til að það nái yfir önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi.

6. Framkvæmdastjórnin skal birta á notendavænan hátt a.m.k. eftirfarandi samantekin gögn um árlega losun frá flugstarfsemi, sem koma fram í skýrslu til aðildarríkjanna eða eru send framkvæmdastjórninni í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 (*) og 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 (**), í síðasta lagi þremur mánuðum eftir viðkomandi lokadag skýrsluskila:

a) fyrir hvert flugvallarpar innan Evrópska efnahagssvæðisins:

i. losun frá öllu flugi,

ii. heildarfjöldi flugferða,

iii. heildarfjöldi farþega,

iv. tegundir loftfara,

b) fyrir hvern umráðanda loftfara/flugrekanda:

i. gögn um losun frá flugi innan Evrópska efnahagssvæðisins, frá flugi sem fer frá Evrópska efnahagssvæðinu, flugi sem kemur til Evrópska efnahagssvæðisins og flugi milli tveggja þriðju landa, sundurliðað eftir ríkjapörum, og gögn um losun sem fellur undir þá skyldu að ógilda losunareiningar sem uppfylla viðmiðanir í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi,

ii. fjöldi jöfnunarkrafna, reiknaður út í samræmi við 8. mgr. 12. gr.,

iii. fjöldi og tegund inneigna skv. 11. gr. a sem eru notaðar til að fara að jöfnunarkröfum umráðanda loftfars/flugrekanda sem um getur í ii. lið þessa liðar,

iv. magn og tegund eldsneytis sem er notað, sem er með losunarstuðulinn núll samkvæmt þessari tilskipun eða sem veitir umráðanda loftfars/flugrekanda rétt til að fá losunarheimildir skv. 6. mgr. 3. gr. c.

Að því er varðar a- og b-lið fyrstu undirgreinar er viðkomandi umráðanda loftfars/flugrekanda heimilt, í sérstökum aðstæðum ef umráðandi loftfars/flugrekandi starfar á mjög fáum flugvallarpörum eða í mjög fáum ríkjapörum sem falla undir jöfnunarkröfur eða í mjög fáum ríkjapörum sem falla ekki undir jöfnunarkröfur, að fara þess á leit að ábyrgðaraðildarríkið birti ekki slík gögn á vettvangi umráðanda loftfars/flugrekanda og útskýra hvers vegna birting upplýsinganna myndi teljast skaðleg fyrir viðskiptahagsmuni hans. Á grundvelli þessarar beiðni er ábyrgðaraðildarríkinu heimilt að fara þess á leit að framkvæmdastjórnin birti þessi gögn á hærra flokkunarþrepi. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um beiðnina.

---

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1).

(**) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 frá 18. júlí 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar ráðstafanir sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti vegna vöktunar, skýrslugjafar og sannprófunar á losun frá flugi í þeim tilgangi að koma hnattrænni markaðstengdri ráðstöfun til framkvæmda (Stjtíð. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 10).“

8) Ákvæðum 18. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef ekkert af losuninni, sem rakin er til flugstarfsemi og er frá flugi á vegum umráðanda loftfars/flugrekanda sem fellur undir b-lið 1. mgr. þessarar greinar, verður rakið til ábyrgðaraðildarríkisins fyrstu tvö ár einhvers tímabils sem um getur í 13. gr. skal færa umráðanda loftfars/flugrekanda yfir á annað ábyrgðaraðildarríki að því er varðar næsta tímabil. Nýja ábyrgðaraðildarríkið skal vera aðildarríkið með mestu áætluðu losunina sem rakin er til flugstarfsemi frá flugferðum á vegum viðkomandi umráðanda loftfars/flugrekanda á fyrstu tveimur árum fyrra tímabils.“

b) Í stað b-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) uppfæra skrána, a.m.k. á tveggja ára fresti frá árinu 2024, þannig að hún taki til umráðenda loftfara/flugrekenda sem hafa síðan stundað flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka; ef umráðandi loftfars/flugrekandi hefur ekki stundað flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka í fjögur almanaksár samfellt áður en skráin er uppfærð skal viðkomandi umráðandi loftfars/flugrekandi ekki færður inn í skrána.“

9) Ákvæðum 25. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Sambandið og aðildarríki þess skulu halda áfram að leitast við að ná samkomulagi um hnattrænar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugstarfsemi, í samræmi við markmiðin í reglugerð (ESB) 2021/1119 og Parísarsamningnum. Í ljósi slíks samkomulags skal framkvæmdastjórnin vega og meta hvort nauðsynlegt sé að gera breytingar á þessari tilskipun að því er varðar umráðendur loftfara/flugrekendur.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerð til að skrá önnur ríki en EES-löndin, Sviss og Breska konungsríkið, sem litið er svo á að beiti kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi að því er varðar þessa tilskipun, með grunnviðmiðunina 2019 fyrir árin 2021 til 2023 og grunnviðmiðunina 85% fyrir losunina 2019 fyrir hvert ár frá og með árinu 2024. Þessi framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.

4. Að því er varðar losun fram til 31. desember 2026 frá flugi til eða frá ríkjum sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar skal ekki gera þá kröfu að umráðendur loftfara/flugrekendur skili inn losunarheimildum, í samræmi við 3. mgr. 12. gr., að því er varðar þessa losun.

5. Að því er varðar losun fram til 31. desember 2026 frá flugi milli Evrópska efnahagssvæðisins og ríkja sem eru ekki skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar, önnur en flug til Sviss og til Breska konungsríkisins, skal ekki gera þá kröfu að umráðendur loftfara/flugrekendur skili inn losunarheimildum, í samræmi við 3. mgr. 12. gr., að því er varðar þessa losun.

6. Að því er varðar losun frá flugi til og frá löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og þróunarríkjum sem eru lítil eyríki, í skilningi Sameinuðu þjóðanna, öðrum en þeim sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar og þau ríki þar sem verg landsframleiðsla á mann er jafnmikil eða meiri en meðaltalið í Sambandinu, skal ekki gera þá kröfu að umráðendur loftfara/flugrekendur skili inn losunarheimildum, í samræmi við 3. mgr. 12. gr., að því er varðar þessa losun.

7. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að um sé að ræða verulega röskun á samkeppni, s.s. röskun af völdum þriðja lands sem beitir kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á vægari hátt í landslögum sínum eða vanrækir að framfylgja ákvæðunum í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á sama hátt fyrir alla umráðendur loftfara/flugrekendur, sem er skaðleg fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að veita þessum umráðendum loftfara/flugrekendum undanþágu frá jöfnunarkröfum, eins og mælt er fyrir um í 9. mgr. 12. gr., að því er varðar losun frá flugi til og frá slíkum ríkjum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmáls-meðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.

8. Ef umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, starfrækja flug milli tveggja mismunandi ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. flug sem fara fram milli Sviss, Breska konungsríkisins og ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar og þessi ríki heimila umráðendum loftfara/flugrekendum að nota aðrar einingar en þær sem eru í skránni sem er samþykkt skv. 8. mgr. 11. gr. a, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framkvæmdargerðir til að heimila þessum umráðendum loftfara/flugrekendum að nota tegundir eininga til viðbótar við þær sem eru í skránni eða að vera ekki bundnir af skilyrðunum í 2. og 3. mgr. 11. g. a að því er varðar losun frá slíku flugi. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“

10) Í stað 28. gr. a og 28. gr. b kemur eftirfarandi:

*„28. gr. a*

**Undanþágur sem gilda á undan lögboðinni framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar**

1. Þrátt fyrir 12. gr. (3. mgr.), 14. gr. (3. mgr.) og 16. gr. skulu aðildarríkin líta svo á að kröfurnar sem eru settar fram í þessum ákvæðum séu uppfylltar og skulu ekki grípa til neinna aðgerða gegn umráðendum loftfara/flugrekendum að því er varðar:

a) alla losun frá flugi til og frá flugvöllum sem eru staðsettir í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, að undanskildu flugi til flugvalla sem eru staðsettir í Breska konungsríkinu eða Sviss, á hverju almanaksári frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2026, háð endurskoðuninni sem um getur í 28. gr. b,

b) alla losun frá flugi milli flugvallar sem er staðsettur á ysta svæði í skilningi 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og flugvallar sem er staðsettur á öðru svæði Evrópska efnahagssvæðisins, á hverju almanaksári frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2023, háð endurskoðuninni sem um getur í 28. gr. b.

Að því er varðar 11. gr. a, 12. og 14. gr. skal líta svo á að sannprófuð losun frá flugi, öðru en því sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, sé sannprófuð losun umráðanda loftfars/flugrekanda.

2. Þrátt fyrir 3. mgr. 3. gr. d skal fækka fjölda losunarheimilda, sem hvert aðildarríki skal bjóða upp að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2026, þannig að hann svari til hlutdeildar aðildarríkisins í losun frá flugi sem rekja má til flugstarfsemi sem fellur ekki undir undanþágurnar sem kveðið er á um í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

3. Þrátt fyrir 3. gr. g skal ekki krefja umráðendur loftfara/flugrekendur um að leggja fram vöktunaráætlanir þar sem gerð er grein fyrir ráðstöfunum til að vakta og gefa skýrslu um losun að því er varðar flug sem falla undir undanþágurnar sem kveðið er á um í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

4. Þrátt fyrir 3. gr. g, 12. gr., 15. gr. og 18. gr. a skal líta svo á að ef árleg heildarlosun umráðanda loftfars/flugrekanda er minni en 25 000 tonn af koltvísýringi, eða ef árleg heildarlosun umráðanda loftfars/flugrekanda er minni en 3000 tonn af koltvísýringi frá öðru flugi en því sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar, sé losun hans sannprófuð losun ef hún er ákvörðuð með því að nota tæki fyrir smálosendur sem er samþykkt samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 606/2010 (*) og inniheldur gögn frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu úr stoðbúnaði viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir. Aðildarríkjunum er heimilt að koma í framkvæmd einfölduðu ferli fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur, sem eru ekki með rekstur í atvinnuskyni, svo fremi sem slíkt ferli feli ekki í sér minni nákvæmni en fæst með tæki smálosenda.

5. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda einungis um lönd, sem samkomulag hefur náðst við skv. 25. gr. eða 25. gr. a, í samræmi við skilmála slíks samkomulags.

*28. gr. b*

**Skýrslugjöf og endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar varðandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar**

1. Fyrir 1. janúar 2027 og á þriggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framvindu við samningaviðræður Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um að koma hnattrænu markaðstengdu ráðstöfuninni í framkvæmd þannig að hún gildi um losun frá 2021, einkum að því er varðar:

a) viðeigandi gerninga Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þ.m.t. kröfur og ráðlagðar starfsvenjur, sem og framvindu við framkvæmd allra þátta í ráðstafanakörfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í áttina að því að ná hnattræna metnaðarfulla langtímamarkmiðinu sem var samþykkt á 41. þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

b) tilmæli, samþykkt af ráði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem varða hnattrænu markaðstengdu ráðstöfunina, þ.m.t. allar hugsanlegar breytingar á grunnviðmiðunum,

c) að stofna hnattræna skrá,

d) landsbundnar ráðstafanir sem þriðju lönd gera til að koma hnattrænu markaðstengdu ráðstöfuninni, sem á að gilda um losun frá 2021, í framkvæmd,

e) hversu mikil þátttaka þriðju landa er í jöfnuninni samkvæmt kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, þ.m.t. hvaða áhrif fyrirvarar þeirra, að því er varðar slíka þátttöku, gætu haft og

f) aðra viðeigandi þróun á alþjóðavettvangi og gildandi gerninga, sem og framvindu við að draga úr heildaráhrifum flugsamgangna á loftslag.

Í samræmi við hnattrænu athugunina í Parísarsamningnum skal framkvæmdastjórnin einnig gefa skýrslu um viðleitni við að uppfylla hnattrænt metnaðarfullt langtímamarkmið fluggeirans við að draga úr koltvísýringslosun frá flugstarfsemi niður í enga losun fyrir 2050, metið í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í a- til f-lið fyrstu undirgreinar.

2. Eigi síðar en 1. júlí 2026 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem hún skal meta umhverfislegan heilleika hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þ.m.t. almennan metnað hennar m.t.t. markmiða samkvæmt Parísarsamningnum, hversu mikil þátttakan er í jöfnuninni samkvæmt kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, framfylgd hennar, gagnsæi, viðurlög fyrir að fara ekki að tilskildum ákvæðum, ferli varðandi þátttöku almennings, gæði jöfnunarinneigna, vöktun losunar, skýrslugjöf um hana og sannprófun á henni, skrár og ábyrgð sem og reglur um notkun lífeldsneytis. Framkvæmdastjórnin skal einnig birta þessa skýrslu eigi síðar en 1. júlí 2026.

3. Með skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 2. mgr., skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á, til að breyta þessari tilskipun á þann hátt sem er í samræmi við markmiðið um hitastig í Parísarsamningnum, skuldbindingu Sambandsins um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í öllu hagkerfinu fyrir 2030 og markmiðið um að ná loftslagshlutleysi fyrir 2050 og með það að markmiði að vernda umhverfislegan heillleika og skilvirkni loftslagsaðgerða Sambandsins. Meðfylgjandi tillaga skal, eins og við á, taka til beitingar á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir um brottflug frá flugvöllum sem eru staðsettir í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu til flugvalla sem eru staðsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins frá og með janúar 2027 og undanskilja komuflug frá flugvöllum sem eru staðsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins ef skýrslan, sem um getur í 2. mgr., sýnir að:

a) þing Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hefur ekki styrkt kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, eigi síðar en 31. desember 2025, í samræmi við að ná hnattrænu metnaðarfullu langtímamarkmiði þess í átt að því að ná markmiðum Parísarsamningsins, eða

b) ríki sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a losa minna en 70% af alþjóðlegri losun frá flugstarfsemi samkvæmt nýjustu aðgengilegu gögnum.

Meðfylgjandi tillaga skal einnig, eins og við á, gera umráðendum loftfara/flugrekendum kleift að draga frá allan kostnað af jöfnun í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á þessum flugleiðum til að komast hjá tvöfaldri gjaldtöku. Ef skilyrðin sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar eru ekki uppfyllt skal tillagan breyta þessari tilskipun, eins og við á, til að haldið verði áfram að beita viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir einungis um flug innan Evrópska efnahagssvæðisins, um flug til Sviss og Breska konungsríkisins og um flug til ríkja sem eru ekki skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 606/2010 frá 9. júlí 2010 um samþykki á einfölduðu tæki sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) hefur þróað til að áætla eldsneytisnotkun tiltekinna umráðenda loftfara sem losa lítið (Stjtíð. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 25).“

11) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 30. gr.:

„8. Á árinu 2026 skal framkvæmdastjórnin fella eftirfarandi þætti inn í skýrsluna sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr.:

a) mat á umhverfis- og loftslagsáhrifum af flugi sem er styttra en 1000 km og huga að valkostum til að draga úr þessum áhrifum, þ.m.t. athugun á annars konar almenningssamgöngumátum sem eru tiltækir og aukinni notkun á sjálfbæru flugvélaeldsneyti,

b) mat á umhverfis- og loftslagsáhrifum frá flugi á vegum rekstraraðila sem njóta undanþágu skv. h- eða k-lið í færslunni „flugsamgöngur“ í dálkinum „starfsemi“ í töflunni í I. viðauka og huga að valkostum til að draga úr þessum áhrifum,

c) mat á félagslegum áhrifum af þessari tilskipun í fluggeiranum, þ.m.t. á vinnuafl og kostnað við flugferðir, og

d) mat á tengjanleika flugsamgangna milli eyja og afskekktra yfirráðasvæða, þ.m.t. að hugað sé að samkeppnishæfni og kolefnisleka sem og umhverfis- og loftslagsáhrifum.

Einnig skal taka tillit til skýrslunnar sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr., eftir því sem við á, við framtíðarendurskoðun á þessari tilskipun.“

12) Ákvæðum I. og IV. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2023. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 10. maí 2023.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| R. METSOLA | J. ROSWALL |
| *forseti.* | *forseti.* |

*VIÐAUKI*

1) Í töflunni í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er færslunni „flugsamgöngur“ í dálkinum „starfsemi“ breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir fyrsta lið:

„Flug milli flugvalla, sem eru staðsettir í tveimur mismunandi ríkjum sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a, og flug milli Sviss eða Breska konungsríkisins og ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a og, að því er varðar 6. og 8. mgr. 12. gr. og 28. gr. c, öll önnur flug milli flugvalla sem eru staðsettir í tveimur mismunandi þriðju löndum, á vegum umráðenda loftfara/flugrekenda sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) umráðendur loftfara/flugrekendur eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, og

b) árleg koltvísýringslosun þeirra er meiri en 10 000 tonn vegna notkunar á flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5 700 kg, þeir annast flug sem falla undir þennan viðauka, önnur en þau sem fara frá og lenda í sama aðildarríkinu, þ.m.t. ystu svæði sama aðildarríkisins, frá og með 1. janúar 2021; að því er varðar þennan lið skal ekki taka tillit til losunar frá eftirfarandi tegundum flugs:

i. ríkisflugi,

ii. flugi í mannúðarskyni,

iii. sjúkraflugi,

iv. herflugi,

v. flugi til slökkvistarfa,

vi. flugi á undan eða eftir flugi í mannúðarskyni, sjúkraflugi eða flugi til slökkvistarfa, að því tilskildu að slík flug hafi verið framkvæmd með sama loftfarinu og verið nauðsynleg til að sinna tengdri starfsemi í mannúðarskyni, sjúkra- eða slökkvistarfi eða til að skipta um staðsetningu loftfarsins eftir þessa starfsemi fyrir næstu starfsemi þess.“

b) Í stað tölunnar „30 000“ í i. lið kemur talan „50 000“.

2) Í B-hluta IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er liðnum „Vöktun á losun koltvísýrings“ breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málslið er bætt við í lok fjórða liðar:

„Losunarstuðullinn fyrir þotusteinolíu (Jet A1 eða Jet A) skal vera 3,16 (t $CO_2$/t eldsneyti).“

b) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir fjórða lið:

„Losun frá endurnýjanlegu eldsneyti af ólífrænum uppruna, þar sem notað er vetni frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er í samræmi við 25. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001 skal teljast vera með enga losun fyrir þá umráðendur loftfara/flugrekendur sem nota það þar til framkvæmdargerðin, sem um getur í 1. mgr. 14. gr. þessarar tilskipunar, er samþykkt.“

_____

**ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/136** **2024/EES/11/65**

**frá 18. janúar 2023**

**um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar tilkynningu um jöfnun er varðar hnattræna markaðstengda ráðstöfun fyrir umráðendur loftfara með staðfestu í Sambandinu** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Kerfi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA) hefur verið starfrækt síðan 2019 að því er varðar vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun og er ætlað að vera hnattræn markaðstengd ráðstöfun sem miðar að því að jafna losun koltvísýrings frá alþjóðaflugi frá 1. janúar 2021 yfir föstu losunargildi með tiltekinni jöfnunarinneign.

2) Parísarsamningurinn ([4]) sem var samþykktur í desember 2015 samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) öðlaðist gildi í nóvember 2016. Aðilar að honum hafa samþykkt að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Sú skuldbinding var styrkt með samþykkt loftslagssáttmálans í Glasgow (e. *Glasgow Climate Pact*) í nóvember 2021 þar sem ráðstefna aðilanna viðurkennir að áhrif loftslagsbreytinga verði miklu minni við 1,5 °C hækkun á hitastigi samanborið við 2 °C og einsetur sér að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 19, 20.1.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 105, 4.3.2022, bls. 140.

([2]) Stjtíð. ESB C 301, 5.8.2022, bls. 116.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. desember 2022 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 19. desember 2022.

([4]) Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4.

3) Með fyrirvara um muninn á löggjöf Sambandsins og ákvæðunum í fyrstu útgáfu af IV. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug – kerfi til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, þar sem alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA SARPs) var komið á, sem voru tilkynntar til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í kjölfar samþykktar ákvörðunar ráðsins (ESB) 2018/2027 ([5]), og með fyrirvara um hvernig Evrópuþingið og ráðið breyta löggjöf Sambandsins, hyggst Sambandið innleiða kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA) með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([6]).

4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 ([7]) var samþykkt til að koma á viðeigandi hátt í framkvæmd reglunum í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun frá flugi. Jöfnunin, í skilningi krafna og ráðlagðra starfsvenja fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, er reiknuð út á grundvelli koltvísýringslosunar sem hefur verið sannprófuð í samræmi við þá framseldu reglugerð.

5) Vegna mikils samdráttar á losun frá flugi 2020 sem afleiðing COVID-19-heimsfaraldursins ákvað ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á 220. fundi sínum í júní 2020 að nota ætti losun frá 2019 sem grunnviðmið fyrir útreikning á jöfnun sem umráðendur loftfara/flugrekendur eiga að framkvæma fyrir árin 2021 til 2023. Sú ákvörðun var samþykkt á 41. þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í október 2022.

6) Losun frá flugi árið 2021 fór ekki yfir heildargildi ársins 2019. Hinn 31. október 2022 ákvarðaði Alþjóðaflugmálastofnunin að vaxtarþáttur geirans (SGF) fyrir losun árið 2021 væri jafn og núll. Vaxtarþáttur geirans er mæliþáttur í aðferðafræði kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi sem er notaður til að reikna út árlegar jöfnunarkröfur rekstraraðila. Því skal viðbótarjöfnun umráðenda loftfara/flugrekenda vera núll fyrir árið 2021.

7) Aðildarríki ættu að koma kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi í framkvæmd með því að tilkynna umráðendum loftfara/flugrekendum sem eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út og umráðendum loftfara/flugrekendum sem eru skráðir í aðildarríki um þessa jöfnun umráðenda loftfara/flugrekenda að því er varðar árið 2021 eigi síðar en 30. nóvember 2022.

8) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs hennar og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessum markmiðum.

9) Mikilvægt er að tryggja réttarvissu fyrir landsbundin yfirvöld og fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur að því er varðar kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir árið 2021 svo fljótt sem unnt er árið 2022. Til samræmis við það ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi án tafar.

10) Með fyrirvara um samþykkt tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og viðeigandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar er þessari ákvörðun ætlað að vera eingöngu tímabundin ráðstöfun sem á einungis að beita meðan beðið er eftir að lögleiðingartímabil þeirrar tilskipunar renni út. Ef lögleiðingartímabilið er ekki runnið út fyrir 30. nóvember 2023 og Alþjóðaflugmálastofnunin ákvarðar að vaxtarþáttur geirans fyrir losun árið 2022 sé jafn og núll ættu aðildarríkin að tilkynna umráðendum loftfara/flugrekendum að jöfnunarkröfur þeirra að því er varðar árið 2022 nemi núlli. Ef vaxtarþáttur geirans fyrir losun árið 2022 er frábrugðinn núlli ætti framkvæmdastjórnin að geta, eftir því sem við á, lagt fram nýja tillögu um útreikninga og tilkynningu um þessar nýju jöfnunarkröfur.

([5]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2018/2027 frá 29. nóvember 2018 um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd - kerfi til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA) (Stjtíð. ESB L 325, 20.12.2018, bls. 25).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 frá 18. júlí 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar ráðstafanir sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti vegna vöktunar, skýrslugjafar og sannprófunar á losun frá flugi í þeim tilgangi að koma hnattrænni markaðstengdri ráðstöfun til framkvæmda (Stjtíð. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 10).

11) Því ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi málsgreinum er bætt við í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB:

„6. Aðildarríki skulu tilkynna umráðendum loftfara/flugrekendum, eigi síðar en 30. nóvember 2022, að jöfnunarkröfur þeirra í skilningi 3.2.1. liðar í alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar varðandi umhverfisvernd fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA SARPs), að því er varðar árið 2021, nemi núlli. Aðildarríki skulu senda tilkynningu til umráðenda loftfara/flugrekenda sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) umráðendur loftfara/flugrekendur eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, og

b) árleg koltvísýringslosun þeirra er meiri en 10 000 tonn vegna notkunar á flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5 700 kg, þeir annast flug sem falla undir I. viðauka við þessa tilskipun og 3. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 (*), önnur en þau sem fara frá og lenda í sama aðildarríkinu, þ.m.t. ystu svæði sama aðildarríkisins, frá og með 1. janúar 2021.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal ekki taka tillit til koltvísýringslosunar frá eftirfarandi tegundum flugs:

i. ríkisflugi,

ii. flugi í mannúðarskyni,

iii. sjúkraflugi,

iv. herflugi,

v. flugi til slökkvistarfa,

vi. flugi á undan eða eftir flugi í mannúðarskyni, sjúkraflugi eða flugi til slökkvistarfa, að því tilskildu að slík flug hafi verið framkvæmd með sama loftfarinu og verið nauðsynleg til að sinna tengdri starfsemi í mannúðarskyni, sjúkra- eða slökkvistarfi eða til að skipta um staðsetningu loftfarsins eftir þessa starfsemi fyrir næstu starfsemi þess.

7. Meðan beðið er eftir lagagerð um breytingu á þessari tilskipun að því er varðar framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og viðeigandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar, og ef tímabil fyrir lögleiðingu slíkrar lagagerðar er ekki runnið út fyrir 30. nóvember 2023, og vaxtarþáttur geirans (SGF) fyrir losun árið 2022 sem Alþjóðaflugmálastofnunin skal birta er jafn og núll, skulu aðildarríki tilkynna umráðendum loftfara/flugrekendum, eigi síðar en 30. nóvember 2023, að jöfnunarkröfur þeirra í skilningi 3.2.1. liðar í kröfum og ráðlögðum starfsvenjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, að því er varðar árið 2022, nemi núlli.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 frá 18. júlí 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar ráðstafanir sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti vegna vöktunar, skýrslugjafar og sannprófunar á losun frá flugi í þeim tilgangi að koma hnattrænni markaðstengdri ráðstöfun til framkvæmda (Stjtíð. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 10).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 18. janúar 2023.

| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| --- | --- |
| R. METSOLA | J. ROSWALL |
| *forseti.* | *forseti.* |

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/957** **2024/EES/11/66**

**frá 10. maí 2023**

**um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/757 til að gera það kleift að fella sjóflutningastarfsemi inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og varðandi vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun fleiri gróðurhúsalofttegunda og losun frá fleiri tegundum skipa** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Parísarsamningurinn ([4]) sem var samþykktur 12. desember 2015 samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) öðlaðist gildi 4. nóvember 2016. Aðilar að Parísarsamningnum hafa samþykkt að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Sú skuldbinding var styrkt, samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, með samþykkt loftslagssáttmálans í Glasgow (e. *Glasgow Climate Pact*) 13. nóvember 2021 þar sem ráðstefna aðilanna að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem er fundur aðilanna að Parísarsamningnum viðurkennir að áhrif loftslagsbreytinga verði miklu minni við 1,5 °C hækkun á hitastigi samanborið við 2 °C og einsetur sér að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C.

2) Brýna þörfin fyrir að halda markmiði Parísarsamningsins um 1,5 °C virku varð ennþá mikilvægari í kjölfar niðurstaðna milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar í sjöttu matsskýrslu sinni um að einungis sé unnt að takmarka hnattræna hlýnun við 1,5 °C ef gripið er tafarlaust til kröftugs og viðvarandi samdráttar á hnattrænni losun gróðurhúsalofttegunda innan þessa áratugar.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019 um „Grænt samkomulag í Evrópu“ liggur það til grundvallar að takast á við loftslags- og umhverfistengdar áskoranir og ná markmiðum Parísarsamningsins.

4) Grænt samkomulag í Evrópu sameinar víðtækar ráðstafanir sem styrkja hver aðra og framtaksverkefni sem miða að því að ná fram loftslagshlutleysi í Sambandinu fyrir 2050 og þar er sett fram ný vaxtarstefna sem miðar að því að umbreyta Sambandinu í sanngjarnt og velmegandi samfélag, með nútímalegt, auðlindanýtið og samkeppnishæft hagkerfi, þar sem hagvöxtur er aftengdur nýtingu auðlinda. Markmiðið með því er einnig að vernda, varðveita og efla náttúruauð Sambandsins og vernda heilbrigði og velsæld borgaranna fyrir umhverfistengdri áhættu og áhrifum. Þessi umbreyting

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 105. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 152, 6.4.2022, bls. 175.

([2]) Stjtíð. ESB C 301, 5.8.2022, bls. 116.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 25. apríl 2023.

([4]) Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4.

hefur mismunandi áhrif á starfsfólk frá mismunandi geirum. Á sama tíma nær þessi umbreyting til kynjajafnréttisþátta og hefur einnig sérstök áhrif á suma hópa sem standa höllum fæti og viðkvæma hópa, s.s. eldra fólk, fatlað fólk og fólk í minnihlutahópum að því er varðar kynþátt eða þjóðerni og einstaklinga og heimili með tekjur sem eru lágar eða í meðallagi. Hún hefur einnig í för með sér meiri áskoranir fyrir tiltekin svæði, einkum svæði þar sem erfiðleikar eru við uppbyggingu og jaðarsvæði, sem og fyrir eyjar. Þar af leiðandi verður að tryggja að umbreytingin sé réttlát og fyrir alla þannig að enginn verði skilinn eftir.

5) Nauðsyn þess og gildi að koma Grænu samkomulagi í Evrópu til framkvæmda hafa einungis aukist í ljósi mjög alvarlegra áhrifa COVID-19-heimsfaraldursins á heilbrigði, lífskjör og vinnuskilyrði og velsæld borgara í Sambandinu. Þessi áhrif hafa sýnt að þjóðfélag okkar og hagkerfi okkar verða að bæta viðnámsþrótt sinn með tilliti til utanaðkomandi áfalla og bregðast snemma við til að koma í veg fyrir eða til mótvægis við áhrif af utanaðkomandi áföllum á þann hátt að það sé réttlátt og leiði til þess að enginn verði skilinn eftir, þ.m.t. þeir sem eru í áhættu á orkufátækt. Evrópskir borgarar halda áfram að láta í ljós sterkar skoðanir á því að þetta gildi einkum um loftslagsbreytingar.

6) Sambandið skuldbatt sig til að draga úr nettólosun sinni á gróðurhúsalofttegundum í öllu hagkerfinu um a.m.k. 55% fyrir 2030, samanborið við gildin á árinu 1990, í uppfærða landsákvarðaða framlaginu sem var lagt fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 17. desember 2020.

7) Með samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 ([5]) fastsetti Sambandið markmið í löggjöfina um loftslagshlutleysi í öllu hagkerfinu fyrir 2050 og markmið um að ná fram neikvæðri losun eftir það. Í þeirri reglugerð er einnig fastsett bindandi markmið Sambandsins um samdrátt á nettólosun gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (losun eftir að upptaka hefur verið dregin frá) sem nemur a.m.k. 55%, samanborið við gildi ársins 1990, fyrir 2030 og kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli leitast við að aðlaga öll drög að ráðstöfunum eða tillögur að nýrri löggjöf í framtíðinni, þ.m.t. tillögur að fjárhagsáætlunum, að markmiðunum í þeirri reglugerð og, ef um ósamræmi er að ræða, að tilgreina ástæðurnar fyrir slíku ósamræmi sem hluta af áhrifamatinu sem fylgir þessum tillögum.

8) Allar greinar atvinnulífsins verða að leggja sitt af mörkum til að ná fram þeim samdrætti á losun sem er fastsettur með reglugerð (ESB) 2021/1119. Því er verið að breyta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([6]) til að fella sjóflutningastarfsemi inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir til að tryggja að þessi starfsemi leggi sitt af mörkum til aukinna loftslagsmarkmiða Sambandsins sem og til markmiða Parísarsamningsins. Því er einnig nauðsynlegt að breyta reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 ([7]) til að taka tillit til þess að sjóflutningastarfsemi verður felld inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

9) Enn fremur ætti að breyta gildissviði reglugerðar (ESB) 2015/757 til að taka tillit til aukinna loftslagsmarkmiða Sambandsins sem og til markmiða Parísarsamningsins. Traust kerfi fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun er forsenda fyrir markaðstengdum ráðstöfunum, stöðlum um nýtni eða öðrum viðeigandi ráðstöfunum, óháð því hvort þeim er beitt á vettvangi Sambandsins eða á heimsvísu. Þrátt fyrir að losun koltvísýrings ($CO_2$) sé mikill meirihluti losunar gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum er losun metans ($CH_4$) og nituroxíðs ($N_2O$) verulegur hluti af þessari losun. Innfelling metan- og nituroxíðlosunar í reglugerð (ESB) 2015/757 væri til hagsbóta fyrir umhverfislegan heilleika og til að hvetja til góðra starfsvenja og ætti að koma til framkvæmda frá og með árinu 2024. Lausavöruskip undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum eiga verulega hlutdeild í losun gróðurhúsalofttegunda frá öllum lausavöruskipum. Til að auka umhverfislega skilvirkni kerfisins fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun, tryggja jöfn

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 („evrópsku loftslagslögin“) (Stjtíð. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55).

samkeppnisskilyrði og draga úr hættu á sniðgöngu ætti að fella lausavöruskip undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum inn í reglugerð (ESB) 2015/757 frá og með árinu 2025. Grunnsævisskip eiga verulega hlutdeild í losun gróðurhúsalofttegunda. Því ætti fyrrgreind reglugerð einnig að gilda um grunnsævisskip sem eru 400 brúttótonn og stærri frá og með árinu 2025. Framkvæmdastjórnin ætti að meta fyrir 31. desember 2024 hvort fella ætti fleiri tegundir skipa undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum inn í reglugerð (ESB) 2015/757.

10) Breyta ætti reglugerð (ESB) 2015/757 til að skylda félög til að gefa skýrslu um samantekin losunargögn innan félagsins og leggja slík gögn fyrir ábyrga stjórnsýsluyfirvaldið og leggja sannprófaðar vöktunaráætlanir sínar fyrir fyrrgreint yfirvald til samþykktar. Þegar sannprófandi innir af hendi sannprófun innan félagsins ætti hann ekki að sannprófa losunarskýrslur fyrir hvert skip eða skýrslur fyrir hvert skip sem leggja skal fram þegar skipt er um félag þar eð þessar skýrslur fyrir hvert skip hafa þegar verið sannprófaðar. Í því skyni að tryggja samræmi í stjórnsýslu og framfylgd ætti aðilinn sem ber ábyrgð á því að farið sé að reglugerð (ESB) 2015/757 að vera sami aðilinn og sá sem ber ábyrgð á að farið sé að tilskipun 2003/87/EB.

11) Til að tryggja skilvirka starfsemi viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir á stjórnsýslustigi og til að taka tillit til innfellingar metan- og nituroxíðlosunar, sem og til innfellingar á losun gróðurhúsalofttegunda frá grunnsævisskipum, undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2015/757 ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), að því er varðar vöktunaraðferðir og -reglur og reglur um skýrslugjöf um losun sem fellur undir reglugerð (ESB) 2015/757 sem og að því er varðar allar aðrar viðeigandi upplýsingar sem koma fram í þeirri reglugerð, reglur um samþykki ábyrgra stjórnsýsluyfirvalda fyrir vöktunaráætlunum og breytingum á þeim, reglur um vöktun, skýrslugjöf og framlagningu samantekinna losunargagna innan félags og reglur um sannprófun samantekinna losunargagna innan félags og um útgáfu sannprófunarskýrslna að því er varðar samantekin losunargögn innan félags. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([8]). Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

12) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að kveða á um reglur um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun sem eru nauðsynlegar til að rýmka viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir þannig að það nái yfir sjóflutningastarfsemi og til að kveða á um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun fleiri gróðurhúsalofttegunda og losun frá fleiri tegundum skipa, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

13) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2015/757 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á reglugerð (ESB) 2015/757**

Reglugerð (ESB) 2015/757 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB“.

([8]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

2) Í allri reglugerðinni, að undanskildum 2. gr., 5. gr. (2. mgr.) og 21. gr. (5. mgr.) og I. og II. viðauka, er hugtakinu koltvísýringi ($CO_2$) skipt út fyrir gróðurhúsalofttegundir og allar nauðsynlegar málfræðilegar breytingar eru gerðar.

3) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

*„1. gr.*

**Efni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um nákvæma vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun gróðurhúsalofttegunda og öðrum viðeigandi upplýsingum frá skipum, sem koma í höfn, eru í höfn eða láta úr höfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, í því skyni að stuðla að samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum með kostnaðarhagkvæmum hætti.“

4) Í stað 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Þessi reglugerð gildir um skip sem eru 5000 brúttótonn og stærri með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem á sér stað meðan á sjóferð stendur vegna flutninga á farmi eða farþegum í atvinnuskyni frá síðustu viðkomuhöfn slíkra skipa til viðkomuhafnar, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og frá viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, að næstu viðkomuhöfn þeirra, sem og þegar þau eru í viðkomuhöfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis.

1a. Frá og með 1. janúar 2025 skal þessi reglugerð einnig gilda um lausavöruskip undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda sem á sér stað meðan á sjóferð stendur vegna flutninga á farmi í atvinnuskyni frá síðustu viðkomuhöfn þeirra til viðkomuhafnar, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og frá viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, að næstu viðkomuhöfn þeirra, sem og þegar þau eru í viðkomuhöfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis, og um grunnsævisskip undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda sem á sér stað meðan á sjóferð stendur frá síðustu viðkomuhöfn þeirra til viðkomuhafnar, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og frá viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, að næstu viðkomuhöfn þeirra, sem og þegar þau eru í viðkomuhöfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis.

1b. Frá og með 1. janúar 2025 skal þessi reglugerð gilda um grunnsævisskip sem eru 5000 brúttótonn og stærri með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda sem á sér stað meðan á sjóferð stendur frá síðustu viðkomuhöfn þeirra til viðkomuhafnar, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og frá viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, að næstu viðkomuhöfn þeirra, sem og þegar þau eru í viðkomuhöfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis.

1c. Gróðurhúsalofttegundirnar sem falla undir þessa reglugerð eru:

a) koltvísýringur ($CO_2$),

b) að því er varðar losun frá og með 2024, metan ($CH_4$) og

c) að því er varðar losun frá og með 2024, nituroxíð ($N_2O$).

Þar sem vísað er í þessari reglugerð í uppsafnaða heildarlosun gróðurhúsalofttegunda eða uppsafnaða losun gróðurhúsalofttegunda í heild skal líta á það sem vísun í samantekið heildarmagn hverrar lofttegundar fyrir sig.“

5) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- til d-liðar kemur eftirfarandi:

„a) „losun gróðurhúsalofttegunda“: losun gróðurhúsalofttegunda sem falla undir þessa reglugerð, í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. c í 2. gr., frá skipum,

b) „viðkomuhöfn: viðkomuhöfn eins og skilgreint er í z-lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*),

c) „sjóferð“: ferð skips sem hefst eða endar í viðkomuhöfn,

d) „félag“: skipafélag eins og skilgreint er í w-lið 3. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).“

b) Í stað m-liðar kemur eftirfarandi:

„m) „skýrslutímabil“: tímabilið frá 1. janúar til 31. desember á hverju tilteknu ári; að því er varðar sjóferðir sem byrja á einu ári en enda á öðru skulu viðkomandi gögn lögð fram á því ári sem um er að ræða,“.

c) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„p) „ábyrgt stjórnsýsluyfirvald“: stjórnsýsluyfirvald að því er varðar skipafélag sem um getur í 3. gr. gf í tilskipun 2003/87/EB,

q) „samantekin losunargögn innan félags“: summa losunar gróðurhúsalofttegunda sem falla undir tilskipun 2003/87/EB í tengslum við sjóflutningastarfsemi í samræmi við I. viðauka við þá tilskipun og sem félag á að gefa skýrslu um samkvæmt þeirri tilskipun að því er varðar öll skip sem eru á ábyrgð þess á skýrslutímabilinu.“

6) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 4. gr.:

„8. Félög skulu gefa skýrslu um samantekin losunargögn innan félags að því er varðar þau skip sem eru á þeirra ábyrgð á skýrslutímabili skv. 11. gr. a.“

7) Í stað 2. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr. þessarar reglugerðar, til að breyta I. og II. viðauka við þessa reglugerð í því skyni að taka tillit til innfellingar metan- og nituroxíðlosunar, sem og innfellingar á losun gróðurhúsalofttegunda frá grunnsævisskipum, undir gildissvið þessarar reglugerðar og breytinga á tilskipun 2003/87/EB sem og að laga þessa viðauka að framkvæmdargerðum, sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 14. gr. þeirrar tilskipunar, að viðeigandi alþjóðlegum reglum og að alþjóðlegum og evrópskum stöðlum. Framkvæmdastjórninni er einnig falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr. þessarar reglugerðar, til að breyta I. og II. viðauka við þessa reglugerð, í því skyni að endurbæta þá þætti vöktunaraðferðanna, sem settar eru fram þar, í ljósi þróunar á sviði tækni og vísinda og í því skyni að tryggja skilvirka starfsemi viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.

Eigi síðar en 1. október 2023 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir til að taka tilliti til innfellingar metan- og nituroxíðlosunar, sem og innfellingar á losun gróðurhúsalofttegunda frá grunnsævisskipum, undir gildissvið þessarar reglugerðar, eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Aðferðirnar til að vakta metan- og nituroxíðlosun skulu byggjast á sömu meginreglunum og aðferðirnar til að vakta koltvísýringslosun, eins og sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð, ásamt þeim breytingum sem eru nauðsynlegar til að endurspegla eðli viðkomandi gróðurhúsalofttegundar. Aðferðirnar sem eru settar fram í I. viðauka við þessa reglugerð og reglurnar sem eru settar fram í II. viðauka við þessa reglugerð skulu, eftir því sem við á, lagaðar að aðferðunum og reglunum sem eru settar fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um notkun endurnýjanlegs eldsneytis og lágkolefniseldsneytis í sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB.“

8) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) heiti félagsins og heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang hjá tengilið og einkvæmt IMO-auðkennisnúmer félags og skráðs eiganda,“.

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Félög skulu nota staðlaðar vöktunaráætlanir sem byggja á sniðmátum og þau skulu leggja þessar áætlanir fram með notkun sjálfvirkra kerfa og sniða fyrir gagnaskipti. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, ákveða þessi sniðmát, þ.m.t. tæknireglurnar um samræmda beitingu þeirra og tæknireglurnar um sjálfvirka framlagningu þeirra. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.“

c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„6. Eigi síðar en 1. apríl 2024 skulu félög, fyrir hvert skip þeirra sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, leggja fyrir ábyrgt stjórnsýsluyfirvald vöktunaráætlun sem sannprófandinn hefur metið að sé í samræmi við þessa reglugerð og sem endurspeglar innfellingu metan- og nituroxíðlosunar undir gildissvið þessarar reglugerðar.

7. Þrátt fyrir 6. mgr. skulu félög, að því er varðar skip sem falla í fyrsta skipti undir gildissvið þessarar reglugerðar eftir 1. janúar 2024, leggja fyrir ábyrgt stjórnsýsluyfirvald vöktunaráætlun, í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð, án ástæðulausrar tafar og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að hvert skip kemur í fyrsta sinn í höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis.

8. Eigi síðar en 6. júní 2025 skal ábyrga stjórnsýsluyfirvaldið samþykkja vöktunaráætlanirnar sem félögin leggja fram í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þriðju undirgrein þessarar málsgreinar. Að því er varðar skip sem falla í fyrsta skipti undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB eftir 1. janúar 2024 skal ábyrga stjórnsýsluyfirvaldið samþykkja framlögðu vöktunaráætlunina innan fjögurra mánaða eftir að skip kemur í fyrsta sinn í höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Eigi síðar en 1. október 2023 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að breyta 6. til 10. gr. að því er varðar reglurnar í þessum greinum um vöktunaráætlanir, til að taka tillit til innfellingar metan- og nituroxíðlosunar, sem og innfellingar á losun gróðurhúsalofttegunda frá grunnsævisskipum, undir gildissvið þessarar reglugerðar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa reglugerð að því er varðar reglur um samþykki ábyrgra stjórnsýsluyfirvalda fyrir vöktunaráætlunum.“

9) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Breytingar á vöktunaráætluninni skv. b-, c- og d-lið 2. mgr. þessarar greinar skulu háðar mati sannprófanda í samræmi við 1. mgr. 13. gr. Að loknu mati skal sannprófandi tilkynna félaginu hvort breytingarnar samræmist ákvæðum. Félagið skal leggja breytta vöktunaráætlun sína fyrir ábyrga stjórnsýsluyfirvaldið þegar það hefur móttekið tilkynningu frá sannprófandanum um að vöktunaráætlunin samræmist ákvæðum.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„5. Ábyrga stjórnsýsluyfirvaldið skal samþykkja breytingar á vöktunaráætluninni skv. a- til d-lið 2. mgr. í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem framkvæmdastjórnin samþykkir samkvæmt annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa reglugerð að því er varðar reglur um samþykki ábyrgra stjórnsýsluyfirvalda fyrir breytingum á vöktunaráætlunum.“

10) Eftirfarandi lið er bætt við í fyrstu málsgrein 10. gr.:

„k) uppsafnaða heildarlosun gróðurhúsalofttegunda, sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB í tengslum við sjóflutningastarfsemi í samræmi við I. viðauka við þá tilskipun og sem á að gefa skýrslu um samkvæmt þeirri tilskipun, ásamt nauðsynlegum upplýsingum til að rökstyðja beitingu sérhverrar viðeigandi undanþágu frá 3. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar sem kveðið er á um í 3. mgr. e til 3. mgr. b í 12. gr. tilskipunarinnar.“

11) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 1. mgr.:

„Frá árinu 2025 skulu félög, eigi síðar en 31. mars ár hvert, fyrir hvert skip sem þau bera ábyrgð á, leggja fyrir ábyrgt stjórnsýsluyfirvald, fyrir yfirvöld viðkomandi fánaríkja skipa sem sigla undir fána aðildarríkis og fyrir framkvæmdastjórnina, losunarskýrslu fyrir allt skýrslutímabilið á næstliðnu ári sem sannprófandi hefur sannprófað að sé fullnægjandi í samræmi við 13. gr. Ábyrgt stjórnsýsluyfirvald getur krafist þess að félög leggi fram losunarskýrslur sínar fyrir 31. mars en ekki fyrir 28. febrúar.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef um er að ræða félagsskipti skal fyrra félagið leggja fyrir ábyrgt stjórnsýsluyfirvald, fyrir yfirvöld viðkomandi fánaríkja skipa sem sigla undir fána aðildarríkis, fyrir nýja félagið og fyrir framkvæmdastjórnina, eins nálægt deginum þegar félagsskiptunum lýkur og unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir það, sannprófaða skýrslu sem tekur til sömu atriða og losunarskýrslan sem um getur í 1. mgr. en sem takmarkast við tímabilið sem svarar til starfseminnar sem innt er af hendi á ábyrgð þess.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4. Eigi síðar en 1. október 2023 skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að breyta 11. gr., 11. gr. a og 12. gr. að því er varðar reglurnar um skýrslugjöf til að taka tillit til innfellingar metan- og nituroxíðlosunar, sem og innfellingar á losun gróðurhúsalofttegunda frá grunnsævisskipum, undir gildissvið þessarar reglugerðar.“

12) Eftirfarandi grein er bætt við:

*„11. gr. a*

**Skýrslugjöf og framlagning samantekinna losunargagna innan félags**

1. Félög skulu ákvarða samantekin losunargögn innan félagsins meðan á skýrslutímabilinu stendur, á grundvelli gagnanna í losunarskýrslunni og skýrslunni sem um getur í 2. mgr. 11. gr. fyrir hvert skip sem var á þeirra ábyrgð á skýrslutímabilinu, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem eru samþykktar skv. 4. mgr. þessarar greinar.

2. Frá árinu 2025 skulu félög leggja fyrir ábyrgt stjórnsýsluyfirvald, eigi síðar en 31. mars ár hvert, samantekin losunargögn innan félagsins sem ná yfir losun á skýrslutímabilinu á næstliðnu ári sem á að gefa skýrslu um samkvæmt tilskipun 2003/87/EB í tengslum við sjóflutningastarfsemi, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem eru samþykktar skv. 4. mgr. þessarar greinar og sem hafa verið sannprófuð í samræmi við III. kafla þessarar reglugerðar.

3. Ábyrgt stjórnsýsluyfirvald getur krafist þess að félög leggi fram sannprófuð samantekin losunargögn innan félagsins, sem um getur í 2. mgr., fyrir 31. mars en ekki fyrir 28. febrúar.

4. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa reglugerð reglum um vöktun og skýrslugjöf um samantekin losunargögn innan félags og framlagningu samantekinna losunargagna innan félags fyrir ábyrga stjórnsýsluyfirvaldið.“

13) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Framsetning losunarskýrslu og skýrslugjöf um samantekin losunargögn innan félags“.

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Losunarskýrsla og skýrsla um samantekin losunargögn innan félags skulu lagðar fram með notkun sjálfvirkra kerfa og sniða fyrir gagnaskipti, þ.m.t. rafræn sniðmát.“

14) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Sannprófandi skal meta hvort losunarskýrslan og skýrslan sem um getur í 2. mgr. 11. gr. samræmast kröfunum sem mælt er fyrir um í 8. til 12. gr. og I. og II. viðauka.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„5. Sannprófandinn skal meta hvort samantekin losunargögn innan félags samræmast kröfunum sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem eru samþykktar skv. 6. mgr.

Ef sannprófandinn kemst að þeirri niðurstöðu, með fullnægjandi áreiðanleika, að í samanteknum losunargögnum innan félags séu ekki verulegar rangfærslur skal sannprófandinn gefa út sannprófunarskýrslu þar sem staðfest er að samanteknu losunargögnin innan félagsins hafi verið sannprófuð sem fullnægjandi í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem eru samþykktar skv. 6. mgr.

6. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa reglugerð reglum um sannprófun samantekinna losunargagna innan félags, þ.m.t. sannprófunaraðferðir og sannprófunarferli, og útgáfu sannprófunarskýrslu.“

15) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„d) útreikninga til ákvörðunar á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og á uppsafnaðri heildarlosun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB í tengslum við sjóflutningastarfsemi í samræmi við I. viðauka við þá tilskipun og sem á að gefa skýrslu um samkvæmt þeirri tilskipun,“.

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4. Hvað varðar sannprófun á samanteknum losunargögnum innan félags skal sannprófandinn meta heilleika framlagðra gagna og samræmi þessara framlögðu gagna við upplýsingar frá félaginu, þ.m.t. sannprófaðar losunarskýrslur þess og skýrslurnar sem um getur í 2. mgr. 11. gr.“

16) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 15. gr.:

„6. Að því er varðar sannprófun á samanteknum losunargögnum innan félags skulu sannprófandinn og félagið fara að reglum um sannprófun sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem eru samþykktar skv. 6. mgr. 13. gr. Sannprófandinn skal ekki sannprófa losunarskýrsluna og skýrsluna sem um getur í 2. mgr. 11. gr. fyrir hvert skip á ábyrgð félagsins.“

17) Í stað 1. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Sannprófendur sem meta vöktunaráætlanir, losunarskýrslur, skýrslurnar sem um getur í 2. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar og samantekin losunargögn innan félags og gefa út sannprófunarskýrslurnar sem um getur í 3. og 5. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar og samræmingarskjölin sem um getur í 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar skulu hafa faggildingu frá faggildingarstofu í aðildarríki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 765/2008 fyrir starfsemi sem fellur undir þessa reglugerð.“

18) Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Ef um er að ræða skip sem hefur ekki uppfyllt skuldbindingar um vöktun og skýrslugjöf í tvö eða fleiri skýrslutímabil samfellt og ef aðrar ráðstafanir til framfylgdar hafa ekki tryggt að farið sé að þeim þá getur lögbært yfirvald í aðildarríki komuhafnar, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi félagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, gefið út skipun um brottvísun, sem skal tilkynnt framkvæmdastjórninni, Siglingaöryggisstofnun Evrópu, öðrum aðildarríkjum og hlutaðeigandi fánaríki. Þegar slík skipun um brottvísun er gefin út skulu öll aðildarríkin, að undanskildu aðildarríkinu sem er fánaríki skipsins, meina hlutaðeigandi skipi aðgang að höfnum sínum þar til félagið uppfyllir skuldbindingar sínar um vöktun og skýrslugjöf í samræmi við 11. og 18. gr. Ef slíkt skip siglir undir fána aðildarríkis og kemur til eða er statt í einni af höfnum þess skal hlutaðeigandi aðildarríki, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi félagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, kyrrsetja skipið þar til félagið uppfyllir skuldbindingar sínar um vöktun og skýrslugjöf.

Ef skip, eins og um getur í fyrstu undirgrein, er statt í einni af höfnum aðildarríkisins sem er fánaríki skipsins getur hlutaðeigandi aðildarríki, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi félagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, gefið út fánaríkisúrskurð um farbann þar til félagið uppfyllir skuldbindingar sínar um vöktun og skýrslugjöf. Það skal upplýsa framkvæmdastjórnina, Siglingaöryggisstofnun Evrópu og hin aðildarríkin um þetta.

Staðfesta skal efndir á þessum skuldbindingum um vöktun og skýrslugjöf með því að leggja gilt samræmingarskjal fyrir lögbæra landsyfirvaldið sem gaf út skipunina um brottvísun. Þessi málsgrein hefur ekki áhrif á alþjóðleg siglingalög sem gilda ef skip er nauðstatt.“

b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 5. mgr.:

„Möguleikinn á undanþágu samkvæmt fyrstu undirgrein skal ekki gilda um aðildarríki þar sem yfirvaldið er ábyrgt stjórnsýsluyfirvald.“

19) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) auðkenni skipsins (heiti, félag, IMO-auðkennisnúmer og skráningarhöfn eða heimahöfn),“.

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Á tveggja ára fresti skal framkvæmdastjórnin meta heildaráhrif af sjóflutningastarfsemi á loftslagið í heiminum, þ.m.t. af losun á eða áhrifum frá öðrum gróðurhúsalofttegundum en koltvísýringi og ögnum með hnatthlýnunarmátt sem falla ekki undir þessa reglugerð.“

20) Eftirfarandi grein er bætt við:

*„22. gr. a*

**Endurskoðun**

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2024, endurskoða þessa reglugerð, einkum með tilliti til frekari reynslu sem fæst af framkvæmd hennar, m.a. að því er varðar að fella skip undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum undir gildissvið þessarar reglugerðar í því skyni að fella slík skip hugsanlega síðar undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB eða leggja til aðrar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá slíkum skipum. Þessari endurskoðun skal fylgja, eftir því sem við á, tillaga að nýrri löggjöf til að breyta þessari reglugerð.“

21) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 5. gr. (2. mgr.), 15. gr. (5. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.) í fimm ár frá og með 1. júlí 2015.

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 6. gr. (8. mgr.), 7. gr. (5. mgr.), 11. gr. (4. mgr.), 11. gr. a (4. mgr.) og 13. gr. (6. mgr.) í fimm ár frá og með 5. júní 2023.

Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok viðkomandi fimm ára tímabils. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 5. gr. (2. mgr.), 6. gr. (8. mgr.), 7. gr. (5. mgr.), 11. gr. (4. mgr.), 11. gr. a (4. mgr.), 13. gr. (6. mgr.), 15. gr. (5. mgr.) og 16. gr. (3. mgr). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 5. gr. (2. mgr.), 6. gr. (8. mgr.), 7. gr. (5. mgr.), 11. gr. (4. mgr.), 11. gr. a (4. mgr.), 13. gr. (6. mgr.), 15. gr. (5. mgr.) eða 16. gr. (3. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

Þó skal síðasti málsliður í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar ekki gilda um framseldar gerðir sem eru samþykktar fyrir 1. október 2023 skv. 5. gr. (önnur undirgrein 2. mgr.), 6. gr. (önnur undirgrein 8. mgr.) eða 11. gr. (4. mgr.).“

*2. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 5. júní 2023. Þó skulu a-liður 5. liðar og b-liður 5. liðar 1. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar b-, d- og m-lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/757, koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 10. maí 2023.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| R. METSOLA | J. ROSWALL |
| *forseti.* | *forseti.* |

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/959** **2024/EES/11/67**

**frá 10. maí 2023**

**um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og ákvörðun (ESB) 2015/1814 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda** (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

Í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Parísarsamningurinn ([4]) sem var samþykktur 12. desember 2015 samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) öðlaðist gildi 4. nóvember 2016. Aðilar að Parísarsamningnum hafa samþykkt að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Sú skuldbinding var styrkt, samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, með samþykkt loftslagssáttmálans í Glasgow (e. *Glasgow Climate Pact*) 13. nóvember 2021 þar sem ráðstefna aðilanna að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem er fundur aðilanna að Parísarsamningnum viðurkennir að áhrif loftslagsbreytinga verði miklu minni við 1,5 °C hækkun á hitastigi samanborið við 2 °C og einsetur sér að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C.

2) Brýna þörfin fyrir að halda markmiði Parísarsamningsins um 1,5 °C virku varð ennþá mikilvægari í kjölfar niðurstaðna milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar í sjöttu matsskýrslu sinni um að einungis sé unnt að takmarka hnattræna hlýnun við 1,5 °C ef gripið er tafarlaust til kröftugs og viðvarandi samdráttar á hnattrænni losun gróðurhúsalofttegunda innan þessa áratugar.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019 um „Grænt samkomulag í Evrópu“ liggur það til grundvallar að takast á við loftslags- og umhverfistengdar áskoranir og ná markmiðum Parísarsamningsins.

4) Grænt samkomulag í Evrópu sameinar víðtækar ráðstafanir sem styrkja hver aðra og framtaksverkefni sem miða að því að ná fram loftslagshlutleysi í Sambandinu fyrir 2050 og þar er sett fram ný vaxtarstefna sem miðar að því að umbreyta Sambandinu í sanngjarnt og velmegandi samfélag, með nútímalegt, auðlindanýtið og samkeppnishæft hagkerfi, þar sem hagvöxtur er aftengdur nýtingu auðlinda. Markmiðið með því er einnig að vernda, varðveita og efla náttúruauð Sambandsins og vernda heilbrigði og velsæld borgaranna fyrir umhverfistengdri áhættu og áhrifum. Þessi umbreyting hefur mismunandi áhrif á starfsfólk frá mismunandi geirum. Á sama tíma nær þessi umbreyting til kynjajafnréttisþátta og hefur einnig sérstök áhrif á suma hópa sem standa höllum fæti og viðkvæma hópa, s.s. eldra fólk, fatlað fólk og fólk í

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 134. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 152, 6.4.2022, bls. 175.

([2]) Stjtíð. ESB C 301, 5.8.2022, bls. 116.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 25. apríl 2023.

([4]) Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4.

minnihlutahópum að því er varðar kynþátt eða þjóðerni og einstaklinga og heimili með tekjur sem eru lágar eða í meðallagi. Hún hefur einnig í för með sér meiri áskoranir fyrir tiltekin svæði, einkum svæði þar sem erfiðleikar eru við uppbyggingu og jaðarsvæði, sem og fyrir eyjar. Þar af leiðandi verður að tryggja að umbreytingin sé réttlát og fyrir alla þannig að enginn verði skilinn eftir.

5) Hinn 17. desember 2020 lagði Sambandið landsákvarðað framlag sitt fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eftir að ráðið hafði samþykkt það. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([5]), eins og henni var m.a. breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 ([6]), er einn af gerningunum sem getið er um, háð endurskoðun í ljósi eflds markmiðs fyrir 2030, í almennu lýsingunni á markmiðinu í viðaukanum við þá framlagningu. Ráðið lýsti því yfir í niðurstöðum sínum frá 24. október 2022 að það sé reiðubúið, eins fljótt og auðið er eftir að niðurstaða samningaviðræðna um mikilvæga þætti í „Fær í 55%“ pakkanum liggur fyrir, að uppfæra, eins og við á, landsákvarðað framlag Sambandsins og aðildarríkja þess í samræmi við 29. mgr. loftslagssáttmálans í Glasgow til að endurspegla hvernig endanleg útkoma varðandi mikilvæga þætti í „Fær í 55%“ pakkanum kemur höfuðmarkmiði Sambandsins, eins og leiðtogaráðið samþykkti það í desember 2020, til framkvæmda. Þar eð viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (EU ETS), sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB, er hornsteinninn í loftslagsstefnu Sambandsins og telst vera lykiltól þess til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á kostnaðarhagkvæman hátt eru breytingarnar á tilskipun 2003/87/EB, þ.m.t. að því er varðar gildissvið hennar, sem eru samþykktar með þessari tilskipun, hluti af mikilvægu þáttunum í „Fær í 55%“ pakkanum.

6) Nauðsyn þess og gildi að koma Grænu samkomulagi í Evrópu til framkvæmda hafa einungis aukist í ljósi mjög alvarlegra áhrifa COVID-19-heimsfaraldursins á heilbrigði, lífskjör og vinnuskilyrði og velsæld borgara í Sambandinu. Þessi áhrif hafa sýnt að þjóðfélag okkar og hagkerfi okkar verða að bæta viðnámsþrótt sinn með tilliti til utanaðkomandi áfalla og bregðast snemma við til að koma í veg fyrir eða til mótvægis við áhrif af utanaðkomandi áföllum á þann hátt að það sé réttlátt og leiði til þess að enginn verði skilinn eftir, þ.m.t. þeir sem eru í áhættu á orkufátækt. Evrópskir borgarar halda áfram að láta í ljós sterkar skoðanir á því að þetta gildi einkum um loftslagsbreytingar.

7) Sambandið skuldbatt sig til að draga úr nettólosun sinni á gróðurhúsalofttegundum í öllu hagkerfinu um a.m.k. 55% fyrir 2030, samanborið við gildin á árinu 1990, í uppfærðu landsákvörðuðu framlagi sem var lagt fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 17. desember 2020.

8) Með samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 ([7]) fastsetti Sambandið markmið í löggjöfina um loftslagshlutleysi í öllu hagkerfinu fyrir 2050 og markmið um að ná fram neikvæðri losun eftir það. Í þeirri reglugerð er einnig fastsett bindandi markmið Sambandsins um samdrátt á nettólosun gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (losun eftir að upptaka hefur verið dregin frá) sem nemur a.m.k. 55%, samanborið við gildi ársins 1990, fyrir 2030 og kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli leitast við að aðlaga öll drög að ráðstöfunum eða tillögur að nýrri löggjöf í framtíðinni, þ.m.t. tillögur að fjárhagsáætlunum, að markmiðunum í þeirri reglugerð og, ef um ósamræmi er að ræða, að tilgreina ástæðurnar fyrir slíku ósamræmi sem hluta af áhrifamatinu sem fylgir þessum tillögum.

9) Allar greinar atvinnulífsins verða að leggja sitt af mörkum til að ná fram þeim samdrætti á losun sem er fastsettur með reglugerð (ESB) 2021/1119. Þess vegna ætti að aðlaga metnaðinn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir þannig að hann verði í samræmi við markmiðið um samdrátt á nettólosun gróðurhúsalofttegunda í öllu hagkerfinu fyrir 2030, markmiðið um að ná fram loftslagshlutleysi fyrir 2050 og markmiðið um að ná fram neikvæðri losun eftir það eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/1119.

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 (Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 („evrópsku loftslagslögin“) (Stjtíð. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

10) Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir ætti að skapa hvata til framleiðslu frá stöðvum sem draga að hluta til úr losun gróðurhúsalofttegunda eða útrýma henni að fullu. Þess vegna ætti að breyta lýsingunni á nokkrum flokkum starfsemi í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB til að tryggja að stöðvar sem stunda starfsemi sem er tilgreind í þeim viðauka og uppfylla viðmiðunargildi fyrir afkastagetu sem tengjast sömu starfsemi en losa engar gróðurhúsalofttegundir falli undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og tryggja þar með jafna meðferð á stöðvum í viðkomandi geirum. Við úthlutun án endurgjalds vegna framleiðslu á vöru ætti að auki að taka tillit til, sem leiðbeinandi meginreglna, mögulegrar hringrásarnotkunar efniviða og þeirrar staðreyndar að viðmiðunin ætti að vera óháð hráefninu eða tegund framleiðsluferlis ef sami tilgangurinn er með framleiðsluferlunum. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta skilgreiningunni á vörunum og á ferlum og losun sem falla undir sumar viðmiðanir til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir stöðvar sem nota nýja tækni sem dregur að hluta til úr losun gróðurhúsalofttegunda eða útrýmir henni að fullu og stöðvar sem nota tækni sem til er. Þrátt fyrir þessar leiðbeinandi meginreglur ættu endurskoðuðu viðmiðanirnar fyrir 2026 til 2030 áfram að greina á milli fyrstu og annarrar framleiðslu á stáli og áli. Það er einnig nauðsynlegt að aftengja uppfærslu á viðmiðunargildum fyrir hreinsunarstöðvar og fyrir vetni til að endurspegla aukið mikilvægi vetnisframleiðslu, þ.m.t. grænt vetni, utan hreinsunarstöðvageirans.

11) Eftir breytinguna á skilgreiningum á vörum og á ferlum og losun sem falla undir nokkrar viðmiðanir er nauðsynlegt að tryggja að framleiðendur fái ekki tvöfaldar uppbætur fyrir sömu losunina með bæði úthlutun án endurgjalds og uppbót vegna óbeins kostnaðar og af þeim sökum að aðlaga fjárhagslegar ráðstafanir til samræmis við það til að bæta upp fyrir óbeinan kostnað sem er velt út í rafmagnsverð.

12) Tilskipun ráðsins 96/61/EB ([8]) var felld úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ([9]). Uppfæra ætti tilvísanir í tilskipun 96/61/EB í 2. gr. í tilskipun 2003/87/EB og í IV. viðauka við hana til samræmis við það. Miðað við að þörf er á tafarlausum samdrætti á losun í öllu hagkerfinu ættu aðildarríkin einnig að geta brugðist við til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, með öðrum stefnum en losunarmörkum sem eru samþykkt samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB.

13) Í orðsendingu sinni frá 12. maí 2021 sem ber heitið „Leiðin til heilbrigðrar plánetu fyrir alla – Aðgerðaáætlun ESB: í áttina að núllmengun fyrir loft, vatn og jarðveg“ kallar framkvæmdastjórnin eftir því að Sambandinu verði stýrt í áttina að núllmengun fyrir 2050 með því að draga úr mengun andrúmslofts, ferskvatns, sjávar og jarðvegs niður í gildi sem ekki er lengur búist við að séu skaðleg fyrir heilbrigði og náttúruleg vistkerfi. Ráðstafanir samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB, sem er helsti gerningurinn til að hafa stjórn á losun mengandi efna í andrúmsloft, vatn og jarðveg, mun einnig oft gera það kleift að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2003/87/EB ættu aðildarríkin að tryggja samræmingu milli krafna um leyfi í tilskipun 2003/87/EB og þeirra sem eru í tilskipun 2010/75/ESB.

14) Í ljósi þess að ný nýsköpunartækni gerir það oft kleift að draga úr losun bæði gróðurhúsalofttegunda og mengunarefna er mikilvægt að tryggja samlegðaráhrif milli ráðstafana sem hafa í för með sér samdrátt á losun bæði gróðurhúsalofttegunda og mengunarefna, einkum tilskipun 2010/75/ESB, og yfirfara skilvirkni þeirra að því er þetta varðar.

15) Skilgreiningin á raforkuframleiðendum var notuð til að ákvarða hámarksfjölda úthlutana án endurgjalds til iðnaðarins á tímabilinu 2013 til 2020 en leiddi til þess að samþætt varma- og raforkuver voru meðhöndluð á annan hátt en iðjuver. Til þess að skapa hvata til notkunar á samvinnslu með góða orkunýtni og til að jafna samkeppnisskilyrðin fyrir allar stöðvar sem fá úthlutun án endurgjalds vegna varmaframleiðslu og fjarhitunar ætti að fella brott allar tilvísanir til raforkuframleiðenda í tilskipun 2003/87/EB. Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 ([10]) eru þar að auki tilgreindar nánari upplýsingar sem tengjast rétti allra iðnaðarferla til úthlutunar án endurgjalds Þess vegna eru ákvæðin um kolefnisföngun og -geymslu í 3. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB orðin úrelt og ætti að fella þau brott.

([8]) Tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

([10]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 frá 19. desember 2018 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 59, 27.2.2019, bls. 8).

16) Gróðurhúsalofttegundir sem eru ekki losaðar beint út í andrúmsloftið ættu að teljast losun samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og skila ætti inn losunarheimildum fyrir þessa losun nema hún sé geymd á geymslusvæði, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB ([11]), eða varanlega bundin með efnatengjum í vöru þannig að hún fari ekki út í andrúmsloftið við venjulega notkun og fari ekki út í andrúmsloftið við neina venjulega starfsemi sem á sér stað eftir að líftíma vörunnar lýkur. Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir til að tilgreina við hvaða skilyrði skuli líta svo á að gróðurhúsalofttegundir séu varanlega bundnar með efnatengjum í vöru þannig að þær fari ekki út í andrúmsloftið við venjulega notkun og fari ekki út í andrúmsloftið við neina venjulega starfsemi sem á sér stað eftir að líftíma vörunnar lýkur, þ.m.t. að fá vottorð um kolefnisupptöku, eftir því sem við á, í ljósi þróunar á sviði reglusetningar með tilliti til vottunar á kolefnisupptöku. Venjulega starfsemi eftir að líftíma vöru lýkur ætti að túlka í víðum skilningi og hún ætti að taka til allrar starfsemi sem á sér stað eftir að líftíma vörunnar lýkur, þ.m.t. endurnotkun, endurframleiðsla, endurvinnsla og förgun, s.s. brennsla og urðun.

17) Alþjóðleg sjóflutningastarfsemi, sem samanstendur af sjóferðum milli hafna sem falla undir lögsögu tveggja mismunandi aðildarríkja eða milli hafnar sem fellur undir lögsögu aðildarríkis og hafnar sem fellur utan lögsögu aðildarríkis, hefur verið eini ferðamátinn sem fellur ekki undir fyrri skuldbindingar Sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Losun frá eldsneyti sem er selt í Sambandinu fyrir sjóferðir þar sem látið er úr höfn í einu aðildarríki og komið til hafnar í öðru aðildarríki eða þriðja landi hefur aukist um u.þ.b. 36% frá árinu 1990. Þessi losun liggur til grundvallar nær 90% af allri losun frá siglingum í Sambandinu þar eð 26% samdráttur hefur orðið frá árinu 1990 á losun frá eldsneyti sem er selt í Sambandinu fyrir sjóferðir þar sem látið er úr höfn og komið til hafnar í sama aðildarríki. Búist er við, miðað við óbreyttar aðstæður, að losun frá alþjóðlegri sjóflutningastarfsemi vaxi um u.þ.b. 14% milli ársins 2015 og ársins 2030 og um 34% milli ársins 2015 og ársins 2050. Ef áhrif loftslagsbreytinga á sjóflutningastarfsemi vaxa eins og búist er við myndi það grafa verulega undan samdrætti sem náðst hefur í öðrum geirum til að berjast gegn loftslagsbreytingum og þar af leiðandi undan því að ná fram markmiðinu um samdrátt á nettólosun gróðurhúsalofttegunda í öllu hagkerfinu fyrir 2030, markmiði Sambandsins um loftslagshlutleysi fyrir 2050 og markmiðinu um að ná fram neikvæðri losun eftir það, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/1119, og markmiðum Parísarsamningsins.

18) Á árinu 2013 samþykkti framkvæmdastjórnin stefnuáætlun um að fella losun frá sjóflutningum smám saman inn í stefnu Sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sem fyrsta skrefinu í þessari nálgun kom Sambandið á fót kerfi í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 ([12]) til að vakta, gefa skýrslu um og sannprófa losun frá sjóflutningum sem átti að fylgja eftir með því að mæla fyrir um markmið um samdrátt fyrir sjóflutninga og beitingu markaðstengdrar ráðstöfunar. Í samræmi við skuldbindingu aðila sem eru samábyrgir um löggjöfina sem kom fram í tilskipun (ESB) 2018/410 ættu aðgerðir af hálfu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eða Sambandsins að hefjast frá og með árinu 2023, þ.m.t. undirbúningsvinna við samþykkt og framkvæmd ráðstöfunar til að tryggja að geirinn leggi sitt af mörkum, eins og vera ber, til þeirrar viðleitni sem þarf til að ná markmiðunum sem samþykkt voru samkvæmt Parísarsamningnum og með tilhlýðilegu tilliti til allra hagsmunaaðila.

19) Samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/410 ætti framkvæmdastjórnin að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um þann árangur sem náðst hefur hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni varðandi metnaðarfullt markmið um samdrátt á losun [áður: losunarskerðing] og um hliðarráðstafanir til að tryggja að sjóflutningar leggi sitt af mörkum, eins og vera ber, til þeirrar viðleitni sem þarf til að ná markmiðunum sem samþykkt voru samkvæmt Parísarsamningnum. Átak til að takmarka hnattræna losun frá sjóflutningum gegnum Alþjóðasiglingamálastofnunina stendur yfir og ætti að stuðla að því, þ.m.t. hröð framkvæmd á upphafsáætlun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um samdrátt á losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum, sem var samþykkt 2018, þar sem einnig er vísað til mögulegra markaðstengdra ráðstafana til að skapa hvata til samdráttar á losun gróðurhúsalofttegunda frá alþjóðasjóflutningum. Þó að undanfarið hafi orðið framfarir hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni hafa þær fram að þessu ekki verið fullnægjandi til að ná fram markmiðum Parísarsamningsins. Sökum þess að sjóflutningar eru alþjóðlegir í eðli sínu er mikilvægt að aðildarríkin og Sambandið, innan valdheimilda hvers um sig, vinni að því með þriðju löndum að auka diplómatíska viðleitni til að styrkja hnattrænar ráðstafanir og taka framförum við að þróa hnattræna markaðstengda ráðstöfun á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006 (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55).

20) Losun á koltvísýringi ($CO_2$) frá sjóflutningum er ástæðan fyrir u.þ.b. 3 til 4% af losun Sambandsins. Framkvæmdastjórnin lýsti yfir í Grænu samkomulagi í Evrópu þeim fyrirætlunum sínum að gera viðbótarráðastafanir til að taka á losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum með ráðstafanakörfu til að gera Sambandinu kleift að ná markmiðum sínum um samdrátt á losun. Í þessu samhengi ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB til að fella sjóflutninga inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir til að tryggja að sá geiri leggi sitt af mörkum til aukinna loftslagsmarkmiða Sambandsins, sem og til markmiða Parísarsamningsins en í 4. mgr. 4. gr. er því lýst yfir að iðnríkin ættu að halda áfram að hafa frumkvæðið með því að takast á hendur markmið um samdrátt á losun í öllu hagkerfinu en þróunarlöndin eru hvött til þess að færa sig með tímanum yfir í markmið um samdrátt á losun eða takmörkun á losun í öllu hagkerfinu. Þó að það hafi átt að setja þak á losun frá alþjóðaflugi utan Evrópu frá janúar 2021 með hnattrænni markaðstengdri aðgerð er ekki enn búið að koma á aðgerð sem takmarkar eða setur verð á losun frá sjóflutningum. Því er rétt að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir taki til hluta losunar frá sjóferðum milli hafnar sem fellur undir lögsögu aðildarríkis og hafnar sem fellur undir lögsögu þriðja lands en þriðja landið getur tekið ákvörðun um viðeigandi aðgerð að því er varðar hinn hluta losunarinnar.

Rýmkun á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir þannig að það nái yfir sjóflutninga ætti af þeim sökum að taka til helmings losunar frá skipum sem fara í sjóferð frá höfn sem fellur utan lögsögu aðildarríkis og koma til hafnar sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, helming losunar frá skipum sem fara í sjóferð frá höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis og koma til hafnar sem fellur utan lögsögu aðildarríkis, alla losun frá skipum sem fara í sjóferð frá höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis og koma til hafnar sem fellur undir lögsögu aðildarríkis og alla losun innar hafnar sem fellur undir lögsögu aðildarríkis. Þessi nálgun er talin hagkvæm leið til að leysa mál sem varða almennar en ólíkar skyldur og getu sem hefur lengi verið áskorun í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Það að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir taki til hluta af losuninni, bæði frá sjóferðum á innleið og útleið milli Sambandsins og þriðju landa, tryggir skilvirkni þess, einkum með því að auka umhverfisáhrifin af ráðstöfuninni, samanborið við landfræðilegt gildissvið sem takmarkast við sjóferðir innan Sambandsins, um leið og áhættan á að viðkoma í höfn sé sniðgengin og áhættan á að umfermingarstarfsemi sé færð út fyrir Sambandið er takmörkuð. Til að tryggja að innfelling geirans inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gangi snurðulaust fyrir sig ætti að auka innskil skipafélaga á losunarheimildum jafnt og þétt að því er varðar sannprófaða losun sem greint var frá fyrir árin 2024 og 2025.

Ef færri losunarheimildum er skilað inn, samanborið við sannprófaða losun frá sjóflutningum á þessum árum, og þegar búið er að ákvarða mismuninn á sannprófaðri losun og innskiluðum losunarheimildum á hverju ári ætti að ógilda þann fjölda losunarheimilda sem samsvarar þeim mismun til þess að vernda umhverfislegan heilleika kerfisins. Frá árinu 2026 ættu skipafélög að skila inn fjölda losunarheimilda sem svarar til allrar sannprófaðrar losunar þeirra. Þó að loftslagsáhrif frá sjóflutningum stafi aðallega af koltvísýringslosun þeirra er önnur losun en koltvísýringslosun verulegur hluti af losun frá skipum. Samkvæmt fjórðu rannsókn Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar á gróðurhúsalofttegundum frá 2020 jókst metanlosun verulega á tímabilinu frá 2012 til 2018. Losun metans og niturоxíðs mun líklega aukast með tímanum, einkum með þróun skipa sem eru knúin fljótandi jarðgasi eða öðrum orkugjöfum. Innfelling metan- og niturоxíðlosunar væri til hagsbóta fyrir umhverfislegan heilleika og til að hvetja til góðra starfsvenja. Til að byrja með ætti að fella þessa losun inn í reglugerð (ESB) 2015/757 frá og með 2024 og það ætti að fella hana inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir frá og með 2026.

21) Rýmkun á gildissviði tilskipunar 2003/87/EB þannig að hún nái yfir sjóflutninga mun leiða til breytinga á kostnaði við slíka flutninga. Allir hlutar Sambandsins koma til með að verða fyrir áhrifum af þessari rýmkun á gildissviði því uppruni vara, sem eru fluttar sjóleiðis til og frá höfnum innan Sambandsins, eða viðtökustaður þeirra er í mismunandi aðildarríkjum, þ.m.t. landlukt aðildarríki. Úthlutun losunarheimilda sem aðildarríkin skulu bjóða upp ætti því ekki, að meginreglu til, að breytast vegna þess að sjóflutningastarfsemi er felld inn og ætti að taka til allra aðildarríkja. Aðildarríkin verða þó fyrir áhrifum í mismiklum mæli. Einkum verða aðildarríki sem treysta mikið á sjóflutninga mest útsett fyrir áhrifunum af rýmkuninni. Aðildarríki með stóran sjóflutningageira, samanborið við hlutfallslega stærð þeirra, verða fyrir meiri áhrifum af rýmkun viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir þannig að það nái yfir sjóflutninga. Því er rétt að kveða á um tímabundna viðbótaraðstoð fyrir þessi aðildarríki í formi viðbótarlosunarheimilda til að styðja afkolun haftengdrar starfsemi og vegna stjórnsýslukostnaðar sem stofnað er til. Aðstoðin ætti að koma inn smám saman samhliða innleiðingu skuldbindingar um innskil og þar af leiðandi með aukin áhrif á þessi aðildarríki. Framkvæmdastjórnin ætti að taka mikilvægi þessarar viðbótaraðstoðar til athugunar í tengslum við endurskoðun á tilskipun 2003/87/EB, einkum í ljósi þróunar á fjölda skipafélaga sem eru á ábyrgð mismunandi aðildarríkja.

22) Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir ætti að stuðla verulega að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá haftengdri starfsemi og að því að auka skilvirkni í tengslum við slíka starfsemi. Notkun tekna frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB ætti m.a. að fela í sér eflingu loftslagsvænna flutninga og almenningssamgangna í öllum geirum.

23) Það mun taka tíma og útheimta fjárstuðning að endurnýja flota skipa með ísflokk og þróa nýsköpunartækni sem dregur úr losun slíkra skipa. Sem stendur leiðir hönnun skipa með ísflokk, sem gerir þeim kleift að sigla í hafísaðstæðum, til þess að slík skip nota meira eldsneyti og losa meira en skip af svipaðri stærð sem eru hönnuð til að sigla einungis á opnum siglingaleiðum. Þess vegna ætti að innleiða fánahlutlausa aðferð samkvæmt þessari tilskipun sem gerir það kleift, fram til 31. desember 2030, að fækka losunarheimildum sem skipafélög skulu skila inn á grundvelli ísflokks skips þeirra.

24) Eyjur án vega- eða járnbrautartengingar við meginlandið eru háðari sjóflutningum en önnur svæði og tengjanleiki þeirra er háður tengingum á sjó. Til að aðstoða eyjar með fáa íbúa við að halda tengingu eftir að sjóflutningastarfsemi hefur verið felld undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB þykir rétt að kveða á um þann möguleika að aðildarríki geti farið fram á tímabundna undanþágu frá skuldbindingunni um innskil samkvæmt þeirri tilskipun fyrir tiltekna sjóflutninga-starfsemi er varðar eyjar þar sem færri en 200 000 einstaklingar hafa fasta búsetu.

25) Aðildarríkin ættu að eiga þess kost að fara fram á að opinber þjónustusamningur eða skylda til að veita opinbera þjónustu milli tveggja aðildarríkja hljóti tímabundna undanþágu frá tilteknum skuldbindingum samkvæmt tilskipun 2003/87/EB. Sá möguleiki ætti að takmarkast við tengingu milli aðildarríkis án landamæra á landi við annað aðildarríki og landfræðilega næsta aðildarríkis, s.s. sjóferðatengingu milli Kýpur og Grikklands sem hefur ekki verið fyrir hendi í meira en tvo áratugi. Sú tímabundna undanþága myndi stuðla að því að bregðast við knýjandi þörf til að veita þjónustu í almannaþágu og tryggja tengjanleika sem og efnahagslega og félagslega samheldni og samheldni milli svæða.

26) Að teknu tilliti til sérstakra einkenna og varanlegra takmarkana ystu svæða í Sambandinu, eins og viðurkennt er í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), og með hliðsjón af því að þau eru mjög háð sjóflutningum ætti að huga sérstaklega að því að varðveita aðgengileika slíkra svæða og skilvirkan tengjanleika með sjóflutningum. Af þeim sökum ætti að kveða á um tímabundna undanþágu frá tilteknum skuldbindingum samkvæmt tilskipun 2003/87/EB fyrir losun frá sjóflutningastarfsemi milli hafnar sem er staðsett á ysta svæði aðildarríkis og hafnar sem er staðsett í sama aðildarríki, þ.m.t. hafnir sem eru staðsettar á sama ysta svæði og á öðru ysta svæði í sama aðildarríkinu.

27) Endurskoða ætti ákvæði tilskipunar 2003/87/EB, að því er varðar sjóflutningastarfsemi, reglulega í ljósi alþjóðlegrar þróunar í framtíðinni og viðleitni sem sýnd er við að ná markmiðum Parísarsamningsins, þ.m.t. önnur hnattræna athugunin á stöðunni á árinu 2028 og síðari hnattrænar athuganir á stöðunni á fimm ára fresti eftir það sem er ætlað að vera grundvöllurinn að áframhaldandi landsákvörðuðum framlögum. Einnig ætti að endurskoða þessi ákvæði ef til þess kemur að Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykki hnattræna markaðstengda ráðstöfun til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum. Í þessu skyni ætti framkvæmdastjórnin að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið innan 18 mánaða frá samþykkt slíkar ráðstöfunar og áður en hún verður virk. Í þeirri skýrslu ætti framkvæmdastjórnin að kanna þessa hnattrænu markaðstengdu ráðstöfun að því er varðar metnaðinn í henni í ljósi markmiða Parísarsamningsins, umhverfislegan heilleika hennar í heild sinni, þ.m.t. samanborið við ákvæðin í tilskipun 2003/87/EB sem taka til sjóflutninga, og hvers konar mál sem tengjast samfellu viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og þeirrar ráðstöfunar. Í skýrslu sinni ætti framkvæmdastjórnin einkum að taka tillit til þess hversu mikil þátttaka er í þessari hnattrænu markaðstengdu ráðstöfun, framfylgd hennar, gagnsæi, viðurlög fyrir að fara ekki að tilskildum ákvæðum, ferli varðandi þátttöku almennings, vöktun losunar, skýrslugjöf um hana og sannprófun á henni, skrár og ábyrgð. Með skýrslunni ætti að fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á, til að breyta tilskipun 2003/87/EB á þann hátt sem er í samræmi við loftslagsmarkmið Sambandsins fyrir 2030 og markmiðið um loftslagshlutleysi sem sett er fram í reglugerð (ESB) 2021/1119 og með það að markmiði að vernda umhverfislegan heillleika og skilvirkni loftslagsaðgerðar Sambandsins, til að tryggja samfellu milli framkvæmdar hnattrænu markaðstengdu ráðstöfunarinnar og viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir um leið og komist er hjá umtalsverðum tvöföldum byrðum, og minna þar með á valdheimildir Sambandsins til að setja reglur um hlutdeild sína í losun frá alþjóðlegum sjóflutningaferðum í samræmi við skuldbindingar Parísarsamningsins.

28) Auknum kostnaði við sjóflutninga sem rýmkun tilskipunar 2003/87/EB, þannig að hún nái yfir sjóflutningastarfsemi, hefur í för með sér fylgir áhætta á sniðgöngu ef hnattræn markaðstengd ráðstöfun er ekki fyrir hendi. Sniðganga viðkomu í höfnum til hafna utan Sambandsins og flutningur umfermingarstarfsemi til hafna utan Sambandsins dregur ekki einungis úr umhverfislegum ávinningi þess að fella inn kostnað við losun frá sjóflutningastarfsemi heldur getur það einnig leitt til viðbótarlosunar vegna lengri vegalengdar sem er farin til að sneiða hjá kröfunum í tilskipun 2003/87/EB. Því er rétt að undanskilja tiltekna viðkomu í höfnum utan Sambandsins frá skilgreiningunni á „viðkomuhöfn“. Sú útilokun ætti að beinast að höfnum í nágrenni við Sambandið þar sem mesta áhættan er á sniðgöngu. Mörk sem nema 300 sjómílum frá höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis eru hófleg viðbrögð við sniðgönguháttalagi sem stuðla að því að jafna viðbótarálag og áhættu á sniðgöngu. Enn fremur ætti útilokun frá skilgreiningunni á „viðkomuhöfn“ einungis að gilda um viðkomu gámaskipa í tilteknum höfnum utan Sambandsins þar sem umferming gáma er ástæðan fyrir mestu gámaumferðinni. Að því er varðar slíkan flutning felst áhætta á sniðgöngu, ef mótvægisráðstafanir eru ekki fyrir hendi, einnig í því að hafnarmiðstöðvar færist til hafna utan Sambandsins sem eykur á áhrifin af sniðgöngunni Til að tryggja meðalhóf ráðstöfunarinnar og að hún leiði til jafnrar meðferðar ætti að taka tillit til ráðstafana í þriðju löndum sem hafa jafngild áhrif og tilskipun 2003/87/EB.

29) Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða framkvæmd tilskipunar 2003/87/EB í tengslum við sjóflutningastarfsemi í ljósi reynslunnar af beitingu þeirrar tilskipunar, þ.m.t. að greina sniðgönguháttalag til að koma í veg fyrir slíkt háttalag á fyrstu stigum, og ætti síðan að leggja til ráðstafanir til að tryggja skilvirkni þeirrar tilskipunar. Slíkar ráðstafanir gætu falið í sér auknar kröfur um innskil vegna sjóferða þar sem áhættan á sniðgöngu er meiri, s.s. til og frá höfn, sem er staðsett í nágrenni við Sambandið, í þriðja landi sem hefur ekki samþykkt ráðstafanir sem eru svipaðar og tilskipun 2003/87/EB.

30) Losun frá skipum undir 5000 brúttótonnum er minni en 15% af losun frá skipum, að teknu tilliti til gildissviðs þessarar tilskipunar, en er losun frá miklum fjölda skipa. Af ástæðum sem varða stjórnsýslulegan framkvæmanleika er of snemmt að fella skip undir 5000 brúttótonnum inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir strax í upphafi þegar sjóflutningar eru felldir inn í það en innfærsla þeirra í framtíðinni kemur til með að bæta skilvirkni viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og hugsanlega draga úr sniðgönguháttalagi með notkun skipa undir 5000 brúttótonna viðmiðunar-mörkunum. Þess vegna ætti framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 31. desember 2026, að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem hún ætti að kanna hagkvæmni þess og efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg áhrif þess að fella losun frá skipum undir 5000 brúttótonnum, þ.m.t. grunnsævisskip, inn í tilskipun 2003/87/EB.

31) Einstaklingur eða stofnun sem ber ábyrgð á að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sé fylgt ætti að vera skipafélagið, skilgreint sem skipseigandinn eða önnur stofnun eða einstaklingur, s.s. framkvæmdastjóri eða skipamiðlari þurrleiguskipa, sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins fyrir hönd skipseiganda og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem felast í alþjóðakóðanum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóðinn). Þessi skilgreining er byggð á skilgreiningunni á „félag“ í d-lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/757 og í samræmi við hnattræna gagnasöfnunarkerfið sem Alþjóðasiglingamálastofnunin kom á fót 2016.

32) Losun frá skipi ræðst m.a. af orkunýtniráðstöfunum sem skipseigandinn gerir fyrir skipið og á eldsneytinu, farmi sem siglt er með og siglingaleið og hraða skipsins sem getur verið undir stjórn annars aðila en skipseigandans. Annar aðili en skipafélagið getur, með samningsbundnu fyrirkomulagi, tekið á sig ábyrgðina á eldsneytiskaupum eða á að taka ákvarðanir um rekstur sem geta haft áhrif á losun skipsins á gróðurhúsalofttegundum. Þegar samningurinn er gerður er einkum síðarnefndu þættirnir ekki þekktir og endanleg losun frá skipinu, sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB, er því óþekkt. Hvatar til að innleiða rekstrarráðstafanir vegna eldsneytisnýtni eru þó takmarkaðir nema kolefniskostnaði verði velt áfram á aðilann sem rekur skipið. Því ætti skipafélagið að eiga rétt á, samkvæmt landslögum, í samræmi við mengunarbótaregluna og til að hvetja til þess að nýtniráðstafanir verði samþykktar og til upptöku hreinna eldsneytis, að krefjast endurgreiðslu vegna kostnaðar sem stafar af innskilum losunarheimilda frá aðilanum sem ber beina ábyrgð á ákvörðunum sem hafa áhrif á losun skipsins á gróðurhúsalofttegundum.

Þó að slíkt endurgreiðslufyrirkomulag geti verið háð samningsbundnu fyrirkomulagi ætti aðildarríkjum ekki að vera skylt, til að draga úr stjórnsýslukostnaði, að tryggja eða ganga úr skugga um að slíkir samningar séu fyrir hendi heldur ættu þau þess í stað að kveða á um í landslögum lögboðin réttindi skipafélagsins til að fá endurgreiðslu og samsvarandi aðgang að réttarkerfinu til að framfylgja þessum réttindum. Af sömu ástæðum ættu þessi réttindi, þ.m.t. hugsanlegur ágreiningur, sem tengist endurgreiðslu, milli skipafélagsins og aðilans sem rekur skipið, ekki að hafa áhrif á skuldbindingar skipafélagsins gagnvart stjórnsýsluyfirvaldinu, að því er varðar skipafélag, eða framfylgdarráðstafanir sem kunna að reynast nauðsynlegar gagnvart slíku félagi til að tryggja fullt samræmi umrædds félags við tilskipun 2003/87/EB. Þar eð tilgangurinn sem þjónað er með ákvæðinu sem varðar réttindi til endurgreiðslu er nátengdur Sambandinu, einkum í tengslum við fylgni skipafélags, gagnvart tilteknu aðildarríki, við skuldbindingarnar samkvæmt þessari tilskipun, er um leið mikilvægt að þessi réttindi séu virt í öllu Sambandinu, í öllum samningsbundnum tengslum sem heimila öðrum aðila en skipseigandanum að ákvarða farminn sem er fluttur eða siglingaleiðina og hraða skipsins, á þann hátt að staðinn sé vörður um óraskaða samkeppni á innri markaðinum sem getur tekið til ákvæða sem koma í veg fyrir að aðilar að slíkum samningsbundnum tengslum sniðgangi réttindin til endurgreiðslu með því að fella inn val um lagaákvæði.

33) Til að draga úr stjórnsýsluálagi á skipafélög ætti eitt aðildarríki að bera ábyrgð á hverju skipafélagi. Framkvæmdastjórnin ætti að birta upphaflega skrá yfir skipafélög sem stunduðu sjóflutningastarfsemi sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir þar sem stjórnsýsluyfirvaldið, að því er varðar skipafélag, er tilgreint. Skrána ætti að uppfæra reglulega og a.m.k. annað hvert ár til að færa skipafélög, eftir því sem við á, til annars slíks stjórnsýsluyfirvalds. Að því er varðar skipafélög sem eru skráð í aðildarríki ætti stjórnsýsluyfirvaldið, að því er varðar skipafélag, að vera viðkomandi aðildarríki. Að því er varðar skipafélög sem eru skráð í þriðja landi ætti stjórnsýsluyfirvaldið, að því er varðar skipafélag, að vera aðildarríkið þar sem áætlað er að skipafélagið hafi oftast átt viðkomu í höfn í sjóferðum sem falla undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB á næstliðnum fjórum vöktunarárum. Að því er varðar skipafélög sem eru skráð í þriðja landi og fóru ekki í neina sjóferð sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB á næstliðnum fjórum vöktunarárum ætti stjórnsýsluyfirvaldið, að því er varðar skipafélag, að vera aðildarríkið þar sem skip skipafélagsins hóf eða lauk við fyrstu sjóferð sína sem fellur undir gildissvið þeirrar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin ætti að birta og uppfæra annað hvert ár, eftir því sem við á, skrá yfir skipafélög sem falla undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB og tilgreina stjórnsýsluyfirvaldið, að því er varðar skipafélag. Til að tryggja jafna meðferð á skipafélögum ættu aðildarríkin að fylgja samræmdum reglum við stjórnun skipafélaga sem þau bera ábyrg á í samræmi við ítarlegar reglur sem framkvæmdastjórnin skal fastsetja.

34) Aðildarríkin ættu að tryggja að skipafélög sem þau stjórna uppfylli kröfurnar í tilskipun 2003/87/EB. Ef skipafélag vanrækir að uppfylla þessar kröfur og allar framfylgdarráðstafanir sem stjórnsýsluyfirvaldið hefur gripið til, að því er varðar skipafélag, hafa ekki tryggt að farið sé að þeim ættu aðildarríkin að standa saman um aðgerðir. Sem síðasta úrræði ættu aðildarríki, að undanskildu aðildarríkinu sem er fánaríki skipsins, að geta meinað skipum sem eru á ábyrgð viðkomandi skipafélags aðgang og aðildarríkið sem er fánaríki skipsins ætti að geta kyrrsett viðkomandi skip.

35) Skipafélög ættu að vakta og gefa skýrslu um samantekin losunargögn sín frá sjóflutningastarfsemi innan félagsins í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/757. Sannprófa ætti skýrslur um samantekin losunargögn innan félagsins í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Þegar sannprófandi innir af hendi sannprófun innan félagsins ætti hann ekki að sannprófa losunarskýrslur fyrir hvert skip eða skýrslur fyrir hvert skip sem leggja skal fram þegar skipt er um félag þar eð þessar skýrslur fyrir hvert skip hafa þegar verið sannprófaðar.

36) Á grundvelli reynslu af svipuðum verkefnum sem tengjast umhverfisvernd ætti Siglingaöryggisstofnun Evrópu, eða önnur viðeigandi stofnun, eins og við á og í samræmi við umboð sitt, að aðstoða framkvæmdastjórnina og stjórnsýsluyfirvöld, að því er varðar skipafélag, í tengslum við framkvæmd tilskipunar 2003/87/EB. Vegna reynslu sinnar af framkvæmd reglugerðar (ESB) 2015/757 og upplýsingatæknitóla sinna ætti Siglingaöryggisstofnun Evrópu að aðstoða stjórnsýsluyfirvöld, að því er varðar skipafélag, einkum að því er varðar vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun frá sjóflutningastarfsemi samkvæmt gildissviði tilskipunar 2003/87/EB, með því að greiða fyrir skiptum á upplýsingum eða þróa leiðbeiningar og viðmiðanir. Framkvæmdastjórnin, með aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, ætti að leitast við

að þróa viðeigandi vöktunartól sem og leiðbeiningar til að greiða fyrir og samræma sannprófunarstörf og framfylgdarstarfsemi sem tengjast beitingu tilskipunar 2003/87/EB um sjóflutninga. Eftir því sem unnt er ætti að gera slík tól aðgengileg fyrir aðildarríkin og sannprófendur til að tryggja betur trausta framfylgd landsráðstafana til að leiða tilskipun 2003/87/EB í lög.

37) Samhliða því sem þessi tilskipun er samþykkt er verið að breyta reglugerð (ESB) 2015/757 til að kveða á um reglur um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun sem eru nauðsynlegar vegna rýmkunar á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir þannig að það nái yfir sjóflutningastarfsemi og til að kveða á um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun fleiri gróðurhúsalofttegunda og losun frá fleiri tegundum skipa.

38) Ákvæðum 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 ([13]) til að gera öllum rekstraraðilum kleift að nota allar losunarheimildir sem eru gefnar út. Til samræmis við það ætti að aðlaga kröfuna, skv. e-lið 2. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar, um að í leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda komi fram skylda til að skila inn losunarheimildum.

39) Til að ná fram markmiði Sambandsins um samdrátt á losun fyrir 2030 þarf 62% samdrátt á losun frá þeim geirum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir samanborið við árið 2005. Fjölda losunarheimilda í Sambandinu samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir verður að fækka til að skapa nauðsynlegt langtíma kolefnisverðteikn og drifkraft fyrir þetta afkolunarstig. Fækka ætti heildarfjölda losunarheimilda á árunum 2024 og 2026 til að færa hann betur til samræmis við raunverulega losun. Enn fremur ætti að hækka línulega samdráttarstuðulinn á árunum 2024 og 2028, einnig að teknu tilliti til innfellingar á losun frá sjóflutningum. Brattara losunarferilsþak sem leiðir af þessum breytingum mun leiða til marktækt hærri gilda uppsafnaðs samdráttar á losun fram til 2030 en hefði orðið samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/410. Leiða ætti tölurnar sem varða innfellingu sjóflutninga út frá losun frá sjóflutningastarfsemi, sem fjallað er um í 3. gr. ga í tilskipun 2003/87/EB og gefin skýrsla um í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/757 fyrir árin 2018 og 2019 í Sambandinu og ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og Fríverslunarsamtökum Evrópu, aðlagaðar frá 2021 til 2024 með línulega samdráttarstuðlinum fyrir árið 2024. Á árinu 2024 ætti að beita línulega samdráttarstuðlinum á aukninguna á fjölda losunarheimilda í Sambandinu á því ári.

40) Til að ná fram auknum metnaði í loftslagsmálum þarf umtalsverðar tekjur frá opinberum aðilum og einkaaðilum í Sambandinu, sem og í aðildarríkjunum, sem skulu ætlaðar fyrir loftslagstengda umbreytingu. Til fyllingar og styrkingar við veruleg loftslagstengd útgjöld á fjárlögum Sambandsins ætti að nota allar uppboðstekjur, sem eru ekki ætlaðar í fjárlög Sambandsins í formi eigin tekna, eða jafngildi slíkra uppboðstekna metið til fjár, í loftslagstengdum tilgangi, að undanskildum tekjum sem eru notaðar sem uppbót fyrir óbeinan kolefniskostnað. Rýmka ætti skrána yfir loftslagstengdan tilgang í 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB til að hún nái yfir viðbótartilgang með jákvæðum umhverfisáhrifum. Þetta ætti að taka til notkunar á fjárstuðningi til að fást við félagslega þætti hjá heimilum sem eru með tekjur sem eru lágar eða í meðallagi með lækkun skatta sem valda röskun og markvissri lækkun tolla og gjalda fyrir endurnýjanlega raforku. Aðildarríkin ættu að gefa skýrslu á hverju ári um notkun uppboðstekna, í samræmi við 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 ([14]), og tilgreina, ef við á og eins og við á, hvaða tekjur eru notaðar og til hvaða aðgerða er gripið til að koma samþættum landsbundnum orku- og loftslagsáætlunum þeirra og svæðisbundnum áætlunum þeirra um réttmæta umbreytingu til framkvæmda.

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 frá 13. desember 2017 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að viðhalda núverandi takmörkunum á umfangi flugstarfsemi og til að undirbúa framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar frá 2021 (Stjtíð. ESB L 350, 29.12.2017, bls. 7).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).

41) Uppboðstekjur aðildarríkjanna koma til með að aukast þegar sjóflutningar verða felldir inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Þess vegna eru aðildarríkin hvött til að auka notkun tekna frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB til að stuðla að vernd, endurheimt og betri stjórnun sjávarvistkerfa, einkum verndaðra hafsvæða.

42) Þörf er á umtalsverðu fjármagni til að koma markmiðum Parísarsamningsins til framkvæmda í þróunarlöndum og í loftslagssáttmálanum í Glasgow eru iðnríkin, sem eru aðilar, hvött til að auka framlag sitt til loftslagsfjármögnunar hið snarasta og umtalsvert. Í niðurstöðum sínum um undirbúning fyrir 27. ráðstefnu aðilanna að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar minnti ráðið á að Sambandið og aðildarríki þess eru stærsti framlagsgreiðandinn til alþjóðlegrar opinberrar loftslagsfjármögnunar og hafa meira en tvöfaldað framlag sitt til loftslagsfjármögnunar til að styðja þróunarlönd frá 2013. Í þessum niðurstöðum endurnýjaði ráðið einnig eindregna skuldbindingu Sambandsins og aðildarríkja þess um að halda áfram að auka alþjóðlega loftslagsfjármögnun sína í áttina að markmiði iðnríkjanna um að virkja a.m.k. 100 milljarða bandaríkjadala á ári eins fljótt og auðið er og fram til ársins 2025 frá fjölbreyttum uppsprettum og væntir þess að markmiðinu verði náð 2023.

43) Til að taka á dreifingaráhrifum og félagslegum áhrifum af umbreytingunni í tekjulágum aðildarríkjum ætti að nota viðbótarfjölda sem nemur 2,5% af fjölda losunarheimilda í Sambandinu frá 2024 til 2030 til að fjármagna orkuumskipti í aðildarríkjum, þar sem verg landsframleiðsla á mann var undir 75% af meðaltalinu í Sambandinu á árunum 2016 til 2018, gegnum nútímavæðingarsjóðinn sem um getur í 10. gr. d í tilskipun 2003/87/EB.

44) Aðildarríki sem eru aðstoðarþegar ættu að geta notað tekjur sem nútímavæðingarsjóðnum er úthlutað til að fjármagna fjárfestingar sem tengjast aðliggjandi landamærasvæðum Sambandsins þegar það skiptir máli fyrir orkuskipti aðildarríkja sem eru aðstoðarþegar

45) Veita ætti frekari hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að nota kostnaðarhagkvæma tækni. Í þessu skyni ætti úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til staðbundinna stöðva frá og með árinu 2026 að vera háð fjárfestingum í tækni til að auka orkunýtni og draga úr losun, einkum hjá stórum orkunotendum. Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að beiting þessa skilyrðis stofni ekki jöfnum samkeppnisskilyrðum, umhverfislegum heilleika eða jafnri meðferð á stöðvum í öllu Sambandinu í hættu. Framkvæmdastjórnin ætti því að samþykkja, með fyrirvara um reglur sem gilda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([15]), framseldar gerðir, til að bæta við þessa tilskipun, til að leysa hvers konar mál sem koma í ljós, einkum varðandi framangreindar meginreglur, og kveða á um stjórnsýslulega einfaldar reglur um beitingu skilyrðisins. Þessar reglur ættu að vera hluti af almennum reglum um úthlutun án endurgjalds, með því að nota fastsetta málsmeðferð fyrir landsbundnar framkvæmdarráðstafanir, og í þeim ætti að kveða á um fresti, um viðmiðanir fyrir viðurkenningu á orkunýtniráðstöfunum sem hefur verið komið til framkvæmda sem og um annars konar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Að auki ætti að styrkja enn frekar hvata fyrir stöðvar með mikið umfang losunar á gróðurhúsalofttegundum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í þessu skyni ætti úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til 20% af þeim staðbundnu stöðvum sem eru með mesta losunarumfangið samkvæmt tiltekinni vöruviðmiðun frá og með árinu 2026 einnig að vera bundin því skilyrði að þær taki saman loftslagshlutleysisáætlanir og komi þeim til framkvæmda.

46) Aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis (CBAM), sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/956 ([16]), skal koma í stað kerfisins sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 2003/87/EB til að koma í veg fyrir áhættu á kolefnisleka. Að því marki sem geirar og undirgeirar falla undir þessa ráðstöfun ættu þeir ekki að fá úthlutun án endurgjalds. Þó er þörf á umbreytingartímabili þar sem úthlutun án endurgjalds er hætt í áföngum til að gera framleiðendum, innflytjendum og seljendum kleift að laga sig að þessu nýja kerfi. Koma ætti skerðingu úthlutunar án endurgjalds til framkvæmda með því að nota stuðul fyrir úthlutun án endurgjalds fyrir geira í aðlögunarkerfinu við landamæri vegna kolefnis meðan aðlögunarkerfinu við landamæri vegna kolefnis er komið inn í áföngum. Stuðullinn fyrir aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis ætti að nema 100% á tímabilinu frá gildistöku þeirrar reglugerðar og til loka ársins 2025 og ætti að nema, með fyrirvara um beitingu ákvæðanna sem um getur í b-lið 2. mgr. 36. gr. þeirrar reglugerðar, 97,5% 2026, 95% 2027, 90% 2028, 77,5% 2029, 51,5% 2030, 39% 2031, 26,5% 2032 og 14% 2033. Frá árinu 2034 ætti ekki að nota neinn stuðul fyrir aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis.

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/956 frá 10. maí 2023 um að koma á fót aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 52).

Aðlaga ætti viðeigandi framseldar gerðir um úthlutun án endurgjalds fyrir geira og undirgeira sem falla undir aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis til samræmis við það. Úthlutun án endurgjalds sem verður ekki lengur veitt til geira í aðlögunarkerfinu við landamæri vegna kolefnis á grundvelli þessa útreiknings (eftirspurn í aðlögunarkerfinu við landamæri vegna kolefnis) skal bætt við nýsköpunarsjóðinn til að styðja nýsköpun á sviði lágkolefnistækni, föngunar og nýtingar kolefnis (CCU), föngunar kolefnis, flutnings og geymslu í jörðu (CCS), endurnýjanlegrar orku og orkugeymslu á þann hátt að það stuðli að mótvægi gegn loftslagsbreytingum. Í þessu samhengi ætti að gefa sérstakan gaum að verkefnum í geirum í aðlögunarkerfinu við landamæri vegna kolefnis. Til að virða það hlutfall úthlutunar án endurgjalds sem er til ráðstöfunar fyrir geira utan aðlögunarkerfisins við landamæri vegna kolefnis ætti að reikna út endanlega fjöldann, sem skal draga frá úthlutun án endurgjalds og hafa til ráðstöfunar í nýsköpunarsjóðnum, á grundvelli þess hlutfalls sem eftirspurnin í aðlögunarkerfinu við landamæri vegna kolefnis stendur fyrir að því er varðar þörf allra geira, sem fá úthlutun án endurgjalds, fyrir úthlutun án endurgjalds.

47) Til mótvægis við hugsanlega áhættu á kolefnisleka sem tengist vörum sem falla undir aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis og eru framleiddar í Sambandinu til útflutnings til þriðju landa, sem beita ekki viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða svipuðu kerfi til verðlagningar á kolefni, ætti að framkvæma mat áður en umbreytingartímabilinu samkvæmt reglugerð (ESB) 2023/956 lýkur. Ef niðurstaðan úr matinu er sú að slík áhætta á kolefnisleka sé fyrir hendi ætti framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að taka á þessari áhættu á kolefnisleka á þann hátt sem er í samræmi við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Enn fremur ætti aðildarríkjum að vera heimilt að nota uppboðstekjur til að taka á allri eftirstæðri áhættu á kolefnisleka í geirum í aðlögunarkerfinu við landamæri vegna kolefnis og í samræmi við reglur um ríkisaðstoð. Ef losunarheimildir sem koma frá skerðingu úthlutunar án endurgjalds við beitingu skilyrðisreglnanna eru ekki nýttar að fullu til að veita stöðvum með minnsta umfang losunar á gróðurhúsalofttegundum undanþágu frá leiðréttingunni sem liggur þvert á atvinnugreinar ætti að bæta 50% af þessum losunarheimildum sem eftir standa við nýsköpunarsjóðinn. Bjóða ætti hin 50% upp fyrir hönd aðildarríkja og þau ættu að nota tekjurnar af þeim til að taka á allri eftirstæðri áhættu á kolefnisleka í geirum í aðlögunarkerfinu við landamæri vegna kolefnis.

48) Til að endurspegla betur tækniframfarir en tryggja um leið hvata til samdráttar á losun og verðlauna nýsköpun með réttum hætti ætti að auka lágmarksaðlögunina á viðmiðunargildunum úr 0,2% í 0,3% á ári og auka ætti hámarksaðlögunina úr 1,6% í 2,5% á ári. Að því er varðar tímabilið frá 2026 til 2030 ætti að aðlaga þessi viðmiðunargildi á sama hátt innan bils sem nemur 6% til 50% samanborið við gildandi gildi á tímabilinu frá 2013 til 2020. Til að skapa fyrirsjáanleika fyrir stöðvar ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem endurskoðuð viðmiðunargildi fyrir úthlutun án endurgjalds verða ákvörðuð eins fljótt og auðið er fyrir upphaf tímabilsins frá 2026 til 2030.

49) Til að skapa hvata fyrir nýja tímamótatækni í stáliðnaðinum og til að komast hjá verulegri óhóflegri lækkun á viðmiðunargildinu og í ljósi tiltekinna aðstæðna í stáliðnaðinum, s.s. mikils losunarumfangs og skipulags alþjóðlegs markaðar og markaðar Sambandsins, er nauðsynlegt að útiloka stöðvar, sem voru í rekstri á viðmiðunartímabilinu frá 2021 til 2022 og sem yrðu að öðrum kosti teknar með í þeim útreikningi vegna endurskoðunar á skilgreiningunni á vöruviðmiðuninni fyrir heitan málm, frá útreikningi á viðmiðunargildi fyrir heitan málm á tímabilinu frá 2026 til 2030.

50) Til að verðlauna þá sem skila bestum árangri og nýsköpun ættu stöðvar þar sem losað magn gróðurhúsalofttegunda er undir meðalgildi 10% af skilvirkustu stöðvunum undir tiltekinni viðmiðun að vera undanþegnar beitingu leiðréttingarstuðuls sem liggur þvert á atvinnugreinar. Nota ætti losunarheimildir sem er ekki úthlutað vegna skerðingar á úthlutun án endurgjalds við beitingu skilyrðisreglnanna til að mæta því sem á vantar við skerðingu úthlutunar án endurgjalds sem stafar af útilokun þeirra sem skila bestum árangri frá beitingu leiðréttingarstuðuls sem liggur þvert á atvinnugreinar.

51) Til að hraða afkolun hagkerfisins en styrkja um leið samkeppnishæfni iðnaðar í Sambandinu ættu 20 milljónir losunarheimilda til viðbótar úr þeim fjölda sem að öðrum kosti væri hægt að úthluta án endurgjalds og 5 milljónir losunarheimilda til viðbótar úr þeim fjölda sem að öðrum kosti væri hægt að bjóða upp að vera til ráðstöfunar fyrir nýsköpunarsjóðinn. Þegar framkvæmdastjórnin endurskoðar tímasetningu og röðun uppboða fyrir nýsköpunarsjóðinn sem komið var á fót með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 ([17]) ætti hún, í ljósi breytinganna sem eru innleiddar með þessari tilskipun, að íhuga að gera fleiri úrræði aðgengileg á fyrstu árunum þegar endurskoðaðri tilskipun 2003/87/EB er komið til framkvæmda til að efla afkolun viðkomandi geira.

([17]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1).

52) Heildstæð nálgun að nýsköpun er nauðsynleg til að ná markmiðunum í reglugerð (ESB) 2021/1119. Nauðsynlegt átak í rannsóknum og nýsköpun nýtur stuðnings á vettvangi Sambandsins, m.a. í gegnum Horizon Europe, sem inniheldur verulega fjármögnun og nýja gerninga fyrir þá geira sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Af þessum sökum ætti framkvæmdastjórnin að leitast eftir samlegðaráhrifum við Horizon Europe og, ef við á, við aðrar fjármögnunaráætlanir Sambandsins.

53) Nýsköpunarsjóðurinn ætti að styðja nýsköpunartækni, ferli og tækniþekkingu, þ.m.t. að auka slíka tækni, ferli og tækniþekkingu, með það fyrir augum að þau nái víðtækri útbreiðslu í öllu Sambandinu. Setja ætti tímamótanýsköpun í forgang við val á verkefnum sem fá stuðning með styrkjum.

54) Rýmka ætti gildissvið nýsköpunarsjóðsins, sem um getur í 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, þannig að það nái yfir stuðning við nýsköpun á sviði lág- og núllkolefnistækni og ferla sem varða notkun eldsneytis í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum, þ.m.t. sameiginlegir samgöngumátar s.s. almenningssamgöngur og flutningar með hópbifreiðum. Að auki ætti nýsköpunarsjóðurinn að nýtast til að styðja fjárfestingar til að afkola sjóflutninga, þ.m.t. fjárfestingar í orkunýtni skipa, hafna og flutninga á stuttum sjóleiðum, í rafvæðingu geirans, í sjálfbæru óhefðbundnu eldsneyti, s.s. vetni og ammoníaki sem eru framleidd úr endurnýjanlegum orkugjöfum, í knúningstækni með enga losun, s.s. vindtækni, og í nýsköpun að því er varðar skip með ísflokk. Gefa ætti sérstakan gaum að nýsköpunarverkefnum sem stuðla að afkolun sjóflutningageirans og draga úr öllum loftslagsáhrifum hans, þ.m.t. losun á svörtu kolefni. Að því er þetta varðar ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina sértæk viðfangsefni þegar auglýst er eftir tillögum fyrir nýsköpunarsjóðinn. Í þessum auglýsingum eftir tillögum ætti að taka tillit til málefna sem varða verndun líffræðilegrar fjölbreytni, hávaða- og vatnsmengun. Að því er sjóflutninga varðar ættu verkefni með ótvíræðum virðisauka fyrir Sambandið að vera stuðningshæf.

55) Ef umráðendur loftfara/flugrekendur starfrækja ekki lengur flug sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir er staðan „undanskilinn“ sett á reikninga þeirra skv. 9. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 ([18]) og ekki má lengur hefja neitt ferli í tengslum við þessa reikninga. Til að vernda umhverfislegan heillleika viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir ætti að nota losunarheimildir, sem eru ekki gefnar út til umráðenda loftfara/flugrekenda vegna þess að þeir hætta starfsemi, til að standa undir því ef eitthvað vantar upp á innskil þessara umráðenda loftfara/flugrekenda og nota ætti allar losunarheimildir sem eftir eru til að hraða aðgerðum til að takast á við loftslagsbreytingar með því að setja þær í nýsköpunarsjóðinn.

56) Tækniaðstoð frá framkvæmdastjórninni, sem beinist að aðildarríkjum sem hafa lagt fram fá eða engin verkefni fram að þessu, myndi stuðla að því að margar umsóknir um fjármögnun nýsköpunarsjóðsins við verkefni bærust frá öllum aðildarríkjunum. Sú aðstoð ætti m.a. að styðja starfsemi sem beinist að því að bæta gæði tillagna að verkefnum í þeim aðildarríkjum þaðan sem fá eða engin verkefni hafa borist, t.d. með því að skiptast á upplýsingum, lærdómi sem dreginn hefur verið og bestu starfsvenjum, og því að efla starfsemi landsbundinna tengiliða. Aðrar ráðstafanir sem þjóna sama markmiði eru m.a. ráðstafanir til að auka vitund um fjármögnunarmöguleika og auka getu þessara aðildarríkja til að greina og styðja hugsanlega verkefnaumsækjendur. Einnig ætti að stuðla að samvinnu um verkefni þvert á aðildarríkin og hvetja til samstarfs hugsanlegra umsækjenda, einkum varðandi stór verkefni.

57) Til að bæta hlutverk aðildarríkjanna við stjórnun nýsköpunarsjóðsins og auka gagnsæi ætti framkvæmdastjórnin að gefa nefndinni um loftslagsbreytingar skýrslu sem varðar að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda og leggja fram greiningu á þeim áhrifum sem búist er við að verkefni sem fá stuðning hafi í hverjum geira og hverju aðildarríki. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið og birta hana. Eftir að auglýsingu eftir tillögum er lokað ætti framkvæmdastjórnin, með fyrirvara um samþykki umsækjenda, að upplýsa aðildarríkin um umsóknir um fjármögnun verkefna á yfirráðasvæðum hvers þeirra um sig og ætti að láta þeim í té nákvæmar upplýsingar um þessar umsóknir til að auðvelda aðildarríkjunum að samræma stuðning við verkefni. Að auki ætti framkvæmdastjórnin að upplýsa aðildarríkin um skrána yfir fyrirframvalin verkefni áður en stuðningur er veittur. Aðildarríkin ættu að tryggja að landsbundin lögleiðingarákvæði hindri ekki nýsköpun og séu tæknilega hlutlaus en

([18]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 frá 12. mars 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins (Stjtíð. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 3).

framkvæmdastjórnin ætti að veita tækniaðstoð, einkum til aðildarríkja með litla virka þátttöku, til að bæta skilvirka landfræðilega þátttöku í nýsköpunarsjóðnum og auka heildargæði framlagðra verkefna. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að tryggja heildstæða vöktun og skýrslugjöf, þ.m.t. upplýsingar um framvindu í áttina að því að ná skilvirkri gæðatengdri landfræðilegri útbreiðslu í öllu Sambandinu og viðeigandi eftirfylgni.

58) Til að aðlaga valferli vegna verkefna sem fá stuðning með styrkjum að heildstæðu eðli Græns samkomulags í Evrópu ætti að setja þau verkefni í forgang sem fjalla um margs konar umhverfisáhrif. Til að styðja endurtekningu og hraðari markaðssókn tækniþekkingar eða lausna sem njóta stuðnings ætti að miðla þekkingu milli verkefna sem nýsköpunarsjóðurinn fjármagnar og annarra viðeigandi verkefna sem og vísindamanna í Sambandinu sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta.

59) Mismunasamningar (CDs) kolefnamismunasamningar (CCDs) og samningar með föstu framlagi (e. *fixed premium contract*) eru mikilvægir þættir til að virkja samdrátt á losun í iðnaði með því að virkja hratt nýja tækni og gera það kleift að ábyrgjast verð fyrir fjárfesta í loftslagsvænni nýsköpunartækni sem veitir meiri umbun fyrir samdrátt á losun koltvísýrings en þá sem fylgir ráðandi kolefnisverði í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Rýmka ætti röð ráðstafana sem nýsköpunarsjóðurinn getur stutt þannig að hún nái yfir stuðning við verkefni með útboðum á samkeppnisgrundvelli sem leiða til úthlutunar á mismunasamningum (CDs), kolefnamismunasamningum (CCDs) og samningum með föstu framlagi. Útboð á samkeppnisgrundvelli er mikilvægt fyrirkomulag til að styðja þróun afkolunartækni og hámarka notkun á fyrirliggjandi tilföngum. Það veitir fjárfestum í þessari tækni einnig vissu. Með það fyrir augum að lágmarka hvers konar skilyrta skuld fyrir fjárlög Sambandsins ætti að tryggja mótvægi við áhættu við hönnun mismunasamninga (CDs) og kolefnamismunasamninga (CCDs) og veita viðeigandi tryggingu með skuldbindingu samkvæmt fjárhagsáætlun, sem veitir fulla tryggingu a.m.k. í fyrstu tveimur umferðum mismunasamninga (CDs) og kolefnamismunasamninga (CCDs), með fjárveitingum sem verða til vegna ágóða af uppboði á losunarheimildum sem er úthlutað skv. 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

Engin slík áhætta er fyrir hendi varðandi samninga með föstu framlagi vegna þess að lagalega skuldbindingin fellur undir samsvarandi skuldbindingu samkvæmt fjárhagsáætlun. Að auki ætti framkvæmdastjórnin að inna af hendi eigindlegt og megindlegt mat, eftir að fyrstu tveimur umferðum mismunasamninga (CDs) og kolefnamismunasamninga (CCDs) er lokið og í hvert sinn sem slíkt er nauðsynlegt eftir það, á fjárhagslegri áhættu sem stafar af framkvæmd þeirra. Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framselda gerð til að kveða á um, á grundvelli niðurstaðnanna úr því mati, viðeigandi niðurfærsluhlutfall fremur en fulla tryggingu fyrir síðari umferðir mismunasamninga (CDs) eða kolefnamismunasamninga (CCDs). Við slíka nálgun ætti að taka tillit til allra þátta sem geta dregið úr fjárhagslegri áhættu fyrir fjárlög Sambandsins, til viðbótar við losunarheimildirnar sem eru til ráðstöfunar í nýsköpunarsjóðnum, s.s. mögulegrar skiptingar skulda með aðildarríkjum, að eigin frumkvæði, eða mögulegs endurtryggingarfyrirkomulags frá einkageiranum. Þess vegna er nauðsynlegt að kveða á um undanþágur frá hlutum af X. bálki í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ([19]). Niðurfærsluhlutfallið fyrir fyrstu tvær umferðir mismunasamninga (CDs) og kolefnamismunasamninga (CCDs) ætti að vera 100%.

Þrátt fyrir 210. gr. (1. mgr.), 211. gr. (1. og 2. mgr.) og 218. gr. (1. mgr.) þeirrar reglugerðar ætti þó að fastsetja 50% lágmarksniðurfærsluhlutfall, sem og hámarkshluta af tekjum frá nýsköpunarsjóðnum sem skal nota til 30% niðurfærslu, í þessari tilskipun fyrir síðari umferðir mismunasamninga (CDs) og kolefnamismunasamninga (CCDs) og framkvæmdastjórnin ætti að geta tilgreint nánar það niðurfærsluhlutfall sem er nauðsynlegt á grundvelli reynslu af fyrstu tveimur auglýsingunum eftir tillögum og fjárhæð tekna sem skal nota til niðurfærslu. Heildarfjárskuldbindingin sem hvílir á fjárlögum Sambandsins ætti því ekki að fara yfir 60% af ágóðanum af uppboðunum fyrir nýsköpunarsjóðinn. Þar eð niðurfærslan mun að jafnaði koma úr nýsköpunarsjóðnum ætti enn fremur að veita undanþágur frá reglunum í 212., 213. og 214. gr reglugerðar (ESB, KBE) 2018/1046 sem tengjast sameiginlega niðurfærslusjóðnum sem komið er á fót með 212. gr. þeirrar reglugerðar. Mismunasamningar (CDs) og kolefnamismunasamningar (CCDs) eru nýir í eðli sínu sem gæti einnig kallað á undanþágur frá d- og h-lið 2. mgr. 209. gr. þeirrar reglugerðar, miðað við að þeir byggjast ekki á skuldsetningu/margföldurum eða eru að öllu leyti háðir fyrirframmati, frá 3. mgr. 219. gr., vegna tengingar við d-lið 2. mgr. 209. gr., og frá 6. mgr. 219. gr. hennar þar eð framkvæmdaraðilar verða ekki með lána- eða hlutabréfaáhættu samkvæmt ábyrgð. Notkun á hvers konar undanþágu frá reglugerð (ESB, KBE) 2018/1046 ætti að takmarkast við það sem nauðsynlegt er. Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að breyta hámarkshluta af tekjum frá nýsköpunarsjóðnum, sem skal nota til niðurfærslu, um í mesta lagi 20 prósentustig umfram það sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

60) Nýsköpunarsjóðurinn fellur undir almennar reglur um skilyrði til að vernda fjárlög Sambandsins sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2020/2092 ([20]).

61) Þegar starfsemi stöðvar er stöðvuð tímabundið er úthlutun án endurgjalds aðlöguð að því starfsemisstigi sem skylda er að greina frá árlega. Að auki geta lögbær yfirvöld fellt tímabundið niður útgáfu losunarheimilda fyrir þær stöðvar sem hafa tímabundið hætt rekstri, svo lengi sem engar sannanir eru fyrir því að þær hefji rekstur að nýju. Þess vegna ætti ekki lengur að krefjast þess að rekstraraðilar sýni lögbæru yfirvaldi fram á að stöð þeirra muni hefja framleiðslu aftur innan tiltekins og eðlilegs tíma ef um er að ræða tímabundna stöðvun starfseminnar.

62) Leiðréttingar á úthlutun án endurgjalds sem veitt er til staðbundinna stöðva skv. 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB getur útheimt veitingu viðbótarúthlutunar án endurgjalds eða að umframfjöldi losunarheimilda sé millifærður til baka. Nota ætti losunarheimildir sem eru lagðar til hliðar fyrir nýja aðila skv. 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB í þessum tilgangi.

63) Frá árinu 2013 hafa raforkuframleiðendur verið skyldugir til að kaupa allar losunarheimildir sem þeir þurfa til að framleiða raforku. Þrátt fyrir það hafa sum aðildarríki, í samræmi við 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB, þann möguleika að nota úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili til að nútímavæða orkugeirann á tímabilinu frá 2021 til 2030. Þrjú aðildarríki hafa valið að nota þennan möguleika. Miðað við að þörf er á hraðri afkolun, einkum í orkugeiranum, ættu hlutaðeigandi aðildarríki einungis að geta notað þessa úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili fyrir fjárfestingar sem eru gerðar fram til 31. desember 2024. Þau ættu að geta bætt öllum eftirstandandi losunarheimildum fyrir tímabilið frá 2021 til 2030, sem eru ekki notaðar fyrir slíkar fjárfestingar, í því hlutfalli sem þau ákveða, við þann heildarfjölda losunarheimilda sem hlutaðeigandi aðildarríki fær til að bjóða upp eða notað þær til að styðja fjárfestingar innan ramma nútímavæðingarsjóðsins. Að undanskildum frestinum sem varðar tilkynningar þar að lútandi ættu losunarheimildir, sem eru millifærðar í nútímavæðingarsjóðinn, að falla undir sömu reglur varðandi fjárfestingar og gilda um losunarheimildir sem þegar hafa verið millifærðar skv. 4. mgr. 10. gr. d í tilskipun 2003/87/EB. Til að tryggja fyrirsjáanleika og gagnsæi með tilliti til fjölda losunarheimilda, sem eru annaðhvort til ráðstöfunar til uppboðs eða til úthlutunar án endurgjalds á umbreytingartímabili, og með tilliti til þeirra eigna sem nútímavæðingarsjóðurinn stýrir ættu aðildarríkin að upplýsa framkvæmdastjórnina um fjölda eftirstandandi losunarheimilda sem skal nota í þessum tilgangi, eftir því sem við á, eigi síðar en 15. maí 2024.

64) Samræma ætti umfang nútímavæðingarsjóðsins við nýjustu loftslagsmarkmið Sambandsins með því að krefjast þess að fjárfestingar séu í samræmi við markmiðin í Græna samkomulaginu í Evrópu og reglugerð (ESB) 2021/1119 og afnema stuðning við hvers konar fjárfestingar sem tengjast orkuframleiðslu sem byggist á jarðefnaeldsneyti nema að því er varðar stuðning við slíkar fjárfestingar með tekjum af losunarheimildum sem eru millifærðar valfrjálst í nútímavæðingarsjóðinn í samræmi við 4. mgr. 10. gr. d í tilskipun 2003/87/EB. Að auki ætti takmarkaður stuðningur við slíkar fjárfestingar að halda áfram að vera mögulegur með tekjum af úthlutunum sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 10. gr. þeirrar tilskipunar, með vissum skilyrðum, einkum ef starfsemin telst vera umhverfislega sjálfbær samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 ([21]) og að því er varðar losunarheimildir sem eru boðnar upp fram til 2027. Að því er varðar síðarnefndan flokk losunarheimilda ætti að auki ekki að styðja notkun á seinni stigum á jarðefnaeldsneyti, sem er ekki í föstu formi, með tekjum af losunarheimildum sem eru boðnar upp eftir 2028. Enn fremur ætti að auka þann hundraðshluta af nútímavæðingarsjóðnum sem verður að taka frá fyrir forgangsfjárfestingar í 80% fyrir þær losunarheimildir nútímavæðingarsjóðsins sem eru millifærðar í samræmi við 4. mgr. 10. gr. d í tilskipun 2003/87/EB og um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 10. gr. þeirrar tilskipunar og í 90% fyrir þann viðbótarfjölda sem nemur 2,5% af losunarheimildum í Sambandinu.

Orkunýtni, þ.m.t. í iðnaði, flutningum, byggingum, landbúnaði og úrgangi, hitun og kæling frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem og stuðningur við heimili til að taka á orkufátækt, þ.m.t. í dreifbýli og á afskekktum svæðum, ætti að falla undir umfang forgangsfjárfestinganna. Til að auka gagnsæi og meta betur áhrifin af nútímavæðingarsjóðnum ætti nefndin um fjárfestingar að gefa nefndinni um loftslagsbreytingar skýrslu á hverju ári um reynsluna af matinu á fjárfestingunum, einkum með tilliti til samdráttar á losun og kostnaðar við mildun.

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2020/2092 frá 16. desember 2020 um almennar reglur um skilyrði til að vernda fjárlög Sambandsins (Stjtíð. ESB L 433, 22.12.2020, bls. 1).

([21]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

65) Í tilskipun (ESB) 2018/410 voru innleidd ákvæði sem varða ógildingu aðildarríkja á losunarheimildum úr fjölda losunarheimilda þeirra á uppboði að því er varðar að það lokist fyrir framleiðslugetu raforku á yfirráðasvæði þeirra. Í ljósi aukins metnaðar í loftslagsmálum í Sambandinu og hraðari afkolunar raforkugeirans sem af honum leiðir skiptir slík ógilding sífellt meira máli. Þess vegna ætti framkvæmdastjórnin að meta hvort hægt sé að auðvelda aðildarríkjunum að nota ógildingu með því að breyta viðkomandi framseldum gerðum sem voru samþykktar skv. 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

66) Aðlaganir á úthlutun án endurgjalds, sem voru innleiddar með tilskipun (ESB) 2018/410 og komið til framkvæmda með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 ([22]), bættu skilvirkni og hvata sem úthlutun án endurgjalds hefur í för með sér en juku á stjórnsýsluálagið og gerðu það að verkum að sögulega dagsetningin 28. febrúar fyrir útgáfu úthlutunar án endurgjalds varð óvirk. Í því skyni að taka betra tillit til aðlagana á úthlutun án endurgjalds þykir rétt að gera aðlaganir á sannprófunarlotunni. Af þeim sökum ætti frestur lögbærra yfirvalda til að veita úthlutun án endurgjalds að færast frá 28. febrúar til 30. júní og frestur rekstraraðila til að skila inn losunarheimildum ætti að færast frá 30. apríl til 30. september.

67) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 ([23]) er mælt fyrir um reglur um vöktun á losun frá lífmassa sem eru í samræmi við reglurnar um notkun á lífmassa sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins um endurnýjanlega orku. Þar eð löggjöfin verður ítarlegri, að því er varðar viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífmassa, með nýjustu reglunum sem voru fastsettar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 ([24]) ætti að rýmka framsal framkvæmdarvalds í 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB sérstaklega til að það nái yfir samþykkt nauðsynlegra aðlagana til að beita viðmiðunum um sjálfbærni fyrir lífmassa í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, þ.m.t. lífeldsneyti, fljótandi lífeldsneyti og lífmassaeldsneyti. Að auki ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framkvæmdargerðir til að tilgreina nánar hvernig eigi að taka með í reikninginn geymslu á losun frá blöndum af núllmetnum lífmassa og lífmassa sem er ekki frá uppsprettum sem eru metnar sem núll.

68) Endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt eldsneyti af ólífrænum uppruna og endurunnið kolefniseldsneyti getur verið mikilvægt til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í geirum sem er erfitt að afkola. Ef endurunnið kolefniseldsneyti og endurnýjanlegt fljótandi og loftkennt eldsneyti af ólífrænum uppruna er framleitt úr fönguðum koltvísýringi í starfsemi sem fellur undir þessa tilskipun ætti að gera grein fyrir þessari losun innan ramma þeirrar starfsemi. Til að tryggja að endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna og endurunnið kolefniseldsneyti stuðli að samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda og til að komast hjá tvítalningu á eldsneyti sem það gerir þykir rétt að rýmka valdheimildina í 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB sérstaklega til að hún nái yfir samþykkt framkvæmdastjórnarinnar á framkvæmdargerðum þar sem mælt er fyrir um nauðsynlegar aðlaganir á því hvernig eigi að gera grein fyrir hugsanlegri losun á koltvísýringi á þann hátt að tryggt sé að gerð sé grein fyrir allri losun, þ.m.t. þegar slíkt eldsneyti er framleitt úr fönguðum koltvísýringi utan Sambandsins, um leið og komist er hjá tvítalningu og tryggt að viðeigandi hvatar séu fyrir hendi til að fanga losun, einnig að teknu tilliti til meðhöndlunar á þessu eldsneyti samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/2001.

69) Þar eð einnig er gert ráð fyrir að koltvísýringur sé fluttur á annan hátt en með leiðslum, s.s. með skipi og með vörubifreið, ætti að rýmka núverandi umfang í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB varðandi flutninga á gróðurhúsalofttegundum til geymslu þannig að það nái yfir öll flutningatæki, af ástæðum sem varða jafna meðferð og óháð því hvort flutningatækið fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Ef losun frá flutningnum fellur einnig undir aðra starfsemi samkvæmt tilskipun 2003/87/EB ætti að gera grein fyrir losuninni undir þessari annarri starfsemi til að koma í veg fyrir tvítalningu.

([22]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1842 frá 31. október 2019 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar frekari ráðstafanir til að aðlaga úthlutanir losunarheimilda án endurgjalds vegna breytinga á starfsemisstigi (Stjtíð. ESB 282, 4.11.2019, bls. 20).

([23]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1).

([24]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82).

70) Útilokun stöðva, þar sem einungis er notaður lífmassi, frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir hefur leitt til aðstæðna þar sem stöðvar, sem brenna hátt hlutfall lífmassa, hafa fengið óvenju mikinn hagnað með því að fá losunarheimildir án endurgjalds sem eru langt yfir raunverulegri losun. Þess vegna ætti að innleiða viðmiðunargildi fyrir núllmetna brennslu lífmassa og stöðvar sem eru þar fyrir ofan eru útilokaðar frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Innleiðing viðmiðunarmarka mun skapa meiri vissu um hvaða stöðvar falla undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og gera það kleift að skipta losunarheimildum án endurgjalds með jafnari hætti milli geira sem eru einkum í áhættu á kolefnisleka. Fastsetja ætti viðmiðunarmörkin við 95% til að jafna kostina og gallana við að stöðvar verði áfram undir gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir. Þess vegna ætti ekki að skapa hvata fyrir stöðvar, sem hafa haldið efnislegri getu til að brenna jarðefnaeldsneyti, til að hverfa aftur til notkunar á slíku eldsneyti. Viðmiðunarmörk við 95% myndu tryggja að ef stöð notar jarðefnaeldsneyti í þeim tilgangi að falla áfram undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir til að njóta góðs af úthlutun losunarheimilda án endurgjalds ætti kolefniskostnaðurinn, sem tengist notkun á þessu jarðefnaeldsneyti, að vera nógu hár til að hafa letjandi áhrif.

Þessi viðmiðunarmörk munu einnig tryggja að stöðvar sem nota verulegt magn af jarðefnaeldsneyti falli áfram undir skuldbindingar varðandi vöktun í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir þannig að komist verði hjá mögulegri sniðgöngu á fyrirliggjandi skuldbindingum um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun. Um leið ætti áfram að hvetja stöðvar, sem brenna minna hlutfall af núllmetnum lífmassa, með sveigjanleikaákvæði, til að draga enn frekar úr brennslu jarðefnaeldsneytis en halda jafnframt áfram að falla undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir þangað til notkun þeirra á sjálfbærum lífmassa er orðin það mikil að skráning þeirra í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir er ekki lengur réttlætanleg. Að auki hefur reynslan sýnt að útilokun stöðva, þar sem einungis er notaður lífmassi, sem eru í raun og veru við 100% viðmiðunarmörkin nema við brennslu jarðefnaeldsneytis á ræsingar- og stöðvunartímabilum, kallar á endurmat og nákvæmari skilgreiningu. Viðmiðunarmörkin 95% gera það kleift að brenna jarðefnaeldsneyti á ræsingar- og stöðvunartímabilum.

71) Til að skapa hvata fyrir útbreiðslu lág- og núllkolefnistækni ættu aðildarríkin að veita rekstraraðilum þann möguleika að falla áfram undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir þar til núverandi og næsta fimm ára tímabili lýkur, sem um getur í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB, ef stöðin breytir framleiðsluferli sínu til að draga úr losun sinni á gróðurhúsalofttegundum og uppfyllir ekki lengur viðmiðunarmörkin um 20 MW samanlagt nafnvarmaafl.

72) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birti lokaskýrslu sína um losunarheimildir og tengdar afleiður 28. mars 2022. Skýrslan er heildstæð greining á heildstæðni evrópska kolefnismarkaðarins og inniheldur sérfræðiþekkingu og ráðleggingar í tengslum við að halda uppi eðlilegri starfsemi kolefnismarkaðarins. Í því skyni að vakta stöðugt heildstæðni markaðar og gagnsæi ætti skýrslugjöf Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að fara fram reglulega. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin er sem stendur að meta markaðsþróun og veitir ráðleggingar, ef nauðsyn krefur, á sínu valdsviði, í skýrslu sinni um horfur, áhættu og veikleika í samræmi við 3. mgr. 32. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([25]). Greining á evrópska kolefnismarkaðinum, sem tekur til uppboða á losunarheimildum, viðskipta með losunarheimildir og afleiður þeirra á vettvangi og utan skipulagðra markaða, ættu að vera hluti af þessari árlegu skýrslugjöf. Þessi skylda myndi leiða til hagræðingar í skýrslugjöf Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og gera það kleift að gera samanburð þvert á markaði, einkum vegna sterkra tengsla milli viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og markaða með hrávöruafleiður.

Með slíkri reglulegri greiningu af hálfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ætti einkum að vakta hvers konar markaðssveiflur og verðþróun, framkvæmd uppboða og framkvæmd viðskipta á mörkuðum, seljanleika og umfang viðskiptanna og flokka og viðskiptaatferli markaðsaðila, þ.m.t. spákaupmennska sem hefur veruleg áhrif á verðlag. Mat hennar ætti, ef við á, að innihalda ráðleggingar til að bæta heildstæðni markaðar og gagnsæi, sem og kvaðir um skýrslugjöf, og til að auka forvarnir og greiningu á markaðssvikum og stuðla að því að viðhalda skipulegum mörkuðum með losunarheimildir og afleiður þeirra. Framkvæmdastjórnin ætti að taka tilhlýðilegt tillit til matanna og ráðlegginganna í tengslum við árlega skýrslu um kolefnismarkaðinn og, ef nauðsyn krefur, í skýrslunum til að tryggja betri starfsemi kolefnismarkaðarins.

([25]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

73) Til að skapa enn frekari hvata fyrir fjárfestingar sem eru nauðsynlegar fyrir afkolun fjarhitunar og til að fást við félagslega þætti sem tengjast háu orkuverði og miklu losunarumfangi fjarhitunarstöðva á gróðurhúsalofttegundum ættu rekstraraðilar í aðildarríkjum sem eru með mjög hátt hlutfall losunar frá fjarhitun, samanborið við stærð hagkerfisins, að geta sótt um viðbótarúthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili fyrir fjarhitunarstöðvar og fjárfesta ætti virðisaukann af þessari úthlutunin án endurgjalds í því skyni að draga verulega úr losun fyrir 2030. Til að tryggja að þessi samdráttur eigi sér stað ætti viðbótarúthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili að vera háð fjárfestingum sem eru gerðar og þeim samdrætti á losun sem næst, eins og mælt er fyrir um í loftslagshlutleysisáætlunum sem rekstraraðilar skulu semja fyrir viðkomandi stöðvar sínar.

74) Óvænt eða skyndileg óhófleg verðhækkun á kolefnismarkaðinum getur haft neikvæð áhrif á fyrirsjáanleika á markaði sem er nauðsynlegur vegna skipulagningar afkolunarfjárfestinga. Þess vegna ætti að styrkja ráðstafanirnar sem er beitt ef til þess kemur að óhóflegar verðsveiflur verða á markaði fyrir viðskipti með losunarheimildir, sem falla undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB, á varfærinn hátt til að bæta getu þeirra til að bregðast við ástæðulausum verðsveiflum. Ef skilyrðið til virkjunar, byggt á hækkun á meðalverði losunarheimilda, er uppfyllt ætti þessi reglugrundaða verndarráðstöfun að gilda sjálfkrafa og leiða þannig til þess að fyrirframákveðinn fjöldi losunarheimilda er tekinn úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 ([26]). Framkvæmdastjórnin ætti að vakta náið skilyrðin til virkjunar og birta þau mánaðarlega til að bæta gagnsæi. Til að tryggja skipuleg uppboð á losunarheimildum sem eru teknar úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum samkvæmt þessari verndarráðstöfun og til að bæta fyrirsjáanleika á markaði ætti þessi ráðstöfun ekki að gilda aftur fyrr en í fyrsta lagi 12 mánuðum eftir að fyrri úttekt losunarheimilda á markað er lokið samkvæmt ráðstöfuninni.

75) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 17. september 2020 sem ber heitið „markið sett hærra í loftslagsmálum í Evrópu fram til 2030 – fjárfesting í loftslagshlutlausri framtíð í þágu samborgara okkar“ er undirstrikuð sérstök áskorun um að draga úr losun í geirum bygginga og flutninga á vegum. Af þeim sökum tilkynnti framkvæmdastjórnin að frekari rýmkun á viðskiptum með losunarheimildir gæti tekið til losunar frá byggingum og flutningum á vegum og benti um leið á að það hefði mikinn ávinning í för með sér að ná yfir alla losun frá brennslu eldsneytis. Viðskipti með losunarheimildir ættu að taka til eldsneytis sem er notað til brennslu í geirum bygginga og flutninga á vegum sem og í öðrum geirum sem eru hliðstæðir við iðnaðarstarfsemi sem fellur ekki undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, s.s. hitun iðnaðaraðstöðu (geirar bygginga og flutninga á vegum og aðrir geirar). Að því er varðar þessa geira ætti að koma á fót aðskildu en samhliða viðskiptakerfi með losunarheimildir til að komast hjá hvers konar truflunum á vel starfandi viðskiptakerfi með losunarheimildir fyrir staðbundnar stöðvar og flugstarfsemi. Nýja kerfinu til fyllingar eru hliðstæðar áætlanir sem móta væntingar markaðsaðila og stefnt er að kolefnisverðteikni fyrir allt hagkerfið um leið og kveðið er á um ráðstafanir til að komast hjá ótilhlýðilegum verðáhrifum. Fyrri reynsla hefur sýnt að þróun á nýju kerfi útheimtir að skilvirku kerfi fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun sé komið á fót. Með það fyrir augum að tryggja samlegðaráhrif og samræmi við fyrirliggjandi innviði í Sambandinu fyrir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir þykir rétt að koma á fót viðskiptakerfi með losunarheimildir fyrir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira gegnum breytingu á tilskipun 2003/87/EB.

76) Til að koma á nauðsynlegum framkvæmdaramma og skapa hæfilegan tímaramma til að ná markmiðinu fyrir 2030 ættu viðskipti með losunarheimildir í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum að hefjast 2025. Fyrstu árin ætti að gera þá kröfu að eftirlitsskyldir aðilar hafi leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og gefi skýrslu um losun sína fyrir árin 2024 til 2026. Útgáfa losunarheimilda fyrir þessa aðila og skyldur sem þeir verða að uppfylla ættu að gilda frá og með 2027. Þessi röðun gerir það kleift að hefja viðskipti með losunarheimildir í þessum geirum á skipulegan og skilvirkan hátt. Hún gerir það einnig kleift að vera með ráðstafanir fyrir hendi til að tryggja þjóðfélagslega sanngjarna innleiðingu viðskipta með losunarheimildir í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum til mótvægis við áhrifin af kolefnisverði fyrir viðkvæm heimili og flutningsþega.

77) Vegna mjög mikils fjölda smálosenda í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum er ekki mögulegt að fastsetja upphaf reglusetningar fyrir aðila sem losa gróðurhúsalofttegundir beint eins og raunin er varðandi staðbundnar stöðvar og flugstarfsemi. Af ástæðum sem varða framkvæmanleika í tæknilegu tilliti og hagkvæmni í stjórnsýslu er því frekar við hæfi að fastsetja upphaf reglusetningar ennþá framar í framboðskeðjunni. Sú aðgerð sem virkjar skyldur sem verður að uppfylla samkvæmt nýja viðskiptakerfinu með losunarheimildir ætti að vera afhending eldsneytis til notkunar, sem er notað til brennslu í geirum bygginga og flutninga á vegum, þ.m.t. til flutninga gróðurhúsalofttegunda á vegum til

([26]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 264, 9.10.2015, bls. 1).

geymslu í jörðu, sem og í öðrum geirum sem eru hliðstæðir við iðnaðarstarfsemi sem fellur ekki undir I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Til að komast hjá tvöfaldri skráningu ætti ekki að fella þar undir afhendingu eldsneytis til notkunar sem er notað í starfsemi í samræmi við I. viðauka við þá tilskipun.

78) Skilgreina ætti eftirlitsskylda aðila í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum og upphaf reglusetningar í samræmi við vörugjaldskerfið sem komið var á fót með tilskipun ráðsins (ESB) 2020/262 ([27]), með nauðsynlegum aðlögunum, þar eð þegar er mælt fyrir um traust eftirlitskerfi í þeirri tilskipun fyrir allt magn eldsneytis, sem er afhent til notkunar, í þeim tilgangi að greiða vörugjöld. Lokaneytendur eldsneytis í þessum geirum ættu ekki að falla undir skuldbindingar samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.

79) Eftirlitsskyldir aðilar sem falla undir gildissvið viðskiptakerfis með losunarheimildir í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum ættu að falla undir svipaðar kröfur um leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og rekstraraðilar staðbundinna stöðva. Nauðsynlegt er að setja reglur varðandi umsóknir um leyfi, skilyrði fyrir útgáfu leyfis, innihald og endurskoðun og hvers konar breytingar sem varða eftirlitsskylda aðila. Til þess að nýja kerfið geti farið af stað á skipulegan hátt ættu aðildarríkin að tryggja að eftirlitsskyldir aðilar sem falla undir gildissvið nýja viðskiptakerfisins með losunarheimildir séu með gilt leyfi þegar kerfið er tekið í notkun 2025.

80) Heildarfjöldi losunarheimilda í nýja viðskiptakerfinu með losunarheimildir ætti að fylgja línulegum ferli til að ná markmiðinu um samdrátt á losun fyrir 2030, að teknu tilliti til kostnaðarhagkvæms framlags frá geirum bygginga og flutninga á vegum sem nemur 43% samdrætti á losun fyrir 2030, samanborið við árið 2005, og samanlagðs kostnaðarhagkvæms framlags frá öðrum geirum sem nemur 42% samdrætti á losun fyrir 2030, samanborið við árið 2005. Ákvarða ætti heildarfjölda losunarheimilda í fyrsta sinn á árinu 2027 og fylgja ferli sem hefst 2024 út frá gildinu fyrir losunarmörkin fyrir 2024, reiknað út í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 ([28]) á grundvelli viðmiðunarlosunar frá þeim geirum sem falla þar undir 2005 og tímabilinu frá 2016 til 2018, eins og ákvarðað er skv. 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar. Til samræmis við það ætti að fastsetja línulega samdráttarstuðulinn við 5,10%. Frá árinu 2028 ætti að fastsetja heildarfjölda losunarheimilda á grundvelli meðaltals losunar sem greint er frá fyrir árin 2024, 2025 og 2026 og fækka þeim með sama algilda árlega samdráttarhlutfallinu, sem er fastsett frá 2024, sem svarar til línulegs samdráttarstuðuls sem nemur 5,38%, samanborið við sambærilegt gildi fyrir 2025 fyrir ofangreindan skilgreindan feril. Ef þessi losun er marktækt meiri en þetta gildi ferilsins og ef slíkur munur er ekki vegna minni háttar mismunar á aðferðum við mælingar á losun ætti að aðlaga línulega samdráttar-stuðulinn til að ná tilskildum samdrætti á losun 2030.

81) Uppboð á losunarheimildum er einfaldasta og efnahagslega skilvirkasta aðferðin til að úthluta losunarheimildum og einnig er komist hjá óvenju miklum hagnaði. Bæði geirar bygginga og flutninga á vegum eru undir tiltölulega litlum eða alls engum þrýstingi af völdum samkeppni frá löndum utan Sambandsins og eru ekki útsettir fyrir áhættu á kolefnisleka. Losunarheimildum vegna bygginga og flutninga á vegum ætti því einungis að úthluta með uppboðum án nokkurrar úthlutunar án endurgjalds.

82) Til þess að tryggja að nýja viðskiptakerfið með losunarheimildir fari snurðulaust af stað og að teknu tilliti til þess að eftirlitsskyldir aðilar þurfa að áhættuverja losunarheimildir eða kaupa þær fyrir fram, til mótvægis við verð- og seljanleikaáhættu sína, ætti að bjóða fleiri losunarheimildir upp snemma. Árið 2027 ætti því fjöldi losunarheimilda á uppboði að vera 30% meiri en heildarfjöldi losunarheimilda fyrir 2027. Þessi fjöldi mun nægja til að skapa seljanleika, bæði ef losun minnkar í samræmi við nauðsynlegan samdrátt og ef til þess kemur að samdráttur á losun kemst einungis í framkvæmd smám saman. Fastsetja ætti ítarlegar reglur um þennan fyrirframafhenta fjölda losunarheimilda á uppboði í framseldri gerð, sem varðar uppboð, sem er samþykkt skv. 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

([27]) Tilskipun ráðsins (ESB) 2020/262 frá 19. desember 2019 um almennt fyrirkomulag á vörugjaldi (Stjtíð. ESB L 58, 27.2.2020, bls. 4)

([28]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 (Stjtíð. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 26).

83) Reglurnar um dreifingu uppboðshlutdeildar skipta verulegu máli varðandi allar uppboðstekjur sem koma í hlut aðildarríkja, einkum í ljósi þess að þörf er á að styrkja getu aðildarríkjanna til að taka á félagslegum áhrifum af kolefnisverðteikni í geirum bygginga og flutninga á vegum. Þrátt fyrir þá staðreynd að eiginleikar þessara geira bygginga og flutninga á vegum og annarra geira eru mjög mismunandi þykir rétt að fastsetja sameiginlega dreifingarreglu sem er svipuð þeirri sem gildir um staðbundnar stöðvar. Skipta ætti meirihluta losunarheimildanna milli allra aðildarríkjanna á grundvelli meðaltals dreifingar á losun í flutningum á vegum, viðskipta- og stofnanahúsnæði og íbúðarhúsnæði á tímabilinu frá 2016 til 2018.

84) Innleiðingu kolefnisverðs í geirum bygginga og flutninga á vegum ætti að fylgja skilvirk félagsleg uppbót, einkum í ljósi núverandi umfangs orkufátæktar. Í könnun innan Evrópusambandsins 2021 kom fram að u.þ.b. 34 milljónir Evrópubúa, næstum því 6,9% af íbúunum, sögðust ekki hafa ráð á að kynda heimili sín á fullnægjandi hátt. Til að ná fram skilvirkri félagslegri uppbót og dreifingaruppbót ætti að gera þá kröfu að aðildarríkin eyði tekjum af uppboðum á losunarheimildum fyrir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira í orku- og loftslagstengdum tilgangi, sem er þegar tilgreindur fyrir fyrirliggjandi viðskiptakerfi með losunarheimildir, og setji í forgang starfsemi sem getur stuðlað að því að taka á félagslegum þáttum viðskipta með losunarheimildir í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum eða ráðstafanir sem er bætt sérstaklega við til að taka á tengdum áhyggjuefnum fyrir þessa geira, þ.m.t. tengd stefnuúrræði samkvæmt tilskipun 2012/27/ESB.

Nýr félagslegur loftslagssjóður, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/955 ([29]), mun veita sértæka fjármögnun til aðildarríkjanna til að styðja viðkvæma hópa sem verða fyrir mestum áhrifum, einkum heimili sem búa við orkufátækt eða samgöngufátækt. Félagslegi loftslagssjóðurinn mun stuðla að sanngirni og samstöðu milli og innan aðildarríkja og stuðla um leið að mótvægi gegn áhættu á orkufátækt og samgöngufátækt við umbreytinguna. Hann mun byggja á og koma til fyllingar við fyrirliggjandi kerfi sem miða að samstöðu með samlegðaráhrifum við aðrar útgjaldaáætlanir Sambandsins og sjóði. Nota ætti 50 milljónir losunarheimilda úr viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 8. mgr. b í 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og 150 milljónir losunarheimilda úr viðskiptum með losunarheimildir í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum og tekjur sem eru tilkomnar vegna uppboða á losunarheimildum sem varða geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira, að hámarki 65 000 000 000 evrur, til að fjármagna félagslega loftslagssjóðinn í formi markaðra ytri tekna, tímabundið og í undantekningartilviki, meðan beðið er eftir að umræðum og umfjöllun ljúki um tillögu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. desember 2021 að ákvörðun ráðsins um breytingu á ákvörðun (ESB, KBE) 2020/2053 um tekjuöflunarkerfi Evrópusambandsins sem varðar að koma á nýjum eigin tekjum á grundvelli viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir í samræmi við þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU).

Nauðsynlegt er að kveða á um að ef ákvörðun er samþykkt, í samræmi við þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), til að koma þessum nýju eigin tekjum á ætti að hætta að úthluta sömu tekjunum sem ytri tekjum þegar slík ákvörðun öðlast gildi. Að því er varðar félagslega loftslagssjóðinn skal framkvæmdastjórnin leggja fram, eins og við á, ef til þess kemur að slík ákvörðun verður samþykkt, nauðsynlegar tillögur í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2023/955. Þetta er með fyrirvara um útkomuna úr samningaviðræðum um fjárhagsramma til margra ára eftir 2027.

85) Samræma ætti skýrslugjöf um notkun uppboðstekna við núverandi skýrslugjöf sem er fastsett með reglugerð (ESB) 2018/1999.

86) Eftirlitsskyldir aðilar sem falla undir nýja viðskiptakerfið með losunarheimildir ættu að skila inn losunarheimildum fyrir sannprófaða losun sína sem svarar til þess magns af eldsneyti sem þeir hafa afhent til notkunar. Þeir ættu að skila inn losunarheimildum fyrir sannprófaða losun sína í fyrsta sinn á árinu 2027. Til að lágmarka stjórnsýsluálag ættu nokkrar reglur, sem gilda um fyrirliggjandi viðskiptakerfi með losunarheimildir fyrir staðbundnar stöðvar og flugstarfsemi, að gilda um nýja viðskiptakerfið með losunarheimildir fyrir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira með nauðsynlegum aðlögunum Þetta nær einkum yfir reglur um millifærslur, innskil og ógildingu losunarheimilda sem og reglur um gildi losunarheimilda, viðurlög, lögbær yfirvöld og kvaðir um skýrslugjöf aðildarríkjanna.

([29]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/955 frá 10. maí 2023 um að koma á fót félagslegum loftslagssjóði og um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/1060 (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 1).

87) Tiltekin aðildarríki eru þegar með landsbundna kolefnisskatta sem gilda um geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira sem falla undir III. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Þess vegna ætti að taka upp tímabundna undanþágu til loka ársins 2030. Til að tryggja að markmiðunum í tilskipun 2003/87/EB sé náð og að nýja viðskiptakerfið með losunarheimildir sé samfellt ætti sá valkostur að beita þessari undanþágu einungis að standa til boða ef landsbundið skatthlutfall er hærra en meðaltal uppboðsverðs á viðkomandi ári og ætti einungis að gilda um skuldbindingu um innskil eftirlitsskyldra aðila sem greiða slíkan skatt. Til að tryggja stöðugleika og gagnsæi kerfisins ætti að tilkynna framkvæmdastjórninni um landsbundna skattinn, þ.m.t. viðkomandi skatthlutfall, við lok lögleiðingartímabils þessarar tilskipunar. Undanþágan ætti ekki að hafa áhrif á markaðar ytri tekjur fyrir félagslega loftslagssjóðinn eða, ef þeim er komið á í samræmi við þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), eigin tekjur sem byggjast á uppboðstekjum vegna viðskipta með losunarheimildir í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum.

88) Til þess að viðskipti með losunarheimildir í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum séu skilvirk ætti að vera mögulegt að vakta losun með mikilli vissu og með eðlilegum tilkostnaði. Rekja ætti losun til eftirlitsskyldra aðila á grundvelli eldsneytismagns sem er afhent til notkunar og ásamt losunarstuðli. Eftirlitsskyldir aðilar ættu að geta sanngreint og aðgreint með áreiðanlegum og nákvæmum hætti þá geira þar sem eldsneyti er afhent til notkunar, sem og endanlega notendur eldsneytisins, til að komast hjá óæskilegum áhrifum, s.s. tvöföldum byrðum. Í þeim örfáu tilvikum þar sem ekki er unnt að komast hjá tvítalningu milli losunar í núverandi viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og í nýja viðskiptakerfinu með losunarheimildir fyrir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira eða ef kostnaður skapast vegna innskila á losunarheimildum vegna losunar frá starfsemi sem fellur ekki undir tilskipun 2003/87/EB ættu aðildarríkin að nota slíkar tekjur sem uppbót fyrir óhjákvæmilega tvítalningu eða annan slíkan kostnað utan geira bygginga og flutninga á vegum og annarra geira í samræmi við lög Sambandsins. Því ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að tryggja samræmd skilyrði til að komast hjá tvítalningu og að losunarheimildum sé skilað inn vegna losunar frá starfsemi sem fellur ekki undir viðskiptakerfið með losunarheimildir fyrir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira og til að leggja fram fébætur. Til frekara mótvægis við vandamál sem varða tvítalningu ættu eindagar fyrir vöktun og innskil í nýja viðskiptakerfinu með losunarheimildir að vera einum mánuði eftir eindagana í núverandi kerfi fyrir staðbundnar stöðvar og flugstarfsemi. Til þess að fullnægjandi gögn til að fastsetja heildarfjölda losunarheimilda fyrir tímabilið frá 2028 til 2030 séu fyrir hendi ættu þeir eftirlitsskyldu aðilar sem eru með leyfi þegar kerfið fer af stað 2025 að gefa skýrslu um tengda sögulega losun sína fyrir 2024.

89) Gagnsæi, að því er varðar kolefniskostnað og að hvaða marki honum er velt áfram til neytenda, hefur afgerandi þýðingu til að hraður og kostnaðarhagkvæmur samdráttur á losun geti átt sér stað í öllum greinum atvinnulífsins. Þetta er sérstaklega mikilvægt í viðskiptakerfi með losunarheimildir sem byggist á skuldbindingum á fyrri stigum. Nýja viðskiptakerfinu með losunarheimildir er ætlað að skapa hvata fyrir eftirlitsskylda aðila til að draga úr kolefnisinnihaldi eldsneytis og slíkir aðilar ættu ekki að hagnast ótilhlýðilega með því að velta meiri kolefniskostnaði áfram til neytenda en þeir stofna til. Þó svo að uppboð á öllum losunarheimildum samkvæmt viðskiptakerfinu með losunarheimildir fyrir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira takmarki nú þegar að slíkur ótilhlýðilegur hagnaður verði til ætti framkvæmdastjórnin að vakta að hvaða marki eftirlitsskyldir aðilar velta kolefniskostnaði áfram til að komist verði hjá óvenju miklum hagnaði. Í tengslum við IV. kafla a ætti framkvæmdastjórnin að gefa skýrslu á hverju ári, eftir eldsneytistegund ef unnt er, um meðaltal kolefniskostnaðar sem hefur verið velt yfir á neytendur í Sambandinu.

90) Rétt þykir að innleiða ráðstafanir til að taka á hugsanlegri áhættu á óhóflegum verðhækkunum sem, ef verðið er mjög hátt þegar nýja viðskiptakerfið með losunarheimildir fer af stað, geta grafið undan því hversu tilbúin heimili og einstaklingar eru til að fjárfesta í því að draga úr losun sinni á gróðurhúsalofttegundum. Þessar ráðstafanir ættu að koma til fyllingar við verndarráðstafanirnar í markaðsstöðugleikavarasjóðnum sem tók til starfa 2019. Þó að kolefnisverðið haldi áfram að ákvarðast af markaðinum koma verndarráðstafanir til með að virkjast af reglugrunduðu sjálfvirku fyrirkomulagi þar sem losunarheimildir eru einungis teknar út úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum ef eitt eða fleiri raunhæf skilyrði til virkjunar, sem byggjast á hækkun á meðalverði losunarheimilda, eru uppfyllt. Þetta viðbótar-fyrirkomulag ætti einnig að vera mjög virkt til þess að bregðast við miklum sveiflum vegna annarra þátta en breyttra grundvallarforsenda markaðar. Laga ætti ráðstafanirnar að mismunandi umfangi óhóflegra verðhækkana sem leiða af sér mismunandi inngrip. Framkvæmdastjórnin ætti að vakta náið skilyrðin til virkjunar og hún ætti að samþykkja ráðstafanir eins fljótt og auðið er þegar þessi skilyrði eru uppfyllt. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á neinar hliðarráðstafanir sem aðildarríkin kunna að samþykkja til að taka á neikvæðum félagslegum áhrifum.

91) Til að auka fullvissu borgaranna um að kolefnisverðið á fyrstu árum nýja viðskiptakerfisins með losunarheimildir fari ekki yfir 45 evrur þykir rétt að fella inn viðbótarverðstöðugleikakerfi til að taka losunarheimildir út úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum ef kolefnisverðið fer yfir þetta gildi. Að meginreglu til ætti ráðstöfunin að gilda einu sinni á 12 mánaða tímabili. Þó ætti einnig að vera hægt að beita henni aftur á sama 12 mánaða tímabilinu ef framkvæmdastjórnin, með aðstoð nefndarinnar um loftslagsbreytingar, telur að verðþróunin réttlæti aðra úttekt losunarheimilda. Í ljósi markmiðsins með þessu kerfi um að tryggja stöðugleika á upphafsárum nýja viðskiptakerfisins með losunarheimildir ætti framkvæmdastjórnin að meta virkni þess og hvort það eigi að halda áfram með það eftir 2029.

92) Það ætti að vera unnt, sem verndarráðstöfunarkerfi til viðbótar áður en viðskipti með losunarheimildir hefjast í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum, að seinka beitingu þaksins og skuldbindinga um innskil ef heildsöluverð á gasi eða olíu er sérlega hátt, samanborið við sögulega þróun. Kerfið ætti að vera sjálfvirkt sem þýðir að beitingu þaksins og skuldbindingum um innskil verði frestað um eitt ár ef raunhæfir þættir til að virkja orkuverð eru uppfylltir. Ákvarða ætti viðmiðunarverð á grundvelli viðmiðunarsamninga á heildsölumörkuðum með gas og olíu sem eru tiltækir án tafar og skipta mestu máli fyrir lokaneytendur. Gera ætti ráð fyrir aðskildum skilyrðum til virkjunar fyrir gas- og olíuverð þar eð verðþróun þeirra fylgir mismunandi sögulegri þróun. Til að tryggja markaðsöryggi ætti framkvæmdastjórnin að skapa skýrleika um beitingu frestunarinnar með nægum fyrirvara með tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

93) Framkvæmdastjórnin ætti að vakta notkun viðskipta með losunarheimildir í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum, þ.m.t. stig verðsamleitni við fyrirliggjandi viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, og ef nauðsyn krefur ætti að leggja endurskoðun til við Evrópuþingið og ráðið til að bæta skilvirkni, stjórnun og beitingu viðskipta með losunarheimildir í reynd í þessum geirum á grundvelli fenginnar þekkingar og aukinnar verðsamleitni. Framkvæmdastjórninni ætti að vera skylt að leggja fyrstu skýrsluna um þessi málefni fram fyrir 1. janúar 2028.

94) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd 3. gr. ga (2. mgr.), 3. gr. gf (2. og 4. mgr.), 10. gr. b (4. mgr.), 12. gr. (3. mgr. c og 3. mgr. d), 14. gr. (1. mgr.), 30. gr. f (3. og 5. mgr.) og 30. gr. h (7. mgr.) tilskipunar 2003/87/EB ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Til að tryggja samlegðaráhrif við fyrirliggjandi regluramma ætti að rýmka framsal framkvæmdarvalds í 14. og 15. gr. þeirrar tilskipunar þannig að það nái yfir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira. Þessu framkvæmdarvaldi, að undanskildu framkvæmdarvaldi í tengslum við 2. mgr. 3. gr. gf og 3. mgr. c og 3. mgr. d. í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB, ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([30]).

95) Í því skyni að ná markmiðunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og annarri löggjöf Sambandsins, einkum í reglugerð (ESB) 2021/1119, ættu Sambandið og aðildarríki þess að nýta sér nýjustu vísindaþekkingu þegar þau koma stefnum til framkvæmda. Þegar evrópska vísindaráðgjafarnefndin um loftslagsbreytingar veitir vísindalega ráðgjöf og gefur út skýrslur sem varða viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir ætti framkvæmdastjórnin því að taka tillit til slíkrar ráðgjafar og skýrslna, einkum að því er varðar þörf fyrir viðbótarstefnur og -ráðstafanir Sambandsins til að tryggja fylgni við almennu og sértæku markmiðin í reglugerð (ESB) 2021/1119 og viðbótarstefnur og -ráðstafanir Sambandsins í ljósi metnaðar og umhverfislegs heillleika hnattrænna markaðstengdra ráðstafana fyrir flugstarfsemi og sjóflutninga.

96) Til að viðurkenna framlag tekna frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir til loftslagstengdrar umbreytingar ætti að taka í notkun merkimiða viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (e. *EU ETS label*). Meðal annarra ráðstafana til að tryggja sýnileika fjármögnunar frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir ættu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin að tryggja að verkefni og starfsemi sem njóta stuðnings gegnum nútímavæðingarsjóðinn og nýsköpunarsjóðinn séu greinilegar merkt, með viðeigandi merkimiða, sem fjármögnuð með tekjum frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

([30]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

97) Með það fyrir augum að ná markmiðinu um loftslagshlutleysi, sem sett er fram í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1119, ætti að fastsetja loftslagsmarkmið fyrir allt Sambandið fyrir 2040 á grundvelli tillögu að nýrri löggjöf til að breyta þeirri reglugerð. Endurskoða ætti viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir til að laga það að loftslagsmarkmiði Sambandsins fyrir 2040. Þess vegna ætti framkvæmdastjórnin að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu, eigi síðar en í júlí 2026, um ýmsa þætti í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og skýrslunni ættu að fylgja, eftir því sem við á, tillaga að nýrri löggjöf og mat á áhrifum. Í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/1119 ætti samdráttur á beinni losun gróðurhúsalofttegunda að njóta forgangs en til viðbótar við hann verður að koma aukin kolefnisupptaka til að ná fram loftslagshlutleysi. Þess vegna ætti framkvæmdastjórnin, eigi síðar en í júlí 2026, m.a. að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það hvernig losun sem er fjarlægð úr andrúmsloftinu og geymd á öruggan og varanlegan hátt, t.d. með beinni föngun lofttegunda, getur mögulega fallið undir viðskipti með losunarheimildir án jöfnunar við nauðsynlegan samdrátt á losun. Þangað til öll stig í lífsferli vöru sem fangað kolefni er notað í falla undir kerfi til verðlagningar á kolefni, einkum á stigi úrgangsbrennslu, leiðir notkun bókhalds yfir losun á þeim tímapunkti þar sem losunin fer úr vörunum út í andrúmsloftið til þess að losunin verður vanmetin.

Í því skyni að setja reglur um föngun kolefnis þannig að það leiði til samdráttar á nettólosun og tryggi að gerð sé grein fyrir allri losun og að komist sé hjá tvítalningu en skapi um leið efnahagslega hvata ætti framkvæmdastjórnin að meta, eigi síðar en í júlí 2026, hvort gerð er grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda, sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB, á fullnægjandi hátt og hvort komist er hjá tvítalningu með fullnægjandi hætti. Einkum ætti hún að meta hvernig losun gróðurhúsalofttegunda, sem litið er svo á að hafi verið fönguð og notuð í vöru á annan hátt en sem um getur í 3. mgr. b í 12. gr., er tekin með og taka tillit til seinni stiga, þ.m.t. förgun og brennsla úrgangs. Að lokum ætti framkvæmdastjórnin einnig að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um hagkvæmni þess að lækka viðmiðunarmörkin 20 MW fyrir samanlagt nafnvarmaafl fyrir starfsemina í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, að teknu tillit til umhverfislegra ávinninga og stjórnsýsluálags.

98) Eigi síðar en í júlí 2026 ætti framkvæmdastjórnin einnig að meta og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um hagkvæmni þess að fella stöðvar fyrir brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, þ.m.t. með það fyrir augum að fella þær inn frá 2028, og láta í té mat á hugsanlegri þörf á möguleika aðildarríkis til að fá undanþágu til loka ársins 2030, að teknu tilliti til mikilvægis þess að allir geirar leggi sitt af mörkum til samdráttar á losun. Innfelling stöðva fyrir brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir mun stuðla að hringrásarhagkerfinu með því að hvetja til endurvinnslu, endurnotkunar og viðgerða á vörum en stuðla um leið að afkolun í öllu hagkerfinu. Innfelling stöðva fyrir brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi mun styrkja hvata til sjálfbærrar stjórnunar úrgangs í samræmi við úrgangsmetakerfið og mun skapa jöfn samkeppnisskilyrði milli svæða sem hafa fellt brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir.

Til að komast hjá því að úrgangi sé beint frá stöðvum fyrir brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi yfir á urðunarstaði í Sambandinu sem losa metan og til að komast hjá útflutningi úrgangs til þriðju landa, með möguleg neikvæð áhrif á umhverfið, ætti framkvæmdastjórnin að taka tillit til þess í skýrslu sinni að mögulegt sé að beina úrgangi yfir í förgun á urðunarstöðum í Sambandinu og flytja úrgang út til þriðju landa. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að taka tillit til áhrifanna á innri markaðinn, mögulegrar röskunar á samkeppni, umhverfislegs heillleika, samræmis við markmiðin í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([31]) og traustleika og nákvæmni að því er varðar vöktun og útreikning á losun. Með hliðsjón af metanlosun frá urðunarstöðum og til að komast hjá því að skapa ójöfn samkeppnisskilyrði ætti framkvæmdastjórnin einnig að meta möguleikann á að fella aðra úrgangsstjórnunarferla, s.s. urðun, gerjun, myltingu og vélræna-líffræðilega meðhöndlun, inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir þegar hún leggur mat á hagkvæmni þess að fella inn stöðvar fyrir brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi.

99) Í því skyni að samþykkja gerðir, sem eru ekki lagagerðir, sem hafa almennt gildi til að bæta við eða breyta tilteknum atriðum lagagerðar, sem ekki teljast grundvallaratriði, ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð, reglur um beitingu skilyrðisins, reglur um starfsemi nýsköpunarsjóðsins, reglur um starfrækslu útboðsfyrirkomulags á samkeppnisgrundvelli í tengslum við mismunasamninga (CDs) og kolefnamismunasamninga (CCDs), kröfur er varða að líta svo á að gróðurhúsalofttegundir séu orðnar varanlega bundnar með efnatengjum í vöru og rýmkun starfseminnar, sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, þannig að hún nái yfir aðra geira. Til að tryggja samlegðaráhrif við fyrirliggjandi regluramma ætti enn fremur að rýmka framsalið í 4. mgr.

([31]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, að því er varðar tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð, þannig að það nái yfir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([32]). Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

100) Ákvæði sem tengjast fyrirliggjandi viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og rýmkun þess þannig að það nái yfir sjóflutninga ættu að koma til framkvæmda frá og með árinu 2024 í samræmi við þörfina fyrir skjótar loftslagsaðgerðir og að allir geirar leggi sitt af mörkum til samdráttar á losun á kostnaðarhagkvæman hátt. Af þessum sökum ættu aðildarríkin að lögleiða ákvæðin sem tengjast þessum geirum eigi síðar en 31. desember 2023. Þó ætti frestur til lögleiðingar á ákvæðum sem tengjast viðskiptakerfinu með losunarheimildir fyrir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira að renna út 30. júní 2024 þar eð reglurnar um vöktun, skýrslugjöf, sannprófun og leyfisveitingu fyrir þessa geira gilda frá 1. janúar 2025 og þörf er á nægum tíma til skipulegrar framkvæmdar. Til að tryggja gagnsæi og trausta skýrslugjöf ættu aðildarríkin, sem undantekningu, að lögleiða skuldbindinguna um að gefa skýrslu um sögulega losun hjá þessum geirum eigi síðar en 31. desember 2023 þar eð sú skuldbinding tengist losun á árinu 2024. Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringarskjöl ([33]) hafa aðildarríki skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

101) Vel starfhæft, endurskoðað viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, sem felur í sér fyrirkomulag til að koma á stöðugleika á markaði, er lykilatriði fyrir Sambandið til að ná fram markmiðinu um samdrátt á nettólosun gróðurhúsalofttegunda í öllu hagkerfinu fyrir 2030, markmiði Sambandsins um loftslagshlutleysi fyrir 2050 og markmiðinu um að ná fram neikvæðri losun eftir það, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/1119, sem og markmiðum Parísarsamningsins. Með markaðsstöðugleikavarasjóðnum er leitast við að taka á ójafnvægi milli framboðs á og eftirspurnar eftir losunarheimildum á markaðinum. Í 3. gr. ákvörðunar (ESB) 2015/1814 er kveðið á um að varasjóðurinn skuli endurskoðaður þremur árum eftir að starfsemi hans hefst og að leggja skuli sérstaka áherslu á hundraðshlutatöluna, sem er notuð til að fastsetja þann fjölda losunarheimilda sem skal færa í markaðsstöðugleika-varasjóðinn, viðmiðunarmörkin fyrir heildarfjölda losunarheimilda í umferð, sem ákvarða inntöku losunarheimilda, og fjölda losunarheimilda sem taka skal út úr varasjóðnum. Núverandi viðmiðunarmörk til að færa losunarheimildir í varasjóðinn voru fastsett 2018 við síðustu endurskoðun á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir en með þessari tilskipun er verið að hækka línulega samdráttarstuðulinn. Sem hluta af reglulegri endurskoðun á virkni markaðsstöð-ugleikavarasjóðsins ætti framkvæmdastjórnin því einnig að meta þörfina fyrir mögulega aðlögun á þessum viðmiðunarmörkum í samræmi við línulega stuðulinn sem um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

102) Að teknu tilliti til þess að þörf er á að senda sterkari fjárfestingarvísbendingu um að minnka losun á kostnaðarhag-kvæman hátt og með það í huga að styrkja viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir ætti að breyta ákvörðun (ESB) 2015/1814 til þess að hækka hlutfallið til að ákvarða fjölda losunarheimilda sem á að setja í varasjóðinn á hverju ári. Að auki, til að fækka heildarfjölda losunarheimilda í umferð, ætti inntakan að nema mismuninum milli heildarfjölda losunarheimilda í umferð og viðmiðunarmörkunum sem ákvarða inntöku losunarheimilda. Þetta myndi koma í veg fyrir verulega óvissu um fjölda losunarheimilda á uppboði, sem á sér stað þegar heildarfjöldi losunarheimilda í umferð er nálægt viðmiðunarmörkunum, og tryggja um leið að umframfjöldinn nái þeirri bandbreidd magns þar sem litið er svo á að kolefnismarkaðurinn starfi á jafnvægan hátt.

103) Til að tryggja að fjöldi losunarheimilda sem verður eftir í markaðsstöðugleikavarasjóðnum eftir ógildinguna sé fyrirsjáanlegur ætti ógilding losunarheimilda í varasjóðnum enn fremur ekki lengur að vera háð fjölda losunarheimilda á uppboði á næstliðnu ári. Þess vegna ætti að fastsetja fjölda losunarheimilda í varasjóðnum við 400 milljónir losunarheimilda sem svarar til neðri viðmiðunarmarkanna fyrir gildi heildarfjölda losunarheimilda í umferð.

([32]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.
([33]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2007, bls. 14.

104) Greining á áhrifamatinu sem fylgdi tillögunni að þessari tilskipun sýndi einnig að fella ætti nettóeftirspurn frá flugstarfsemi inn í heildarfjölda losunarheimilda í umferð. Þar eð unnt er að nota losunarheimildir vegna flugs á sama hátt sem almennar losunarheimildir myndi innfelling flugstarfsemi í varasjóðinn þar að auki gera hann að nákvæmara og þar með betra tóli til að tryggja stöðugleika á markaðinum. Útreikningur á heildarfjölda losunarheimilda í umferð ætti að taka til losunar frá flugi og losunarheimilda sem eru gefnar út fyrir flugstarfsemi frá og með árinu eftir að þessi tilskipun öðlast gildi.

105) Til að skýra nánar útreikninginn á heildarfjölda losunarheimilda í umferð ætti að tilgreina í ákvörðun (ESB) 2015/1814 að einungis losunarheimildir sem eru gefnar út og ekki settar í markaðsstöðugleikavarasjóðinn eru teknar með í framboð á losunarheimildum. Í formúlunni ætti enn fremur ekki lengur að draga fjölda losunarheimilda í markaðsstöðugleika-varasjóðnum frá framboði á losunarheimildum. Þessi breyting hefur ekki veruleg áhrif á niðurstöður útreikninga á heildarfjölda losunarheimilda í umferð, þ.m.t. á fyrri útreikninga á heildarfjölda losunarheimilda í umferð, eða á varasjóðinn.

106) Til mótvægis við áhættu á ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar sem tengist upphafi viðskipta með losunarheimildir fyrir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira, sem og til að gera viðskiptin þolnari fyrir áföllum á markaði, ætti að beita reglugrundaða fyrirkomulaginu í markaðsstöðugleikavarasjóðnum á þessa geira. Til að varasjóðurinn verði starfhæfur frá því að kerfið fer af stað ætti að koma honum á fót með upphaflegu framlagi, sem nemur 600 milljónum losunarheimilda, fyrir viðskipti með losunarheimildir í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum. Upphafleg efri og neðri viðmiðunarmörk sem virkja töku losunarheimilda út úr varasjóðnum eða inntöku þeirra ættu að falla undir almennt endurskoðunarákvæði. Aðrir þættir, s.s. birting á heildarfjölda losunarheimilda í umferð eða fjölda losunarheimilda sem er tekinn úr eða settur í varasjóðinn, ættu að fylgja reglunum um varasjóðinn fyrir aðra geira.

107) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að stuðla að samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda á kostnaðarhagkvæman og efnahagslega skilvirkan hátt í réttu hlutfalli við markmiðið um samdrátt á nettólosun gróðurhúsalofttegunda í öllu hagkerfinu fyrir 2030 með rýmkuðu og breyttu markaðstengdu fyrirkomulagi í Sambandinu, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

108) Því ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun (ESB) 2015/1814 til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á tilskipun 2003/87/EB**

Tilskipun 2003/87/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar málsgreinar 1. gr. kemur eftirfarandi:

„Í þessari tilskipun er einnig kveðið á um að auka skuli samdrátt á losun gróðurhúsalofttegunda til þess að stuðla að því að sá samdráttur náist sem talinn er nauðsynlegur af vísindalegum ástæðum til þess að komast hjá hættulegum loftslagsbreytingum. Hún stuðlar að því að ná markmiði Sambandsins um loftslagshlutleysi og loftslagsmarkmiðum þess, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 (*), og þar með markmiðum Parísarsamningsins (**).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 („evrópsku loftslagslögin“) (Stjtíð. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

(**) Stjtíð. ESB L 282, 19.10. 2016, bls. 4.“

2) Í stað 1. og 2. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Þessi tilskipun gildir um starfsemina sem er tilgreind í I. og III. viðauka og um gróðurhúsalofttegundirnar sem eru tilgreindar í II. viðauka. Ef stöð, sem fellur undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir vegna starfrækslu á brennslueiningum, með samanlagt nafnvarmaafl yfir 20 MW breytir framleiðsluferlum sínum til að draga úr losun sinni á gróðurhúsalofttegundum og uppfyllir ekki lengur þessi viðmiðunarmörk skal aðildarríkið, þar sem þessi stöð er staðsett, veita rekstraraðilanum þann möguleika að falla áfram undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir þar til núverandi og næsta fimm ára tímabili lýkur, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 11. gr., í kjölfar breytingarinnar á framleiðsluferlum hennar. Rekstraraðila þeirrar stöðvar er heimilt að ákveða að stöðin skuli falla áfram undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir einungis þangað til núverandi fimm ára tímabili lýkur eða einnig næsta fimm ára tímabili í kjölfar breytingarinnar á framleiðsluferli hennar. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar í samanburði við skrána sem er lögð fyrir framkvæmdastjórnina skv. 1. mgr. 11. gr.

2. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um kröfur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB (*).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).“

3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) „losun“: losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum í stöð eða losun frá loftfari í flugstarfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka, eða frá skipum sem stunda sjóflutningastarfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka, á lofttegundunum sem eru tilgreindar í tengslum við viðkomandi starfsemi, eða losun gróðurhúsalofttegunda sem svarar til þeirrar starfsemi sem um getur í III. viðauka,“.

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) „leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda“: leyfi sem gefið er út í samræmi við 5., 6. og 30. gr. b,“.

c) Ákvæði u-liðar falla brott.

d) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„w) „skipafélag“: skipseigandinn eða önnur stofnun eða einstaklingur, s.s. framkvæmdastjóri eða skipamiðlari þurrleiguskipa, sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins fyrir hönd skipseiganda og sem hefur með því að takast þessa ábyrgð á hendur gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem felast í alþjóðakóðanum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóðinn) sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 (*),

x) „sjóferð“: sjóferð eins og hún er skilgreind í c-lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 (**),

y) „stjórnsýsluyfirvald að því er varðar skipafélag“: yfirvald sem ber ábyrgð á að stjórna viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir að því er varðar skipafélag í samræmi við 3. gr. gf,

z) „viðkomuhöfn“: sú höfn þar sem skip hefur viðkomu til að ferma eða afferma farm eða fyrir farþega að stíga um borð eða fara frá borði eða höfn þar sem grunnsævisskip hefur viðkomu til að leysa áhöfnina af; undanskilin er viðkoma í þeim tilgangi einum að taka eldsneyti, ná í birgðir, hvíla áhöfn annars skips en grunnsævisskips, fara í þurrkví eða til að lagfæra skipið, búnað þess eða hvort tveggja, viðkoma í höfn sökum þess að skipið þarfnast aðstoðar eða er nauðstatt, flutningur milli skipa sem fer fram utan við höfnina, viðkoma í þeim tilgangi einum að skýla sér frá slæmum veðurskilyrðum eða það reynist nauðsynlegt vegna leitar- og björgunaraðgerða og viðkoma gámaskipa í aðliggjandi gámaumfermingarhöfn sem er skráð í framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 2. mgr. 3. gr. ga,

aa) „skemmtiferðaskip með farþega“: farþegaskip sem er ekki með þilfar fyrir farm og er eingöngu hannað til farþegaflutninga í viðskiptaskyni með næturgistingu í sjóferð,

ab) „mismunasamningur“: samningur milli framkvæmdastjórnarinnar og framleiðanda, sem er valinn með útboðsfyrirkomulagi á samkeppnisgrundvelli, s.s. uppboði, lág- eða núllkolefnisvöru og samkvæmt honum nýtur framleiðandinn stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem nær yfir mismuninn á vinningsverðinu, einnig þekkt sem lausnarverð, annars vegar og viðmiðunarverðinu sem leiðir af verðinu á lág- eða núllkolefnisvörunni sem er framleidd, markaðsverði á áþekkri staðgönguvöru eða samblandi af þessum tveimur verðum hins vegar,

ac) „kolefnismismunasamningur“: samningur milli framkvæmdastjórnarinnar og framleiðanda, sem er valinn með útboðsfyrirkomulagi á samkeppnisgrundvelli, s.s. uppboði, lág- eða núllkolefnisvöru og samkvæmt honum nýtur framleiðandinn stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem nær yfir mismuninn á vinningsverðinu, einnig þekkt sem lausnarverð, annars vegar og viðmiðunarverðinu sem leiðir af meðalverði á losunarheimildum hins vegar,

ad) „samningur með föstu framlagi“: samningur milli framkvæmdastjórnarinnar og framleiðanda, sem er valinn með útboðsfyrirkomulagi á samkeppnisgrundvelli, s.s. uppboði, lág- eða núllkolefnisvöru og samkvæmt honum nýtur framleiðandinn stuðnings í formi fastrar upphæðar á hverja einingu vörunnar sem er framleidd,

ae) „eftirlitsskyldur aðili“: að því er varðar IV. kafla a er átt við sérhvern einstakling eða lögaðila, að undanskildum lokaneytanda eldsneytis, sem stundar starfsemina sem um getur í III. viðauka og sem fellur undir einn af eftirfarandi flokkum:

i. ef eldsneytið fer í gegnum skattvörugeymslu, eins og hún er skilgreind í 11. lið 3. gr. tilskipunar ráðsins (ESB) 2020/262 (***), viðurkenndur umráðamaður vörugeymslu, eins og hann er skilgreindur í 1. lið 3. gr. þeirrar tilskipunar, sem er ábyrgur fyrir greiðslu á vörugjaldi sem er orðið skuldfæranlegt skv. 7. gr. þeirrar tilskipunar,

ii. ef i. liður þessa liðar gildir ekki, annar einstaklingur sem er ábyrgur fyrir greiðslu á vörugjaldi sem er orðið skuldfæranlegt skv. 7. gr. tilskipunar (ESB) 2020/262 eða fyrstu undirgrein 5. mgr. 21. gr. tilskipunar ráðsins 2003/96/EB (****) að því er varðar eldsneyti sem fellur undir IV. kafla a í þessari tilskipun,

iii. ef i. og ii. liður þessa liðar gilda ekki, annar einstaklingur sem viðkomandi lögbær yfirvöld aðildarríkis verða að hafa skráð sem ábyrgan fyrir greiðslu á vörugjaldi, þ.m.t. sérhver einstaklingur sem er undanþeginn frá því að greiða vörugjald eins og um getur í fjórðu undirgrein 5. mgr. 21. gr. tilskipunar 2003/96/EB,

iv. ef I., ii. og iii. liður gilda ekki, eða ef nokkrir einstaklingar eru ábyrgir, einn fyrir alla og allir fyrir einn, fyrir greiðslu á sama vörugjaldinu, sérhver annar einstaklingur sem aðildarríki tilnefnir,

af) „eldsneyti“: að því er varðar IV. kafla a í þessari tilskipun er átt við sérhverja orkuvöru sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/96/EB, þ.m.t. eldsneyti sem er skráð í töflu A og töflu C í I. viðauka við þá tilskipun, sem og hvers konar aðra vöru sem er ætluð til notkunar, boðin til sölu eða notuð sem vélaeldsneyti eða hitagjafi eins og tilgreint er í 3. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, þ.m.t. til framleiðslu á raforku.

ag) „afhending til notkunar“: að því er varðar IV. kafla a í þessari tilskipun er átt við afhendingu til notkunar eins og hún er skilgreind í 3. mgr. 6. gr. tilskipunar (ESB) 2020/262,

ah) „TTF-gasverð“: að því er varðar IV. kafla a er átt við framtíðarsamning um verð á gasi, mánuð fram í tímann, sem viðskipti eru höfð með á sýndarviðskiptavettvangi Title Transfer Facility (TTF) sem Gasunie Transport Services B.V. rekur,

ai) „Brent-hráolíuverð“: að því er varðar IV. kafla a er átt við framtíðarsamning um verð á hráolíu, mánuð fram í tímann, sem er notað sem viðmiðunarverð fyrir innkaup á olíu.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 frá 15. febrúar 2006 um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan Bandalagsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 (Stjtíð. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55).

(***) Tilskipun ráðsins (ESB) 2020/262 frá 19. desember 2019 um almennt fyrirkomulag á vörugjaldi (Stjtíð. ESB L 58, 27.2.2020, bls. 4)

(****) Tilskipun ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu ramma Bandalagsins fyrir skattlagningu orkugjafa og raforku (Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51).“

4) Í stað fyrirsagnar II. kafla kemur eftirfarandi:

„Flugstarfsemi og sjóflutningar“.

5) Í stað 3. gr. a kemur eftirfarandi:

*„3. gr. a*

**Gildissvið**

Ákvæði 3. gr. b til 3. gr. g gilda um úthlutun og útgáfu losunarheimilda í tengslum við flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka. Ákvæði 3. gr. ga til 3. gr. gg gilda að því er varðar sjóflutningastarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka.“

6) Í stað 3. gr. g kemur eftirfarandi:

*„3. gr. g*

**Áætlanir um vöktun og skýrslugjöf**

Ábyrgðaraðildarríkið skal tryggja að hver umráðandi loftfars/flugrekandi leggi áætlun um vöktun fyrir lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem gerð er grein fyrir ráðstöfunum til að vakta og gefa skýrslu um losun og að lögbæra yfirvaldið samþykki slíkar áætlanir í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 14. gr.“

7) Eftirfarandi greinum er bætt við:

*„3. gr. ga*

**Gildissvið fyrir sjóflutningastarfsemi**

1. Úthlutun losunarheimilda og beiting krafna um innskil að því er varðar sjóflutningastarfsemi gilda að því er varðar fimmtíu prósent (50%) losunar frá skipum sem fara í sjóferð frá viðkomuhöfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis og koma til viðkomuhafnar sem fellur utan lögsögu aðildarríkis, fimmtíu prósent (50%) losunar frá skipum sem fara í sjóferð frá viðkomuhöfn sem fellur utan lögsögu aðildarríkis og koma til viðkomuhafnar sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, hundrað prósent (100%) losunar frá skipum sem fara í sjóferð frá viðkomuhöfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis og koma til viðkomuhafnar sem fellur undir lögsögu aðildarríkis og hundrað prósent (100%) losunar frá skipum innan viðkomuhafnar sem fellur undir lögsögu aðildarríkis.

2. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, eigi síðar en 31. desember 2023, koma á fót skrá yfir aðliggjandi gámaumfermingarhafnir og uppfæra þessa skrá eigi síðar en 31. desember annað hvert ár eftir það.

Í þessum framkvæmdargerðum skal skrá höfn sem aðliggjandi gámaumfermingarhöfn ef hlutdeild umfermingar á gámum, mæld í einingum sem samsvara tuttugu fetum, fer yfir 65% af heildarumferð gáma í þeirri höfn á nýjasta 12 mánaða tímabilinu sem viðeigandi gögn eru tiltæk fyrir og ef höfnin er staðsett utan Sambandsins en innan við 300 sjómílur frá höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis. Að því er varðar þessa málsgrein teljast gámar vera umfermdir þegar þeir eru

affermdir frá skipi í höfn í þeim eina tilgangi að vera lestaðir um borð í annað skip. Skráin sem framkvæmdastjórnin kemur á fót samkvæmt fyrstu undirgrein skal ekki innihalda hafnir sem eru staðsettar í þriðja landi þar sem viðkomandi þriðja land beitir ráðstöfunum, sem eru jafngildar þessari tilskipun, með skilvirkum hætti.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.

3. Ákvæði 9. gr., 9. gr. a og 10. gr. gilda um sjóflutningastarfsemi á sama hátt og þau gilda um aðra starfsemi sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir með eftirfarandi undantekningu að því er varðar beitingu 10. gr.

Fram til 31. desember 2030 skal hluta losunarheimilda úthlutað til aðildarríkja með hlutfall skipafélaga, sem hefðu átt að vera á þeirra ábyrgð skv. 3. gr. gf samanborið við mannfjölda þeirra á árinu 2020 og á grundvelli gagna sem liggja fyrir varðandi tímabilið frá 2018 til 2020, sem er yfir 15 skipafélög á hverja milljón íbúa. Fjöldi losunarheimilda skal samsvara 3,5% af viðbótarfjölda losunarheimilda vegna hækkunar á þakinu fyrir sjóflutninga, sem um getur í þriðju málsgrein 9. gr., á viðkomandi ári. Fyrir árin 2024 og 2025 skal að auki margfalda fjölda losunarheimilda með hundraðshlutunum sem gilda um viðkomandi ár skv. a- og b-lið fyrstu málsgreinar 3. gr. gb. Nota ætti tekjur sem eru tilkomnar vegna uppboða á þeim hluta losunarheimilda í þeim tilgangi sem um getur í g-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 10. gr., að því er varðar sjóflutningageirann, og í f- og i-lið. Skipta skal 50% af losunarheimildafjöldanum milli viðkomandi aðildarríkja, á grundvelli hlutdeildar skipafélaga sem eru á þeirra ábyrgð, og skipta því sem eftir stendur jafnt á milli þeirra.

*3. gr. gb*

**Kröfum varðandi sjóflutninga komið inn í áföngum**

Skipafélög skulu vera ábyrg fyrir því að skila inn losunarheimildum samkvæmt eftirfarandi áætlun:

a) 40% af sannprófaðri losun, sem greint var frá fyrir 2024, sem fellur undir kröfur um innskil í samræmi við 12. gr.,

b) 70% af sannprófaðri losun, sem greint var frá fyrir 2025, sem fellur undir kröfur um innskil í samræmi við 12. gr.,

c) 100% af sannprófaðri losun, sem greint var frá fyrir 2026 og hvert ár eftir það í samræmi við 12. gr.

Ef færri losunarheimildum er skilað inn, samanborið við sannprófaða losun frá sjóflutningum fyrir árin 2024 og 2025, og þegar búið er að ákvarða mismuninn á sannprófaðri losun og innskiluðum losunarheimildum á hverju ári skal ógilda þann fjölda losunarheimilda sem samsvarar þeim mismun í stað þess að bjóða hann upp skv. 10. gr.

*3. gr. gc*

**Ákvæði um yfirfærslu kostnaðar við viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir frá skipafélaginu til annars aðila**

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þegar annar aðili en skipafélagið tekst á hendur, með samningsbundnu fyrirkomulagi, endanlega ábyrgð á eldsneytiskaupum eða á rekstri skipsins eða hvort tveggja eigi skipafélagið rétt á endurgreiðslu frá viðkomandi aðila vegna kostnaðar sem stafar af innskilum losunarheimilda.

Með „rekstur skipsins“ að því er varðar þessa grein er átt við að ákvarða farminn sem er fluttur eða siglingaleiðina og hraða skipsins. Skipafélagið skal áfram vera sá aðili sem ber ábyrgð á að skila inn losunarheimildum, eins og krafist er skv. 3. gr. gb og 12. gr., og á almennri fylgni við ákvæði landslaga sem lögleiða þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu tryggja að skipafélög sem eru á þeirra ábyrgð uppfylli skuldbindingarnar um að skila inn losunarheimildum skv. 3. gr. gb og 12. gr., þrátt fyrir að slík skipafélög eigi rétt á að fá endurgreiðslu frá rekstraraðilum á sviði viðskipta vegna kostnaðar sem stafar af innskilunum.

*3. gr. gd*

**Vöktun á og skýrslugjöf um losun frá sjóflutningum**

Að því er varðar losun frá sjóflutningastarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við þessa tilskipun skal stjórnsýsluyfirvald, að því er varðar skipafélag, tryggja að skipafélag á ábyrgð þess vakti og gefi skýrslu um viðeigandi breytur meðan á skýrslutímabili stendur og leggi fyrir það samantekin losunargögn innan félagsins í samræmi við II. kafla reglugerðar (ESB) 2015/757.

*3. gr. ge*

**Reglur um sannprófun og faggildingu varðandi losun frá sjóflutningum**

Stjórnsýsluyfirvald, að því er varðar skipafélag, skal tryggja að skýrslugjöf um samantekin losunargögn innan skipafélagsins, sem skipafélag leggur fram skv. 3. gr. gd. í þessari tilskipun, sé sannprófuð í samræmi við reglurnar um sannprófun og faggildingu sem settar eru fram í III. kafla reglugerðar (ESB) 2015/757.

*3. gr. gf*

**Stjórnsýsluyfirvald að því er varðar skipafélag**

1. Stjórnsýsluyfirvald, að því er varðar skipafélag, skal vera:

a) ef um er að ræða skipafélag sem er skráð í aðildarríki, aðildarríkið þar sem skipafélagið er skráð,

b) ef um er að ræða skipafélag sem er ekki skráð í aðildarríki, aðildarríkið þar sem áætlað er að viðkomandi skipafélag hafi oftast átt viðkomu í höfn í förnum sjóferðum á næstliðnum fjórum vöktunarárum og sem falla undir gildissviðið sem sett er fram í 3. gr. ga,

c) ef um er að ræða skipafélag sem er ekki skráð í aðildarríki og stundaði engar sjóferðir sem falla undir gildissviðið sem sett er fram í 3. gr. ga á næstliðnum fjórum vöktunarárum, aðildarríkið þar sem skip skipafélagsins hóf eða lauk fyrstu sjóferð sinni sem fellur undir gildissviðið sem sett er fram í þeirri grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót, með framkvæmdargerðum, byggt á bestu fyrirliggjandi upplýsingum:

a) fyrir 1. febrúar 2024, skrá yfir skipafélög sem stunduðu sjóflutningastarfsemi, sem er tilgreind í I. viðauka, sem féll undir gildissviðið sem sett er fram í 3. gr. ga 1. janúar 2024 eða frá og með þeim degi þar sem stjórnsýsluyfirvald, að því er varðar skipafélag, er tilgreint í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar,

b) fyrir 1. febrúar 2026 og annað hvert ár eftir það, uppfærðri skrá til að færa skipafélög sem eru skráð í aðildarríki til annars stjórnsýsluyfirvalds, að því er varðar skipafélag, ef þau skiptu um skráningaraðildarríki innan Sambandsins í samræmi við a-lið 1. mgr. þessarar greinar eða til að bæta við skipafélögum sem hafa síðan stundað sjóflutningastarfsemi, sem er tilgreind í I. viðauka, sem féll undir gildissviðið sem sett er fram í 3. gr. ga, í samræmi við c-lið 1. mgr. þessarar greinar, og

c) fyrir 1. febrúar 2028 og fjórða hvert ár eftir það, uppfærðri skrá til að færa skipafélög sem eru ekki skráð í aðildarríki til annars stjórnsýsluyfirvalds, að því er varðar skipafélag, í samræmi við b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

3. Stjórnsýsluyfirvald, að því er varðar skipafélag, sem ber ábyrgð á skipafélagi samkvæmt skránni sem komið var á fót skv. 2. mgr. skal bera þessa ábyrgð áfram, óháð síðari breytingum á starfsemi eða skráningu skipafélagsins þangað til þessar breytingar endurspeglast í uppfærðri skrá.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að fastsetja ítarlegar reglur sem varða stjórnun stjórnsýsluyfirvalda á skipafélögum, að því er varðar skipafélag, samkvæmt þessari tilskipun. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.

*3. gr. gg*

**Skýrslugjöf og endurskoðun**

1. Ef til þess kemur að Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkir hnattræna markaðstengda ráðstöfun til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessa tilskipun í ljósi þessarar samþykktu ráðstöfunar.

Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið innan 18 mánaða frá samþykkt slíkrar hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar og áður en hún verður virk. Í þeirri skýrslu skal framkvæmdastjórnin kanna hnattrænu markaðstengdu ráðstöfunina að því er varðar:

a) metnaðinn í henni í ljósi markmiða Parísarsamningsins,

b) umhverfislegan heillleika hennar í heild sinni, þ.m.t. samanborið við ákvæðin í þessari tilskipun sem taka til sjóflutninga, og

c) sérhvert mál sem tengist samfellu viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og þeirrar ráðstöfunar.

Eftir því sem við á getur framkvæmdastjórnin látið fylgja með skýrslunni, sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar, tillögu að nýrri löggjöf til að breyta þessari tilskipun á þann hátt sem er í samræmi við loftslagsmarkmið Sambandsins fyrir 2030 og markmiðið um loftslagshlutleysi sem sett er fram í reglugerð (ESB) 2021/1119 og með það að markmiði að vernda umhverfislegan heillleika og skilvirkni loftslagsaðgerðar Sambandsins, til að tryggja samfellu milli framkvæmdar hnattrænu markaðstengdu ráðstöfunarinnar og viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir um leið og komist er hjá umtalsverðum tvöföldum byrðum.

2. Ef til þess kemur að Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkir ekki hnattræna markaðstengda ráðstöfun fyrir 2028 til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum, í samræmi við markmið Parísarsamningsins og a.m.k. niður í gildi sem svarar til þess sem leiðir af ráðstöfunum Sambandsins sem gerðar eru samkvæmt þessari tilskipun, skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem hún skal kanna þörfina fyrir að beita kröfunum um úthlutun losunarheimilda og innskil að því er varðar meira en fimmtíu prósent (50%) losunar frá skipum sem fara í sjóferðir milli viðkomuhafnar sem fellur undir lögsögu aðildarríkis og viðkomuhafnar sem fellur utan lögsögu aðildarríkis í ljósi markmiðanna í Parísarsamningnum. Í þeirri skýrslu skal framkvæmdastjórnin einkum kanna framvindu á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og taka til athugunar hvort einhver þriðju lönd séu með markaðstengda ráðstöfun sem er jafngild þessari tilskipun og meta áhættuna á að sniðgönguháttalag færist í aukana, þ.m.t. með umskiptum yfir í aðra flutningsmáta eða að hafnarmiðstöðvar færist til hafna utan Sambandsins.

Eftir því sem við á skal tillaga að nýrri löggjöf til að breyta þessari reglugerð fylgja skýrslunni sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Framkvæmdastjórnin skal vakta framkvæmd þessa kafla í tengslum við sjóflutninga, einkum til að greina sniðgönguháttalag til að koma í veg fyrir slíkt háttalag á fyrstu stigum, þ.m.t. að taka tillit til ystu svæða, og gefa skýrslu annað hvert ár, frá og með 2024, um framkvæmd þessa kafla í tengslum við sjóflutninga og hugsanlega þróun að því er varðar að skipafélög leitist við að sneiða hjá kröfunum í þessari tilskipun. Framkvæmdastjórnin skal einnig vakta áhrif sem varða m.a. mögulegar hækkanir á flutningskostnaði, röskun á markaði og breytingar á umferð í höfnum, s.s. sniðgöngu varðandi hafnir og færslu umfermingarmiðstöðva, samkeppnishæfni sjóflutningageirans í aðildarríkjunum í heild sinni og einkum áhrif á þá siglingaþjónustu sem telst nauðsynleg þjónusta fyrir svæðisbundna samfelldni. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja til ráðstafanir til að tryggja skilvirka framkvæmd þessa kafla í tengslum við sjóflutninga, einkum ráðstafanir til að bregðast við þróun að því er varðar að skipafélög leitist við að sneiða hjá kröfunum í þessari tilskipun.

4. Eigi síðar en 30. september 2028 skal framkvæmdastjórnin meta hversu viðeigandi það er að framlengja beitingu annarrar undirgreinar 3. mgr. 3. gr. ga fram yfir 31. desember 2030 og, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf þar að lútandi.

5. Eigi síðar en 31. desember 2026 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem hún skal kanna hagkvæmni þess og efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg áhrif þess að fella losun frá skipum, þ.m.t. grunnsævisskip, undir 5000 brúttótonnum en ekki undir 400 brúttótonnum, inn í þessa tilskipun og byggja einkum á greiningunni sem fylgir endurskoðuninni á reglugerð (ESB) 2015/757 sem skal liggja fyrir eigi síðar en 31. desember 2024.

Í þeirri skýrslu skal einnig fjalla um innri tengsl milli þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) 2015/757 og byggja á reynslu sem fékkst af beitingu þeirra. Í þeirri skýrslu skal framkvæmdastjórnin einnig kanna hvernig þessi tilskipun getur sem best stuðlað að upptöku endurnýjanlegs skipaeldsneytis og lágkolefnisskipaeldsneytis á lífsferilsgrundvelli. Ef við á geta tillögur að nýrri löggjöf fylgt skýrslunni.“

8) Í stað 3. gr. h kemur eftirfarandi:

*„3. gr. h*

**Gildissvið**

Ákvæðin í þessum kafla gilda um leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og úthlutun og útgáfu losunarheimilda í tengslum við starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka, að undanskilinni flugstarfsemi og sjóflutningastarfsemi.“

9) Í stað e-liðar 2. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„e) skylda til að skila inn losunarheimildum, sem jafngilda heildarlosun stöðvarinnar á hverju almanaksári, staðfest í samræmi við 15. gr., innan þess frests sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 12. gr.“

10) Í stað 8. gr. kemur eftirfarandi:

*„8. gr.*

**Samræming við tilskipun 2010/75/ESB**

Ef starfsemi stöðva fellur undir I. viðauka tilskipunar 2010/75/ESB skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skilyrði og verklagsreglur fyrir útgáfu leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda séu í samræmi við þau sem gilda um útgáfu leyfis sem kveðið er á um í þeirri tilskipun. Heimilt er að fella kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 5., 6. og 7. gr. þessarar tilskipunar, inn í málsmeðferðarreglurnar sem kveðið er á um í tilskipun 2010/75/ESB.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða skilvirkni samlegðaráhrifa við tilskipun 2010/75/ESB. Leyfi sem varða umhverfi og loftslag skulu samræmd til að tryggja skilvirka og hraðari framkvæmd ráðstafana sem þörf er á til að fara að markmiðum Sambandsins í loftslags- og orkumálum. Framkvæmdastjórnin getur lagt skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið í tengslum við síðari endurskoðun þessarar tilskipunar.“

11) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 9. gr.:

„Á árinu 2024 skal fækka losunarheimildum í Sambandinu um 90 milljónir losunarheimilda. Á árinu 2026 skal fækka losunarheimildum í Sambandinu um 27 milljónir losunarheimilda. Á árinu 2024 skal fjölga losunarheimildum í Sambandinu um 78,4 milljónir losunarheimilda fyrir sjóflutninga. Línulegi stuðullinn skal vera 4,3% frá 2024 til 2027 og 4,4% frá 2028. Línulegi stuðullinn skal einnig gilda um losunarheimildir sem svara til meðallosunar frá sjóflutningum sem greint var frá í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/757 fyrir 2018 og 2019 sem fjallað er um í 3. gr. ga í þessari tilskipun. Framkvæmdastjórnin skal birta fjölda losunarheimilda í Sambandinu fyrir 6. september 2023

Frá 1. janúar 2026 og 1. janúar 2027, eftir því sem við á, skal fjölga losunarheimildum til að taka tillit til umfangs losunar á gróðurhúsalofttegundum, annarri en losun koltvísýrings frá sjóflutningastarfsemi og umfangs losunar frá grunnsævisskipum, byggt á losun þeirra frá nýjasta árinu sem gögn eru tiltæk um. Þrátt fyrir 1. mgr. 10. gr. skulu losunarheimildir sem leiða af þessari fjölgun vera til ráðstöfunar til að styðja nýsköpun í samræmi við 8. mgr. 10. gr. a.“

12) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Bjóða skal upp 2% af heildarfjölda losunarheimilda milli ársins 2021 og ársins 2030 til að koma á fót sjóði til að bæta orkunýtni og nútímavæða orkukerfin í tilteknum aðildarríkjum (aðildarríki sem eru aðstoðarþegar), eins og sett er fram í 10. gr. d (nútímavæðingarsjóðurinn). Aðildarríki sem eru aðstoðarþegar að því er varðar þennan fjölda losunarheimilda skulu vera aðildarríki þar sem verg landsframleiðsla á mann á markaðsverði var undir 60% af meðaltalinu í Sambandinu á árinu 2013. Fjármagni sem samsvarar þessum fjölda losunarheimilda skal úthlutað í samræmi við A-hluta II. viðauka b.

Að auki skal bjóða upp 2,5% af heildarfjölda losunarheimilda milli ársins 2024 og ársins 2030 fyrir nútímavæðingarsjóðinn. Aðildarríki sem eru aðstoðarþegar að því er varðar þennan fjölda losunarheimilda skulu vera aðildarríki þar sem verg landsframleiðsla á mann á markaðsverði var undir 75% af meðaltalinu í Sambandinu á tímabilinu frá 2016 til 2018. Fjármagni sem samsvarar þessum fjölda losunarheimilda skal úthlutað í samræmi við B-hluta II. viðauka b.“

b) Í stað inngangshlutans í fyrstu undirgrein 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðildarríkin skulu ákvarða hvernig tekjur sem eru tilkomnar vegna uppboða á losunarheimildum, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, verða notaðar, að undanskildum tekjum sem er ákvarðað að séu eigin tekjur í samræmi við þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) og færðar í fjárlög Sambandsins. Aðildarríkin skulu nota þessar tekjur, að undanskildum tekjum sem eru notaðar sem uppbót fyrir óbeinan kolefniskostnað sem um getur í 6. mgr. 10. gr. a í þessari tilskipun, eða jafngildi þessara tekna metið til fjár, í eitt eða fleira af eftirfarandi:“

c) Í stað b- til f-liðar fyrstu undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) að þróa endurnýjanlega orku og kerfi til raforkudreifingar til að geta staðið við þá skuldbindingu Sambandsins sem varðar endurnýjanlega orku og markmið Sambandsins um samtengingu sem og að þróa aðra tækni sem stuðlar að umbreytingu til öruggs og sjálfbærs lágkolefnishagkerfis og til að stuðla að því að uppfylla skuldbindingar Sambandsins um að auka orkunýtni um þau gildi sem samþykkt eru í viðeigandi lagagerðum, þ.m.t. framleiðsla raforku frá notendum endurnýjanlegrar orku og samfélögum um endurnýjanlega orku,

c) ráðstafanir til að komast hjá skógeyðingu og styðja verndun og endurheimt mómýra, skóga og annarra vistkerfa á landi eða vistkerfa í sjó, þ.m.t. ráðstafanir sem stuðla að verndun, endurheimt og betri stjórnun þeirra, einkum að því er varðar vernduð hafsvæði, og auka nýskógrækt og endurræktun skóga sem viðhalda líffræðilegri fjölbreytni, þ.m.t. í þróunarlöndum sem hafa fullgilt Parísarsamninginn, og ráðstafanir til að yfirfæra tækni og til að greiða fyrir aðlögun að skaðlegum áhrifum af loftslagsbreytingum í þessum löndum,

d) bindingu kolefnis í skógum og jarðvegi í Sambandinu,

e) umhverfisvæna föngun koltvísýrings og geymslu hans í jörðu, einkum frá orkuverum sem nýta jarðefnaeldsneyti í föstu formi og ýmsum geirum og undirgeirum í iðnaði, þ.m.t. í þriðju löndum, og nýsköpunartækniaðferðir til kolefnisupptöku, s.s. bein föngun í andrúmslofti og geymsla,

f) að fjárfesta í og hraða skiptum yfir í flutningsmáta sem stuðla verulega að afkolun geirans, þ.m.t. þróun loftslagvænna farþega- og vöruflutninga með járnbrautum og flutninga með hópbifreiðum og tækni, ráðstafanir til að afkola sjóflutningageirann, þ.m.t. að bæta orkunýtni skipa, hafna, nýsköpunartækni og grunnvirkja, og sjálfbært óhefðbundið eldsneyti, s.s. vetni og ammoníak sem eru framleidd úr endurnýjanlegum orkugjöfum, og knúningstækni með enga losun og að fjármagna ráðstafanir til að styðja afkolun flugvalla, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti og niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir sjálfbæra flutninga í lofti,“.

d) Í stað h-liðar í fyrstu undirgrein 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„h) ráðstafanir sem eru ætlaðar til að bæta orkunýtni, fjarhitunarkerfi og einangrun, til að styðja hagkvæm kerfi fyrir hitun og kælingu sem nota endurnýjanlega orku eða til að styðja heildarendurnýjun bygginga og heildarendurnýjun bygginga í þrepum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB (*) og byrja á endurnýjun bygginga sem hafa verstu orkunýtinguna,

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/31/ESB frá 19. maí 2010 um orkunýtingu bygginga (Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 13).“

e) Eftirfarandi liðum er bætt við fyrstu undirgrein 3. mgr.:

„ha) til að veita fjárstuðning til að fást við félagslega þætti hjá heimilum sem eru með tekjur sem eru lágar eða í meðallagi, þ.m.t. með lækkun skatta sem valda röskun og markvissri lækkun tolla og gjalda fyrir endurnýjanlega raforku,

hb) til að fjármagna landsbundin loftslagsarðskerfi (e. *climate dividend scheme*) með sannanleg jákvæð umhverfisáhrif eins og skráð er í ársskýrsluna sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).“

f) Í stað k-liðar í fyrstu undirgrein 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„k) til að efla nýja færni og endurskipulagningu vinnuafls í því skyni að stuðla að réttlátum umskiptum yfir í loftslagshlutlaust hagkerfi, einkum á svæðum sem verða fyrir mestu áhrifunum af umbreytingu starfa, í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, og til að fjárfesta í viðbótarþjálfun og endurþjálfun fyrir starfsfólk sem verður hugsanlega fyrir áhrifum af umbreytingunni, þ.m.t. starfsfólk í sjóflutningum,

l) til að taka á allri eftirstæðri áhættu á kolefnisleka í geirum sem falla undir I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/956 (*), styðja umbreytinguna og stuðla að afkolun þeirra í samræmi við reglur um ríkisaðstoð.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/956 frá 10. maí 2023 um að koma á fót aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 52).“

g) Eftirfarandi undirgrein er bætt við á eftir fyrstu undirgrein 3. mgr.:

„Við ákvörðun á hvernig tekjum sem eru tilkomnar vegna uppboða á losunarheimildum er ráðstafað skulu aðildarríkin taka tillit til þarfarinnar til að halda áfram að auka alþjóðlega loftslagsfjármögnun í þriðju löndum sem eru viðkvæm sem um getur í j-lið fyrstu undirgreinar.“

h) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Skal litið svo á að aðildarríkin hafi uppfyllt ákvæði þessarar málsgreinar ef þau hafa sett fram og fylgja efnahags- eða skattastefnu, einkum í þróunarlöndum, eða stefnu í eigin reglusetningu sem leiðir til fjárstuðnings, sem komið var á í þeim tilgangi sem er settur fram í fyrstu undirgrein og jafngildir tekjunum sem um getur í fyrstu undirgrein.“

i. Í stað þriðju undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um það hvernig tekjum er ráðstafað og um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari málsgrein í skýrslum sínum sem lagðar eru fram skv. 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 og tilgreina, ef við á og eins og við á, hvaða tekjur eru notaðar og hvaða aðgerða er gripið til í því skyni að koma til framkvæmda samþættum landsbundnum orku- og loftslagsáætlunum þeirra, sem lagðar eru fram í samræmi við þá reglugerð, og svæðisbundnum áætlunum þeirra um réttláta umbreytingu sem eru teknar saman í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1056 (*).

Skýrslugjöfin skal vera nægilega ítarleg til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta fylgni aðildarríkjanna við fyrstu undirgrein.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1056 frá 24. júní 2021 um að koma á fót Sjóðnum fyrir réttlát umskipti (Stjtíð. ESB L 231, 30.6.2021, bls. 1).“

j) Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr. þessarar tilskipunar, til að bæta við þessa tilskipun varðandi tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð, þ.m.t. fyrirkomulag varðandi uppboð sem eru nauðsynleg vegna færslu á hluta af tekjunum í fjárlög Sambandsins sem markaðar ytri tekjur í samræmi við 4. mgr. 30. gr. d í þessari tilskipun eða sem eigin tekjur í samræmi við þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) til að tryggja að þau fari fram með opnum, gagnsæjum og samræmdum hætti og án mismununar. Í þessu skyni skal ferlið vera áreiðanlegt, einkum að því er varðar tímasetningu og röðun uppboða og áætlaðan fjölda losunarheimilda sem verða til ráðstöfunar.“

k) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Framkvæmdastjórnin skal vakta starfsemi evrópska kolefnismarkaðarins. Hún skal árlega leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um starfsemi kolefnismarkaðarins og um aðrar viðeigandi loftslags- og orkustefnur, þ.m.t. um framkvæmd uppboða, seljanleika og umfang viðskiptanna, og samantekt um þær upplýsingar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur fram, í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar, og upplýsingar sem aðildarríkin leggja fram um fjárhagsráðstafanirnar sem um getur í 6. mgr. 10. gr. a. Aðildarríkin skulu tryggja, ef þörf er á, að allar upplýsingar, sem máli skipta, séu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina a.m.k. tveimur mánuðum áður en framkvæmdastjórnin samþykkir skýrsluna.“

l) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal vakta reglulega heildstæði og gagnsæi evrópska kolefnismarkaðarins, einkum að því er varðar markaðssveiflur og verðþróun, framkvæmd uppboða, framkvæmd viðskipta á mörkuðum með losunarheimildir og afleiður þeirra, þ.m.t. viðskipti utan skipulagðra markaða, seljanleika og umfang viðskiptanna og flokka og viðskiptaatferli markaðsaðila, þ.m.t. stöður fjármálamilliliða. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal láta viðeigandi niðurstöður koma fram og, ef nauðsyn krefur, koma með tilmæli, í mötum sínum til Evrópuþingsins, til ráðsins, til framkvæmdastjórnarinnar og til Evrópska kerfisáhætturáðsins í samræmi við 3. mgr. 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 (*). Að því er varðar verkefnin sem um getur í fyrsta málslið þessarar málsgreinar skulu Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og viðkomandi lögbær yfirvöld starfa saman og skiptast á nákvæmum upplýsingum um allar tegundir viðskipta í samræmi við 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 (**).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).“

13) Ákvæðum 10. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi undirgreinum er bætt við á eftir annarri undirgrein:

„Ef stöð fellur undir skuldbindingu um að framkvæma orkuúttekt eða um að koma til framkvæmda vottuðu orkustjórnunarkerfi skv. 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB (*) og ef tilmælunum í úttektarskýrslunni eða í vottaða orkustjórnunarkerfinu er ekki komið til framkvæmda skal fækka losunarheimildum án endurgjalds um 20% nema endurgreiðslutíminn fyrir viðkomandi fjárfestingar sé lengri en 3 ár eða kostnaðurinn af þessum fjárfestingum óhóflegur. Ekki skal fækka losunarheimildum án endurgjalds ef rekstraraðili sýnir fram á að hann hafi komið öðrum ráðstöfunum til framkvæmda sem leiddu til jafngilds samdráttar á losun gróðurhúsalofttegunda og mælst er til í endurskoðunarskýrslunni eða í vottaða orkustjórnunarkerfinu fyrir hlutaðeigandi stöð.

Framkvæmdastjórnin skal bæta við þessa tilskipun með því að kveða á um, í framseldum gerðum sem eru samþykktar samkvæmt þessari málsgrein og með fyrirvara um reglurnar sem gilda samkvæmt tilskipun 2012/27/ESB, stjórnsýslulega einfaldar samræmdar reglur um beitingu þriðju undirgreinar þessarar málsgreinar sem tryggja að beiting skilyrðisins stofni ekki jöfnum samkeppnisskilyrðum, umhverfislegum heilleika eða jafnri meðferð á stöðvum í öllu Sambandinu í hættu. Í þessum samræmdu reglum skal einkum kveða á um fresti, um viðmiðanir fyrir viðurkenningu á orkunýtniráðstöfunum sem hefur verið komið til framkvæmda sem og um annars konar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að nota málsmeðferðina fyrir landsbundnar framkvæmdarráðstafanir í samræmi við 1. mgr. 11. gr. þessarar tilskipunar.

Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar skal 20% skerðingin, sem um getur í þeirri undirgrein, beitt ef rekstraraðilar stöðva, sem losa meira magn gróðurhúsalofttegunda en 80. hundraðshlutamarkið af losunargildunum fyrir viðeigandi vöruviðmiðun, hafa ekki, fyrir 1. maí 2024, komið á loftslagshlutleysisáætlun fyrir hverja slíka stöð vegna þeirrar starfsemi sem fellur undir þessa tilskipun. Sú áætlun skal innihalda þættina sem eru tilgreindir í 4. mgr. 10. gr. b og henni skal komið á í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem kveðið er á um í þeirri grein. Litið skal svo á að 4. mgr. 10. gr. b gildi einungis um stöðvar. Sannprófa skal að markmið hafi verið uppfyllt og áfangar náðst, sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar 4. mgr. 10. gr. b, að því er varðar tímabilið fram til 31. desember 2025 og að því er varðar hvert tímabil sem lýkur 31. desember á fimm ára fresti eftir það, í samræmi við málsmeðferðarreglurnar um sannprófun og faggildingu sem kveðið er á um í 15. gr. Ekki skal úthluta neinum losunarheimildum án endurgjalds fram yfir 80% ef það hefur ekki verið sannprófað að millimarkmið hafi verið uppfyllt og áfangar náðst að því er varðar tímabilið til loka ársins 2025 eða að því er varðar tímabilið frá árinu 2026 til ársins 2030.

Losunarheimildir sem er ekki úthlutað vegna skerðingar á úthlutun án endurgjalds í samræmi við þriðju og fimmtu undirgrein þessarar málsgreinar skulu notaðar til að veita stöðvum undanþágu frá aðlöguninni í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar. Ef einhverjar slíkar losunarheimildir eru eftir skulu 50% af þessum losunarheimildum vera til ráðstöfunar til að styðja nýsköpun í samræmi við 8. mgr. þessarar greinar. Hin 50% af þessum losunarheimildum skulu boðin upp í samræmi við 1. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar og aðildarríkin ættu að nota viðkomandi tekjur til að taka á allri eftirstæðri áhættu á kolefnisleka í geirum sem falla undir I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/956, styðja umbreytinguna og stuðla að afkolun þeirra í samræmi við reglur um ríkisaðstoð.

Ekki skal veita neina úthlutun án endurgjalds til stöðva í geirum eða undirgeirum að því marki sem þær falla undir aðrar ráðstafanir til að bregðast við áhættu á kolefnisleka eins og fastsett er með reglugerð (ESB) 2023/956. Aðlaga skal ráðstafanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar til samræmis við það.

---

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).“

ii. Í stað þriðju undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Viðmiðanirnar skulu að jafnaði reiknaðar út fyrir vöru í stað aðfanga fyrir hvern geira og undirgeira til að hámarka samdrátt á losun gróðurhúsalofttegunda og sparnað af orkunýtni í hverju framleiðsluferli geirans eða undirgeirans sem um er að ræða. Til að veita frekari hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bæta orkunýtni og til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir stöðvar sem nota nýja tækni sem dregur að hluta til úr losun gróðurhúsalofttegunda eða útrýmir henni að fullu og stöðvar sem nota tækni sem til er skal endurskoða fyrirframákveðnar viðmiðanir, sem hafa verið ákvarðaðar á vettvangi Sambandsins í tengslum við beitingu þeirra á tímabilinu frá 2026 til 2030, með það fyrir augum að breyta mögulega skilgreiningum og kerfismörkum fyrirliggjandi vöruviðmiðana með tilliti til, sem leiðbeinandi meginreglna, mögulegrar hringrásarnotkunar efniviða og þeirrar staðreyndar að viðmiðanir ættu að vera óháðar hráefninu og tegund framleiðsluferlis ef sami tilgangurinn er með framleiðsluferlunum. Framkvæmdastjórnin skal leitast við að samþykkja framkvæmdargerðir í því skyni að ákvarða endurskoðuð viðmiðunargildi vegna úthlutunar án endurgjalds, í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr., eins fljótt og auðið er og fyrir upphaf tímabilsins frá 2026 til 2030.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Með fyrirvara um beitingu reglugerðar (ESB) 2023/956 skal ekki veita neina úthlutun án endurgjalds í tengslum við framleiðslu á vörum sem eru tilgreindar í I. viðauka við þá reglugerð.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, að því er varðar fyrstu árin sem reglugerð (ESB) 2023/956 er beitt, skal framleiðsla á vörum sem eru tilgreindar í I. viðauka við þá reglugerð falla undir skerta úthlutun losunarheimilda án endurgjalds. Beita skal stuðli til að skerða úthlutun án endurgjalds vegna framleiðslu á þessum vörum (stuðull fyrir aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis). Stuðullinn fyrir aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis skal nema 100% á tímabilinu frá gildistöku þeirrar reglugerðar og til loka ársins 2025 og skal nema, með fyrirvara um beitingu ákvæðanna sem um getur í b-lið 2. mgr. 36. gr. þeirrar reglugerðar, 97,5% 2026, 95% 2027, 90% 2028, 77,5% 2029, 51,5% 2030, 39% 2031, 26,5% 2032 og 14% 2033. Frá árinu 2034 skal enginn stuðull fyrir aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis gilda.

Skerðing á úthlutun án endurgjalds skal reiknuð út árlega sem meðalhlutdeild eftirspurnar eftir úthlutun án endurgjalds vegna framleiðslu á vörum sem eru tilgreindar í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/956, samanborið við útreiknaða samanlagða eftirspurn eftir úthlutun án endurgjalds fyrir allar stöðvar, fyrir viðkomandi tímabil sem um getur í 1. mgr. 11. gr. þessarar tilskipunar. Nota skal stuðulinn fyrir aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis í þessum útreikningi.

Losunarheimildir sem leiða af skerðingu á úthlutun án endurgjalds skulu vera til ráðstöfunar til að styðja nýsköpun í samræmi við 8. mgr.

Eigi síðar en 31. desember 2024 og sem hluta af ársskýrslu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins skv. 5. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin meta áhættu á kolefnisleka sem tengist vörum sem falla undir aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis og eru framleiddar í Sambandinu til útflutnings til þriðju landa sem beita ekki viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða svipuðu kerfi til verðlagningar á kolefni. Í skýrslunni skal einkum meta áhættu á kolefnisleka í geirum sem aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis mun gilda um, einkum hlutverk og hraðaða upptöku á vetni, og þróun að því er varðar viðskiptaflæði og innbyggða losun vara, sem eru framleiddar í þessum geirum, á heimsmarkaði. Ef niðurstöðurnar í skýrslunni sýna að það sé áhætta á kolefnisleka sem tengist vörum sem eru framleiddar í Sambandinu til útflutnings til þriðju landa sem beita ekki viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir eða jafngildu kerfi til verðlagningar á kolefni skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að taka á þessari áhættu á kolefnisleka á þann hátt sem er í samræmi við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, þ.m.t. XX. grein í GATT-samningnum frá 1994, og að teknu tilliti til afkolunar stöðva í Sambandinu.“

c) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c-liðar í þriðju undirgrein kemur eftirfarandi:

„c) Fyrir tímabilið frá 2026 til 2030 skal ákvarða viðmiðunargildin á sama hátt og sett er fram í a- og d-lið þessarar undirgreinar, að teknu tilliti til e-liðar þessarar undirgreinar, á grundvelli upplýsinga sem lagðar eru fram skv. 11. gr. fyrir árin 2021 og 2022 og á grundvelli beitingar á árlega skerðingarhlutfallinu fyrir hvert ár milli ársins 2008 og ársins 2028.“

ii. Eftirfarandi liðum er bætt við þriðju undirgrein:

„d) Ef árlegt skerðingarhlutfall fer yfir 2,5% eða er undir 0,3% skulu viðmiðunargildin fyrir tímabilið frá 2026 til 2030 vera viðmiðunargildin sem gilda á tímabilinu frá 2013 til 2020, að frádregnum þeim hundraðshluta af þessum tveimur sem við á, fyrir hvert ár milli ársins 2008 og ársins 2028.

e) Fyrir tímabilið frá 2026 til 2030 skal árlega skerðingarhlutfallið fyrir vöruviðmiðununina fyrir heitan málm ekki verða fyrir áhrifum af breytingunni á skilgreiningunni á viðmiðuninni og kerfismörkunum sem gilda skv. 8. undirgrein 1. mgr.“

iii. Í stað fjórðu undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir það, að því er varðar viðmiðunargildin fyrir arómöt og tilbúið gas, skal aðlaga þessi viðmiðunargildi með sama hundraðshluta og viðmiðanir hreinsunarstöðva til að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir framleiðendur þessara vara.“

d) Ákvæði 3. og 4. mgr. falla brott.

e) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Í því skyni að standa við uppboðshlutdeildina, sem sett er fram í 10. gr., fyrir hvert ár þar sem summa úthlutunar án endurgjalds nær ekki þeim hámarksfjölda sem svarar til uppboðshlutdeildarinnar skal nota eftirstandandi losunarheimildir upp í þann fjölda til að koma í veg fyrir eða takmarka skerðingu úthlutunar án endurgjalds til að standa við uppboðshlutdeildina á síðari árum. Ef hámarksfjöldanum er samt sem áður náð skal aðlaga úthlutun án endurgjalds til samræmis við það. Sérhver aðlögun af þessum toga skal gerð á samræmdan hátt. Þó skulu stöðvar sem eru með losað magn gróðurhúsalofttegunda undir meðalgildi 10% af skilvirkustu stöðvunum í geira eða undirgeira í Sambandinu, að því er varðar viðkomandi viðmiðanir á því ári sem aðlögunin gildir, vera undanþegnar þessari aðlögun.“

f) Í stað fyrstu undirgreinar 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu samþykkja fjárhagsráðstafanir, í samræmi við aðra og fjórðu undirgrein í þessari málsgrein, í þágu geira eða undirgeira sem eru útsettir fyrir raunverulegri áhættu á kolefnisleka vegna umtalsverðs óbeins kostnaðar sem er í raun stofnað til vegna kostnaðar við losun gróðurhúsalofttegunda, sem er velt út í rafmagnsverð, svo fremi að slíkar fjárhagsráðstafanir séu í samræmi við reglur um ríkisaðstoð og einkum að þær valdi ekki óþarfa röskun á samkeppni á innri markaði. Fjárhagsráðstafanir sem eru samþykktar skulu ekki bæta upp óbeinan kostnað sem fellur undir úthlutun án endurgjalds í samræmi við viðmiðanirnar sem voru fastsettar skv. 1. mgr. þessarar greinar. Ef aðildarríki eyðir hærri upphæð en sem nemur jafngildi 25% af uppboðstekjunum sem um getur í 3. mgr. 10. gr. fyrir árið sem stofnað var til óbeina kostnaðarins skal það tilgreina ástæðurnar fyrir því að farið var yfir þessa upphæð.“

g) Í stað annarrar undirgreinar 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„Frá árinu 2021 skal bæta losunarheimildum, sem er ekki úthlutað til stöðva skv. 19., 20. og 22. mgr., við þann fjölda losunarheimilda sem er lagður til hliðar í samræmi við fyrsta málslið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar.“

h) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. 345 milljónir losunarheimilda af þeim fjölda sem að öðrum kosti væri hægt að úthluta án endurgjalds samkvæmt þessari grein og 80 milljónir losunarheimilda af þeim fjölda sem að öðrum kosti væri hægt að bjóða upp skv. 10. gr., sem og losunarheimildir sem stafa af skerðingu úthlutunar án endurgjalds sem um getur í 1. mgr. a í þessari grein, skulu vera til ráðstöfunar fyrir sjóð (hér á eftir nefndur nýsköpunarsjóðurinn) með það fyrir augum að styðja nýsköpun á sviði lág- og núllkolefnistækni, ferla og tækniþekkingar sem stuðla verulega að afkolun geiranna sem falla undir þessa tilskipun og stuðla að núllmengun og hringrásarmarkmiðum, þ.m.t. verkefni sem miða að því að auka slíka tækni, ferli og tækniþekkingu með það fyrir augum að þau nái víðtækri útbreiðslu í öllu Sambandinu. Slík verkefni skulu innihalda verulega möguleika til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að orku- og auðlindasparnaði í samræmi við loftslags- og orkumarkmið Sambandsins fyrir 2030.

Framkvæmdastjórnin skal afhenda losunarheimildir úr nýsköpunarsjóðnum fyrir fram til að tryggja að fullnægjandi fjárhæð sé til ráðstöfunar til að hlúa að nýsköpun, þ.m.t. til að auka hana.

Einnig skal nota losunarheimildir, sem eru ekki gefnar út til umráðenda loftfara/flugrekenda vegna þess að þeir hætta starfsemi og sem eru ekki nauðsynlegar til að standa undir því ef eitthvað vantar upp á innskil þessara umráðenda loftfara/flugrekenda, til stuðnings við nýsköpun eins og um getur í fyrstu undirgrein.

Enn fremur skulu 5 milljónir losunarheimilda af þeim fjölda sem um getur í 5. og 7. mgr. 3. gr. c sem tengjast úthlutun losunarheimilda til flugstarfsemi fyrir 2026 vera til ráðstöfunar til stuðnings við nýsköpun eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Að auki skulu 50 milljónir óúthlutaðra losunarheimilda úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum bætast við allar tekjur sem eftir eru af þeim 300 milljónum losunarheimilda sem eru til ráðstöfunar á tímabilinu frá 2013 til 2020 samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB (*) og skulu notaðar tímanlega til stuðnings við nýsköpun eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Nýsköpunarsjóðurinn skal taka til geiranna sem eru tilgreindir í I. og III. viðauka, sem og til vara og ferla sem koma í staðinn fyrir kolefnisfrekar vörur og ferla sem eru framleiddar eða notuð í geirum sem eru tilgreindir í I. viðauka, þ.m.t. nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku og orkugeymslutækni og umhverfisvæn föngun og nýting kolefnis (CCU) sem stuðlar verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar, einkum í tengslum við óhjákvæmilega losun frá ferlum, og skal stuðla að gangsetningu og rekstri verkefna sem miða að umhverfisvænni föngun koltvísýrings, flutningi hans og geymslu í jörðu (CCS), einkum í tengslum við óhjákvæmilega losun frá iðnaðarferlum, og beinni föngun koltvísýrings úr andrúmsloftinu (DAC) með öruggri, sjálfbærri og varanlegri geymslu á stöðum sem eru landfræðilega jafndreifðir. Nýsköpunarsjóðurinn getur einnig stutt við tímamótanýsköpunartækni og grunnvirki, þ.m.t.

framleiðsla á lág- og núllkolefniseldsneyti, til að afkola geira sjóflutninga, flutninga í lofti, með járnbrautum og á vegum, þ.m.t. sameiginlega samgöngumáta s.s. almenningssamgöngur og flutninga með hópbifreiðum.

Að því er varðar flugstarfsemi getur hann einnig stutt við rafvæðingu og aðgerðir til að draga úr heildarloftslagsáhrifum af flugstarfsemi.

Framkvæmdastjórnin skal gefa sérstakan gaum að verkefnum í geirum sem falla undir reglugerð (ESB) 2023/956 til að styðja nýsköpun á sviði lágkolefnistækni, föngunar og nýtingar kolefnis (CCU), föngunar kolefnis, flutnings og geymslu í jörðu (CCS), endurnýjanlegrar orku og orkugeymslu á þann hátt að það stuðli að mótvægi gegn loftslagsbreytingum með það að markmiði að veita verkefnum í þessum geirum, á tímabilinu frá 2021 til 2030, verulegan hluta af losunarheimildunum, metið til fjár, sem um getur í fjórðu undirgrein 1. mgr. a í þessari grein. Að auki getur framkvæmdastjórnin, fyrir árið 2027, auglýst eftir sértækum tillögum fyrir geirana sem falla undir þá reglugerð.

Framkvæmdastjórnin skal einnig gefa sérstakan gaum að verkefnum sem stuðla að afkolun sjóflutningageirans og þegar auglýst er eftir tillögum fyrir nýsköpunarsjóðinn skal hún taka með viðfangsefni sem eru ætluð til þess, eftir því sem við á, þ.m.t. til að rafvæða sjóflutningageirann og til að taka á öllum loftslagsáhrifum hans, þ.m.t. losun á svörtu kolefni. Í slíkum auglýsingum eftir tillögum skal einnig, í viðmiðunum sem eru notaðar við val á verkefnum, taka sérstakt tillit til möguleikans á að auka verndun líffræðilegrar fjölbreytni og að draga úr hávaða- og vatnsmengun frá verkefnum og fjárfestingum.

Nýsköpunarsjóðnum er heimilt, í samræmi við 8. mgr. a, að styðja verkefni með útboði á samkeppnisgrundvelli, s.s. mismunasamninga, (CDs) kolefnamismunasamninga (CCDs) eða samninga með föstu framlagi, til að styðja afkolunartækni þar sem kolefnisverðið er e.t.v. ekki nægur hvati.

Framkvæmdastjórnin skal leitast eftir samlegðaráhrifum milli nýsköpunarsjóðsins og Horizon Europe, einkum í tengslum við evrópskt samstarf, og hún skal, ef við á, leitast eftir samlegðaráhrifum milli nýsköpunarsjóðsins og annarra áætlana Sambandsins.

Verkefni á yfirráðasvæði allra aðildarríkja, þ.m.t. lítil og meðalstór verkefni, skulu vera stuðningshæf og að því er varðar haftengda starfsemi skulu verkefni með ótvíræðum virðisauka fyrir Sambandið vera stuðningshæf. Tækni sem hlýtur stuðning skal vera nýsköpunartækni og ekki enn markaðsvænleg í svipuðu umfangi án stuðnings en skal fela í sér tímamótalausnir eða vera nægilega langt komin til notkunar fyrir markaðssetningu.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að losunarheimildir, sem eru ætlaðar nýsköpunarsjóðnum, séu boðnar upp í samræmi við meginreglur og fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í 4 mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar. Ágóði af uppboðum skal teljast markaðar ytri tekjur í samræmi við 5. mgr. 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 (**). Heimilt er að skipta skuldbindingum samkvæmt fjárhagsáætlun vegna aðgerða, sem ná yfir meira en eitt fjárhagsár, niður í árlegar greiðslur til fleiri ára.

Framkvæmdastjórnin skal, að fenginni beiðni, veita tækniaðstoð til aðildarríkja með litla virka þátttöku í verkefnum innan ramma nýsköpunarsjóðsins í þeim tilgangi að auka getu aðildarríkisins, sem leggur fram beiðnina, til að styðja viðleitni talsmanna verkefna á yfirráðasvæði hvers þeirra um sig til að leggja fram umsóknir um fjármögnun frá nýsköpunarsjóðnum til að bæta skilvirka landfræðilega þátttöku í nýsköpunarsjóðnum og auka heildargæði framlagðra verkefna. Framkvæmdastjórnin skal vinna að skilvirkri, gæðatengdri landfræðilegri útbreiðslu í tengslum við fjármögnun frá nýsköpunarsjóðum í öllu Sambandinu og skal tryggja heildstæða vöktun á framvindu og viðeigandi eftirfylgni að því er þetta varðar.

Eftir að auglýsingu eftir tillögum er lokað skal framkvæmdastjórnin, með fyrirvara um samþykki umsækjenda, upplýsa aðildarríkin um umsóknir um fjármögnun verkefna á yfirráðasvæðum hvers þeirra um sig og skal láta þeim í té nákvæmar upplýsingar varðandi þessar umsóknir til að auðvelda aðildarríkjunum að samræma stuðning við verkefni. Að auki skal framkvæmdastjórnin upplýsa aðildarríkin um skrána yfir fyrirframvalin verkefni áður en stuðningur er veittur.

Verkefnin skulu valin með gagnsæju valferli á tæknilega hlutlausan hátt í samræmi við markmið nýsköpunarsjóðsins, eins og sett er fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, og á grundvelli hlutlausra og gagnsærra viðmiðana, að teknu tilliti til þess að hvaða marki verkefni stuðla umtalsvert að loftslags- og orkumarkmiðum Sambandsins jafnframt því að stuðla að núllmengun og hringrásarmarkmiðum í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og, ef við

á, að hvaða marki verkefni stuðla að því að ná samdrætti á losun vel niður fyrir viðmiðunarmörkin sem um getur í 2. mgr. Verkefni skulu hafa möguleika til víðtækrar notkunar eða geta lækkað verulega kostnað við umbreytingu yfir í loftslagshlutlaust hagkerfi í viðkomandi geirum. Setja skal nýsköpunartækni og ferli sem taka á margs konar umhverfisáhrifum í forgang. Verkefni sem fela í sér föngun og nýtingu kolefnis (CCU) skulu leiða til hreinnar skerðingar á losun og tryggja að koltvísýringur sé ekki losaður eða að hann sé geymdur varanlega. Ef um er að ræða styrki sem eru veittir í gegnum auglýsingar eftir tillögum er heimilt að veita stuðning sem nemur allt að 60% af viðkomandi kostnaði við verkefni og þar af þurfa allt að 40% ekki að vera háð þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem staðfest hefur verið að komist hafi verið hjá, svo fremi að fyrirframákveðnum áföngum, að teknu tilliti til tækni sem er notuð, sé náð. Ef um er að ræða stuðning sem er veittur gegnum útboð á samkeppnisgrundvelli og ef um er að ræða tækniaðstoð er heimilt að veita stuðning sem nemur allt að 100% af viðkomandi kostnaði við verkefni. Taka skal tillit til möguleikans til samdráttar á losun í mörgum geirum sem sameinuð verkefni bjóða upp á, þ.m.t. á nálægum svæðum, í viðmiðunum sem eru notaðar við val á verkefnum.

Þess skal krafist að þekkingu verði miðlað milli verkefna sem nýsköpunarsjóðurinn fjármagnar og annarra viðeigandi verkefna sem og vísindamanna í Sambandinu sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta. Framkvæmdastjórnin skal skilgreina skilmálana fyrir miðlun þekkingar í auglýsingum eftir tillögum.

Auglýsingar eftir tillögum skulu vera opnar og gagnsæjar. Þegar framkvæmdastjórnin undirbýr auglýsingar eftir tillögum skal hún leitast við að tryggja að allir geirar séu teknir með á tilhlýðilegan hátt. Framkvæmdastjórnin skal gera ráðstafanir til að tryggja að auglýsingum sé miðlað eins víða og unnt er og einkum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun að því er varðar reglur um starfsemi nýsköpunarsjóðsins, þ.m.t. valferli og viðmiðanir, og aðstoðarhæfa geira og tæknilegar kröfur varðandi mismunandi tegundir stuðnings.

Ekkert verkefni skal njóta stuðnings með kerfinu sem er tilgreint í þessari málsgrein sem er umfram 15% af heildarfjölda losunarheimilda sem eru til ráðstöfunar í þessum tilgangi. Taka skal tillit til þessara losunarheimilda skv. 7. mgr.

Eigi síðar en 31. desember 2023 og á hverju ári eftir það skal framkvæmdastjórnin gefa nefndinni um loftslagsbreytingar, sem um getur í 1. mgr. 22. gr. a í þessari tilskipun, skýrslu sem varðar að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda með greiningu á þeim verkefnum sem fá stuðning, eftir geira og eftir aðildarríki, ásamt áætluðu framlagi þessara verkefna í áttina að markmiðinu um loftslagshlutleysi í Sambandinu eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2021/1119. Framkvæmdastjórnin skal að leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið og hún skal birta þessa skýrslu.

---

(*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB frá 3. nóvember 2010 um viðmiðanir og ráðstafanir vegna fjármögnunar sýniverkefna í viðskiptaskyni, sem miða að umhverfisvænni föngun og geymslu $CO_2$ í jörðu, og sýniverkefna er varða nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku innan kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 39).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).“

i. Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„8a. Að því er varðar mismunasamninga (CDs) og kolefnamismunasamninga (CCDs), sem eru gerðir eftir lok útboðsfyrirkomulags á samkeppnisgrundvelli, skal veita viðeigandi tryggingu með skuldbindingum samkvæmt fjárhagsáætlun sem stafa af ágóða af uppboði á losunarheimildum sem eru til ráðstöfunar í nýsköpunarsjóðnum og heimilt er að skipta þessum skuldbindingum samkvæmt fjárhagsáætlun niður í árlegar greiðslur til fleiri ára. Að því er varðar fyrstu tvær umferðir útboðsfyrirkomulags á samkeppnisgrundvelli skal trygging fyrir fjárskuldbindingum sem tengjast mismunasamningum (CDs) og kolefnamismunasamningum (CCDs) tryggð að fullu með fjárveitingum sem verða til vegna ágóða af uppboðum á losunarheimildum sem er úthlutað til nýsköpunarsjóðsins skv. 8. mgr.

Á grundvelli eigindlegs og megindlegs mats framkvæmdastjórnarinnar á fjárhagslegum áhættum sem stafa af innleiðingu mismunasamninga (CDs) og kolefnamismunasamninga (CCDs), sem skal innt af hendi eftir að fyrstu tveimur umferðum útboðsfyrirkomulags á samkeppnisgrundvelli er lokið og eftir það í hvert sinn sem nauðsyn krefur í samræmi við meginregluna um varfærni þar sem ekki skal ofmeta eignir og hagnað og ekki skal vanmeta skuldir og tap, getur framkvæmdastjórnin ákveðið, í samræmi við valdheimildina í áttundu undirgrein, að standa einungis straum af hluta af fjárskuldbindingunum sem tengjast mismunasamningum (CDs) og kolefnamismunasamningum (CCDs) með aðferðunum sem um getur í fyrstu undirgrein og eftirstandandi hluta með öðrum aðferðum. Framkvæmdastjórnin skal miða að því að takmarka notkun annars konar tryggingar.

Ef mat leiðir til þeirrar niðurstöðu að þörf sé á annars konar tryggingu til að nýta mismunasamninga og (CDs) kolefnamismunasamninga (CCDs) til fulls skal framkvæmdastjórnin miða að jafnvægri blöndu annars konar tryggingar. Þrátt fyrir 1. mgr. 210. gr. reglugerðar (ESB, KBE) 2018/1046 skal framkvæmdastjórnin ákvarða umfang notkunar á annars konar tryggingu samkvæmt framseldri gerð sem kveðið er á um í 8. undirgrein þessarar málsgreinar.

Eftirstandandi fjárskuldbinding skal tryggð með fullnægjandi hætti, með hliðsjón af meginreglunum í X. bálki reglugerðar (ESB, KBE) 2018/1046, ef nauðsyn krefur, aðlöguð að sérstökum eiginleikum mismunasamninga (CDs) og kolefnamismunasamninga (CCDs), þrátt fyrir 209. gr. (d- og h-liður 2. mgr.), 210. gr. (1. mgr.), 211. gr. (1., 2., 4. og 6. mgr.), 212., 213. og 214. gr., 218. gr. (1. mgr.) og 219. gr. (3. og 6. mgr.) þeirrar reglugerðar. Eftir atvikum skal ákvarða annars konar tryggingu, niðurfærsluhlutfall og nauðsynlegar undanþágur í framseldri gerð sem kveðið er á um í 8. undirgrein þessarar málsgreinar.

Framkvæmdastjórnin skal ekki nota meira en 30% ágóðans af uppboðum á losunarheimildum, sem er úthlutað til nýsköpunarsjóðsins skv. 8. mgr., til niðurfærslu á mismunasamningum (CDs) og kolefnamismunasamningum (CCDs).

Niðurfærsluhlutfallið skal ekki vera lægra en 50% af heildarfjárskuldbindingunni sem hvílir á fjárlögum Sambandsins vegna mismunasamninga (CDs) og kolefnamismunasamninga (CCDs). Þegar framkvæmdastjórnin ákvarðar niðurfærsluhlutfallið skal hún taka tillit til þátta sem geta dregið úr fjárhagslegri áhættu fyrir fjárlög Sambandsins, annarra en fjárveitinga sem eru til ráðstöfunar í nýsköpunarsjóðnum, s.s. mögulegrar skiptingar skulda með aðildarríkjum, að eigin frumkvæði, eða mögulegs endurtryggingarfyrirkomulags frá einkageiranum. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða niðurfærsluhlutfallið a.m.k. á þriggja ára fresti frá deginum þegar framselda gerðin, þar sem það er ákvarðað í fyrsta sinn, kemur til framkvæmda

Til að komast hjá umsóknum í spákaupmennskuskyni er hægt að gera aðgang að útboði á samkeppnisgrundvelli háðan greiðslu umsækjandans á innborgun sem er fyrirgert ef til þess kemur að samningurinn er ekki efndur. Slíkar innborganir sem er fyrirgert skal nota sem markaðar ytri tekjur fyrir nýsköpunarsjóðinn skv. 5. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB, KBE) 2018/1046. Sérhvert framlag sem aðstoðarþegi greiðir yfirvaldi sem veitir aðstoð í samræmi við skilmálana um mismunasamninga (CDs) eða kolefnamismunasamninga (CCDs), ef viðmiðunarverðið er hærra en lausnarverðið (endurflæði), skal notað fyrir nýsköpunarsjóðinn sem markaðar ytri tekjur skv. 5. mgr. 21. gr. þeirrar reglugerðar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr. þessarar tilskipunar, til að bæta við þessa tilskipun í því skyni að kveða á um og lýsa í smáatriðum annars konar tryggingu, ef einhver er, og, eftir atvikum, niðurfærsluhlutfalli og nauðsynlegum viðbótarundanþágum frá X. bálki reglugerðar (ESB,KBE) 2018/1046, eins og sett er fram í fjórðu undirgrein þessarar málsgreinar, og reglum um starfrækslu útboðsfyrirkomulagsins á samkeppnisgrundvelli, einkum í tengslum við innborganir og endurflæði.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að breyta fimmtu undirgrein þessar málsgreinar með því að hækka 30% viðmiðunarmörkin sem um getur í þeirri undirgrein um í mesta lagi 20% prósentustig, ef nauðsyn krefur, til að bregðast við eftirspurn eftir mismunasamningum (CDs) og kolefnamismunasamningum (CCDs), að teknu tilliti til reynslunnar af fyrstu umferðum útboðsfyrirkomulagsins á samkeppnisgrundvelli og að teknu tilliti til þess að þörf er á að finna viðeigandi jafnvægi í stuðningnum úr nýsköpunarsjóðnum milli styrkja og slíkra samninga.

Fjárstuðningur úr nýsköpunarsjóðnum skal vera í réttu hlutfalli við stefnumarkmiðin sem sett eru fram í þessari grein og skal ekki leiða til óþarfa röskunar á innri markaði. Í þessu skyni skal einungis veita stuðning til að standa straum af viðbótarkostnaði eða fjárfestingaráhættu sem getur ekki hvílt á fjárfestum við eðlileg markaðsskilyrði.

8b. 40 milljónir losunarheimilda af þeim fjölda sem að öðrum kosti væri hægt að úthluta án endurgjalds samkvæmt þessari grein og 10 milljónir losunarheimilda af þeim fjölda sem að öðrum kosti væri hægt að bjóða upp skv. 10. gr. þessarar tilskipunar skulu vera til ráðstöfunar fyrir félagslega loftslagssjóðinn sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/955 (*). Framkvæmdastjórnin skal tryggja að losunarheimildir, sem eru ætlaðar félagslega loftslagssjóðnum, séu boðnar upp á árinu 2025 í samræmi við meginreglur og fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í 4 mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar og framseldri gerð sem er samþykkt í samræmi við þá grein. Tekjur af því uppboði skulu teljast markaðar ytri tekjur í samræmi við 5. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB, KBE) 2018/1046 og skulu notaðar í samræmi við reglurnar sem gilda um félagslega loftslagssjóðinn.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/955 frá 10. maí 2023 um að koma á fót félagslegum loftslagssjóði og um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/1060 (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 130).“

j) Í stað 19. mgr. kemur eftirfarandi:

„19. Ekki skal veita neina úthlutun án endurgjalds til stöðvar sem hefur hætt starfsemi. Stöðvar teljast hafa hætt rekstri ef leyfi þeirra til losunar gróðurhúsalofttegunda hefur runnið út eða hefur verið afturkallað eða þeim er það tæknilega ókleift að halda uppi starfsemi eða hefja hana á ný.“

k) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„22. Ef nauðsynlegt er að gera leiðréttingar á úthlutun án endurgjalds sem er veitt skv. 2. mgr. 11. gr. skulu slíkar leiðréttingar framkvæmdar með losunarheimildum úr þeim fjölda losunarheimilda sem eru lagðar til hliðar, í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar, eða með því að bæta losunarheimildum við þær.“

14) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 4. mgr. 10. gr. b:

„Í aðildarríki þar sem hlutdeild þess af meðaltali losunar frá fjarhitun á árunum frá 2014 til 2018 af heildarmagni slíkrar losunar í Sambandinu, deilt með hlutdeild viðkomandi aðildarríkis í vergri landsframleiðslu af vergri heildarlands-framleiðslu Sambandsins, er meiri en fimm skal veita viðbótarúthlutun án endurgjalds, sem nemur 30% af fjöldanum sem er ákvarðaður skv. 10. gr. a, til fjarhitunar fyrir tímabilið frá 2026 til 2030 að því tilskildu að fjárfestingar, sem jafngilda virði þessarar viðbótarúthlutunar án endurgjalds, fari í að draga marktækt úr losun fyrir 2030, í samræmi við loftslagshlutleysisáætlanirnar sem um getur í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar, og að sannprófað sé að markmið hafi verið uppfyllt og áfangar náðst, sem um getur í b-lið þeirrar undirgreinar, með sannprófuninni sem er framkvæmd í samræmi við fjórðu undirgrein þessarar málsgreinar.

Eigi síðar en 1. maí 2024 skulu rekstraraðilar fjarhitunar koma á loftslagshlutleysisáætlun fyrir stöðvarnar sem þeir sækja um viðbótarúthlutun án endurgjalds fyrir í samræmi við aðra undirgrein þessarar málsgreinar. Áætlunin skal vera í samræmi við loftslagshlutleysismarkmiðið sem sett er fram í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1119 og þar skal setja fram:

a) ráðstafanir og fjárfestingar til að ná loftslagshlutleysi fyrir 2050 innan stöðvar eða fyrirtækis, að undanskilinni notkun á kolefnisjöfnunarinneignum,

b) millimarkmið og áfanga til að mæla, eigi síðar en 31. desember 2025 og eigi síðar en 31. desember á 5 ára fresti eftir það, framvindu í áttina að því að ná loftslagshlutleysi eins og sett er fram í a-lið þessarar undirgreinar,

c) mat á áhrifum af hverri ráðstöfun og fjárfestingu sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar að því er varðar samdrátt á losun gróðurhúsalofttegunda.

Sannprófa skal að markmið hafi verið uppfyllt og áfangar náðst, sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar þessarar málsgreinar, að því er varðar tímabilið fram til 31. desember 2025 og að því er varðar hvert tímabil sem lýkur 31. desember á fimm ára fresti eftir það, í samræmi við málsmeðferðarreglurnar um sannprófun og faggildingu sem kveðið er á um í 15. gr. Ekki skal úthluta neinum losunarheimildum án endurgjalds umfram fjöldann sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar ef það hefur ekki verið sannprófað að millimarkmið hafi verið uppfyllt og áfangar náðst að því er varðar tímabilið til loka ársins 2025 eða að því er varðar tímabilið frá árinu 2026 til ársins 2030.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að tilgreina nánar lágmarksinnihald upplýsinganna sem um getur í a-, b- og c-lið þriðju undirgreinar í þessari málsgrein og snið loftslagshlutleysisáætlananna sem um getur í þeirri undirgrein og í fimmtu undirgrein 1. mgr. 10. gr. a. Framkvæmdastjórnin skal leitast eftir samlegðaráhrifum við svipaðar áætlanir eins og kveðið er á um í lögum Sambandsins. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“

15) Í stað 7. mgr. 10. gr. c kemur eftirfarandi:

„7. Aðildarríkin skulu krefjast þess að raforkuframleiðslustöðvar og rekstraraðilar netkerfa, sem njóta ávinnings, gefi skýrslu, eigi síðar en 28. febrúar á hverju ári, um framkvæmd valinna fjárfestinga sinna, þ.m.t. staða á úthlutun án endurgjalds og fjárfestingarkostnaður sem stofnað er til og tegundir fjárfestinga sem eru studdar. Aðildarríki skulu leggja skýrslu um þetta fyrir framkvæmdastjórnina sem skal birta skýrslurnar opinberlega.“

16) Eftirfarandi grein er bætt við:

*„10. gr. ca*

**Styttri frestur fyrir úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili til að nútímavæða orkugeirann**

Þrátt fyrir 10. gr. c er hlutaðeigandi aðildarríkjum einungis heimilt að veita úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili til stöðva, í samræmi við þá grein, vegna fjárfestinga sem eru gerðar fram til 31. desember 2024. Losunarheimildum/ Losunarheimildir, sem eru til ráðstöfunar fyrir hlutaðeigandi aðildarríki í samræmi við 10. gr. c fyrir tímabilið frá 2021 til 2030, sem eru ekki notaðar fyrir slíkar fjárfestingar, skal/skulu, í því hlutfalli sem hlutaðeigandi aðildarríki ákvarðar:

a) bætt við heildarfjölda losunarheimilda sem hlutaðeigandi aðildarríki skal bjóða upp skv. 2. mgr. 10. gr. eða

b) notaðar til að styðja fjárfestingar innan ramma nútímavæðingarsjóðsins, sem um getur í 10. gr. d, í samræmi við reglurnar sem gilda um tekjur af losunarheimildum sem um getur í 4. mgr. 10. gr. d.

Eigi síðar en 15. maí 2024 skal hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um þann fjölda losunarheimilda sem á að nota skv. 10. gr. (a-liður fyrsta undirgrein 2. mgr.) og, þrátt fyrir 10. gr. d (annar málsliður 4. mgr.), skv. 10. gr. d., eftir því sem við á.“

17) Ákvæðum 10. gr. d er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Sjóði til að styðja við fjárfestingar sem aðildarríki sem eru aðstoðarþegar leggja til, þ.m.t. fjármögnun minni háttar fjárfestingarverkefna, til að nútímavæða orkukerfi og bæta orkunýtni, skal komið á fót fyrir tímabilið frá 2021 til 2030 (nútímavæðingarsjóðurinn). Nútímavæðingarsjóðurinn skal fjármagnaður með uppboðum á losunarheimildum, eins og sett er fram í 10. gr., fyrir aðildarríki, sem eru aðstoðarþegar, sem þar koma fram.

Þær fjárfestingar sem njóta stuðnings skulu vera í samræmi við markmið þessarar tilskipunar, sem og við markmiðin í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019 um Grænt samkomulag í Evrópu og reglugerð (ESB) 2021/1119 og langtímamarkmiðin sem koma fram í Parísarsamningnum. Aðildarríkjum sem eru aðstoðarþegar er heimilt, eftir því sem við á, að nota tekjur úr nútímavæðingarsjóðnum til að fjármagna fjárfestingar sem tengjast aðliggjandi landamærasvæðum Sambandsins. Ekki skal veita neinn stuðning úr nútímavæðingarsjóðnum til orkuframleiðslustöðva sem nota jarðefnaeldsneyti. Þó er heimilt að nota tekjur af losunarheimildum, sem falla undir tilkynningu skv. 4. mgr. þessarar greinar, í tengslum við fjárfestingar sem tengjast loftkenndu jarðefnaeldsneyti.

Enn fremur er heimilt að nota tekjur af losunarheimildum, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar, ef starfsemin telst vera umhverfislega sjálfbær samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 (*) og það er tilhlýðilega rökstutt af ástæðum sem varða að tryggja orkuöryggi, í tengslum við fjárfestingar sem tengjast loftkenndu jarðefnaeldsneyti að því tilskildu, að því er varðar orkuframleiðslu, að losunarheimildirnar séu boðnar upp fyrir 31. desember 2027 og, að því er varðar fjárfestingar sem tengjast notkun á gasi á seinni stigum, að losunarheimildirnar séu boðnar upp fyrir 31. desember 2028.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Nota skal a.m.k. 80% af tekjum af losunarheimildum sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 10. gr. og af losunarheimildum sem falla undir tilkynningu skv. 4. mgr. þessarar greinar og a.m.k. 90% af tekjum af losunarheimildum sem um getur í fjórðu undirgrein 1. mgr. 10. gr. til að styðja fjárfestingar í eftirfarandi:

a) framleiðsla og notkun raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, þ.m.t. endurnýjanlegt vetni,

b) hitun og kæling frá endurnýjanlegum orkugjöfum,

c) samdráttur í heildarorkunotkun með orkunýtni, þ.m.t. í iðnaði, flutningastarfsemi, byggingum, landbúnaði og úrgangi,

d) orkugeymsla og nútímavæðing orkuneta, þ.m.t. stjórnun á eftirspurn, fjarhitunarleiðslur, kerfi til raforkudreifingar, fjölgun samtenginga milli aðildarríkjanna og grunnvirki fyrir hreyfanleika með engri losun,

e) stuðningur við tekjulág heimili, þ.m.t. í dreifbýli og á afskekktum svæðum, til að taka á orkufátækt og til að nútímavæða hitunarkerfi þeirra og

f) réttlát umskipti á kolefnisháðum svæðum í aðildarríkjum, sem eru aðstoðarþegar, til þess að styðja tilfærslu, endurþjálfun og viðbótarþjálfun starfsfólks, menntun, framtaksverkefni fyrir atvinnuleitendur og nýstofnuð fyrirtæki, í skoðanaskiptum við borgaralegt samfélag og aðila vinnumarkaðarins, á þann hátt sem er í samræmi við og stuðlar að viðeigandi aðgerðum sem aðildarríkin hafa fellt inn í svæðisbundnar áætlanir sínar um réttlát umskipti í samræmi við k-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1056, þar sem við á.“

c) Í stað 11. mgr. kemur eftirfarandi:

„11. Fjárfestingarnefndin skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu árlega um reynslu af mati á fjárfestingum, einkum með tilliti til samdráttar á losun og kostnaðar við mildun. Eigi síðar en 31. desember 2024 skal framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til niðurstaðna fjárfestingarnefndarinnar, yfirfara svið verkefnanna, sem um getur í 2. mgr., og þann grundvöll sem fjárfestingarnefndin byggir tilmæli sín á.

Fjárfestingarnefndin skal gera ráðstafanir varðandi birtingu ársskýrslunnar. Framkvæmdastjórnin skal leggja ársskýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið.“

18) Eftirfarandi grein er bætt við:

*„10. gr. f*

**Meginreglan um að „valda ekki umtalsverðu tjóni“**

Frá 1. janúar 2025 skulu aðildarríki sem eru aðstoðarþegar og framkvæmdastjórnin nota tekjur sem eru tilkomnar vegna uppboða á losunarheimildum, sem eru ætlaðar nýsköpunarsjóðnum skv. 8. mgr. 10. gr. a í þessari tilskipun, og losunarheimildum sem um getur í þriðju og fjórðu undirgrein 1. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar, í samræmi við viðmiðanirnar um að valda ekki umtalsverðu tjóni sem settar eru fram í 17. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 ef slíkar tekjur eru notaðar fyrir atvinnustarfsemi sem tæknileg matsviðmið til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi valdi umtalsverðu tjóni á einu eða fleiri viðkomandi umhverfismarkmiðum voru fastsett fyrir skv. b-lið 3. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar.“

19) Í 2. mgr. 11. gr. kemur dagsetningin „30. júní“ í stað „28. febrúar“.

20) Í stað fyrirsagnar IV. kafla kemur eftirfarandi:

„Ákvæði sem gilda um flugstarfsemi, sjóflutninga og staðbundnar stöðvar“.

21) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að losunarheimildir, sem lögbært yfirvald í öðru aðildarríki gefur út, séu viðurkenndar þannig að rekstraraðili, umráðandi loftfars/flugrekandi eða skipafélag geti uppfyllt skuldbindingar sínar skv. 3. mgr.“

b) Ákvæði 2. mgr. a falla brott.

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðildarríki, ábyrgðaraðildarríki og stjórnsýsluyfirvöld, að því er varðar skipafélag, skulu tryggja að eigi síðar en 30. september á hverju ári:

a) skili rekstraraðili hverrar stöðvar inn fjölda losunarheimilda sem samsvarar heildarlosun frá þeirri stöð á næstliðnu almanaksári, eins og sannprófað er í samræmi við 15. gr.,

b) skili hver umráðandi loftfars/flugrekandi inn fjölda losunarheimilda sem samsvarar heildarlosun hans á næstliðnu almanaksári, eins og sannprófað er í samræmi við 15. gr.,

c) skili hvert skipafélag inn fjölda losunarheimilda sem samsvarar heildarlosun þess á næstliðnu almanaksári, eins og sannprófað er í samræmi við 3. gr. ge.

Aðildarríki, ábyrgðaraðildarríki og stjórnsýsluyfirvöld, að því er varðar skipafélag, skulu tryggja að losunarheimildir sem er skilað inn í samræmi við fyrstu undirgrein séu síðan ógiltar.“

d) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við eftir 3. mgr.:

„3-e. Þrátt fyrir c-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. er skipafélögum heimilt að skila inn 5% færri losunarheimildum en sem nemur sannprófaðri losun þeirra frá skipum með ísflokk fram til 31. desember 2030 að því tilskildu að slík skip séu með ísflokk IA eða IA-gæðaflokk eða jafngildan ísflokk sem er fastsettur á grundvelli HELCOM-tilmæla 25/7.

Ef færri losunarheimildum er skilað inn, samanborið við sannprófaða losun, og þegar búið er að ákvarða mismuninn á sannprófaðri losun og innskiluðum losunarheimildum á hverju ári skal ógilda þann fjölda losunarheimilda sem samsvarar þeim mismun í stað þess að bjóða hann upp skv. 10. gr.

3-d. Þrátt fyrir c-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. þessarar greinar og 16. gr. skal framkvæmdastjórnin, að fenginni beiðni aðildarríkis, kveða á um, með framkvæmdargerð, að aðildarríkin skuli líta svo á að kröfurnar í þessum ákvæðum séu uppfylltar og að þau skuli ekki grípa til neinna aðgerða gegn skipafélögum fram til 31. desember 2030 að því er varðar losun frá förnum sjóferðum farþegaskipa, annarra en skemmtiferðaskipa með farþega, og ekjuferja, milli hafnar á eyju, sem fellur undir lögsögu aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina, án vega- eða járnbrautartengingar við meginlandið og þar sem færri en 200 000 einstaklingar hafa fasta búsetu samkvæmt nýjustu og bestu gögnum sem liggja fyrir á árinu 2022, og hafnar sem fellur undir lögsögu sama aðildarríkisins og frá starfsemi slíkra skipa innan hafnar í tengslum við slíkar sjóferðir.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir eyjarnar sem um getur í fyrstu undirgrein og hlutaðeigandi hafnir og uppfæra þessa skrá reglulega.

3-c. Þrátt fyrir c-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. þessarar greinar og 16. gr. skal framkvæmdastjórnin, að fenginni sameiginlegrar beiðni tveggja aðildarríkja og þar af ef annað þeirra er ekki með landamæri á landi við annað aðildarríki og hitt aðildarríkið er landfræðilega næsta aðildarríki við aðildarríkið án slíkra landamæra á landi, kveða á um, með framkvæmdargerð, að aðildarríkin skuli líta svo á að kröfurnar í þessum ákvæðum séu uppfylltar og að þau skuli ekki grípa til neinna aðgerða gegn skipafélögum að því er varðar losun fram til 31. desember 2030 frá förnum

sjóferðum farþegaskipa eða ekjuferja innan ramma opinbers þjónustusamnings milli landa eða skyldu til að veita opinbera þjónustu milli landa, sem kemur fram í sameiginlegu beiðninni, sem tengir aðildarríkin tvö saman og frá starfsemi slíkra skipa innan hafnar í tengslum við slíkar sjóferðir.

3-b. Skylda til að skila inn losunarheimildum myndast ekki að því er varðar losun fram til 31. desember 2030 frá sjóferðum milli hafnar sem er staðsett á ysta svæði aðildarríkis og hafnar sem er staðsett í sama aðildarríki, þ.m.t. sjóferðir milli hafna innan ysta svæðis og sjóferðir milli hafna á ystu svæðum í sama aðildarríkinu, og frá starfsemi slíkra skipa innan hafnar í tengslum við slíkar sjóferðir.“

e) Í stað 3. mgr. a kemur eftirfarandi:

„3-a. Til að vernda umhverfislegan heilleika viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir skal rekstraraðilum, umráðendum loftfara/flugrekendum og skipafélögum í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir bannað, ef nauðsyn krefur og eins lengi og nauðsyn krefur, að nota losunarheimildir sem gefnar eru út af aðildarríki þar sem rekstraraðilar, umráðendur loftfara/flugrekendur og skipafélög sinna ekki skuldbindingum sínum. Framseldu gerðirnar, sem um getur í 3. mgr. 19. gr., skulu innihalda ráðstafanir sem eru nauðsynlegar í þeim tilvikum sem um getur í þessari málsgrein.“

f) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3b. Skylda til að skila inn losunarheimildum myndast ekki að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda sem litið er svo á að hafi verið fönguð og notuð á þann hátt að hún sé orðin varanlega bundin með efnatengjum í vöru þannig að hún fari ekki út í andrúmsloftið við venjulega notkun, þ.m.t. öll venjuleg starfsemi sem á sér stað eftir að líftíma vörunnar lýkur.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun varðandi kröfur um að líta svo á að gróðurhúsalofttegundir séu orðnar varanlega bundnar með efnatengjum, eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.“

g) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að losunarheimildir verði ógiltar hvenær sem handhafi þeirra óskar þess. Ef til þess kemur að það lokast fyrir raforkuframleiðslugetu á yfirráðasvæði aðildarríkja vegna landsbundinna viðbótarráðstafana er aðildarríkjunum heimilt að ógilda losunarheimildir, og eru eindregið hvött til að gera það, úr heildarfjölda losunarheimilda sem þau skulu bjóða upp, sem um getur í 2. mgr. 10. gr., sem nemur allt að þeim fjölda sem samsvarar meðaltali sannprófaðrar losunar úr viðkomandi stöð á fimm ára tímabili á undan lokuninni. Hlutaðeigandi aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina um slíka fyrirhugaða ógildingu, eða um ástæðurnar fyrir því að ógilda ekki, í samræmi við framseldar gerðir sem eru samþykktar skv. 4. mgr. 10. gr.“

22) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem varða nákvæmar ráðstafanir varðandi vöktun á losun og skýrslugjöf vegna hennar og, ef við á, gögn um starfsemi í tengslum við starfsemina sem er tilgreind í I. viðauka við þessa tilskipun og önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi á leiðum sem gerð er grein fyrir losun frá samkvæmt þessari tilskipun, sem skal byggð á meginreglunum um vöktun og skýrslugjöf, sem settar eru fram í IV. viðauka við þessa tilskipun, og kröfunum sem settar eru fram í 2. og 5. mgr. þessarar greinar. Í þessum framkvæmdargerðum skal einnig tilgreina hnatthlýnunarmátt hverrar gróðurhúsalofttegundar og taka tillit til uppfærðrar vísindalegrar þekkingar um áhrif af annarri losun frá flugstarfsemi en koltvísýringi í kröfunum um vöktun á losun og skýrslugjöf um losunina og áhrif hennar, þ.m.t. önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi. Í þessum framkvæmdargerðum skal kveða á um beitingu viðmiðana um sjálfbærni og minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir notkun á lífmassa, sem eru fastsettar í tilskipun (ESB) 2018/2001, með aðlögunum sem eru nauðsynlegar vegna beitingar samkvæmt þessari tilskipun, til þess að slíkur lífmassi sé metinn sem núll. Í þeim skal tilgreina nánar hvernig á að taka með í reikninginn geymslu á losun frá blöndu af núllmetnum upptökum og upptökum sem eru ekki metin sem núll. Í þeim skal einnig tilgreina nánar hvernig á að taka losun frá endurnýjanlegu eldsneyti af ólífrænum uppruna og endurunnu kolefniseldsneyti með í reikninginn og tryggja að gerð sé grein fyrir slíkri losun og að komist sé hjá tvítalningu.“

23) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu tryggja að birt séu nöfn þeirra rekstraraðila, umráðenda loftfara/flugrekenda og skipafélaga sem gera sig seka um brot á kröfum um innskil á nægilega mörgum losunarheimildum samkvæmt þessari tilskipun.“

b) Í stað dagsetningarinnar „30. apríl“ í 3. mgr. kemur „30. september“.

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a. Viðurlögin sem sett eru fram í 3. mgr. gilda einnig að því er varðar skipafélög.“

d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„11a. Ef um er að ræða skipafélag sem hefur ekki uppfyllt skuldbindingar um innskil í tvö eða fleiri skýrslutímabil samfellt og ef aðrar ráðstafanir til framfylgdar hafa ekki tryggt að farið sé að þeim þá getur lögbært yfirvald í aðildarríki komuhafnar, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi skipafélagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, gefið út skipun um brottvísun, sem skal tilkynnt framkvæmdastjórninni, Siglingaöryggisstofnun Evrópu, öðrum aðildarríkjum og hlutaðeigandi fánaríki. Þegar slík skipun um brottvísun er gefin út skulu öll aðildarríkin, að undanskildu aðildarríkinu sem er fánaríki skipsins, meina skipum sem eru á ábyrgð viðkomandi skipafélags aðgang að höfnum sínum þar til skipafélagið uppfyllir skuldbindingar sínar um innskil í samræmi við 12. gr. Ef skipið siglir undir fána aðildarríkis og kemur til eða er statt í einni af höfnum þess skal hlutaðeigandi aðildarríki, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi skipafélagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, kyrrsetja skipið þar til skipafélagið uppfyllir skuldbindingar sínar um innskil.

Ef skip skipafélags, eins og um getur í fyrstu undirgrein, er statt í einni af höfnum aðildarríkisins sem er fánaríki skipsins getur hlutaðeigandi aðildarríki, eftir að hafa gefið hlutaðeigandi skipafélagi tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar, gefið út úrskurð um farbann á fánaríki þar til skipafélagið uppfyllir skuldbindingar sínar um innskil. Það skal upplýsa framkvæmdastjórnina, Siglingaöryggisstofnun Evrópu og hin aðildarríkin um þetta. Þegar slíkur úrskurður um farbann á fánaríki er gefinn út skulu öll aðildarríkin gera sömu ráðstafanir og krafist er að séu gerðar þegar skipun um brottvísun er gefin út í samræmi við annan málslið fyrstu undirgreinar.

Þessi málsgrein hefur ekki áhrif á alþjóðleg siglingalög sem gilda ef skip er nauðstatt.“

24) Í stað 18. gr. b kemur eftirfarandi:

*„18. gr. b*

**Aðstoð frá framkvæmdastjórninni, Siglingaöryggisstofnun Evrópu og öðrum viðeigandi stofnunum.**

1. Í þeim tilgangi að standa við skuldbindingar sínar skv. 3. gr. c (4. mgr.), 3. gr. g, 3. gr. gd, 3. gr. ge, 3. gr. gf, 3. gr. gg og 18. gr. a geta framkvæmdastjórnin, ábyrgðaraðildarríkið og stjórnsýsluyfirvöld, að því er varðar skipafélag, óskað eftir aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu eða annarrar viðeigandi stofnunar og gert viðeigandi samninga við þessar stofnanir.

2. Framkvæmdastjórnin, með aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, skal leitast við að þróa viðeigandi tól og leiðbeiningar til að greiða fyrir og samræma sannprófunarstörf og framfylgdarstarfsemi sem tengjast beitingu þessarar tilskipunar um sjóflutninga. Eftir því sem unnt er skal gera slíkar leiðbeiningar og tól aðgengileg fyrir aðildarríkin og sannprófendur til að skiptast á upplýsingum og til að tryggja betur trausta framfylgd landsráðstafana til að leiða þessa tilskipun í lög.“

25) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 3. gr. c (6. mgr.), 3. gr. d (3. mgr.), 10. gr. (4. mgr.), 10. gr. a (1. og 8. mgr. og 8. mgr. a), 10. gr. b (5. mgr.), 12. gr. (3. mgr. b), 19. gr. (3. mgr.), 22. gr., 24. gr. (3. mgr.), 24. gr. a (1. mgr.), 25. gr. a (1. mgr.), 28. gr. c og 30. gr. j (1. mgr.), um óákveðinn tíma frá 8. apríl 2018.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 3. gr. c (6. mgr.), 3. gr. d (3. mgr.), 10. gr. (4. mgr.), 10. gr. a (1. og 8. mgr. og 8. mgr. a), 10. gr. b (5. mgr.), 12. gr. (3. mgr. b), 19. gr. (3. mgr.), 22. gr., 24. gr. (3. mgr.), 24. gr. a (1. mgr.), 25. gr. a (1. mgr.), 28. gr. c og 30. gr. j (1. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.“

b) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. gr. c (6. mgr.), 3. gr. d (3. mgr.), 10. gr. (4. mgr.), 10. gr. a (1. og 8. mgr. og 8. mgr. a), 10. gr. b (5. mgr.), 12. gr. (3. mgr. b), 19. gr. (3. mgr.), 22. gr., 24. gr. (3. mgr.), 24. gr. a (1. mgr.), 25. gr. a (1. mgr.), 28. gr. c eða 30. gr. j (1. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

26) Í stað 29. gr. kemur eftirfarandi:

*„29. gr.*

**Skýrsla til að tryggja betri starfsemi kolefnismarkaðarins**

Ef reglubundnar skýrslur um kolefnismarkaðinn, sem um getur í 5. og 6. mgr. 10. gr., innihalda vísbendingar um að kolefnismarkaðurinn starfi ekki eðlilega skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið innan þriggja mánaða. Með skýrslunni má fylgja, eftir því sem við á, tillaga að nýrri löggjöf sem miðar að því að auka gagnsæi og heildstæðni kolefnismarkaðarins, þ.m.t. tengdir afleiðumarkaðir, og fjalla um ráðstafanir til úrbóta til að bæta starfsemi hans sem og til að auka forvarnir og greiningu á markaðssvikastarfsemi.“

27) Í stað 29. gr. a kemur eftirfarandi:

*„29. gr. a*

**Ráðstafanir ef um er að ræða óhóflegar verðsveiflur**

1. Ef meðalverð á losunarheimildum fyrir næstliðna 6 almanaksmánuði er meira en 2,4 sinnum hærra en meðalverð á losunarheimildum fyrir næstliðið tveggja ára viðmiðunartímabil skal taka 75 milljónir losunarheimilda út úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum í samræmi við 7. mgr. 1. gr. ákvörðunar (ESB) 2015/1814.

Verð á losunarheimildum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, að því er varðar losunarheimildir sem falla undir II. og III. kafla, skal vera verðið á uppboðum sem eru haldin í samræmi við framseldar gerðir sem eru samþykktar skv. 4. mgr. 10. gr.

Næstliðna tveggja ára viðmiðunartímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein skal vera tveggja ára tímabilið sem lýkur fyrir fyrsta mánuðinn á sex almanaksmánaðatímabilinu sem um getur í þeirri undirgrein.

Ef skilyrðið í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar er uppfyllt og 2. mgr. gildir ekki skal framkvæmdastjórnin birta tilkynningu þar að lútandi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og tilgreina hvaða dag skilyrðið var uppfyllt.

Framkvæmdastjórnin skal birta, á fyrstu þremur virkum dögum hvers mánaðar, meðalverð á losunarheimildum fyrir næstliðna 6 almanaksmánuði og meðalverð á losunarheimildum fyrir næstliðið tveggja ára viðmiðunartímabil. Ef skilyrðið sem um getur í fyrstu undirgrein er ekki uppfyllt skal framkvæmdastjórnin einnig birta gildið sem meðalverð á losunarheimildum verður að ná í næsta mánuði til að uppfylla skilyrðið sem um getur í þeirri undirgrein.

2. Ef skilyrðið fyrir úttekt losunarheimilda úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum skv. 1. mgr. er uppfyllt skal litið svo á að skilyrðið sem um getur í þeirri málsgrein sé ekki uppfyllt aftur fyrr en í fyrsta lagi 12 mánuðum eftir að fyrri úttekt var lokið.

3. Mæla skal fyrir um ítarlegar ráðstafanir varðandi beitingu ráðstafananna, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, í framseldu gerðunum sem um getur í 4. mgr. 10. gr.“

28) Ákvæðum 30. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Endurskoða skal þessa tilskipun reglulega í ljósi alþjóðlegrar þróunar og viðleitni sem sýnd er við að ná langtímamarkmiðum Parísarsamningsins og viðeigandi skuldbindinga sem leiða af ráðstefnu aðila að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Einnig skal endurskoða reglulega þær ráðstafanir sem gerðar eru til að styðja tiltekinn orkufrekan iðnað þar sem kolefnisleki er líklegur, eins og um getur í 10. gr. a og 10. gr. b í þessari tilskipun, í ljósi loftslagsstefnuráðstafana í öðrum helstu hagkerfunum. Í þessu samhengi skal framkvæmdastjórnin einnig íhuga hvort samræma eigi enn frekar ráðstafanir í tengslum við uppbót fyrir óbeinan kostnað. Endurskoða skal reglulega ráðstafanir sem gilda um geira í aðlögunarkerfinu við landamæri vegna kolefnis í ljósi beitingar á reglugerð (ESB) 2023/956. Fyrir 1. janúar 2028 og annað hvert ár eftir það skal framkvæmdastjórnin, sem hluta af skýrslum sínum til Evrópuþingsins og ráðsins skv. 6. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar, meta áhrifin af aðlögunarkerfinu við landamæri vegna kolefnis á áhættuna á kolefnisleka, þ.m.t. í tengslum við útflutning.

Í skýrslunni skal meta þörfina á að gera viðbótarráðstafanir, þ.m.t. löggjafarráðstafanir, til að taka á áhættum á kolefnisleka. Skýrslunni skal fylgja, eftir því sem við á, tillaga að nýrri löggjöf.“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu í tengslum við hverja hnattræna athugun sem er samþykkt samkvæmt Parísarsamningnum, einkum að því er varðar þörf fyrir viðbótarstefnur og -ráðstafanir Sambandsins í ljósi nauðsynlegs samdráttar á gróðurhúsalofttegundum í Sambandinu og aðildarríkjum þess, þ.m.t. í tengslum við línulega stuðulinn sem um getur í 9. gr. þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin getur, eftir því sem við á, lagt tillögur að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið til að breyta þessari tilskipun, einkum til að tryggja fylgni við markmiðið um loftslagshlutleysi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1119 og loftslagsmarkmið Sambandsins sem mælt er fyrir um í 4. gr. þeirrar reglugerðar. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin, þegar hún gerir tillögur sínar að nýrri löggjöf, m.a. taka til athugunar framreiknaða leiðbeinandi bókhaldsstöðu Sambandsins vegna gróðurhúsalofttegunda fyrir tímabilið frá 2030 til 2050 eins og um getur í 4. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.“

d) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. júlí 2026, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um eftirfarandi málefni og skýrslunni ættu að fylgja, eftir því sem við á, tillaga að nýrri löggjöf og mat á áhrifum:

a) hvernig unnt er að gera grein fyrir neikvæðri losun gróðurhúsalofttegunda sem er fjarlægð úr andrúmsloftinu og geymd á öruggan og varanlegan hátt og hvernig þessi neikvæða losun gæti fallið undir viðskipti með losunarheimildir, ef við á, þ.m.t. skýrt gildissvið og strangar viðmiðanir varðandi slíka rýmkun, og verndarráðstafanir til að tryggja að slík fjarlæging vegi ekki á móti nauðsynlegum samdrætti á losun í samræmi við loftslagsmarkmið Sambandsins sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/1119,

b) hagkvæmni þess að lækka viðmiðunarmörkin 20 MW fyrir samanlagt nafnvarmaafl fyrir starfsemina í I. viðauka frá árinu 2031,

c) hvort gerð er grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda, sem fellur undir þessa tilskipun, á fullnægjandi hátt og hvort komist er hjá tvítalningu með fullnægjandi hætti; einkum skal hún meta hvernig gerð er grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda sem litið er svo á að hafi verið fönguð og notuð í vöru á annan hátt en sem um getur í 3. mgr. b í 12. gr.

6. Við endurskoðun á þessari tilskipun, í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin greina hvernig hægt er að koma á tengingu milli viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og annarra kolefnismarkaða án þess að hamla því að ná fram markmiðinu um loftslagshlutleysi og loftslagsmarkmiðum Sambandsins sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/1119.

7. Eigi síðar en 31. júlí 2026 skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu þar sem hún skal meta hagkvæmni þess að fella stöðvar fyrir brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, þ.m.t. með það fyrir augum að fella þær inn frá 2028, og með mati á hugsanlegri þörf á möguleika aðildarríkis til að fá undanþágu til 31. desember 2030. Að því er þetta varðar skal framkvæmdastjórnin taka tillit til mikilvægis þess að allir geirar leggi sitt af mörkum til samdráttar á losun og þess að úrgangi sé mögulega beint yfir í förgun á urðunarstöðum í Sambandinu og úrgangur fluttur út til þriðju landa. Framkvæmdastjórnin skal að auki taka tillit til viðeigandi viðmiðana, s.s. áhrifanna á innri markaðinn, mögulegrar röskunar á samkeppni, umhverfislegs heillleika, samræmis við markmiðin í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (*) og traustleika og nákvæmni að því er varðar vöktun og útreikning á losun. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á og með fyrirvara um 4. gr. þeirrar tilskipunar, láta tillögu að nýrri löggjöf fylgja þessari skýrslu til að beita ákvæðunum í þessum kafla um leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda og úthlutun og útgáfu viðbótarlosunarheimilda, að því er varðar stöðvar fyrir brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi, og til að koma í veg fyrir að úrgangi sé mögulega beint annað.

Í skýrslunni sem um getur í fyrstu undirgrein skal framkvæmdastjórnin einnig meta möguleikann á því að fella aðra úrgangsstjórnunarferla inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, einkum urðunarstaði sem losa metan og nituroxíð í Sambandinu. Framkvæmdastjórnin getur, eftir því sem við á, einnig látið tillögu að nýrri löggjöf til að fella aðra slíka úrgangsstjórnunarferla inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir fylgja með þessari skýrslu.

---

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).“

29) Eftirfarandi kafla er bætt við á eftir 30. gr.:

„IV. kafli a

Viðskiptakerfi með losunarheimildir fyrir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira

*30. gr. a*

**Gildissvið**

Ákvæðin í þessum kafla gilda um losun, vöktun, leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda, útgáfu og innskil losunarheimilda, vöktun, skýrslugjöf og sannprófun að því er varðar starfsemina sem um getur í III. viðauka. Þessi kafli gildir ekki um losun sem fellur undir II. og III. kafla.

*30. gr. b*

**Leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að frá og með 1. janúar 2025 stundi engir eftirlitsskyldir aðilar þá starfsemi sem um getur í III. viðauka nema viðkomandi eftirlitsskyldur aðili hafi fengið leyfi sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Umsókn eftirlitsskylda aðilans til lögbærs yfirvalds skv. 1. mgr. þessarar greinar um leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt þessum kafla skal a.m.k. innihalda lýsingu á:

a) eftirlitsskylda aðilanum,

b) tegund eldsneytis sem hann afhendir til notkunar og sem er notað til brennslu í þeim geirum sem um getur í III. viðauka og eftir hvaða leið hann afhendir þetta eldsneyti til notkunar,

c) endanlegri notkun eldsneytis sem er afhent til notkunar fyrir starfsemina sem um getur í III. viðauka,

d) ráðstöfunum sem ráðgerðar eru til að vakta losun og gefa skýrslu um hana í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 14. gr. og 30. gr. f,

e) samantekt, sem ekki er á tæknimáli, um upplýsingarnar sem um getur í a- til d-lið þessarar málsgreinar.

3. Lögbært yfirvald skal gefa út leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda þar sem eftirlitsskylda aðilanum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er veitt leyfi til starfseminnar sem um getur í III. viðauka ef lögbæra yfirvaldið er sannfært um að aðilinn sé fær um að vakta og gefa skýrslu um losun sem svarar til þess magns af eldsneyti sem er afhent til notkunar skv. III. viðauka.

4. Eftirfarandi upplýsingar skulu a.m.k. koma fram í leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda:

a) heiti og heimilisfang eftirlitsskylda aðilans,

b) lýsing á því með hvaða hætti eftirlitsskyldi aðilinn afhendir eldsneytið til notkunar í geirum sem falla undir þennan kafla,

c) skrá yfir eldsneyti sem eftirlitsskyldi aðilinn afhendir til notkunar í geirum sem falla undir þennan kafla,

d) áætlun um vöktun sem uppfyllir kröfur sem eru fastsettar með framkvæmdargerðunum sem um getur í 14. gr.,

e) kröfur um skýrslugjöf sem komið er á með framkvæmdargerðunum sem um getur í 14. gr.,

f) skylda til að skila inn losunarheimildum, sem eru gefnar út samkvæmt þessum kafla, sem jafngilda heildarlosun á hverju almanaksári, staðfest í samræmi við 15. gr., innan þess frests sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 30. gr. e.

5. Aðildarríkin geta heimilað eftirlitsskyldum aðilum að uppfæra áætlanir um vöktun án þess að leyfinu sé breytt. Eftirlitsskyldir aðilar skulu leggja allar uppfærðar áætlanir um vöktun fyrir lögbært yfirvald til samþykkis.

6. Eftirlitsskyldur aðili skal upplýsa lögbært yfirvald um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli starfsemi hans eða á eldsneyti sem hann afhendir til notkunar sem geta útheimt uppfærslu á leyfinu til losunar gróðurhúsalofttegunda. Eftir því sem við á skal lögbært yfirvald uppfæra leyfið í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 14. gr. Ef breyting verður á auðkenni eftirlitsskylds aðila sem fellur undir þennan kafla skal lögbært yfirvald uppfæra leyfið til að fella inn heiti og heimilisfang nýja eftirlitsskylda aðilans.

*30. gr. c*

**Fjöldi losunarheimilda í Sambandinu**

1. Fjöldi losunarheimilda í Sambandinu, sem er gefinn út samkvæmt þessum kafla á hverju ári frá 2027, skal minnka línulega frá 2024. Gildið fyrir 2024 skal skilgreint sem losunarmörk, reiknað út á grundvelli viðmiðunarlosunar skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 (*) fyrir geirana sem falla undir þennan kafla og með því að nota línulega samdráttarferilinn [áður línulegt skerðingarferli] fyrir alla losun innan gildissviðs þeirrar reglugerðar. Minnka skal fjöldann á hverju ári eftir 2024 með línulegum samdráttarstuðli sem nemur 5,10% Fyrir 1. janúar 2025 skal framkvæmdastjórnin birta fjölda losunarheimilda í Sambandinu fyrir árið 2027.

2. Fjöldi losunarheimilda í Sambandinu, sem er gefinn út samkvæmt þessum kafla á hverju ári frá 2028, skal minnka línulega frá 2025 á grundvelli meðallosunar sem greint er frá samkvæmt þessum kafla fyrir árin 2024 til 2026. Fækka skal losunarheimildum með línulegum samdráttarstuðli sem nemur 5,38% nema skilyrðin sem sett eru fram í 1. lið III. viðauka a gildi en í því tilviki skal fjöldinn minnkaður með línulegum samdráttarstuðli sem er aðlagaður í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í 2. lið III. viðauka a. Fyrir 30. júní 2027 skal framkvæmdastjórnin birta fjölda losunarheimilda í Sambandinu fyrir 2028 og, ef þess er krafist, aðlagaða línulega samdráttarstuðulinn.

3. Fjöldi losunarheimilda í Sambandinu, sem er gefinn út samkvæmt þessum kafla, skal aðlagaður fyrir hvert ár frá 2028 til að bæta upp magn losunarheimilda sem var skilað inn í tilvikum þar sem ekki var unnt að komast hjá tvítalningu á losun eða ef losunarheimildum var skilað inn fyrir losun sem fellur ekki undir þennan kafla eins og um getur í 5. mgr. 30. gr. f. Aðlögunin skal samsvara heildarfjölda losunarheimilda, sem fellur undir þennan kafla, sem bættur var upp á viðkomandi skýrslugjafarári samkvæmt framkvæmdargerðunum sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 30. gr. f.

4. Aðildarríki sem, skv. 30. gr. j, rýmkar starfsemina sem um getur í III. viðauka einhliða þannig að hún nái yfir geira sem eru ekki skráðir í þann viðauka skulu tryggja að hlutaðeigandi eftirlitsskyldir aðilar leggi, eigi síðar en 30. apríl á viðkomandi ári, tilhlýðilega rökstudda skýrslu fyrir viðkomandi lögbært yfirvald í samræmi við 30. gr. f. Ef framlögð gögn eru tilhlýðilega rökstudd skal lögbært yfirvald tilkynna framkvæmdastjórninni um það eigi síðar en 30. júní á viðkomandi ári. Aðlaga skal fjölda losunarheimilda sem gefa skal út skv. 1. mgr. þessarar greinar, að teknu tilliti til tilhlýðilega rökstuddra skýrslna sem eftirlitsskyldir aðilar leggja fram.

*30. gr. d*

**Uppboð á losunarheimildum fyrir starfsemina sem um getur í III. viðauka**

1. Frá árinu 2027 skulu losunarheimildir, sem falla undir þennan kafla, boðnar upp nema þær séu settar í markaðsstöðugleikavarasjóðinn sem komið var á fót með ákvörðun (ESB) 2015/1814. Losunarheimildirnar sem falla undir þennan kafla skulu boðnar upp aðskilið frá losunarheimildunum sem falla undir II. og III. kafla þessarar tilskipunar.

2. Uppboð á losunarheimildum samkvæmt þessum kafla skal hefjast 2027 með fjölda sem svarar til 130% af fjölda losunarheimilda á uppboði fyrir 2027, ákvarðaður á grundvelli fjölda losunarheimilda í Sambandinu fyrir það ár og viðkomandi uppboðshlutdeildar og -fjölda skv. 3. til 6. mgr. þessarar greinar. 30% viðbótin sem bjóða skal upp skal einungis notuð til að skila inn losunarheimildum skv. 2. mgr. 30. gr. e og heimilt er að bjóða hana upp fram til 31. maí 2028 30% viðbótin skal dregin frá fjölda losunarheimilda á uppboði fyrir tímabilið frá 2029 til 2031. Skilyrðin fyrir uppboðunum, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, skulu fastsett í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 10. gr.

Á árinu 2027 skal stofna 600 milljónir losunarheimilda, sem falla undir þennan kafla, sem eign í markaðsstöðugleikavarasjóðnum skv. 3. mgr. 1. gr. a í ákvörðun (ESB) 2015/1814.

3. 150 milljónir losunarheimilda sem eru gefnar út samkvæmt þessum kafla skulu boðnar upp og allar tekjur af þessum uppboðum skulu vera til ráðstöfunar fyrir félagslega loftslagssjóðinn, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2023/955, fram til 2032.

4. Af þeim fjölda losunarheimilda sem eftir er og með það fyrir augum að mynda, ásamt tekjunum af losunarheimildunum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar og 8. mgr. b í 10. gr. a í þessari tilskipun, hámarksfjárhæð sem nemur 65 000 000 000 evrum skal framkvæmdastjórnin tryggja að viðbótarfjöldi losunarheimilda, sem fellur undir þennan kafla, verði boðinn upp og tekjurnar af þessum uppboðum verði til ráðstöfunar fyrir félagslega loftslagssjóðinn, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2023/955, fram til 2032.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að losunarheimildir, sem eru ætlaðar félagslega loftslagssjóðnum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar og í þessari málsgrein, séu boðnar upp í samræmi við meginreglur og fyrirkomulag sem um getur í 4 mgr. 10. gr. og framseldum gerðum sem eru samþykktar samkvæmt þeirri grein.

Tekjur af uppboði á losunarheimildunum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar og í þessari málsgrein skulu teljast markaðar ytri tekjur í samræmi við 5. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB, KBE) 2018/1046 og skulu notaðar í samræmi við reglurnar sem gilda um félagslega loftslagssjóðinn.

Árleg fjárhæð sem er úthlutað til félagslega loftslagssjóðsins í samræmi við 8. mgr. b í 10. gr. a, 3. mgr. þessarar greinar og þessa málsgrein skal ekki fara yfir:

a) fyrir 2026, 4 000 000 000 evrur,

b) fyrir 2027, 10 900 000 000 evrur,

c) fyrir 2028, 10 500 000 000 evrur,

d) fyrir 2029, 10 300 000 000 evrur,

e) fyrir 2030, 10 100 000 000 evrur,

f) fyrir 2031, 9 800 000 000 evrur,

g) fyrir 2032, 9 400 000 000 evrur.

Ef viðskiptakerfinu með losunarheimildir, sem komið er á fót í samræmi við þennan kafla, er frestað fram til 2028 skv. 30. gr. k skal hámarksfjárhæðin sem skal vera til ráðstöfunar fyrir félagslega loftslagssjóðinn, í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, vera 54 600 000 000 evrur. Í slíku tilviki skulu árlegar fjárhæðir, sem er úthlutað til félagslega loftslagssjóðsins, samanlagt ekki fara yfir 4 000 000 000 evrur á árunum 2026 og 2027 og fyrir tímabilið frá 1. janúar 2028 til 31. desember 2032 skal viðkomandi árleg fjárhæð ekki fara yfir:

a) fyrir 2028, 11 400 000 000 evrur,

b) fyrir 2029, 10 300 000 000 evrur,

c) fyrir 2030, 10 100 000 000 evrur,

d) fyrir 2031, 9 800 000 000 evrur,

e) fyrir 2032, 9 000 000 000 evrur.

Ef tekjur sem eru tilkomnar vegna uppboða sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar eru fastsettar sem eigin tekjur í samræmi við þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) skulu 8. mgr. b í 10. gr. a í þessari tilskipun, 3. mgr. þessarar greinar og þessi málsgrein ekki gilda.

5. Aðildarríkin skulu bjóða upp heildarfjölda losunarheimilda sem fellur undir þennan kafla, eftir að fjöldinn sem er fastsettur í 3. og 4. mgr. þessarar greinar er dreginn frá, og skipta honum á milli sín samkvæmt hlutdeild sem samsvarar hlutdeild viðmiðunarlosunar skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 fyrir þá flokka losunarupptaka sem um getur í b-, c- og d-lið í öðrum lið III. viðauka við þessa tilskipun fyrir meðaltal hlutaðeigandi aðildarríkis á tímabilinu frá 2016 til 2018 eins og var ítarlega yfirfarið skv. 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

6. Aðildarríkin skulu ákvarða hvernig tekjur sem eru tilkomnar vegna uppboða á losunarheimildum, sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, verða notaðar, að undanskildum tekjum sem teljast markaðar ytri tekjur í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar eða tekjur sem er ákvarðað að séu eigin tekjur í samræmi við þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) og færðar í fjárlög Sambandsins. Aðildarríkin skulu nota tekjur sínar, eða jafngildi þessara tekna metið til fjár, í einhverjum þeim tilgangi sem um getur í 3. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar og setja í forgang starfsemi sem getur stuðlað að því að taka á félagslegum þáttum viðskipta með losunarheimildir samkvæmt þessum kafla, eða í eitt eða fleira af eftirfarandi:

a) ráðstafanir sem er ætlað að stuðla að afkolun hitunar og kælingar í byggingum eða að draga úr orkuþörf bygginga, þ.m.t. upptaka endurnýjanlegrar orku og tengdra ráðstafana í samræmi við 7. gr. (11. mgr.), 12. gr. og 20. gr. tilskipunar 2012/27/ESB, sem og ráðstafanir til að veita fjárstuðning til tekjulágra heimila í byggingum sem hafa verstu orkunýtinguna,

b) ráðstafanir sem eru ætlaðar til að hraða útbreiðslu ökutækja með enga losun eða til að veita fjárstuðning til að taka í notkun að fullu rekstrarsamhæfð áfyllingar- og hleðslugrunnvirki fyrir ökutæki með enga losun eða ráðstafanir til að hvetja til að skipt verði yfir í almenningssamgöngur og bæta fjölþættingu eða til að veita fjárstuðning til að fást við félagslega þætti hjá flutningsþegum sem eru með tekjur sem eru lágar eða í meðallagi,

c) til að fjármagna félagslega loftslagsáætlun sína í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2023/955,

d) til að láta í té fébætur til lokaneytenda eldsneytis í tilvikum þar sem ekki var unnt að komast hjá tvítalningu losunar eða ef losunarheimildum hefur verið skilað inn fyrir losun sem fellur ekki undir þennan kafla eins og um getur í 5. mgr. 30. gr. f.

Litið skal svo á að aðildarríkin hafi uppfyllt ákvæðin í þessari málsgrein ef þau eru með til staðar og í framkvæmd skattalega stefnu eða fjárstuðningsstefnu eða stefnu í reglusetningu sem leiðir til fjárstuðnings, sem komið var á fót í tilgangi sem kemur fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, og með virði sem er jafngilt tekjunum, sem um getur í þeirri undirgrein, sem eru tilkomnar vegna uppboða á losunarheimildum sem um getur í þessum kafla.

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um það hvernig tekjum er ráðstafað og um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari málsgrein með því að fella þessar upplýsingar inn í skýrslur sínar sem lagðar eru fram samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1999.

7. Ákvæði 4. og 5. mgr. 10. gr. gilda um losunarheimildir sem eru gefnar út samkvæmt þessum kafla.

*30. gr. e*

**Millifærsla, innskil og ógilding losunarheimilda**

1. Ákvæði 12. gr. gilda um losun, eftirlitsskylda aðila og losunarheimildir sem falla undir þennan kafla, að undanskildum 3. mgr. og 3. mgr. a, öðrum og þriðja málslið 4. mgr. og 5. mgr. þeirrar greinar. Í því skyni:

a) skal líta á sérhverja tilvísun í losun sem tilvísun í losun sem fellur undir þennan kafla,

b) skal líta á sérhverja tilvísun í rekstraraðila stöðva sem tilvísun í eftirlitsskylda aðila sem falla undir þennan kafla,

c) skal líta á sérhverja tilvísun í losunarheimildir sem tilvísun í losunarheimildir sem falla undir þennan kafla.

2. Frá 1. janúar 2028 skulu aðildarríkin tryggja að eigi síðar en 31. maí á hverju ári skili eftirlitsskyldir aðilar inn fjölda losunarheimilda, sem falla undir þennan kafla, sem jafngildir heildarlosun eftirlitsskylda aðilans, sem svarar til magns eldsneytis sem var afhent til notkunar skv. III. viðauka á næstliðnu almanaksári, eins og sannprófað er í samræmi við 15. gr. og 30. gr. f, og að þessar losunarheimildir séu síðan ógiltar.

3. Fram til 31. desember 2030, þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar, ef eftirlitsskyldur aðili með staðfestu í tilteknu aðildarríki fellur undir landsbundinn kolefnisskatt, sem er í gildi fyrir árin 2027 til 2030, sem tekur til starfseminnar sem um getur í III. viðauka getur lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis veitt þessum eftirlitsskylda aðila undanþágu frá þeirri skyldu að skila inn losunarheimildum skv. 2. mgr. þessarar greinar fyrir tiltekið viðmiðunarár að því tilskildu að:

a) hlutaðeigandi aðildarríki tilkynni framkvæmdastjórninni um þennan landsbundna kolefnisskatt, eigi síðar en 31. desember 2023, og að þann dag hafi landslög, þar sem skatthlutfallið sem gildir fyrir árin 2027 til 2030 er fastsett, tekið gildi; hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um allar síðari breytingar á landsbundna kolefnisskattinum,

b) landsbundinn kolefnisskattur fyrir viðmiðunarárið í hlutaðeigandi aðildarríki, sem eftirlitsskyldur aðili greiddi í reynd, er hærri en meðaltal uppboðsverðs í viðskiptakerfinu með losunarheimildir sem er komið á fót samkvæmt þessum kafla,

c) eftirlitsskyldur aðili uppfyllir að fullu skuldbindingarnar um leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda skv. 30. gr. b og um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun varðandi losun sína í 30. gr. f,

d) hlutaðeigandi aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni um beitingu slíkrar undanþágu og samsvarandi fjölda losunarheimilda sem skal ógilda, í samræmi við g-lið þessarar undirgreinar og framseldar gerðir sem eru samþykktar skv. 4. mgr. 10. gr., eigi síðar en 31. maí á árinu eftir viðmiðunarárið,

e) framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við beitingu undanþágunnar, á þeirri forsendu að ráðstöfunin sem tilkynnt er um sé ekki í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessari málsgrein, innan þriggja mánaða frá tilkynningunni skv. a-lið þessarar undirgreinar eða innan mánaðar frá tilkynningunni fyrir viðkomandi ár skv. d-lið þessarar undirgreinar,

f) hlutaðeigandi aðildarríki setur ekki á uppboð þann fjölda losunarheimilda sem um getur í 5. mgr. 30. gr. d fyrir tiltekið viðmiðunarár fyrr en sá fjöldi losunarheimilda sem skal ógilda samkvæmt þessari málsgrein hefur verið ákvarðaður í samræmi við g-lið þessarar undirgreinar; hlutaðeigandi aðildarríki skal ekki setja neitt af viðbótarfjölda losunarheimilda skv. fyrstu undirgrein 2. mgr. 30. gr. d á uppboð,

g) hlutaðeigandi aðildarríki ógildir þann fjölda losunarheimilda af heildarfjölda losunarheimilda sem það skal setja á uppboð, sem um getur í 5. mgr. 30. gr. d, á viðmiðunarárinu, sem svarar til sannprófaðrar losunar viðkomandi eftirlitsskylds aðila samkvæmt þessum kafla fyrir viðmiðunarárið; ef fjöldi losunarheimilda sem á eftir að setja á uppboð á viðmiðunarárinu eftir beitingu f-liðar í þessari undirgrein er undir þeim fjölda losunarheimilda sem skal ógilda samkvæmt þessari málsgrein skal hlutaðeigandi aðildarríki tryggja að það ógildi þann fjölda losunarheimilda sem svarar til mismunarins fyrir lok ársins á eftir viðmiðunarárinu og

h) við fyrstu tilkynninguna skv. a-lið þessarar undirgreinar skuldbindur hlutaðeigandi aðildarríki sig til að nota, fyrir eina eða fleiri ráðstafanir sem eru tilgreindar eða sem um getur í fyrstu undirgrein 6. mgr. 30. gr. d, upphæð sem jafngildir tekjunum sem 6. mgr. 30. gr. d hefði gilt um ef þessi undanþága hefði ekki verið fyrir hendi; önnur og þriðja undirgrein 6. mgr. 30. gr. d gilda og framkvæmdastjórnin skal tryggja að upplýsingar sem tekið er við samkvæmt því séu í samræmi við skuldbindinguna sem gerð er samkvæmt þessum lið.

Fjöldi losunarheimilda sem skal ógilda samkvæmt fyrstu undirgrein g-liðar þessarar málsgreinar skal ekki hafa áhrif á markaðar ytri tekjur sem eru fastsettar skv. 4. mgr. 30. gr. d í þessari tilskipun eða, ef þær voru fastsettar samkvæmt þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), eigin tekjur í fjárlögum Sambandsins samkvæmt tilskipun ráðsins (ESB, KBE) 2020/2053 (**) af tekjum sem eru tilkomnar vegna uppboða á losunarheimildum í samræmi við 30. gr. d í þessari tilskipun.

4. Heimilt er að láta sjúkrahúsum, sem falla ekki undir III. kafla, í té fébætur vegna þess kostnaðar sem er velt yfir á þau vegna innskila á losunarheimildum samkvæmt þessum kafla. Í þeim tilgangi skulu þau ákvæði í þessum kafla sem gilda um tilvik tvítalningar gilda að breyttu breytanda.

*30. gr. f*

**Vöktun, skýrslugjöf, sannprófun á losun og faggilding**

1. Ákvæði 14. og 15. gr. gilda um losun, eftirlitsskylda aðila og losunarheimildir sem falla undir þennan kafla. Í því skyni:

a) skal líta á sérhverja tilvísun í losun sem tilvísun í losun sem fellur undir þennan kafla,

b) skal líta á sérhverja tilvísun í starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka sem tilvísun í starfsemi sem um getur í III. viðauka,

c) skal líta á sérhverja tilvísun í rekstraraðila sem tilvísun í eftirlitsskylda aðila sem falla undir þennan kafla,

d) skal líta á sérhverja tilvísun í losunarheimildir sem tilvísun í losunarheimildir sem falla undir þennan kafla,

e) skal líta á tilvísun í dagsetninguna í 15. gr. sem tilvísun í 30. apríl.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að hver eftirlitsskyldur aðili vakti, fyrir hvert almanaksár frá árinu 2025, losun sem svarar til magns eldsneytis sem er afhent til notkunar skv. III. viðauka. Þau skulu einnig tryggja að hver eftirlitsskyldur aðili gefi lögbæru yfirvaldi skýrslu um þessa losun árið eftir, frá og með árinu 2026, í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 1. mgr. 14. gr.

3. Frá 1. janúar 2028 skulu aðildarríkin tryggja að hver eftirlitsskyldur aðili gefi skýrslu, eigi síðar en 30. apríl á hverju ári fram til 2030, um meðalhlutdeild í kostnaði sem tengist innskilum á losunarheimildum samkvæmt þessum kafla sem er velt yfir á neytendur á næstliðnu ári. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem varða kröfur og sniðmát fyrir þessar skýrslur. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a. Framkvæmdastjórnin skal meta framlagðar skýrslur og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu á hverju ári um niðurstöður sínar. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um að óréttmætar aðferðir séu til staðar að því er varðar kolefniskostnað sem er velt áfram geta tillögur að nýrri löggjöf, eftir því sem við á, sem miða að því að taka á slíkum óréttmætum aðferðum fylgt með skýrslunni.

4. Aðildarríki skulu tryggja að hver eftirlitsskyldur aðili sem er með leyfi í samræmi við 30. gr. b 1. janúar 2025 gefi skýrslu um sögulega losun sína fyrir árið 2024 eigi síðar en 30. apríl 2025.

5. Aðildarríki skulu tryggja að eftirlitsskyldir aðilar geti sanngreint og skráð með áreiðanlegum og nákvæmum hætti, eftir tegund eldsneytis, nákvæmt magn eldsneytis sem er afhent til notkunar, sem er notað til brennslu í geirunum sem um getur í III. viðauka, og endanlega notkun eldsneytis sem eftirlitsskyldir aðilar afhenda til notkunar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að takmarka áhættuna á tvítalningu losunar sem fellur undir þennan kafla og losunar skv. II. og III. kafla sem og áhættu á að losunarheimildum sé skilað inn vegna losunar sem fellur ekki undir þennan kafla.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir varðandi ítarlegar reglur til að komast hjá tvítalningu og að losunarheimildum sé skilað inn vegna losunar sem fellur ekki undir þennan kafla, sem og til að leggja fram fébætur til lokaneytenda eldsneytisins í tilvikum þar sem ekki er hægt að komast hjá slíkri tvítalningu eða innskilum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a. Útreikningur á fébótum fyrir lokaneytendur eldsneytisins skal byggjast á meðalverði á losunarheimildum á uppboðum sem eru haldin í samræmi við framseldar gerðir sem eru samþykktar skv. 4. mgr. 10. gr. á viðkomandi skýrslugjafarári.

6. Meginreglur um vöktun og skýrslugjöf um losun sem fellur undir þennan kafla eru settar fram í C-hluta IV. viðauka.

7. Viðmiðanir um sannprófun losunar sem fellur undir þennan kafla eru settar fram í C-hluta V. viðauka.

8. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa einfaldaðar ráðstafanir að því er varðar vöktun, skýrslugjöf og sannprófun fyrir eftirlitsskylda aðila ef árleg losun þeirra, sem svarar til magns eldsneytis sem er afhent til notkunar, er undir 1000 tonnum af koltvísýringsígildum, í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 1. mgr. 14. gr.

*30. gr. g*

**Stjórnun**

Ákvæði 13. gr., 15. gr. a, 16. gr. (1., 2., 3., 4. og 12. mgr.), 17., 18., 19., 20., 21. og 22. gr., 22. gr. a, 23. gr. og 29 gr. gilda um losun, eftirlitsskylda aðila og losunarheimildir sem falla undir þennan kafla. Í því skyni:

a) skal líta á sérhverja tilvísun í losun sem tilvísun í losun sem fellur undir þennan kafla,

b) skal líta á sérhverja tilvísun í rekstraraðila sem tilvísun í eftirlitsskylda aðila sem falla undir þennan kafla,

c) skal líta á sérhverja tilvísun í losunarheimildir sem tilvísun í losunarheimildir sem falla undir þennan kafla.

*30. gr. h*

**Ráðstafanir ef um er að ræða óhóflega verðhækkun**

1. Ef meðalverð á losunarheimildum á uppboðum sem eru haldin í samræmi við framseldar gerðir sem eru samþykktar skv. 4. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar er, í meira en þrjá mánuði samfellt, meira en tvöfalt hærra en meðalverð á losunarheimildum á næstliðnum sex mánuðum samfellt á uppboðum á losunarheimildum sem falla undir þennan kafla skal taka 50 milljónir losunarheimilda, sem falla undir þennan kafla, út úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum í samræmi við 7. mgr. 1. gr. a í ákvörðun (ESB) 2015/1814.

Að því er varðar árin 2027 og 2028 skal skilyrðið sem um getur í fyrstu undirgrein uppfyllt ef meðalverð á losunarheimildum, í meira en þrjá mánuði samfellt, er meira en 1,5 sinnum hærra en meðalverð á losunarheimildum á viðmiðunartímabilinu á næstliðnum sex mánuðum samfellt.

2. Ef meðalverð á losunarheimildum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fer yfir 45 evrur í tvo mánuði samfellt skal taka 20 milljónir losunarheimilda, sem falla undir þennan kafla, út úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum í samræmi við 7. mgr. 1. gr. a í ákvörðun (ESB) 2015/1814. Vísitölubinding sem byggist á evrópskri vísitölu neysluverðs fyrir 2020 skal gilda. Losunarheimildir skulu teknar út með fyrirkomulaginu sem kveðið er á um í þessari málsgrein fram til 31. desember 2029.

3. Ef meðalverð á losunarheimildum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er meira en þrefalt hærra en meðalverð á losunarheimildum á næstliðnum sex mánuðum samfellt skal taka 150 milljónir losunarheimilda, sem falla undir þennan kafla, út úr markaðsstöðugleikavarasjóðnum í samræmi við 7. mgr. 1. gr. a í ákvörðun (ESB) 2015/1814.

4. Ef skilyrðið sem um getur í 2. mgr. var uppfyllt sama dag og skilyrðið sem um getur í 1. eða 3. mgr. skulu viðbótarlosunarheimildir einungis teknar skv. 1. eða 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 31. desember 2029 þar sem hún metur hvort fyrirkomulagið, sem um getur í 2. mgr., hefur reynst skilvirkt og hvort það eigi að halda því áfram. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, láta tillögu að nýrri löggjöf til að breyta þessari tilskipun til að aðlaga þetta fyrirkomulag fylgja með þessari skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins.

6. Ef eitt eða fleiri af skilyrðunum sem um getur í 1., 2. eða 3. mgr. hafa verið uppfyllt og leitt til úttektar losunarheimilda skal ekki taka út viðbótarlosunarheimildir samkvæmt þessari grein fyrr en í fyrsta lagi 12 mánuðum eftir það.

7. Ef skilyrðið sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar var uppfyllt aftur á seinni helmingi 12 mánaða tímabilsins sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin, með aðstoð nefndarinnar sem komið var á fót skv. 44. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999, meta skilvirkni ráðstöfunarinnar og getur ákveðið, með framkvæmdargerð, að 6. mgr. þessarar greinar skuli ekki gilda. Þessi framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a í þessari tilskipun.

8. Ef eitt eða fleiri af skilyrðunum sem um getur í 1., 2. eða 3. mgr. hafa verið uppfyllt og 6. mgr. gildir ekki skal framkvæmdastjórnin tafarlaust birta tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* varðandi dagsetninguna þegar skilyrðið eða skilyrðin voru uppfyllt.

9. Aðildarríki sem falla undir skuldbindinguna um að leggja fram áætlun um aðgerðir til úrbóta í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2018/842 skulu taka tilhlýðilegt tillit til áhrifanna af úttekt viðbótarlosunarheimilda skv. 2. mgr. þessarar greinar á næstliðnum tveimur árum þegar þau íhuga viðbótaraðgerðir, sem skal koma til framkvæmda eins og um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar, til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þeirri reglugerð.

*30. gr. i*

**Endurskoðun þessa kafla**

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 1. janúar 2028, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd ákvæðanna í þessum kafla að því er varðar skilvirkni þeirra, stjórnun og beitingu í reynd, þ.m.t. um beitingu reglnanna samkvæmt ákvörðun (ESB) 2015/1814. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, láta tillögu að nýrri löggjöf til að breyta þessum kafla fylgja þessari skýrslu. Eigi síðar en 31. október 2031 skal framkvæmdastjórnin meta hagkvæmni þess að fella geira, sem falla undir III. viðauka við þessa tilskipun, inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sem tekur til geiranna sem eru tilgreindir í I. viðauka við þessa tilskipun.

*30. gr. j*

**Málsmeðferðarreglur vegna einhliða rýmkunar á starfseminni sem um getur í III. viðauka þannig að hún nái yfir aðra geira sem falla ekki undir II. og III. kafla**

1. Frá árinu 2027 er aðildarríkjunum heimilt að rýmka starfsemina sem um getur í III. viðauka þannig að hún nái yfir geira sem eru ekki tilgreindir í þeim viðauka og beita þar með viðskiptum með losunarheimildir í samræmi við þennan kafla í slíkum geirum, að teknu tilliti til allra viðeigandi viðmiðana, einkum áhrifa á innri markaðinn, mögulegrar röskunar á samkeppni, umhverfislegs heillleika viðskiptakerfisins með losunarheimildir, sem er komið á fót samkvæmt þessum kafla, og áreiðanleika fyrirhugaðs vöktunar- og skýrslugjafarkerfis, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin samþykki að bæta starfseminni við sem um getur í þeim viðauka.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun að því er varðar samþykki fyrir rýmkun, eins og um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, leyfi fyrir útgáfu viðbótarlosunarheimilda og leyfi annarra aðildarríkja til að rýmka starfsemina sem um getur í III. viðauka. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir slíkar framseldar gerðir getur hún einnig bætt við rýmkunina með frekari reglum sem gilda um ráðstafanir til að taka á mögulegum tilvikum tvítalningar, þ.m.t. varðandi útgáfu á viðbótarlosunarheimildum til að bæta upp losunarheimildir sem er skilað inn vegna notkunar á eldsneyti í starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka. Hvers konar fjárhagsráðstafanir aðildarríkjanna í þágu fyrirtækja í geirum og undirgeirum sem eru útsettir fyrir raunverulegri áhættu á kolefnisleka vegna umtalsverðs óbeins kostnaðar, sem er stofnað til vegna kostnaðar við losun gróðurhúsalofttegunda sem er velt út í eldsneytisverð vegna einhliða rýmkunar, skulu vera í samræmi við reglur um ríkisaðstoð og skulu ekki valda óþarfa röskun á samkeppni á innri markaði.

2. Viðbótarlosunarheimildir sem eru gefnar út samkvæmt leyfi samkvæmt þessari grein skulu boðnar upp í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 30. gr. d. Þrátt fyrir 1. til 6. mgr. 30. gr. d skulu aðildarríki sem hafa einhliða rýmkað starfsemina, sem um getur í III. viðauka, í samræmi við þessa grein ákvarða hvernig tekjur sem eru tilkomnar vegna uppboða á þessum viðbótarlosunarheimildum verða notaðar.

*30. gr. k*

**Frestun viðskipta með losunarheimildir í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum fram til 2028 ef til þess kemur að orkuverð verður sérlega hátt**

1. Eigi síðar en 15. júlí 2026 skal framkvæmdastjórnin birta tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* að því er varðar hvort annað eða bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) meðaltal TTF-gasverðs á sex almanaksmánuðum, sem lýkur 30. júní 2026, var hærra en meðaltal TTF-gasverðs í febrúar og mars 2022,

b) meðalverð Brent-hráolíu á sex almanaksmánuðum, sem lýkur 30. júní 2026, var meira en tvöfalt meðalverð Brent-hráolíu á næstliðnum fimm árum; fimm ára viðmiðunartímabilið skal vera fimm ára tímabilið sem lýkur fyrir fyrsta mánuðinn á tímabilinu sex almanaksmánuðum.

2. Ef annað eða bæði skilyrðin sem um getur í 1. mgr. eru uppfyllt skulu eftirfarandi reglur gilda:

a) þrátt fyrir 1. mgr. 30. gr. c er fyrsta árið, sem fjöldi losunarheimilda í Sambandinu er fastsettur fyrir, árið 2028 og, þrátt fyrir 3. mgr. 30. gr. c er fyrsta árið, sem fjöldi losunarheimilda í Sambandinu er aðlagaður fyrir, árið 2029,

b) þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 30. gr. d skal upphafi uppboða á losunarheimildum samkvæmt þessum kafla frestað til 2028,

c) þrátt fyrir 2. mgr. 30. gr. d skal draga viðbótarfjölda losunarheimilda fyrir fyrsta uppboðsárið frá fjölda losunarheimilda á uppboði fyrir tímabilið frá 2030 til 2032 og upphafleg eign í markaðsstöðugleikavarasjóðnum skal stofnuð 2028,

d) þrátt fyrir 2. mgr. 30. gr. e skal seinka frestinum fyrir upphafleg innskil losunarheimilda til 31. maí 2029 að því er varðar heildarlosun á árinu 2028,

e) þrátt fyrir 30. gr. i skal seinka fresti framkvæmdastjórnarinnar til að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu til 1. janúar 2029.

---

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 (Stjtíð. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 26).

(**) Ákvörðun ráðsins (ESB, KBE) 2020/2053 frá 14. desember 2020 um tekjuöflunarkerfi Evrópusambandsins og um niðurfellingu á ákvörðun 2014/335/ESB, KBE (Stjtíð. ESB L 424, 15.12.2020, bls. 1).“

30) Eftirfarandi kafla er bætt við:

„IV. kafli b

Vísindaleg ráðgjöf og sýnileiki fjármögnunar

*30. gr. l*

**Vísindaleg ráðgjöf**

Evrópsku vísindaráðgjafarnefndinni um loftslagsbreytingar (hér á eftir nefnd ráðgjafarnefndin), sem komið var á fót skv. 10. gr. a í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 401/2009 (*), er heimilt, að eigin frumkvæði, að veita vísindalega ráðgjöf og gefa út skýrslur varðandi þessa tilskipun. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til viðkomandi ráðgjafar og skýrslna ráðgjafarnefndarinnar, einkum að því er varðar:

a) þörf fyrir viðbótarstefnur og -ráðstafanir Sambandsins til að tryggja fylgni við almennu og sértæku markmiðin sem um getur í 3. mgr. 30. gr. þessarar tilskipunar,

b) þörf fyrir viðbótarstefnur og -ráðstafanir Sambandsins í ljósi samkomulags um hnattrænar ráðstafanir innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til að draga úr loftslagsáhrifum flugstarfsemi og um metnað og umhverfislegan heillleika hnattrænnar markaðstengdar ráðstöfunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem um getur í 3. gr. gg í þessari tilskipun.

*30. gr. m*

**Upplýsingar, miðlun og kynning**

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja sýnileika fjármögnunar úr uppboðstekjum viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, sem um getur í 8. mgr. 10. gr. a, með því að:

a) tryggja að þeir sem njóta góðs af slíkri fjármögnun hafi uppruna þessarar fjármögnunar í huga og tryggi sýnileika fjármögnunar Sambandsins, einkum þegar þeir kynna verkefnin og niðurstöður þeirra, með því að veita samfellda, skilvirka og hlutfallslega markvissa upplýsingamiðlun til ýmissa hópa, þ.m.t. fjölmiðlar og almenningur, og

b) tryggja að viðtakendur slíkrar fjármögnunar noti viðeigandi merkimiða sem á stendur „(sam-)fjármagnað af viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (nýsköpunarsjóðurinn)“, sem og táknmynd Sambandsins og upphæð fjármögnunar; ef ekki er framkvæmanlegt að nota þennan merkimiða skal geta um nýsköpunarsjóðinn í öllu samskiptastarfi, þ.m.t. á tilkynningatöflum á mikilvægum stöðum sem eru aðgengilegir almenningi.

Framkvæmdastjórnin skal, í framseldu gerðinni sem um getur í 8. mgr. 10. gr. a, setja fram nauðsynlegar kröfur til að tryggja sýnileika fjármögnunar frá nýsköpunarsjóðnum, þ.m.t. krafa um að geta um þennan sjóð.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að sýnileiki fjármögnunar úr uppboðstekjum viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, sem um getur í 10. gr. d, svari til þess sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. með kröfu um að geta um nútímavæðingarsjóðinn.

3. Aðildarríkin skulu leitast við, að teknu tilliti til landsbundinna aðstæðna, að tryggja sýnileika uppruna fjármögnunar á aðgerðum eða verkefnum sem eru fjármögnuð úr uppboðstekjum viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir sem þau ákveða notkunina á í samræmi við 3. gr. d (4. mgr.), 10. gr. (3. mgr.) og 30. gr. d (6. mgr).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 401/2009 frá 23. apríl 2009 um Umhverfisstofnun Evrópu og evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetið á sviði umhverfismála (Stjtíð. ESB L 126, 21.5.2009, bls. 13).“

31) Ákvæðum I. viðauka, II. viðauka b og V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun og III. viðauka og III. viðauka a er bætt við tilskipun 2003/87/EB eins og sett er fram í I. viðauka við þessa tilskipun.

*2. gr.*

**Breytingar á ákvörðun (ESB) 2015/1814**

Ákvörðun (ESB) 2015/1814 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin skal birta heildarfjölda losunarheimilda í umferð ár hvert fyrir 1. maí á eftirfarandi ári. Heildarfjöldi losunarheimilda í umferð á tilteknu ári skal vera samanlagður fjöldi losunarheimilda sem er gefinn út að því er varðar stöðvar og skipafélög og ekki settur í varasjóðinn á tímabilinu eftir 1. janúar 2008, þ.m.t. fjöldi losunarheimilda sem var gefinn út skv. 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2003/87/EB, í þeirri útgáfu sem var í gildi 18. mars 2018, á því tímabili og réttindi til að nota alþjóðlegar inneignir sem stöðvar sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir nýttu fram til 31. desember á því tiltekna ári, að frádregnum samanlögðum tonnum af sannprófaðri losun frá stöðvum og skipafélögum sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir frá 1. janúar 2008 til 31. desember á þessu sama tiltekna ári og allar losunarheimildir sem eru gerðar ógildar í samræmi við 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Ekki skal taka með í reikninginn losun á þriggja ára tímabilinu, sem hófst árið 2005 og lauk 2007, eða losunarheimildir sem eru gefnar út í tengslum við þá losun. Fyrsta birtingin skal fara fram eigi síðar en 15. maí 2017.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4a. Frá og með 2024 skal útreikningur á heildarfjölda losunarheimilda í umferð á tilteknu ári innihalda samanlagðan fjölda losunarheimilda sem er gefinn út að því er varðar flugstarfsemi og samanlögð tonn sannprófaðrar losunar frá flugstarfsemi samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að undanskilinni losun frá flugferðum sem falla undir jöfnun sem er reiknuð út skv. 6. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB frá 1. janúar 2024 til 31. desember á þessu sama tiltekna ári.

Losunarheimildir sem eru gerðar ógildar skv. 3. gr. gb. í tilskipun 2003/87/EB teljast útgefnar að því er varðar útreikning á heildarfjölda losunarheimilda í umferð.“

c) Í stað 5. mgr. og 5. mgr. a kemur eftirfarandi:

„5. Ef heildarfjöldi losunarheimilda í umferð á tilteknu ári er á bilinu frá 833 milljónir til 1096 milljónir skal draga fjölda losunarheimilda sem er jafn og mismunurinn milli heildarfjölda losunarheimilda í umferð, eins og sett er fram í síðustu birtingu sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, og 833 milljónir frá þeim fjölda losunarheimilda sem aðildarríkin skulu bjóða upp skv. 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB og skal hann færður í varasjóðinn á 12 mánaða tímabili sem hefst 1. september það ár. Ef heildarfjöldi losunarheimilda í umferð er meiri en 1096 milljónir losunarheimilda skal fjöldi losunarheimilda sem skal draga frá þeim fjölda losunarheimilda sem aðildarríkin skulu bjóða upp skv. 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB og sem færa skal í varasjóðinn á 12 mánaða tímabili, sem hefst 1. september það ár, nema 12% af heildarfjölda losunarheimilda í umferð. „Þrátt fyrir annan málslið þessarar undirgreinar skal hundraðshlutinn, sem um getur í þeim málslið, tvöfaldaður til 31. desember 2030.“

Með fyrirvara um heildarfjölda losunaheimilda sem skal dreginn frá samkvæmt þessari málsgrein fram til 31. desember 2030 skal ekki taka losunarheimildir, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, með í reikninginn þegar hlutdeild aðildarríkjanna í heildarfjöldanum er ákvörðuð.

5a. Frá og með árinu 2023 skulu losunarheimildir, sem eru varðveittar í varasjóðnum, sem eru umfram 400 milljónir losunarheimilda, ekki vera lengur í gildi nema annað sé ákveðið í fyrstu endurskoðun sem fram fer í samræmi við 3. gr.“

d) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Ef 6. mgr. þessarar greinar gildir ekki á tilteknu ári og skilyrðið í 1. mgr. 29. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er uppfyllt skal taka 75 milljónir losunarheimilda út úr varasjóðnum og bæta þeim við þann fjölda losunarheimilda sem aðildarríkin skulu bjóða upp skv. 2. mgr. 10. gr. þeirrar tilskipunar. Ef færri en 75 milljónir losunarheimilda eru í varasjóðnum skal taka allar losunarheimildirnar út úr varasjóðnum samkvæmt þessari málsgrein. Ef skilyrðið í 1. mgr. 29. gr. a í þeirri tilskipun er uppfyllt skal fjöldanum, sem taka skal út úr varasjóðnum í samræmi við þá grein, skipt jafnt

yfir þriggja mánaða tímabil sem hefst eigi síðar en tveimur mánuðum eftir þann dag sem skilyrðið í 1. mgr. 29. gr. a í þeirri tilskipun er uppfyllt, eins og framkvæmdastjórnin tilkynnir um í samræmi við fjórðu undirgrein tilskipunarinnar.“

2) Eftirfarandi grein er bætt við:

*„1. gr. a*

**Starfræksla markaðsstöðugleikavarasjóðsins fyrir geira bygginga og flutninga á vegum og aðra geira**

1. Losunarheimildir sem falla undir IV. kafla a í tilskipun 2003/87/EB skulu settar í og teknar út úr aðskildum hluta varasjóðsins sem komið er á fót skv. 1. gr. þessarar ákvörðunar í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í þessari grein.

2. Setning losunarheimilda í varasjóðinn samkvæmt þessari grein fer fram frá 1. september 2028. Losunarheimildir sem falla undir IV. kafla a í tilskipun 2003/87/EB skulu settar í, varðveittar í og teknar út úr varasjóðnum aðskilið frá losunarheimildunum sem falla undir 1. gr. þessarar ákvörðunar.

3. Á árinu 2027 skal stofna hlutann, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 32. gr. d í tilskipun 2003/87/EB. Frá 1. janúar 2031 skulu losunarheimildir, sem um getur í þeirri undirgrein, sem hafa ekki verið teknar út úr varasjóðnum ekki vera lengur í gildi.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta heildarfjölda losunarheimilda í umferð sem falla undir IV. kafla a í tilskipun 2003/87/EB, ár hvert fyrir 1. júní á eftirfarandi ári, aðskilið frá fjölda losunarheimilda í umferð skv. 4. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar. Heildarfjöldi losunarheimilda í umferð samkvæmt þessari grein á tilteknu ári skal vera samanlagður fjöldi losunarheimilda sem falla undir þann kafla, sem eru gefnar út á tímabilinu frá 1. janúar 2027, að frádregnum samanlögðum tonnum af sannprófaðri losun sem falla undir þann kafla á tímabilinu frá 1. janúar 2027 til 31. desember á þessu sama tiltekna ári og allar losunarheimildir, sem falla undir þann kafla, sem eru gerðar ógildar í samræmi við 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Fyrsta birtingin skal fara fram eigi síðar en 1. júní 2028.

5. Ef heildarfjöldi losunarheimilda í umferð á tilteknu ári, eins og sett er fram í síðustu birtingu sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, er meiri en 440 milljónir losunarheimilda skal draga 100 milljónir losunarheimilda frá þeim fjölda losunarheimilda sem fellur undir IV. kafla a í tilskipun 2003/87/EB, sem aðildarríkin skulu bjóða upp skv. 30. gr. d í þeirri tilskipun, og skal hann færður í varasjóðinn á 12 mánaða tímabili sem hefst 1. september það ár.

6. Ef heildarfjöldi losunarheimilda í umferð á tilteknu ári er lægri en 210 milljónir skal taka 100 milljónir losunarheimildir, sem falla undir IV. kafla a í tilskipun 2003/87/EB, út úr varasjóðnum og bæta þeim við þann fjölda losunarheimilda, sem fellur undir þann kafla, sem aðildarríkin skulu bjóða upp skv. 30. gr. d í þeirri tilskipun. Ef færri en 100 milljónir losunarheimilda eru í varasjóðnum skal taka allar losunarheimildirnar út úr varasjóðnum samkvæmt þessari málsgrein.

7. Fjöldanum sem taka skal út úr varasjóðnum í samræmi við 30. gr. h í tilskipun 2003/87/EB skal bætt við þann fjölda losunarheimilda, sem fellur undir IV. kafla a í þeirri tilskipun, sem aðildarríkin skulu bjóða upp skv. 30. gr. d í þeirri tilskipun. Fjöldanum sem taka skal út úr varasjóðnum skal skipt jafnt yfir þriggja mánaða tímabili sem hefst eigi síðar en tveimur mánuðum eftir þann dag sem skilyrðin voru uppfyllt samkvæmt birtingunni að því er þetta varðar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* skv. 8. mgr. 30. gr. h í tilskipun 2003/87/EB.

8. Ákvæði 8. mgr. 1. gr. og 3. gr. þessarar ákvörðunar gilda um losunarheimildir sem falla undir IV. kafla a í tilskipun 2003/87/EB.

9. Þrátt fyrir 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, ef annað eða bæði skilyrðin sem um getur í 1. mgr. 30. gr. k í tilskipun 2003/87/EB eru uppfyllt, skal setning losunarheimilda í varasjóðinn, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, fara fram frá 1. september 2029 og seinka skal dagsetningunum, sem um getur í 3. og 4. mgr. þessarar greinar, um eitt ár.“

3) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

*„3. gr.*

**Endurskoðun**

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með starfsemi varasjóðsins í tengslum við skýrsluna sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Í skýrslunni ætti að taka tillit til viðkomandi áhrifa á samkeppnishæfni, einkum í iðnaðargeiranum, m.a. í tengslum við vísa fyrir verga landsframleiðslu, atvinnu og fjárfestingar. Innan þriggja ára frá því að starfsemi varasjóðsins hefst og á fimm ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli greiningar á eðlilegri starfsemi evrópska kolefnismarkaðsins, endurskoða varasjóðinn og leggja fram tillögu að löggjöf, eftir því sem við á, fyrir Evrópuþingið og ráðið. Í hverri endurskoðun skal leggja sérstaka áherslu á hundraðshlutatöluna, sem er notuð til að fastsetja þann fjölda losunarheimilda sem skal færa í varasjóðinn skv. 5. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar, tölugildi viðmiðunarmarka fyrir heildarfjölda losunarheimilda í umferð, þ.m.t. með það fyrir augum að aðlaga mögulega þessi viðmiðunarmörk í samræmi við línulega stuðulinn sem um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB, sem og fjölda losunarheimilda sem taka skal út úr varasjóðnum skv. 6. eða 7. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar. Við endurskoðunina skal framkvæmdastjórnin einnig athuga áhrif varasjóðsins á vöxt, atvinnu og samkeppnishæfni iðnaðar í Sambandinu og á áhættu á kolefnisleka.“

*3. gr.*

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 1. gr. þessarar tilskipunar eigi síðar en 31. desember 2023. Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 1. janúar 2024.

Aðildarríkin skulu þó samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að eftirfarandi greinum eigi síðar en 30. júní 2024:

a) ákvæðum ae- til ai-liðar í 3. lið 1. gr. þessarar tilskipunar,

b) ákvæðum 29. liðar 1. gr. þessarar tilskipunar, að undanskilinni 4. mgr. 30. gr. f í tilskipun 2003/87/EB, í þeirri útgáfu sem er bætt við með þeim lið, og

c) ákvæðum 31. liðar 1. gr. þessarar tilskipunar að því er varðar III. viðauka og III. viðauka a við tilskipun 2003/87/EB, í þeirri útgáfu sem er bætt við með þeim lið.

Þau skulu tafarlaust upplýsa framkvæmdastjórnina um ráðstafanir sem eru samþykktar í samræmi við fyrstu og aðra undirgrein.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*4. gr.*

**Umbreytingarákvæði**

Þegar aðildarríkin fara að skuldbindingum sínum, sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, skulu þau tryggja að landslöggjöf þeirra til lögleiðingar á 3. gr. (u-liður), 10. gr. a (3. og 4. mgr.), 10. gr. c (7. mgr.) og 1. og 3. lið I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, í þeirri útgáfu sem var í gildi 4. júní 2023, gildi áfram til 31. desember 2025. Þrátt fyrir síðasta málslið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 3. gr. skulu þau beita landsráðstöfunum sínum til lögleiðingar á breytingum á þessum ákvæðum frá 1. janúar 2026.

*5. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

*6. gr.*

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 10. maí 2023.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| R. METSOLA | J. ROSWALL |
| *forseti.* | *forseti.* |

*VIÐAUKI*

1) Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Stöðvar eða hlutar þeirra, sem eru notaðir fyrir rannsóknir, þróun og prófun á nýjum vörum og aðferðum, falla ekki undir þessa tilskipun. Stöðvar þar sem, á næstliðnu viðkomandi fimm ára tímabili sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 11. gr., losun frá brennslu á lífmassa, sem uppfyllir viðmiðanirnar sem eru settar fram skv. 14. gr., stuðlar að meðaltali að meira en 95% af samanlögðu meðaltali losunar á gróðurhúsalofttegundum falla ekki undir þessa tilskipun.“

b) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Þegar heildarnafnvarmaafl stöðvar er reiknað út til þess að ákveða hvort hún verði tekin með í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skal leggja saman nafnvarmaafl allra tæknieininga, sem eru hluti af því, í stöðinni þar sem eldsneyti er brennt. Þessar einingar geta tekið til allra tegunda katla, brennara, hverfla, hitara, bræðsluofna, brennsluofna, glæðingarofna, hitunarofna, þurrkofna, hreyfla, efnarafala, tengibrunaeininga, afgasloga og eftirbrennara eða hvarfakúta. Einingar, sem hafa nafnvarmaafl undir 3 MW teljast ekki með við þessa útreikninga.“

c) Töflunni er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu línu kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „Bruni eldsneytis í stöðvum með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW (að undanskildum stöðvum til brennslu á hættulegum úrgangi eða heimilis- og rekstrarúrgangi)<br>Frá 1. janúar 2024, bruni eldsneytis í stöðvum, til brennslu á heimilis- og rekstrarúrgangi, með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW, að því er varðar 14. og 15. gr. | Koltvísýringur“ |

ii. Í stað annarrar línu kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „Hreinsun á olíu þar sem í rekstri eru brennslueiningar með heildarnafnvarmaafli sem er yfir 20 MW | Koltvísýringur“ |

iii. Í stað fimmtu línu kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „Framleiðsla á járni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa, þar sem afkastagetan er meiri en 2,5 tonn á klukkustund | Koltvísýringur“ |

iv. Í stað sjöundu línu kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „Framleiðsla á hrááli eða áloxíði | Koltvísýringur og perflúorókolefni“ |

v. Í stað fimmtándu línu kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „Þurrkun eða glæðing á gifsi eða framleiðsla á gifsplötum og öðrum gifsvörum þar sem framleiðslugeta á brenndu gifsi eða þurrkuðu endurunnu gifsi fer samtals yfir 20 tonn á dag | Koltvísýringur“ |

vi. Í stað átjándu línu kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „Framleiðsla kinroks, sem felur í sér kolun á lífrænum efnum á borð við olíu, tjöru og sundrunar- og eimingarleif, þar sem framleiðslugetan er meiri en 50 tonn á dag | Koltvísýringur“ |

vii. Í stað tuttugustu og fjórðu línu kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „Framleiðsla á vetni ($H_2$) og tilbúnu gasi þar sem framleiðslugetan er meiri en 5 tonn á dag | Koltvísýringur“ |

viii. Í stað tuttugustu og sjöundu línu kemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| „Flutningar á gróðurhúsalofttegundum til geymslu í jörðu á geymslusvæði sem hefur hlotið leyfi samkvæmt tilskipun 2009/31/EB, að þeirri losun undanskilinni sem fellur undir aðra starfsemi samkvæmt þessari tilskipun | Koltvísýringur“ |

ix. Eftirfarandi línu er bætt við á eftir síðustu nýju línunni með línu til aðgreiningar inn á milli:

| | |
|---|---|
| „Sjóflutningar<br>Sjóflutningastarfsemi sem fellur undir reglugerð (ESB) 2015/757, að undanskilinni sjóflutningastarfsemi sem fellur undir 1. mgr. a í 2. gr. og, fram til 31. desember 2026, 1. mgr. b í 2. gr. þeirrar reglugerðar | Koltvísýringur<br>Frá 1. janúar 2026, metan og nituroxíð“ |

2) Í stað II. viðauka b við tilskipun 2003/87/EB kemur eftirfarandi:

*„II. VIÐAUKI b*

A-HLUTI

ÚTHLUTUN FJÁRMAGNS ÚR NÚTÍMAVÆÐINGARSJÓÐNUM SAMKVÆMT ÞRIÐJU UNDIRGREIN 1. MGR. 10. GR.

| | Hlutur |
|---|---|
| Búlgaría | 5,84% |
| Tékkland | 15,59% |
| Eistland | 2,78% |
| Króatía | 3,14% |
| Lettland | 1,44% |
| Litáen (Lietuva) | 2,57% |
| Ungverjaland | 7,12% |
| Pólland | 43,41% |
| Rúmenía | 11,98% |
| Slóvakía | 6,13% |

B-HLUTI

ÚTHLUTUN FJÁRMAGNS ÚR NÚTÍMAVÆÐINGARSJÓÐNUM SAMKVÆMT FJÓRÐU UNDIRGREIN 1. MGR. 10. GR.

| | Hlutur |
|---|---|
| Búlgaría | 4,9% |
| Tékkland | 12,6% |
| Eistland | 2,1% |
| Grikkland | 10,1% |
| Króatía | 2,3% |
| Lettland | 1,0% |
| Litáen (Lietuva) | 1,9% |
| Ungverjaland | 5,8% |
| Pólland | 34,2% |
| Portúgal | 8,6% |
| Rúmenía | 9,7% |
| Slóvakía | 4,8% |
| Slóvenía | 2,0%“. |

3) Eftirfarandi viðaukum er bætt við sem III. viðauka og III. viðauka a við tilskipun 2003/87/EB

*„III. VIÐAUKI*

**STARFSEMI SEM FELLUR UNDIR IV. KAFLA A**

| Starfsemi | Gróðurhúsalofttegundir |
|---|---|
| Afhending eldsneytis til notkunar, sem er notað til brennslu í geirum bygginga og flutninga á vegum og öðrum geirum Þessi starfsemi felur ekki í sér:<br>a) afhendingu eldsneytis til notkunar, sem er notað í starfseminni sem er tilgreind í I. viðauka, nema til notkunar til brennslu í tengslum við flutninga gróðurhúsalofttegunda til geymslu í jörðu, eins og sett er fram í 27. línu töflunnar í þeim viðauka, eða til notkunar til brennslu í stöðvum sem eru undanskildar skv. 27. gr. a,<br>b) afhendingu eldsneytis til notkunar, sem er með losunarstuðulinn núll,<br>c) afhendingu hættulegs úrgangs eða heimilis- og rekstrarúrgangs til notkunar, sem er notaður sem eldsneyti.<br>Geirar bygginga og flutninga á vegum skulu svara til eftirfarandi upptaka losunar, sem eru skilgreind í leiðbeiningum milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006, með nauðsynlegum aðlögunum á þessum skilgreiningum sem hér segir:<br>a) Samþætt varma- og raforkuvinnsla (kóði upptakaflokks 1A1a ii) og varmaorkuver (kóði upptakaflokks A1a iii), að því marki sem þau framleiða varma fyrir flokkana í c- og d-lið þessarar málsgreinar, annaðhvort beint eða gegnum fjarhitunarkerfi. | Koltvísýringur |
| b) Flutningar á vegum (kóði upptakaflokks 1A3b), að undanskilinni notkun á landbúnaðar-ökutækjum á vegum með bundnu slitlagi.<br>c) Verslun/stofnanir (kóði upptakaflokks 1A4a).<br>d) Íbúðarhúsnæði (kóði upptakaflokks 1A4b). | |

| Starfsemi | Gróðurhúsalofttegundir |
|---|---|
| Aðrir geirar skulu svara til eftirfarandi upptaka losunar, sem eru skilgreind í leiðbeiningum milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006:<br>a) Orkuiðnaður (kóði upptakaflokks 1A1), að undanskildum flokkunum sem eru skilgreindir í a-lið annarrar málsgreinar þessa viðauka.<br>b) Framleiðsluiðnaður og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (kóði upptakaflokks 1A2). | |

*III. VIÐAUKI a*

**AÐLÖGUN Á LÍNULEGA SAMDRÁTTARSTUÐLINUM Í SAMRÆMI VIÐ 2. MGR. 30. GR. C**

1. Ef meðallosun sem gefin er skýrsla um skv. IV. kafla a fyrir árin 2024 til 2026 er meira en 2% hærri en gildið fyrir magnið 2025, sem er skilgreint í samræmi við 1. mgr. 30. gr. c, og ef þessi mismunur stafar ekki af mismun sem nemur minna en 5% milli losunar sem gefin er skýrsla um skv. IV. kafla a og bókhaldsgagna 2025 yfir losun gróðurhúsalofttegunda í Sambandinu frá upptakaflokkum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar fyrir geira sem falla undir IV. kafla a skal reikna línulega samdráttarstuðulinn út með því að aðlaga línulega samdráttarstuðulinn sem um getur í 1. mgr. 30. gr. c.

2. Aðlagaði línulegi samdráttarstuðullinn í samræmi við 1. lið skal ákvarðaður sem hér segir:

$LRF_{adj} = 100\%* [MRV_{[2024-2026]} – (ESR_{[2024]} - 6* LRF[_{2024}]* ESR_{[2024]})]/ (5* MRV_{[2024-2026]})$, þar sem,
$LRF_{adj}$ er aðlagaður línulegur samdráttarstuðull,
$MRV_{[2024-2026]}$ er meðaltal sannprófaðrar losunar skv. IV. kafla a fyrir árin 2024 til 2026,
$ESR_{[2024]}$ er gildi fyrir losun 2024, skilgreind í samræmi við 1. mgr. 30. gr. c, fyrir geirana sem falla undir IV. kafla a,
$LRF[_{2024}]$ er línulegi samdráttarstuðullinn sem um getur í 1. mgr. 30. gr. c.“

4) Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er breytt sem hér segir:

a) Í A-hluta er liðnum „Útreikningar“ breytt sem hér segir:

i. Í stað síðasta málsliðar í þriðju málsgrein, „Losunarstuðull fyrir lífmassa skal vera núll“ kemur eftirfarandi:

„Losunarstuðull fyrir lífmassa, sem er í samræmi við viðmiðanir um sjálfbærni og viðmiðanir um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir notkun á lífmassa sem eru fastsettar í tilskipun (ESB) 2018/2001, með aðlögunum sem eru nauðsynlegar vegna beitingar samkvæmt þessari tilskipun, eins og sett er fram í framkvæmdargerðum sem um getur í 14. gr. þessarar tilskipunar, skal vera núll.“

ii. Í stað fimmtu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Nota skal sjálfgefna oxunarstuðla samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB nema rekstraraðilinn geti sýnt fram á að stuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, séu nákvæmari.“

b) Í stað síðasta málsliðar, „Losunarstuðull fyrir lífmassa skal vera núll“, í fjórðu málsgrein í B-hluta í liðnum „Vöktun á losun koltvísýrings“ kemur eftirfarandi:

„Losunarstuðull fyrir lífmassa, sem er í samræmi við viðmiðanir um sjálfbærni og viðmiðanir um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda fyrir notkun á lífmassa sem eru fastsettar í tilskipun (ESB) 2018/2001, með aðlögunum sem eru nauðsynlegar vegna beitingar samkvæmt þessari tilskipun, eins og sett er fram í framkvæmdargerðum sem um getur í 14. gr. þessarar tilskipunar, skal vera núll.“

c) Eftirfarandi hluta er bætt við:

„C-HLUTI

**Vöktun og skýrslugjöf um losun sem svarar til starfseminnar sem um getur í III. viðauka**

Vöktun losunar

Vakta skal losun með útreikningum.

Útreikningur

Reikna skal út losun með því að nota eftirfarandi formúlu:

Eldsneyti afhent til notkunar × losunarstuðull

Eldsneyti afhent til notkunar skal taka til magns eldsneytis sem eftirlitsskyldur aðili afhendir til notkunar.

Nota skal sjálfgefna losunarstuðla milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar, sem eru teknir úr leiðbeiningum milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) um landsbókhald yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006 eða síðari uppfærslum á þessum leiðbeiningum, nema eldsneytissértækir losunarstuðlar, sem óháðar rannsóknarstofur sem hafa fengið faggildingu hafa greint með því að nota viðurkenndar greiningaraðferðir, séu nákvæmari.

Sérstakir útreikningar skulu gerðir fyrir hvern eftirlitsskyldan aðila og hverja tegund eldsneytis.

Skýrslugjöf um losun

Hver eftirlitsskyldur aðili skal láta eftirfarandi upplýsingar koma fram í skýrslu sinni:

A. Auðkennisgögn um eftirlitsskylda aðilann, þ.m.t.:

— heiti eftirlitsskylda aðilans,

— heimilisfang hans, þ.m.t. póstnúmer og land,

— tegund eldsneytis sem hann afhendir til notkunar og með hvaða starfsemi hann afhendir eldsneyti til notkunar, þ.m.t. tækni sem er notuð,

— heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og netfang tengiliðar og

— heiti eiganda eftirlitsskylda aðilans og móðurfélags, ef við á.

B. Fyrir hverja tegund eldsneytis sem er afhent til notkunar og sem er notað til brennslu í geirunum, sem um getur í III. viðauka, sem losun er reiknuð út fyrir:

— magn eldsneytis sem er afhent til notkunar,

— losunarstuðlar,

— heildarlosun,

— endanleg notkun eldsneytis sem er afhent til notkunar og

— óvissa.

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að samræma kröfur um skýrslugjöf öllum öðrum gildandi kröfum er varða skýrslugjöf í því skyni að halda skýrslugjafarbyrði fyrirtækja í lágmarki.“

5) Í V. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er eftirfarandi hluta bætt við:

„C-HLUTI

**Sannprófun á losun sem svarar til starfseminnar sem um getur í III. viðauka**

Almennar meginreglur

1. Losun sem svarar til starfseminnar sem um getur í III. viðauka skal falla undir sannprófun.

2. Í sannprófunarferlinu skal taka tillit til skýrslunnar sem samin var skv. 3. mgr. 14. gr. og til vöktunar á næstliðnu ári. Það skal byggjast á áreiðanleika, trúverðugleika og nákvæmni vöktunarkerfanna og þeim gögnum og upplýsingum sem lögð hafa verið fram um losun og einkum:

a) eldsneyti, sem greint var frá, sem var afhent til notkunar og tengdir útreikningar,

b) val á losunarstuðlum og notkun þeirra,

c) útreikningar til ákvörðunar á heildarlosun.

3. Einungis má fullgilda uppgefna losun ef unnt er að ákvarða hana með mjög mikilli vissu út frá áreiðanlegum og trúverðugum gögnum og upplýsingum. Mjög mikil vissa felur í sér að eftirlitsskyldur aðili þarf að sýna fram á:

a) að ekkert ósamræmi sé í uppgefnum gögnum,

b) að gagna hafi verið aflað í samræmi við viðeigandi vísindalegar kröfur og

c) að viðeigandi skrár um eftirlitsskylda aðilann séu tilbúnar og ekkert vanti í þær.

4. Sannprófandinn skal hafa aðgang að öllum stöðum og upplýsingum sem varða viðfangsefni sannprófunarinnar.

5. Sannprófandinn skal taka tillit til þess hvort eftirlitsskyldi aðilinn er skráður samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS).

Aðferðafræði

Stefnumiðuð greining

6. Sannprófunin skal byggjast á skipulegri greiningu á öllu magni eldsneytis sem eftirlitsskyldur aðili afhendir til notkunar. Sannprófandinn verður þar af leiðandi að hafa yfirsýn yfir alla starfsemi þar sem eftirlitsskyldi aðilinn afhendir eldsneyti til notkunar og mikilvægi þess í tengslum við losun.

Greining á vinnsluferli

7. Sannprófun á framlögðum gögnum og upplýsingum skal fara fram, eftir því sem við á, á staðnum þar sem eftirlitsskyldi aðilinn er. Sannprófandinn skal beita skyndikönnunum til að ákvarða áreiðanleika uppgefinna gagna og upplýsinga.

Áhættugreining

8. Sannprófandinn skal leggja fram allar leiðir eftirlitsskylda aðilans til að afhenda eldsneyti til notkunar, til mats á áreiðanleika gagna um heildarlosun eftirlitsskylda aðilans.

9. Á grundvelli þessarar greiningar skal sannprófandinn tilgreina á skýran hátt alla þætti þar sem hætta á skekkju er mikil og aðra þætti vöktunar- og skýrslugjafarferlisins sem geta stuðlað að skekkju við ákvörðun á heildarlosuninni. Þetta á sérstaklega við um nauðsynlega útreikninga til að ákvarða losun frá hverjum upptakastað. Sérstakri athygli skal beint að þáttum þar sem hætta á skekkju er mikil og að fyrrnefndum þáttum vöktunarferlisins.

10. Sannprófandinn skal taka tillit til hvers kyns skilvirkra áhættustjórnunaraðferða sem eftirlitsskyldi aðilinn hefur beitt í því skyni að draga úr óvissu eins og framast er kostur.

Skýrsla

11. Sannprófandinn skal skrifa skýrslu um fullgildingarferlið þar sem fram kemur hvort skýrslan skv. 3. mgr. 14. gr. er fullnægjandi. Í skýrslunni skal tilgreina öll atriði sem varða það starf sem unnið er. Heimilt er gefa yfirlýsingu þess efnis að skýrslan skv. 3. mgr. 14. gr. sé fullnægjandi ef sannprófandinn telur að ekki sé um að ræða rangfærslur að því er varðar heildarlosunina.

Lágmarkskröfur um hæfni sannprófanda

12. Sannprófandinn skal vera óháður eftirlitsskylda aðilanum, sinna starfi sínu á traustan og fagmannlegan hátt og kunna skil á eftirfarandi:

a) ákvæðum þessarar tilskipunar, svo og tilheyrandi stöðlum og leiðbeiningum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 1. mgr. 14. gr.,

b) lagalegum kröfum, kröfum samkvæmt reglum og stjórnsýslukröfum sem varða þá starfsemi sem sannprófuð er og

c) öflun allra upplýsinga sem tengjast öllum leiðum eftirlitsskylda aðilans til að afhenda eldsneyti til notkunar, einkum um söfnun, mælingu og útreikninga gagna og skýrslugjöf um þau.“

_____

**ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/852** **2024/EES/11/68**

**frá 19. apríl 2023**

**um breytingu á ákvörðun (ESB) 2015/1814 að því er varðar fjölda losunarheimilda sem skal setja í markaðsstöðugleikavarasjóðinn fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda fram til 2030 (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Parísarsamningurinn ([4]) sem var samþykktur 12. desember 2015 samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) öðlaðist gildi 4. nóvember 2016. Aðilar að Parísarsamningnum hafa samþykkt að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Sú skuldbinding var styrkt, samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, með samþykkt loftslagssáttmálans í Glasgow (e. Glasgow Climate Pact) 13. nóvember 2021 þar sem ráðstefna aðilanna að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem er fundur aðilanna að Parísarsamningnum viðurkennir að áhrif loftslagsbreytinga verði miklu minni við 1,5 °C hækkun á hitastigi samanborið við 2 °C og einsetur sér að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C.

2) Brýna þörfin fyrir að halda markmiði Parísarsamningsins um 1,5 °C virku varð ennþá mikilvægari í kjölfar niðurstaðna milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar í sjöttu matsskýrslu sinni um að einungis sé unnt að takmarka hnattræna hlýnun við 1,5 °C ef gripið er tafarlaust til kröftugs og aukins samdráttar á hnattrænni losun gróðurhúsalofttegunda innan þessa áratugar.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019 um „Grænt samkomulag í Evrópu“ liggur það til grundvallar að takast á við loftslags- og umhverfistengdar áskoranir og ná markmiðum Parísarsamningsins.

4) Grænt samkomulag í Evrópu sameinar víðtækar ráðstafanir sem styrkja hver aðra og framtaksverkefni sem miða að því að ná fram loftslagshlutleysi í Sambandinu fyrir 2050 og þar er sett fram ný vaxtarstefna sem miðar að því að umbreyta Sambandinu í sanngjarnt og velmegandi samfélag, með nútímalegt, auðlindanýtið og samkeppnishæft hagkerfi, þar sem hagvöxtur er aftengdur nýtingu auðlinda. Markmiðið með því er einnig að vernda, varðveita og efla náttúruauð Sambandsins og vernda heilbrigði og velsæld borgaranna fyrir umhverfistengdri áhættu og áhrifum. Á sama tíma nær þessi umbreyting til kynjajafnréttisþátta og hefur einnig sérstök áhrif á suma hópa sem standa höllum fæti og viðkvæma

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 110, 25.4.2023, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 152, 6.4.2022, bls. 175.

([2]) Stjtíð. ESB C 301, 5.8.2022, bls. 116.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. mars 2023 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 28. mars 2023.

([4]) Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4.

hópa, s.s. eldra fólk, fatlað fólk og fólk í minnihlutahópum að því er varðar kynþátt eða þjóðerni og einstaklinga og heimili með tekjur sem eru lágar eða í meðallagi. Hún hefur einnig í för með sér meiri áskoranir fyrir tiltekin svæði, einkum svæði þar sem erfiðleikar eru við uppbyggingu og jaðarsvæði, sem og fyrir eyjar. Þar af leiðandi verður að tryggja að umbreytingin sé réttlát og fyrir alla þannig að enginn verði skilinn eftir.

5) Nauðsyn þess og gildi að koma Grænu samkomulagi í Evrópu til framkvæmda hafa einungis aukist í ljósi mjög alvarlegra áhrifa COVID-19-heimsfaraldursins á heilbrigði, lífskjör og vinnuskilyrði og velsæld borgara í Sambandinu. Þessi áhrif hafa sýnt að þjóðfélag okkar og hagkerfi okkar verða að bæta viðnámsþrótt sinn með tilliti til utanaðkomandi áfalla og bregðast snemma við til að koma í veg fyrir eða til mótvægis við utanaðkomandi áföll á þann hátt að það sé réttlátt og leiði til þess að enginn verði skilinn eftir, þ.m.t. þeir sem eru í áhættu á orkufátækt. Evrópskir borgarar halda áfram að láta í ljós sterkar skoðanir á því að þetta gildi einkum um loftslagsbreytingar.

6) Sambandið skuldbatt sig til að draga úr nettólosun Sambandsins á gróðurhúsalofttegundum í öllu hagkerfinu um a.m.k. 55% fyrir 2030, samanborið við gildin á árinu 1990, í uppfærða landsákvarðaða framlaginu sem var lagt fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 17. desember 2020.

7) Með samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 ([5]) fastsetti Sambandið markmið í löggjöfina um loftslagshlutleysi í öllu hagkerfinu fyrir 2050 og markmið um að ná fram neikvæðri losun eftir það. Í þeirri reglugerð er einnig fastsett bindandi markmið Sambandsins um samdrátt í nettólosun gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (losun eftir að upptaka hefur verið dregin frá) sem nemur a.m.k. 55%, samanborið við gildi ársins 1990, fyrir 2030 og kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli leitast við að aðlaga öll drög að markmiðum eða löggjöf í framtíðinni, þ.m.t. tillögur að fjárhagsáætlunum, að markmiðunum í þeirri reglugerð og, ef um ósamræmi er að ræða, að láta ástæðurnar fyrir slíku ósamræmi fylgja sem hluta af matinu á samkvæmni sem um getur í þessari málsgrein.

8) Allar greinar atvinnulífsins verða að leggja sitt af mörkum til að ná fram þeim samdrætti á losun sem er fastsettur með reglugerð (ESB) 2021/1119. Þess vegna ætti að aðlaga metnaðinn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (EU ETS), sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([6]), þannig að hann verði í samræmi við markmiðið um samdrátt á nettólosun gróðurhúsalofttegunda í öllu hagkerfinu fyrir 2030, markmiðið um að ná fram loftslagshlutleysi fyrir 2050 og markmiðið um að ná fram neikvæðri losun eftir það eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/1119.

9) Í því skyni að takast á við kerfislægt ójafnvægi milli framboðs á og eftirspurnar eftir losunarheimildum á markaðnum var, með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 ([7]), komið á fót markaðsstöðugleikavarasjóð (hér á eftir nefndur varasjóðurinn) árið 2018 sem hefur verið starfandi síðan 2019. Með fyrirvara um frekari endurskoðanir á varasjóðnum sem hluta af almennri endurskoðun á tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun (ESB) 2015/1814 árið 2023 ætti framkvæmdastjórnin að fylgjast stöðugt með starfsemi varasjóðsins og tryggja að varasjóðurinn þjóni áfram sínum tilgangi ef um er að ræða ófyrirsjáanleg utanaðkomandi áföll í framtíðinni. Sterkur og framsýnn varasjóður er nauðsynlegur til að tryggja heilleika viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og stýra viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir með skilvirkum hætti til að það geti stuðlað að því, sem stjórntæki, að ná fram markmiðum Sambandsins um loftslagshlutleysi eigi síðar en fyrir 2050 og markmiðinu um að ná fram neikvæðri losun eftir það eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/1119.

10) Varasjóðurinn virkar þannig að hann stuðlar að breytingum á árlegum fjölda losunarheimilda sem skal bjóða upp. Í því skyni að viðhalda eins miklum fyrirsjáanleika og hægt er voru fastsettar skýrar reglur um færslu losunarheimilda í varasjóðinn og úttekt þeirra úr honum með ákvörðun (ESB) 2015/1814.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 („evrópsku loftslagslögin“) (Stjtíð. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

([7]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 264, 9.10.2015, bls. 1).

11) Í ákvörðun (ESB) 2015/1814 er kveðið á um að ef heildarfjöldi losunarheimilda í umferð er yfir fastsettu efri viðmiðunarmörkunum skuli draga fjölda losunarheimilda, sem samsvarar tilteknu hlutfalli af þessum heildarfjölda losunarheimilda, frá fjölda losunarheimilda sem skal bjóða upp og færa þær í varasjóðinn. Ef hins vegar heildarfjöldi losunarheimilda í umferð er undir fastsettu neðri viðmiðunarmörkunum skal taka fjölda losunarheimilda út úr varasjóðnum til handa aðildarríkjum og bæta við þann fjölda losunarheimilda sem skal fara á uppboð.

12) Ákvörðun (ESB) 2015/1814 var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 ([8]) með því að tvöfalda hlutfallið, sem nota skal til að ákvarða fjölda losunarheimilda sem á að setja í varasjóðinn á hverju ári, úr 12% í 24% til 31. desember 2023 í þeim tilgangi að senda trúverðuga fjárfestingarvísbendingu um að minnka koltvísýringslosun á kostnaðarhagkvæman hátt. Sú breyting var samþykkt í tengslum við fyrra loftslagsmarkmið Sambandsins fyrir 2030 um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá öllu hagkerfinu um a.m.k. 40%, samanborið við gildin árið 1990.

13) Í samræmi við ákvörðun (ESB) 2015/1814 átti framkvæmdastjórnin að framkvæma sína fyrstu endurskoðun á varasjóðnum á grundvelli greiningar á eðlilegri starfsemi evrópska kolefnismarkaðsins innan þriggja ára frá því að starfsemi varasjóðsins hófst og, eftir því sem við á, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

14) Við endurskoðun á varasjóðnum, sem framkvæmd var í samræmi við ákvörðun (ESB) 2015/1814, gaf framkvæmdastjórnin sérstakan gaum að hlutfallinu sem er notað til að ákvarða fjölda losunarheimilda sem færa skal í varasjóðinn sem og að tölugildi viðmiðunarmarka fyrir heildarfjölda losunarheimilda í umferð og fjölda losunarheimilda sem taka skal út úr varasjóðnum.

15) Greiningin sem framkvæmd var í tengslum við endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á varasjóðnum og væntanlega þróun sem skiptir máli fyrir kolefnismarkaðinn sýnir fram á að hlutfall sem nemur 12% af heildarfjölda losunarheimilda í umferð, sem er notað til að fastsetja þann fjölda losunarheimilda sem skal færa í varasjóðinn á hverju ári eftir 2023, er ófullnægjandi til að koma í veg fyrir umtalsverða aukningu á umframfjölda losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Það að viðhalda hlutfalli sem nemur 24 % í þessari ákvörðun ætti ekki að hafa áhrif á frekari endurskoðanir á varasjóðnum, þ.m.t., ef við á, frekari endurskoðun á hlutfallinu sem er notað til að ákvarða þann fjölda losunarheimilda sem skal færa í varasjóðinn sem hluti af almennri endurskoðun á tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun (ESB) 2015/1814.

16) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar ákvörðunar, þ.e. að halda áfram með núverandi mæliþætti fyrir varasjóðinn sem var komið á fót samkvæmt tilskipun (ESB) 2018/410, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessu markmiði.

17) Því ætti að breyta ákvörðun (ESB) 2015/1814 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

**Breyting á ákvörðun (ESB) 2015/1814**

Í stað síðasta málsliðar í fyrstu undirgrein 5. mgr. 1. gr. ákvörðunar (ESB) 2015/1814 kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir fyrsta og annan málslið þessarar undirgreinar skal tvöfalda hlutföllin og þær 100 milljónir losunarheimilda sem um getur í þessum málsliðum til 31. desember 2030.“

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 (Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).

*2. gr.*

**Gildistaka**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 19. apríl 2023.

| | |
|---|---|
| *Fyrir hönd Evrópuþingsins,* | *Fyrir hönd ráðsins,* |
| R. METSOLA | J. ROSWALL |
| *forseti.* | *forseti.* |

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/2526** **2024/EES/11/69**

**frá 23. september 2022**

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 að því er varðar bráðabirgðageymslu kvikasilfursúrgangs í vökvaformi** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 frá 17. maí 2017 um kvikasilfur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1102/2008 ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með 11. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 var fastsett að telja skuli kvikasilfur og kvikasilfurssambönd, hvort sem þau eru í hreinu formi eða í blöndum, sem eru upprunnin frá fjórum stórum upptökum sem eru tilgreind í þeirri grein, til úrgangs í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([2]) sem er ætlaður til endanlegrar förgunar.

2) Í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 er þess krafist að kvikasilfursúrgangur, þ.m.t. úrgangur sem myndast í hlutaðeigandi fjórum stórum upptökum, skuli fara í gegnum sértækar meðhöndlunaraðgerðir áður en endanleg förgun fer fram, þ.e. umbreytingu og, ef ætlunin er að farga honum varanlega í aðstöðu ofanjarðar, umbreytingu og storknun.

3) Með 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 er leyft, þrátt fyrir a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 1999/31/EB ([3]), að kvikasilfursúrgangur í vökvaformi sem bíður umbreytingar og storknunar sé geymdur tímabundið á sérstökum og til þess búnum urðunarstöðum til 31. desember 2022 í samræmi við kröfur um umhverfisvernd og heilsuvernd manna sem settar eru fram í tilskipun 1999/31/EB.

4) Upplýsingar sem aðildarríkin greindu frá í maí 2022 bentu til þess að yfir 2000 tonn af kvikasilfursúrgangi í vökvaformi væru eftir í bráðabirgðageymslu í Sambandinu og að þörf væri á lengri tíma fyrir umbreytingu og storknun þessa úrgangs. Framlenging á leyfilegu tímabili fyrir slíka geymslu til 31. desember 2025 er talin nauðsynleg til að tryggja að bráðabirgðageymsla á urðunarstöðum verði áfram í samræmi við gildandi kröfur sem settar eru fram í tilskipun 1999/31/EB.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2017/852 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 kemur eftirfarandi:

„Undanþágan, sem sett er fram í fyrstu undirgrein, skal falla úr gildi frá og með 1. janúar 2026.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 22.12.2022, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 341/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([3]) Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1).

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1327** **2024/EES/11/70**

**frá 23. júní 2023**

**um að veita heitinu „Canelli“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Ítalía sendi um skráningu heitisins „Canelli“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Canelli“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Heitinu „Canelli“ (VUT) er hér með veitt vernd.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júní 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Fyrir hönd forsetans,*

Janusz WOJCIECHOWSKI

*framkvæmdastjóri.*

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 62. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 344/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 43, 6.2.2023, bls. 5.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1418** **2024/EES/11/71**

**frá 30. júní 2023**

**um að veita heitinu „Pic Saint-Loup“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ([1]), einkum 99. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Frakkland sendi um skráningu heitisins „Pic Saint-Loup“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ([2]).

2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.

3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Pic Saint-Loup“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Heitinu „Pic Saint-Loup“ (VUT) er hér með veitt vernd.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 344/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

([2]) Stjtíð. ESB C 53, 13.2.2023, bls. 22.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Fyrir hönd forsetans,*

Janusz WOJCIECHOWSKI

*framkvæmdastjóri.*

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/661** **2024/EES/11/72**

**frá 26. apríl 2018**

**um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/750 um samræmingu á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Sambandsins að því er varðar rýmkun ákvörðunarinnar þannig að hún taki til samhæfðra tíðnisviða 1427-1452 MHz og 1492-1517 Mhz**

*(tilkynnt með númeri C(2018) 2286)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar), ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB ([2]) var komið á fót stefnuáætlun til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf (RSPP) þar sem sett er það markmið að skilgreina í Sambandinu, eigi síðar en 2015, a.m.k. 1200 MHz tíðniróf sem hentar fyrir þráðlaust breiðband, þ.m.t. tíðniróf sem þegar er í notkun, á grundvelli skrárinnar yfir tíðniróf.

2) Í áliti sínu frá 20. febrúar 2013 um þær mikilvægu áskoranir sem Evrópa stendur frammi fyrir til að mæta vaxandi eftirspurn eftir tíðnirófi fyrir þráðlaust breiðband ([3]) mælti stefnuhópurinn um fjarskiptatíðniróf (RSPG) með því að tíðnisviðið 1427-1452 MHz fyrir þráðlaust breiðband yrði metið, eftir 2015, sem framlenging á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz. Stefnuhópurinn um fjarskiptatíðniróf lagði enn fremur áherslu á áskoranir í tengslum við hugsanlega úthlutun tíðnisviðanna 1427-1452 MHz og 1492-1518 MHz fyrir þráðlaust breiðband, þar eð þessi tíðnisvið eru nú þegar notuð í hernaðarlegum tilgangi og fyrir fasta þráðlausa þjónustu á jörðu niðri. Stefnuhópurinn um fjarskiptatíðniróf lagði til frekari athugun á notkun tíðnisviðsins 1492-1518 MHz með hliðsjón af niðurstöðu heimsráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins árið 2015 (WRC-15).

3) Á heimsráðstefnu Alþjóðafjarskiptasambandsins 2015 voru tíðnisviðin 1427-1452 MHz og 1492-1518 MHz auðkennd til notkunar fyrir alþjóðleg farsímafjarskipti um allan heim. Á svæði 1 í Alþjóðafjarskiptasambandinu, þ.m.t. í Evrópusambandinu, er þessum tíðnisviðum, eða hlutum þeirra, úthlutað til farstöðvaþjónustu, að frátalinni farstöðvaþjónustu fyrir flug og fastaþjónustu, og til geimrekstrarþjónustu frá jörð og út í geim, á samhliða grunni. Að auki hafa sum aðildarríki úthlutað tíðnisviðiðinu 1452-1518 MHz til dagskrárgerðar og notkunar fyrir sérstaka viðburði.

4) Hinn 15. mars 2017 veitti framkvæmdastjórnin Samtökum póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu umboð, skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunarinnar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar, til þess að þróa samræmd tækniskilyrði fyrir notkun viðbótartíðnisviða á tíðnisviðinu 1,5 Ghz, þ.e. 1427-1452 MHz og 1492-1518 MHz, til að stuðla að notkun þeirra fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband á jörðu niðri innan Sambandsins.

5) Hinn 16. nóvember 2017, sem svar við því umboði, gáfu Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu út 65. skýrslu sína ([4]), með tillögu um samræmd tækniskilyrði fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem einskorðast við aðgrein fyrir tíðnisviðin 1427-1452 MHz og 1492-1517 MHz, með tilliti til úthlutunar tíðnisviðsins 1452-1492 MHz

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 110, 30.4.2018, bls. 127. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 194/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 4.3.2021, bls. 29.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB frá 14. mars 2012 um að koma á stefnuáætlun til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf (Stjtíð. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 7).

([3]) Skjal RSPG 13-521 endursk. 1.

([4]) Skýrsla Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu nr. 65, sem var samþykkt 17. nóvember 2017, leiðrétt 2. mars 2018.

innan alls Sambandsins samkvæmt samræmdum tækniskilyrðum fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu samkvæmt framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/750 ([1]).

6) Úthlutun tíðnisviðanna 1427-1452 MHz og 1492-1517 Mhz innan alls Sambandsins fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem einskorðast við aðgrein ætti að stuðla að því að markmiðum fyrir tíðniróf í stefnuáætluninni til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf verði náð fyrir þráðlaust breiðband með því að bæta 50 MHz við tíðnirófið. Notkun sem einskorðast við aðgreinar er mikilvæg leið til að bregðast við ósamhverfni í gagnaskiptum með því að efla afkastagetu þráðlauss breiðbandskerfis að því er varðar aðgreinar, þ.m.t. til að veita 5G-þjónustu.

7) Í samræmi við tilmælin í 65. skýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu ættu aðildarríkin að hafa landsbundinn sveigjanleika til að nota hluta af tíðnisviðunum 1427-1452 MHz og 1492-1517 MHz til að koma til móts við alþjóðlega hernaðarsamninga ([2]) eða til að bregðast við – með tímanlegum hætti – sérstökum landsbundnum þörfum til að veita áframhaldandi fasta, þráðlausa þjónustu á jörðu niðri. Í þessu tilliti er í skýrslunni lögð áhersla á að ekki sé mögulegt að starfrækja farsíma- og fastaþjónustu á sama tíðnisviðinu. Af þessu leiðir að endurúthlutun þessara tíðnisviða á landsvísu, sem svar við eftirspurn eftir rafrænni fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem einskorðast við aðgreinar, er flókið ferli þar sem þörf er á viðeigandi tímaramma.

8) Þegar landsbundinn sveigjanleiki er nýttur ættu aðildarríki að setja samfellt tíðniróf (e. *contiguous spectrum*) í forgang fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem einskorðast við aðgreinar, þ.m.t. tíðnisviðið 1452-1492 MHz, til að greiða fyrir meiri rásabandbreidd 5G-þjónustu, stærðarhagkvæmni búnaðar, samhliða tilvist þjónustu á aðliggjandi tíðnisviðum sem og tíðnisamræmingu.

9) Með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að skipuleggja notkun tíðnirófa í þágu allsherjarreglu, almannaöryggis og varnarmála, skv. 4. mgr. 1. gr. ákvörðunarinnar um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar, ættu aðildarríkin að úthluta tíðnisviðunum 1427-1452 MHz og 1492-1517 Mhz, að því marki sem mögulegt er, til rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem einskorðast við aðgreinar.

10) Veiting rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem einskorðast við aðgreinar á öllu tíðnisviðinu 1427-1517 MHz ætti að byggjast á samræmdu rásafyrirkomulagi og lágmarks-, þ.e. minnst takmarkandi, tækniskilyrðum til að hlúa að innri markaðnum, draga úr skaðlegum truflunum og tryggja tíðnisamræmingu.

11) Tæknilegu skilyrðin og fyrirkomulagið, sem lögð eru til í 65. skýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu, kveða einnig á um samhliða tilvist þráðlausrar breiðbandsþjónustu og þjónustu á aðliggjandi tíðnisviðum.

12) Einkum tryggja tæknilegu skilyrðin og fyrirkomulagið, s.s. takmarkanir á óæskilegu útgeisluðu afli, að þráðlaus breiðbandsnotkun á tíðnisviðinu 1427-1517 MHz veiti viðeigandi vernd fyrir útvarpsstjörnufræðiþjónustu og óvirka jarðkönnunarþjónustu um gervihnött á tíðnisviðinu 1400-1427 MHz , og fyrir farstöðvaþjónustu um gervihnött á tíðnisviðinu 1518-1559 MHz . Þörf kann að vera á frekari ráðstöfunum á landsvísu til að efla samhliða tilvist þjónustu á aðliggjandi tíðnisviðum 1400-1427 MHz og 1518-1559 MHz, s.s. í kringum flugvelli, hafnir við sjó og jarðstöðvar sem notaðar eru til að taka á móti merkjum við leit og björgun sem er miðlað um gervihnött. Auk þess er þörf á að bæta móttökugetu farjarðstöðva í samræmi við markmið og kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB ([3]).

13) Með tilliti til þess að hlutar af tíðnisviðinu 1452-1492 MHz eru ekki notaðir fyrir jarðbundin útvarpskerfi ætti að afnema fyrirliggjandi reglutakmarkanir varðandi samhliða tilvist slíkrar þjónustu á þessu tíðnisviði til að heimila notkun rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem einskorðast við aðgreinar.

14) Samningar um tíðnisamræmingu yfir landamæri milli yfirvalda geta verið nauðsynlegir til að tryggja framkvæmd á þeim breytum sem settar eru fram í þessari ákvörðun með það að markmiði að efla rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem einskorðast við aðgreinar á tíðnisviðunum 1427-1452 MHz og 1492-1517 MHz til að koma í veg fyrir

([1]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/750 frá 8. maí 2015 um samræmingu á tíðnisviðinu 1452-1492 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 119, 12.5.2015, bls. 27).

([2]) Tíðnisviðin 1427-1452 MHz og 1492-1518 MHz eru notuð fyrir land- og sjóhernaðarkerfi samkvæmt samningi Atlantshafsbandalagsins um notkun sameiginlegra tíðnisviða fyrir almenning og heri (NFJA) frá 2014. Samkvæmt 14. lið samningsins gildir eftirfarandi: „(...) Ef Atlantshafsbandalagið og aðildarþjóðir þess hafa samræmt notkun fjarskiptatíðni til hernaðarnota útilokar það ekki borgaralega notkun“.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB (Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62).

skaðlegar truflanir og bæta nýtni á tíðnirófum. Hlutaðeigandi stjórnsýslustofnanir Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu ættu að annast tvíhliða eða marghliða samninga varðandi tíðnisamræmingu yfir landamæri að því er varðar flugmálatengda fjarmælingaþjónustu.

15) Aðildarríki ættu að beita ráðstöfununum, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, með það að lokamarkmiði að tryggja að tíðnisviðið 1427-1517 MHz verði tekið upp að fullu eða, ef landsbundin eftirspurn er ekki til staðar, hluti þess, fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem einskorðast við aðgreinar, til að stuðla að því, eins og hægt er, að markmiðum stefnuáætlunarinnar til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf verði náð.

16) Aðildarríki ættu að leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um framkvæmd ákvörðunarinnar og notkun tíðnisviðsins til að auðvelda mat á áhrifum ákvörðunarinnar á vettvangi Sambandsins sem og tímanlega endurskoðun hennar, ef nauðsyn krefur. Einkum ætti að grannskoða á tveggja ára fresti rökin fyrir nýtingu landsbundins sveigjanleika við að gera tíðniróf aðgengileg á tíðnisviðinu 1427-1452 MHz eða 1492-1517. Enn fremur ættu aðildarríkin að gefa skýrslu á tveggja ára fresti um landsráðstafanir sem bæta samhliða tilvist útvarpsstjörnufræðiþjónustu og óvirkrar jarðkönnunarþjónustu um gervihnött á tíðnisviðinu 1400-1427 MHz, og farstöðvaþjónustu um gervihnött á tíðnisviðinu 1518-1559 MHz.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/750 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi: „**Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/750 frá 8. maí 2015 um samræmingu á tíðnisviðinu 1427-1517 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Sambandsins**“.

2) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

*„1. gr.*

Með þessari ákvörðun er stefnt að því að samræma skilyrðin fyrir aðgengi að og skilvirkri notkun á tíðnisviðinu 1427-1517 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu í Sambandinu.“

3) Í stað 2. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Eigi síðar en 1. október 2018 skulu aðildarríki tilgreina og gera tíðnisviðin 1427-1452 MHz og 1492-1517 Mhz aðgengileg, án einkaréttinda, eða hluta þeirra, fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband, í samræmi við breyturnar sem settar eru fram í viðaukanum.“

4) Í stað 3. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Ef aðildarríkin tilgreina og gera einungis hluta af tíðnisviðinu 1427-1452 MHz eða 1492-1517 MHz aðgengilegan í samræmi við 2. mgr. skulu þau:

a) tryggja að allri fyrirliggjandi notkun sé viðhaldið að því marki sem bráðnauðsynlegt þykir og með það að markmiði að gera þessi tíðnisvið smám saman aðgengileg fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónusta um þráðlaust breiðband,

b) tryggja að slíkur hluti tíðnirófsins samanstandi fyrst og fremst, ásamt tíðnisviðinu 1452-1492 MHz, af samfelldu tíðnisviði,

c) hafa heimild, til 1. janúar 2023, og lengur ef engin landsbundin eftirspurn er eftir rafrænni fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband í samræmi við 3. og 6. gr. ákvörðunar nr. 243/2012/ESB, til að leyfa notkun á hluta þessara tíðnisviða fyrir áframhaldandi rekstur fyrirliggjandi fastrar, þráðlausrar þjónustu á jörðu niðri eða aðra fyrirliggjandi notkun sem getur ekki samnýtt þessi tíðnisvið með rafrænni fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband.“

5) Eftirfarandi 4. mgr. er bætt við 2. gr.:

„4. Aðildarríki skulu tryggja að landstöðvakerfin, sem um getur í þessari grein, veiti kerfum á aðliggjandi tíðnisviðum viðeigandi vernd.“

6) Eftirfarandi 5. mgr. er bætt við 2. gr.:

„5. Aðildarríki skulu greiða fyrir samningum um samræmingu yfir landamæri til að gera starfrækslu kerfanna, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., mögulega, að teknu tilliti til gildandi reglunefndarmeðferða og -réttinda og viðeigandi alþjóðasamninga.“

7) Eftirfarandi 2. gr. a er bætt við:

*„2. gr. a*

Aðildarríkin skulu endurskoða beitingu 2. gr. á tveggja ára fresti til að tryggja hámarksaðgengi að tíðnisviðinu 1427-1517 Mhz fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband.“

8) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

*„4. gr.*

Aðildarríkin skulu vakta notkun tíðnisviðsins 1427-1517 MHz og skila framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður sínar, að fenginni beiðni eða að eigin frumkvæði, í því skyni að hægt sé að endurskoða þessa ákvörðun tímanlega, ef nauðsyn krefur.“

9) Eftirfarandi 4. gr. a er bætt við:

*„4. gr. a*

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. nóvember 2018, gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um beitingu þessarar ákvörðunar, þ.m.t. um umfang aðgengis að tíðnisviðunum 1427-1452 MHz og 1492-1517 MHz.“

10) Í stað viðaukans við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/750 kemur viðaukinn við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. apríl 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Mariya GABRIEL

*framkvæmdastjóri.*

———

*VIÐAUKI*

*„VIÐAUKI*

**BREYTUR SEM UM GETUR Í 1. OG 2. MGR. 2. GR.**

A. ALMENNAR BREYTUR

1. Vinnumátinn innan tíðnisviðsins 1427-1517 MHz skal takmarkast við útsendingu frá móðurstöð (einungis aðgrein).

2. Stærðum blokka innan tíðnisviðsins 1427-1517 MHz skal úthlutað í margfeldum af 5 MHz. Lægri mörk tíðninnar í úthlutaðri blokk skulu löguð að, eða þeim dreift jafnt, í margfeldum af 5 MHz frá lægri jaðri tíðnisviðsins 1427 MHz.

3. Útsending frá móðurstöð skal samrýmast tækniskilyrðunum (síunni á mörkum tíðnirófablokka (BEM-sía)) sem eru sett fram í þessum viðauka.

B. TÆKNISKILYRÐI FYRIR MÓÐURSTÖÐVAR — BEM-SÍA

Eftirfarandi tæknilegar breytur fyrir móðurstöðvar sem kallast „BEM-sía“ skulu notaðar til þess að tryggja samhliða tilvist aðliggjandi neta þar sem tvíhliða eða marghliða samningar eru ekki fyrir hendi milli rekstraraðila slíkra aðliggjandi neta. Ef hlutaðeigandi rekstraraðilar eða yfirvöld koma sér saman um það má einnig nota vægari tæknilegar breytur, að því tilskildu að þessar breytur uppfylli tækniskilyrðin sem gilda um verndun annarrar þjónustu eða nýtingarleiða, þ.m.t. á aðliggjandi tíðnisviðum, sbr. þó skuldbindingar yfir landamæri.

BEM-sían er útgeislunarsía sem er skilgreind sem fall af tíðni í tengslum við jaðar tíðnirófablokkar sem rekstraraðili fær réttindi til að nota. Hún samanstendur af aflviðmiðunarmörkum innan og utan blokkar. Aflviðmiðunarmörk innan blokkar gilda um blokk sem er í eigu rekstraraðila. Aflviðmiðunarmörk utan blokkar gilda um tíðniróf sem notað er fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband innan tíðnisviðsins 1427-1517 MHz sem er utan við þá blokk sem rekstraraðila er úthlutað. Þau eru tilgreind í töflu 2. Utanbands aflviðmunarmörk eru sett í sérhverju landi, fyrir tíðnisviðið utan þess hluta tíðnisviðsins 1427-1517 MHz sem er notað fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband (WBB ECS).

Aflviðmiðunarmörk fyrir samhliða tilvist eru enn fremur skilgreind fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband á tíðnisviðinu 1427-1517 MHz til þess að tryggja samhæfi milli þessarar þjónustu og annarrar þráðlausrar fjarskiptaþjónustu eða nýtingarleiða, þ.m.t. þegar hluti af tíðnisviðunum 1427-1452 MHz og 1492-1517 Mhz er ekki úthlutaður rafrænni fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband. Aflviðmiðunarmörk fyrir samhliða tilvist að því er varðar þjónustu eða nýtingarleiðir á aðliggjandi tíðnisviðum (þ.e. utan tíðnirófsins sem notað er fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband) eru tilgreind í töflu 3, 4 og 5 og gefa einnig möguleika á landsbundnum sveigjanleika við úthlutun tíðnirófs til rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband innan tíðnisviðsins 1427-1517 MHz samkvæmt þessari ákvörðun.

Beita má frekari tæknilegum ráðstöfunum eða ráðstöfunum er varða málsmeðferð ([1]), eða bæði, á landsvísu til að tryggja samhliða tilvist þjónustu og nýtingarleiða á aðliggjandi tíðnisviðum.

**Innanblokkarkröfur**

Mörk fyrir jafngilt alstefnuútgeislað afl [áður þýtt sem skilvirk, einsátta útgeislun] (EIRP-mörk) innan blokkar fyrir móðurstöðvar eru ekki skyldubundin nema fyrir tíðniblokkina 1512-1517 Mhz en slík mörk eru tilgreind í töflu 1. Að því er varðar aðrar tíðniblokkir en tíðniblokkina 1512-1517 Mhz geta aðildarríki sett að hámarki 68 dBm/5 MHz EIRP-mörk sem hægt er að hækka fyrir tiltekna notkun, s.s. fyrir samantekna notkun á tíðnirófi innan tíðnisviðsins 1427-1512 MHz og á tíðnirófi á lægri tíðnisviðum.

([1]) T.d. eitt eða fleira af eftirfarandi: samráð vegna tíðniskipulagningar, samráð vegna sendistaða, strangari aflviðmiðunarmörk fyrir móðurstöðvar, strangari utanbands EIRP-mörk móðurstöðvar en þau sem eru tilgreind í töflu 5.

*Tafla 1*

EIRP-hámark **innan blokkar á hverja sellu ([1]) móðurstöðva rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem starfa á tíðnisviðinu 1512-1517 MHz**

| Tíðnisvið blokkar | EIRP-hámark innan blokkar | Mælibandbreidd |
|---|---|---|
| 1512-1517 MHz | 58 dBm | 5 MHz |

([1]) Þar sem fyrir hendi eru fleiri en einn geiri jafngildir gildið á hverja „sellu“ gildinu fyrir einn af geirunum.

*Skýringar við töflu 1*

Þessum kröfum er ætlað að tryggja samhæfi milli rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem notar tíðniblokkina 1512-1517 MHz og farstöðvaþjónustu um gervihnött sem starfar á tíðnisviðinu 1518-1525 MHz.

**Utanblokkarkröfur**

*Tafla 2*

**BEM-sía fyrir EIRP-mörk móðurstöðvar utan blokkar á hvert loftnet innan tíðnisviðsins 1427-1517 Mhz**

| Tíðnisvið útgeislunar utan blokkar | Hæsta EIRP-meðaltal utan blokkar | Mælibandbreidd |
|---|---|---|
| –10 til –5 MHz frá neðri jaðri blokkar | 11 dBm | 5 MHz |
| – 5 til – 0 MHz frá neðri jaðri blokkar | 16,3 dBm | 5 MHz |
| 0 til +5 MHz frá efri jaðri blokkar | 16,3 dBm | 5 MHz |
| +5 til +10 MHz frá efri jaðri blokkar | 11 dBm | 5 MHz |
| Tíðnir innan tíðnisviðsins 1427-1517 MHz sem liggja á bili sem er meira en 10 MHz frá neðri eða efri jaðri blokkar | 9 dBm | 5 MHz |

**Kröfur er varða samhliða tilvist aðliggjandi tíðnisviða**

*Tafla 3*

**Aflviðmiðunarmörk móðurstöðvar fyrir óæskilegt útgeislað afl á tíðnisviðinu 1400-1427 MHz gilda um móðurstöðvar sem starfa á tíðnisviðinu 1427-1452 MHz**

| Tíðnisvið óæskilegrar útgeislunar | Hámarksgildi óæskilegs útgeislaðs afls ([1]) | Mælibandbreidd |
|---|---|---|
| 1400-1427 MHz | – 72 dBW | 27 MHz |

([1]) Hér ber að skilja óæskilegt útgeislað afl sem það gildi sem er mælt við loftnetstengið.

*Skýringar við töflu 3*

Þessari kröfu er ætlað að veita útvarpsstjörnufræðiþjónustu og óvirkri jarðkönnunarþjónustu um gervihnött á tíðnisviðinu 1400-1427 MHz vernd fyrir rafrænni fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem starfar á tíðnisviðinu 1427-1452 MHz, þ.m.t. þegar aðeins hluta af þessu tíðnisviði er úthlutað til rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband. Þörf kann að vera á frekari landsráðstöfunum til að bæta vernd útvarpsstjörnufræðiathugana á tíðnisviðinu 1400-1427 MHz fyrir rafrænni fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband.

*Tafla 4*

**Utanbands EIRP-mörk á hverja sellu ([1]) móðurstöðvar, á tíðnisviðinu 1518-1559 MHz fyrir móðurstöðvar sem starfa á tíðnisviðinu 1492-1517 MHz**

| Tíðnisvið óæskilegrar útgeislunar | Hámark utanbands-EIRP | Mælibandbreidd |
|---|---|---|
| 1518-1520 MHz | – 0,8 dBm | 1 MHz |
| 1520 - 1559 MHz | – 30 dBm | 1 MHz |

([1]) Þar sem fyrir hendi eru fleiri en einn geiri jafngildir gildið fyrir hverja „sellu“ gildinu fyrir einn af geirunum.

*Skýringar við töflu 4*

Þessum kröfum er ætlað að veita farstöðvaþjónustu um gervihnött sem starfar á tíðnisviðinu 1518-1559 MHz viðeigandi vernd, einkum að því er varðar farstöðvaþjónustu um gervihnött í höfnum við sjó, á flugvöllum og í leitar- og björgunarstöðvum á jörðu niðri, fyrir rafrænni fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband sem starfar á tíðnisviðinu 1492-1517 MHz, þ.m.t. þegar einungis hluta af þessu tíðnisviði er úthlutað til rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband. Þörf kann að vera á frekari landsráðstöfunum til að bæta vernd farstöðvaþjónustu um gervihnött á tíðnisviðinu 1518-1559 MHz.

*Tafla 5*

**Utanbands EIRP-mörk á hverja sellu móðurstöðvar neðan við 1452 MHz og ofan við 1492 MHz fyrir móðurstöðvar sem starfa á tíðnisviðnu 1452-1492 MHz.**

| Tíðnisvið óæskilegrar útgeislunar | Hæsta meðalgildi utanbands-EIRP | Mælibandbreidd |
|---|---|---|
| Undir 1449 MHz | – 20 dBm | 1 MHz |
| 1449-1452 MHz | 14 dBm | 3 MHz |
| 1492-1495 MHz | 14 dBm | 3 MHz |
| Yfir 1495 MHz | – 20 dBm | 1 MHz |

*Skýringar við töflu 5*

Þessar kröfur gilda þegar rafræn fjarskiptaþjónusta um þráðlaust breiðband er annaðhvort notuð undir 1452 MHz eða yfir 1492 MHz, eða bæði. Þessum kröfum er ætlað að tryggja samhæfi rafrænnar fjarskiptaþjónustu um þráðlaust breiðband innan tíðnisviðsins 1452-1492 MHz við samræmdar fastar tengingar, farstöðvaþjónustu og flugmálatengda fjarmælingaþjónustu sem takmarkast við jarðstöðvar, sem eru notaðar á aðliggjandi tíðnisviðum undir 1452 MHz eða yfir 1492 Mhz.

Ef rafræn fjarskiptaþjónusta um þráðlaust breiðband er notuð innan blokkanna sem eru næst fyrir neðan 1452 MHz eiga mörkin, sem tilgreind eru í töflu 5 fyrir tíðnir undir 1452 MHz, ekki við. Ef rafræn fjarskiptaþjónusta um þráðlaust breiðband er notuð innan blokkanna, sem eru næst fyrir ofan 1452 MHz eiga mörkin, sem tilgreind eru í töflu 5 fyrir tíðnir yfir 1452 MHz, ekki við. Þetta er með fyrirvara um utanbandskröfurnar, sem mælt er fyrir um í töflum 3 og 4, og utanblokkarkröfurnar sem mælt er fyrir um í töflu 2.“

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/256** **2024/EES/11/73**

**frá 16. desember 2019**

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 að því er varðar að koma á hlaupandi áætlanagerð til margra ára** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 frá 10. október 2019 um að setja sameiginlegan ramma fyrir evrópskar hagskýrslur um einstaklinga og heimili, sem byggjast á gögnum um einstaklinga sem safnað er með úrtaksrannsóknum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, (EB) nr. 452/2008 og (EB) nr. 1338/2008 og niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ([1]), einkum 1. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Taka á upp kerfi með hlaupandi áætlanagerð [áður breytileg áætlanagerð] til margra ára fyrir átta ára tímabil í því skyni að stjórna söfnun gagna sem falla undir IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1700, einkum til að hlíta þeirri tíðni sem tilgreind er í viðaukanum, og tiltaka nákvæmlega það tímabil þegar gagnasöfnunin á að fara fram.

2) Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að gerð þessi sé í samræmi við meðalhófsregluna og leggi ekki umtalsverðar byrðar eða kostnað á aðildarríkin eða svarendur.

3) Framkvæmdastjórnin hefur haft viðeigandi samráð við innlenda sérfræðinga við undirbúning þessarar framseldu reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Viðfangsefni**

Með reglugerðinni er komið á fót hlaupandi áætlanagerð til margra ára um söfnun gagna samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/1700 frá 2021–2028.

*2. gr.*

**Gagnasöfnunartímabil fyrir svið og tengd ítarleg efnisatriði**

1. Gagnasöfnunartímabilið skal ákvarðað samkvæmt því sem sett er fram í A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð fyrir svið með aðeins eina tíðni eins og tilgreint er í 3.–7. lið IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1700.

2. Gagnasöfnunartímabilið skal ákvarðað samkvæmt því sem sett er fram í B-hluta I. viðauka við þessa reglugerð fyrir svið með margar tíðnir, eins og tilgreint er í 1. og 2. lið IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1700. Í því skyni skal flokka ítarleg efnisatriði sem tengjast þessum sviðum eins og sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

**Gagnasöfnunartímabil fyrir sérstök viðfangsefni að beiðni notenda**

Gagnasöfnunartímabil fyrir sérstök viðfangsefni að beiðni notenda skulu ákvörðuð samkvæmt því sem sett er fram í B-hluta I. viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 353/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 102.

([1]) (Stjtíð. ESB L 261I, 14.10. 2019, bls. 1.)

*4. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

**Gagnasöfnunartímabil**

**A-hluti**: Gagnasöfnunartímabil fyrir svið með einni tíðni

| Svið | Gagnasöfnunarár | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 |
| Heilbrigði | | | | | X | | | |
| Menntun og þjálfun | | X([1]) | | | | | | X([2]) |
| Notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni | X | X | X | X | X | X | X | X |
| Tímanotkun | | | | | | | | |
| Neysla | | | | X ([3]), ([4]) | | | | |

([1]) Júlí 2022–mars 2023.
([2]) Júlí 2028–mars 2029.
([3]) Vænst var að yrði gert 2025, en frestað til 2026 í samræmi við 8. lið í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1700. Þegar gagnasöfnun fer fram í fyrsta sinn fyrir neyslusviðið mega aðildarríki ekki víkja meira en eitt ár frá gagnasöfnunarárinu sem skilgreint er í þessari framseldu gerð.
([4]) Samkvæmt 8. lið í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1700 er hægt að uppfylla nákvæmniskröfuna fyrir neyslusviðið með því að sameina einstaklingsbundin gögn sem varða að hámarki athuganir yfir þrjú samliggjandi ár. Í því tilviki skal síðasta athugunarár vera 2026.

**B-hluti**: Gagnasöfnunartímabil fyrir svið með mörgum tíðnum

| Svið | Flokkar (upphafsstafaorð) | Gagnasöfnunarár | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 |
| Vinnuafl | Ársfjórðungslega (LFQ) | Ársfjórð-ungslega | Ársfjórð-ungslega | Ársfjórð-ungslega | Ársfjórð-ungslega | Ársfjórð-ungslega | Ársfjórð-ungslega | Ársfjórð-ungslega | Ársfjórð-ungslega |
| | Árlega (LFY) | X | X | X | X | X | X | X | X |
| | „Ástæður fólksflutninga“ og „vinnutímatilhögun“ (LF2YA) | X | | X | | X | | X | |
| | „Þátttaka í formlegri og óformlegri menntun og þjálfun (12 mánuðir)“, „fötlun og aðrir þættir í evrópsku lágmarksviðhengi um heilbrigði“ og „þættir í evrópsku lágmarksviðhengi um heilbrigði“ (LF2YB) | | X | | X | | X | | X |
| | Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess (LF8YA) | X | | | | | | | |
| | Lífeyrir og þátttaka á vinnumarkaði (LF8YB) | | | X | | | | | |

| Svið | Flokkar (upphafsstafaorð) | Gagnasöfnunarár | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 |
| | „Ungt fólk á vinnumarkaði“ og „menntunarstig – nánari upplýsingar, þ.m.t. ef menntun var rofin eða flosnað frá námi“ (LF8YC) | | | | X | | | | |
| | Samræming vinnu og fjölskyldulífs (LF8YD) | | | | | X | | | |
| | Vinnuskipulag og vinnutímatilhögun (LF8YE) | | | | | | | X | |
| | Vinnuslys og önnur vinnutengd heilbrigðisvandamál (LF8YF) | | | | | | | | X |
| | Sérstakt viðfangsefni um færni í starfi | | X | | | | | | |
| | Sérstakt viðfangsefni (verður skilgreint síðar) | | | | | | X | | |
| Tekjur og lífskjör | Árlega (ILCY) | X | X | X | X | X | X | X | X |
| | Börn (ILC3YA) | X | | | X | | | X | |
| | Heilbrigði (ILC3YB) | | X | | | X | | | X |
| | Vinnumarkaður og húsnæði (ILC3YC) | | | X | | | X | | |
| | Lífsgæði (ILC6YA) | | X | | | | | | X |
| | Arfur bágrar stöðu milli kynslóða og húsnæðisvandi (ILC6YB) | | | X | | | | | |
| | Aðgangur að þjónustu (ILC6YC) | | | | X | | | | |
| | Ofskuldsetning, neysla og auður (ILC6YD) | | | | | | X | | |
| | Sérstakt viðfangsefni um búsetufyrirkomulag og aðstæður barna innan aðskilinna eða blandaðra fjölskyldna | X | | | | | | | |
| | Sérstakt viðfangsefni (verður skilgreint síðar) | | | X | | | | | |
| | Sérstakt viðfangsefni (verður skilgreint síðar) | | | | | X | | | |
| | Sérstakt viðfangsefni (verður skilgreint síðar) | | | | | | | X | |

*II. VIÐAUKI*

Flokkun ítarlegu efnisatriðanna fyrir gagnasöfnunina með mörgum tíðnum

| Svið | Ítarleg efnisatriði | Flokkar (upphafsstafaorð) |
|---|---|---|
| Vinnuafl | Upplýsingar um gagnasöfnun | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Auðkenning | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Vogir | Árlega (LFY) og ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Skráningaratriði viðtala | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Staðsetning | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Lýðfræði | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Ríkisfang og bakgrunnur farandfólks | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Samsetning heimilis | Árlega (LFY) |
| | Samsetning heimilis – nánari viðbótarupplýsingar | Árlega (LFY) |
| | Dvöl í landinu | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Ástæða fólksflutninga | Á tveggja ára fresti (LF2YA) |
| | Þættir í evrópsku lágmarksviðhengi um heilbrigði | Á tveggja ára fresti (LF2YB) |
| | Fötlun og aðrir þættir í evrópsku lágmarksviðhengi um heilbrigði | Á tveggja ára fresti (LF2YB) |
| | Vinnuslys og vinnutengd heilbrigðisvandamál | Á átta ára fresti (LF8YF) |
| | Aðalatvinnustaða (samkvæmt eigin skilgreiningu) | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Grunnskráningaratriði starfs | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Atvinnustaða | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Gildistími samnings | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Nánari upplýsingar um samning | Árlega (LFY) |
| | Fullt starf eða hlutastarf — ástæða | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Sjálfstæð atvinnustarfsemi sem er háð öðrum | Árlega (LFY) |
| | Stjórnunarábyrgð | Árlega (LFY) |
| | Stærð fyrirtækis | Árlega (LFY) |
| | Vinnustaður | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Unnið heima | Árlega (LFY) |
| | Atvinnuleit | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Vilji til vinnu | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Tiltækileiki | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Annað starf eða önnur störf | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Leitað að öðru starfi | Árlega (LFY) |
| | Vannýtt vinnuafl | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Samþætting vinnu og fjölskyldulífs | Á átta ára fresti (LF8YD) |

| Svið | Ítarleg efnisatriði | Flokkar (upphafsstafaorð) |
|---|---|---|
| | Ungt fólk á vinnumarkaði | Á átta ára fresti (LF8YC) |
| | Staða á vinnumarkaði hjá farandfólki og nánustu afkomendum þess | Á átta ára fresti (LF8YA) |
| | Lífeyrir og þátttaka á vinnumarkaði | Á átta ára fresti (LF8YB) |
| | Umönnunarþörf | Árlega (LFY) |
| | Byrjað í starfi | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Hvernig starfið var fundið | Árlega (LFY) |
| | Samfella og hlé á starfsferli | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Grunnskráningaratriði síðasta starfs | Árlega (LFY) |
| | Vinnutími | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Vinnutímatilhögun | Á tveggja ára fresti (LF2YA) |
| | Vinnuskipulag og vinnutímatilhögun | Á átta ára fresti (LF8YE) |
| | Tekjur af vinnu | Árlega (LFY) |
| | Tekjur af greiðslum vegna atvinnuleysis | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Menntunarstig | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Menntunarstig — nánari upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða flosnað frá námi | Árlega (LFY) og á átta ára fresti (LF8YC) |
| | Þátttaka í formlegri og óformlegri menntun og þjálfun (4 vikur) | Ársfjórðungslega (LFQ) |
| | Þátttaka í formlegri og óformlegri menntun og þjálfun (12 mánuðir) | Á tveggja ára fresti (LF2YB) |
| Tekjur og lífskjör | Upplýsingar um gagnasöfnun | Árlega (ILCY) |
| | Auðkenning | Árlega (ILCY) |
| | Vogir | Árlega (ILCY) |
| | Skráningaratriði fyrir viðtöl | Árlega (ILCY) |
| | Staðsetning | Árlega (ILCY) |
| | Lýðfræði | Árlega (ILCY) |
| | Ríkisfang og bakgrunnur farandfólks | Árlega (ILCY) |
| | Samsetning heimilis | Árlega (ILCY) |
| | Samsetning heimilis — nánari viðbótarupplýsingar | Árlega (ILCY) |
| | Lengd dvalar í landi | Árlega (ILCY) |
| | Fötlun og evrópskt lágmarksviðhengi um heilbrigði | Árlega (ILCY) |
| | Upplýsingar um heilbrigðisástand og fötlun | Á þriggja ára fresti (ILC3YB) |
| | Heilbrigði barna | Á þriggja ára fresti (ILC3YA) |
| | Aðgangur að heilbrigðisþjónustu | Árlega (ILCY) |
| | Heilbrigðisþjónusta | Á þriggja ára fresti (ILC3YB) |

| Svið | Ítarleg efnisatriði | Flokkar (upphafsstafaorð) |
|---|---|---|
| | Aðgangur að heilbrigðisþjónustu (börn) | Á þriggja ára fresti (ILC3YA) |
| | Áhrifaþættir heilbrigðis | Á þriggja ára fresti (ILC3YB) |
| | Aðalatvinnustaða (samkvæmt eigin skilgreiningu) | Árlega (ILCY) |
| | Grunnskráningaratriði starfs | Árlega (ILCY) |
| | Skráningaratriði vinnustaðar | Á þriggja ára fresti (ILC3YB) |
| | Gildistími samnings | Árlega (ILCY) |
| | Atvinnustaða | Á þriggja ára fresti (ILC3YC) |
| | Nánari upplýsingar um vinnumarkaðsaðstæður | Árlega (ILCY) |
| | Stjórnunarábyrgð | Árlega (ILCY) |
| | Fyrri starfsreynsla | Árlega (ILCY) |
| | Yfirlit um störf | Árlega (ILCY) |
| | Vinnutími | Árlega (ILCY) |
| | Menntunarstig | Árlega (ILCY) |
| | Menntunarstig — nánari upplýsingar, þ.m.t. menntun rofin eða flosnað frá námi | Á þriggja ára fresti (ILC3YC) |
| | Þátttaka í formlegu menntunarstarfi (núverandi) | Árlega (ILCY) |
| | Lífsgæði | Árlega (ILCY) |
| | Þátttaka í félags- og menningarstarfsemi | Á sex ára fresti (ILC6YA) |
| | Velferð | Á sex ára fresti (ILC6YA) |
| | Skortur á efnislegum gæðum | Árlega (ILCY) |
| | Skortur sem sértaklega snýr að börnum | Á þriggja ára fresti (ILC3YA) |
| | Helstu einkenni húsnæðis | Árlega (ILCY) |
| | Upplýsingar um ástand húsnæðis, þ.m.t. skort og húsaleiguígildi | Á þriggja ára fresti (ILC3YC) |
| | Húsnæðiskostnaður, þ.m.t. lækkaður veitukostnaður | Árlega (ILCY) |
| | Nærumhverfi | Á þriggja ára fresti (ILC3YC) |
| | Húsnæðisvandi (þ.m.t. leiguvandi) og ástæður hans | Á sex ára fresti (ILC6YB) |
| | Notkun þjónustu, þ.m.t. umönnunarþjónustu og þjónustu til að lifa sjálfstæðu lífi | Á sex ára fresti (ILC6YC) |
| | Viðráðanlegt verð á þjónustu | Á sex ára fresti (ILC6YC) |
| | Óuppfylltar þarfir og ástæður þess | Á sex ára fresti (ILC6YC) |
| | Dagvistun barna | Árlega (ILCY) |
| | Tekjur af vinnu | Árlega (ILCY) |
| | Tekjur af félagslegum greiðslum | Árlega (ILCY) |
| | Tekjur af lífeyri | Árlega (ILCY) |

| Svið | Ítarleg efnisatriði | Flokkar (upphafsstafaorð) |
|---|---|---|
| | Aðrar tekjur, þ.m.t. tekjur af eignum og fjármagni og tilfærslur milli heimila | Árlega (ILCY) |
| | Skattar og iðgjöld sem greiðast í raun eftir lækkanir | Árlega (ILCY) |
| | Heildarárstekjur á stigi einstaklinga og heimila | Árlega (ILCY) |
| | Ofskuldsetning, þ.m.t. ástæður hennar | Á sex ára fresti (ILC6YD) |
| | Vanskil | Árlega (ILCY) |
| | Þættir auðs, þ.m.t. eignarhald á íbúð | Á sex ára fresti (ILC6YD) |
| | Neysluþættir | Á sex ára fresti (ILC6YD) |
| | Arfur hagstæðrar og bágrar stöðu milli kynslóða | Á sex ára fresti (ILC6YB) |
| | Mat á eigin þörfum | Á sex ára fresti (ILC6YB) |

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1640** **2024/EES/11/74**

**frá 12. ágúst 2020**

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti breytna í sérstöku viðfangsefni 2022 „færni í starfi“ og þeirra breytna sem er safnað áttunda hvert ár um „lífeyri og þátttöku á vinnumarkaði“ á sviði vinnuafls** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 frá 10. október 2019 um að setja sameiginlegan ramma fyrir evrópskar hagskýrslur um einstaklinga og heimili, sem byggjast á gögnum um einstaklinga sem safnað er með úrtaksrannsóknum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, (EB) nr. 452/2008 og (EB) nr. 1338/2008 og niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ([1]), einkum 1. mgr. 6. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Til að mæta þeim þörfum sem eru tilgreindar í viðeigandi ítarlegum efnisatriðum ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina fjölda og heiti breytnanna fyrir gagnasafnið á vinnuaflssviðinu.

2) Framkvæmdastjórnin ætti að fastsetja fjölda og heiti breytnanna í sérstaka viðfangsefninu „færni í starfi“ og breytnanna sem safnað er áttunda hvert ár um ítarlega efnisatriðið „lífeyrir og þátttaka á vinnumarkaði“ á vinnuaflssviðinu.

3) Fjöldi breytna sem á að safna ætti ekki verða meira en 5% umfram þann fjölda breytna sem var safnað fyrir vinnuaflssviðið á þeim tíma er reglugerð (ESB) 2019/1700 tók gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Fjöldi og heiti breytna í sérstaka viðfangsefninu „færni í starfi“ fyrir 2022 og breytnanna um „lífeyri og þátttöku á vinnumarkaði“ á vinnuaflssviðinu sem safnað er áttunda hvert ár eru settar fram í viðaukanum.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 370, 6.11.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 353/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 102.

([1]) (Stjtíð. ESB L 261I, 14.10. 2019, bls. 1.)

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

**Fjöldi og heiti breytnanna í sérstaka viðfangsefninu „færni í starfi“ fyrir 2022 og breytnanna sem safnað er áttunda hvert ár um „lífeyri og þátttöku á vinnumarkaði“ á vinnuaflssviðinu**

| Efnisatriði | Ítarlegt efnisatriði | Kennimerki breytu | Heiti breytu |
|---|---|---|---|
| 03c. Þátttaka á vinnumarkaði – *11 safnaðar breytur (11 sem tengjast sérstöku viðfangsefni)* | Færni í starfi | DIGITAL | Tími sem er varið í vinnu á stafrænan búnað í aðalstarfi eða síðasta starfi |
| | | READING | Tími sem er varið í lestur vinnutengdra handbóka og tæknigagna í aðalstarfi eða síðasta starfi |
| | | CALCULATE | Tími sem er varið í tiltölulega flókna útreikninga í aðalstarfi eða síðasta starfi |
| | | PHYSICAL | Tími sem er varið í erfiða líkamlega vinnu í aðalstarfi eða síðasta starfi |
| | | DEXTERITY | Tími sem er varið í verkefni sem útheimta fingrafimi í aðalstarfi eða síðasta starfi |
| | | COMMINT | Tími sem er varið í samskipti við fólk úr sama fyrirtæki eða stofnun í aðalstarfi eða síðasta starfi |
| | | COMMEXT | Tími sem er varið í samskipti við fólk utan fyrirtækis eða stofnunar í aðalstarfi eða síðasta starfi |
| | | GUIDANCE | Tími sem er varið í að veita ráð, þjálfa eða kenna öðru fólki í aðalstarfi eða síðasta starfi |
| | | JOBAUTON | Stig sjálfstæðis í verkefnum í aðalstarfi eða síðasta starfi |
| | | REPETITIVE | Síendurtekning verkefna í aðalstarfi eða síðasta starfi |
| | | PROCEDURE | Verkefni sem er nákvæmlega lýst með ströngum verklagsreglum í aðalstarfi eða síðasta starfi |
| 03d. Þátttaka á vinnumarkaði – *11 safnaðar breytur (11 áttunda hvert ár)* | Lífeyrir og þátttaka á vinnumarkaði | PENSTYP1 | Ellilífeyrir |
| | | AGEPENSO | Aldur þegar einstaklingurinn hóf töku ellilífeyris |
| | | STATRECE | Fyrsta greiðsla lögbundins ellilífeyris með skerðingu eða uppbót |
| | | PENSTYP2 | Örorkulífeyrir eða aðrar örorkubætur sem eru reglubundið greiddar í reiðufé |
| | | AGEPENSD | Aldur þegar einstaklingurinn hóf töku örorkulífeyris eða annarra örorkubóta sem eru reglubundið greiddar í peningum |
| | | PROVTYPE | Fjárhagslegt fyrirkomulag ellilífeyris |
| | | PENSSITU | Aðstæður við upphaf töku ellilífeyris |
| | | WSTPREAS | Meginástæða þess að störfum er hætt við upphaf töku ellilífeyris |
| | | WCONREAS | Meginástæða þess að halda áfram störfum ásamt töku ellilífeyris |
| | | LMREENT | Farið aftur út á vinnumarkaðinn eftir að taka ellilífeyris hófst |
| | | LMENTREAS | Meginástæða þess að fara aftur út á vinnumarkaðinn |

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/466 2024/EES/11/75**

**frá 17. nóvember 2020**

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti breytna á sviðinu „tekjur og lífskjör“ að því er varðar heilbrigði og lífsgæði** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 frá 10. október 2019 um að setja sameiginlegan ramma fyrir evrópskar hagskýrslur um einstaklinga og heimili, sem byggjast á gögnum um einstaklinga sem er safnað er með úrtaksrannsóknum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, (EB) nr. 452/2008 og (EB) nr. 1338/2008 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 ([1]), einkum 1. mgr. 6. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Til að mæta þeim þörfum sem tilgreindar eru í viðkomandi ítarlegum efnisatriðum ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina fjölda og heiti breytnanna fyrir gagnasafnið á lífskjarasviðinu (hagskýrslur ESB um tekjur og lífskjör (e. *EU-SILC*)).

2) Hagskýrslukönnun ESB um tekjur og lífskjör („ESB-SILC-könnun“) er lykiltæki til að afla upplýsinga sem eru nauðsynlegar fyrir Evrópuönnina og Evrópustoðina fyrir félagsleg réttindi, einkum varðandi tekjudreifingu, fátækt og félagslega útilokun. Hún veitir einnig upplýsingar um heilbrigðisþjónustu, áhrifaþætti heilbrigðis, heilbrigðisástand og fötlun út frá viðhenginu um heilbrigði sem safnað er þriðja hvert ár og gögn um velsæld og félags- og menningarþátttöku út frá viðhenginu um lífsgæði þar sem söfnun fer fram sjötta hvert ár.

3) Fjöldi breytna sem á að safna fer ekki meira en 5% yfir fjölda þeirra breytna sem safnað var fyrir lífskjarasviðið þegar reglugerð (ESB) 2019/1700 öðlaðist gildi 3. nóvember 2019.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Fjöldi og heiti breytnanna sem safnað er þriðja hvert ár vegna viðhengisins um heilbrigði og sjötta hvert ár vegna viðhengisins um lífsgæði á lífskjarasviðinu eru sett fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 96, 19.3.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2023 frá 3. febrúar 2023 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 75, 19.10.2023, bls. 40.

([1]) Stjtíð. ESB L 261 I, 14.10.2019, bls. 1.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Fjöldi og heiti breytnanna sem safnað er þriðja hvert ár vegna viðhengisins um heilbrigði og sjötta hvert ár vegna viðhengisins um lífsgæði á sviðinu „tekjur og lífskjör“ eru sett fram í viðaukanum.

| Viðhengi | Ítarleg efnisatriði | Kennimerki breytu | Heiti breytu |
|---|---|---|---|
| Heilbrigði | Heilbrigðisþjónusta (6 safnaðar breytur) | HS200 | Fjárhagsleg byrði læknisþjónustu (að undanskildum lyfjum) |
| | | HS210 | Fjárhagsleg byrði tannlæknaþjónustu |
| | | HS220 | Fjárhagsleg byrði lyfja |
| | | PH090 | Fjöldi heimsókna til heimilislæknis eða fjölskyldulæknis á síðustu 12 mánuðum |
| | | PH080 | Fjöldi heimsókna til tannlæknis, sérfræðings í tannréttingum eða annars sérfræðings í tannhirðu á síðustu 12 mánuðum |
| | | PH100 | Fjöldi heimsókna til sérfræðings í lyflækningum eða skurðlækningum (að undanskildum tannlækni, sérfræðingi í tannréttingum eða öðrum sérfræðingi í tannhirðu) á síðustu 12 mánuðum |
| | Áhrifaþættir heilbrigðis (8 safnaðar breytur) | PH110A | Líkamsþyngdarstuðull 1 Þyngd |
| | | PH110B | Líkamsþyngdarstuðull 1 Hæð |
| | | PH122 | Tegund hreyfingar við störf |
| | | PH132 | Tíðni hreyfingar (að undanskilinni við störf) |
| | | PH142 | Tíðni neyslu ávaxta (að undanskildum safa) |
| | | PH152 | Tíðni neyslu grænmetis eða salats (að undanskildum safa) |
| | | PH171 | Tíðni tóbaksnotkunar (þ.m.t. rafsígarettur eða svipuð rafeindatæki) |
| | | PH180 | Tíðni neyslu áfengra drykkja af öllum toga |
| | Upplýsingar um heilbrigðisástand og fötlun (6 safnaðar breytur) | PH101 | Erfiðleikar með sjón, jafnvel með notkun gleraugna eða snertilinsa |
| | | PH111 | Erfiðleikar með heyrn, jafnvel með notkun heyrnartækis |
| | | PH121 | Erfiðleikar með gang eða að ganga upp þrep |
| | | PH131 | Erfiðleikar með að muna eða einbeita sér |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | PH141 | Erfiðleikar með (sjálfsumhirðu eins og) að baða sig eða að klæða sig |
| | | PH151 | Erfiðleikar með samskipti við aðra (að nota venjulegt mál, t.d. að skilja eða að gera sig skiljanlegan við aðra) |
| Lífsgæði | Velsæld (7 safnaðar breytur) | PW241 | Finnst vera afskiptur |
| | | PW030 | Ánægja með fjárhagsstöðu |
| | | PW160 | Ánægja með persónuleg tengsl |
| | | PW120 | Ánægja með tímanotkun (magn frítíma) |
| | | PW230 | Finnur fyrir einmanaleika |
| | | PW090 | Finnur fyrir hamingju |
| | | PW180 | Aðstoð frá öðrum |
| | Þátttaka í félags- og menningarstarfsemi (13 safnaðar breytur) | PS010 | Fjöldi skipta sem farið er í kvikmyndahús |
| | | PS020 | Fjöldi skipta sem farið er á listviðburði (leikhússýningar, tónleika, óperur, ballett- og danssýningar) |
| | | PS030 | Fjöldi heimsókna á menningarstaði |
| | | PS040 | Fjöldi skipta sem farið er á íþróttaviðburði |
| | | PS041 | Leggur stund á listsköpun |
| | | PS042 | Bóklestur (þ.m.t. rafbækur eða hljóðbækur, yfir árið) |
| | | PS050 | Hversu oft eru samfundir með fjölskyldu (skyldmenni) |
| | | PS060 | Hversu oft eru samfundir með vinum |
| | | PS070 | Hversu oft er samband haft við fjölskyldu (skyldmenni) |
| | | PS080 | Hversu oft er samband haft við vini |
| | | PS110 | Þátttaka í formlegri sjálfboðavinnu |
| | | PS111 | Þátttaka í óformlegri sjálfboðavinnu |
| | | PS102 | Virk borgaraþátttaka |

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/944 2024/EES/11/76**

**frá 17. janúar 2023**

**um breytingu og leiðréttingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 að því er varðar tilteknar kröfur um gagnsæi sem gilda um viðskipti með hlutabréfagerninga** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 4. gr. (þriðju undirgrein 6. mgr.), 7. gr. (þriðju undirgrein 2. mgr.), 14. gr. (þriðju undirgrein 7. mgr.), 20. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.), 22. gr. (annarri undirgrein 3. mgr.) og 23. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Að teknu tilliti til þeirrar reynslu sem fékkst með beitingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 ([2]), sanngreiningar á ósamræmdri beitingu ákvæða eftir því hvort viðskipti séu „ekki verðmyndandi“ og að teknu tilliti til breytinga í viðskiptaháttum vegna tækniþróunar og aðlögunar á hegðun markaðsaðila, sem gerir kleift að birta upplýsingar með styttri fresti, er nauðsynlegt að breyta tilteknum ákvæðum þeirrar framseldu reglugerðar.

2) Aðilar undir eftirliti hafa túlkað með ólíkum hætti hugtakið um ekki verðmyndandi viðskipti, sem skiptir máli fyrir beitingu á undanþágunni frá umsömdum viðskiptum, skyldunni um hlutabréfaviðskipti, sem og undanþágunni frá kröfum um gagnsæi eftir tvíhliða viðskipti, sem hefur leitt til ósamræmis í birtingu upplýsinga um gagnsæi eftir viðskipti. Til að bæta gagnsæi, gæði gagna og endanlega að auðvelda gagnasöfnun er nauðsynlegt að einfalda og skýra það fyrirkomulag skýrslugjafar sem gildir um hlutabréfaviðskipti. Til að koma í veg fyrir ólíka túlkun ætti að samræma ýmis ákvæði sem byggjast á hugtakinu um ekki verðmyndandi viðskipti í bæði framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 ([3]) sem fjallar um skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda. Ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590 fjalla um öll viðskipti sem á að undanskilja frá kröfu um skýrslugjöf og því ætti að fjarlægja aðskildu viðskiptin í framseldri reglugerð (ESB) 2017/587.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 131, 16.5.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga og um þá skyldu að viðskipti með tiltekin hlutabréf skuli fara fram á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara (Stjtíð. ESB. L 87, 31.3.2017, bls. 387).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449).

3) Að samræma hugtakið um ekki verðmyndandi viðskipti og sama hugtak í framseldri reglugerð (ESB) 2017/590 gerir skilgreininguna á „staðgönguviðskiptum“ (e. *give-up transaction* eða *give-in transaction*) óþarfa þar sem sú skilgreining var eingöngu notuð í ákvæðum sem fjölluðu um það hugtak. Enn fremur er skilgreiningin á „fjármögnunarviðskiptum með verðbréf“ ekki notuð í þeirri framseldu reglugerð. Því ætti að fella þessar skilgreiningar brott.

4) Þrátt fyrir að gagnsæi fyrir viðskipti með hlutabréf og gerninga sem líkjast hlutabréfum hafi aukist vegna beitingar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 er gagnsæi fyrir viðskipti í rauntíma ennþá lítið fyrir kauphallarsjóði. Þetta er afleiðing þess að umtalsvert hlutfall viðskipta með kauphallarsjóði, bæði hvað varðar fjölda og magn viðskipta, nýtur þegar ávinnings af undanþágu, einkum undanþágunni vegna umfangsmikilla viðskipta eins og kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. Markmiðið með þeirri reglugerð um að auka gagnsæi á markaðnum með kauphallarsjóði hafa því ekki náðst að fullu. Til að auka gagnsæi fyrir viðskipti í rauntíma með kauphallarsjóði er því nauðsynlegt að hækka viðmiðunarmörk fyrir gagnsæi vegna umfangsmikilla viðskipta sem gilda um kauphallarsjóði. Hækkun á viðmiðunarmörkunum mun tryggja að fleiri viðskipti með kauphallarsjóði falli undir kröfur um gagnsæi fyrir viðskipti í rauntíma en tryggir um leið fullnægjandi vörn gegn verðáhrifum vegna stórra tilboða.

5) Að sama skapi er gagnsæi eftir viðskipti enn lítið og hlutfall frestaðra birtinga á viðskiptum með kauphallarsjóði enn umtalsvert hærra en fyrir hlutabréf og aðra hlutabréfagerninga. Til að tryggja að fleiri viðskipti með kauphallarsjóði falli undir kröfu um gagnsæi í rauntíma, er nauðsynlegt að auka lágmarksstærð viðskipta með kauphallarsjóði sem eiga rétt á 60 mínútna frestun. Þessi hækkun á viðmiðunarmörkum endurspeglar rétt jafnvægi á milli þess að auka gagnsæi í rauntíma og þess að tryggja fullnægjandi vernd gagnvart hugsanlegum neikvæðum afleiðingum af birtingu stórra tilboða.

6) Markaðsaðilar hafa túlkað gagnsæiskröfur fyrir viðskipti fyrir blönduð viðskiptakerfi á ólíkan hátt, sem hefur leitt til ósamræmis í gagnsæi fyrir viðskipti sem rekstraraðilar slíkra kerfa hafa birt. Blönduð kerfi eru kerfi sem sameina tvö eða fleiri viðskiptakerfi. Til að tryggja að þessir rekstraraðilar birti viðeigandi upplýsingar um gagnsæi fyrir viðskipti á samræmdan hátt í öllu Sambandinu, ætti að innleiða kröfur um gagnsæi fyrir viðskipti fyrir blönduð viðskiptakerfi sem tryggir að kröfur um gagnsæi fyrir viðskipti séu samræmdar við kröfur hinna einstöku kerfa sem blandaða kerfið samanstendur af.

7) Tækni- og markaðsþróun, eins og aukin notkun á kerfum með styttri biðtíma, gerir markaðsaðilum kleift að veita upplýsingar um viðskipti fyrr í tíma. Að teknu tilliti til þessa er möguleikinn á að birta frestaðar upplýsingar í kjölfar viðskipta eigi síðar en á hádegi næsta viðskiptadag, fyrir viðskipti sem eru framkvæmd innan við 2 klukkustundum fyrir lok viðskiptadags, óþarflega langur. Til að tryggja tímanlega birtingu upplýsinga í kjölfar viðskipta er því nauðsynlegt að stytta þetta tímabil í eigi síðar en klukkan 9 f.h. að staðartíma næsta viðskiptadag.

8) Viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og verðbréfafyrirtæki túlka kröfur um opinbera birtingu upplýsinga um gagnsæi eftir viðskipti, og upplýsinga sem ber að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum að því er varðar útreikning á gagnsæi, ekki með samræmdum hætti. Þar af leiðandi eru slíkar upplýsingar ófullkomnar, ónákvæmar eða ósamkvæmar. Þetta grefur undan nothæfi slíkra upplýsinga og gæðum og nákvæmni gagnsæisútreikninga á grundvelli framlagðra gagna. Til að stuðla að samræmdri beitingu á kröfum um gagnsæi eftir viðskipti í öllu Sambandinu er því nauðsynlegt að tilgreina efni gagnabeiðnanna frekar, einkum upplýsingarnar sem viðskiptavettvöngum, viðurkenndum birtingarþjónustum og þjónustum fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar ber að veita þegar þau tilkynna um tilvísunargögn og megindleg gögn til Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda.

9) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 til samræmis við það.

10) Til að gera viðskiptavettvöngum, viðurkenndum birtingarþjónustum og verðbréfafyrirtækjum kleift að gera nauðsynlegar breytingar á kerfum sínum, ættu tilteknar breytingar sem innleiddar eru með þessari reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024. Til að tryggja réttaröryggi og samfellu í viðskiptum sem eru framkvæmd fyrir 1. janúar 2024 en eru birt eða þeim breytt eftir þann dag ættu ákvæði 2., 6. og 13. gr. og I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/587, eins og eru í gildi þann 31. desember 2023, að gilda áfram um þau viðskipti.

11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([4]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/587**

Framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. gr. falla 2. og 3. liður brott.

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði d- til i-liðar falla brott.

b) Eftirfarandi j-liður bætist við:

„j) viðskiptin teljast ekki viðskipti að því er varðar 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 í samræmi við 5. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 (*).

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449).“

3) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði d- til i-liðar falla brott.

b) Eftirfarandi k-liður bætist við:

„k) viðskiptin teljast ekki viðskipti að því er varðar 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 í samræmi við 5. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590.“

4) Í stað 2. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Tilboð sem varðar kauphallarsjóð skal teljast umfangsmikið ef það er jafnstórt eða stærra en 3 000 000 evrur.“

5) Í 13. gr. falla b-, c- og d-liður brott.

6) Í stað b-liðar 3. mgr. 15. gr. kemur eftirfarandi:

„b) eigi síðar en við opnun næsta viðskiptadags á þeim markaði sem best á við með tilliti til seljanleika að því er varðar viðskipti sem falla ekki undir a-lið.“

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

7) Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Lögbær yfirvöld, rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki, þ.m.t. verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang, skulu nota þær upplýsingar sem birtar eru opinberlega í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar að því er varðar a- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, fyrir tímabilið á milli fyrsta mánudags í apríl árið sem upplýsingarnar eru birtar og dagsins á undan fyrsta mánudegi í apríl næsta árs á eftir.“

b) Eftirfarandi 6. og 7. mgr. bætast við:

„6. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða lögbær yfirvöld óska eftir upplýsingum í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og þjónustur fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar veita slíkar upplýsingar í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

7. Ef viðskiptastærðin, sem er ákvörðuð að því er varðar 7. gr. (1. og 2. mgr.), 8. gr. (a-lið 2. mgr.), 11. gr. (1. mgr.) og 15. gr. (1. mgr.), er gefin upp sem peningagildi og fjármálagerningurinn er ekki tilgreindur í evrum skal umreikna viðskiptastærðina yfir í gjaldmiðilinn sem fjármálagerningurinn er tilgreindur í með því að nota viðmiðunargengi evru og erlends gjaldeyris hjá Seðlabanka Evrópu frá 31. desember árið á undan.“

8) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

9) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

10) Texti III. viðauka við þessa reglugerð bætist við sem IV. viðauki.

*2. gr.*

**Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/587**

Framseld reglugerð (ESB) 2017/587 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar í 9. gr. kemur eftirfarandi:

„b) fyrirkomulagið sé í samræmi við tæknilegar ráðstafanir sem samsvara þeim sem tilgreindar eru fyrir viðurkennda birtingarþjónustu í 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571 og greiða fyrir sameiningu viðkomandi gagna og svipaðra gagna annars staðar frá,“

2) Í stað 18. gr. kemur eftirfarandi:

*„18. gr.*

**Tilvísun til lögbærra yfirvalda**

(Ákvæði 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Lögbært yfirvald yfir tilteknum fjármálagerningi sem ber ábyrgð á því að framkvæma útreikninga og tryggja að þær upplýsingar sem um getur í 4., 7., 11. og 17. gr. séu birtar opinberlega skal vera lögbært yfirvald þess markaðar sem best á við með tilliti til seljanleika sbr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og sem tilgreint er í 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590.“

*3. gr.*

**Umbreytingarákvæði**

Ákvæði 2., 6. og 13. gr. og I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/587, eins og eru í gildi þann 31. desember 2023, skulu halda áfram að gilda um viðskipti sem eru framkvæmd fyrir 1. janúar 2024.

*4. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Ákvæði 2., 3., 5. og 8. liðar 1. gr. skulu gilda frá 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

Ákvæðum I. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/587 er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflu 1 kemur eftirfarandi:

„Tafla 1

**Lýsing á tegund viðskiptakerfa og tengdar upplýsingar sem birta skal opinberlega í samræmi við 3. gr.**

| Lína | Tegund viðskiptakerfis | Lýsing á viðskiptakerfi | Upplýsingar sem birta skal opinberlega |
|---|---|---|---|
| 1 | Samfellt uppboðsviðskiptakerfi með tilboðaskrá | Kerfi sem notar tilboðaskrá og viðskiptaalgrím sem starfa án mannlegrar íhlutunar til að para með samfelldum hætti sölutilboð og kauptilboð á grundvelli besta verðs. | Samanlagður fjöldi tilboða og hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóðir, skírteini og aðrir svipaðir fjármálagerningar sem liggja þar að baki, á hverju verði fyrir a.m.k. fimm hagstæðustu verð kaup- og sölutilboða. |
| 2 | Verðdrifið viðskiptakerfi | Kerfi þar sem viðskipti fara fram á grundvelli bindandi verðtilboða sem þátttakendum er veittur stöðugur aðgangur að, sem krefst þess að viðskiptavakar viðhaldi verðtilboðum í stærð þar sem gætt er jafnvægis milli þarfar aðila og þátttakenda til að eiga í viðskiptum af tiltekinni stærðargráðu og áhættunnar sem viðskiptavakinn tekur á sig. | Verð hagstæðasta kaup- og sölutilboðs hvers viðskiptavaka fyrir hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með í viðskiptakerfinu, ásamt magninu sem tengist þessu verði. Verðtilboð sem eru birt opinberlega skulu vera þau tilboð sem fela í sér bindandi skuldbindingu til að kaupa og selja fjármálagerningana og sem tilgreina verð og magn fjármálagerninga sem skráðir viðskiptavakar eru reiðubúnir að kaupa eða selja á. Við sérstök markaðsskilyrði er þó heimilt að leyfa leiðbeinandi verð eða verð aðeins annarrar hliðar viðskipta í takmarkaðan tíma. |
| 3 | Reglulegt uppboðsviðskiptakerfi | Kerfi sem parar tilboð á grundvelli reglulegs uppboðs og viðskiptaalgríms sem starfar án mannlegrar íhlutunar. | Verðið sem fellur best að viðskiptaalgrími uppboðsviðskiptakerfisins fyrir hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með í viðskiptakerfinu og magnið sem væri mögulega framkvæmanlegt á því verði fyrir þátttakendur í því kerfi. |

| Lína | Tegund viðskiptakerfis | Lýsing á viðskiptakerfi | Upplýsingar sem birta skal opinberlega |
|---|---|---|---|
| 4 | Viðskiptakerfi með tilboðsbeiðnum | Kerfi þar sem eitt eða fleiri verðtilboð eru gefin vegna beiðni um tilboð sem lögð er fram af einum eða fleiri aðilum eða þátttakendum á viðskiptavettvangnum. Aðeins sá aðili eða þátttakandi sem leggur fram beiðnina getur framkvæmt viðskipti á grundvelli verðtilboðsins. Aðili eða þátttakandi sem leggur fram beiðni getur átt viðskipti með því að samþykkja eitt eða fleiri verðtilboð sem honum eru gerð samkvæmt beiðni. | Verðtilboðin og tengt magn frá aðila eða þátttakanda sem myndu leiða til viðskipta samkvæmt reglum kerfisins ef þau væru samþykkt. Öll verðtilboð sem lögð eru fram vegna beiðni um tilboð er heimilt að birta á sama tíma, en eigi síðar en þegar þau verða framkvæmanleg. |
| 5 | Blandað viðskiptakerfi | Kerfi sem fellur undir tvær eða fleiri gerðir viðskiptakerfa sem um getur í línum 1-4 í þessari töflu. | Fyrir blönduð kerfi, sem tengja saman ólík viðskiptakerfi á sama tíma, samsvara kröfurnar þeim kröfum um gagnsæi fyrir viðskipti sem gilda um sérhverja tegund viðskiptakerfis sem myndar blandaða kerfið.<br>Fyrir blönduð kerfi, sem tengja saman tvö eða fleiri viðskiptakerfi í röð, samsvara kröfurnar kröfum um gagnsæi fyrir viðskipti sem gilda um viðkomandi viðskiptakerfi sem er starfrækt á tilteknum tímapunkti |
| 6 | Annað viðskiptakerfi | Hvers kyns annað viðskiptakerfi sem fellur ekki undir línur 1-5. | Fullnægjandi upplýsingar um umfang tilboða eða verðtilboða og viðskiptaáhuga að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með í viðskiptakerfinu, einkum fimm hagstæðustu verð kaup- og sölutilboða og/eða tvíhliða tilboð hvers viðskiptavaka fyrir þann fjármálagerning, ef eiginleikar verðákvörðunarkerfisins gera það kleift.“ |

2) Í stað töflu 3 og 4 kemur eftirfarandi:

„Tafla 3

**Listi yfir upplýsingar í þágu gagnsæis að viðskiptum loknum**

| # | Auðkenni reits | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2 |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Viðskiptadagur og -tími | Dagsetning og tími þegar viðskiptin voru framkvæmd.<br>Að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistigið vera í samræmi við þær kröfur sem tilgreindar eru í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/574.<br>Að því er varðar viðskipti sem ekki eru framkvæmd á viðskiptavettvangi, dagsetning og tími þegar aðilar samþykkja innihald eftirfarandi reita: magn, verð, gjaldmiðlar eins og tilgreint er í reitum 31, 34 og 44 í töflu 2 í I. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590, auðkenniskóði gernings, flokkun gernings og auðkenniskóði undirliggjandi gernings, eftir atvikum. Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistig uppgefins tíma vera a.m.k. nálægasta sekúnda. | Skipulegur markaður<br>Markaðstorg fjármálagerninga<br>Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {DATE_TIME_FORMAT} |

| # | Auðkenni reits | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2 |
|---|---|---|---|---|
| | | Leiði viðskipti af tilboði sem fyrirtækið sem framkvæmir þau leggur fram fyrir hönd viðskiptavinar þriðja aðila og skilyrðin fyrir framlagningu sem tilgreind eru í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590 voru ekki uppfyllt skal tilgreina dagsetningu og tíma viðskiptanna frekar en framlagningar tilboðsins. | | |
| 2 | Auðkenniskóði gernings | Kóði til að auðkenna fjármálagerning. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {ISIN} |
| 3 | Verð | Verð sem viðskipti fara fram á að undanskildum, ef við á, þóknunum og áföllnum vöxtum.<br>Sé verðið tilkynnt í peningafjárhæðum skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.<br>Ef verðið liggur ekki fyrir en þess er beðið („PNDG“) eða á ekki við („NOAP“), skal ekki fylla þennan reit út. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {DECIMAL-18/13} þegar verðið er gefið upp sem peningagildi ef um er að ræða hlutabréf og fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum<br>{DECIMAL-11/10} þegar verðið er gefið upp sem prósenta eða ávöxtun ef um er að ræða skírteini og aðra fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum |
| 4 | Verð vantar | Liggi verðið ekki fyrir en þess er beðið skal gildið vera „PNDG“.<br>Eigi verð ekki við skal gildið vera „NOAP“. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | „PNDG“ ef verðið liggur ekki fyrir<br>„NOAP“ ef verð á ekki við |
| 5 | Gjaldmiðill verðs | Helsta gjaldmiðilseining sem verð er gefið upp í (á við ef verð er gefið upp sem peningafjárhæð). | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {CURRENCYCODE_3} |
| 6 | Framsetningarform verðs | Upplýsingar um hvort verð er gefið upp sem peningagildi, í prósentum eða sem ávöxtun. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | „MONE“ — Peningagildi ef um er að ræða hlutabréf og fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum<br>„PERC“ — Hundraðshluti |

| # | Auðkenni reits | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2 |
|---|---|---|---|---|
| | | | | ef um er að ræða skírteini og aðra fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum<br>„YIEL“ — Ávöxtun<br>ef um er að ræða skírteini og aðra fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum<br>„BAPO“ — Grunnpunktar<br>ef um er að ræða skírteini og aðra fjármálagerninga sem líkjast hlutabréfum |
| 7 | Magn | Fjöldi eininga fjármálagernings.<br>Nafnvirði eða peningalegt virði fjármálagernings. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {DECIMAL-18/17} ef magnið er gefið upp sem fjöldi eininga<br>{DECIMAL-18/5} ef magnið er gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði |
| 8 | Viðskiptastaður | Tilgreining vettvangs þar sem viðskipti voru framkvæmd.<br>Nota skal ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta fyrir viðskipti sem eru framkvæmd á viðskiptavettvangi ESB. Ef markaðsauðkenniskóði markaðshluta er ekki til staðar skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila.<br>Nota skal kóðann „SINT“ um fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi ef viðskipti með viðkomandi fjármálagerning eru framkvæmd hjá innmiðlara.<br>Nota skal markaðsauðkenniskóðann „XOFF“ fyrir fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, ef viðskipti með þann fjármálagerning fara hvorki fram á viðskiptavettvangi ESB né hjá innmiðlara. Ef viðskipti eru framkvæmd á skipulegum viðskiptaverkvangi utan ESB þarf einnig að fylla út reitinn „Viðskiptastaður í þriðja landi“, auk markaðsauðkenniskóðans „XOFF“. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {MIC} – viðskiptavettvangar ESB eða<br>„SINT“ — innmiðlari<br>“XOFF” — annað |

| # | Auðkenni reits | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2 |
|---|---|---|---|---|
| 9 | Viðskiptastaður í þriðja landi | Tilgreining viðskiptavettvangs þriðja lands þar sem viðskipti voru framkvæmd. Nota skal ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta. Sé markaðsauðkenniskóði markaðshluta ekki fyrir hendi skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila.<br>Ef viðskipti fara ekki fram á viðskiptavettvangi þriðja lands skal ekki fylla þennan reit út. | Viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {MIC} |
| 10 | Birtingardagur og -tími | Dagsetning og tími þegar viðskiptavettvangur eða viðurkennd birtingarþjónusta birti viðskipti opinberlega.<br>Að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistigið vera í samræmi við þær kröfur sem tilgreindar eru í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/574.<br>Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistig uppgefins dags og tíma vera a.m.k. nálægasta sekúnda. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {DATE_TIME_FORMAT} |
| 11 | Birtingarvettvangur | Kóði sem er notaður til að auðkenna viðskiptavettvang eða viðurkennda birtingarþjónustu sem birtir viðskipti opinberlega. | Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | viðskiptavettvangur: {MIC}<br>Viðurkennd birtingarþjónusta: ISO 10383 markaðsauðkenniskóði markaðshluta (4 stafir) ef hann er til staðar. Annars fjögurra stafa kóði eins og hann er birtur í listanum yfir veitendur gagnaskýrsluþjónustu á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. |
| 12 | Auðkenniskóði viðskipta | Alstafakóði sem viðskiptavettvangur (skv. 12. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 ([1])) og viðurkennd birtingarþjónusta úthluta og er notaður hvenær sem vísað er til viðkomandi viðskipta síðar.<br>Auðkenniskóði viðskipta skal vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tilliti til hvers ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta og hvers viðskiptadags. Noti viðskiptavettvangurinn ekki markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal auðkenniskóði viðskipta vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tilliti til hvers markaðsauðkenniskóða rekstraraðila og hvers viðskiptadags. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {ALSTAFAKÓÐI-52} |

| # | Auðkenni reits | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 2 |
|---|---|---|---|---|
| | | Noti viðurkennd birtingarþjónusta ekki markaðsauðkenniskóða skal kóðinn vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur fjögurra stafa kóði sem er notaður til að auðkenna viðurkennda birtingarþjónustu á tilteknum viðskiptadegi.<br>Einstakir hlutar auðkenniskóða viðskipta mega ekki sýna hverjir eru mótaðilar viðskiptanna sem kóðinn gildir um. | | |

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 frá 24. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að halda utan um viðeigandi gögn að því er varðar tilboð með fjármálagerninga (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 193).

*Tafla 4*

**Listi yfir flagganir í þágu gagnsæis eftir viðskipti**

| Flöggun | Heiti | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Lýsing |
|---|---|---|---|
| „BENC“ | Flöggun vegna viðmiðunarviðskipta | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptauppl ýsingar | Viðskipti sem framkvæmd eru með viðmiðun við verð sem er reiknað út yfir fleiri en einn tímapunkt í samræmi við tiltekið viðmiðunargildi, s.s. magnvegið meðalverð eða tímavegið meðalverð. |
| „NPFT“ | Flöggun vegna viðskipta sem eru ekki verðmyndandi | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptauppl ýsingar | Ekki verðmyndandi viðskipti eins og sett er fram í 5. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590. |
| „PORT“ | Flöggun vegna viðskipta eignasafns | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptauppl ýsingar | Viðskipti með fimm eða fleiri mismunandi fjármálagerninga þar sem sami viðskiptavinur á í þessum viðskiptum á sama tíma og þannig að um eina heild er að ræða gegn tilteknu viðmiðunarverði. |
| „CONT“ | Flöggun vegna skilyrtra viðskipta | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptauppl ýsingar | Viðskipti sem eru háð kaupum, sölu, stofnun eða innlausn afleiðusamnings eða annars fjármálagernings þar sem framkvæma á alla þætti viðskiptanna sem eina heild. |
| „ACTX“ | Flöggun vegna víxlumboðsviðskipta | Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptauppl ýsingar | Viðskipti þar sem verðbréfafyrirtæki hefur leitt saman tilboð viðskiptavina sinna og kaup og sala fara fram sem ein viðskipti í sama magni og á sama verði. |
| „SDIV“ | Flöggun vegna viðskipta í tengslum við sérstakan arð | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptauppl ýsingar | Viðskipti sem fara annaðhvort fram á tímabilinu eftir arðleysisdag þegar arður eða annars konar útgreiðslur renna til kaupanda í stað seljanda eða fara fram á tímabilinu fyrir arðleysisdag þegar arður eða annars konar útgreiðslur renna til seljanda í stað kaupanda. |
| „LRGS“ | Flöggun eftir viðskipti vegna umfangsmikilla viðskipta | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Viðurkennd birtingarþjónusta | Viðskipti sem eru umfangsmikil í samanburði við venjulega markaðsstærð og heimilt er að fresta birtingu á skv. 15. gr. |

| Flöggun | Heiti | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Lýsing |
|---|---|---|---|
| | | Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | |
| „RFPT“ | Flöggun vegna viðskipta á grundvelli viðmiðunarverðs | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem eru framkvæmd í kerfum sem starfa í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. |
| „NLIQ“ | Flöggun vegna umsaminna viðskipta með auðseljanlega fjármálagerninga | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem eru framkvæmd í samræmi við i. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 600/2014. |
| „OILQ“ | Flöggun vegna umsaminna viðskipta með illseljanlega fjármálagerninga | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem eru framkvæmd í samræmi við ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 600/2014. |
| „PRIC“ | Flöggun vegna umsaminna viðskipta sem eru háð öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem eru framkvæmd í samræmi við iii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 600/2014 og eins og tilgreint er í 6. gr. |
| „ALGO“ | Flöggun vegna algrímsviðskipta | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem eru framkvæmd vegna þess að verðbréfafyrirtæki á í algrímsviðskiptum eins og þau er skilgreind í 39. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB. |
| „SIZE“ | Flöggun vegna viðskipta yfir staðlaðri markaðsstærð | Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem eru framkvæmd hjá innmiðlara þar sem stærð tilboðsins sem berst er yfir staðlaðri markaðsstærð eins og hún er ákvörðuð í samræmi við 11. gr. |
| „ILQD“ | Flöggun vegna viðskipta með illseljanlega gerninga | Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti með illseljanlega gerninga eins og þeir eru ákvarðaðir í samræmi við 1. og 5. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 ([1]), sem framkvæmd eru hjá innmiðlara. |
| „RPRI“ | Flöggun vegna viðskipta með bættu verði | Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem eru framkvæmd hjá innmiðlara með bættu verði í samræmi við 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. |
| „CANC“ | Flöggun vegna afturköllunar | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Þegar áður birt viðskipti eru afturkölluð |
| „AMND“ | Flöggun vegna breytingar | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga<br>Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Þegar áður birtum viðskiptum er breytt. |
| „DUPL“ | Flöggun vegna afritaðra upplýsinga um viðskipti | Viðurkennd birtingarþjónusta | Þegar viðskipti eru tilkynnt fleiri en einni viðurkenndri birtingarþjónustu í samræmi við 1. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/571. |

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 frá 18. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar skilgreiningar, gagnsæi, samþjöppun eignasafns og eftirlitsráðstafanir hvað varðar afurðaíhlutun og stöður (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 90).“

*II. VIÐAUKI*

Í stað töflu 5 í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/587 kemur eftirfarandi:

„Tafla 5

**Viðmiðunarmörk um frestun birtingar og tafir fyrir kauphallarsjóði**

| Tilskilin lágmarksstærð viðskipta svo frestun birtingar sé heimil, í evrum | Tímasetning opinberrar birtingar eftir viðskipti |
|---|---|
| 15 000 000 | 60 mínútur |
| 50 000 000 | Lok viðskiptadags“ |

*III. VIÐAUKI*

*„IV. VIÐAUKI*

**Gögn sem skal veita til að ákvarða markað sem best á við með tilliti til seljanleika, meðaldagsveltu og meðalvirðis viðskipta**

*Tafla 1*

**Táknatafla**

| Tákn | Gagnategund | Skilgreining |
|---|---|---|
| {ALPHANUM-n} | Allt að n-alstöfum | Reitur fyrir frjálsan texta |
| {ISIN} | 12 alstafir | ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166 |
| {MIC} | 4 alstafir | Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383 |
| {DATEFORMAT} | ISO 8601 dagsetningarsnið | Dagsetningar skulu vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD. |
| {DECIMAL-n/m} | Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir geta verið brotatölur | Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi.<br>táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur),<br>mínustölur eru með forskeytinu „–“ (mínus),<br>gildi eru námunduð og ekki stýfð. |
| {INTEGER-n} | Heil tala allt að n tölustafir | Talnareitur fyrir bæði jákvæð og neikvæð heiltölugildi. |

*Tafla 2*

**Upplýsingar sem skal veita til að ákvarða markað sem best á við með tilliti til seljanleika, meðaldagsveltu og meðalvirðis viðskipta (á grundvelli núverandi skýrslugjafarfyrirmæla)**

| Nr. reits | Auðkenni reits | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1 |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Auðkenniskóði gernings | Kóði til að auðkenna fjármálagerninginn | Skipulegur markaður<br>Markaðstorg fjármálagerninga<br>Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {ISIN} |
| 2 | Framkvæmdardagsetning | Dagsetning þegar viðskipti eru framkvæmd. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {DATEFORMAT} |

| Nr. reits | Auðkenni reits | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1 |
|---|---|---|---|---|
| 3 | Viðskiptastaður | Markaðsauðkenniskóði markaðshluta fyrir viðskiptavettvang ESB eða innmiðlara, sé hann tiltækur, annars markaðsauðkenniskóði rekstraraðila.<br>Markaðsauðkenniskóðinn XOFF ef viðskipti eru framkvæmd af verðbréfafyrirtækjum sem eru ekki innmiðlarar og fara ekki fram á viðskiptavettvangi. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {MIC} – fyrir viðskiptavettvang eða innmiðlara eða {MIC}-XOFF“ |
| 4 | Flöggun vegna gernings sem viðskipti hafa verið stöðvuð með | Vísbending um hvort viðskipti með gerning hafi verið stöðvuð allan viðskiptadaginn á viðkomandi viðskiptavettvangi á framkvæmdardegi.<br>Sem afleiðing af því að viðskipti eru stöðvuð með gerning allan viðskiptadaginn skal setja gildið núll í reiti 5-10. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | TRUE - ef viðskipti voru stöðvuð með gerning allan viðskiptadaginn<br>eða FALSE - ef viðskipti voru ekki stöðvuð með gerning allan viðskiptadaginn |
| 5 | Heildarfjöldi viðskipta | Heildarfjöldi viðskipta sem eru framkvæmd á framkvæmdardegi (**). | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {INTEGER-18} |
| 6 | Heildarvelta | Heildarvelta sem er framkvæmd á framkvæmdardegi, gefin upp í evrum (*) (**). | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {DECIMAL-18/5} |
| 7 | Framkvæmd viðskipti, að undanskildum öllum viðskiptum sem framkvæmd eru samkvæmt undanþágum fyrir viðskipti í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. | Heildarfjöldi viðskipta sem eru framkvæmd á framkvæmdardegi, að undanskildum öllum viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt undanþágum fyrir viðskipti í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 sama dag (**). | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {INTEGER-18} |
| 8 | Framkvæmd heildarvelta, að undanskildum öllum viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt undanþágum fyrir viðskipti í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. | Framkvæmd heildarvelta á framkvæmdardegi, að undanskildum öllum viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt undanþágum fyrir viðskipti í a-, b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 sama dag (*) (**). | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {DECIMAL-18/5} |

| Nr. reits | Auðkenni reits | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1 |
|---|---|---|---|---|
| 9 | Heildarfjöldi viðskipta, að undanskildum þeim sem eru framkvæmd samkvæmt frestun birtingar vegna umfangsmikilla eftir viðskipta. | Heildarfjöldi viðskipta sem eru framkvæmd á framkvæmdardegi, að undanskildum þeim viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt undanþágu vegna umfangsmikilla viðskipta (eftir viðskipta) (**).<br><br>Að því er varðar hlutabréf og heimildarskírteini skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk fyrir tengt bil meðaldagsveltu í töflu 4 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti.<br><br>Að því er varðar skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk í töflu 6 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti.<br><br>Að því er varðar kauphallarsjóði skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk í töflu 5 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {INTEGER-18} |
| 10 | Framkvæmd heildarvelta, að undanskildum viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt frestun birtingar vegna umfangsmikilla eftir viðskipta. | Heildarmagn viðskipta sem eru framkvæmd á framkvæmdardegi, að undanskildum þeim viðskiptum sem eru framkvæmd samkvæmt undanþágu vegna umfangsmikilla viðskipta (eftir viðskipta) (*) (**).<br><br>Að því er varðar hlutabréf og heimildarskírteini skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk fyrir tengt bil meðaldagsveltu í töflu 4 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti.<br><br>Að því er varðar skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk í töflu 6 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti.<br><br>Að því er varðar kauphallarsjóði skal einungis nota hæstu viðmiðunarmörk í töflu 5 í II. viðauka til að auðkenna þau viðskipti. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {DECIMAL-18/5} |

(*) Veltan skal reiknuð sem fjöldi gerninga sem ganga kaupum og sölu milli kaupenda og seljenda, margfaldað með einingaverði gerningsins sem er notaður í þessum tilteknu viðskiptum og skal gefin upp í evrum.

(**) Viðskipti sem hafa verið afturkölluð skulu undanskilin tilkynntum tölum. Í öllum tilvikum verður að fylla reitinn út með gildi sem er hærra en eða jafnt og núll upp að 18 tölustöfum, þ.m.t. allt að 5 tugasætum.“

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/945** **2024/EES/11/77**

**frá 17. janúar 2023**

**um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/583 að því er varðar tilteknar kröfur um gagnsæi sem gilda um viðskipti með aðra gerninga en hlutabréfagerninga** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 9. gr., þriðju undirgrein 4. mgr. 11. gr., þriðju undirgrein 7. mgr. 14. gr., þriðju undirgrein 5. mgr. 21. gr. og annarri undirgrein 3. mgr. 22. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Að teknu tilliti til þeirrar reynslu sem fékkst með beitingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583 ([2]), sanngreiningar á ósamræmdri beitingu ákvæða eftir því hvort viðskipti séu „ekki verðmyndandi“ og að teknu tilliti til breytinga í viðskiptaháttum vegna tækniþróunar og aðlögunar á hegðun markaðsaðila, sem gerir kleift að birta upplýsingar með styttri fresti, er nauðsynlegt að breyta tilteknum ákvæðum þeirrar framseldu reglugerðar.

2) Aðilar undir eftirliti hafa túlkað á ólíkan hátt hugtakið um að viðskipti séu ekki verðmyndandi, sem skiptir máli vegna beitingar undanþágu frá kröfum um gagnsæi að viðskiptum loknum fyrir tvíhliða viðskipti, sem hefur leitt til ósamræmis í birtingu upplýsinga um gagnsæi eftir viðskipti í samræmi við 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ([3]). Til að bæta gagnsæi, gæði gagna og að lokum að auðvelda gagnasöfnun, er nauðsynlegt að einfalda og skýra það fyrirkomulag skýrslugjafar sem gildir um önnur viðskipti en með hlutabréf. Til að koma í veg fyrir ólíka túlkun ætti að samræma ýmis ákvæði sem byggjast á hugtakinu um ekki verðmyndandi viðskipti í bæði framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 ([4]) og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 ([5]), sem fjalla um skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda. Þar sem listi yfir viðskipti sem eru ekki verðmyndandi í ákvæðum framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590 inniheldur öll viðskipti sem á að undanskilja frá kröfu um skýrslugjöf ætti að eyða aðskildum viðskiptum í framseldri reglugerð (ESB) 2017/587.

3) Markaðsaðilar hafa túlkað gagnsæiskröfur fyrir viðskipti fyrir blönduð viðskiptakerfi á ólíkan hátt, sem hefur leitt til ósamræmis í gagnsæi fyrir viðskipti sem rekstraraðilar slíkra kerfa hafa birt. Blönduð kerfi eru kerfi sem sameina tvö eða fleiri viðskiptakerfi. Til að tryggja að þessir rekstraraðilar birti viðeigandi upplýsingar um gagnsæi fyrir viðskipti á samræmdan hátt í öllu Sambandinu, ætti að innleiða kröfur um gagnsæi fyrir viðskipti fyrir blönduð viðskiptakerfi sem tryggir að kröfur um gagnsæi fyrir viðskipti séu samræmdar við kröfur hinna einstöku kerfa sem blandaða kerfið samanstendur af.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 131, 16.5.2023, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/583 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 229).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga og um þá skyldu að viðskipti með tiltekin hlutabréf skuli fara fram á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara (Stjtíð. ESB. L 87, 31.3.2017, bls. 387).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449).

4) Tilteknir lykilþættir í opinberum skýrslum um viðskipti með fjármálagerninga, eins og verð, magn og grundvallarfjárhæð, hafa verið gefnir upp á ósamræmdan hátt. Birting þessara þátta ætti að vera í samræmi við markaðsvenjur í tengslum við staka gerninga. Að því er varðar skuldabréf ætti að gefa verðið upp sem hundraðshluta, nema markaðsvenjur kveði á um að verð á tiltekinni tegund skuldabréfa sé gefið upp á annan hátt. Að því er varðar skuldatryggingu ætti að gefa verðið upp í grunnpunktum sem seljandi útlánavarnar fær.

5) Viðskipti þar sem nokkur mismunandi skuldabréf eða aðrir fjármálagerningar eru seldir sama viðskiptavini á sama tíma, þ.m.t. mótaðilum, sem safnviðskipti á samanlögðu verði fyrir allan hlutann, eru ekki greinanleg sem slík í opinberum skýrslum. Án réttrar auðkenningar á slíkum safnviðskiptum birta opinberar skýrslur nokkrar stakar viðskiptafærslur á móti verði sem endurspeglar ekki markaðsverð. Því er nauðsynlegt að bæta flaggi fyrir safnviðskipti, sem auðkennir slík viðskipti, við í töflu 3 í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/587.

6) Viðskiptavettvangar, viðurkenndar birtingarþjónustur og verðbréfafyrirtæki hafa ekki túlkað kröfur um opinbera birtingu upplýsinga um gagnsæi að viðskiptum loknum, og upplýsinga sem ber að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum að því er varðar útreikning á gagnsæi, á samræmdan hátt. Þar af leiðandi eru slíkar upplýsingar ófullkomnar, ónákvæmar eða ósamkvæmar. Þetta grefur undan nothæfi slíkra upplýsinga og gæðum og nákvæmni gagnsæisútreikninga á grundvelli framlagðra gagna. Til að stuðla að samræmdri beitingu á kröfum um gagnsæi að viðskiptum loknum í öllu Sambandinu er nauðsynlegt að skilgreina nánar hvernig birta eigi gögn, svo sem verð og grundvallarfjárhæð, með tilliti til ólíkra fjármálagerninga eftir viðskiptavettvöngum, viðurkenndum birtingarþjónustum og verðbréfafyrirtækjum og fyrir skýrslugjöf um tilvísunargögn og megindleg gögn til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda.

7) Umtalsverður munur er á seljanleika hrávöruafleiðna eftir eiginleikum gerninga. Sniðið sem tilteknir eiginleikar hrávöru- og farmafleiðna eru tilkynntir á er ekki tilgreint nægilega ítarlega í framseldri reglugerð (ESB) 2017/583. Þessi snið ættu að byggjast á fyrirliggjandi markaðsstöðlum og vera tilgreind til að hægt sé að ná samræmdri skýrslugjöf á þessum eiginleikum og auka gæði gagna.

8) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2017/583 til samræmis við það.

9) Til að gera viðskiptavettvöngum, viðurkenndum birtingarþjónustum og verðbréfafyrirtækjum kleift að gera nauðsynlegar breytingar á kerfum sínum, ættu tilteknar breytingar sem innleiddar eru með þessari reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024. Til að tryggja réttaröryggi og samfellu í viðskiptum sem eru framkvæmd fyrir 1. janúar 2024, en eru birt eða þeim breytt eftir þann dag, ætti 12. gr. og I., II. og IV. viðauki við framselda reglugerð (ESB) 2017/583, eins og þeir gilda þann 31. desember 2023, að gilda áfram um viðskipti sem eru framkvæmd fyrir 1. janúar 2024.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([6]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2017/583**

Framseldri reglugerð (ESB) 2017/583 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 4. mgr. er bætt við 4. gr.:

„4. Að því er varðar ákvæði a-liðar 2. mgr. skal stærð tilboða sem eru í tilboðaumsýslukerfi mæld eftir grundvallarfjárhæð viðskiptasamninga, eins og um getur í reit 10 í töflu 2 í II. viðauka.“

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

*„12. gr.*

**Beiting gagnsæisskyldu að viðskiptum loknum á tiltekin viðskipti sem framkvæmd eru utan viðskiptavettvangs**

(Ákvæði 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014)

Skuldbindingarnar sem eru settar fram í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu ekki gilda um viðskipti sem eru skráð í 5. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 (*).

---

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449).“

3) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við 5. mgr.:

„Gagnanna sem um getur í fyrstu undirgrein skal aflað í samræmi við V. viðauka.“

b) Í stað 17. og 18. mgr. kemur eftirfarandi:

„17. Lögbær yfirvöld skulu tryggja opinbera birtingu niðurstaðna útreikninganna sem um getur í 5. mgr. fyrir hvern fjármálagerning og flokk fjármálagerninga eigi síðar en 30. apríl árið eftir að reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda og eigi síðar en 30. apríl hvert ár eftir það. Niðurstöður útreikninganna skulu gilda frá fyrsta mánudegi í júní á hverju ári eftir birtingu, til dagsins á undan fyrsta mánudegi í júní næsta ár á eftir.

18. Að því er varðar útreikningana sem um getur í i. lið b-liðar 1. mgr. og þrátt fyrir 7., 15. og 17. mgr. skulu lögbær yfirvöld, að því er varðar skuldabréf nema hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, tryggja ársfjórðungslega opinbera birtingu útreikninganna sem um getur í a-lið 5. mgr. á fyrsta mánudegi í febrúar, maí, ágúst og nóvember eftir daginn sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda og á fyrsta mánudegi í febrúar, maí, ágúst og nóvember á hverju ári eftir það. Útreikningarnir skulu ná yfir viðskipti sem voru framkvæmd í Sambandinu á fyrri almanaksársfjórðungi og gilda frá þriðja mánudegi í febrúar, maí, ágúst og nóvember ár hvert þar til útreikningar næsta ársfjórðungstímabils taka gildi.“

4) Í stað I. viðauka kemur texti I. viðauka við þessa reglugerð,

5) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

6) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

7) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

8) Texti V. viðauka við reglugerð þessa bætist við sem V. viðauki.

*2. gr.*

**Umbreytingarákvæði**

Ákvæði 12. gr. og I., II. og IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2017/583, eins og hún gildir þann 31. desember 2023, skulu halda áfram að gilda um viðskipti sem eru framkvæmd fyrir 1. janúar 2024.

*3. gr.*

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Ákvæði 2., 4., 5. og 7. liðar 1. gr. skulu gilda frá 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

———

*I. VIÐAUKI*

*„I. VIÐAUKI*

**Lýsing á tegund kerfis og tengdar upplýsingar sem gera skal opinberar í samræmi við 2. gr.**

| Tegund kerfis | Lýsing kerfis | Upplýsingar sem birta skal opinberlega |
|---|---|---|
| Samfellt uppboðsviðskiptakerfi með tilboðaskrá | Kerfi sem notar tilboðaskrá og viðskiptaalgrím sem starfa án mannlegrar íhlutunar til að para með samfelldum hætti sölutilboð og kauptilboð á grundvelli besta verðs. | Fyrir hvern fjármálagerning, samanlagður fjöldi tilboða og magn sem þau fela í sér á hverju verði, fyrir a.m.k. fimm hagstæðustu verð kaup- og sölutilboða. |
| Tilboðsdrifið viðskiptakerfi | Kerfi þar sem viðskipti fara fram á grundvelli bindandi verðtilboða sem þátttakendum er veittur stöðugur aðgangur að, sem krefst þess að viðskiptavakar viðhaldi verðtilboðum í stærð þar sem gætt er jafnvægis milli þarfar aðila og þátttakenda til að eiga í viðskiptum af tiltekinni stærðargráðu og áhættunnar sem viðskiptavakinn tekur á sig. | Fyrir hvern fjármálagerning, verð hagstæðasta kaup- og sölutilboðs hvers viðskiptavaka fyrir þann gerning, ásamt því magni sem tengist því verði.<br>Verðtilboð sem eru birt opinberlega skulu vera þau tilboð sem fela í sér bindandi skuldbindingu til að kaupa og selja fjármálagerningana og sem tilgreina verð og magn fjármálagerninga sem skráðir viðskiptavakar eru reiðubúnir að kaupa eða selja á. Við sérstök markaðsskilyrði er þó heimilt að leyfa leiðbeinandi verð eða verð aðeins annarrar hliðar viðskiptanna í takmarkaðan tíma. |
| Reglulegt uppboðsviðskiptakerfi | Kerfi sem parar tilboð á grundvelli reglulegs uppboðs og viðskiptaalgríms sem starfar án mannlegrar íhlutunar. | Fyrir hvern fjármálagerning, verðið sem fellur best að viðskiptaalgrími uppboðsviðskiptakerfisins og magnið sem væri mögulega framkvæmanlegt á því verði fyrir þátttakendur í því kerfi. |
| Viðskiptakerfi með tilboðsbeiðnum | Viðskiptakerfi þar sem eitt eða fleiri verðtilboð eru gefin vegna beiðni um tilboð sem lögð er fram af einum eða fleiri öðrum aðilum þeirra eða þátttakendum. Aðeins sá aðili eða markaðsaðili sem leggur fram beiðnina getur framkvæmt viðskipti á grundvelli verðtilboðsins. Aðilinn eða þátttakandinn sem leggur fram beiðnina getur átt viðskipti með því að samþykkja eitt eða fleiri verðtilboð sem honum eru gerð samkvæmt beiðni. | Verðtilboðin og tengt magn frá aðila eða þátttakanda sem myndi leiða til viðskipta samkvæmt reglum kerfisins ef þau væru samþykkt. Öll verðtilboð sem lögð eru fram vegna beiðni um tilboð er heimilt að birta á sama tíma, en eigi síðar en þegar þau verða framkvæmanleg. |
| Radddrifið viðskiptakerfi | Viðskiptakerfi þar sem samið er munnlega um viðskipti milli aðila. | Kaup- og sölutilboð og tengt magn frá aðila eða þátttakanda sem myndi leiða til viðskipta samkvæmt reglum kerfisins ef þau væru samþykkt. |

| Tegund kerfis | Lýsing kerfis | Upplýsingar sem birta skal opinberlega |
|---|---|---|
| Blandað viðskiptakerfi | Kerfi sem fellur undir tvær eða fleiri gerðir viðskiptakerfa sem um getur í línum 1-5 í þessari töflu. | Fyrir blönduð viðskiptakerfi sem tengja saman ólík viðskiptakerfi á sama tíma samsvara kröfurnar þeim kröfum um gagnsæi fyrir viðskipti sem gilda um sérhverja tegund viðskiptakerfis sem myndar blandaða kerfið.<br><br>Fyrir blönduð viðskiptakerfi sem tengja saman tvö eða fleiri viðskiptakerfi í röð samsvara kröfurnar kröfum um gagnsæi fyrir viðskipti sem gilda um viðkomandi viðskiptakerfi sem er starfrækt á tilteknum tímapunkti. |
| Annað viðskiptakerfi | Hvers kyns annað viðskiptakerfi sem fellur ekki undir línur 1-6. | Fullnægjandi upplýsingar um umfang tilboða eða verðtilboða og magn í boði, einkum fimm hagstæðustu verð kaup- og sölutilboða og/eða tvíhliða tilboð hvers viðskiptavaka með fjármálagerninginn, ef eiginleikar verðákvörðunarkerfisins gera það kleift.“ |

*II. VIÐAUKI*

Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflu 2 kemur eftirfarandi:

„Tafla 2

**Listi yfir upplýsingar í þágu gagnsæis að viðskiptum loknum**

| # | Auðkenni reits | Fjármálagerningar | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Viðskiptadagur og -tími | Fyrir alla fjármálagerninga | Dagsetning og tími þegar viðskiptin voru framkvæmd.<br><br>Að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistigið vera í samræmi við þær kröfur sem tilgreindar eru í 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmda-stjórnarinnar (ESB) 2017/574 ([1]).<br><br>Að því er varðar viðskipti sem ekki eru framkvæmd á viðskiptavettvangi, skulu dagsetning og tími vera þegar aðilar samþykkja innihald eftirfarandi reita: magn, verð, gjaldmiðlar eins og tilgreint er í reitum 31, 34 og 44 í töflu 2 í I. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590, auðkenniskóði gernings, flokkun gernings og auðkenniskóði undirliggjandi gernings, eftir atvikum. Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistig uppgefins tíma vera a.m.k. nálægasta sekúnda.<br><br>Leiði viðskiptin af tilboði sem fyrirtækið sem framkvæmir þau leggur fram fyrir hönd viðskiptavinar þriðja aðila og skilyrðin fyrir framlagningu sem tilgreind eru í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590 voru ekki uppfyllt skal tilgreina dagsetningu og tíma viðskiptanna frekar en framlagningar tilboðsins. | Skipulegur markaður<br><br>Markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg<br><br>Viðurkennd birtingarþjónusta<br><br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {DATE_TIME_FORMAT} |
| 2 | Auðkenniskóði gernings | Fyrir alla fjármálagerninga | Kóði til að auðkenna fjármálagerninginn | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {ISIN}. |
| 3 | Verð | Fyrir alla fjármálagerninga | Verð sem viðskiptin fara fram á að undanskildum, ef við á, þóknunum og áföllnum vöxtum.<br><br>Verð sem viðskiptin fara fram á skal tilkynnt í samræmi við staðlaðar markaðsvenjur. Gildið sem er veitt í þessum reit skal vera í samræmi við gildið sem tilgreint er í reitnum „Framsetningarform verðs“.<br><br>Ef verðið liggur ekki fyrir en þess er beðið („PNDG“) eða á ekki við („NOAP“), skal ekki fylla þennan reit út. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningafjárhæð<br><br>{DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem prósenta eða ávöxtun<br><br>{DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum |

| # | Auðkenni reits | Fjármálagerningar | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1 |
|---|---|---|---|---|---|
| 4 | Verð vantar | Fyrir alla fjármálagerninga | Liggi verðið ekki fyrir en þess er beðið skal gildið vera „PNDG“.<br><br>Eigi verð ekki við skal gildið vera „NOAP“. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | „PNDG“ ef verðið liggur ekki fyrir<br><br>„NOAP“ ef verð á ekki við. |
| 5 | Gjaldmiðill verðs | Fyrir alla fjármálagerninga | Helsti gjaldmiðill sem verðið er gefið upp í (á við ef verðið er gefið upp sem peningafjárhæð). | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {CURRENCYCODE_3} |
| 6 | Framsetningar-form verðs | Fyrir alla fjármálagerninga | Upplýsingar um hvort verðið er gefið upp sem peningagildi, í prósentum, í grunnpunktum eða sem ávöxtun.<br><br>Framsetningarform verðs skal tilkynnt í samræmi við viðteknar reglur á markaði.<br><br>Að því er varðar skuldatryggingu skal fylla þennan reit út með „BAPO“.<br><br>Að því er varðar skuldabréf (önnur en skuldaviður-kenningar og hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi) skal fylla þennan reit út með hundraðshluta (PERC) af grundvallarfjárhæð. Ef verð í hundraðshluta er ekki viðtekin regla á markaði skal fylla hann út með YIEL, BAPO eða MONE, í samræmi við viðteknar reglur á markaði.<br><br>Gildið sem er veitt í þessum reit skal vera í samræmi við gildið sem tilgreint er í reitnum „Verð“.<br><br>Sé verðið tilkynnt sem peningagildi skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni.<br><br>Ef verðið liggur ekki fyrir en þess er beðið („PNDG“) eða á ekki við („NOAP“), skal ekki fylla þennan reit út. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | „MONE“ — Peningagildi<br><br>„PERC“ — Hundraðshluti<br>„YIEL“ — Ávöxtun<br><br>„BAPO“ — Grunnpunktar |

| # | Auðkenni reits | Fjármálagerningar | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1 |
|---|---|---|---|---|---|
| 7 | Magn | Fyrir alla fjármálagerninga nema í þeim tilvikum sem lýst er í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar. | Að því er varðar fjármálagerninga sem viðskipti eru með í einingum, fjöldi eininga í fjármálagerningi. Annars auður. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {DECIMAL-18/17} |
| 8 | Magn í mælieiningu | Fyrir samninga sem tilteknir eru í einingum í hrávöruafleiðum, C10-afleiður með losunar-heimildir og losunarheimildir, nema í þeim tilvikum sem lýst er í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar. | Samsvarandi magn hrávöru eða losunarheimilda sem viðskipti eru með, gefið upp í mælieiningu. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {DECIMAL-18/17} |
| 9 | Upplýsingar um magn í mælieiningu | Fyrir samninga sem tilteknir eru í einingum í hrávöruafleiðum, C10-afleiður með losunar-heimildir og losunarheimildir, nema í þeim tilvikum sem lýst er í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar. | Upplýsingar um táknun sem magn í mælieiningu er gefið upp í | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | „TOCD“ — tonn koltvísýringsígildis fyrir alla samninga sem tengjast losunarheimildum<br>„TONE“ — tonn<br>„MWHO“ — megavattstundir<br>„MBTU“ — ein milljón breskar varmaeiningar<br>„THMS“ — therm-einingar<br>„DAYS“ – Dagar<br>eða<br>{ALPHANUM-4} í öðrum tilvikum |

| # | Auðkenni reits | Fjármálagerningar | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1 |
|---|---|---|---|---|---|
| 10 | Grundvallar-fjárhæð | Fyrir alla fjármálagerninga nema í þeim tilvikum sem lýst er í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar. | Fylla skal þennan reit út:<br>i. fyrir skuldabréf (að undanskildum hrávörum og skuldaviðurkenningum sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi) með nafnvirði sem er sú fjárhæð sem er skilað til fjárfestis við innlausn,<br>ii. fyrir hrávörur og skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og verðbréfaðar afleiður, með þeim fjölda gerninga sem ganga kaupum og sölu milli kaupenda og seljenda margfaldað með verði gerningsins sem er notaður í þessum tilteknu viðskiptum. Eða með verðreitnum margfaldað með magnreitnum,<br>iii. fyrir samsettar fjármálaafurðir, með nafnverði á hverja einingu margfaldað með fjölda gerninga þegar viðskiptin fara fram,<br>iv. fyrir skuldatryggingar, með grundvallarfjárhæð sem vernd er fengin fyrir eða veitt,<br>v. fyrir valrétti, skiptirétti, aðra skiptasamninga en þá sem eru í iv. lið, framtíðarsamninga og framvirka samninga, með nafnverði samningsins,<br>vi. fyrir losunarheimildir, með þeirri fjárhæð sem leiðir af magni á viðkomandi verði eins og kveðið er á um í samningi þegar viðskipti eru gerð. Eða með verðreitnum margfaldað með magninu í mælieiningarreitnum,<br>vii. fyrir veðjun á verðbil, með peningagildi sem lagt er undir á hverja punktahreyfingu í undirliggjandi fjármálagerningi þegar viðskipti eru gerð,<br>viii. fyrir mismunasamninga, með þeim fjölda gerninga sem ganga kaupum og sölum milli kaupenda og seljenda margfaldað með verði gerningsins sem er notaður í þessum tilteknu viðskiptum. Eða með verðreitnum margfaldað með magnreitnum. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {DECIMAL-18/5} |

| # | Auðkenni reits | Fjármálagerningar | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1 |
|---|---|---|---|---|---|
| 11 | Undirliggjandi gjaldmiðill | Fyrir alla fjármálagerninga nema í þeim tilvikum sem lýst er í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar. | Helsti gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð er gefin upp í.<br><br>Ef um er að ræða gjaldeyrisafleiðusamning eða fjölmynta gjaldeyrisskiptasamning eða skiptirétt þar sem undirliggjandi skiptasamningur er fjölmynta eða mismunasamningur um gjaldmiðla eða verðbilsveð-málsamningur, verður þetta undirliggjandi gjaldmiðill 1. leggjar. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {CURRENCYCODE_3} |
| 12 | Gerð | Fyrir losunar-heimildir og afleiður með losunarheimildir eingöngu | Þessi reitur er eingöngu notaður fyrir losunar-heimildir og afleiður með losunarheimildir. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | „EUAE“ — Losunarheimildir Evrópusambandsins (EUA)<br><br>„CERE“ — Eining vottaðs losunarsamdráttar (CER)<br><br>„ERUE“ — Losunarsamdrátt-areining (ERU)<br><br>„EUAA“ — Losunarheimildir Evrópusambandsins vegna flugs (EUAA)<br><br>„OTHR“ — Annað |
| 13 | Við-skiptastaður | Fyrir alla fjármálagerninga | Tilgreining á því hvar viðskiptin fara fram.<br><br>Nota skal ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta fyrir viðskipti sem eru framkvæmd á viðskiptavettvangi ESB. Sé markaðsauðkenniskóði markaðshluta ekki fyrir hendi skal nota markaðsauð-kenniskóða rekstraraðila.<br><br>Nota skal kóðann „SINT“ um fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi ef viðskiptin með viðkomandi fjármálagerning eru framkvæmd hjá innmiðlara.<br><br>Nota skal markaðsauðkenniskóðann „XOFF“ fyrir fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, ef viðskipti með þann fjármálagerning fara hvorki fram á viðskiptavettvangi ESB né hjá innmiðlara. Ef viðskiptin eru framkvæmd á skipulegum viðskipta-verkvangi utan ESB þarf einnig að fylla út reitinn „Viðskiptastaður í þriðja landi“, auk „XOFF“. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {MIC} – viðskiptavettvangar ESB eða<br><br>„SINT“ — innmiðlari<br><br>“XOFF” — annað |

| # | Auðkenni reits | Fjármálagerningar | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1 |
|---|---|---|---|---|---|
| 14 | Við-skiptastaður í þriðja landi | Fyrir alla fjármálagerninga | Tilgreining viðskiptavettvangs þriðja lands þar sem viðskiptin voru framkvæmd.<br><br>Nota skal ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta. Sé markaðsauðkenniskóði markaðshluta ekki fyrir hendi skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila.<br><br>Ef viðskiptin fara ekki fram á viðskiptavettvangi þriðja lands skal ekki fylla þennan reit út. | Viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {MIC} |
| 15 | Birtingardagur og -tími | Fyrir alla fjármálagerninga | Dagsetning og tími þegar viðskiptavettvangur eða viðurkennd birtingarþjónusta birti viðskiptin opinberlega.<br><br>Að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistigið vera í samræmi við þær kröfur sem tilgreindar eru í 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/574.<br><br>Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistig uppgefins tíma vera a.m.k. nálægasta sekúnda. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {DATE_TIME_FORMAT} |
| 16 | Birtingar-vettvangur | Fyrir alla fjármálagerninga | Kóði sem er notaður til að auðkenna við-skiptavettvanginn og viðurkenndu birtingar-þjónustuna sem birtir viðskiptin opinberlega. | Þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | Viðskiptavettvangur: {MIC}<br><br>Viðurkennd birtingarþjónusta: {MIC} ef tiltækur. Annars fjögurra stafa kóði eins og hann er birtur í listanum yfir veitendur gagnaskýrslu-þjónustu á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunar-innar. |
| 17 | Auðkenniskóði viðskipta | Fyrir alla fjármálagerninga | Alstafakóði sem viðskiptavettvangur (skv. 12. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 ([2])) og viðurkennd birtingarþjónusta úthluta og er notaður hvenær sem vísað er til viðkomandi viðskipta síðar. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | {ALPHANUMERICAL-52} |

| # | Auðkenni reits | Fjármálagerningar | Lýsing og upplýsingar sem birta skal | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið sem fylla skal út eins og skilgreint er í töflu 1 |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Auðkenniskóði viðskipta skal vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tilliti til hvers ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta og hvers viðskiptadags. Noti viðskiptavettvangurinn ekki markaðsauðkenniskóða markaðshluta skal auðkenniskóði viðskipta vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur með tilliti til hvers markaðsauðkenniskóða rekstraraðila og hvers viðskiptadags.<br><br>Noti viðurkennd birtingarþjónusta ekki markaðsauðkenniskóða skal kóðinn vera einkvæmur, samræmdur og varanlegur fjögurra stafa kóði sem er notaður til að auðkenna viðurkenndu birtingarþjónustuna á tilteknum viðskiptadegi.<br><br>Einstakir hlutar auðkenniskóða viðskipta mega ekki sýna hverjir eru mótaðilar viðskiptanna sem kóðinn gildir um. | | |
| 18 | Viðskipti til stöðustofnunar | Fyrir afleiður | Kóði til að auðkenna hvort viðskiptin verða stöðustofnuð. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | „TRUE“ — viðskipti verða stöðustofnuð<br><br>„FALSE“ — viðskipti verða ekki stöðustofnuð |

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 frá 7. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 148).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 frá 24. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að halda utan um viðeigandi gögn að því er varðar fyrirmæli með fjármálagerninga (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 193). Framseld reglugerð (ESB) nr. 148/2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa.“

2) Í stað töflu 3 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 3*

**Listi yfir flagganir í þágu gagnsæis eftir viðskipti**

| Flöggun | Heiti | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Lýsing |
|---|---|---|---|
| „BENC“ | Flöggun vegna viðmiðun-arviðskipta | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem framkvæmd eru með viðmiðun við verð sem er reiknað út yfir fleiri en einn tímapunkt í samræmi við tiltekið viðmiðunargildi, s.s. magnvegið meðalverð eða tímavegið meðalverð. |
| „ACTX“ | Flöggun vegna víxlum-boðsviðskipta | Viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti þar sem verðbréfafyrirtæki hefur leitt saman tvö tilboð viðskiptavina sinna og kaup og sala fara fram sem ein viðskipti í sama magni og á sama verði. |
| „NPFT“ | Flöggun vegna viðskipta sem eru ekki verð-myndandi | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | Viðskipti sem eru ekki verðmyndandi eins og sett er fram í 5. mgr. 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/590. |

| Flöggun | Heiti | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Lýsing |
|---|---|---|---|
| „LRGS“ | Flöggun eftir umfangsmikil viðskipti | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg<br>Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskipta-upplýsingar | Viðskipti sem eru framkvæmd með frestun birtingar eftir umfangsmikil viðskipti. |
| „ILQD“ | Flöggun vegna viðskipta með illseljanlega gerninga | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem eru framkvæmd með frestun birtingar vegna gerninga sem ekki er virkur markaður með. |
| „STÆRÐ“ | Flöggun eftir viðskipti af stærð sem á sérstaklega við um gerning | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg<br>Viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem eru framkvæmd með frestun á birtingu að loknum viðskiptum í tengslum við stærð sem á sérstaklega við um gerninginn. |
| „TPAC“ | Flöggun vegna pakkaviðskipta | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Pakkaviðskipti sem eru ekki skipti á móti efnislegri vöru eins og þau eru skilgreind í 1. gr. |
| „XFPH“ | Flöggun vegna viðskipta sem eru skipti á móti efnislegri vöru | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Skipti á móti efnislegri vöru eins og þau eru skilgreind í 1. gr. |
| „CANC“ | Flöggun vegna afturköllunar | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Þegar áður birt viðskipti eru afturkölluð. |
| „AMND“ | Flöggun vegna breytingar | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Þegar áður birtum viðskiptum er breytt. |
| „PORT“ | Flöggun vegna safnviðskipta | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti með fimm eða fleiri mismunandi fjármálagerninga þar sem sami viðskiptavinur á í þessum viðskiptum á sama tíma og á heildarverði fyrir allan hlutann og ekki er um „pakkaviðskipti“ að ræða, eins og um getur í 1. mgr. 1. gr. |

FLÖGGUN VEGNA VIÐBÓTARFRESTUNAR

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ákvæði i. liðar a-liðar 1. mgr. 11. gr. | „LMTF“ | Flöggun vegna takmarkaðra upplýsinga | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Fyrsta skýrsla þar sem birtar eru tak-markaðar upplýsingar í samræmi við i. lið a-liðar 1. mgr. 11. gr. |
| | „FULF“ | Flöggun vegna fullra upplýsinga | | Viðskipti sem takmarkaðar upplýsingar hafa verið birtar um áður í samræmi við i. lið a-liðar 1. mgr. 11. gr. |
| Ákvæði ii. liðar a-liðar 1. mgr. 11. gr. | „DATF“ | Flöggun vegna samanlagðra viðskipta á dag | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Birting samanlagðra viðskipta á dag í samræmi við ii. lið a-liðar 1. mgr. 11. gr. |
| | „FULA“ | Flöggun vegna fullra upplýsinga | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Stök viðskipti sem samanteknar upplýsingar hafa áður verið birtar um í samræmi við ii. lið a-liðar 1. mgr. 11. gr. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| b-liður 1. mgr. 11. gr. | „VOLO“ | Flöggun þess að magni er sleppt | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem takmarkaðar upplýsingar eru birtar um í samræmi við b-lið 1. mgr. 11. gr. |
| | „FULV“ | Flöggun vegna fullra upplýsinga | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem takmarkaðar upplýsingar hafa áður verið birtar um í samræmi við b-lið 1. mgr. 11. gr. |
| c-liður 1. mgr. 11. gr. | „FWAF“ | Flöggun vegna viðskipta á samanteknu formi í fjórar vikur | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Birting upplýsinga um viðskipti á samanteknu formi í samræmi við c-lið 1. mgr. 11. gr. |
| | „FULJ“ | Flöggun vegna fullra upplýsinga | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Stök viðskipti sem hafa áður verið birt á samanteknu formi í samræmi við c-lið 1. mgr. 11. gr. |
| d-liður 1. mgr. 11. gr. | „IDAF“ | Flöggun vegna samantekinna upplýsinga um óákveðinn tíma | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem birting upplýsinga um fleiri en ein viðskipti á samanteknu formi um óákveðinn tíma hefur verið heimiluð vegna í samræmi við d-lið 1. mgr. 11. gr. |
| Samfelld notkun ákvæða b-liðar 1. mgr. 11. gr. og c-liðar 2. mgr. 11. gr. vegna ríkisskulda-gerninga | „VOLW“ | Flöggun þess að magni er sleppt | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem takmarkaðar upplýsingar eru birtar um, í samræmi við b-lið 1. mgr. 11. gr., og sem birting upplýsinga um fleiri en ein viðskipti á samanteknu formi um óákveðinn tíma verður heimiluð fyrir með samfelldum hætti í samræmi við c-lið 2. mgr. 11. gr. |
| | „COAF“ | Flöggun vegna samfelldrar birtingar á samanteknu formi (eftir að magni er sleppt fyrir ríkis-skuldagerninga) | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingar-þjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | Viðskipti sem takmarkaðar upplýsingar hafa áður verið birtar um í samræmi við b-lið 1. mgr. 11. gr. og sem birting upplýsinga um fleiri en ein viðskipti á samanteknu formi í ótiltekinn tíma hefur verið heimiluð fyrir með samfelldum hætti í samræmi við c-lið 2. mgr. 11. gr.“ |

3) Í stað töflu 4 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 4*

**Mælikvarði á magn**

| Tegund gernings | Magn |
|---|---|
| Öll skuldabréf nema hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og samsettar fjármálaafurðir | „Grundvallarfjárhæð“ viðskiptasamnings sbr. reit 10 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |
| Skuldabréfategundirnar hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi | „Grundvallarfjárhæð“ viðskiptasamnings sbr. reit 10 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |
| Verðbréfaðar afleiður | „Grundvallarfjárhæð“ viðskiptasamnings sbr. reit 10 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |
| Vaxtaafleiður | „Grundvallarfjárhæð“ viðskiptasamnings sbr. reit 10 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |

| Tegund gernings | Magn |
|---|---|
| Gjaldeyrisafleiður | „Grundvallarfjárhæð“ viðskiptasamnings sbr. reit 10 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |
| Hlutabréfaafleiður | „Grundvallarfjárhæð“ viðskiptasamnings sbr. reit 10 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |
| Hrávöruafleiður | „Grundvallarfjárhæð“ viðskiptasamnings sbr. reit 10 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |
| Lánaafleiður | „Grundvallarfjárhæð“ viðskiptasamnings sbr. reit 10 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |
| Mismunasamningur | „Grundvallarfjárhæð“ viðskiptasamnings sbr. reit 10 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |
| C10 afleiður | „Grundvallarfjárhæð“ viðskiptasamnings sbr. reit 10 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |
| Afleiður með losunarheimildir | „Magn í mælieiningu“ sbr. reit 8 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |
| Losunarheimildir | „Magn í mælieiningu“ sbr. reit 8 í töflu 2 í II. viðauka við þessa reglugerð. |

*III. VIÐAUKI*

Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað 13. liðar í 1. hluta kemur eftirfarandi:

„13. „Skiptiréttur“ eða „valréttur um skiptasamning“: samningur sem veitir eiganda rétt, en skuldbindur hann ekki, til að gera skiptasamning á eða fram að tilteknum degi í framtíðinni eða nýtingardegi.

2) Í stað töflu 2.2 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 2.2*

**Skuldabréf (allar tegundir skuldabréfa nema hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi) — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| **Eignaflokkur — skuldabréf (allar tegundir skuldabréfa nema hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi)** | | | |
|---|---|---|---|
| Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður með hvert einstakt skuldabréf skv. 18. mgr. 13. gr. ef það einkennist af tiltekinni samsetningu skuldabréfategundar og útgáfustærðar eins og tilgreint er í hverri röð töflunnar. | | | |
| **Tegund skuldabréfs** | | **Útgáfustærð** - RTS23#14 | |
| Ríkisskuldabréf<br><br>RTS2#3 = BOND og RTS2#9 = EUSB | skuldabréf sem er hvorki breytanlegt né varið skuldabréf og ríkisútgefandi gefur út:<br>a) Sambandið,<br>b) aðildarríki, þ.m.t. ráðuneyti, stofnun eða félag með sérstakan tilgang á vegum aðildarríkis,<br>c) ríkisaðili sem er ekki skráður í a- og b-lið. | minni en (í evrum) | 1 000 000 000 |

| Eignaflokkur — skuldabréf (allar tegundir skuldabréfa nema hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi) | | | |
|---|---|---|---|
| **Tegund skuldabréfs** | | **Útgáfustærð** - RTS23#14 | |
| Önnur opinber skuldabréf<br><br>RTS2#3 = BOND og RTS2#9 = OEPB | skuldabréf sem er hvorki breytanlegt né varið skuldabréf og einhver eftirfarandi opinberra útgefenda gefur út:<br>a) sé um að ræða aðildarríki sem er sambandsríki, aðili að því sambandsríki,<br>b) félag með sérstakan tilgang á vegum fleiri en eins aðildarríkis,<br>c) alþjóðleg fjármálastofnun sem tvö eða fleiri aðildarríki hafa stofnað og hefur þann tilgang að vinna að fjármögnun og veita fjárhagsaðstoð til handa þeim aðilum sínum sem eiga í alvarlegum fjármögnunar-erfiðleikum eða eiga á hættu að lenda í slíkum erfiðleikum,<br>d) Fjárfestingarbanki Evrópu,<br>e) opinber aðili sem er ekki útgefandi ríkisskuldabréfs eins og tilgreint er í röðinni hér á undan. | minni en (í evrum) | 500 000 000 |
| Breytanleg skuldabréf<br><br>RTS2#3 = BOND og RTS2#9 = CVTB | gerningur sem samanstendur af skuldabréfi eða verðbréfuðum skuldagerningi með innbyggða afleiðu, svo sem kauprétt í undirliggjandi hlutabréfum | minni en (í evrum) | 500 000 000 |
| Sértryggð skuldabréf<br><br>RTS2#3 = BOND og RTS2#9 = CVDB | skuldabréf eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB | á stigi S1 og S2 | á stigi S3 og S4 |
| | | minni en (í evrum) / 1 000 000 000 | minni en (í evrum) / 500 000 000 |

<table>
<tr><th colspan="5">Eignaflokkur — skuldabréf (allar tegundir skuldabréfa nema hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi)</th></tr>
<tr><th>Tegund skuldabréfs</th><th></th><th colspan="3">Útgáfustærð - RTS23#14</th></tr>
<tr><td rowspan="3">Fyrirtækjaskuldabréf<br><br>RTS2#3 = BOND og RTS2#9 = CRPB</td><td rowspan="3">skuldabréf sem er hvorki breytanlegt né varið skuldabréf og er gefið út af Evrópufélagi (Societas Europaea) sem var stofnað í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 (1) eða af fyrirtæki af tegund sem er talin upp í I. eða II. viðauka II við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB (2) eða af samsvarandi fyrirtæki í þriðja landi</td><td colspan="2">á stigi S1 og S2</td><td colspan="2">á stigi S3 og S4</td></tr>
<tr><td>minni en (í evrum)</td><td>1 000 000 000</td><td>minni en (í evrum)</td><td>500 000 000</td></tr>
<tr><td colspan="4"></td></tr>
<tr><th>Tegund skuldabréfs</th><th colspan="4">Til að ákvarða þá fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 18. mgr. 13. gr., skal beita eftirfarandi aðferð</th></tr>
<tr><td>Önnur skuldabréf<br><br>RTS2#3 = BOND og RTS2#9 = OTHR</td><td colspan="4">Skuldabréf sem tilheyra engri ofangreindri tegund skuldabréfa teljast ekki hafa virkan markað</td></tr>
</table>

(1) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001 frá 8. október 2001 um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE) (Stjtíð. EB. L 294, 10.11.2001, bls. 1).
(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).“

3) Í stað töflu 2.4 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 2.4*

**Skuldabréf (skuldabréfategundirnar hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi) — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| **Tegund skuldabréfs** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern einstakan fjármálagerning sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
|---|---|---|
| | **Meðaldagsvelta** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi** - RTS2#3 = ETCS<br>skuldagerningur sem er gefinn út á móti beinni fjárfestingu útgefanda í hrávöru eða hrávöru-afleiðusamningum. Verð hrávöru sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi er tengt afkomu undirliggjandi þáttar með beinum eða óbeinum hætti. Hrávara sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi endurspeglar á óvirkan hátt þróun hrávörunnar eða hrávöruvísitölunnar sem hún miðast við. | 500 000 evrur | 10 |
| **Skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi** - RTS2#3 = ETNS<br>skuldagerningur sem gefinn er út á móti beinni fjárfestingu útgefanda í undirliggjandi þætti eða undirliggjandi afleiðusamningum. Verð skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi er tengt afkomu undirliggjandi þáttar með beinum eða óbeinum hætti. Skuldaviður-kenning sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi endurspeglar á óvirkan hátt þróun þess undirliggjandi þáttar sem hún miðast við. | 500 000 evrur | 10“ |

4) Í stað töflu 3.1 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 3.1*

**Samsettar fjármálaafurðir — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| **Eignaflokkur — samsettar fjármálaafurðir** | | |
|---|---|---|
| **Próf 1 — mat á eignaflokki samsettra fjármálaafurða** | | |
| Mat á eignaflokki samsettra fjármálaafurða í þeim tilgangi að ákvarða þá fjármálagerninga sem ekki telst vera virkur markaður með skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr. – RTS2#3 = SFPS | | |
| **Viðskipti sem telja skal með við útreikning gilda sem tengjast megindlegum seljanleikaviðmiðum til mats á eignaflokki samsettra fjármálaafurða** | **Eignaflokkur samsettra fjármálaafurða skal metinn með því að beita eftirfarandi viðmiðunarmörkum megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| Viðskipti sem framkvæmd eru með allar samsettar fjármálaafurðir | 300 000 000 evrur | 500 |
| **Próf 2 — samsettar fjármálaafurðir sem ekki er virkur markaður með** | | |
| Séu bæði gildin sem tengjast megindlegu seljanleikaviðmiðunum yfir megindlegu viðmiðunarmörkunum um seljanleika sem eru sett til mats á eignaflokki samsettra fjármálaafurða, þá er próf 1 staðið og skal þá framkvæma próf 2. Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern einstakan fjármálagerning sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða | | |
| **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Hundraðshlutfall viðskiptadaga á viðkomandi tímabili** [megindleg seljanleikaviðmið 3] |
| 100 000 evrur | 2 | 80%“ |

5) Í stað töflu 4.1 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 4.1*

**Verðbréfaðar afleiður — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| **Eignaflokkur — verðbréfaðar afleiður** |
|---|
| framseljanlegt verðbréf eins og það er skilgreint í c-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB sem er frábrugðið samsettum fjármálaafurðum og skal a.m.k. að fela í sér: |
| a.1) einföld varin áskriftarréttindi, þ.e.a.s. verðbréf sem fjármálastofnun gefur út og veita handhafa rétt, en skuldbinda hann ekki, til að |
| a) kaupa, á eða fyrir gildislokadag, tiltekið magn undirliggjandi eignar á fyrirframákveðnu lausnarverði eða, hafi uppgjör með reiðufé verið ákveðið, taka við greiðslu á jákvæðum mun milli gildandi markaðsverðs og lausnarverðs frá seljanda, eða |
| b) selja, á eða fyrir gildislokadag, tiltekið magn undirliggjandi eignar á fyrirframákveðnu lausnarverði eða, hafi uppgjör með reiðufé verið ákveðið, taka við greiðslu á jákvæðum mun milli lausnarverðs og gildandi markaðsverðs frá kaupanda, |
| a.2) áskriftarréttindi, þ.e.a.s. verðbréf sem sami útgefandi undirliggjandi eignar gefur út og veita handhafa rétt, en skuldbinda hann ekki, til að |
| a) kaupa, á eða fyrir gildislokadag, tiltekið magn undirliggjandi eignar á fyrirframákveðnu lausnarverði eða, hafi uppgjör með reiðufé verið ákveðið, taka við greiðslu á jákvæðum mun milli gildandi markaðsverðs og lausnarverðs frá seljanda, eða |
| b) selja, á eða fyrir gildislokadag, tiltekið magn undirliggjandi eignar á fyrirframákveðnu lausnarverði eða, hafi uppgjör með reiðufé verið ákveðið, taka við greiðslu á jákvæðum mun milli lausnarverðs og gildandi markaðsverðs frá kaupanda, |
| b) fjárfestingarskírteini með skuldsetningu: skírteini sem fylgja afkomu undirliggjandi eignar með skuldsetningaráhrifum, |
| c) framandi varin áskriftarréttindi: varin áskriftarréttindi þar sem meginþátturinn er blanda valrétta, |
| d) framseljanleg réttindi, þar sem undirliggjandi eign er annar gerningur en hlutabréfagerningur, |
| e) fjárfestingarskírteini: skírteini sem fylgja afkomu undirliggjandi eignar án skuldsetningaráhrifa. |
| RTS2#3 = SDRV |
| **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð** |
| allar verðbréfaðar afleiður teljast hafa virkan markað |

6) Í stað töflu 5.1 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 5.1*

**Vaxtaafleiður — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| Eignaflokkur — vaxtaafleiður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| hver samningur sem skilgreindur er í 4. lið C-þáttar I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB þar sem endanlegur undirliggjandi þáttur er vextir, skuldabréf, lán, hvers konar karfa, safn eða vísitala sem felur í sér vexti, skuldabréf, lán eða aðra afurð sem stendur fyrir þróun vaxta, skuldabréfs, láns. | | | | |
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika** | | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| **Framtíðar-/framvirkir samningar um skuldabréf**<br>**/ Framtíðarsamningur um framtíðarsamning um skuldabréf**<br>**/ Framvirkur samningur um framtíðarsamning um skuldabréf**<br>**Framtíðarsamningur um skuldabréf**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = FUTR**<br>**RTS2#16 = BOND**<br>**eða** | undirflokkur framtíðar-/framvirks samnings um skuldabréf er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS2#17) — útgefandi undirliggjandi þáttar<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#18) — gildistími undirliggjandi skuldabréfs til afhendingar, skilgreindur sem hér segir:<br>**Skammtíma:** undirliggjandi skuldabréf til afhendingar með gildistíma í allt að 4 ár skal teljast vera til skamms tíma<br>**Meðallangur:** undirliggjandi skuldabréf til afhendingar með gildistíma á bilinu 4 til 8 ár skal teljast vera til meðallangs tíma | 5 000 000 evrur | 10 | hvenær sem ákvarðað er að undirflokkur hafi virkan markað að því er varðar ákveðið líftímabil og undirflokkurinn sem skilgreindur er út frá næsta líftímabili telst ekki vera með virkan markað telst samningur fyrsta mánaðar á eftir hafa virkan markað 2 vikum áður en samningur mánaðarins þar á undan rennur út |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| **Framvirkur samningur um skuldabréf**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = FORW**<br>**RTS2#16 = BOND**<br>**eða**<br>**Framtíðarsamningur um framtíðarsamning um skuldabréf**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = FUTR**<br>**RTS2#16 = BNFD**<br>**eða**<br>**Framvirkur samningur um framtíðarsamning um skuldabréf**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = FORW**<br>**RTS2#16 = BNFD** | **Langtíma**: undirliggjandi skuldabréf til afhendingar með gildistíma á bilinu 8 til 15 ár skal teljast vera til langs tíma<br>**Til mjög langs tíma**: undirliggjandi skuldabréf til afhendingar með lengri gildistíma en 15 ár skal teljast vera til mjög langs tíma<br>**Sundurliðunarviðmið 3** — líftímabil framtíðarsamnings, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 3 mánuðir<br>Líftímabil 2: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br>Líftímabil 3: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br>…<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| **Valréttir á skuldabréf**<br>**/ Valréttur um valrétt á skuldabréf**<br>**/ Valréttur um framtíðarsamning um skuldabréf**<br>**Valréttir á skuldabréf**<br>**Valréttur um valrétt á skuldabréf**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = OPTN**<br>**RTS2#16 = BOND**<br>**eða**<br>**Valréttur um valrétt á skuldabréf**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = OPTN**<br>**RTS2#16 = BOND**<br>**eða**<br>**Valréttur um framtíðarsamning um skuldabréf**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = OPTN**<br>**RTS2#16 = BNFD** | undirflokkur valréttar á skuldabréf er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS2#22) — endanlegt undirliggjandi skuldabréf<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — líftímabil valréttar, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 3 mánuðir<br>Líftímabil 2: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br>Líftímabil 3: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br>…<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 5 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| **Framtíðarsamningar um vaxtaviðskipti og framvirkir vaxtasamningar/ Framtíðarsamningur um framtíðarsamning um vaxtaviðskipti/ Framvirkur vaxtasamningur um framtíðarsamning um vaxtaviðskipti**<br>**Framtíðarsamningur um vaxtaviðskipti**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = FUTR**<br>**RTS2#16 = INTR**<br>**eða**<br>**Framvirkur vaxtasamningur**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = FRAS**<br>**RTS2#16 = INTR**<br>**eða**<br>**Framtíðarsamningur um framtíðarsamning um vaxtaviðskipti**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = FUTR**<br>**RTS2#16 = IFUT**<br>**eða**<br>**Framvirkur vaxtasamningur um framtíðarsamning um vaxtaviðskipti**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = FRAS**<br>**RTS2#16 = IFUT** | undirflokkur framtíðarsamnings um vaxtaviðskipti er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS2#24) — undirliggjandi vextir<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#25) — gildistími undirliggjandi vaxta<br>**Sundurliðunarviðmið 3** (RTS2#8) — líftímabil framtíðarsamnings, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 3 mánuðir<br>Líftímabil 2: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br>Líftímabil 3: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br>…<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 500 000 000 evrur | 10 | hvenær sem ákvarðað er að undirflokkur hafi virkan markað að því er varðar ákveðið líftímabil og undirflokkurinn sem skilgreindur er út frá næsta líftímabili telst ekki vera með virkan markað telst samningur fyrsta mánaðar á eftir hafa virkan markað 2 vikum áður en samningur mánaðarins þar á undan rennur út |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| **Valréttir að vöxtum /Valréttur um framtíðarsamning um vaxtaviðskipti/framvirkur vaxtasamningur /Valréttur um valrétt um vaxtaviðskipti /Valréttur um valrétt um framtíðarsamning um vaxtaviðskipti/framvirkur vaxtasamningur**<br><br>**Valréttur um valrétt um framtíðarsamning um vaxtaviðskipti/framvirkur vaxtasamningur// Valréttur um valrétt um vaxtaviðskipti**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = OPTN**<br>**RTS2#16 = IFUT**<br>**eða**<br>**Valréttur að vöxtum//Valréttur um valrétt um framtíðarsamning um vaxtaviðskipti/framvirkur vaxtasamningur**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = OPTN**<br>**RTS2#16 = INTR** | undirflokkur valréttar að vöxtum er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS2#24) — undirliggjandi vextir<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#25) — gildistími undirliggjandi vaxta<br>**Sundurliðunarviðmið 3** (RTS2#8) — líftímabil valréttar, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 3 mánuðir<br>Líftímabil 2: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br>Líftímabil 3: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br>…<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 500 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| Skiptiréttir<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>**RTS2#5 = SWPT** | undirflokkur skiptiréttar er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS2#16) — tegund undirliggjandi skiptasamnings skilgreind sem hér segir: skiptasamningur í einum gjaldmiðli með gagnkvæmt föstum vöxtum, framtíðar-/framvirkir samningar um skiptasamninga í einum gjaldmiðli með gagnkvæmt föstum vöxtum [**RTS2#16 = XXSC]**<br>skiptasamningur í einum gjaldmiðli með föstum á móti breytilegum vöxtum, framtíðar-/framvirkur samningur um skiptasamning með föstum á móti breytilegum vöxtum í einum gjaldmiðli [**RTS2#16 = XFSC]**<br>skiptasamningur með gagnkvæmt breytilegum vöxtum í einum gjaldmiðli, framtíðar-/framvirkur samningur um skiptasamning með gagnkvæmt breytilegum vöxtum í einum gjaldmiðli [**RTS2#16 = FFSC]**<br>verðbólguskiptasamningur í einum gjaldmiðli, framtíðar-/framvirkur samningur um verðbólguskiptasamning í einum gjaldmiðli [**RTS2#16 = IFSC]**<br>skiptasamningur um dagvexti í einum gjaldmiðli, framtíðar-/framvirkur samningur um skiptasamning um dagvexti í einum gjaldmiðli [**RTS2#16 = OSSC]**<br>fjölmynta skiptasamningur með gagnkvæmt föstum vöxtum, fjölmynta framtíðar-/framvirkur samningur um skiptasamning með gagnkvæmt föstum vöxtum **[RTS2#16 = XXMC]**<br>fjölmynta skiptasamningur með föstum og breytilegum vöxtum, framtíðar-/framvirkur samningur um fjölmynta skiptasamning með föstum og breytilegum vöxtum [**RTS2#16 = XFMC]** | 500 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| | fjölmynta skiptasamningur með gagnkvæmt breytilegum vöxtum, fjölmynta framtíðar-/framvirkur samningur um skiptasamning með gagnkvæmt breytilegum vöxtum [**RTS2#16 = FFMC]**<br><br>fjölmynta verðbólguskiptasamningur, framtíðar-/framvirkur samningur um fjölmynta verðbólguskiptasamning [**RTS2#16 = IFMC]**<br><br>fjölmynta skiptasamningur um dagvexti, framtíðar-/framvirkur samningur um fjölmynta skiptasamning um dagvexti [**RTS2#16 = OSMC]**<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#20) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð valréttar er í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 3** (RTS2#22 eða RTS2#23) — verðbólguvísitala ef tegund undirliggjandi skiptasamnings er annaðhvort verðbólguskiptasamningur í einum gjaldmiðli eða fjölmynta verðbólguskiptasamningur<br><br>**Sundurliðunarviðmið 4** (RTS2#21) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br><br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir | | | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| | Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár<br><br>**Sundurliðunarviðmið 5** (RTS2#8) — líftímabil valréttar, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 2: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 4: 2 ár < líftími ≤ 5 ár<br><br>Líftímabil 5: 5 ár < líftími ≤ 10 ár<br><br>Líftímabil 6: yfir 10 ár | | | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| „Fjölmynta skiptasamningar“ eða „skiptasamningar milli gjaldmiðla“ með föstum á móti breytilegum vöxtum og framtíðar-/framvirkir samningar/valréttir um „fjölmynta skiptasamninga“ eða „skipta-samninga milli gjaldmiðla“ með föstum á móti breytilegum vöxtum<br><br>skiptasamningur eða framtíðar-/ framvirkur samningur/valréttur um skiptasamning þar sem tveir aðilar skiptast á sjóðstreymi í mismunandi gjaldmiðlum og sjóðstreymi annars leggjarins ákvarðast af föstum vöxtum en sjóðstreymi hins leggjarins ákvarðast af breytilegum vöxtum<br><br>**RTS2#3 = DERV**<br><br>**RTS2#4 = INTR**<br><br>RTS2#5 = SWAP eða FONS eða FWOS eða OPTS<br><br>RTS2#16 = XFMC | undirflokkur fjölmynta skiptasamninga með föstum á móti breytilegum vöxtum er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#42) — par undirliggjandi gjaldmiðla, skilgreint sem samsetning þeirra tveggja gjaldmiðla sem leggir skiptasamnings eru í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br><br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 50 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| „Fjölmynta skiptasamningar“ eða „skiptasamningar milli gjaldmiðla“ með gagnkvæmt breytilegum vöxtum og framtíðar-/framvirkir samningar/valréttir um „fjölmynta skiptasamninga“ eða „skiptasamninga milli gjaldmiðla“ með gagnkvæmt breytilegum vöxtum<br><br>skiptasamningur eða framtíðar-/framvirkur samningur/valréttur um skiptasamning þar sem tveir aðilar skiptast á sjóðstreymi í mismunandi gjaldmiðlum og sjóðstreymi beggja leggja ákvarðast af breytilegum vöxtum<br><br>RTS2#3 = DERV<br><br>RTS2#4 = INTR<br><br>RTS2#5 = SWAP eða FONS eða FWOS eða OPTS<br><br>RTS2#16 = FFMC | undirflokkur fjölmynta skiptasamninga með gagnkvæmt breytilegum vöxtum er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#42) — par undirliggjandi gjaldmiðla, skilgreint sem samsetning þeirra tveggja gjaldmiðla sem leggir skiptasamnings eru í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br><br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 50 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| „Fjölmynta skiptasamningar“ eða „skiptasamningar milli gjaldmiðla“ með gagnkvæmt föstum vöxtum og framtíðar-/framvirkir samningar/ valréttir um „fjölmynta skipta-samninga“ eða „skiptasamninga milli gjaldmiðla“ með gagnkvæmt föstum vöxtum“<br><br>skiptasamningur eða framtíðar-/ framvirkur samningur/valréttur um skiptasamning þar sem tveir aðilar skiptast á sjóðstreymi í mismunandi gjaldmiðlum og sjóðstreymi beggja leggja ákvarðast af föstum vöxtum<br><br>RTS2#3 = DERV<br><br>RTS2#4 = INTR<br><br>RTS2#5 = SWAP eða FONS eða FWOS eða OPTS<br><br>RTS2#16 = XXMC | undirflokkur fjölmynta skiptasamninga með gagnkvæmt föstum vöxtum er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#42) — par undirliggjandi gjaldmiðla, skilgreint sem samsetning þeirra tveggja gjaldmiðla sem leggir skiptasamnings eru í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skipta-samnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br><br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 50 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| „Fjölmynta skiptasamningar“ eða „skiptasamningar milli gjaldmiðla“ um skiptasamninga um dagvexti og framtíðar-/framvirkir skiptasamningar/valréttir um „fjölmynta skiptasamninga“ eða „skiptasamninga milli gjaldmiðla“ um skiptasamninga um dagvexti“<br><br>skiptasamningur eða framtíðar-/framvirkur samningur/valréttur um skiptasamning þar sem tveir aðilar skiptast á sjóðstreymi í mismunandi gjaldmiðlum og sjóðstreymi a.m.k. annars leggjarins ákvarðast af vöxtum skiptasamnings um dagvexti<br><br>RTS2#3 = DERV<br><br>RTS2#4 = INTR<br><br>RTS2#5 = SWAP eða FONS eða FWOS eða OPTS<br><br>RTS2#16 = OSMC | undirflokkur fjölmynta skiptasamninga um dagvexti er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#42) — par undirliggjandi gjaldmiðla, skilgreint sem samsetning þeirra tveggja gjaldmiðla sem leggir skiptasamnings eru í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br><br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 50 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| Fjölmynta verðbólguskiptasamningar“ eða „verðbólguskiptasamningar milli gjaldmiðla“ og framtíðar-/framvirkir samningar/valréttir um „fjölmynta verðbólguskiptasamninga“ eða „verðbólguskiptasamninga milli gjaldmiðla“<br><br>skiptasamningur eða framtíðar-/framvirkur samningur/valréttur um skiptasamning þar sem tveir aðilar skiptast á sjóðstreymi í mismunandi gjaldmiðlum og sjóðstreymi a.m.k. annars leggjarins ákvarðast af verðbólgustigi<br><br>**RTS2#3 = DERV**<br><br>**RTS2#4 = INTR**<br><br>RTS2#5 = SWAP eða FONS eða FWOS eða OPTS<br><br>RTS2#16 = IFMC | undirflokkur fjölmynta verðbólguskiptasamninga er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#42) — par undirliggjandi gjaldmiðla, skilgreint sem samsetning þeirra tveggja gjaldmiðla sem leggir skiptasamnings eru í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br><br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 50 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| „Skiptasamningar í einum gjaldmiðli“ með föstum á móti breytilegum vöxtum og framtíðar-/framvirkir samningar/valréttir um „skiptasamninga í einum gjaldmiðli“ með föstum á móti breytilegum vöxtum<br><br>skiptasamningur eða framtíðar-/framvirkur samningur/valréttur um skiptasamning þar sem tveir aðilar skiptast á sjóðstreymi í sama gjaldmiðli og sjóðstreymi annars leggjarins ákvarðast af föstum vöxtum en sjóðstreymi hins leggjarins ákvarðast af breytilegum vöxtum<br><br>**RTS2#3 = DERV**<br><br>**RTS2#4 = INTR**<br><br>RTS2#5 = SWAP eða FONS eða FWOS eða OPTS<br><br>RTS2#16 = XFSC | undirflokkur skiptasamninga í einum gjaldmiðli með föstum á móti breytilegum vöxtum er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13) — undirliggjandi gjaldmiðill sem báðir leggir skiptasamningsins eru í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br><br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 50 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| „Skiptasamningar í einum gjaldmiðli“ með gagnkvæmt breytilegum vöxtum og framtíðar-/framvirkir samningar/valréttir um „skiptasamninga í einum gjaldmiðli“ með gagnkvæmt breytilegum vöxtum<br><br>skiptasamningur eða framtíðar-/framvirkur samningur/valréttur um skiptasamning þar sem tveir aðilar skiptast á sjóðstreymi í sama gjaldmiðli og sjóðstreymi beggja leggja ákvarðast af breytilegum vöxtum<br><br>RTS2#3 = DERV<br><br>RTS2#4 = INTR<br><br>RTS2#5 = SWAP eða FONS eða FWOS eða OPTS<br><br>RTS2#16 = FFSC | undirflokkur skiptasamninga í einum gjaldmiðli með gagnkvæmt breytilegum vöxtum er skilgreindur með eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13) — undirliggjandi gjaldmiðill sem báðir leggir skiptasamningsins eru í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br><br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 50 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| „Skiptasamningar í einum gjaldmiðli“ með gagnkvæmt föstum vöxtum og framtíðar-/framvirkir samningar/valréttir um „skipta-samninga í einum gjaldmiðli“ með gagnkvæmt föstum vöxtum<br>skiptasamningur eða framtíðar-/framvirkur samningur/valréttur um skiptasamning þar sem tveir aðilar skiptast á sjóðstreymi í sama gjaldmiðli og sjóðstreymi beggja leggja ákvarðast af föstum vöxtum<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = INTR<br>RTS2#5 = SWAP eða FONS eða FWOS eða OPTS<br>RTS2#16 = XXSC | undirflokkur skiptasamninga í einum gjaldmiðli með gagnkvæmum föstum vöxtum er skilgreindur með eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13) — undirliggjandi gjaldmiðill sem báðir leggir skiptasamningsins eru í<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br>…<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 50 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| „Skiptasamningar í einum gjaldmiðli“ um skiptasamninga um dagvexti og framtíðar-/framvirkir skiptasamningar/valréttir um „skiptasamninga í einum gjaldmiðli“ um skiptasamninga um dagvexti“<br><br>skiptasamningur eða framtíðar-/framvirkur samningur/valréttur um skiptasamning þar sem tveir aðilar skiptast á sjóðstreymi í sama gjaldmiðli og sjóðstreymi a.m.k. annars leggjarins ákvarðast af vöxtum skiptasamnings um dagvexti<br><br>**RTS2#3 = DERV**<br><br>**RTS2#4 = INTR**<br><br>RTS2#5 = SWAP eða FONS eða FWOS eða OPTS<br><br>RTS2#16 = OSSC | undirflokkur skiptasamninga um dagvexti í einum gjaldmiðli er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13) — undirliggjandi gjaldmiðill sem báðir leggir skiptasamningsins eru í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br><br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 50 000 000 evrur | 10 | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika** |
| „Verðbólguskiptasamningar í einum gjaldmiðli“ og framtíðar-/framvirkir samningar/valréttir um „verðbólguskiptasamninga í einum gjaldmiðli“<br><br>skiptasamningur eða framtíðar-/framvirkur samningur/valréttur um skiptasamning þar sem tveir aðilar skiptast á sjóðstreymi í sama gjaldmiðli og sjóðstreymi a.m.k. annars leggjarins ákvarðast af verðbólgustigi<br><br>**RTS2#3 = DERV**<br><br>**RTS2#4 = INTR**<br><br>RTS2#5 = SWAP eða FONS eða FWOS eða OPTS<br><br>RTS2#16 = IFSC | undirflokkur verðbólguskiptasamninga í einum gjaldmiðli er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13) — undirliggjandi gjaldmiðill sem báðir leggir skiptasamningsins eru í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br><br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 50 000 000 evrur | 10 | |

| Eignaflokkur — vaxtaafleiður | |
|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð** |
| **Aðrar vaxtaafleiður**<br>vaxtaafleiða sem tilheyrir engum ofangreindra undireignaflokka<br><br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = INTR**<br>RTS2#5 = OTHR | aðrar vaxtaafleiður teljast ekki hafa virkan markað“ |

7) Í stað töflu 6.1 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 6.1*

**Hlutabréfaafleiður — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| Eignaflokkur — hlutabréfaafleiður |
|---|
| hver samningur sem skilgreindur er í 4. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB og tengist: |
| a) einu eða fleiri hlutabréfum, heimildarskírteinum, kauphallarsjóðum, skírteinum, öðrum svipuðum fjármálagerningum, sjóðstreymi eða öðrum afurðum sem tengjast gengi eins eða fleiri hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina eða annarra svipaðra fjármálagerninga, |
| b) vísitölu hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina, annarra svipaðra fjármálagerninga, sjóðstreymis eða annarra afurða sem tengjast ávöxtun eins eða fleiri hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina eða annarra svipaðra fjármálagerninga |

| Eignaflokkur — hlutabréfaafleiður | |
|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð** |
| **Valréttir á hlutabréfavísitölu**<br>valréttur þar sem undirliggjandi þáttur er vísitala sem samanstendur af hlutabréfum<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI’<br>RTS2#5 = OPTN<br>RTS2#27 = STIX<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir valréttir á hlutabréfavísitölu teljast hafa virkan markað |
| **Framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir hlutabréfavísitölu**<br>framtíðar-/framvirkur samningur þar sem undirliggjandi þáttur er vísitala sem samanstendur af hlutabréfum<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI’<br>RTS2#5 = FUTR eða FORW<br>RTS2#27 = STIX<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir hlutabréfavísitölu teljast hafa virkan markað |
| **Hlutabréfavalréttir**<br>valréttur þar sem undirliggjandi þáttur er hlutabréf eða hlutabréfakarfa, sem leiðir af fyrirtækjaaðgerð<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI’<br>RTS2#5 = OPTN<br>RTS2#27 = SHRS<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir hlutabréfavalréttir teljast hafa virkan markað |

| Eignaflokkur — hlutabréfaafleiður | |
|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð** |
| **Framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir hlutabréfum**<br>framtíðar-/framvirkur samningur þar sem undirliggjandi þáttur er hlutabréf eða hlutabréfakarfa, sem leiðir af fyrirtækjaaðgerð<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI'<br>RTS2#5 = FUTR eða FORW<br>RTS2#27 = SHRS<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir hlutabréfum teljast hafa virkan markað |
| **Valréttir á hlutabréfaarð**<br>valréttur á arði af tilteknu hlutabréfi<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI'<br>RTS2#5 = OPTN<br>RTS2#27 = DVSE<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir valréttir á hlutabréfaarð teljast hafa virkan markað |
| **Framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir hlutabréfaarði**<br>framtíðar-/framvirkur samningur um arð af tilteknu hlutabréfi<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI'<br>RTS2#5 = FUTR eða FORW<br>RTS2#27 = DVSE<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir hlutabréfaarði teljast hafa virkan markað |

| Eignaflokkur — hlutabréfaafleiður | |
|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð** |
| **Valréttir á arðsvísitölu**<br>valréttur á vísitölu sem samanstendur af arði af fleiri en einu hlutabréfi<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI'<br>RTS2#5 = OPTN<br>RTS2#27 = DIVI<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir valréttir á arðsvísitölu teljast hafa virkan markað |
| **Framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir arðsvísitölu**<br>framtíðar-/framvirkur samningur sem er tengdur vísitölu sem samanstendur af arði af fleiri en einu hlutabréfi<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI'<br>RTS2#5 = FUTR eða FORW<br>RTS2#27 = DIVI<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir arðsvísitölu teljast hafa virkan markað |
| **Valréttir á flöktsvísitölu**<br>valréttur þar sem undirliggjandi þáttur er flöktsvísitala sem er skilgreind sem vísitala flökts tiltekinnar undirliggjandi vísitölu hlutabréfagerninga<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI'<br>RTS2#5 = OPTN<br>RTS2#27 = VOLI<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir valréttir á flöktsvísitölu teljast hafa virkan markað |

| Eignaflokkur — hlutabréfaafleiður | |
|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð** |
| **Framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir flöktsvísitölu**<br>framtíðar-/framvirkur samningur þar sem undirliggjandi þáttur er flöktsvísitala sem er skilgreind sem vísitala flökts tiltekinnar undirliggjandi vísitölu hlutabréfagerninga<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI'<br>RTS2#5 = FUTR eða FORW<br>RTS2#27 = VOLI<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir flöktsvísitölu teljast hafa virkan markað |
| **Valréttir á kauphallarsjóð**<br>valréttur þar sem undirliggjandi þáttur er kauphallarsjóður<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI'<br>RTS2#5 = OPTN<br>RTS2#27 = ETFS<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir valréttir á kauphallarsjóð teljast hafa virkan markað |
| **Framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir kauphallarsjóði**<br>framtíðar-/framvirkur samningur þar sem undirliggjandi þáttur er kauphallarsjóður<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI'<br>RTS2#5 = FUTR eða FORW<br>RTS2#27 = ETFS<br>RTS23#26 eða ef núll RTS23#28 | allir framtíðar-/framvirkir samningar sem eru tengdir kauphallarsjóði teljast hafa virkan markað |

<table>
<tr><th colspan="5">Eignaflokkur — hlutabréfaafleiður</th></tr>
<tr><th rowspan="2">Undireignaflokkur</th><th colspan="3" rowspan="2">Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan</th><th colspan="2">Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða</th></tr>
<tr><th>Meðalgrundvallarfjárhæð á dag [megindlegt seljanleikaviðmið 1]</th><th>Meðalfjöldi viðskipta á dag [megindlegt seljanleikaviðmið 2]</th></tr>
<tr><td>Skiptasamningar<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI’<br>RTS2#5 = SWAP</td><td colspan="3">undirflokkur skiptasamninga er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>Sundurliðunarviðmið 1 (RTS2#27) — tegund undirliggjandi þáttar: einn aðili, vísitala, karfa<br>Sundurliðunarviðmið 2 (RTS23#26 eða ef núll RTS23#28) — tegund undirliggjandi þáttar, einn aðili, vísitala, karfa<br>Sundurliðunarviðmið 3 (RTS2#28) — breyta: grunnafkomubreyta verðávöxtunar, breyta ávöxtunar í formi arðs, breyta fyrir dreifni ávöxtunar, breyta fyrir flökt ávöxtunar<br>Sundurliðunarviðmið 4 (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><table><tr><td>Grunnafkomubreyta verðávöxtunar</td><td>Breyta fyrir dreifni/flökt ávöxtunar</td><td>Breyta ávöxtunar í formi arðs</td></tr><tr><td>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður</td><td>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 3 mánuðir</td><td>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 ár</td></tr><tr><td>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir</td><td>Líftímabil 2: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir</td><td>Líftímabil 2: 1 ár < líftími ≤ 2 ár</td></tr><tr><td>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir</td><td>Líftímabil 3: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár</td><td>Líftímabil 3: 2 ár < líftími ≤ 3 ár</td></tr><tr><td>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár</td><td>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár</td><td>…</td></tr></table></td><td>50 000 000 evrur</td><td></td></tr>
</table>

| Eignaflokkur — hlutabréfaafleiður | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | | | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | | | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| | Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár | Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | |
| | Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár | … | | | |
| | … | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | |
| | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | | |
| **Safnskiptasamningar**<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI'<br>RTS2#5 = PSWP | undirflokkur safnskiptasamninga er skilgreindur út frá tiltekinni samsetningu af:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS2#27) — tegund undirliggjandi þáttar: einn aðili, vísitala, karfa<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS23#26 eða ef núll RTS23#28) — tegund undirliggjandi þáttar, einn aðili, vísitala, karfa<br>**Sundurliðunarviðmið 3** (RTS2#28) — breyta: grunnafkomubreyta verðávöxtunar, breyta ávöxtunar í formi arðs, breyta fyrir dreifni ávöxtunar, breyta fyrir flökt ávöxtunar<br>**Sundurliðunarviðmið 4** (RTS2#8) — tímabil safnskiptasamnings skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 5: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>Líftímabil 6: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br>…<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | 50 000 000 evrur | 15 |

| Eignaflokkur — hlutabréfaafleiður | |
|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð** |
| **Aðrar hlutabréfa-afleiður** hlutabréfaafleiða sem tilheyrir engum ofangreindra undireignaflokka<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = EQUI<br>RTS2#5 = OTHR“ | aðrar hlutabréfaafleiður teljast ekki hafa virkan markað“ |

8) Í stað töflu 7.1 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 7.1*

**Hrávöruafleiður — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

<table>
<tr><td colspan="4">Eignaflokkur — hrávöruafleiður</td></tr>
<tr><td rowspan="2">Undireignaflokkur</td><td rowspan="2">Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan</td><td colspan="2">Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk</td></tr>
<tr><td>Meðalgrundvallarfjárhæð á dag<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 1]</td><td>Meðalfjöldi viðskipta á dag<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 2]</td></tr>
<tr><td>Framtíðar-/framvirkir samningar um málm-hrávöru<br><br>RTS2#3 = „DERV“ og RTS2#4 = „COMM“ og RTS23#35 = „METL“ og [RTS2#5 = „FUTR“ eða „FORW“]</td><td>undirflokkur framtíðar-/framvirkra samninga um málmhrávöru er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>Sundurliðunarviðmið 1 (RTS23#36) — tegund málms: góðmálmur, annar málmur en góðmálmur<br>Sundurliðunarviðmið 2 (RTS23#37) — undirliggjandi málmur<br>Sundurliðunarviðmið 3 (RTS2#15) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð framtíðar-/framvirks samnings er í<br>Sundurliðunarviðmið 4 (RTS2#8) — líftímabil framtíðar-/framvirkur samnings, skilgreint sem hér segir:
<table>
<tr><th>Góðmálmar</th><th>Aðrir málmar en góðmálmar</th></tr>
<tr><td>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 3 mánuðir</td><td>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 ár</td></tr>
<tr><td>Líftímabil 2: 3 mánuðir < líftími ≤ 1 ár</td><td>Líftímabil 2: 1 ár < líftími ≤ 2 ár</td></tr>
<tr><td>Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár</td><td>Líftímabil 3: 2 ár < líftími ≤ 3 ár</td></tr>
</table></td><td>10 000 000 evrur</td><td>10</td></tr>
</table>

| Eignaflokkur — hrávöruafleiður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk** | |
| | | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| | Líftímabil 4: 2 ár < líftími ≤ 3 ár | … | | |
| | … | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | |
| | **Líftímabil m:** (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | |
| **Valréttir á málm-hrávöru**<br><br>RTS2#3 = „DERV“ og RTS2#4 = „COMM“ og RTS23#35 = „METL“ og RTS2#5 = „OPTN“ | undirflokkur valréttar á málmhrávöru er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#36) — tegund málms: góðmálmur, annar málmur en góðmálmur<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS23#37) — undirliggjandi málmur<br>**Sundurliðunarviðmið 3** (RTS2#15) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð valréttar er í<br>**Sundurliðunarviðmið 4** (RTS2#8) — líftímabil valréttar, skilgreint sem hér segir: | | 10 000 000 evrur | 10 |
| | **Góðmálmar** | **Aðrir málmar en góðmálmar** | | |
| | Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 3 mánuðir | Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 ár | | |
| | Líftímabil 2: 3 mánuðir < líftími ≤ 1 ár | Líftímabil 2: 1 ár < líftími ≤ 2 ár | | |

| Eignaflokkur — hrávöruafleiður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk** | |
| | | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| | Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár | Líftímabil 3: 2 ár < líftími ≤ 3 ár | | |
| | Líftímabil 4: 2 ár < líftími ≤ 3 ár | … | | |
| | … | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | |
| | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | |
| **Skiptasamningar um málmhrávöru**<br><br>RTS2#3 = „DERV“ og RTS2#4 = „COMM“ og RTS23#35 = „METL“ og RTS2#5 = „SWAP“ | undirflokkur skiptasamnings um málmhrávöru er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#36) — tegund málms: góðmálmur, annar málmur en góðmálmur<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS23#37) — undirliggjandi málmur<br>**Sundurliðunarviðmið 3** (RTS2#15) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð skiptasamnings er í<br>**Sundurliðunarviðmið 4** (RTS23#34) — afhendingarmáti, skilgreindur sem reiðufé, efnislegur eða valkvæður<br>**Sundurliðunarviðmið 5** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir: | | 10 000 000 evrur | 10 |
| | **Góðmálmar** | **Aðrir málmar en góðmálmar** | | |
| | Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 3 mánuðir | Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 ár | | |

| Eignaflokkur — hrávöruafleiður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk** | |
| | | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| | Líftímabil 2: 3 mánuðir < líftími ≤ 1 ár | Líftímabil 2: 1 ár < líftími ≤ 2 ár | | |
| | Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár | Líftímabil 3: 2 ár < líftími ≤ 3 ár | | |
| | Líftímabil 4: 2 ár < líftími ≤ 3 ár | … | | |
| | … | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | |
| | **Líftímabil m:** (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | |
| **Framtíðar-/framvirkir samningar um orkuvöru**<br><br>RTS2#3 = „DERV“ og RTS2#4 = „COMM“ og RTS23#35 = „NRGY“ og [RTS2#5 = „FUTR“ eða „FORW“] | undirflokkur framtíðar-/framvirks samnings um orkuvöru er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#36) — tegund orku: olía, olíueimi, kol, léttar olíuafurðir, jarðgas, rafmagn, aðrir orkugjafar<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS23#37) — undirliggjandi orka<br><br>**Sundurliðunarviðmið 3** (RTS2#15) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð framtíðar-/framvirks samnings er í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 4** — [eytt] | | 10 000 000 evrur | 10 |

<table>
<tr><th colspan="5">Eignaflokkur — hrávöruafleiður</th></tr>
<tr><th rowspan="2">Undireignaflokkur</th><th colspan="3" rowspan="2">Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan</th><th colspan="2">Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk</th></tr>
<tr><th>Meðalgrundvallarfjárhæð á dag<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 1]</th><th>Meðalfjöldi viðskipta á dag<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 2]</th></tr>
<tr><td></td><td colspan="3">Sundurliðunarviðmið 5 (RTS2#14) — staður afhendingar/uppgjörs með reiðufé, eftir því sem á við um allar tegundir orku<br>Sundurliðunarviðmið 6 (RTS2#8) — líftímabil framtíðar-/framvirkur samnings, skilgreint sem hér segir:</td><td></td><td></td></tr>
<tr><td></td><td>Olía/olíueimi/léttar olíuafurðir</td><td>Kol</td><td>Jarðgas/raforka/aðrir orkugjafar</td><td rowspan="8"></td><td rowspan="8"></td></tr>
<tr><td></td><td>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 4 mánuðir</td><td>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 6 mánuðir</td><td>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður</td></tr>
<tr><td></td><td>Líftímabil 2: 4 mánuðir < líftími ≤ 8 mánuðir</td><td>Líftímabil 2: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár</td><td>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 1 ár</td></tr>
<tr><td></td><td>Líftímabil 3: 8 mánuðir < líftími ≤ 1 ár</td><td>Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár</td><td>Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár</td></tr>
<tr><td></td><td>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár</td><td>…</td><td>…</td></tr>
<tr><td></td><td>…</td><td>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár</td><td>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár</td></tr>
<tr><td></td><td>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár</td><td></td><td></td></tr>
</table>

<table>
<tr><th colspan="4">Eignaflokkur — hrávöruafleiður</th></tr>
<tr><th rowspan="2">Undireignaflokkur</th><th rowspan="2">Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan</th><th colspan="2">Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk</th></tr>
<tr><th>Meðalgrundvallarfjárhæð á dag<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 1]</th><th>Meðalfjöldi viðskipta á dag<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 2]</th></tr>
<tr><td>Valréttir á orkuvöru<br><br>RTS2#3 = „DERV“ og RTS2#4 = „COMM“ og RTS23#35 = „NRGY“ og RTS2#5 = „OPTN“</td><td>undirflokkur valrétta á orkuvöru er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>Sundurliðunarviðmið 1 (RTS23#36) — tegund orku: olía, olíueimi, kol, léttar olíuafurðir, jarðgas, rafmagn, aðrir orkugjafar<br><br>Sundurliðunarviðmið 2 (RTS23#37) — undirliggjandi orka<br><br>Sundurliðunarviðmið 3 (RTS2#15) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð valréttar er í<br><br>Sundurliðunarviðmið 4 — [eytt]<br><br>Sundurliðunarviðmið 5 (RTS2#14) — staður afhendingar/uppgjörs með reiðufé, eftir því sem á við um allar tegundir orku<br><br>Sundurliðunarviðmið 6 (RTS2#8) — líftímabil valréttar, skilgreint sem hér segir:<br><br>
<table>
<tr><th>Olía/olíueimi/léttar olíuafurðir</th><th>Kol</th><th>Jarðgas/raforka/aðrir orkugjafar</th></tr>
<tr><td>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 4 mánuðir</td><td>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 6 mánuðir</td><td>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður</td></tr>
<tr><td>Líftímabil 2: 4 mánuðir < líftími ≤ 8 mánuðir</td><td>Líftímabil 2: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár</td><td>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 1 ár</td></tr>
<tr><td>Líftímabil 3: 8 mánuðir < líftími ≤ 1 ár</td><td>Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár</td><td>Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár</td></tr>
</table>
</td><td>10 000 000 evrur</td><td>10</td></tr>
</table>

| Eignaflokkur — hrávöruafleiður | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | | | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk** | |
| | | | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| | Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár | … | … | | |
| | … | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | |
| | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | | |
| **Skiptasamningar um orkuvöru**<br><br>RTS2#3 = „DERV“ og RTS2#4 = „COMM“ og RTS23#35 = „NRGY“ og RTS2#5 = „SWAP“ | undirflokkur skiptasamninga um orkuvöru er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#36) — tegund orku: olía, olíueimi, kol, léttar olíuafurðir, jarðgas, rafmagn, aðrir orkugjafar<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS23#37) — undirliggjandi orka<br>**Sundurliðunarviðmið 3** (RTS2#15) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð skiptasamnings er í<br>**Sundurliðunarviðmið 4** (RTS23#34) — afhendingarmáti, skilgreindur sem reiðufé, efnislegur eða valkvæður<br>**Sundurliðunarviðmið 5** — [eytt]<br>**Sundurliðunarviðmið 6** (RTS2#14) — staður afhendingar/uppgjörs með reiðufé, eftir því sem á við um allar tegundir orku<br>**Sundurliðunarviðmið 7** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir: | | | 10 000 000 evrur | 10 |

| Eignaflokkur — hrávöruafleiður | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | | | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk** | |
| | | | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| | **Olía/olíueimi/léttar olíuafurðir** | **Kol** | **Jarðgas/raforka/aðrir orkugjafar** | | |
| | Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 4 mánuðir | Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 6 mánuðir | Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður | | |
| | Líftímabil 2: 4 mánuðir < líftími ≤ 8 mánuðir | Líftímabil 2: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár | **Líftímabil 2:** 1 mánuður < líftími ≤ 1 ár | | |
| | Líftímabil 3: 8 mánuðir < líftími ≤ 1 ár | Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár | Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár | | |
| | Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár | … | … | | |
| | … | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | |
| | Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | | |
| **Framtíðar-/framvirkir samningar um landbúnaðarhrávöru**<br><br>RTS2#3 = „DERV“ og RTS2#4 = „COMM“ og RTS23#35 = „AGRI“ og [RTS2#5 = „FUTR“ eða „FORW“] | undirflokkur framtíðar-/framvirkra samninga um landbúnaðarhrávöru er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#36 og RTS23#37) — undirliggjandi landbúnaðarhrávara (undirafurð og frekari undirafurð)<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#15) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð framtíðar-/framvirks samnings er í | | | 10 000 000 evrur | 10 |

| Eignaflokkur — hrávöruafleiður | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| | **Sundurliðunarviðmið 3** (RTS2#8) — líftímabil framtíðar-/framvirkur samnings, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 3 mánuðir<br>Líftímabil 2: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br>Líftímabil 3: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>…<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | |
| **Valréttir á landbúnaðarhrávöru**<br>RTS2#3 = „DERV“ og RTS2#4 = „COMM“ og RTS23#35 = „AGRI“ og RTS2#5 = „OPTN“ | undirflokkur valrétta á landbúnaðarhrávöru er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#36 og RTS23#37) — undirliggjandi landbúnaðarhrávara (undirafurð og frekari undirafurð)<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#15) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð valréttar er í<br>**Sundurliðunarviðmið 3** (RTS2#8) — líftímabil valréttar, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 3 mánuðir<br>Líftímabil 2: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br>Líftímabil 3: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár | 10 000 000 evrur | 10 |

| Eignaflokkur — hrávöruafleiður | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| | Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>…<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | |
| **Skiptasamningar um landbúnaðarhrávöru**<br><br>RTS2#3 = „DERV“ og RTS2#4 = „COMM“ og RTS23#35 = „AGRI“ og RTS2#5 = „SWAP“ | undirflokkur skiptasamninga um landbúnaðarhrávöru er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#36 og RTS23#37) — undirliggjandi landbúnaðarhrávara (undirafurð og frekari undirafurð)<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#15) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð skiptasamnings er í<br>**Sundurliðunarviðmið 3** (RTS23#34) — afhendingarmáti, skilgreindur sem reiðufé, efnislegur eða valkvæður<br>**Sundurliðunarviðmið 4** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 3 mánuðir<br>Líftímabil 2: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br>Líftímabil 3: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár | 10 000 000 evrur | 10 |

| Eignaflokkur — hrávöruafleiður | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| | …<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | |
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð** | | |
| **Aðrar hrávöruafleiður**<br><br>hrávöruafleiður sem tilheyra engum ofangreindra undireignaflokka | aðrar hrávöruafleiður teljast ekki hafa virkan markað“ | | |

9) Í stað töflu 8.1 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 8.1*

**Gjaldeyrisafleiður — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| Eignaflokkur — gjaldeyrisafleiður | | | |
|---|---|---|---|
| fjármálagerningur sem varðar gjaldmiðla eins og skilgreint er í 4. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB | | | |
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Framvirkur samningur án afhendingar (NDF**<br><br>framvirkur samningur sem er samkvæmt skilmálum sínum gerður upp með reiðufé milli samningsaðila, þar sem uppgjörsfjárhæðin ákvarðast af mismuninum á gengi tveggja gjaldmiðla milli viðskiptadags og matsdags. Á uppgjörsdegi skuldar annar aðilinn hinum aðilanum nettó mismun milli i. gengisins sem er ákvarðað á viðskiptadegi og ii. gengisins á matsdegi, miðað við grundvallarfjárhæðina, og greiðist sú nettó fjárhæð í þeim uppgjörsgjaldmiðli sem kveðið er á um í samningnum.<br><br>RTS2#3 = DERV<br><br>RTS2#4 = CURR<br><br>RTS2#5 = FORW<br><br>RTS2#26 = NDLV | undirflokkur framvirkra gjaldeyrissamninga án afhendingar er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#47) — undirliggjandi gjaldmiðlapar, skilgreint sem samsetning tveggja undirliggjandi gjaldmiðla afleiðusamningsins<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil framvirks samnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 vika<br><br>Líftímabil 2: 1 vika < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | Framvirkir samningar án afhendingar teljast ekki hafa virkan markað | |

| Eignaflokkur — gjaldeyrisafleiður | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Framvirkur samningur til afhendingar (DF)**<br>framvirkur samningur sem felur eingöngu í sér skipti á tveimur mismunandi gjaldmiðlum á tilteknum samningsbundnum uppgjörsdegi í framtíðinni á föstu gengi sem samið er um við upphaf samningsins um skiptin.<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = CURR“<br>RTS2#5 = FORW<br>RTS2#26 = DLVB | undirflokkur framvirkra gjaldeyrissamninga til afhendingar er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#47) — undirliggjandi gjaldmiðlapar, skilgreint sem samsetning tveggja undirliggjandi gjaldmiðla afleiðusamningsins<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil framvirks samnings, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 vika<br>Líftímabil 2: 1 vika < líftími ≤ 3 mánuðir<br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br>…<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | Framvirkir samningar til afhendingar teljast ekki hafa virkan markað | |

| Eignaflokkur — gjaldeyrisafleiður | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Gjaldeyrisvalréttur án afhendingar (NDO)**<br><br>valréttur sem er samkvæmt skilmálum sínum gerður upp með reiðufé milli samningsaðila, þar sem uppgjörsfjárhæðin ákvarðast af mismuninum á gengi tveggja gjaldmiðla milli viðskiptadags og matsdags. Á uppgjörsdegi skuldar annar aðilinn hinum aðilanum nettó mismun milli i. gengisins sem er ákvarðað á viðskiptadegi og ii. gengisins á matsdegi, miðað við grundvallarfjárhæðina, og greiðist sú nettó fjárhæð í þeim uppgjörsgjaldmiðli sem kveðið er á um í samningnum.<br><br>RTS2#3 = DERV<br><br>RTS2#4 = CURR“<br><br>RTS2#5 = OPTN<br><br>RTS2#26 = NDLV | undirflokkur gjaldeyrisvalréttar án afhendingar er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#47) — undirliggjandi gjaldmiðlapar, skilgreint sem samsetning tveggja undirliggjandi gjaldmiðla afleiðusamningsins<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — líftímabil valréttar, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 vika<br><br>Líftímabil 2: 1 vika < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | Gjaldeyrisvalréttir án afhendingar teljast ekki hafa virkan markað | |

| Eignaflokkur — gjaldeyrisafleiður | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Gjaldeyrisvalréttur til afhendingar (DO)**<br><br>valréttur sem felur eingöngu í sér skipti á tveimur mismunandi gjaldmiðlum á tilteknum samnings-bundnum uppgjörsdegi í framtíðinni á föstu gengi sem samið er um við upphaf samnings um skiptin.<br><br>**RTS2#3 = DERV**<br><br>**RTS2#4 = CURR**<br><br>RTS2#5 = OPTN<br><br>RTS2#26 = DLVB | undirflokkur gjaldeyrisvalrétta til afhendingar er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#47) — undirliggjandi gjaldmiðlapar, skilgreint sem samsetning tveggja undirliggjandi gjaldmiðla afleiðusamningsins<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — líftímabil valréttar, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 vika<br><br>Líftímabil 2: 1 vika < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | Gjaldeyrisvalréttir til afhendingar teljast ekki hafa virkan markað | |

| Eignaflokkur — gjaldeyrisafleiður | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Gjaldeyrisskiptasamningur án afhendingar (NDS)**<br><br>skiptasamningur sem er samkvæmt skilmálum sínum gerður upp með reiðufé milli samningsaðila, þar sem uppgjörsfjárhæðin ákvarðast af mismuninum á gengi tveggja gjaldmiðla milli viðskiptadags og matsdags. Á uppgjörsdegi skuldar annar aðilinn hinum aðilanum nettó mismun milli i. gengisins sem er ákvarðað á viðskiptadegi og ii. gengisins á matsdegi, miðað við grundvallarfjárhæðina, og greiðist sú nettó fjárhæð í þeim uppgjörsgjaldmiðli sem kveðið er á um í samningnum.<br><br>**RTS2#3 = DERV**<br><br>**RTS2#4 = CURR“**<br><br>RTS2#5 = SWAP<br><br>RTS2#26 = NDLV | undirflokkur gjaldmiðlaskiptasamninga án afhendingar er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#47) — undirliggjandi gjaldmiðlapar, skilgreint sem samsetning tveggja undirliggjandi gjaldmiðla afleiðusamningsins<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 vika<br><br>Líftímabil 2: 1 vika < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | Gjaldeyrisskiptasamningar án afhendingar teljast ekki hafa virkan markað | |

| Eignaflokkur — gjaldeyrisafleiður | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Gjaldeyrisskiptasamningur til afhendingar (DS)**<br><br>skiptasamningur sem felur eingöngu í sér skipti á tveimur mismunandi gjaldmiðlum á tilteknum samningsbundnum uppgjörsdegi í framtíðinni á föstu gengi sem samið er um við upphaf samnings um skiptin.<br><br>**RTS2#3 = DERV**<br><br>**RTS2#4 = CURR**<br><br>RTS2#5 = SWAP<br><br>RTS2#26 = DLVB | undirflokkur gjaldeyrisskiptasamninga til afhendingar er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#47) — undirliggjandi gjaldmiðlapar, skilgreint sem samsetning tveggja undirliggjandi gjaldmiðla afleiðusamningsins<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — tímabil skiptasamnings, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 vika<br><br>Líftímabil 2: 1 vika < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br><br>…<br><br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | Gjaldeyrisskiptasamningar til afhendingar teljast ekki hafa virkan markað | |

| Eignaflokkur — gjaldeyrisafleiður | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Framtíðarsamningur um gjaldeyri**<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = CURR“**<br>RTS2#5 = FUTR | undirflokkur framtíðarsamninga um gjaldeyri er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#13 og RTS23#47) — undirliggjandi gjaldmiðlapar, skilgreint sem samsetning tveggja undirliggjandi gjaldmiðla afleiðusamningsins<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — líftímabil framtíðarsamnings, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 vika<br>Líftímabil 2: 1 vika < líftími ≤ 3 mánuðir<br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 4: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>Líftímabil 5: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br>…<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | Framtíðarsamningar um gjaldeyri teljast ekki hafa virkan markað | |

| Eignaflokkur — gjaldeyrisafleiður | |
|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð** |
| **Aðrar gjaldeyrisafleiður**<br>gjaldeyrisafleiða sem tilheyrir engum ofangreindra undireignaflokka<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#4 = CURR<br>RTS2#5 = OTHR | aðrar gjaldeyrisafleiður teljast ekki hafa virkan markað |

10) Í stað töflu 9.1, 9.2 og 9.3 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 9.1*

**Lánaafleiður — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| Eignaflokkur — lánaafleiður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða. Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika** | | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Útgáfustaða vísitölunnar** [Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika] |
| **Vísitöluskuldatrygging** skiptasamningur þar sem skipti á sjóðstreymi er tengt lánshæfi mismunandi útgefenda fjármálagerninga sem mynda vísitölu og lánshæfisatburðum<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = CRDT** | undirflokkur vísitöluskuldatryggingar er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS2#34) — undirliggjandi vísitala<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#42) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð afleiðunnar er í<br>**Sundurliðunarviðmið 3** ( RTS2#8) — tímabil skuldatryggingar, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 2: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>Líftímabil 3: 2 ár < líftími ≤ 3 ár<br>…<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | 200 000 000 evrur | 10 | Undirliggjandi vísitala telst hafa virkan markað:<br>1) út allt tímabilið sem hún hefur stöðuna „nýútgefin“ (e. *on-the-run status*)<br>2) fyrstu 30 virka daga sem hún hefur „stöðu síðustu vísitölu á undan nýútgefinni vísitölu“ (e. *1x off-the-run status*)<br>„nýútgefin vísitala“: nýjasta útgáfa (runa) vísitölunnar, sem stofnast á þeim degi sem samsetning vísitölunnar tekur gildi og rennur út einum degi fyrir þann dag sem samsetning næstu útgáfu (runu) vísitölunnar tekur gildi.<br>„staða síðustu vísitölu á undan nýútgefinni vísitölu“: staða þeirrar útgáfu (runu) vísitölunnar sem er næst á undan núverandi „nýútgefinni“ útgáfu (runu) á tilteknum tímapunkti. Útgáfa (runa) hættir að vera „nýútgefin“ og fær stöðuna „síðasta vísitala á undan nýútgefinni vísitölu“ þegar nýrri útgáfa (runa) vísitölunnar er stofnuð. |

| Eignaflokkur — lánaafleiður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða. Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika** | | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Útgáfustaða vísitölunnar** [Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika] |
| **Skuldatrygging gagnvart einum aðila** skiptasamningur þar sem skipti á sjóðstreymi er tengt lánshæfi eins útgefanda fjármálagerninga og láns-hæfisatburðum<br><br>**RTS2#3 = DERV**<br><br>**RTS2#4 = CRDT** | undirflokkur skuldatryggingar gagnvart einum aðila er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunar-viðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS2#41) — undirliggjandi viðmiðunaraðili<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#39) — tegund undirliggjandi viðmiðunaraðila, skilgreind sem hér segir:<br><br>„Útgefandi sem er ríki eða opinber aðili“: útgefandi sem er eitthvað af eftirfarandi:<br><br>a) Sambandið,<br><br>b) aðildarríki, þ.m.t. ráðuneyti, stofnun eða félag með sérstakan tilgang á vegum aðildarríkis,<br><br>c) ríkisaðili sem er ekki talinn upp í a- og b-lið,<br><br>d) sé um að ræða aðildarríki sem er sambandsríki, aðili að því sambandsríki,<br><br>e) félag með sérstakan tilgang á vegum fleiri en eins aðildarríkis, | 10 000 000 evrur | 10 | |

| Eignaflokkur — lánaafleiður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða. Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika** | | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Útgáfustaða vísitölunnar** [Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika] |
| | f) alþjóðleg fjármálastofnun sem tvö eða fleiri aðildarríki hafa stofnað og hefur þann tilgang að vinna að fjármögnun og veita fjárhagsaðstoð til handa þeim aðilum sínum sem eiga í alvarlegum fjármögnunar-erfiðleikum eða eiga á hættu að lenda í slíkum erfiðleikum,<br><br>g) Fjárfestingarbanki Evrópu,<br><br>h) opinber aðili sem er ekki ríkisútgefandi eins og tilgreint er í a- til c-lið.<br><br>„Útgefandi í formi fyrirtækis“: útgefandi sem er ekki útgefandi af tegundinni ríki eða opinber aðili.<br><br>**Sundurliðunarviðmið 42** (RTS2#42) — undirliggjandi gjaldmiðill, skilgreindur sem sá gjaldmiðill sem grundvallarfjárhæð afleiðunnar er í<br><br>**Sundurliðunarviðmið 4** ( RTS2#8) — tímabil skuldatryggingar, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 2: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 3: 2 ár < líftími ≤ 3 ár | | | |

| Eignaflokkur — lánaafleiður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða. Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika** | | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Útgáfustaða vísitölunnar** [Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika] |
| | …<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | |

| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern undirflokk sem uppfyllir ekki eftirfarandi eigindlegt seljanleikaviðmið** |
|---|---|---|
| **Valréttur á skuldatryggingavísitölu** valréttur þar sem undirliggjandi þáttur er skuldatryggingavísitala<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = CRDT** | undirflokkur valrétta á skuldatryggingavísitölu er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunar-viðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#26) — undirflokkur skuldatryggingavísitölu sem er tilgreindur fyrir undir-eignaflokk vísitöluskuldatrygginga<br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — líftímabil valréttar, skilgreint sem hér segir:<br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 6 mánuðir<br>Líftímabil 2: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br>Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br>Líftímabil 4: 2 ár < líftími ≤ 3 ár | valréttur á skuldatryggingavísitölu þar sem undirliggjandi skuldatryggingavísitala er undirflokkur sem ákvarðað er að virkur markaður sé með og sem hefur 0-6 mánaða líftímabil telst hafa virkan markað<br>valréttur á skuldatryggingavísitölu þar sem undirliggjandi skuldatryggingavísitala er undirflokkur sem ákvarðað er að virkur markaður sé með og sem hefur ekki 0-6 mánaða líftímabil telst ekki hafa virkan markað<br>valréttur á skuldatryggingavísitölu þar sem undirliggjandi skuldatryggingavísitala er undirflokkur sem ákvarðað er að ekki sé virkur markaður með telst ekki hafa virkan markað, óháð líftímabili |

| Eignaflokkur — lánaafleiður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða. Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika** | | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Útgáfustaða vísitölunnar** [Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika] |
| | … Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | |
| **Valréttur á skuldatryggingu gagnvart einum aðila** valréttur þar sem undirliggjandi þáttur er skuldatrygging gagnvart einum aðila<br><br>**RTS2#3 = DERV**<br><br>**RTS2#4 = CRDT** | undirflokkur valréttar á skuldatryggingu gagnvart einum aðila er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br><br>**Sundurliðunarviðmið 1** (RTS23#26) — undirflokkur skuldatryggingar gagnvart einum aðila sem er tilgreindur fyrir undireignaflokk skuldatryggingar gagnvart einum aðila<br><br>**Sundurliðunarviðmið 2** (RTS2#8) — líftímabil valréttar, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 2: 6 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 3: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 4: 2 ár < líftími ≤ 3 ár | valréttur á skuldatryggingu gagnvart einum aðila þar sem undirliggjandi skuldatrygging gagnvart einum aðila er undirflokkur sem ákvarðað er að virkur markaður sé með og sem hefur 0-6 mánaða líftímabil telst hafa virkan markað<br><br>valréttur á skuldatryggingu gagnvart einum aðila þar sem undirliggjandi skuldatrygging gagnvart einum aðila er undirflokkur sem ákvarðað er að virkur markaður sé með og sem hefur ekki 0-6 mánaða líftímabil telst ekki hafa virkan markað<br><br>valréttur á skuldatryggingu gagnvart einum aðila þar sem undirliggjandi skuldatrygging gagnvart einum aðila er undirflokkur sem ákvarðað er að ekki sé virkur markaður með telst ekki hafa virkan markað, óháð líftímabili | | |

| Eignaflokkur — lánaafleiður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða. Að því er varðar undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með skal, eftir atvikum, beita eigindlegu viðbótarviðmiði um seljanleika** | | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] | **Útgáfustaða vísitölunnar** [Eigindlegt viðbótarviðmið um seljanleika] |
| | …<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | | |

| Eignaflokkur — lánaafleiður | |
|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð** |
| **Aðrar lánaafleiður** lánaafleiða sem tilheyrir engum ofangreindra undir-eignaflokka<br>**RTS2#3 = DERV**<br>**RTS2#4 = CRDT** RTS2#5 = OTHR | aðrar lánaafleiður teljast ekki hafa virkan markað |

*Tafla 9.2*

**Lánaafleiður — viðmiðunarmörk stærðar sem á sérstaklega við um gerning og umfangsmikillar stærðar fyrir og eftir viðskipti, fyrir undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með**

| Eignaflokkur — lánaafleiður | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Hundraðshlutamörk og neðri viðmiðunarmörk sem beita á til útreiknings viðmiðunarmarka stærðar sem á sérstaklega við um gerning og umfangsmikillar stærðar fyrir og eftir viðskipti, fyrir þá undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með** | | | | | | | | | | | | | | |
| | **Viðskipti til viðmiðunar við útreikning á viðmiðunarmörkum** | **Stærð sem á sérstaklega við um gerning áður en viðskipti fara fram** | | | | | **Umfangsmikil stærð áður en viðskipti fara fram** | | **Stærð sem á sérstaklega við um gerning eftir viðskipti** | | | **Umfangsmikil stærð eftir viðskipti** | | |
| | | **Viðskipti — hundraðshlutamark** | | | | **Neðra viðmiðunarmark** | **Viðskipti — hundraðs-hlutamark** | **Neðra viðmiðunarmark** | **Viðskipti — hundraðs-hlutamark** | **Magn — hundraðs-hlutamark** | **Neðra viðmiðunarmark** | **Viðskipti — hundraðs-hlutamark** | **Magn — hundraðs-hlutamark** | **Neðra viðmiðunarmark** |
| **Vísitöluskulda-trygging** | Reikna skal út viðmiðunarmörk fyrir hvern undir-flokk undireigna-flokksins að teknu tilliti til viðskipta sem framkvæmd eru með fjár-málagerninga sem tilheyra undir-flokknum | S1 | S2 | S3 | S4 | 2 500 000 evrur | 70 | 5 000 000 evrur | 80 | 60 | 7 500 000 evrur | 90 | 70 | 10 000 000 evrur |
| | | 30 | 40 | 50 | 60 | | | | | | | | | |
| **Skuldatrygging gagnvart einum aðila** | Reikna skal út viðmiðunarmörk fyrir hvern undir-flokk undireigna-flokksins að teknu tilliti til viðskipta sem framkvæmd eru með fjár-málagerninga sem tilheyra undirflokknum | S1 | S2 | S3 | S4 | 2 500 000 evrur | 70 | 5 000 000 evrur | 80 | 60 | 7 500 000 evrur | 90 | 70 | 10 000 000 evrur |
| | | 30 | 40 | 50 | 60 | | | | | | | | | |

| Eignaflokkur — lánaafleiður | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Hundraðshlutamörk og neðri viðmiðunarmörk sem beita á til útreiknings viðmiðunarmarka stærðar sem á sérstaklega við um gerning og umfangsmikillar stærðar fyrir og eftir viðskipti, fyrir þá undirflokka sem ákvarðað er að virkur markaður sé með** | | | | | | | | | | | | | | |
| | **Viðskipti til viðmiðunar við útreikning á viðmiðunarmörkum** | **Stærð sem á sérstaklega við um gerning áður en viðskipti fara fram** | | | | | **Umfangsmikil stærð áður en viðskipti fara fram** | | **Stærð sem á sérstaklega við um gerning eftir viðskipti** | | | **Umfangsmikil stærð eftir viðskipti** | | |
| | | **Viðskipti — hundraðshlutamark** | | | | **Neðra viðmiðunarmark** | **Viðskipti — hundraðs-hlutamark** | **Neðra viðmiðunarmark** | **Viðskipti — hundraðs-hlutamark** | **Magn — hundraðs-hlutamark** | **Neðra viðmiðunarmark** | **Viðskipti — hundraðs-hlutamark** | **Magn — hundraðs-hlutamark** | **Neðra viðmiðunarmark** |
| **Valréttur á skuldatryggingavísitölu** | Reikna skal út viðmiðunarmörk fyrir hvern undirflokk undireignaflokksins að teknu tilliti til viðskipta sem framkvæmd eru með fjármálagerninga sem tilheyra undirflokknum | S1 | S2 | S3 | S4 | 2 500 000 evrur | 70 | 5 000 000 evrur | 80 | 60 | 7 500 000 evrur | 90 | 70 | 10 000 000 evrur |
| | | 30 | 40 | 50 | 60 | | | | | | | | | |
| **Valréttur á skuldatryggingu gagnvart einum aðila** | Reikna skal út viðmiðunarmörk fyrir hvern undirflokk undireignaflokksins að teknu tilliti til viðskipta sem framkvæmd eru með fjármálagerninga sem tilheyra undirflokknum | S1 | S2 | S3 | S4 | 2 500 000 evrur | 70 | 5 000 000 evrur | 80 | 60 | 7 500 000 evrur | 90 | 70 | 10 000 000 evrur |
| | | 30 | 40 | 50 | 60 | | | | | | | | | |

*Tafla 9.3*

**Lánaafleiður — viðmiðunarmörk stærðar sem á sérstaklega við um gerning og umfangsmikillar stærðar fyrir og eftir viðskipti, fyrir undirflokka sem ákvarðað er að ekki sé virkur markaður með**

| Eignaflokkur — lánaafleiður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Viðmiðunarmörk stærðar sem á sérstaklega við um gerning og umfangsmikillar stærðar fyrir og eftir viðskipti, fyrir þá undirflokka sem ákvarðað er að ekki sé virkur markaður með** | | | |
| | **Stærð sem á sérstaklega við um gerning áður en viðskipti fara fram** | **Umfangsmikil stærð áður en viðskipti fara fram** | **Stærð sem á sérstaklega við um gerning eftir viðskipti** | **Umfangsmikil stærð eftir viðskipti** |
| | **Viðmiðunargildi** | **Viðmiðunargildi** | **Viðmiðunargildi** | **Viðmiðunargildi** |
| **Vísitöluskuldatrygging** | 2 500 000 evrur | 5 000 000 evrur | 7 500 000 evrur | 10 000 000 evrur |
| **Skuldatrygging gagnvart einum aðila** | 2 500 000 evrur | 5 000 000 evrur | 7 500 000 evrur | 10 000 000 evrur |
| **Valréttur á skuldatryggingavísitölu** | 2 500 000 evrur | 5 000 000 evrur | 7 500 000 evrur | 10 000 000 evrur |
| **Valréttur á skuldatryggingu gagnvart einum aðila** | 2 500 000 evrur | 5 000 000 evrur | 7 500 000 evrur | 10 000 000 evrur |
| **Aðrar lánaafleiður** | 2 500 000 evrur | 5 000 000 evrur | 7 500 000 evrur | 10 000 000 evrur“ |

11) Í stað töflu 10.1 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 10.1*

**C10 afleiður — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| **Eignaflokkur — C10 afleiður** | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Farmafleiður**<br>fjármálagerningur sem tengist farmgjöldum eins og tilgreint er í 10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB<br>RTS2#3 = „DERV“ og RTS2#4 = „COMM“ og RTS23#35 = „FRGT“ | undirflokkur farmafleiðu er skilgreindur samkvæmt eftirfarandi sundurliðunarviðmiðum:<br>**Sundurliðunarviðmiði 1** (RTS2#5) — tegund samnings: framtíðarsamningar eða valréttir<br>**Sundurliðunarviðmiði 2** (RTS23#36) — tegund farms | 10 000 000 evrur | 10 |

| Eignaflokkur — C10 afleiður | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| | **Sundurliðunarviðmið 3** (RTS2#37) — undirtegund farms<br><br>**Sundurliðunarviðmiði 4** (RTS2#12) — tilgreining stærðar sem tengist undirtegund farms<br><br>**Sundurliðunarviðmiði 5** (RTS2#13) — sérstök áætlunarleið eða meðaltal tímaleigu<br><br>**Sundurliðunarviðmiði 6** ( RTS2#8) — tímabil afleiðu, skilgreint sem hér segir:<br><br>Líftímabil 1: 0 < líftími ≤ 1 mánuður<br><br>Líftímabil 2: 1 mánuður < líftími ≤ 3 mánuðir<br><br>Líftímabil 3: 3 mánuðir < líftími ≤ 6 mánuðir<br><br>Líftímabil 4: 6 mánuðir < líftími ≤ 9 mánuðir<br><br>Líftímabil 5: 9 mánuðir < líftími ≤ 1 ár<br><br>Líftímabil 6: 1 ár < líftími ≤ 2 ár<br><br>Líftímabil 7: 2 ár < líftími ≤ 3 ár | | |

| Eignaflokkur — C10 afleiður | | | |
|---|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| | …<br>Líftímabil m: (n-1) ár < líftími ≤ n ár | | |

| Eignaflokkur — C10 afleiður | |
|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð** |
| **Aðrar C10 afleiður**<br>fjármálagerningur, eins og hann er skilgreindur í 10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, sem er ekki „farmafleiða“, einhver eftirfarandi undireignaflokka vaxtaafleiðna: „fjölmynta verðbólguskiptasamningur eða skiptasamningur milli gjaldmiðla“: „framtíðar-/framvirkur samningur um fjölmynta verðbólguskiptasamninga eða skiptasamninga milli gjaldmiðla“, „verðbólguskiptasamningur í einum gjaldmiðli“, „framtíðar-/framvirkur samningur um verðbólguskiptasamning í einum gjaldmiðli“ og hver eftirfarandi undireignaflokka hlutabréfaafleiðna: „valréttur á flöktsvísitölu“, „framtíðar-/framvirkur samningur sem er tengdur flöktsvísitölu“, skiptasamningur með breytu fyrir dreifni ávöxtunar, skiptasamningur með breytu fyrir flökt ávöxtunar, safnskiptasamningur með breytu fyrir dreifni ávöxtunar, safnskiptasamningur með breytu fyrir flökt ávöxtunar | aðrar C10 afleiður teljast ekki hafa virkan markað“ |

12) Í stað töflu 11.1 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 11.1*

**Mismunasamningar — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| **Undireignaflokkur** | **Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan** | Eigindlegt seljanleikaviðmið | **Meðalgrundvallarfjárhæð á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag** [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
|---|---|---|---|---|
| **Mismunasamningar um gjaldmiðla**<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#5 = CFDS<br>RTS2#29 = CURR | undirflokkur mismunasamninga um gjaldmiðla er skilgreindur samkvæmt undirliggjandi gjaldmiðlapari, sem er skilgreint sem samsetning tveggja undirliggjandi gjaldmiðla mismunasamnings/verðbilsveðmálssamnings.<br>RTS2#30 og RTS2#31 | | 50 000 000 evrur | 100 |
| **Mismunasamningar um hrávöru**<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#5 = CFDS<br>RTS2#29 = COMM | undirflokkur mismunasamninga um hrávöru er skilgreindur samkvæmt undirliggjandi hrávöru mismunasamnings/verðbilsveðmálsamnings<br>RTS23#35 og RTS23#36 og RTS23#37 | | 50 000 000 evrur | 100 |
| **Mismunasamningar um hlutabréf**<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#5 = CFDS<br>RTS2#29 = EQUI | undirflokkur mismunasamninga um hlutabréf er skilgreindur samkvæmt undirliggjandi hlutabréfi mismunasamnings/verðbilsveðmálsamnings<br>RTS23#26 | undirflokkur mismunasamninga um hlutabréf telst hafa virkan markað ef undirliggjandi þáttur er hlutabréf, eins og ákvarðað er í samræmi við b-lið 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 | | |
| **Mismunasamningar um skuldabréf**<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#5 = CFDS<br>RTS2#29 = BOND | undirflokkur mismunasamninga um skuldabréf er skilgreindur samkvæmt undirliggjandi skuldabréfi eða framtíðarsamningi um skuldabréf sem mismunasamningurinn/verðbilsveðmálsamningurinn varðar<br>RTS23#26 | undirflokkur mismunasamninga um skuldabréf telst hafa virkan markað ef undirliggjandi þáttur er skuldabréf eða framtíðarsamningur um skuldabréf sem virkur markaður er með, eins og ákvarðað er í samræmi við 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr. | | |

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal skipta hverjum undireignaflokki niður í frekari undirflokka eins og skilgreint er hér fyrir neðan | Eigindlegt seljanleikaviðmið | Meðalgrundvallarfjárhæð á dag [megindlegt seljanleikaviðmið 1] | Meðalfjöldi viðskipta á dag [megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
|---|---|---|---|---|
| **Mismunasamningar um framtíðar-/framvirkan samning um hlutabréf**<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#5 = CFDS<br>RTS2#29 = FTEQ | undirflokkur mismunasamninga um framtíðar-/framvirkan samning um hlutabréf er skilgreindur samkvæmt undirliggjandi framtíðar-/framvirkum samningi um hlutabréf sem mismunasamningurinn/verðbilsveðmálsamningurinn varðar<br>RTS23#26 | undirflokkur mismunasamninga um framtíðar-/framvirkan samning um hlutabréf telst hafa virkan markað ef undirliggjandi þáttur er framtíðar-/framvirkur samningur um hlutabréf sem virkur markaður er með, eins og ákvarðað er í samræmi við 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr. | | |
| **Mismunasamningar um hlutabréfavalrétt**<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#5 = CFDS<br>RTS2#29 = OPEQ | undirflokkur mismunasamninga um hlutabréfavalrétt er skilgreindur samkvæmt undirliggjandi valrétti á hlutabréf sem mismunasamningurinn/verðbilsveðmálsamningurinn varðar<br>RTS23#26 | undirflokkur mismunasamninga um hlutabréfavalrétt telst hafa virkan markað ef undirliggjandi þáttur er hlutabréfavalréttur sem virkur markaður er með, eins og ákvarðað er í samræmi við 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr. | | |

**Eignaflokkur — mismunasamningar**

| Undireignaflokkur | Til að ákvarða þá flokka fjármálagerninga sem ekki telst virkur markaður með, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., skal beita eftirfarandi aðferð |
|---|---|
| **Aðrir mismunasamningar** | |
| mismunasamningur/verðbilsveðmálsamningur sem tilheyrir engum ofangreindra undireignaflokka<br>RTS2#3 = DERV<br>RTS2#5 = CFDS<br>RTS2#29 = OTHR | aðrir mismunasamningar/verðbilsveðmálsamningar teljast ekki hafa virkan markað |

13) Í stað töflu 12.1 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 12.1*

**Losunarheimildir — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| Eignaflokkur — losunarheimildir | | |
|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | **Meðalfjárhæð á dag**<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag**<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Losunarheimildir Evrópusambandsins**<br>hvers konar eining sem viðurkennt er að fullnægi kröfum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (1) (viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir) og táknar rétt til að losa jafngildi 1 tonns af koltvísýringsígildi ($tCO_2e$)<br>RTS2#3 = EMAL og RTS2#11 = EUAE | 150 000 tonn koltvísýringsígildis | 5 |
| **Losunarheimildir Evrópusambandsins vegna flugs**<br>hvers konar eining sem viðurkennt er að fullnægi kröfum tilskipunar 2003/87/EB (viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir) og táknar rétt til að losa jafngildi 1 tonns af koltvísýringsígildi ($tCO_2e$) frá flugi<br>RTS2#3 = EMAL og RTS2#11 = EUAA | 150 000 tonn koltvísýringsígildis | 5 |
| **Eining vottaðs losunarsamdráttar**<br>hvers konar eining sem viðurkennt er að fullnægi kröfum tilskipunar 2003/87/EB (viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir) og táknar losunarskerðingu sem jafngildir 1 tonni af koltvísýringsígildi ($tCO_2e$)<br>RTS2#3 = EMAL og RTS2#11 = CERE | 150 000 tonn koltvísýringsígildis | 5 |

| Eignaflokkur — losunarheimildir | | |
|---|---|---|
| **Undireignaflokkur** | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | **Meðalfjárhæð á dag**<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag**<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Losunarsamdráttareiningar**<br>hvers konar eining sem viðurkennt er að fullnægi kröfum tilskipunar 2003/87/EB (viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir) og táknar losunarskerðingu sem jafngildir 1 tonni af koltvísýringsígildi ($tCO_2e$)<br>RTS2#3 = EMAL og RTS2#11 = ERUE | 150 000 tonn koltvísýringsígildis | 5 |
| **Aðrar losunarheimildir**<br>losunarheimild sem er losunarheimild sem viðurkennt er að fullnægi kröfum tilskipunar 2003/87/EB (viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir) og er hvorki losunarheimild Evrópusambandsins, losunarheimild Evrópusambandsins vegna flugs, eining vottaðs losunarsamdráttar eða losunarsamdráttareining<br>RTS2#3 = EMAL og RTS2#11 = OTHR | aðrar losunarheimildir teljast ekki hafa virkan markað | |

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).“

14) Í stað töflu 13.1 kemur eftirfarandi:

*„Tafla 13.1*

**Afleiður með losunarheimildir — flokkar sem ekki er virkur markaður með**

| Undireignaflokkur | Eignaflokkur — afleiður með losunarheimildir | |
|---|---|---|
| | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | **Meðalfjárhæð á dag**<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag**<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Afleiður með losunarheimildir með undirliggjandi þátt af tegundinni losunarheimildir Evrópusambandsins**<br>fjármálagerningur sem varðar losunarheimildir af tegundinni losunarheimildir Evrópusambandsins, eins og tilgreint er í 4. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB<br>RTS2#3 = DERV og RTS2#4 = EMAL og RTS2#43 = EUAE | 150 000 tonn koltvísýringsígildis | 5 |
| **Afleiður með losunarheimildir með undirliggjandi þátt af tegundinni losunarheimildir Evrópusambandsins vegna flugs**<br>fjármálagerningur sem varðar losunarheimildir af tegundinni losunarheimildir Evrópusambandsins vegna flugs, eins og tilgreint er í 4. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB<br>RTS2#3 = DERV og RTS2#4 = EMAL og RTS2#43 = EUAA | 150 000 tonn koltvísýringsígildis | 5 |
| **Afleiður með losunarheimildir með undirliggjandi þátt af tegundinni vottaðar einingar losunarskerðingar**<br>fjármálagerningur sem varðar losunarheimildir af tegundinni vottaðar einingar losunarskerðingar, eins og tilgreint er í 4. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB<br>RTS2#3 = DERV og RTS2#4 = EMAL og RTS2#43 = CERE | 150 000 tonn koltvísýringsígildis | 5 |

| Undireignaflokkur | Eignaflokkur — afleiður með losunarheimildir | |
|---|---|---|
| | **Ákvarða skal að ekki sé virkur markaður, skv. 6. gr. og b-lið 1. mgr. 8. gr., með hvern þann undirflokk sem uppfyllir ekki ein eða öll eftirfarandi viðmiðunarmörk megindlegra seljanleikaviðmiða** | |
| | **Meðalfjárhæð á dag**<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 1] | **Meðalfjöldi viðskipta á dag**<br>[megindlegt seljanleikaviðmið 2] |
| **Afleiður með losunarheimildir með undirliggjandi þátt af tegundinni losunarskerðingareiningar**<br>fjármálagerningur sem varðar losunarheimildir af tegundinni losunarskerðingareiningar, eins og tilgreint er í 4. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB<br>RTS2#3 = DERV og RTS2#4 = EMAL og RTS2#43 = ERUE | 150 000 tonn koltvísýringsígildis | 5 |
| **Aðrar afleiður með losunarheimildir**<br>afleiða með losunarheimildir þar sem undirliggjandi þáttur er losunarheimild sem viðurkennt er að fullnægi kröfum tilskipunar 2003/87/EB (viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir) og er hvorki losunarheimild Evrópusambandsins, losunarheimild Evrópusambandsins vegna flugs, eining vottaðs losunarsamdráttar og losunarsamdráttareining<br>RTS2#3 = DERV og RTS2#4 = EMAL og RTS2#43 = OTHR | aðrar afleiður með losunarheimildir teljast ekki hafa virkan markað“ | |

*IV. VIÐAUKI*

Í stað taflna 1 og 2 í IV. viðauka kemur eftirfarandi:

*„Tafla 1*

**Táknatafla fyrir töflu 2**

| TÁKN | GAGNATEGUND | SKILGREINING |
|---|---|---|
| {ALPHANUM-n} | Allt að n alstöfum | Reitur fyrir frjálsan texta. |
| {DECIMAL-n/m} | Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir geta verið brotatölur | Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi:<br>— táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur),<br>— talan getur verið með „-“ (mínus) fyrir framan til að gefa til kynna neikvæðar tölur.<br>Eftir atvikum skulu gildi námunduð og ekki stýfð. |
| {COUNTRYCODE_2} | 2 alstafir | Tveggja bókstafa landskóði, eins og hann er skilgreindur í ISO 3166-1 alfa-2 landskóða |
| {CURRENCYCODE_3} | 3 alstafir | 3 bókstafa gjaldmiðilskóði, eins og hann er skilgreindur í ISO 4217 gjaldmiðilskóðum |
| {DATEFORMAT} | ISO 8601 dagsetningarsnið | Dagsetningar skulu vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD. |
| {ISIN} | 12 alstafir | ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166 |
| {LEI} | 20 alstafir | Auðkenni lögaðila eins og það er skilgreint í ISO 17442 |
| {MIC} | 4 alstafir | Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383 |
| {EIC} | 16 alstafir | EIC-kóði fyrir afhendingarstað innan eða utan Evrópusambandsins |
| {INDEX} | 4 bókstafir | „EONA“ — EONIA<br>„EONS“ — EONIA SWAP<br>„EURI“ — EURIBOR<br>„EUUS“ — EURODOLLAR<br>„EUCH“ — EuroSwiss<br>„GCFR“ — GCF REPO<br>„ISDA“ — ISDAFIX<br>„LIBI“ — LIBID<br>„LIBO“ — LIBOR |

| TÁKN | GAGNATEGUND | SKILGREINING |
|---|---|---|
| | | „MAAA“ — Muni AAA<br>„PFAN“ — Pfandbriefe<br>„TIBO“ — TIBOR<br>„STBO“ — STIBOR<br>„BBSW“ — BBSW<br>„JIBA“ — JIBAR<br>„BUBO“ — BUBOR<br>„CDOR“ — CDOR<br>„CIBO“— CIBOR |

*Tafla 2*

**Nánari upplýsingar um tilvísunargögn til afhendingar vegna gagnsæisútreikninga**

| # | REITUR | UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA | SNIÐ UPPLÝSINGAGJAFAR |
|---|---|---|---|
| 1 | Auðkenniskóði gernings | Kóði til að auðkenna fjármálagerninginn | {ISIN} |
| 2 | Fullt heiti gernings | Fullt nafn fjármálagerningsins | {ALPHANUM-350} |
| 3 | MiFIR-auðkenni | **Auðkenning annarra fjármálagerninga en hlutabréfagerninga**<br><br>Verðbréfaðar afleiður eins og þær eru skilgreindar í töflu 4.1 í 4. þætti III. viðauka<br><br>Samsettar fjármálaafurðir eins og þær eru skilgreindar í 28. lið. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014<br><br>Skuldabréf (fyrir öll skuldabréf nema hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og skuldaviður-kenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi) eins og þau eru skilgreind í b-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB<br><br>Hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi eins og þær eru skilgreindar í b-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og nánar er tilgreint í töflu 2.4 í 2. þætti III. viðauka<br><br>Skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi eins og þær eru skilgreindar í b-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og nánar er tilgreint í töflu 2.4 í 2. þætti III. viðauka | **Aðrir fjármálagerningar en hlutabréfagerningar:**<br><br>„SDRV“ — Verðbréfaðar afleiður<br><br>„SFPS“ — Samsettar fjármálaafurðir<br><br>„BOND“ — Skuldabréf<br><br>„ETCS“ — Hrávörur, sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi<br><br>„ETNS“ — Skuldaviður-kenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi<br><br>„EMAL“ — Losunarheimildir<br><br>„DERV“ — Afleiða |

| # | REITUR | UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA | SNIÐ UPPLÝSINGAGJAFAR |
|---|---|---|---|
| | | Losunarheimildir eins og þær eru skilgreindar í töflu 12.1 í 12. þætti III. viðauka<br><br>Afleiða eins og hún er skilgreind í I. viðauka 4. til 10. liðar í C-þætti tilskipunar 2014/65/EB | |
| 4 | Eignaflokkur undirliggjandi þáttar | Skal fylla út þegar MiFIR-auðkennið vísar til afleiðu eða verðbréfaðar afleiðu. | „INTR“ — Vextir<br><br>„EQUI“ — Hlutabréf<br><br>„COMM“ — Hrávara<br><br>„CRDT“ — Lán<br><br>„CURR“ — Gjaldmiðill<br><br>„EMAL“ — Losunarheimildir<br><br>„OCTN“ — Annað C10 |
| 5 | Tegund samnings | Skal fylla út þegar MiFIR-auðkennið vísar til afleiðu. | „OPTN“ — Valréttir<br><br>„FUTR“ — Framtíðar-samningar (þ.m.t. — framvirkir samningar)<br><br>„FRAS“ — Framvirkir vaxtasamningar<br><br>„FORW“ — Framvirkir samningar<br><br>„SWAP“— Skiptasamningar<br><br>„PSWP“— Safnskiptasamningar<br><br>„SWPT“ — Skiptiréttir<br><br>„OPTS“ — Valréttur um skiptasamning<br><br>„FONS“ — Framtíðar-samningar um skiptasamninga<br><br>„FWOS“ — Framvirkir samningar um skiptasamning<br><br>„SPDB“ — Veðjun á verðbil<br>„CFDS“ — Mismunasamningur<br><br>„OTHR“ — Annað |
| 6 | Skýrslugjafardagur | Dagur sem tilvísunargögn eru afhent um | {DATEFORMAT} |

| # | REITUR | UPPLÝSINGAR SEM SKAL VEITA | SNIÐ UPPLÝSINGAGJAFAR |
|---|---|---|---|
| 7 | Viðskiptavettvangur | Markaðsauðkenniskóði markaðshluta fyrir viðskiptavettvanginn, ef tiltækur er, annars markaðsauðkenniskóði rekstraraðila. | {MIC} |
| 8 | Líftími | Skilgreindur lokadagur fjármálagernings. Lokadagur fjármálagernings. Reitur fyrir eignaflokka skuldabréfa, vaxtaafleiðna, hlutabréfaafleiðna, hrávöruafleiðna, gjaldeyrisafleiðna, lánaafleiðna, C10 afleiðna og afleiðna með losunarheimildir. | {DATEFORMAT} |

**Reitir tengdir skuldabréfum (allar tegundir skuldabréfa nema hrávörur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og skuldaviðurkenningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi)**

Reitina í þessum lið skal eingöngu fylla út fyrir skuldabréf eins og þau eru skilgreind í töflu 2.1 í 2. þætti III. viðauka

| | | | |
|---|---|---|---|
| 9 | Tegund skuldabréfs | Tegund skuldabréfs eins og tilgreint er í töflu 2.2 í 2. þætti III. viðauka. Skal eingöngu fylla út þegar MiFIR-auðkennið vísar til skuldabréfa. | „EUSB“ — Ríkisskuldabréf<br>„OEPB“ — Annað skuldabréf hins opinbera<br>„CVTB“ — Breytanlegt skuldabréf<br>„CVDB“ — Sértryggt skuldabréf<br>„CRPB“ — Fyrirtækjaskuldabréf<br>„OTHR“ — Annað |
| 10 | Útgáfudagur | Dagurinn sem skuldabréf er gefið út og byrjar að bera vexti. | {DATEFORMAT} |

**Reitir tengdir losunarheimildum**

Reitina í þessum lið skal eingöngu fylla út fyrir losunarheimildir eins og þær eru skilgreindar í töflu 12.1 í 12. þætti III. viðauka

| | | | |
|---|---|---|---|
| 11 | Undirtegund losunarheimilda | Losunarheimildir | „CERE“ — Eining vottaðs losunarsamdráttar (CER)<br>„ERUE“ — Losunarsamdráttareining (ERU)<br>„EUAE“ — Losunarheimildir Evrópusambandsins (EUA)<br>„EUAA“ — Losunarheimildir Evrópusambandsins vegna flugs (EUAA)<br>„OTHR“ — Annað |

**Reitir tengdir afleiðum**

**Hrávöruafleiður og C10 afleiður**

Reitina í þessum lið skal eingöngu fylla út fyrir hrávöruafleiður eins og þær eru skilgreindar í töflu 7.1 í 7. lið í III. viðauka og fyrir C10-afleiður eins og skilgreint er í töflu 10.1 í 10. lið í III. viðauka

| | | | |
|---|---|---|---|
| 12 | Tilgreining stærðar sem tengist undirtegund farms | Skal fylla út þegar grunnafurðin sem tilgreind er í reit 35 í töflu 2 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2017/585 er farmur. | Fyrir farm í föstu formi:<br>„CAPE“ — Capesize<br>„PNMX“ — Panamax<br>„SPMX“ — Supramax<br>„HAND“ — Handysize<br>Fyrir farm í fljótandi formi:<br>„CLAN“ — Hreint<br>„DRTY“ — Óhreint<br>{ALPHANUM-4} í öðrum tilvikum |
| 13 | Sérstök áætlunarleið eða meðaltal tímaleigu | Skal fylla út þegar grunnafurðin sem tilgreind er í reit 35 í töflu 2 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2017/585 er farmur. | Fyrir farm í fljótandi formi:<br>„TD7“ — TD7<br>„TD8“ — TD8<br>„TD17“ — TD17<br>„TD19“ — TD19<br>„TD20“ — TD20<br>„BLPG1“ — BLPG1<br>„TD3C“ — TD3C<br>„TC2“ — TC2<br>„TC2_37“ — TC2_37<br>„TD3“ — TD3<br>„TC5“ — TC5<br>„TC6“ — TC6<br>„TC7“ — TC7<br>„TC9“ — TC9<br>„TC12“ — TC12<br>„TC14“ — TC14<br>„TC15“ — TC15 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | Fyrir farm í föstu formi:<br>„4TC“ — 4TC<br>„5TC“ — 5TC<br>„6TC“ — 6TC<br>„10TC“ — 10TC<br>„C3“ — C3<br>„C5“ — C5<br>„C7“ — C7<br>„P1A“ — P1A<br>„P2A“ — P2A<br>„P3A“ — P3A<br>„P1E“ — P1E<br>„P2E“ — P2E<br>„P3E“— P3E<br>{ALPHANUM-6} í öðrum tilvikum |
| 14 | Staður afhendingar/ uppgjörs með reiðufé | Skal fylla út þegar grunnafurðin sem tilgreind er í reit 35 í töflu 2 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2017/585 er orka. | {EIC} fyrir raforku eða gas<br>„OTHR“ — Annað |
| 15 | Undirliggjandi gjaldmiðill | Gjaldmiðillinn sem grundvallarfjárhæðin er gefin upp í. | {CURRENCYCODE_3} |

**Vaxtaafleiður**

Reitina í þessum lið skal eingöngu fylla út fyrir vaxtaafleiður eins og þær eru skilgreindar í töflu 5.1 í 5. þætti III. viðauka

| | | | |
|---|---|---|---|
| 16 | Tegund undirliggjandi þáttar | Skal fylla út fyrir tegundir samninga sem eru ekki skiptasamningar, skiptiréttir, framtíðarsamningar um skiptasamning eða framvirkir samningar um skiptasamning, með einum eftirfarandi valkosta<br>**********<br>Skal fylla út fyrir tegundir samninga sem eru skiptasamningar, skiptiréttir, valréttir um skiptasamninga, framtíðarsamningar um skiptasamning eða framvirkir samningar um skiptasamning með tilliti til undirliggjandi skiptasamnings með einum eftirfarandi valkosta | „BOND“ — Skuldabréf<br>„BNDF“ — Framtíðar-samningar um skuldabréf<br>„INTR“ — Vextir<br>„IFUT“ — Staðlaðir, framvirkir samningar um vaxtaviðskipti<br>**********<br>„FFMC“ — FJÖLMYNTA SKIPTASAMNINGAR MEÐ GAGNKVÆMT BREYTILEGUM VÖXTUM |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | „XFMC“ — FJÖLMYNTA SKIPTASAMNINGAR MEÐ FÖSTUM OG BREYTILEGUM VÖXTUM<br>„XXMC“ — FJÖLMYNTA SKIPTASAMNINGAR MEÐ GAGNKVÆMT FÖSTUM VÖXTUM<br>„OSMC“ — FJÖLMYNTA SKIPTASAMNINGAR UM DAGVEXTI<br>„IFMC“ — FJÖLMYNTA VERÐBÓLGUSKIPTASAMNINGAR<br>„FFSC“ — SKIPTASAMNINGAR Í EINUM GJALDMIÐLI MEÐ GAGNKVÆMT BREYTILEGUM VÖXTUM<br>„XFSC“ — SKIPTASAMNINGAR Í EINUM GJALDMIÐLI MEÐ FÖSTUM OG BREYTILEGUM VÖXTUM<br>„XXSC“ — SKIPTASAMNINGAR Í EINUM GJALDMIÐLI MEÐ GAGNKVÆMT FÖSTUM VÖXTUM<br>„OSSC“ — OIS-SKIPTASAMNINGAR Í EINUM GJALDMIÐLI<br>„IFSC“ — VERÐBÓLGUSKIPTA-SAMNINGAR Í EINUM GJALDMIÐLI |
| 17 | Útgefandi undirliggjandi skuldabréfs | Skal fylla út þegar tegund undirliggjandi þáttar er skuldabréf eða framtíðarsamningur um skuldabréf með auðkenni lögaðila fyrir útgefanda skuldabréfsins með beinum hætti eða útgefanda endanlegs undirliggjandi skuldabréfs. | {LEI} |
| 18 | Lokagjalddagi undirliggjandi skuldabréfs | Skal fylla út með skilgreindum lokagjalddaga undirliggjandi skuldabréfs | {DATEFORMAT} |
| 19 | Útgáfudagur undirliggjandi skuldabréfs | Skal fylla út með útgáfudegi undirliggjandi skuldabréfs | {DATEFORMAT} |
| 20 | Undirliggjandi gjaldmiðill skiptiréttar | Skal einungis fylla út fyrir skiptirétti. | {CURRENCYCODE_3} |
| 21 | Lokadagur undirliggjandi skiptasamnings | Skal fylla út fyrir skiptirétti, valrétti um skipta-samninga, framtíðarsamning um skiptasamninga og framvirka samninga um skiptasamninga eingöngu. | {DATEFORMAT} |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 22 | ISIN-númer verðbólguvísitölu/ISIN-númer undirliggjandi skuldabréfs | Sé um að ræða skiptirétti á einni eftirfarandi tegunda undirliggjandi skiptasamninga: verðbólguskiptasamningi í einum gjaldmiðli, framtíðar-/framvirkum samningi um verðbólguskiptasamning í einum gjaldmiðli, fjölmynta verbólguskiptasamningi, framtíðar-/framvirkum samningi um fjölmynta verðbólguskiptasamning; þegar verðbólguvísitalan hefur ISIN-númer skal fylla reitinn út með ISIN-númeri hennar.<br><br>**********<br>**********<br><br>Að því er varðar valrétti um skuldabréf/valrétti um valrétt á skuldabréf/valrétti um framtíðarsamning um skuldabréf, verður að fylla reitinn út með ISIN-númeri endanlega undirliggjandi skuldabréfs. | {ISIN}<br><br>**********<br><br>{ISIN} |
| 23 | Heiti verðbólguvísitölu | Skal fylla út með stöðluðu heiti vísitölunnar sé um að ræða skiptirétti á einni eftirfarandi undirliggjandi tegunda skiptasamnings: verðbólguskiptasamningi í einum gjaldmiðli, framtíðar-/framvirkum samningi um verðbólguskiptasamning í einum gjaldmiðli, fjölmynta verðbólguskiptasamningi, framtíðar-/framvirkum samningi um fjölmynta verðbólguskiptasamning. | {ALPHANUM-25} |
| 24 | Viðmiðunarvextir | Heiti viðmiðunarvaxtanna | {INDEX}<br><br>eða<br><br>{ALPHANUM-25} - ef viðmiðunarvextirnir eru ekki á {INDEX}-listanum |
| 25 | Gildistími undirliggjandi vaxta | Í þessum reit kemur fram gildistími vaxta sem eru undirliggjandi í samningnum. Gildistíminn skal settur fram í dögum, vikum, mánuðum eða árum.<br><br>Byrjað er á stærstu tímaeiningunni (ár) og haldið áfram í lækkandi röð; ef gildistími vaxta er heil tala er reiturinn fylltur út með slíkum stöðluðum gildistímum. | {INTEGER-3}+„DAYS“ — dagar<br><br>{INTEGER-3}+„WEEK“ — vikur<br><br>{INTEGER-3}+„MNTH“ — mánuðir<br><br>{INTEGER-3}+„YEAR“ — ár |

**Gjaldeyrisafleiður**

Reitina í þessum lið skal eingöngu fylla út fyrir gjaldeyrisafleiður eins og þær eru skilgreindar í töflu 8.1 í 8. þætti III. viðauka

| | | | |
|---|---|---|---|
| 26 | Undirtegund samnings | Skal fylla út til að aðgreina framvirka samninga, valrétti og skiptasamninga til afhendingar og án afhendingar, eins og skilgreint er í töflu 8.1 í 8. þætti III. viðauka. | „DLVB“ — Afhendingarbært<br>„NDLV“ — Ekki afhendingarbært |

**Hlutabréfaafleiður**

Reitina skal eingöngu fylla út fyrir hlutabréfaafleiður eins og þær eru skilgreindar í töflu 6.1 í 6. þætti III. viðauka

| | | | |
|---|---|---|---|
| 27 | Tegund undirliggjandi þáttar | Skal fylla út þegar MiFIR-auðkennið vísar til afleiðu, eignaflokkur undirliggjandi þáttar er hlutabréf og undireignaflokkurinn er hvorki skiptasamningar né safnskiptasamningar. | „STIX“ — Hlutabréfavísitala<br>„SHRS“ — Hlutabréf<br>„DIVI“ — Arðsvísitala<br>„DVSE“ — Arður af hlutabréfum<br>„BSKT“ — Hlutabréfakarfa sem leiðir af fyrirtækjaaðgerð<br>„ETFS“ — Kauphallarsjóðir<br>„VOLI“ — Flöktsvísitala<br>„OTHR“ — Annað (þ.m.t. heimildarskírteini, skírteini og aðrir fjármálagerningar sem líkjast hlutabréfum) |
| | | ********** | ********** |
| | | Skal fylla út þegar MiFIR-auðkennið vísar til afleiðu, eignaflokkur undirliggjandi þáttar er hlutabréf, undireignaflokkurinn er annaðhvort skiptasamningar eða safnskiptasamningar og sundurliðunarviðmið 2, eins og það er skilgreint í töflu 6.1 í 6. þætti III. viðauka, er einn aðili. | „SHRS“ — Hlutabréf<br>„DVSE“ — Arður af hlutabréfum<br>„ETFS“ — Kauphallarsjóðir<br>„OTHR“ — Annað (þ.m.t. heimildarskírteini, skírteini og aðrir fjármálagerningar sem líkjast hlutabréfum) |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | ********** | ********** |
| | | Skal fylla út þegar MiFIR-auðkennið vísar til afleiðu, eignaflokkur undirliggjandi þáttar er hlutabréf, undireignaflokkurinn er annaðhvort skiptasamningar eða safnskiptasamningar og sundurliðunarviðmið 2, eins og það er skilgreint í töflu 6.1 í 6. þætti III. viðauka, er vísitala. | „STIX“ — Hlutabréfavísitala<br>„DIVI“ — Arðsvísitala<br>„VOLI“ — Flöktsvísitala<br>„OTHR“ — Annað |
| | | ********** | ********** |
| | | Skal fylla út þegar MiFIR-auðkennið vísar til afleiðu, eignaflokkur undirliggjandi þáttar er hlutabréf, undireignaflokkurinn er annaðhvort skiptasamningar eða safnskiptasamningar og sundurliðunarviðmið 2, eins og það er skilgreint í töflu 6.1 í 6. þætti III. viðauka, er karfa. | „BSKT“ — Karfa |
| 28 | Mæliþáttur | Skal fylla út þegar MiFIR-auðkennið vísar til afleiðu, eignaflokkur undirliggjandi þáttar er hlutabréf og undireignaflokkurinn er annað af eftirfarandi: skiptasamningar, safnskiptasamningar. | „PRBP“ — Grunnafkomubreyta verðávöxtunar<br>„PRDV“ — Breyta ávöxtunar í formi arðs<br>„PRVA“ — Breyta fyrir dreifni ávöxtunar<br>„PRVO“ — Breyta fyrir flökt ávöxtunar |

**Mismunasamningar**

Reitina skal eingöngu að fylla út þegar tegund samnings er mismunasamningur eða veðjun á verðbil

| | | | |
|---|---|---|---|
| 29 | Tegund undirliggjandi þáttar | Skal fylla út þegar MiFIR-auðkennið vísar til afleiðu og tegund samnings er mismunasamningur eða veðjun á verðbil | „CURR“ — Gjaldmiðill<br>„EQUI“ — Hlutabréf<br>„BOND“ — Skuldabréf<br>„FTEQ“ — Framtíðar-/framvirkir samningar um hlutabréf<br>„OPEQ“ — Hlutabréfavalréttir<br>„COMM“ — Hrávara<br>„EMAL“ — Losunarheimildir<br>„OTHR“ — Annað |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 30 | Undirliggjandi gjaldmiðill 1 | Gjaldmiðill 1 í undirliggjandi gjaldmiðlapari Þessi reitur á við þegar tegund undirliggjandi þáttar er gjaldmiðill. | {CURRENCYCODE_3} |
| 31 | Undirliggjandi gjaldmiðill 2 | Gjaldmiðill 2 í undirliggjandi gjaldmiðlapari Þessi reitur á við þegar tegund undirliggjandi þáttar er gjaldmiðill. | {CURRENCYCODE_3} |

**Lánaafleiður**

Reitina í þessum lið skal eingöngu fylla út fyrir lánaafleiður eins og þær eru skilgreindar í töflu 9.1 í 9. þætti III. viðauka

| | | | |
|---|---|---|---|
| 32 | ISIN-númer undirliggjandi skuldatryggingar | Skal fylla út fyrir afleiður sem byggjast á skuldatryggingum með ISIN-númeri undirliggjandi skuldatryggingar. | {ISIN} |
| 33 | Undirliggjandi vísitölukóði | Skal fylla út fyrir afleiður sem byggjast á skuldatryggingavísitölu með ISIN-númeri vísitölunnar. | {ISIN} |
| 34 | Heiti undirliggjandi vísitölu | Skal fylla út fyrir afleiður sem byggjast á skuldatryggingavísitölu með stöðluðu heiti vísitölunnar. | {ALPHANUM-25} |
| 35 | Flokkur | Númer flokks fyrir samsetningu vísitölunnar, ef við á.<br>Skal fylla út fyrir skuldatryggingavísitölu eða afleiðu sem byggist á skuldatryggingavísitölu með flokki skuldatryggingavísitölunnar. | {DECIMAL-18/17} |
| 36 | Útfærsla | Ný útgáfa flokks er gefin út ef til vanskila eins aðilanna sem mynda vísitöluna kemur og breyta þarf vægi innan hennar með tilliti til nýs heildarfjölda slíkra aðila.<br>Skal fylla út fyrir skuldatryggingavísitölu eða afleiðu sem byggir á skuldatryggingavísitölu með útgáfu skuldatryggingavísitölunnar. | {DECIMAL-18/17} |
| 37 | Uppfærslumánuðir | Allir mánuðir þegar vænst er uppfærslu af hálfu veitanda vísitölunnar fyrir tiltekið ár. Reiturinn skal endurtekinn fyrir hvern mánuð uppfærslu.<br>Skal fylla út fyrir skuldatryggingavísitölu eða afleiðu sem byggist á skuldatryggingavísitölu. | „01“, „02“, „03“, „04“, „05“, „06“,<br>„07“, „08“, „09“, „10“, „11“, „12“ |
| 38 | Næsta dagsetning uppfærslu | Skal fylla út ef um er að ræða skuldatryggingavísitölu eða afleiðu sem byggist á skuldatryggingavísitölu með næstu dagsetningu uppfærslu vísitölunnar eins og hún er ákvörðuð af veitanda vísitölunnar. | {DATEFORMAT} |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 39 | Útgefandi af tegundinni ríki eða opinber aðili | Skal fylla út þegar viðmiðunaraðili skuldatryggingar gagnvart einum aðila eða afleiðu sem byggir á skuldatryggingu gagnvart einum aðila er ríkisútgefandi eins og hann er skilgreindur í töflu 9.1 í 9. þætti III. viðauka. | „TRUE“ — viðmiðunaraðilinn er útgefandi af tegundinni ríki eða opinber aðili<br>„FALSE“ — viðmiðunaraðilinn er ekki útgefandi af tegundinni ríki eða opinber aðili |
| 40 | Viðmiðunarskuldbinding | Skal fylla út fyrir afleiðu sem byggist á skulda-tryggingu gagnvart einum aðila með ISIN-númeri viðmiðunarskuldbindingar. | {ISIN} |
| 41 | Viðmiðunaraðili | Skal fylla út með viðmiðunaraðila skuldatryggingar gagnvart einum aðila eða viðmiðunaraðila afleiðu sem byggist á skuldatryggingu gagnvart einum aðila. | {COUNTRYCODE_2}<br>eða<br>ISO 3166-2 — 2 stafa landskóði og þar á eftir bandstrik, „–“, og allt að 3 alstafa svæðiskóði innan lands<br>eða<br>{LEI} |
| 42 | Undirliggjandi gjaldmiðill | Gjaldmiðillinn sem grundvallarfjárhæðin er gefin upp í. | {CURRENCYCODE_3} |

**Afleiður með losunarheimildir**

Reitina í þessum lið skal eingöngu að fylla út fyrir afleiður með losunarheimildir eins og þær eru skilgreindar í töflu 13.1 í 13. þætti III. viðauka

| | | | |
|---|---|---|---|
| 43 | Undirtegund afleiðna með losunarheimildir | Skal fylla út þegar breyta #3, „MiFIR-auðkenni“, er „DERV“ (afleiða) og breyta #4, „eignaflokkur undirliggjandi þáttar“, er „EMAL“ (losunarheimildir) | „CERE“ — Eining vottaðs losunarsamdráttar (CER)<br>„ERUE“ — Losunar-samdráttareining (ERU)<br>„EUAE“ — Losunarheimildir Evrópusambandsins (EUA)<br>„EUAA“ — Losunarheimildir Evrópusambandsins vegna flugs (EUAA)<br>„OTHR“ — Annað |

*V. VIÐAUKI*

*„V. VIÐAUKI*

**Megindleg gögn til afhendingar vegna gagnsæisútreikninga**

*Tafla 1*

**Táknatafla fyrir töflu 2**

| Tákn | Gagnategund | Skilgreining |
|---|---|---|
| {ALPHANUM-n} | Allt að n-alstöfum | Reitur fyrir frjálsan texta. |
| {ISIN} | 12 alstafir | ISIN-kóði eins og hann er skilgreindur í ISO 6166 |
| {MIC} | 4 alstafir | Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383 |
| {DATEFORMAT} | ISO 8601 dagsetningarsnið | Dagsetningar skulu vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD. |
| {DECIMAL-n/m} | Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir geta verið brotatölur | Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi.<br>Táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur),<br>mínustölur eru með forskeytinu „–“ (mínus),<br>gildi eru námunduð og ekki stýfð. |
| {INTEGER-n} | Heil tala allt að n tölustafir | Talnareitur fyrir bæði jákvæð og neikvæð heiltölugildi. |

*Tafla 2*

**Nánari tilgreining á þeim gögnum sem ber að veita til að ákvarða virkan markað, umfangsmikil viðmiðunarmörk og viðmiðunarmörk stærðar sem á sérstaklega við um gerning fyrir aðra fjármálagerninga en hlutabréfagerninga**

| # | Reitur | Upplýsingar sem skal veita | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið og staðlar upplýsingagjafar |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Auðkenniskóði gernings | Kóði til að auðkenna fjármálagerninginn | Skipulegur markaður<br>Markaðstorg fjármálagerninga<br>Skipulegt markaðstorg<br>Viðurkennd birtingarþjónusta<br>Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {ISIN} |

| # | Reitur | Upplýsingar sem skal veita | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið og staðlar upplýsingagjafar |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Framkvæmd-ardagsetning | Dagsetning þegar viðskipti eru framkvæmd. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {DATEFORMAT} |
| 3 | Viðskiptastaður | Markaðsauðkenniskóði markaðshluta við-skiptavettvangs ESB eða innmiðlara, sé hann tiltækur, annars markaðsauðkenniskóði rekstraraðila.<br>Markaðsauðkenniskóði markaðshluta inn-miðlara, ef tiltækur er, annars markaðsauð-kenniskóði rekstraraðila.<br>Markaðsauðkenniskóðinn XOFF fyrir OTC-viðskipti.<br>Fyrir tiltekið ISIN-númer og framkvæmdardag skulu viðurkenndar birtingarþjónustur leggja saman alla OTC-viðskiptastarfsemi fyrir þann gerning í eina skrá (ISIN, XOFF, fram-kvæmdardagur). | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {MIC} fyrir við-skiptavettvang eða innmiðlara eða „XOFF“ |
| 4 | Flöggun um gerning sem viðskipti hafa verið stöðvuð með | Vísir um hvort viðskipti með gerninginn hafi verið stöðvuð allan viðskiptadaginn á viðkomandi markaði á framkvæmdardegi.<br>Þess vegna skal setja núllgildi í reit 5. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg | „TRUE“ - ef viðskipti voru stöðvuð með gerninginn allan viðskiptadaginn<br>eða „FALSE“ - ef viðskipti voru ekki stöðvuð með gerninginn allan viðskiptadaginn |
| 5 | Heildarfjöldi viðskipta | Heildarfjöldi viðskipta sem eru framkvæmd á framkvæmdardegi.<br>Viðskipti sem hafa verið afturkölluð skulu undanskilin tilkynntum tölum.<br>Viðskipti sem njóta ávinnings af frestaðri birtingu skulu talin í heildartölum sem framleggjandi aðili veitir á grundvelli framkvæmdardags.<br>Í öllum tilvikum verður að fylla reitinn út með gildi sem er hærra en eða jafnt og núll.<br>Fyrir gerninga sem viðskipti eru stöðvuð með allan daginn skal setja núllgildi í reitinn. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {INTEGER-18} |
| 6 | Heildarmagn | Heildarmagnið sem er framkvæmt á framkvæmdardegi.<br>Magnið skal mælt í samræmi við töflu 4 í II. viðauka við þessa reglugerð.<br>Fjárhæðir skulu tilkynntar í evrum.<br>Viðskipti sem hafa verið afturkölluð skulu undanskilin tilkynntum tölum.<br>Viðskipti sem njóta ávinnings af frestaðri birtingu skulu talin í heildartölum sem framleggjandi aðili veitir á grundvelli framkvæmdardags. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {DECIMAL-18/5} |

| # | Reitur | Upplýsingar sem skal veita | Tegund framkvæmdar eða birtingarvettvangur | Snið og staðlar upplýsingagjafar |
|---|---|---|---|---|
| 7 | Flokkasviðið „stærð viðskipta“ | Þennan reit skal fylla út með gildunum sem tilgreind eru í töflum 3 og 4 í þessum viðauka.<br>Stærð flokkasviðs viðskipta er skilgreint sem hér segir:<br>í töflu 4 í þessum viðauka fyrir losunarheimildir og afleiður af þeim,<br>í töflu 3 í þessum viðauka fyrir aðra gerninga.<br>Fyrir gerninga sem viðskipti eru stöðvuð með allan daginn skal ekki tilkynna gögn sem tengjast þessum reit og reitum 8 og 9. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {ALPHANUM - -140} |
| 8 | Heildarfjöldi viðskipta sem eru framkvæmd fyrir þann flokk | Heildarfjöldi viðskipta sem eru framkvæmd á framkvæmdardegi þar sem stærðin liggur í sviði flokksins.<br>Viðskipti sem hafa verið afturkölluð skulu undanskilin tilkynntum tölum.<br>Viðskipti sem njóta ávinnings af frestaðri birtingu skulu talin í heildartölum sem framleggjandi aðili veitir á grundvelli framkvæmdardags. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {INTEGER-18} |
| 9 | Heildarmagn viðskipta fyrir þann flokk | Heildarmagn viðskipta samanstendur af öllum viðskiptum sem eru framkvæmd á skýrslugjafardegi, þar sem stærðin liggur í sviði flokksins.<br>Magnið skal mælt í samræmi við töflu 4 í II. viðauka við þessa reglugerð.<br>Fjárhæðir skulu tilkynntar í evrum.<br>Viðskipti sem hafa verið afturkölluð skulu undanskilin tilkynntum tölum.<br>Viðskipti sem njóta ávinnings af frestaðri birtingu skulu talin í heildartölum sem framleggjandi aðili veitir á grundvelli framkvæmdardags. | Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga, skipulegt markaðstorg, viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar | {DECIMAL-18/5} |

*Tafla 3*

**Stærðarflokkar viðskipta með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, verðbréfaðar afleiður, vaxtaafleiður, hlutabréfaafleiður, gjaldeyrisafleiður, lánaafleiður, hrávöruafleiður, C10-afleiður og mismunasamningar**

| Gildissvið | Flokkur stærðar viðskipta | Skilgreining |
|---|---|---|
| Viðskipti með stærð á milli 0 og 1 000 000 (undanskilið) | ]0 – 100 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er minni en 100 000 evrur |
| | [100 000 – 100 000] | Viðskipti með viðskiptastærð sem er jafnt og 100 000 evrur |
| | ]100 000 – 200 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en 100 000 evrur og minni en 200 000 evrur |
| | [200 000 – 300 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 200 000 evrur og minni en 300 000 evrur |
| | [300 000 – 400 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 300 000 evrur og minni en 400 000 evrur |
| | [Y– Y+100 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er stærri en jafnt og Y evrur og minni en Y evrur + 100 000 (100 000 evra skref) |
| | [900 000 – 1 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 900 000 evrur og minni en 1 000 000 evrur |
| Viðskipti með stærð á milli 1 000 000 (innifalið) og 10 000 000 (undanskilið) | [1 000 000 – 1 500 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 1 000 000 evrur og minni en 1 500 000 evrur |
| | [1 500 000 – 2 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 1 500 000 evrur og minni en 2 000 000 evrur |
| | [Z– Z+500 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og Z evrur og minni en Z evrur + 500 000 (500 000 evra skref) |
| | [9 500 000 – 10 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 9 500 000 evrur og minni en 10 000 000 evrur |

| Gildissvið | Flokkur stærðar viðskipta | Skilgreining |
|---|---|---|
| Viðskipti með stærð á milli 10 000 000 (innifalið) og 100 000 000 (undanskilið) | [10 000 000 – 15 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 10 000 000 evrur og minni en 15 000 000 evrur |
| | [15 000 000 – 20 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 15 000 000 evrur og minni en 20 000 000 evrur |
| | [W– W+5 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og W evrur og minni en W evrur + 5 000 000 (5 000 000 evra skref) |
| | [95 000 000 – 100 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 95 000 000 evrur og minni en 100 000 000 evrur |
| Viðskipti með stærð sem er meiri en eða jafnt og 100 000 000 | [100 000 000 – 125 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 100 000 000 evrur og minni en 125 000 000 evrur |
| | [125 000 000 – 150 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 125 000 000 evrur og minni en 150 000 000 evrur |
| | [X– X+25 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og X evrur og minni en X evrur + 25 000 000 (25 000 000 evra skref) |
| … | … | … |

*Tafla 4*

**Stærðarflokkasvið viðskipta fyrir losunarheimildir og afleiður af losunarheimildum**

| Gildissvið | Flokkur stærðar viðskipta | Skilgreining |
|---|---|---|
| Viðskipti með stærð á milli 0 og 1 000 000 (undanskilið) | ]0 – 100 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er minni en 100 000 tonn af koltvísýringsígildi ($tCO_2e$) |
| | [100 000 – 100 000] | Viðskipti með viðskiptastærð sem er jafnt og 100 000 $tCO_2e$ |
| | ]100 000 – 200 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri 100 000 $tCO_2e$ og minni en 200 000 $tCO_2e$ |
| | [200 000 – 300 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 200 000 $tCO_2e$ og minni en 300 000 $tCO_2e$ |
| | [300 000 – 400 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 300 000 $tCO_2e$ og minni en 400 000 $tCO_2e$ |
| | [Y– Y+100 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og Y $tCO_2e$ og minni en Y $tCO_2e$ + 100 000 (100 000 $tCO_2e$ skref) |
| | [900 000 – 1.000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 900 000 $tCO_2e$ og minni en 1 000 000 $tCO_2e$ |

| Gildissvið | Flokkur stærðar viðskipta | Skilgreining |
|---|---|---|
| Viðskipti með stærð á milli 1 000 000 (innifalið) og 10 000 000 (undanskilið) | [1 000 000 – 1 500 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 1 000 000 $tCO_2e$ og minni en 1 500 000 $tCO_2e$ |
| | [1 500 000 – 2 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 1 500 000 $tCO_2e$ og minni en 2 000 000 $tCO_2e$ |
| | [Z– Z+500 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og Z $tCO_2e$ og minni en Z $tCO_2e$ + 500 000 (500 000 $tCO_2e$ skref) |
| | [9 500 000 – 10 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 9 500 000 $tCO_2e$ og minni en 10 000 000 $tCO_2e$ |
| Viðskipti með stærð á milli 10 000 000 (innifalið) og 100 000 000 (undanskilið) | [10 000 000 – 15 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 10 000 000 $tCO_2e$ og minni en 15 000 000 $tCO_2e$ |
| | [15 000 000 – 20 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 15 000 000 $tCO_2e$ og minni en 20 000 000 $tCO_2e$ |
| | [W– W+5 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og W $tCO_2e$ og minni en W $tCO_2e$ + 5 000 000 (5 000 000 $tCO_2e$ skref) |
| | [95 000 000 – 100 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 95 000 000 $tCO_2e$ og minni en 100 000 000 $tCO_2e$ |
| Viðskipti með stærð sem er meiri en eða jafnt og 100 000 000 | [100 000 000 – 125 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 100 000 000 $tCO_2e$ og minni en 125 000 000 $tCO_2e$ |
| | [125 000 000 – 150 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og 125 000 000 $tCO_2e$ og minni en 150 000 000 $tCO_2e$ |
| | [X– X+25 000 000[ | Viðskipti með viðskiptastærð sem er meiri en eða jafnt og X $tCO_2e$ og minni en X $tCO_2e$ + 25 000 000 (25 000 000 $tCO_2e$ skref) |
| … | … | …“. |

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/960** **2024/EES/11/78**

**frá 1. febrúar 2023**

**um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/588 að því er varðar árlegan gildistökudag útreikninganna á meðalfjölda viðskipta á dag með hlutabréf, heimildarskírteini og kauphallarsjóði að því er varðar verðskref** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ([1]), einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 49. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/588 ([2]) er sett fram kerfi verðskrefa fyrir hlutabréf, heimildarskírteini og kauphallarsjóði. Í samræmi við 1. mgr. 3. gr. þeirrar framseldu reglugerðar á lögbært yfirvald að því er varðar tiltekin hlutabréf eða heimildarskírteini að birta fyrir 1. mars ár hvert útreikninga á meðalfjölda viðskipta á dag fyrir þann fjármálagerning. Í samræmi við 4. mgr. 3. gr. þeirrar framseldu reglugerðar eiga viðskiptavettvangar að nota þessa útreikninga til að ákvarða viðeigandi verðskref frá 1. apríl eftir þá birtingu. Dagsetningin 1. apríl ár hvert leiðir til erfiðleika fyrir viðskiptavettvanga og aðila að þeim eða þátttakenda að því er varðar framkvæmdina á nauðsynlegum breytingum á upplýsingatæknikerfum og -innviðum þeirra. Einkum, þegar 1. apríl er inni í miðri viku, þarf framkvæmdin á nauðsynlegum breytingum að eiga sér stað að nóttu til. Þetta gefur viðskiptavettvöngum takmarkaðan tíma til að uppfæra og prófa upplýsingatæknikerfin og -innviðina. Rétt þykir að heimila viðskiptavettvöngum og aðilum að þeim og þátttakendum að nota helgina til að gera nauðsynlegar aðlaganir á upplýsingatæknikerfum og -innviðum sínum. Opinberlega birtu gögnin ættu þess vegna að gilda frá fyrsta mánudegi í apríl ár hvert. Slík breyting tryggir auk þess samhæfingu við beitingu á opinberlega birtum útreikningum í samræmi við 2. mgr. 17. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 ([3]). Í ákvæði 2. mgr. 17. gr. þeirrar framseldu reglugerðar, eins og henni var breytt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/944 ([4]), er tilgreint að útreikningar á markaðnum sem best á við með tilliti til seljanleika, meðaldagsveltunni og meðalvirðinu á viðskiptunum sem birta á fyrir 1. mars, eigi að gilda frá fyrsta mánudeginum í apríl eftir þá birtingu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 129, 16.5.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/588 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kerfi verðskrefa fyrir hlutabréf, heimildarskírteini og kauphallarsjóði (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 411).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga og um þá skyldu að viðskipti með tiltekin hlutabréf skuli fara fram á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara (Stjtíð. ESB. L 87, 31.3.2017, bls. 387).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/944 frá 17. janúar 2023 um breytingu og leiðréttingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2017/587 að því er varðar tilteknar kröfur um gagnsæi sem gilda um viðskipti með hlutabréfagerninga (Stjtíð. ESB. L 131, 16.5.2023, bls. 1).

2) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2017/588 til samræmis við það.

3) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

4) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([5]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breyting á framseldri reglugerð (ESB) 2017/588**

Í stað 4. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/588 kemur eftirfarandi:

„4. Viðskiptavettvangar skulu beita verðskrefum seljanleikaþrepsins sem samsvarar meðalfjölda viðskipta á dag eins og hann er birtur opinberlega í samræmi við 1. mgr., frá fyrsta mánudeginum í apríl eftir þá birtingu.“

*2. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1442 2024/EES/11/79**

**frá 11. júlí 2023**

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli að því er varðar breytingar á leyfum fyrir efnum og viðbót nýrra efna** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ([1]), einkum 5. gr. (a-, d- e-, h- og i-liður annarrar undirgreinar 1. mgr.), 11. gr. (3. mgr.) og 12. gr. (6. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 ([2]) er mælt fyrir um sértækar reglur að því er varðar efniviði og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. Einkum er í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 tekin saman skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni sem má nota af ásetningi við framleiðslu á efniviðum og hlutum úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli.

2) Frá því að reglugerð (ESB) nr. 10/2011 var síðast breytt hefur Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) birt frekari vísindaleg álit um ný efni sem hægt er að nota í efniviði sem komast í snertingu við matvæli (ESM-efni) og einnig um notkun efna sem hafa þegar verið leyfð. Að auki kom í ljós tiltekin tvíræðni sem tengist beitingu þeirrar reglugerðar. Til að tryggja að í reglugerð (ESB) nr. 10/2011 sé tekið mið af vísindalegum og tæknilegum framförum, einkum nýjustu niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar, og til að eyða öllum vafa að því er varðar rétta beitingu hennar ætti að gera breytingar á reglugerðinni.

3) Efnið „viðarmjöl og -trefjar, óunnið“ (ESM nr. 96, „viður“) er sem stendur leyft sem aukefni í efniviði úr plasti sem komast í snertingu við matvæli á grundvelli mats frá vísindanefndinni um matvæli þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að viðarmjöl og -trefjar séu hvarftregt efni. Matvælaöryggisstofnunin gat þó ekki sannreynt ástæðurnar fyrir þessum niðurstöðum í áliti sínu ([3]) frá nóvember 2019. Hún tók fram að viður sem slíkur gæti ekki talist hvarftregur vegna þess hann inniheldur mörg efni með lítinn sameindamassa. Enn fremur eru í álitinu ekki tilgreind nein skilyrði þar sem notkun viðar í plast getur talist örugg og bent á að vegna efnafræðilegs munar á samsetningu plöntuefna verði að meta öryggi efna sem flæða úr þessum efniviðum í hverju tilviki fyrir sig og taka ekki einungis tillit til tegundar heldur einnig til uppruna, vinnslu, meðhöndlunar vegna samræmingar við hýsilfjölliðu og mats á efnisþáttum með lítinn sameindamassa sem flæða í matvæli. Þar eð ekki er tekið tillit til þessara þátta í gildandi leyfi fyrir viði og þar af leiðandi er ekki unnt að taka tilliti til öruggrar notkunar á þessu efni í plast á fullnægjandi hátt og Matvælaöryggisstofnunin fastsetti ekki aðrar takmarkanir sem myndu samt sem áður tryggja örugga notkun á þessu efni í plast ætti að afturkalla leyfið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 177, 12.7.2023, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 309/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(11), 5902.

4) Í kjölfar beiðni frá framkvæmdastjórninni samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit ([4]) 29. apríl 2020 með endurskoðun á 451 efni, sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011, sem engin sértæk flæðimörk hafa verið fastsett fyrir skv. 1. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar. Hún taldi að það þyrfti að endurmeta 284 af þessum efnum til að ákvarða hvort þörf er á sértækum flæðimörkum og flokkaði þau í þrjá forgangsflokka. Þrjú efni voru sett í flokk í miklum forgangi. Af þessum þremur efnum er vitað að stýren (ESM-nr. 193) er víða notað og fellur þegar undir endurmat en að því er varðar efnið lárínsýra, vínýlester (ESM-nr. 436) lagði notandi viðbótargögn fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem sýndu að endurmat á því yrði í minni forgangi. Enginn notandi þriðja efnisins salisýlsýru (ESM-nr. 121) hafði þó samband, hvorki við framkvæmdastjórnina né Matvælaöryggisstofnunina, eftir að það var sett á skrána yfir efni í miklum forgangi og eftir að þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar höfðu samráð við hagsmunaaðila um hugsanlega afturköllun leyfisins fyrir því. Matvælaöryggisstofnunin getur þó ekki lagt mat á notkun efnis án þekkts notanda þar eð hún skal taka mið af fyrirhuguðum skilyrðum fyrir notkunar efniviðarins eða hlutarins sem efnið yrði notað í og eingöngu notandi getur veitt slíkar upplýsingar. Enn fremur, ef slíkar upplýsingar yrðu lagðar fram, myndi það að miklu leyti ráða gildissviði leyfa í framtíðinni sem yrðu líklega takmarkaðri en gildandi leyfi sem er yfirgripsmikið. Þar eð engin sérstök notkun eða notandi salisýlsýru er þekktur og þar eð óvissa ríkir um það við hvaða skilyrði notkun efnisins væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1935/2004 þykir af þessum sökum rétt að afturkalla gildandi leyfi fyrir salisýlsýru.

5) Á grundvelli álita Matvælaöryggisstofnunarinnar sem voru samþykkt 2005 ([5]) eru fimm efni úr flokki sem er almennt þekktur sem þalöt, þ.e. ESM-nr. 157 (díbútýlþalat, DBP), ESM-nr. 159 (bútýlbensýlþalat, BBP), ESM-nr. 283 (bis (2-etýlhexýl)þalat, DEHP), ESM-nr. 728 (díísónónýlþalat, DINP) og ESM-nr. 729 (díísódekýlþalat, DIDP), leyfð sem aukefni til notkunar sem mýkiefni og tæknileg hjálparefni í efnivið úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli, með fyrirvara um sértækar takmarkanir á notkun og flæðimörk.

6) Í kjölfar álits Efnastofnunar Evrópu frá 2017 um tillögur að takmörkunum varðandi nokkur af þessum þalötum ([6]) óskaði framkvæmdastjórnin eftir endurmati frá Matvælaöryggisstofnuninni varðandi áhættu fyrir lýðheilsu af völdum þalata sem eru leyfð til notkunar í efnivið úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli. Af þessum sökum samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit 18. september 2019 ([7]) þar sem þolanleg dagleg inntaka, sem sett var fram í álitum hennar frá 2005 fyrir öll fimm þalötin, er staðfest en einungis tímabundið (tímabundin þolanleg dagleg inntaka (t-TDI)) vegna nokkurra takmarkana og óvissuþátta í tengslum við matið sem bregðast ætti við í framtíðinni.

7) Á grundvelli sameiginlegs verkunarmáta sem liggur til grundvallar áhrifum díbútýlþalats, bútýlbensýlþalats og bis(2-etýlhexýl)þalats á æxlun fastsetti Matvælaöryggisstofnunin einnig nýja tímabundna þolanlega daglega inntöku fyrir hóp (e. *group t-TDI*), með tilliti til hlutfallslegrar virkni þeirra. Matvælaöryggisstofnunin taldi enn fremur rétt að bæta díísónónýlþalati við í tímabundna þolanlega daglega inntöku fyrir hóp sem varfærna nálgun sem byggir á skammvinnum áhrifum þess á testósteróngildi í fóstrum um leið og tekið er tillit til meiri máttar díísónónýlþalats á lifrina. Matvælaöryggisstofnunin fastsetti tímabundna þolanlega daglega inntöku fyrir hóp fyrir díbútýlþalat, bútýlbensýlþalat, bis(2-etýlhexýl)þalat og díísónónýlþalat við 50 míkrógrömm á hvert kíló líkamsþyngdar (µg/kg líkamsþyngdar), gefið upp sem jafngildisstyrkur bis(2-etýlhexýl)þalats. Matvælaöryggisstofnunin bætti díísódekýlþalati ekki við í tímabundna þolanlega daglega inntöku fyrir hóp og fastsetti sérstaka tímabundna þolanlega daglega inntöku sem nemur 150 µg/kg líkamsþyngdar, sem byggist á áhrifum á lifur, sem er í samræmi við niðurstöður hennar frá 2005.

8) Til að lýsa eiginleikum áhættunnar enn frekar framkvæmdi Matvælaöryggisstofnunin mat á fæðutengdum váhrifum sem hluta af sama álitinu. Þó að hún gæti ekki ákvarðað nákvæmlega framlag efniviðar úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli lagði hún mat á fæðutengd váhrif fyrir öll fimm þalötin sem svarar til mats á verstu hugsanlegum váhrifum frá uppsprettum efniviðar sem kemst í snertingu við matvæli. Á grundvelli samanlagðs mats á fæðutengdum váhrifum fyrir díbútýlþalat, bútýlbensýlþalat, bis(2-etýlhexýl)þalat og díísónónýlþalat komst hún að þeirri niðurstöðu að fæðutengd váhrif stuðli að allt að 14% af tímabundinni þolanlegri daglegri inntöku fyrir hóp sem nemur 50 µg/kg líkamsþyngdar að því er varðar meðalneytendur og allt að 23% af tímabundinni þolanlegri daglegri inntöku fyrir hóp að því er varðar stórneytendur. Mötin fyrir díísódekýlþalat benda til þess að fæðutengd váhrif séu langt undir tímabundinni þolanlegri daglegri inntöku sem nemur 150 µg/kg líkamsþyngdar fyrir bæði meðal- og stórneytendur.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(6), 6124.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2005 3(9), 242, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2005 3(9), 241, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2005 3(9), 243, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2005 3(9), 244, 1–18, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2005 3(9), 245.

([6]) Áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu (RAC) og nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu (SEAC), „Opinion on an Annex XV dossier proposing restrictions on four phthalates (DEHP, BBP, DBP, DIBP)“ (álit um málsskjöl skv. XV. viðauka þar sem lagðar eru til takmarkanir varðandi fjögur þalöt (bis(2-etýlhexýl)þalat, bútýlbensýlþalat, díbútýlþalat, díísóbútýlþalat), ECHA/RAC/RES-O-0000001412-86-140/F og ECHA/SEAC/RES-O-0000001412-86-154/F, eftir því sem við á. Aðgengilegt á Netinu: https://echa.europa.eu/documents/10162/a265bf86-5fbd-496b-87b4-63ff238de2f7.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(12), 5838.

9) Að auki tók Matvælaöryggisstofnunin til athugunar váhrif á neytendur af völdum annarra þalata, einkum 1,2-bis (2-metýlprópýl)bensen-1,2-díkarboxýlats (díísóbútýlþalat eða DIBP, ESM-nr. 1085, CAS-númer 84-69-5), sem er ekki leyft sem aukefni í efnivið úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli en getur verið fyrir hendi í minna magni í þeim sem óhreinindi eða sem afleiðing af notkun þess sem tæknilegs hjálparefnis við framleiðsluferlið fyrir tilteknar plasttegundir. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að díísóbútýlþalat auki verulega á heildarváhrif og áhættu fyrir neytendur af völdum þalata og að áhættustjórnandinn ætti einnig að taka tillit til slíkra váhrifa ásamt mætti þess með tilliti til áhrifa á æxlun. Matvælaöryggisstofnunin tók enn fremur fram að váhrif á neytendur af völdum þalata stafi af öðrum uppsprettum en fæðu. Verulegur hluti heildarváhrifa af völdum þalata stafar af tilvist þeirra í hlutum fyrir neytendur og byggingarefnum og síðan snertingu þeirra við húð, sem og af innöndun á andrúmslofti og ryki innanhúss.

10) Til að taka tillit til tímabundinnar þolanlegrar daglegrar inntöku fyrir hóp að því er varðar díbútýlþalat, bútýlbensýlþalat og bis(2-etýlhexýl)þalat og athugana Matvælaöryggisstofnunar að því er varðar díísóbútýlþalat og einkum til að tryggja að váhrif af völdum þessara þalata frá efniviði úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli fari ekki yfir tímabundna þolanlega daglega inntöku fyrir hóp ætti að fastsetja ný samanlögð sértæk flæðimörk. Til glöggvunar og einföldunar, einkum til að staðfesta fylgni við tilskilin ákvæði eða við framkvæmd opinbers eftirlits í tilvikum þar sem eitt þessara þalata hefur verið notað eitt og sér, ætti þó að viðhalda einstökum sértækum flæðimörkum fyrir leyfðu þalötin til viðbótar við samanlögðu sértæku flæðimörkin.

11) Þó að Matvælaöryggisstofnunin hafi einnig bætt díísónónýlþalati við í tímabundna þolanlega daglega inntöku fyrir hóp höfðu áður verið fastsett samanlögð sértæk flæðimörk fyrir díísónónýlþalat ásamt díísódekýlþalati vegna þess að þetta eru blöndur sem skarast efnafræðilega og ekki var unnt að greina þær í sundur ef þær komu fyrir saman. Þó að framfarir hafi orðið í greiningaraðferðum síðan þessi samanlögðu sértæku flæðimörk voru fastsett er enn þörf á frekari fullgildingarvinnu áður en lögbær yfirvöld geta aðgreint díísónónýlþalat og díísódekýlþalat reglulega þegar þau sinna opinberu eftirliti. Því er viðeigandi að viðhalda aðskildum samanlögðum sértækum flæðimörkum fyrir summu díísónónýlþalats og díísódekýlþalats og að banna notkun díísónónýlþalats með díbútýlþalati, bútýlbensýlþalati og bis (2-etýlhexýl)þalati sem og með díísóbútýlþalati, ef hægt er að nota efnið sem tæknilegt hjálparefni, til að koma í veg fyrir hugsanleg váhrif á sama tíma frá sama efniviði úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli.

12) Að teknu tilliti til þess að búist er við að samanlögð váhrif frá bæði ESM-efnum og öðrum uppsprettum en ESM-efnum séu í samræmi við tímabundna þolanlega daglega inntöku og að uppsöfnun geti orðið í matvælaframleiðsluferlinu vegna flæðis frá matvælavinnslubúnaði, sem og frá matvælaumbúðum, og að teknu tilliti til umtalsverðrar óvissu varðandi núverandi útreikninga á váhrifum er rétt að taka tillit til váhrifanna með úthlutunarstuðli sem nemur 20% fyrir díbútýlþalat, bútýlbensýlþalat, bis(2-etýlhexýl)þalat og díísónónýlþalat í efnivið úr plasti sem kemst í snertingu við matvæli. Að teknu tilliti til þess að nauðsynlegt er að viðhalda einnig samanlögðum sértækum flæðimörkum fyrir díísónónýlþalat og diísódekýlþalat þykir rétt að nota þennan úthlutunarstuðul fyrir öll fimm þalötin þegar samanlögðu sértæku flæðimörkin og sérstöku flæðimörkin eru fastsett.

13) Efnið díetýl[[3,5-bis(1,1-dímetýletýl)-4-hýdroxýfenýl]metýl]fosfónat (ESM-nr. 1007) er sem stendur leyft til notkunar í allt að 0,2% massahlutfalli miðað við endanlega þyngd á fjölliðum í fjölliðunarferlinu við framleiðslu á pólý (etýlentereþalati) (PET). Í kjölfar umsóknar um rýmkun á notkun á þessu efni samþykkti Matvælaöryggisstofnunin jákvætt vísindalegt álit ([8]) 26. janúar 2022 um notkun þess í allt að 0,1% massahlutfalli miðað við endanlega þyngd á fjölliðum í fjölliðunarferlinu við framleiðslu á pólý(etýlen-2,5-fúrandíkarboxýlati) (PEF). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þegar efnið er notað í þessu magni greinist flæði þess ekki af því að það er innfellt í pólýesterkeðjunni. Vegna þessarar innfellingar er heldur engin ástæða til að ætla að þegar efnið er notað í pólý(etýlen-2,5-fúrandíkarboxýlat), í notkunarmagni sem nemur 0,2% massahlutfalli, verði flæði þess umtalsvert meira. Þar eð örugg notkun efnisins stafar þar af leiðandi af því að það er allt innfellt í fjölliðuna og í þágu samkvæmni og einföldunar þykir rétt að rýmka gildandi leyfi fyrir notkunarmagni þessa efnis í pólý(etýlentereþalat), sem nemur 0,2% massahlutfalli, svo það nái einnig yfir framleiðslu á pólý(etýlen-2,5-fúrandíkarboxýlat).

([8]) doi: 10.2903/j.efsa.2022.7172

14) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1338 ([9]) var efnið pólý((R)-3-hýdroxýbútýrat-co-(R)-3-hýdroxýhexanóat) (PHBH, ESM nr. 1059) leyft. Þó lítur út fyrir að forskriftin fyrir leyfða notkun þessa efnis kalli á nánari útlistun. Þar eð pólý((R)-3-hýdroxýbútýrat-co-(R)-3-hýdroxýhexanóat) er stórsameind, sem er fengin með örverugerjun, og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er gerð krafa um að tilgreint sé að stórsameind sé fengin með slíkri gerjun ætti að bæta tilvísuninni í þessa framleiðsluaðferð við forskriftina fyrir pólý((R)-3-hýdroxýbútýrat-co-(R)-3-hýdroxýhexanóat). Að auki er gert ráð fyrir stuttum upphitunarfasa í leyfinu án þess að hámarkshitastig sé tilgreint. Fyrst hámarkshitastig er ekki fyrir hendi gæti það gert kleift að hita við hitastig sem er hærra en það sem gert er ráð fyrir í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar, sem liggur til grundvallar því að efnið var leyft, þar sem vísað er til skilyrða fyrir heita áfyllingu sem eru skilgreind í reglugerð (ESB) nr. 10/2011 sem hitastig sem er ekki hærra en 100 °C þegar áfyllingin fer fram. Að auki kemur fram í álitinu að bræðslumark plasts, sem er framleitt með efninu, sé á bilinu 120–150 °C. Fyrst hámarkshitastig er ekki fyrir hendi gefur það enn fremur til kynna að ekki sé ljóst hvaða prófunarskilyrði ætti að nota til að sannprófa samræmi við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 að því er varðar forskriftina sem varðar „stuttan upphitunarfasa“. Því ætti að skýra forskriftina nánar með því að tilgreina notkunarskilyrði þar sem ekki er farið yfir hitaskilyrðin sem gert er ráð fyrir í álitinu.

15) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti jákvætt vísindalegt álit ([10]) um notkun efnisins „fosfórsýrlingur, trífenýlester, fjölliða með α-hýdró-ω-hýdroxýpólý[oxý(metýl-1,2-etandíýl)], C10–16 alkýlesterar“ (ESM-nr. 1076), sem aukefni í allt að 0,025% massahlutfalli í akrýlnítrílbútadíenstýrensamfjölliður. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun efnisins skapi ekki öryggisvanda fyrir neytendur ef það er notað sem aukefni í allt að 0,025% massahlutfalli í efniviði og hluti úr akrýlnítrílbútadíenstýreni til stakrar og endurtekinnar notkunar í snertingu við vatnskennd, súr og áfeng matvæli og fyrir olíu í vatnsýringum til langtímageymslu við og undir stofuhita og ef flæði þess fer ekki yfir 0,05 mg/kg af matvælum. Þar eð flæðiprófanirnar voru framkvæmdar til að þær næðu yfir notkun í snertingu við allar tegundir matvæla þykir rétt að leyfa notkun á þessu aukefni við framleiðslu á efniviðum og hlutum úr akrýlnítrílbútadíenstýreni í snertingu við öll matvæli við alla notkun við og undir stofuhita og fastsetja flæðimörk í samræmi við álit Matvælaöryggisstofnunarinnar.

16) Hinn 19. september 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin jákvætt vísindalegt álit ([11]) um notkun efnisins tris (2-etýlhexýl)bensen-1,2,4-tríkarboxýlatesters (ESM nr. 1078, CAS-númer 3319-31-1) sem aukefnis (mýkiefni) í ESM-efni úr pólý(vínýlklóríði) (PVC). Í því áliti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að í heildina skapi notkun á ESM nr. 1078 ekki öryggisvanda þegar það er notað við framleiðslu á mjúku pólývínýlklóríði. Því er rétt að leyfa þetta efni til samræmis við það. Niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar er þó háð því að flæði efnisins fari ekki yfir 5 mg/kg af matvælum. Að auki benti Matvælaöryggisstofnunin á að vegna viðbótarframlags frá öðrum uppsprettum, sem getur bætt á váhrifin frá efniviðum úr plasti sem komast í snertingu við matvæli, ætti að íhuga að nota úthlutunarstuðul. Með það í huga að gögn um váhrif, sem eru mæld beint, fyrir þetta efni eru ekki fyrirliggjandi fyrir heildaríbúafjölda frá öllum uppsprettum þykir rétt að nota úthlutunarstuðul sem nemur 20% þar til viðeigandi vísindagögn hafa verið lögð fram. Enn fremur tók Matvælaöryggisstofnunin fram í áliti sínu að mat hennar nái ekki yfir notkun þessa efnis í snertingu við „ungbarnamat“. Því hefur ekki verið sýnt fram á að notkun á þessu efni í snertingu við „ungbarnamat“ uppfylli kröfurnar í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. Því ætti leyfi fyrir þessu efni að vera háð takmörkun á flæði þess við 1 mg/kg matvæla og takmörkun sem kemur í veg fyrir að það komist í snertingu við matvæli sem eru ætluð ungbörnum. Til glöggvunar og samræmingar við svipaðar takmarkanir þykir rétt að vísa til skilgreiningarinnar fyrir „ungbarn“ sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 ([12]).

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1338 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð. ESB L 209, 9.8.2019, bls. 5).

([10]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(8), 6786.

([11]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(10), 5864; Matvælaöryggisstofnunin vísar í áliti sínu til „trímellitínsýru, tris (2-etýlhexýl)esters“ en í þessari reglugerð er vísað til IUPAC-heitisins „tris(2-etýlhexýl)bensen-1,2,4-tríkarboxýlat“.

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

17) Þar eð samanlögð sértæk flæðimörk fyrir mýkiefni eru sett fram í flokkatakmörkun 32 í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og þar eð ESM-efni nr. 1078 er einnig mýkiefni þykir enn fremur rétt að þessi flokkatakmörkun gildi einnig um það efni. Til að eyða öllum vafa um eðli þessarar flokkatakmörkunar er að auki rétt að tilgreina að hún varði mýkiefni.

18) Í kjölfar umsóknar um leyfi fyrir notkun efnisins tvíliðu (tríetanólamínperklórat, natríumsalt) (ESM nr. 1080) sem aukefnis í stíft pólývínýlklóríð í margnota flöskur, sem er ætlað að komast í snertingu við vatn, samþykkti Matvælaöryggisstofnunin jákvætt vísindalegt álit ([13]) um þá notkun 29. apríl 2020. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun efnisins væri örugg ef það er í snertingu við vatn og súr vatnskennd matvæli, s.s. ávaxtasafa, þar eð tvíliðan (tríetanólamínperklórat, natríumsalt), klofnar að fullu, bæði í vatni og súrum vatnskenndum matvælum, í tríetanólamín og perklórat. Þessi tvö efni eru þegar á skrá Sambandsins yfir leyfð efni, tríetanólamín sem ESM nr. 793, með flæðimörk sem nema 0,05 mg/kg, og perklórat sem ESM nr. 822 með flæðimörk sem nema 0,002 mg/kg. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þessi mörk ættu einnig að gilda um ESM nr. 1080 þar eð, ef efnið er notað í plast í snertingu við vatn og súr vatnskennd matvæli, öryggi þess væri stjórnað að öllu leyti með flæðimörkunum sem eru fastsett fyrir þessi tvö efni vegna klofnunar þeirra. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti enn fremur að gefa ætti flæði ESM nr. 822 upp sem perklórat ([14]). Því er viðeigandi að fastsetja tvær flokkatakmarkanir í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr 10/2011 sem taka til ESM-efnis nr. 1080 ásamt ESM-efni nr 793 í öðrum flokknum og ESM-efni nr. 822, gefið upp sem perklórat, í hinum flokknum. Því er viðeigandi að breyta ESM-efnum nr. 793 og 822 til samræmis við það og að bæta efninu tvíliðu (tríetanólamínperklórat, natríumsalt) (ESM nr. 1080) við sem aukefni á skrá Sambandsins yfir leyfð efni, með þeim takmörkunum að einungis ætti að nota það í snertingu við matvæli sem eru í matvælaflokki með tilvísunarnúmerið 01.01.A í töflu 2 í III. viðauka, sem stendur fyrir vatn og súr, vatnskennd matvæli sem Matvælaöryggisstofnunin tók til athugunar.

19) Í kjölfar umsóknar um leyfi fyrir notkun efnisins N, N-bis(2-hýdroxýetýl)sterýlamíns, að hluta til esterað með mettuðum C16/C18 fitusýrum (ESM nr. 1081), sem aukefni í efnivið úr plasti sem kemst í snertingu við þurr matvæli, súr matvæli og áfenga drykki sem eru geymd við stofuhita í allt að sex mánuði samþykkti Matvælaöryggisstofnunin að hluta til jákvætt vísindalegt álit ([15]) um þá notkun. Sem hluta af mati sínu tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til gagna um flæði sem umsækjandinn lagði fram um prófun á geymsluskilyrðum lengur en í sex mánuði við og undir stofuhita. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að N, N-bis(2-hýdroxýetýl)sterýlamín skapi ekki öryggisvanda fyrir neytendur þegar það er notað í allt að 2% massahlutfalli í allar fjölliður sem einungis er ætlað að komast í snertingu við þurr matvæli, að því tilskildu að flæði summu N,N-bis(2-hýdroxýetýl)sterýlamíns og mónó- og díestera þess, reiknað út sem N,N-bis(2-hýdroxýetýl)sterýlamín, fari ekki yfir samanlögðu sértæku flæðimörkin fyrir ESM-efni nr. 19 og 20 sem, samkvæmt Matvælaöryggisstofnuninni, áttu einnig að ná yfir flæði mónó- og díestera N, N-bis (2-hýdroxýetýl)sterýlamíns. Því þykir rétt að leyfa notkun á þessu efni í allt að 2% massahlutfalli við framleiðslu á efniviði úr plasti sem er einungis ætlað að komast í snertingu við þurr matvæli við stofuhita og það ætti að skrá efnið í flokkatakmörkunina sem mælt er fyrir um fyrir efni með ESM nr. 19 og 20.

20) Matvælaöryggisstofnunin taldi þó einnig að gögnin sem lögð voru fram gerðu það ekki kleift að meta öryggi efnisins með ESM nr. 1081 þegar það er í snertingu við súr matvæli og áfenga drykki og tilgreindi að flæðið yrði einkum mikið í snertingu við fiturík matvæli. Því þykir rétt að draga úr þeirri fyrirsjáanlegu áhættu að neytendur noti plast sem inniheldur þetta efni í snertingu við önnur matvæli en þurr matvæli. Í þeim tilgangi ættu einungis stjórnendur matvælafyrirtækja að nota þetta efni til að pakka matvælum. Að auki benti Matvælaöryggisstofnunin á að flæði gæti aukist með minni estermyndun og gæti farið yfir flæðimörk ef efniviður úr plasti sem það er notað í er þykkari og að aðrir þættir, s.s. skautun fjölliðunnar, gætu einnig skipt máli. Því þykir rétt að tilgreina í athugasemd við sannprófun á samræmi að áhætta sé á að farið sé yfir flæðimörk, byggt á þykkt efniviðarins, skautun fjölliðunnar og estermyndun efnisins sjálfs.

([13]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(5), 6046.

([14]) Sérfræðinganefndin um ESM-efni, ensím og hjálparefni við vinnslu, fundargerð frá 19. fundi vinnuhópsins um ESM-efni 2018–2021, 30. september 2020, 1. liður 7. liðar.

([15]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(3), 6047.

21) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti jákvætt vísindalegt álit ([16]) um notkun efnisins fosfórsýru, blöndu estera með 2-hýdroxýetýlmetakrýlati (ESM nr. 1082) í samsett efni, að stofni til úr pólýmetýlmetakrýlati, sem er ætlað að komast aftur og aftur í snertingu við allar tegundir matvæla. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að efnið skapi ekki öryggisvanda fyrir neytendur ef það er notað sem sameinliða í allt að 0,35% massahlutfalli og að því tilskildu að flæði þess fari ekki yfir 0,05 mg/af matvælum, gefið upp sem summa mónó-, dí- og tríestera af fosfórsýru og mónó-, dí-, trí- og tetraestera af dífosfórsýru. Þó að Matvælaöryggisstofnunin vísaði til notkunar á þessu efni í samsett efni getur þetta heiti einnig náð yfir efniviði sem eru ekki fjölliður og eru því ekki plast í skilningi reglugerðar (ESB) nr 10/2011. Af þessum sökum þykir rétt að leyfa notkun þessa grunnefnis við framleiðslu á pólýmetýlmetakrýlati í allt að 0,35% massahlutfalli og að mæla fyrir um flæðimörk í samræmi við álit Matvælaöryggisstofnunarinnar.

22) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti jákvætt vísindalegt álit ([17]) um notkun á grunnefninu bensófenón-3,3',4,4'-tetrakarboxýldíanhýdríði (BTDA) (ESM nr. 1083). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun efnisins bensófenón-3,3',4,4'-tetrakarboxýldíanhýdríðs skapi ekki öryggisvanda fyrir neytendur ef það er notað í allt að 43% massahlutfalli sem sameinliða við framleiðslu á pólýimíðum til endurtekinnar notkunar í snertingu við súr og fiturík matvæli við hitastig sem er allt að 250 °C, að því tilskildu að flæði bensófenón-3,3',4,4'-tetrakarboxýldíanhýdríðs fari ekki yfir 0,05 mg/kg. Þar eð sértæku flæðiprófanirnar, sem voru grundvöllurinn fyrir jákvæðri niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar um notkun þessa efnis, voru framkvæmdar við endurtekin notkunarskilyrði með ediksýru (hermir B) og ólífuolíu (hermir D2) og Matvælaöryggisstofnunin greindi frá því að það gæfi ekki tilefni til áhyggna þó að notkunin væri ekki endurtekin notkun þykir rétt að leyfa notkun á þessu grunnefni til notkunar við framleiðslu á pólýimíðum í allt að 43% massahlutfalli í fjölliðu sem er í snertingu við matvæli sem einungis er mælt fyrir um herma B og/eða D2 fyrir í töflu 2 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011, við hitastig sem er allt að 250 °C, og ef þessi notkun fellur undir flæðimörk sem nema 0,05 mg/kg af matvælum.

23) Til að gera rekstraraðilum kleift að laga sig að breytingum á tilteknum fyrirliggjandi leyfum, sem settar eru fram í þessari reglugerð, er rétt að kveða á um að efniviði og hluti úr plasti sem eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 10/2011, eins og hún gilti áður en þessi reglugerð öðlast gildi, megi fyrst setja á markað á umbreytingartímabili sem varir í 18 mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar og þeir megi vera áfram á markaði þar til birgðir hafa verið fullnýttar. Framleiðsla á fullunnum efniviði og hlutum úr plasti felur þó að jafnaði í sér afhendingu annarra rekstraraðila á nokkrum vörum og efnum af millistigum framleiðsluferlisins. Í þágu öryggis neytenda ættu umskiptin yfir í fullt samræmi við þessa reglugerð að nást með eins skilvirkum hætti og unnt er og með sem minnstum töfum. Því ætti að gera þá kröfu til rekstraraðila, sem framleiða hálfunnar vörur og efni sem eru ekki enn í samræmi við þessa reglugerð, að þeir tilkynni notendum þessara vara, eigi síðar en níu mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að þessar vörur megi ekki nota, eins og kveðið er á um, til að framleiða efniviði og hluti úr plasti til setningar á markað eftir að 18 mánaða umbreytingartímabilinu lýkur.

24) Með þessari reglugerð eru leyfin fyrir efnunum „viðarmjöl og -trefjar, óunnið“ (ESM nr. 96) og salisýlsýru (ESM nr. 121) afturkölluð vegna þess að ekki er hægt að staðfesta að þessi leyfi, eins og staða þeirra er sem stendur, séu í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1935/2004 þar eð þörf er á upplýsingum um tiltekin efni eða tiltekna notkun þessara efna til að tryggja að þessi leyfi gangi ekki lengra en öruggt má teljast. Til að tryggja snurðulausa umbreytingu yfir í mögulega takmarkaðri leyfi, ef rekstraraðilar sem hafa framleitt þessi efni eða notað þau fyrir gildistöku þessarar reglugerðar telja að einhver tiltekin notkun sé í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1935/2004, þykir þó rétt að heimila setningu efniviða og hluta úr plasti, sem eru framleiddir með þessum efnum, á markað, að því tilskildu að umsókn um leyfi fyrir þessari tilteknu notkun sé lögð fram innan hóflegs tíma eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Að því er varðar óunnið viðarmjöl og -trefjar, þar eð Matvælaöryggisstofnunin taldi í áliti sínu um við að meta þyrfti viðarlíka efniviði í hverju tilviki fyrir sig og eftir tegundinni, ætti slík umsókn að vera sértæk fyrir tilteknar viðartegundir.

([16]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(5), 6120.
([17]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(7), 6183.

25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Breytingar á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011**

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

**Umbreytingarráðstafanir**

1. Efniviðir og hlutir úr plasti, sem eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 eins og hún gilti áður en þessi reglugerð öðlast gildi, sem voru fyrst settir á markað fyrir 1. febrúar 2025, mega vera áfram á markaði þar til birgðir hafa verið fullnýttar.

2. Ef vara úr milliþrepi framleiðslu á efniviðum og hlutum úr plasti eða efni, sem er ætlað til framleiðslu á slíkri vöru, efniviði eða hlut, sem er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 10/2011, eins og hún gilti áður en þessi reglugerð öðlast gildi, og sem er fyrst sett á markað eftir 1. maí 2024, er ekki í samræmi við þessa reglugerð skal koma fram í samræmisyfirlýsingunni, sem er fáanleg fyrir þetta efni eða þessa vöru, að efnið/varan sé ekki í samræmi við gildandi reglur og að það/hana megi einungis nota við framleiðslu á efniviðum og hlutum úr plasti til setningar á markað fyrir 1. febrúar 2025.

3. Efniviði og hluti úr plasti sem eru framleiddir með salisýlsýru (ESM nr. 121) eða framleiddir með óunnu viðarmjöli eða -trefjum úr tilteknum viðartegundum má áfram setja fyrst á markað eftir 1. febrúar 2025 að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) umsókn um leyfi fyrir þessu efni eða þessu óunna viðarmjöli eða -trefjum úr tilteknum viðartegundum var lögð fyrir lögbært yfirvald, í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr 1935/2004, fyrir 1. ágúst 2024,

b) notkun þessa efnis eða þessa óunna viðarmjöls eða -trefja úr tilteknum viðartegundum til framleiðslu á efniviði og hlut úr plasti og notkun þeirra takmarkast við fyrirhuguð notkunarskilyrði sem lýst er í umsókninni,

c) upplýsingarnar, sem Matvælaöryggisstofnuninni voru látnar í té í samræmi við b-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, innihalda yfirlýsingu um að umsóknin sé umsókn í samræmi við þessa málsgrein og

d) Matvælaöryggisstofnunin telur að umsóknin sé gild.

4. Efniviði og hluti úr plasti, sem eru framleiddir með efninu eða óunnu viðarmjöli eða -trefjum sem falla undir umsóknina, má síðan nota áfram þar til umsækjandinn dregur umsókn sína til baka eða þangað til framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun um að veita eða synja um leyfið til að nota þetta efni eða viðarmjöl eða -trefjar skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júlí 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt sem hér segir:

1) Töflu 1 í 1. lið er breytt sem hér segir:

a) færsla 96 um „viðarmjöl og -trefjar, óunnið“ og færsla 121 um salisýlsýru falla brott,

b) Í stað færslu 157 um þalsýru, díbútýlester kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „157 | 74880 | 0000084-74-2 | þalsýra, díbútýlester (DBP) | Já | Nei | Nei | 0,12 | (32) (36) | Eingöngu til notkunar sem:<br>a) mýkiefni í margnota efniviði og hluti sem komast í snertingu við fitulaus matvæli,<br>b) tæknilegt hjálparefni í pólýólefínum í styrk að 0,05% (massahlutfall) í fullunnu vörunni. | (7)“ |

c) Í stað færslu 159 um þalsýru, bensýlbútýlester kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „159 | 74560 | 0000085-68-7 | þalsýra, bensýl-bútýlester (BBP) | Já | Nei | Nei | 6 | (32) (36) | Eingöngu til notkunar sem:<br>a) mýkiefni í margnota efniviði og hluti,<br>b) mýkiefni í einnota efniviði og hluti sem komast í snertingu við fitulaus matvæli, að undanskildum ungbarnablöndum og stoðblöndum (*),<br>c) tæknilegt hjálparefni í styrk að 0,1% (massahlutfall) í fullunnu vörunni. | (7)“ |

d) Í stað færslu 283 um þalsýru, bis(2-etýlhexýl)ester kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „283 | 74640 | 0000117-81-7 | þalsýra, bis(2-etýl-hexýl) ester (DEHP) | Já | Nei | Nei | 0,6 | (32) (36) | Eingöngu til notkunar sem:<br>a) mýkiefni í margnota efniviði og hluti sem komast í snertingu við fitulaus matvæli,<br>b) tæknilegt hjálparefni í styrk að 0,1% (massahlutfall) í fullunnu vörunni. | (7)“ |

e) Í stað færslu 728 um þalsýru, díestera með eingreindum, mettuðum $C_8$-$C_{10}$-greinóttum alkóhólum, meira en 60% $C_9$, kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „728 | 75100 | 0068515-48-0<br>0028553-12-0 | þalsýra, díesterar með eingreindum, mettuðum C8–C10-greinóttum alkóhólum, meira en 60% $C_9$ (DINP) | Já | Nei | Nei | | (26) (32) | Eingöngu til notkunar sem:<br>a) mýkiefni í margnota efniviði og hluti,<br>b) mýkiefni í einnota efniviði og hluti sem komast í snertingu við fitulaus matvæli, að undanskildum ungbarnablöndum og stoðblöndum (*)<br>c) tæknilegt hjálparefni í styrk að 0,1% (massahlutfall) í fullunnu vörunni.<br>Má ekki nota í samsetningu með ESM-efnum 157, 159, 283 eða 1085. | (7)“ |

f) Í stað færslu 793 um tríetanólamín kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „793 | 94000 | 0000102-71-6 | tríetanólamín | Já | Nei | Nei | | (37)“ | | |

g) Í stað færslu 822 um perklórsýru, sölt (perklórat) kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „822 | 71983 | 14797-73-0 | Perklórsýra, sölt (perklórat) | Já | Nei | Nei | | (38)“ | | |

h) Í stað færslu 1007 um díetýl[[3,5-bis(1,1-dímetýletýl)-4-hýdroxýfenýl]metýl]fosfónat kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „1007 | | 976-56-7 | díetýl[[3,5-bis (1,1-dímetýletýl)-4-hýdroxýfenýl] metýl]fosfónat | Nei | Já | Nei | | | Eingöngu til notkunar í allt að 0,2% (massahlutfall) miðað við endanlega þyngd á fjölliðum í fjölliðunarferlinu við framleiðslu á pólý(etýlentereþalati) (PET) og pólý(etýlen-2,5-fúrandíkarboxýlati) (PEF)“ | |

i) Í stað færslu 1059 um pólý((R)-3-hýdroxýbútýrat-co-(R)-3-hýdroxýhexanóat) kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „1059 | | 147398-31-0 | Pólý((R)-3-hýdroxýbútýrat-co-(R)-3-hýdroxýhexanóat) (PHBH) | Nei | Já | Nei | | (35) | Efnið er stórsameind sem er fengin með örverugerjun.<br>Eingöngu til notkunar við hitaskilyrði þar sem ekki er farið yfir skilyrðin sem skilgreind eru í d-lið í lið 2.1.4 í V. viðauka. Flæði allra fáliða með minni sameindamassa en 1000 Da skal ekki fara yfir 5,0 mg/kg matvæla. | (23)“ |

j) Í stað færslu 1076 um fosfórsýrling, trífenýlester, fjölliðu með α-hýdró-ω-hýdroxýpólý[oxý(metýl-1,2-etandíýl)], C10-16-alkýlestera, kemur eftirfarandi:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „1076 | | 1227937-46-3 | Fosfórsýrlingur, trífenýlester, fjölliða með α-hýdró-ω-hýdroxýpólý[oxý (metýl-1,2-etandíýl)], C10-16 alkýlesterar | Nei | Já | Nei | 0,05 | | Einungis til notkunar:<br>a) sem aukefni í allt að 0,2% massahlutfalli í efniviði og hluti úr höggþolnu pólýstýreni sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli við og undir stofuhita, þ.m.t. við heita áfyllingu og/eða hitun upp í 100 °C í allt að tvær klukkustundir. Það skal ekki notað í snertingu við matvæli sem hermir C og/eða D1 er valinn fyrir í III. viðauka; | |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | b) sem aukefni í allt að 0,025% massa-hlutfalli í efniviði úr akrýlnítrílbútadíenst ýreni til notkunar við og undir stofuhita“ | |

k) Eftirfarandi færslum er bætt við aftast í töflu 1 í númeraröð:

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| „1078 | | 3319-31-1 | tris(2-etýlhexýl) bensen-1,2,4-tríkarboxýlat | Já | Nei | Nei | 1 | (32) | Eingöngu til notkunar sem mýkiefni við fram-leiðslu á mjúku pólý (vínýlklóríði)<br>Má ekki nota í snertingu við matvæli sem eru ætluð ungbörnum (*) | |
| 1080 | | 156157-97-0 | tvíliða (tríetanólamín-perklórat, natríumsalt) | Já | Nei | Nei | | (37)<br>(38) | Eingöngu til notkunar í stíft pólý(vínýlklóríð) í snertingu við matvæli sem eru í matvælaflokknum með tilvísunarnúmerið 01.01.A í töflu 2 í III. viðauka. | |
| 1081 | | - | N, N-bis(2-hýdroxýetýl)sterýla mín að hluta til esterað með mettuðum C16/C18 fitusýrum | Já | Nei | Nei | | (7) | Eingöngu til notkunar í allt að 0,2% massa-hlutfalli í efniviði og hluti úr plasti sem eru ætlaðir stjórnendum matvælafyrirtækja til pökkunar á þurrum matvælum sem hermir E hefur verið valinn fyrir í töflu 2 í III. viðauka. | (30) |
| 1082 | | 52628-03-2 | Fosfórsýra, bland-aðir esterar með 2-hýdroxýetýl-metakrýlati | Nei | Já | Nei | 0,05 | | Eingöngu til notkunar í allt að 0,35% massa-hlutfalli við framleiðslu á pólýmetýlmetakrýlati. Sértæk flæðimörk, gefin upp sem summa mónó-, dí- og tríestera af fos-fórsýru og mónó-, dí-, trí- og tetraestera af dífosfórsýru. | |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1083 | | 2421-28-5 | Bensófenón-3,3',4,4'-tetrakarboxýldíanhýdríð (BTDA) | Nei | Já | Nei | 0,05 | | Eingöngu til notkunar í allt að 43% massahlutfalli sem sameinliða við framleiðslu á pólýimíðum til notkunar til snertingar við matvæli sem einungis er mælt fyrir um herma B og/eða D2 fyrir í töflu 2 í III. viðauka við hitastig sem er allt að 250 °C.“ | |

„(*) Ungbarn, ungbarnablanda og stoðblanda eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).“

2) Töflu 2 í 2. lið er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslu 7 kemur eftirfarandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| „7 | 19<br>20<br>1081 | 1,2 | gefið upp sem þrígreint amín“ |

b) Í stað færslu 26 kemur eftirfarandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| „26 | 728<br>729 | 1,8 | gefið upp sem summa efnanna“ |

c) Í stað færslu 32 kemur eftirfarandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| „32 | 8<br>72<br>73<br>138<br>140<br>157<br>159<br>207<br>242<br>283<br>532<br>670<br>728<br>729<br>775<br>783<br>797<br>798<br>810<br>815<br>1078<br>1085* | 60 | gefið upp sem summa efnanna (mýkiefna)<br><br>* Díísóbútýlþalat, ESM nr. 1085, með samheitin 1,2-bis(2-metýlprópýl)bensen-1,2-díkarboxýlat eða DIBP og CAS-númer 84-69-5, er ekki skráð sem leyft efni í töflu 1. Þó getur það komið fyrir ásamt öðrum þalötum sem afleiðing af notkun þess sem fjölliðunarefnis og er tekið með í flokkatakmarkanir með flokkunina ESM nr. 1085.“ |

d) Eftirfarandi færslum er bætt við:

| | | | |
|---|---|---|---|
| „36 | 157<br>159<br>283<br>1085* | 0,6 | summa þalsýru, díbútýlesters (DBP), díísóbútýlþalats (DIBP), þalsýru, bensýlbútýlesters (BBP) og þalsýru, bis(2-etýlhexýl)esters (DEHP), gefin upp sem DEHP-jafngildi með eftirfarandi jöfnu: DBP*5 + DIBP*4 + BBP*0,1 + DEHP*1.<br>* Sjá athugasemd um ESM nr. 1085 í línu 32 |
| 37 | 793<br>1080 | 0,05 | gefin upp sem summa tríetanólamíns og hýdróklóríðsambandsins, gefin upp sem tríetanólamín |
| 38 | 822<br>1080 | 0002 | gefið upp sem perklórat — 4. athugasemd í töflu 3 á við“ |

3) Í töflu 3 í 3. lið er eftirfarandi færslu bætt við:

| | |
|---|---|
| „30) | Það er áhætta á að farið sé yfir flæðimörk; flæðið eykst með þykkt plastsins sem efnið er í með minnkandi skautun fjölliðunnar og minnkandi estermyndun efnisins sjálfs.“ |

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/669** **2024/EES/11/80**

**frá 24. apríl 2015**

**um niðurfellingu á ákvörðun 2007/421/EB um birtingu skrár yfir viðurkenndar stofnanir sem aðildarríkin hafa tilkynnt um í samræmi við tilskipun ráðsins 94/57/EB**

*(tilkynnt með númeri C(2015) 2596)* (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit ([1]), einkum 5. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/421/EB ([2]) er kveðið á um að sviðsstjóri orku- og flutningamála birti, eigi síðar en 1. júlí ár hvert, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* uppfærða skrá yfir þær stofnanir sem viðurkenndar eru í samræmi við tilskipun ráðsins 94/57/EB ([3]).

2) Tilskipun 94/57/EB var endurútgefin í tveimur aðskildum gerðum Bandalagsins, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB ([4]) og reglugerð (EB) nr. 391/2009. Í þeirri reglugerð eru ákvæði um að taka saman og uppfæra skrá yfir viðurkenndar stofnanir.

3) Í samræmi við 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 tekur framkvæmdastjórnin saman og uppfærir reglulega skrá yfir þær stofnanir sem viðurkenndar eru í samræmi við þá grein og sú skrá er birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4) Ákvörðun 2007/421/EB er úrelt og því ætti að fella hana úr gildi og jafnframt ætti að birta, með reglulegu millibili, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* uppfærða skrá yfir þær stofnanir sem viðurkenndar eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 2007/421/EB er felld úr gildi.

*2. gr.*

Sviðsstjóri orku- og flutningamála skal birta, eigi síðar en 31. ágúst 2015, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* skrá yfir þær stofnanir sem viðurkenndar eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009 og skal hún uppfærð þegar nauðsyn krefur til að taka tillit til breytinga á lögaðilunum sem eru í þeirri skrá.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. apríl 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Violeta BULC

*framkvæmdastjóri.*

---

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/421/EB frá 14. júní 2007 um niðurfellingu á ákvörðun 96/587/EB um birtingu skrár yfir viðurkenndar stofnanir sem aðildarríkin hafa tilkynnt um í samræmi við tilskipun ráðsins 94/57/EB (Stjtíð. ESB L 157, 19.6.2007, bls. 18).

([3]) Tilskipun ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtíð. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47).

**Skrá yfir stofnanir sem eru viðurkenndar á grunni reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit**

**2024/EES/11/81**

(2022/C 466/07) (*)

— American Bureau of Shipping (ABS)

— Bureau Veritas SA (BV)

— China Classification Society (CCS)

— Croatian Register of Shipping (CRS)

— DNV AS (DNV)

— Indian Register of Shipping (IRS)

— Korean Register (KR)

— Lloyd's Register Group LTD (LR)

— Nippon Kaiji Kyokai General Incorporated Foundation (ClassNK)

— Polish Register of Shipping (PRS)

— RINA Services S.p.A. (RINA)

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 466, 7.12.2022, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1575** **2024/EES/11/82**

**frá 27. júlí 2023**

**um heildarfjölda losunarheimilda í Sambandinu sem gefa skal út samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir fyrir árið 2024** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 9. gr. og 9. gr. a,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1722 ([2]) var fjöldi losunarheimilda í Sambandinu, sem um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB, fastsettur árið 2021 við 1 571 583 007 losunarheimildir, þar sem línulegi samdráttarstuðullinn var hækkaður í 2,2% frá og með 2021. Fjöldi losunarheimilda fyrir árið 2023 er 1 485 575 977 sem fæst með því að beita línulega samdráttarstuðlinum.

2) Tilskipun 2003/87/EB var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 ([3]) til að fækka fjölda losunarheimilda í Sambandinu árið 2024 um 90 milljónir losunarheimilda sem og til að fjölga þeim um 78,4 milljónir losunarheimilda fyrir sjóflutninga. Heildarfjöldi losunarheimilda í Sambandinu árið 2024 sem mælt er fyrir um í þessar ákvörðun er skertur sem nemur fyrri fjöldanum og aukinn sem nemur seinni fjöldanum.

3) Tilskipun 2003/87/EB var einnig breytt með tilskipun (ESB) 2023/959 til að hækka línulega stuðulinn í 4,3% fyrir árin 2024 til 2027. Línulegi stuðullinn á við um meðalheildarfjölda losunarheimilda á ári, sem aðildarríkin gefa út í samræmi við ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um landsbundnar úthlutunaráætlanir þeirra fyrir tímabilið frá 2008 til 2012, og um fjölda losunarheimilda sem samsvarar meðallosun frá sjóflutningastarfsemi sem greint er frá í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/757 ([4]) fyrir árin 2018 og 2019 sem fjallað er um í 3. gr. ga í tilskipun 2003/87/EB. Það að beita línulega stuðlinum á þennan fjölda samsvarar 87 924 231 færri árlegum losunarheimildum sem skal gefa út í Sambandinu. Til að reikna út gildið fyrir árið 2024 sem sett eru fram í þessari ákvörðun er fjölda losunarheimilda í Sambandinu vegna breytinganna sem settar eru fram í 2. forsendu fækkað um heildarmagnið vegna línulega samdráttarstuðulsins í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

4) Fjöldi losunarheimilda í Sambandinu fyrir árið 2024 og árleg fækkun losunarheimildanna sem verða gefnar út í Sambandinu vegna beitingar línulega samdráttarstuðulsins taka til ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 192, 31.7.2023, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. nóvember 2020 um heildarfjölda losunarheimilda í Sambandinu sem gefa skal út samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir fyrir árið 2021 (Stjtíð. ESB L 386, 18.11.2020, bls. 26.).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og ákvörðun (ESB) 2015/1814 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 134).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun koltvísýrings frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55).

5) Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB ætti fjöldi losunarheimilda í Sambandinu fyrir árið 2024 að miða við útilokun lítilla stöðva frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skv. 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Engar slíkar útilokanir hafa átt sér stað síðan ákvörðun (ESB) 2020/1722 var birt.

6) Í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal framkvæmdastjórnin birta fjölda losunarheimilda í Sambandinu eigi síðar en 6. september 2023.

7) Heildarmagn losunarheimilda sem á að úthluta að því er varðar umráðendur loftfars/flugrekendur fyrir árið 2024 verður birt sérstaklega eins og sett er fram í 3. gr. c í tilskipun 2003/87/EB og er því ekki talið með í fjölda losunarheimilda í Sambandinu sem birt er í þessari ákvörðun.

8) Á grundvelli þess ætti heildarmagn losunarheimilda í Sambandinu fyrir árið 2024, sem um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB, að nema 1 386 051 745.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Heildarmagn losunarheimilda í Sambandinu fyrir árið 2024, sem um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB, nemur 1 386 051 745.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 27. júlí 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1642** **2024/EES/11/83**

**frá 14. júní 2023**

**um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 að því er varðar nútímavæðingu reksturs á skrá Sambandsins** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 3. mgr. 19. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB, áður en henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB ([2]), var gerð sú krafa að aðildarríkin myndu sjá um að koma á fót og viðhalda skrá til að tryggja nákvæmt bókhald yfir útgáfu, handhöfn, millifærslu og ógildingu heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda. Í því skyni var með 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB og 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 ([3]) búið til kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem hóf starfrækslu í janúar 2005. Með því kerfi var tryggt nákvæmt bókhald yfir allar heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem gefnar voru út samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og fylgst með eignarhaldi á losunarheimildum í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sem eru geymdar á rafrænum reikningum. Það samanstóð af skrám allra aðildarríkja og miðlægum stjórnanda, sem framkvæmdastjórnin tilnefndi, sem átti að viðhalda óháðri viðskiptadagbók þar sem útgáfa, millifærsla og ógilding losunarheimilda var skráð. Þessari óháðu viðskiptadagbók, óháðri viðskiptadagbók Bandalagsins, var komið á fót skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2216/2004. Með þessari óháðu viðskiptadagbók Bandalagsins voru öll viðskipti, sem fóru fram milli reikninga í landsskránum, sjálfkrafa athuguð, skráð og leyfð. Ef frávik greindust með sjálfvirka eftirlitinu hætti óháð viðskiptadagbók Bandalagsins við viðskiptin sem urðu fyrir áhrifum af slíkum frávikum og varð miðlægi stjórnandinn að upplýsa hlutaðeigandi aðildarríki um það. Að auki var viðkomandi aðildarríki eða aðildarríkjum gert að skrá ekki viðskiptin eða nokkur önnur viðskipti sem tengdust viðkomandi losunarheimildum þar til frávikunum hafði verið eytt.

2) Ákvæðum 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB var breytt með tilskipun 2009/29/EB þar sem skrá Sambandsins kom í stað landsskránna. Í 3. gr. tilskipunar 2009/29/EB var hins vegar umbreytingarákvæði sem fól í sér að ákvæði tilskipunar 2003/87/EB ættu að gilda áfram til 31. desember 2012. Í millitíðinni var óháðri viðskiptadagbók Bandalagsins skipt út fyrir viðskiptadagbók Evrópusambandsins sem komið var á fót með 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB)

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 206, 21.8.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 336/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2216/2004 frá 21. desember 2004 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB (Stjtíð. ESB L 386, 29.12.2004, bls. 1).

nr. 920/2010 ([4]). Í stað þeirrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar kom reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 ([5]) og með 4. gr. hennar var skrá Sambandsins komið á fót. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 ([6]) kom síðan í stað ofangreindrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar, að undanskildum 30. lið 3. gr. Það er því framseld reglugerð (ESB) 2019/1122 sem inniheldur nú reglurnar um reksturinn á skrá Sambandsins að því er varðar 4. áfanga viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir sem hófst 1. janúar 2021 og allar losunarheimildir í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, sem gefnar eru út frá og með 1. janúar 2012, skulu geymdar í skrá Sambandsins. Af miðstýringu skránna leiðir að viðskiptadagbók Evrópusambandsins er orðin hluti af skrá Sambandsins og ætti það að endurspeglast í framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122. Skrá Sambandsins hefur því sinnt öllum rekstri viðskiptadagbókar Evrópusambandsins frá 1. janúar 2012.

3) Framkvæmdastjórnin, sem miðlægur stjórnandi, endurmetur reglulega, sem er liður í nútímavæðingu upplýsingatækniinnviða skrár Sambandsins, hlutverk hennar og hugsanlega þróun í því skyni að losna við umfremd í upplýsingatækni (þ.e. tilvísanir í tiltekna upplýsingatæknibætti í stað aðgerða eða eftirlits) og undirbúa innviði fyrir framtíðarþróun upplýsingatæknirammans, án þess þó að hafa áhrif á virkni hans eða öryggi. Slík nútímavæðing mun hafa áhrif á það hvernig sjálfvirkt eftirlit fer fram en jafnframt ætti að viðhalda öllu eftirliti, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/87/EB, sem tryggir að engin frávik eigi sér stað við útgáfu, millifærslu eða ógildingu losunarheimilda.

4) Sem stendur geta notendur skrár Sambandsins hafið millifærslur án nokkurra takmarkana með hliðsjón af viðmiðunarmörkum (verðmæti) millifærslunnar. Til að bæta öryggi mjög verðmætra viðskipta ætti að vera skylt að nota skrá yfir áreiðanlega reikninga fyrir viðskipti yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum.

5) Í orðsendingu sinni frá 13. október 2021 um hækkandi orkuverð ([7]) fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að hún kannaði nánar mynstur viðskiptahegðunar og hugsanlega þörf fyrir markvissar aðgerðir á evrópska kolefnismarkaðnum. Á meðal mikilvægra heimilda fyrir þá greiningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar voru gögnin í skrá Sambandsins um eignarhald og millifærslur losunarheimilda í skrá Sambandsins. Greiningin sýndi að með tilliti til markaðseftirlits væri ávinningur af því að bæta við framselda reglugerð (ESB) 2019/1122 kröfu um að greina viðskipti með losunarheimildir milli reikningshafa sem tilheyra sömu samstæðu. Sem stendur er einungis krafist upplýsinga um skipulag samstæðu fyrir vörslureikninga rekstraraðila. Kröfuna um að leggja þessar upplýsingar fram ætti einnig að innleiða fyrir viðskiptareikninga.

6) Í 3. mgr. 80 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1122 eru tilgreindir þeir aðilar sem geta fengið upplýsingar úr skrá Sambandsins. Með reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1939 ([8]) var komið á fót embætti saksóknara Evrópusambandsins sem, frá 1. júní 2021, ber ábyrgð á að rannsaka brot gegn fjárhagslegum hagsmunum Sambandsins, sækja til saka vegna þeirra og draga fyrir dóm. Þessi brot ná yfir nokkrar tegundir af svikum, virðisaukaskattsvik þar sem fjárhagstjón er yfir 10 milljónum evra, peningaþvætti, spillingu, o.s.frv. Því er viðeigandi að bæta embætti saksóknara Evrópusambandsins við þá aðila sem eru tilgreindir í 3. mgr. 80 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1122.

7) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 til samræmis við það.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 frá 7. október 2010 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB (Stjtíð. ESB L 270, 14.10.2010, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 frá 2. maí 2013 um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011 (Stjtíð. ESB L 122, 3.5.2013, bls. 1).

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 frá 12. mars 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins (Stjtíð. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 3).

([7]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 13. október 2021 til Evrópuþingsins, leiðtogaráðsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar „Tekist á við hækkandi orkuverð: verkfærakassi fyrir aðgerðir og stuðning“ (e. Tackling rising energy prices: a toolbox for action and support), COM(2021) 660 lokagerð.

([8]) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1939 frá 12. október 2017 um framkvæmd aukinnar samvinnu um að koma á fót embætti saksóknara Evrópusambandsins (EPPO) (Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2017, bls. 1).

8) Samráð var haft við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([9]) og skilaði hún áliti 20. apríl 2023.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málslið er bætt við í 1. mgr.

„Viðskiptadagbók ESB skal vera hluti af skrá Sambandsins.“

b) Í stað orðanna „viðskiptadagbók ESB“ í 2. til 4. mgr. kemur „staðlað rafrænt gagnasafn“.

2) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í fyrirsögninni eru orðin „og viðskiptadagbókar ESB“ felld brott.

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins athugi og skrái viðskipti með losunarheimildir og reikningsstjórnunarferlin sem sett eru fram í 3. kafla I. bálks. Öll viðskipti, þar sem einingar losunarheimilda koma við sögu, skulu eiga sér stað innan skrár Sambandsins og skulu skráð og athuguð áður en og eftir að reikningsstjórnunarferlin eru framkvæmd. Miðlæga stjórnandanum er heimilt að koma á takmörkuðum samskiptatengli milli skrár Sambandsins og skrár þriðja lands sem hefur undirritað sáttmála varðandi aðild þess að Sambandinu.“

3) Í þriðja málslið 4. mgr. 7. gr. eru orðin „og viðskiptadagbókar ESB“ felld brott.

4) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Reikningar í skrá Sambandsins skulu innihalda skrá yfir áreiðanlega reikninga.“

b) Eftirfarandi 3. mgr. a og 3. mgr. b er bætt við:

„3a. Miðlægum stjórnanda er heimilt að setja viðmiðunarmörk og ef farið er yfir þessi mörk mega viðskipti einungis eiga sér stað ef þau varða reikninga sem eru á skránni yfir áreiðanlega reikninga.

3b. Reikningsfulltrúum er heimilt að setja viðmiðunarmörk fyrir sína eigin reikninga. Slík mörk verða að vera samþykkt af öðrum reikningsfulltrúa eða landsstjórnanda.“

5) Í c-lið 1. mgr. 30. gr. eru orðin „eða í viðskiptadagbók ESB “ felld brott.

6) Í stað orðanna „viðskiptadagbók ESB“ í 52. gr. og 2. mgr. 53. gr. kemur „skrá Sambandsins“.

7) Eftirfarandi 5. mgr. er bætt við í 55. gr.:

„5. „Við upphaf millifærslu skal viðurkenndi fulltrúinn tilgreina hvort millifærslan hafi verið framkvæmd milli reikningshafa sem tilheyra sömu samstæðunni.“

8) Í stað fyrirsagnar 1. kafla í III. bálki, „Sameiginleg tæknileg ákvæði“, kemur eftirfarandi:

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39).

„1. KAFLI

**TÆKNILEGAR KRÖFUR SKRÁR SAMBANDSINS“.**

9) Ákvæðum 60. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í fyrirsögninni eru orðin „og viðskiptadagbókar ESB“ felld brott.

b) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í b-lið eru orðin „milli skrár Sambandsins og viðskiptadagbókar ESB“ felld brott.

ii. Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) skrá Sambandsins bregðist umsvifalaust við beiðnum frá reikningshöfum.“

c) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Miðlægi stjórnandinn skal sjá til þess að skrá Sambandsins taki upp traust kerfi og verklagsreglur til að vernda öll viðeigandi gögn og auðvelda skjóta endurheimt á gögnum og koma starfsemi á að nýju ef til bilana kemur eða kerfishrun verður.“

d) Í 3. mgr. eru orðin „og viðskiptadagbókar ESB“ felld brott.

10) Í 62. gr. eru orðin „Viðskiptadagbók ESB“ felld brott.

11) Í 65. gr. eru orðin „eða viðskiptadagbók ESB“ og „eða viðskiptadagbókar Evrópusambandsins“ felld brott.

12) Í 2. mgr. 66. gr. eru orðin „eða viðskiptadagbók ESB“ felld brott.

13) Ákvæðum 68. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. eru orðin „viðskiptadagbókar ESB“ felld brott.

b) Í stað orðanna „viðskiptadagbókar ESB“ í 4. mgr. kemur „skrár Sambandsins“.

14) Í stað orðanna „viðskiptadagbók ESB“ í 70. gr. kemur „skrá Sambandsins“.

15) Í stað 71. gr. kemur eftirfarandi:

*„71. gr.*

**Greining á misræmi**

Ef um er að ræða ferli, sem lokið hefur verið gegnum beina samskiptatengilinn, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins hætti öllum ferlum þar sem hún greinir misræmi við sjálfvirka eftirlitið, sem um getur í 2. mgr. 72. gr., og tilkynna það stjórnanda reikninganna sem tengjast viðskiptunum sem hefur verið hætt við. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins tilkynni viðkomandi reikningshöfum þegar í stað að ferlið hafi verið stöðvað með því að senda þeim sjálfvirkan svarkóða.“

16) Í stað orðanna „viðskiptadagbókar ESB“ í 2. mgr. 72. gr. kemur „skrár Sambandsins“.

17) Í stað 73. gr. kemur eftirfarandi:

*„73. gr.*

**Afstemming — greining skrár Sambandsins á ósamræmi**

1. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins hefji reglubundið afstemmingu gagna til að tryggja að skrár um reikninga og handhöfn losunarheimilda séu í samræmi við framkvæmd viðskipti í skrá Sambandsins. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins skrái öll ferli.

2. Ef ósamræmi greinist meðan á afstemmingu gagna stendur, sem um getur í 1. mgr., að því er varðar reikninga eða handhöfn losunarheimilda sem hluti af reglubundinni afstemmingu skal miðlægi stjórnandinn tryggja að skrá Sambandsins komi í veg fyrir að lokið sé við fleiri ferli í tengslum við reikningana eða handhöfn losunarheimilda sem ósamræmið snýst um. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins upplýsi miðlæga stjórnandann og stjórnendur viðkomandi reikninga eða handhafnar losunarheimilda þegar í stað um hvers kyns ósamræmi.“

18) Í stað 74. gr. kemur eftirfarandi:

*„74. gr.*

**Lok ferla**

1. Öllum viðskiptum og öðrum ferlum, sem tilkynnt er um til skrár Sambandsins í samræmi við 2. mgr. 6. gr., skal vera lokið þegar allt sjálfvirkt eftirlit fer fram. Miðlægi stjórnandinn skal tryggja að skrá Sambandsins hætti sjálfkrafa við að ljúka viðskiptum eða ferli ef ekki reynist unnt að ljúka viðskiptunum eða ferlinu innan sólarhrings frá því að tilkynnt var um það.

2. Afstemmingarferli gagna, sem um getur í 73. gr., telst lokið þegar öllu ósamræmi á tilteknum tíma og degi fyrir tiltekna reikninga eða handhöfn losunarheimilda hefur verið eytt og afstemmingarferli gagna hefur hafist að nýju og því verið lokið á árangursríkan hátt.“

19) Í 76. gr. eru orðin „áður en samskiptatenglinum er komið á og hann er gerður virkur milli nýju hugbúnaðarútgáfunnar og viðskiptadagbókar ESB“ felld brott.

20) Ákvæðum 77. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. og 5. mgr. eru orðin „og viðskiptadagbók ESB“ felld brott.

b) Í 5., 6. og 7. mgr. eru orðin „eða viðskiptadagbókar ESB“ og „eða viðskiptadagbók ESB“ felld brott.

21) Í 1. mgr. 79. gr. eru orðin „viðskiptadagbók ESB eða“ felld brott.

22) Ákvæðum 80. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. eru orðin „viðskiptadagbók ESB og“ felld brott.

b) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í fyrsta málslið eru orðin „og viðskiptadagbók ESB“ felld brott.

ii. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) lögreglan eða önnur löggæslu- eða dómsyfirvöld, skattyfirvöld í tilteknu aðildarríki og embætti saksóknara Evrópusambandsins“.

c) Eftirfarandi málslið er bætt við í fyrstu undirgrein 4. mgr.:

„Þessir aðilar skulu senda allar beiðnir til miðlægs stjórnanda eða landsstjórnanda með því að nota sniðmátið sem sett er fram í XIV. viðauka.“

d) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Þeir aðilar sem hafa tekið við gögnum samkvæmt framangreindum skilyrðum skulu, telji þeir þess þörf, deila almennum niðurstöðum sínum um lagaleg eða tæknileg áhrif viðskipta með losunarheimildir með miðlægum stjórnanda, þ.m.t. almennar niðurstöður til að bæta skilning á lagalegum áhrifum greindra ferla og til að stuðla að stefnumótun án þess að vísa til gagna sem varða einstaka reikninga eða viðskipti.“

e) Í 7. mgr. eru orðin „og viðskiptadagbók ESB“ felld brott.

f) Í 10. mgr. eru orðin „Hvorki viðskiptadagbók ESB né“ felld brott.

23) Í 82. gr. eru orðin „og viðskiptadagbókar ESB“ felld brott.

24) Ákvæðum III., IV., VI., VII., VIII. og XIII. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka.

25) Textanum í II. viðauka er bætt við sem XIV. viðauka.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

Ákvæðum III., IV., VI., VII., VIII. og XIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/1122 er breytt sem hér segir:

1) Töflu III-I í III. viðauka er breytt sem hér segir:

   a) Í F-dálki er fyrirsögninni „Birt á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB?“ skipt út fyrir eftirfarandi: „Birt á opinbera vefsetrinu?“.

   b) Í síðustu línu er orðunum „birtar á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB“ skipt út fyrir eftirfarandi: „birtar á opinbera vefsetrinu.“

2) Ákvæðum 5. liðar IV. viðauka er breytt sem hér segir:

   a) Eftirfarandi f-lið er bætt við:

      „f) reikningshafar sem eru hluti af samstæðu skulu leggja fram skjal þar sem skipulag samstæðunnar kemur skýrt fram.“

   b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

      „Að því er varðar f-lið, ef skjalið þar sem skipulag samstæðunnar er tilgreint er afrit, skal lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem landsstjórnandinn tilgreinir, votta það afrit sem staðfest afrit. Staðfest afrit sem er gefið út utan aðildarríkisins, sem óskaði eftir afriti, skal löggilt nema kveðið sé á um annað í landslögum. Dagsetningin á vottuninni eða löggildingunni skal ekki vera meira en þremur mánuðum eldri en dagsetningin á umsókninni.“

3) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

   a) Í F-dálki í töflu VI-I er fyrirsögninni „Birt á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB?“ skipt út fyrir eftirfarandi: „Birt á opinbera vefsetrinu?“.

   b) Í F-dálki í töflu VI-II er fyrirsögninni „Birt á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB?“ skipt út fyrir eftirfarandi: „Birt á opinbera vefsetrinu?“.

4) Í F-dálki í töflu VII-I í VII. viðauka er fyrirsögninni „Birt á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB?“ skipt út fyrir eftirfarandi: „Birt á opinbera vefsetrinu?“.

5) Í F-dálki í töflu VIII-I í VIII. viðauka er fyrirsögninni „Birt á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB?“ skipt út fyrir eftirfarandi: „Birt á opinbera vefsetrinu?“.

6) Ákvæðum XIII. viðauka er breytt sem hér segir:

   a) Ákvæðum 1. liðar er breytt sem hér segir:

      i. Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi: „Skrá Sambandsins skal birta á opinbera vefsetrinu eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern reikning:“.

      ii. Í a-lið er orðunum „birtar á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB“ skipt út fyrir eftirfarandi: „birtar á opinbera vefsetrinu“.

      iii. Í töflu XIV-I er fyrirsögninni „sem birta skal á opinberu vefsetri viðskiptadagbókar ESB“ skipt út fyrir eftirfarandi: „sem birta skal á opinbera vefsetrinu“.

   b) Í stað inngangsorðanna í 2. lið kemur eftirfarandi: „Skrá Sambandsins skal birta á opinbera vefsetrinu eftirfarandi, almennar upplýsingar og uppfæra þær á sólarhrings fresti:“.

   c) Í stað inngangsorðanna í 3. lið kemur eftirfarandi: „Skrá Sambandsins skal birta á opinbera vefsetrinu eftirfarandi, almennar upplýsingar 30. apríl ár hvert:“

d) Í stað inngangsorðanna í 4. lið kemur eftirfarandi: „Skrá Sambandsins skal birta á opinbera vefsetrinu eftirfarandi upplýsingar um sérhver viðskipti, sem lokið er og skráð hafa verið í skrá Sambandsins eigi síðar en 30. apríl á tilteknu ári, 1. maí þremur árum síðar:“.

e) Í stað inngangsorðanna í 5. lið kemur eftirfarandi: „Eftirfarandi upplýsingar skulu birtar 1. maí ár hvert um samninga sem eru í gildi skv. 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB og skráðar af skrá Sambandsins fyrir 30. apríl:“.

f) Í v. lið b-liðar 6. liðar eru orðin „og viðskiptadagbókar ESB“ felld brott.

g) Í iv. lið b-liðar 8. liðar eru orðin „og viðskiptadagbókar ESB“ felld brott.

*II. VIÐAUKI*

*„XIV. VIÐAUKI*

Sniðmát fyrir beiðni um gögn sem geymd eru í skrá Sambandsins skv. 3. mgr. 80. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 (1)

Beiðni til *[tilgreinið hvort beiðnin sé lögð fyrir miðlægan stjórnanda eða landsstjórnanda]* skrár Sambandsins skv. 3. mgr. 80 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1122

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Aðilinn sem leggur fram beiðnina: | |
| 2. | Dagsetning beiðninnar: | |
| 3. | Tilgangur beiðninnar úr tæmandi skránni sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 80. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1122. | |
| 4. | Lýsing á því lagalega eða stjórnsýslulega samhengi sem gögnin verða notuð í: | |
| 5. | Nákvæm lýsing á þeim gögnum sem beðið er um, þ.m.t. tímabilið sem beðið er um gögnin fyrir: | |
| 6. | Tengiliður fyrir allar fyrirspurnir í tengslum við beiðnina: | |

Eins og krafist er í 4. og 5. mgr. 80. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1122 skuldbindum við okkur til að nota trúnaðarupplýsingar sem berast samkvæmt þessari beiðni eingöngu í þeim tilgangi sem upplýsingarnar voru veittar fyrir og að gera upplýsingarnar sem berast ekki aðgengilegar, annaðhvort vísvitandi eða fyrir slysni, aðilum sem ekki tengjast fyrirhugaðri notkun upplýsinganna.

[Nafn og undirskrift]“

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122 frá 12. mars 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins (Stjtíð. ESB L 177, 2.7.2019, bls. 3).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2297** **2024/EES/11/84**

**frá 26. október 2023**

**um að tilgreina aðliggjandi gámaumfermingarhafnir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 2. mgr. 3. gr. ga,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Tilskipun 2003/87/EB var breytt með tilskipun (ESB) 2023/959 ([2]) til að hún nái yfir losun frá sjóflutningum innan kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (EU ETS).

2) Til að draga úr áhættu á að gámaskip sniðgangi viðkomu í höfn utan Sambandsins og á flutningi gámaumfermingar-starfsemi til hafna utan Sambandsins er í tilskipun 2003/87/EB kveðið á um útilokun frá skilgreiningunni á „viðkomu-höfn“ að því er varðar viðkomu gámaskipa í aðliggjandi gámaumfermingarhöfn sem er tilgreind í framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 2. mgr. 3. gr. ga í þeirri tilskipun.

3) Í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 3. gr. ga í tilskipun 2003/87/EB þarf höfn, sem skal tilgreind sem aðliggjandi gámaumfermingarhöfn, að uppfylla nokkrar viðmiðanir. Hlutdeild hafnar af umfermingum á gámum verður að fara yfir 65% af heildarumferð gáma í þeirri höfn á nýjasta tólf mánaða tímabilinu sem viðeigandi gögn eru tiltæk fyrir. Höfnin verður að vera staðsett utan Sambandsins en innan við 300 sjómílum frá höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis. Í framkvæmdargerðinni á hins vegar ekki að tilgreina hafnir sem eru staðsettar í þriðja landi þar sem viðkomandi þriðja land beitir ráðstöfunum, sem eru jafngildar tilskipun 2003/87/EB, með skilvirkum hætti.

4) Höfnin East Port Said er innan við 300 sjómílum frá höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis. Hlutdeild umfermingar á gámum í East Port Said fór yfir 65% af heildarumferð gáma í þeirri höfn á nýjasta tólf mánaða tímabilinu sem viðeigandi gögn eru tiltæk fyrir. Egyptaland beitir ekki ráðstöfunum, sem eru jafngildar tilskipun 2003/87/EB, fyrir East Port Said. East Port Said ætti því að vera tilgreind sem aðliggjandi gámaumfermingarhöfn.

5) Höfnin Tanger Med er innan við 300 sjómílum frá höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis. Hlutdeild umfermingar á gámum í Tanger Med fór yfir 65% af heildarumferð gáma í þeirri höfn á nýjasta tólf mánaða tímabilinu sem viðeigandi gögn eru tiltæk fyrir. Marokkó beitir ekki ráðstöfunum, sem eru jafngildar tilskipun 2003/87/EB, fyrir Tanger Med. Tanger Med ætti því að vera tilgreind sem aðliggjandi gámaumfermingarhöfn.

6) Framkvæmdastjórnin ætti að vakta framkvæmd viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir í tengslum við sjóflutninga, einkum til að greina sniðgönguháttalag til þess að bregðast við slíku háttalagi á fyrstu stigum. Framkvæmdastjórnin ætti að leggja til, eftir því sem við á, aðgerðir til að bregðast við sniðgönguháttalagi.

7) Til að tryggja skilvirka starfsemi viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir, sem skal ná yfir losun frá sjóflutningum frá 1. janúar 2024, ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með þeim degi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 2023/2297, 27.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 338/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og ákvörðun (ESB) 2015/1814 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 134).

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Aðliggjandi gámaumfermingarhafnir sem um getur í 2. mgr. 3. gr. ga í tilskipun 2003/87/EB eru tilgreindar í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. október 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

**Aðliggjandi gámaumfermingarhöfn sem um getur í 2. mgr. 3. gr. ga í tilskipun 2003/87/EB**

| Nr. | Heiti hafnarinnar | Land |
|---|---|---|
| 1. | EAST PORT SAID | EGYPTALAND |
| 2. | TANGER MED | MAROKKÓ |

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2599** **2024/EES/11/85**

**frá 22. nóvember 2023**

**um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar stjórnun stjórnsýsluyfirvalda, að því er varðar skipafélag, á skipafélögum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 4. mgr. 3. gr. gf,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 ([2]), er kveðið á um að fella losun frá sjóflutningum inn í kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (hér á eftir nefnt „viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir“).

2) Til að draga úr stjórnsýsluálagi á skipafélög er í tilskipun 2003/87/EB kveðið á um að eitt aðildarríki skuli bera ábyrgð á hverju skipafélagi. Samkvæmt tilskipun 2003/87/EB er vísað til aðildarríkis, sem ber ábyrgð á stjórnun skipafélags, sem „stjórnsýsluyfirvald að því er varðar skipafélag“.

3) Innan ramma almennra siglingalaga vísar hugtakið „skipafélag“ til aðilans sem falin er stjórnun skipsins og því er ekki hægt að breyta með tvíhliða samningi milli aðilanna. Þessi almenna nálgun er þó ekki sú sem er best viðeigandi innan ramma viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir sem er viðfangsefni þessarar gerðar. Innan þessa sérstaka ramma viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir er nauðsynlegt að beina skuldbindingunni til þess aðila sem er betur til þess fallinn að gera nauðsynlegar ráðstafanir að því er þetta varðar. Gagnstætt því sem tíðkast í almennum siglingalögum getur þessi aðili verið annar en sá sem hefur verið falin raunveruleg stjórnun skipsins. Í ljósi þessarar staðreyndar er nauðsynlegt, að því er varðar viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að víkja frá merkingu hugtaksins „skipafélag“ í almennum siglingalögum til að gera aðilunum kleift að gera samning sín á milli um hvaða aðila sé falið að uppfylla þær skuldbindingar sem leiða af viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

4) Til að tryggja jafna meðferð á skipafélögum ættu aðildarríkin að fylgja samræmdum reglum við stjórnun skipafélaga sem þau bera ábyrgð á. Til að tryggja rétta framfylgd viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og taka tillit til mismunarins milli viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og almennra siglingalaga ættu aðildarríkin að tryggja að þegar fyrirtækið eða einstaklingurinn, sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins fyrir hönd eiganda skipsins og sem hefur, þegar hann hefur tekið á sig slíka ábyrgð, gengist við öllum skuldbindingum og allri ábyrgð sem felst í alþjóðakóðanum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, sem settur er fram í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 ([3]), og einnig gengist við ábyrgð á skuldbindingum viðskiptakerfis ESB

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 2023/2599, 23.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 339/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og ákvörðun (ESB) 2015/1814 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 134).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 frá 15. febrúar 2006 um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan Bandalagsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 (Stjtíð. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 1).

með losunarheimildir, hafi viðkomandi fyrirtæki eða einstaklingur fengið fullt umboð frá skipseigandanum til að fara að landsráðstöfunum til að leiða tilskipun 2003/87/EB í lög, þ.m.t. skyldan til að skila inn losunarheimildum skv. 3. gr. gb og 12. gr. þeirrar tilskipunar. Að því marki sem þessi krafa víkur frá venjunni að því er varðar skilgreininguna á „skipafélagi“ í almennum siglingalögum takmarkast hún við það að taka á sig ábyrgð samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

5) Til að auðvelda framfylgd viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir ætti fyrirtæki eða einstaklingur, sem hefur tekið á sig ábyrgð á skuldbindingum í tengslum við viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að láta stjórnsýsluyfirvaldi sínu, að því er varðar skipafélag, í té upplýsingar um skip sem eru á ábyrgð þess/hans.

6) Aðilar, sem bera ábyrgð á því að farið sé að skuldbindingum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 ([4]) og að skuldbindingum samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, verða ávallt að vera tilgreindir með skýrum hætti. Í þessu skyni og með það fyrir augum að tryggja samfellu í stjórnsýslu og framfylgd er kveðið á um það í reglugerð (ESB) 2015/757 að sami aðili verði að bera ábyrgð á hvoru tveggja.

7) Í 1. og 3. mgr. 3. gr. gf í tilskipun 2003/87/EB eru ákvæði sem gilda um úthlutun hvers skipafélags til stjórnsýsluyfirvalds þess að því er varðar skipafélag. Til að tryggja jafna meðferð skipafélaga er nauðsynlegt að kveða á um samræmdar ítarlegar reglur um úthlutun skipafélaga til aðildarríkja. Reglurnar um úthlutun skipafélags til aðildarríkis ná yfir skráningarland skipafélagsins sem ætti að byggjast á upplýsingum sem skráðar eru í gagnagrunni ESB yfir hafnarríkiseftirlitsskoðanir fyrir vöktun, skýrslugjöf og sannprófun (THETIS MRV-kerfið) sem er sérstakt upplýsingakerfi í Sambandinu sem er þróað og rekið af Siglingaöryggisstofnun Evrópu sem styður við framkvæmd reglugerðar (ESB) 2015/757. Úthlutun skipafélaga, sem eru ekki skráð í aðildarríki, ætti að byggjast á gögnum um viðkomu í höfn sem geymd eru í rafrænu tilkynningakerfi í Sambandinu um skipakomur sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB ([5]) (SafeSeaNet-kerfið). Hægt er að bæta upplýsingum úr öðrum upplýsingakerfum við gögn um viðkomu í höfn, eins og við á.

8) Að auki er nauðsynlegt að setja nákvæmar reglur um úthlutun fyrir skipafélög, sem eru ekki skráð í aðildarríki og hafa ekki farið í neinar sjóferðir sem falla undir gildissvið sem sett er fram í 3. gr. ga í tilskipun 2003/87/EB á næstliðnum 4 vöktunarárum og fyrsta sjóferð þess sem fellur undir gildissvið þeirrar tilskipunar er á milli hafna sem falla undir lögsögu tveggja aðildarríkja, og fyrir skipafélög sem eru ekki skráð í aðildarríki og hafa oftast átt viðkomu í höfn í tveimur eða fleiri aðildarríkjum. Til að tryggja snurðulausa framkvæmd viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir ættu aðildarríkin að skiptast á upplýsingum ef skipt er um stjórnsýsluyfirvald, að því er varðar skipafélag, fyrir tiltekið skipafélag.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

1. Ef fyrirtæki eða einstaklingur, s.s. framkvæmdastjóri eða skipamiðlari þurrleiguskipa, sem hefur tekið á sig ábyrgð á rekstri skipsins fyrir hönd skipseiganda og hefur, með því að takast þessa ábyrgð á hendur, gengist við öllum skyldum og þeirri ábyrgð sem felast í alþjóðakóðanum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, sem settur er fram í I. viðauka við reglugerð

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE (Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10).

(EB) nr. 336/2006, og einnig gengist við ábyrgð á þeim skuldbindingum að fara að landsráðstöfunum til lögleiðingar á tilskipun 2003/87/EB og skuldbindingu til að skila inn losunarheimildum skv. 3. gr. gb og 12. gr. þeirrar tilskipunar (skuldbindingar samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir), skulu aðildarríkin tryggja að fyrirtækið eða einstaklingurinn hafi fengið fullt umboð frá skipseigandanum til að fara að skuldbindingum samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal fyrirtækið eða einstaklingurinn láta stjórnsýsluyfirvaldi sínu, að því er varðar skipafélag, í té skjal þar sem kemur skýrt fram að skipseigandinn hafi veitt viðkomandi fullt umboð til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt viðskiptakerfinu með losunarheimildir.

Skjalið skal undirritað af bæði skipseiganda og viðkomandi fyrirtæki eða einstaklingi.

Ef skjalið er á öðru tungumáli en opinberu tungumáli aðildarríkisins eða ensku skal leggja fram enska þýðingu.

Ef skjalið er afrit skal lögbókandi eða annar sambærilegur aðili, sem stjórnsýsluyfirvald að því er varðar skipafélag tilgreinir, votta það sem staðfest afrit. Ef staðfesta afritið er gefið út utan aðildarríkis stjórnsýsluyfirvalds, að því er varðar skipafélag, skal afritið löggilt nema kveðið sé á um annað í landslögum.

3. Skjalið, sem um getur í 2. mgr., skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti og einkvæmt IMO-auðkennisnúmer félags og skráðs eiganda að því er varðar fyrirtæki eða einstakling sem skipseigandi hefur veitt umboð,

b) skráningarland fyrirtækis eða einstaklings sem skipseigandinn hefur veitt umboð, eins og það er skráð í kerfi Alþjóða-siglingamálastofnunarinnar fyrir einkvæm auðkennisnúmer fyrirtækja og skráðra eigenda,

c) heiti og einkvæmt IMO-auðkennisnúmer félags og skráðs eiganda að því er varðar skipseiganda,

d) eftirfarandi upplýsingar um tengilið skipseiganda:

   i. eiginnafn,

   ii. eftirnafn,

   iii. starfsheiti,

   iv. heimilisfang fyrirtækis,

   v. símanúmer fyrirtækis,

   vi. tölvupóstfang fyrirtækis,

e) dagsetning þegar umboðið frá eiganda skipsins til viðkomandi fyrirtækis eða einstaklings tekur gildi,

f) auðkennisnúmer Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir hvert skip sem fellur undir gildissvið umboðsins.

4. Ef fyrirtækið eða einstaklingurinn, sem um getur í fyrstu málsgrein, getur ekki afhent stjórnsýsluyfirvaldi sínu skjalið, sem um getur í 2. mgr., telst skipseigandinn vera aðilinn sem ber ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt viðskiptakerfinu með losunarheimildir.

*2. gr.*

1. Ef aðilinn, sem hefur tekið á sig ábyrgð á skuldbindingum viðskiptakerfisins með losunarheimildir, er skipseigandinn skal stjórnsýsluyfirvaldið, að því er varðar skipafélag, tryggja að skipseigandinn láti því í té skjal með skrá yfir skip sem skipseigandinn hefur tekið á sig ábyrgð á gagnvart skuldbindingum samkvæmt viðskiptakerfinu með losunarheimildir og losun þeirra fellur undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB, ásamt viðkomandi auðkennisnúmeri Alþjóðasiglingamálastofnunar fyrir skip.

2. Ef einhverjar breytingar verða á skránni, sem um getur í 1. mgr., skal skipseigandinn tafarlaust tilkynna stjórnsýsluyfirvaldi sínu, að því er varðar skipafélag, um þær og láta því í té uppfært skjal ásamt heiti og einkvæmu IMO-auðkennisnúmeri félags og skráðs eiganda að því er varðar nýja skipafélagið fyrir hvert skip sem er ekki lengur á ábyrgð skipseigandans.

*3. gr.*

1. Í því skyni að úthluta skipafélagi til stjórnsýsluyfirvalds að því er varðar skipafélag, í samræmi við 3. gr. gf í tilskipun 2003/87/EB, skal skráningarland skipafélags, eins og um getur í 3. gr. gf í þeirri tilskipun, vera landið sem skráð er í THETIS MRV-kerfið sem er sérstakt upplýsingakerfi í Sambandinu sem styður við framkvæmd reglugerðar (ESB) 2015/757.

2. Að því er varðar úthlutun skipafélags, sem er ekki skráð í aðildarríki, til stjórnsýsluyfirvalds að því er varðar skipafélag, í samræmi við 1. mgr. 3. gr. gf í tilskipun 2003/87/EB, skulu gögn um viðkomu í höfn byggjast á gögnum sem geymd eru í rafrænu tilkynningakerfi í Sambandinu um skipakomur (SafeSeaNet-kerfið) sem komið var á fót með tilskipun 2002/59/EB.

Ef gögnin, sem skráð eru í SafeSeaNet-kerfið, nægja ekki til að úthluta skipafélagi, sem er ekki skráð í aðildarríki, til stjórnsýsluyfirvalds að því er varðar skipafélag getur framkvæmdastjórnin notað viðbótargögn, t.d. gögn í sjálfvirku auðkenniskerfi sem eru geymd í öðrum upplýsingakerfum.

*4. gr.*

Þegar fyrsta sjóferð skips skipafélags, sem er ekki skráð í aðildarríki, eins og um getur í c-lið 1. mgr. 3. gr. gf í tilskipun 2003/87/EB, er sjóferð sem hófst í viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og lauk í viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu annars aðildarríkis, skal stjórnsýsluyfirvaldið, að því er varðar viðkomandi skipafélag, vera aðildarríkið þar sem sjóferðin hófst.

*5. gr.*

Ef skipafélag, sem er ekki skráð í aðildarríki, hefur oftast átt viðkomu í höfn í tveimur eða fleiri aðildarríkjum skal stjórnsýsluyfirvaldið, að því er varðar skipafélag, vera aðildarríkið þar sem skipafélagið átti fyrst viðkomu í höfn í þeim sjóferðum sem hófust eða lauk í þessum aðildarríkjum með jafnmargar viðkomur í höfn og sem áttu sér stað á viðkomandi skýrslutímabili.

Dagsetning og brottfarar- eða komutími skulu reiknuð út samkvæmt heimstíma (GMT/UTC).

*6. gr.*

1. Ef skipt er um stjórnsýsluyfirvald, að því er varðar skipafélag, skal nýja stjórnsýsluyfirvaldið, að því er varðar skipafélag, hafa aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum um viðkomandi skipafélag. Þetta skal fela í sér aðgang að vöktunaráætlun hvers skips, sem skipafélagið ber ábyrgð á, að fyrri losunarskýrslum frá hverju skipi og skýrslum frá hverju skipi, sem skal leggja fram ef skipt er um félag fyrir hvert skip sem skipafélagið ber ábyrgð á, og að samanteknum gögnum um losun frá hverju félagi frá fyrri vöktunartímabilum.

2. Stjórnsýsluyfirvald að því er varðar skipafélag, sem var ábyrgt fyrir breytinguna sem um getur í 1. mgr., skal sýna tilhlýðilega kostgæfni við að láta nýja stjórnsýsluyfirvaldinu, að því er varðar skipafélag, í té öll önnur skjöl eða upplýsingar sem máli skipta um viðkomandi skipafélag, fari það fram á það.

3. Stjórnsýsluyfirvald að því er varðar skipafélag, sem var ábyrgt fyrir breytinguna sem um getur í 1. mgr., skal hafa aðgang að upplýsingum um tímabilið þegar skipafélagið var á ábyrgð þess, eins og við á, einkum að því er varðar meðferð refsiaðgerða sem gilda um brot á landsákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt tilskipun 2003/87/EB og viðurlögin sem um getur í 3. mgr. 16. gr. þeirrar tilskipunar.

*7. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2776** **2024/EES/11/86**

**frá 12. október 2023**

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 að því er varðar reglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og öðrum viðeigandi upplýsingum frá sjóflutningum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 frá 29. apríl 2015 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB ([1]), einkum 2. mgr. 5. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð (ESB) 2015/757 er mælt fyrir um reglur um nákvæma vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun gróðurhúsalofttegunda og öðrum viðeigandi upplýsingum frá skipum, sem koma í höfn, eru í höfn eða láta úr höfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, í því skyni að stuðla að samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum með kostnaðarhagkvæmum hætti.

2) Í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 er mælt fyrir um aðferðir til að vakta losun koltvísýrings á grundvelli eldsneytisnotkunar. Í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 er mælt fyrir um reglur um vöktun á öðrum viðeigandi upplýsingum.

3) Reglugerð (ESB) 2015/757 var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/957 ([2]), einkum til að gera það kleift að fella sjóflutningastarfsemi inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir ásamt vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun metans ($CH_4$) og nituroxíðs $N_2O$).

4) Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 er kveðið á um að losun koltvísýrings skuli reiknuð út með því að margfalda losunarstuðla með eldsneytisnotkun. Breyta ætti A-hluta til að láta í té endurskoðaðar formúlur til að taka tillit til innfellingar metan- og nituroxíðlosunar undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2015/757. Þar eð losun metans getur átt upptök sín í magni eldsneytis sem er ekki brennt heldur losað út í andrúmsloftið sem sleppislosun ætti að endurskoða formúlurnar í A-hluta I. viðauka til að taka þennan möguleika til greina. Í ljósi tækniþróunar og vísindalegrar þróunar í siglingageiranum og einkum framtíðarupptöku nýrra eldsneytistegunda ætti að uppfæra skrána yfir staðlaðar eldsneytistegundir og losunarstuðla sem er að finna í A-hluta I. viðauka.

5) Í B-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 eru settar fram vöktunaraðferðir til að ákvarða eldsneytisnotkun. Til að tryggja eðlilega og skilvirka starfsemi viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir er nauðsynlegt að gera greinarmun á reikniaðferðinni fyrir losun gróðurhúsalofttegunda, sem kveðið er á um í aðferðum A, B og C sem settar eru fram í B-hluta þess viðauka, og mæliaðferðinni sem kveðið er á um í aðferð D sem sett er fram í þeim hluta.

6) Til að styðja enn frekar við traustleika vöktunarkerfisins, einkum í ljósi þess að losun frá sjóflutningum er felld undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og í samræmi við almennar meginreglur um vöktun og skýrslugjöf, sem settar eru fram í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/757, ættu félög að setja verklagsreglur um gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi og láta viðeigandi lýsingar á slíkum verklagsreglum fylgja með í vöktunaráætluninni sem um getur í 6. gr. þeirrar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2776, 14.12.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 345/2023 frá 22. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 55.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/957 frá 10. maí 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/757 til að gera það kleift að fella sjóflutningastarfsemi inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og varðandi vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun fleiri gróðurhúsalofttegunda og losun frá fleiri tegundum skipa (Stjtíð. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 105).

reglugerðar. Enn fremur ætti að láta félögum í té reglur um meðhöndlun eyðna í gögnum sem taka til tilvika þar sem gögn vantar eða tímabundins fráviks frá beitingu vöktunaráætlunarinnar. Því ætti að bæta nýjum C-hluta um gagnastjórnun og -eftirlit við í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757.

7) Í B-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 eru settar fram ítarlegar reglur um vöktun félaga á öðrum viðeigandi upplýsingum á ársgrundvelli í samræmi við 10. gr. þeirrar reglugerðar. Með breytingunum á reglugerð (ESB) 2015/757, sem innleiddar voru með reglugerð (ESB) 2023/957, voru metan og nituroxíð felld undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2015/757. Breyta þarf vísum til að vakta meðalorkunýtni skipa til samræmis við það og tilgreina þá enn fremur sem gildi koltvísýringsígilda.

8) Í 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/757 eru tilgreindar þær breytur sem félög skulu vakta á ársgrundvelli til að uppfylla skyldur sínar varðandi skýrslugjöf skv. 11. gr. þeirrar reglugerðar. Í k-lið 10. gr. þeirrar reglugerðar kemur fram að félög skuli vakta á ársgrundvelli uppsafnaða heildarlosun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([3]) í tengslum við sjóflutningastarfsemi í samræmi við I. viðauka við þá tilskipun. Sú vöktun skal fara fram í samræmi við A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 og B-hluta II. viðauka við þá reglugerð. Nauðsynlegt er að bæta nýjum C-hluta við í II. viðauka þar sem settar eru fram reglur um vöktun á uppsafnaðri heildarlosun skips á gróðurhúsalofttegundum. Enn fremur er rétt að fastsetja reglur um vöktun á nauðsynlegum upplýsingum til að færa rök fyrir beitingu allra viðkomandi undanþága frá 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB sem kveðið er á um í 3. mgr. e til 3. mgr. b í 12. gr. þeirrar tilskipunar.

9) Að því er varðar tiltekið skip gæti losun gróðurhúsalofttegunda, sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB, verið frábrugðin losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir reglugerð (ESB) 2015/757, þ.m.t. vegna landfræðilegs gildissviðs sem um getur í 3. gr. ga í tilskipun 2003/87/EB. Reglur um vöktun á uppsafnaðri heildarlosun skips á gróðurhúsalofttegundum skv. k-lið 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/757 ættu að byggjast á endurskoðuðum formúlum í A-hluta I. viðauka við þá reglugerð. Til að taka tillit til reglnanna um losun gróðurhúsalofttegunda, sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB, ætti að kveða á um undanþágur í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 sem skal beita á endurskoðuðu formúlurnar í A-hluta I. viðauka við þá reglugerð sem og í hvaða röð þeim skal beitt eins og þar er sett fram. Til að laga II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 að framkvæmdargerðunum sem eru samþykktar skv. 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB ætti að fastsetja reglur um meðhöndlun lífmassa, endurnýjanlegs eldsneytis af ólífrænum uppruna og endurunnins kolefnaeldsneytis sem undanþágu frá almennu reglunni. Fastsetja ætti frekari undanþágur til að endurspegla innfellingu losunar gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, einkum að því er varðar beitingu landfræðilegs gildissviðs sem um getur í 3. gr. ga í tilskipun 2003/87/EB, meðhöndlun á losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir gildissvið 3. mgr. a og 3. mgr. b í 12. gr. þeirrar tilskipunar, meðhöndlun á losun gróðurhúsalofttegunda sem fellur undir gildissvið 3. mgr. d, 3. mgr. c og 3. mgr. b í 12. gr. þeirrar tilskipunar, beitingu undanþágunnar sem kveðið er á um í 3. mgr. e í 12. gr. þeirrar tilskipunar og kröfurnar um innleiðingu í áföngum sem kveðið er á um í 3. gr. gb í þeirri tilskipun.

10) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2015/757 til samræmis við það.

11) Losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum verður tekin með í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir frá skýrslutímabilinu sem hefst 1. janúar 2024 og losun metans og nituroxíðs verður felld undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2015/757 frá skýrslutímabilinu sem hefst 1. janúar 2024. Því er rétt að ákvæði þessarar reglugerðar komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) 2015/757 er breytt sem hér segir:

1) Í stað I. viðauka kemur texti I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. október 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

*„I. VIÐAUKI*

**AÐFERÐIR TIL AÐ VAKTA LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA**

A. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA (9. GR.)

1. **Formúlur fyrir útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda**

Til að reikna út losun gróðurhúsalofttegunda skulu félög nota eftirfarandi formúlu:

$$\mathrm{GHG_{MRV}} = \mathrm{CO_{2MRV}} + \mathrm{CH_{4MRV}} \times \mathrm{GWP_{CH_4}} + \mathrm{N_2O_{MRV}} \times \mathrm{GWP_{N_2O}}$$

Félög skulu reikna út losun koltvísýrings með því að leggja saman losun koltvísýrings frá öllu eldsneyti i sem er notað með því að nota eftirfarandi formúlu:

$$\mathrm{CO_{2MRV}} = \sum_{\mathrm{i}} \left(\mathrm{M_i} - \mathrm{M_{i,NC}}\right) \times \mathrm{EF}_{\mathrm{CO_2,i}}$$

Félög skulu reikna út losun metans með því að leggja saman losun metans, sem stafar af bruna alls eldsneytis i sem er notað, og losun sem stafar af metansleppi, með því að nota eftirfarandi formúlu:

$$\mathrm{CH_{4MRV}} = \left[\sum_{\mathrm{i}} \left(\mathrm{M_i} - \mathrm{M_{i,NC}}\right) \times \mathrm{EF_{CH_4,i}}\right] + \mathrm{CH_4S}$$

Félög skulu reikna út losun nituroxíðs með því að leggja saman losun nituroxíðs frá öllu eldsneyti i sem er notað með því að nota eftirfarandi formúlu:

$$\mathrm{N_2O_{MRV}} = \sum_{\mathrm{i}} \left(\mathrm{M_i} - \mathrm{M_{i,NC}}\right) \times \mathrm{EF_{N_2O,i}}$$

Eldsneytisnotkun skal reiknuð út sérstaklega fyrir losun frá sjóferðum milli hafna sem falla undir lögsögu aðildarríkis, frá sjóferðum sem hófust í höfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis, frá sjóferðum til hafna sem falla undir lögsögu aðildarríkis og fyrir losun í höfnum sem falla undir lögsögu aðildarríkis. Eldsneytisnotkun í höfnum, sem falla undir lögsögu aðildarríkis, þegar skip liggur við bryggju skal reiknuð út sérstaklega.

| Heiti | Skýring |
|---|---|
| $\mathrm{GHG_{MRV}}$ | Losun gróðurhúsalofttegunda sem gefa skal skýrslu um samkvæmt þessari reglugerð, gefin upp í tonnum af koltvísýringsígildum, þar sem „koltvísýringsígildi“ er mælikvarði sem er notaður til að reikna út losun frá koltvísýringi, metani og nituroxíði á grundvelli hnatthlýnunarmáttar þeirra, með því að umreikna magn af metani og nituroxíði í jafngilt magn koltvísýrings með sama hnatthlýnunarmátt. |
| $\mathrm{CO_2MRV}$ | Uppsöfnuð heildarlosun koltvísýrings. |
| $\mathrm{CH_4MRV}$ | Uppsöfnuð heildarlosun metans. |
| $\mathrm{N_2O_{MRV}}$ | Uppsöfnuð heildarlosun nituroxíðs. |
| $\mathrm{GWP_{CH_4}}$ | Hnatthlýnunarmáttur nituroxíðs á 100 ára tímabili eins og um getur í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2020/1044 ([1]). |
| $\mathrm{GWP_{N_2O}}$ | Hnatthlýnunarmáttur nituroxíðs á 100 ára tímabili eins og um getur í viðaukanum við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1044. |
| i | Stuðull sem samsvarar eldsneytinu sem notað er um borð í skipinu á skýrslutímabilinu. |
| j | Stuðull sem samsvarar upptökum losunar um borð í skipinu. Að því er varðar þessa reglugerð ná viðkomandi upptök a.m.k. yfir aðalvélar, hjálparvélar, gashverfla, katla og búnað sem framleiðir óhvarfgjarnar lofttegundir. |

| Heiti | Skýring |
|---|---|
| $M_i$ | Eldsneytisnotkun sem heildarmassi tiltekna eldsneytisins i sem notað er (samtals fyrir öll upptök losunar). |
| $M_{i,\,j}$ | Eldsneytisnotkun sem massi tiltekna eldsneytisins i sem er notað í upptökum losunar j. |
| $C_j$ | Losunarstuðull eldsneytissleppis (sleppisstuðull) frá tanki til kjölfars (e. Tank to Wake) sem hundraðshluti af massa eldsneytis i sem notað er af upptökum losunar j [%].<br>$C_j$ felur í sér lekalosun og sleppislosun. Lekalosun og sleppislosun er losun sem stafar af því magni eldsneytis sem nær ekki til brunahólfs upptaka losunar eða sem er ekki notað af upptökum losunarinnar vegna þess að það er ekki brennt, loftað út eða lekur úr kerfinu. |
| $M_{i,NC}$ | Heildarmassi eldsneytis i, ekki brennt en losað út í andrúmsloftið.<br>$$M_{i,NC} = \sum_i \sum_j M_{i,j} \times C_j/100$$ |
| $CH_4S$ | Magn metans, ekki brennt, losað út í andrúmsloftið. Til að ákvarða slíkt magn skulu félög nota eftirfarandi formúlu:<br>$$CH_4S = M_{i,NC}$$ |
| $EF_{CO_2,i}$ | Losunarstuðull koltvísýrings frá tanki til kjölfars vegna eldsneytis i, eins og skilgreint er í töflunni í 2. lið þessa hluta. |
| $EF_{CH_4,i}$ | Losunarstuðull metans frá tanki til kjölfars vegna eldsneytis i, eins og skilgreint er í töflunni í 2. lið þessa hluta. |
| $EF_{N_2O,i}$ | Losunarstuðull niturоxíðs frá tanki til kjölfars vegna eldsneytis i, eins og skilgreint er í töflunni í 2. lið þessa hluta. |

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1044 frá 8. maí 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 að því er varðar gildi fyrir hnatthlýnunarmátt og viðmiðunarreglur um skrár og að því er varðar skráningarkerfi Sambandsins sem og um niðurfellingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2014 (Stjtíð ESB L 230, 17.7.2020, bls. 1).

2. **Sjálfgefnir losunarstuðlar**

Í eftirfarandi töflu:

— stendur VM fyrir „verður mælt“,

— stendur á e.v. fyrir „á ekki við“,

— merkir bandstrikið „gildir ekki“.

Að því er varðar þessa reglugerð skal nota sjálfgildin, eins og þau eru tilgreind í töflunni hér á eftir, fyrir losunarstuðla eldsneytis og þau upptök losunar sem notuð eru um borð í skipi.

Ef reitur inniheldur annaðhvort VM eða á e.v. skal nota hæsta sjálfgildi eldsneytisflokksins í sama dálki. Ef allir reitir í sama dálki innihalda annaðhvort VM eða á e.v. fyrir tiltekinn eldsneytisflokk skal nota sjálfgildi þeirrar tegundar jarðefnaeldsneytis sem er óákjósanlegast. Þessi regla gildir ekki um 6. dálk þar sem VM eða á e.v. vísar til gilda sem ekki eru tiltæk fyrir upptök losunar. Ef um er að ræða ekkert sjálfgildi fyrir Cj skal nota vottað gildi í samræmi við 6. mgr. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1805.

Félög geta vikið frá sjálfgildunum fyrir losunarstuðlana sem eru tilgreindir í töflunni hér á eftir með því að fylgja, eftir því sem við á, beitingu skilyrðanna og takmarkananna sem er að finna í 5. og 6. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1805.

Að því er varðar eldsneyti sem er ekki jarðefnaeldsneyti, sem er ekki tilgreint í töflunni hér á eftir, skal félagið ákvarða losunarstuðla í samræmi við 32. til 35. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066**.

Ef um er að ræða blöndun eldsneytis skal fjalla sérstaklega um hvert eldsneyti fyrir sig.

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|
| Eldsneytisflokkur | Eldsneytistegund | $EF_{CO_2}$ $\left[\frac{gCO_2}{gFuel}\right]$ | $EF_{CH_4}$ $\left[\frac{gCH_4}{gFuel}\right]$ | $EF_{N_2O}$ $\left[\frac{gN_2O}{gFuel}\right]$ | $C_j$ Sem % af massa eldsneytisins sem eru notuð af upptökum losunar |
| Jarðefnaeldsneyti | Svartolía (HFO)<br>ISO 8217 flokkur RME til RMK | 3,114 | 0,00005 | 0,00018 | — |
| | Létt brennsluolía (LFO)<br>ISO 8217 flokkur RMA til RMD | 3,151 | 0,00005 | 0,00018 | — |
| | Skipadísilolía (MDO)<br>Skipagasolía (MGO)<br>ISO 8217 flokkur DMX til DMB | 3,206 | 0,00005 | 0,00018 | — |
| | Fljótandi jarðgas (LNG) | 2,750 | 0 | 0,00011 | 3,1 fyrir LNG Otto (tví-brennieldsneyti, meðalhraði) |
| | | | | | 1,7 fyrir LNG Otto (tví-brennieldsneyti, lítill hraði) |
| | | | | | 0,2 fyrir LNG dísilolíu (tví-brennieldsneyti, lítill hraði) |
| | | | | | 2,6 fyrir þunnbrunaneistakveikju (LBSI) |
| | Fljótandi jarðolíugas (LPG) (bútan) | 3,03 | VM | VM | Á e.v. |
| | Fljótandi jarðolíugas (LPG) (própan) | 3,00 | VM | VM | Á e.v. |
| | $H_2$ (jarðefna-eldsneyti) | 0 | 0 | — fyrir efnarafala | — |
| | | | | VM fyrir brunahreyfil | |
| | $NH_3$ (jarðefna-eldsneyti) | 0 | Á e.v. | VM | Á e.v. |
| | Metanól (jarðefna-eldsneyti) | 1,375 | VM | VM | — |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|---|---|---|---|---|---|
| Lífeldsneyti | Etanól | 1,913 | VM | VM | — |
| | Lífdísilolía | 2,834 | VM | VM | — |
| | Vetnismeð-höndluð jurtaolía (HVO) | 3,115 | 0,00005 | 0,00018 | — |
| | Fljótandi lífmetan sem eldsneyti til flutninga (Bio-LNG) | 2,750 | 0 | 0,00011 | 3,1 fyrir LNG Otto (tví-brennieldsneyti, meðalhraði) |
| | | | | | 1,7 fyrir LNG Otto (tví-brennieldsneyti, lítill hraði) |
| | | | | | 0,2 fyrir LNG dísilolíu (tví-brennieldsneyti, lítill hraði) |
| | | | | | 2,6 fyrir þunnbrunaneistakveikju (LBSI) |
| | Lífmetanól | 1,375 | VM | VM | — |
| | Annað | 3,115 | 0,00005 | 0,00018 | — |
| | Líf-$H_2$ | 0 | 0 | 0 fyrir efnarafala | — |
| | | | | VM fyrir bruna-hreyfil | |
| Endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna (RFNBO) – rafeldsneyti | rafdísilolía | 3,206 | 0,00005 | 0,00018 | — |
| | rafmetanól | 1,375 | VM | VM | — |
| | raf-LNG | 2,750 | 0 | 0,00011 | 3,1 fyrir LNG Otto (tví-brennieldsneyti, meðalhraði) |
| | | | | | 1,7 fyrir LNG Otto (tví-brennieldsneyti, lítill hraði) |
| | | | | | 0,2 fyrir LNG dísilolíu (tví-brennieldsneyti, lítill hraði) |
| | | | | | 2,6 fyrir þunnbrunaneistakveikju (LBSI) |
| | raf-$H_2$ | 0 | 0 | 0 fyrir efnarafala | — |
| | | | | VM fyrir bruna-hreyfil | |
| | raf-$NH_3$ | 0 | Á e.v. | VM | Á e.v. |
| | raf-LPG | Á e.v. | Á e.v. | Á e.v. | Á e.v. |
| | raf-DME | Á e.v. | Á e.v. | Á e.v. | — |

Í 1. dálki er eldsneytisflokkur tilgreindur.

Í 2. dálki er tilgreint heiti viðkomandi eldsneytistegunda fyrir hvern flokk.

Í 3. dálki er losunarstuðull EF fyrir koltvísýring í $gCO_2$/gfuel.

Í 4. dálki er losunarstuðull EF fyrir metan í $gCH_4$/gfuel.

Í 5. dálki er losunarstuðull EF fyrir nituroxíð í $gN_2O$/gfuel.

Í 6. dálki er tilgreindur sá hluti eldsneytis sem tapast sem lekalosun og sleppislosun ($C_j$), mældur sem % af massa eldsneytis sem notað er af tilteknum upptökum losunar. Fyrir eldsneyti, s.s. fljótandi jarðgas þar sem fyrir hendi er lekalosun og sleppislosun, er magn lekalosunar og sleppislosunar, eins og sett er fram í töflunni, gefið upp í % af massa eldsneytisins sem er notað. Gildi $C_j$ í töflunni eru reiknuð út sem 50% af fullu hreyfilálagi.

* Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1805 frá 13. september 2023 um notkun endurnýjanlegs eldsneytis og lágkolefniseldsneytis í sjóflutningum og um breytingu á tilskipun 2009/16/EB (Stjtíð. ESB L 234, 22.9.2023, bls. 48).

** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtíð. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1).

B. AÐFERÐIR TIL AÐ ÁKVARÐA LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Félagið skal tilgreina í vöktunaráætluninni hvaða vöktunaraðferð eigi að nota til að ákvarða losun gróðurhúsalofttegunda fyrir hvert skip, sem það ber ábyrgð á, og tryggja að þegar aðferðin hefur verið valin sé henni beitt með samræmdum hætti.

Hægt er að nota eftirfarandi aðferðir A, B, C og D sem byggjast á reikniaðferðinni eða mæliaðferðinni..

Samkvæmt reikniaðferðinni (aðferð A, B og C) skal reikna út losun með því að nota formúlurnar sem settar eru fram í A-hluta. Í því skyni skal ákvarða raunverulega eldsneytisnotkun fyrir hverja sjóferð með því að nota einhverja af aðferðum A, B eða C sem lýst er hér á eftir og eru notaðar við útreikninginn. Taka skal tillit til þátta er valda óvissu og tilheyrandi óvissustigs þegar einhver af aðferðunum A, B eða C er valin. Félagið skal reglulega láta fara fram viðeigandi eftirlitsstarfsemi, þ.m.t. tvöfalda gátun milli áfyllts eldsneytismagns sem kemur fram á afhendingarseðli fyrir skipaeldsneyti og áfyllts eldsneytismagns sem kemur fram í innbyggðum mælingum, og grípa til aðgerða til úrbóta ef fram koma merkjanleg frávik.

Samkvæmt mæliaðferðinni (aðferð D) eru notaðar beinar mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda.

Nota má hvaða samsetningu aðferða A, B, C og D sem er, þegar sannprófandi hefur metið þær, ef það eykur heildarnákvæmni mælinganna.

1. **Aðferð A: Afhendingarseðill fyrir skipaeldsneyti og reglubundin athugun á birgðum eldsneytisgeyma**

Þessi aðferð byggir á magni og tegund eldsneytis, eins og tilgreint er á afhendingarseðlinum fyrir skipaeldsneyti, ásamt reglubundinni athugun á birgðum eldsneytisgeyma á grundvelli álesturs tanka. Eldsneytið við upphaf tímabilsins, ásamt afhendingum, að frádregnu eldsneyti sem eftir er við lok tímabilsins og eldsneytið sem tæmt er úr geyminum milli upphafs tímabilsins og lok tímabilsins, er eldsneytisnotkunin á tímabilinu.

Með hugtakinu tímabil er átt við tímann milli tveggja viðkomuhafna eða tíma í höfn. Tilgreina þarf eldsneytistegund og brennisteinsinnihald eldsneytis sem notað er innan tímabils.

Þessi aðferð skal ekki notuð ef afhendingarseðlar fyrir skipaeldsneyti eru ekki um borð í skipinu, einkum þegar farmur er notaður sem eldsneyti, t.d. uppgufað fljótandi jarðgas.

Samkvæmt gildandi reglum VI. viðauka MARPOL-samningsins eru afhendingarseðlar fyrir skipaeldsneyti skyldubundnir, þeir eiga að vera um borð í skipinu í þrjú ár eftir afhendingu skipaeldsneytisins og skal vera greiður aðgangur að þeim. Reglubundin athugun á birgðum eldsneytisgeyma um borð byggir á álestri eldsneytisgeymis. Notaðar eru töflur, sem samsvara hverjum eldsneytisgeymi, til að ákvarða magnið á þeim tíma sem álestur eldsneytisgeymis fer fram. Óvissan sem fylgir afhendingarseðli skipaeldsneytis skal tilgreind í vöktunaráætluninni. Álestur eldsneytisgeymis skal framkvæmdur með viðeigandi aðferðum, t.d. sjálfvirkum kerfum, dýptarmælingum og dýptarmálböndum. Í vöktunaráætluninni skal tilgreina aðferðina við dýptarmælingu geymis og tilheyrandi óvissu.

Þegar áfyllt eldsneytismagn eða magn eldsneytisins, sem eftir er í geymunum, er ákvarðað í rúmmálseiningum, gefið upp í rúmmetrum, skal félagið umreikna magnið úr rúmmáli í massa með því að nota gildi raunverulegs eðlismassa. Félagið skal ákvarða raunverulegan eðlismassa með því að nota annaðhvort:

a) innbyggð mælikerfi,

b) eðlismassa sem eldsneytisbirgirinn mælir við áfyllingu eldsneytis og skráður er á reikningnum fyrir eldsneytinu eða afhendingarseðlinum fyrir skipaeldsneyti eða

c) eðlismassa sem mælist við greiningu sem framkvæmd er á faggiltri prófunarstofu fyrir eldsneyti, ef hægt er.

Raunverulegur eðlismassi skal gefinn upp sem kg/rúmmetra og ákvarðaður við raunverulega hitastigið við tiltekna mælingu. Í tilvikum þar sem gildi fyrir raunverulegan eðlismassa eru ekki tiltæk skal nota staðlaðan eðlismassastuðul fyrir viðeigandi eldsneytistegund, að loknu mati sannprófanda.

2. **Aðferð B: Vöktun eldsneytisgeyma um borð**

Þessi aðferð byggir á álestri eldsneytisgeyma fyrir alla eldsneytisgeyma um borð. Álesturinn skal fara fram daglega meðan á siglingu stendur og í hvert skipti sem fyllt er á geyminn eða tæmt úr honum.

Samanlagðar breytingar á eldsneytismagni geymis milli tveggja álestra sýna eldsneytisnotkunina á tímabilinu.

Með hugtakinu tímabil er átt við tímann milli tveggja viðkomuhafna eða tíma í höfn. Tilgreina þarf eldsneytistegund og brennisteinsinnihald eldsneytis sem notað er innan tímabils.

Álestur eldsneytisgeymis skal framkvæmdur með viðeigandi aðferðum, t.d. sjálfvirkum kerfum, dýptarmælingum og dýptarmálböndum. Í vöktunaráætluninni skal tilgreina aðferðina við dýptarmælingu geymis og tilheyrandi óvissu.

Þegar áfyllt eldsneytismagn eða magn eldsneytisins, sem eftir er í geymunum, er ákvarðað í rúmmálseiningum, gefið upp í rúmmetrum, skal félagið umreikna magnið úr rúmmáli í massa með því að nota gildi raunverulegs eðlismassa. Félagið skal ákvarða raunverulegan eðlismassa með því að nota annaðhvort:

a) innbyggð mælikerfi,

b) eðlismassa sem eldsneytisbirgirinn mælir við áfyllingu eldsneytis og skráður er á reikningnum fyrir eldsneytinu eða afhendingarseðlinum fyrir skipaeldsneyti eða

c) eðlismassa sem mælist við greiningu sem framkvæmd er á faggiltri prófunarstofu fyrir eldsneyti, ef hægt er.

Raunverulegur eðlismassi skal gefinn upp sem kg/rúmmetra og ákvarðaður við raunverulega hitastigið við tiltekna mælingu. Í tilvikum þar sem gildi fyrir raunverulegan eðlismassa eru ekki tiltæk skal nota staðlaðan eðlismassastuðul fyrir viðeigandi eldsneytistegund, að loknu mati sannprófanda.

3. **Aðferð C: Streymismælar fyrir viðeigandi brunaferli**

Þessi aðferð byggir á mældu eldsneytisstreymi um borð. Gögnin úr öllum streymismælum, sem tengdir eru við viðeigandi upptök losunar gróðurhúsalofttegunda, skulu tekin saman til að ákvarða heildareldsneytisnotkun fyrir tiltekið tímabil.

Með hugtakinu tímabil er átt við tímann milli tveggja viðkomuhafna eða tíma í höfn. Hvað varðar eldsneytið sem notað er innan tímabils er nauðsynlegt að vakta eldsneytistegund og brennisteinsinnihald eldsneytisins.

Í vöktunaráætluninni skal tilgreina hvaða kvörðunaraðferðir eru notaðar og óvissuna sem tengist þeim streymismælum sem notaðir eru.

Þegar magn eldsneytis er ákvarðað í rúmmálseiningum, gefið upp í rúmmetrum, skal félagið umreikna magnið úr rúmmáli í massa með því að nota gildi raunverulegs eðlismassa. Félagið skal ákvarða raunverulegan eðlismassa með því að nota annaðhvort:

a) innbyggð mælikerfi,

b) eðlismassa sem eldsneytisbirgirinn mælir við áfyllingu eldsneytis og skráður er á reikningnum fyrir eldsneytinu eða afhendingarseðlinum fyrir skipaeldsneyti eða

c) eðlismassa sem mælist við greiningu sem framkvæmd er á faggiltri prófunarstofu fyrir eldsneyti, ef hægt er.

Raunverulegur eðlismassi skal gefinn upp sem kg/rúmmetra og ákvarðaður við raunverulega hitastigið við tiltekna mælingu. Í tilvikum þar sem gildi fyrir raunverulegan eðlismassa eru ekki tiltæk skal nota staðlaðan eðlismassastuðul fyrir viðeigandi eldsneytistegund, að loknu mati sannprófanda.

4. **Aðferð D: Beinar mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda**

Nota má beina mælingu á losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við sjóferðir og í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda sem á sér stað í höfnum sem eru staðsettar í lögsögu aðildarríkis. Eldsneytisnotkun skipa, sem byggja skýrslugjöf sína um koltvísýring á þessari aðferð sem er beitt á öll upptök losunar um borð í skipinu, skal reiknuð út með því að nota mælda losun koltvísýrings og gildandi losunarstuðla viðeigandi eldsneyta og upptaka losunar.

Þessi aðferð byggir á ákvörðun losunarstreymis koltvísýrings í reykháfum fyrir útblástur með því að margfalda styrk gróðurhúsalofttegunda í útblástursloftinu með streymi útblástursloftsins.

Beiting þessarar aðferðar til að ákvarða losun gróðurhúsalofttegunda skal ekki hindra félög í því að beita einhverjum öðrum af þeim aðferðum sem lýst er í þessum hluta á aðrar gróðurhúsalofttegundir.

Í vöktunaráætluninni skal tilgreina hvaða kvörðunaraðferðir eru notaðar og óvissuna sem tengist búnaðinum sem notaður er.

C. GAGNASTJÓRNUN OG -EFTIRLIT

1. **Eftirlitskerfi**

1.1. Félagið skal láta fara fram áhættumat til að greina uppruna áhættu á villum í gagnaflæði frá frumgögnum til lokagagna í skýrslu um losun og skal koma á, skjalfesta, hrinda í framkvæmd og viðhalda skilvirku eftirlitskerfi til að tryggja að skýrslur, sem teknar eru saman á grundvelli starfseminnar í tengslum við gagnaflæði, innihaldi ekki rangfærslur og séu í samræmi við vöktunaráætlunina og þessa reglugerð.

Félagið skal hafa áhættumatið samkvæmt fyrstu málsgrein tiltækt fyrir ábyrgt stjórnsýsluyfirvald að beiðni þess. Félagið skal einnig hafa það tiltækt að því er varðar sannprófun.

1.2. Að því er varðar fyrstu málsgrein í lið 1.1 skal félagið koma á, skjalfesta, framkvæma og viðhalda skriflegum verklagsreglum, aðskilið frá vöktunaráætluninni, fyrir starfsemi í tengslum við gagnaflæði sem og fyrir eftirlitsstarfsemi og setja tilvísanir í þessar verklagsreglur og lýsingu á þeim í vöktunaráætlunina. Félagið skal hafa öll skrifleg gögn um verklagsreglurnar tiltæk fyrir ábyrgt stjórnsýsluyfirvald að beiðni þess. Félagið skal einnig hafa slík skjöl tiltæk að því er varðar sannprófun.

1.3. Eftirlitsstarfsemin sem um getur í lið 1.2 skal, eftir atvikum, ná yfir:

a) gæðatryggingu viðkomandi mælingabúnaðar,

b) gæðatryggingu upplýsingatæknikerfa sem tryggir að viðeigandi kerfi séu hönnuð, skjalfest, prófuð, innleidd, undir eftirliti og þeim viðhaldið þannig að vinnsla áreiðanlegra, nákvæmra og tímaréttra gagna sé tryggð í samræmi við sanngreinda áhættu í samræmi við lið 1.1,

c) aðgreiningu verkefna í starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi svo og stjórnun nauðsynlegrar hæfni,

d) innri endurskoðun og sannprófun gagna,

e) leiðréttingar og úrbætur,

f) eftirlit með útvistuðum ferlum,

g) skráningu og skjalfestingu, þ.m.t. stjórnun skjalaútgáfa.

1.4. Að því er varðar a-lið liðar 1.3 skal félagið tryggja að allur viðkomandi mælibúnaður sé kvarðaður, stilltur og yfirfarinn með reglulegu millibili, þ.m.t. fyrir notkun, með tilliti til mælistaðla sem hægt er að rekja til alþjóðlegra mælistaðla, þar sem þeir liggja fyrir, og í réttu hlutfalli við sanngreinda áhættu.

Ef ekki er hægt að kvarða íhluti í mælikerfunum skal félagið tilgreina þá þætti í vöktunaráætluninni og leggja til annars konar eftirlitsstarfsemi.

Ef búnaðurinn uppfyllir ekki nothæfiskröfur skal félagið þegar í stað grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta.

1.5. Að því er varðar d-lið liðar 1.3 skal félagið endurskoða og fullgilda gögn sem leiða af starfsemi í tengslum við gagnaflæði sem um getur í lið 1.2.

Slík endurskoðun og fullgilding gagna skal fela í sér eftirfarandi:

a) athugun á því hvort gögnin eru fullnægjandi,

b) samanburð á gögnum sem félagið hefur aflað, stjórnað og tilkynnt á nokkurra ára tímabili,

c) samanburð á gögnum og gildum sem fengin eru með mismunandi vöktunaraðferðum þegar fleiri en ein vöktunaraðferð er notuð.

1.6. Að því er varðar e-lið liðar 1.3 skal félagið tryggja að ef starfsemi í tengslum við gagnaflæði eða eftirlitsstarfsemi reynist ekki skilvirk eða ef ekki er farið eftir settum reglum í skjölum um aðferðir fyrir þessa starfsemi sé gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta og gögn, sem urðu fyrir áhrifum, verði leiðrétt án ástæðulausrar tafar.

1.7. Að því er varðar f-lið liðar 1.3 skal félagið, sem útvistar einni eða fleiri starfsemi í tengslum við gagnaflæði eða eftirlitsstarfsemi sem um getur í lið 1.1, takast á hendur allt eftirfarandi:

a) hafa eftirlit með gæðum útvistaðrar starfsemi í tengslum við gagnaflæði og eftirlitsstarfsemi í samræmi við þessa reglugerð,

b) tilgreina viðeigandi kröfur fyrir niðurstöður útvistaðra ferla svo og aðferða sem notaðar eru í þessum ferlum,

c) hafa eftirlit með gæðum niðurstaðna og aðferða sem um getur í b-lið,

d) tryggja að útvistuð starfsemi sé unnin þannig að brugðist sé við eðlislægri áhættu og eftirlitsáhættu sem sanngreindar eru í áhættumatinu sem um getur í lið 1.1.

1.8. Félagið skal fylgjast með skilvirkni eftirlitskerfisins, þ.m.t. með því að láta fara fram innri endurskoðun og taka tillit til niðurstaðna sannprófanda við sannprófun skýrslna um losun og skýrslna sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

Ef félagið kemst að því að eftirlitskerfið er ekki skilvirkt eða ekki í réttu hlutfalli við sanngreinda áhættu skal það leitast við að bæta eftirlitskerfið og uppfæra áætlun um vöktun eða skriflegar verklagsreglur til grundvallar starfsemi í tengslum við gagnaflæði, áhættumat og eftirlitsstarfsemi, eins og við á.

2. **Gagnaeyður**

2.1. Ef gögn vantar, sem skipta máli við ákvörðun á losun gróðurhúsalofttegunda frá skipi fyrir eina sjóferð eða fleiri, skal félagið nota staðgöngugögn sem eru reiknuð út í samræmi við staðgönguaðferðina eða staðgönguaðferðirnar sem tilgreindar eru í vöktunaráætluninni sem sannprófandinn hefur metið og, eftir atvikum, ábyrgt stjórnsýsluyfirvald hefur samþykkt.

Ef gögn vantar, sem skipta máli við ákvörðun á losun gróðurhúsalofttegunda frá skipi fyrir eina sjóferð eða fleiri, og ef ekki eru tilgreindar í vöktunaráætluninni aðrar vöktunaraðferðir eða aðrar gagnalindir til staðfestingar á gögnum eða til að fylla í gagnaeyðuna, skal félagið nota viðeigandi matsaðferð til að ákvarða varfærnislega staðgöngugögn fyrir viðkomandi tímabil og breytuna sem vantar.

2.2. Ef það er tímabundið ekki mögulegt af tæknilegum ástæðum að beita vöktunaráætluninni sem lögbært yfirvald mat og, eftir atvikum, ábyrgt stjórnsýsluyfirvald samþykkti, á fullnægjandi hátt, skal félagið beita aðferð sem byggð er á öðrum gagnalindum, sem eru tilgreindar í vöktunaráætluninni, í þeim tilgangi að framkvæma staðfestingarkannanir eða, ef slíkur valkostur er ekki í vöktunaráætluninni, staðgönguaðferð sem veitir staðgöngugögn eða varfærnislegt mat þar til skilyrðin fyrir beitingu samþykktu vöktunaráætlunarinnar hafa verið endurheimt.

Félagið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ná fram skjótri beitingu á vöktunaráætluninni.

2.3. Ef matsaðferð er notuð í samræmi við lið 2.1 eða ef tímabundið frávik frá vöktunaráætluninni á sér stað í samræmi við lið 2.2 skal félagið, án ótilhlýðilegrar tafar, þróa skriflegar verklagsreglur til að komast hjá þessari tegund gagnaeyðu í framtíðinni og breyta vöktunaráætluninni í samræmi við 7. gr.“

*II. VIÐAUKI*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/757 er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað orðanna „g-liðar 1. mgr.“ ‚í fyrsta málslið 2. liðar koma orðin „g-liðar 1. liðar“.

ii. Í stað orðanna „g-lið 1. mgr.“ í annarri málsgrein 2. liðar koma orðin „g-lið 1. liðar“.

iii. Í stað orðanna „1. og 2. mgr.“ í 3. lið koma orðin „1. og 2. lið“ .

b) Í stað B-hluta kemur eftirfarandi:

„B. VÖKTUN Á ÁRSGRUNDVELLI (10. GR.)

Í þeim tilgangi að vakta aðrar viðeigandi upplýsingar á ársgrundvelli skulu félög virða eftirfarandi reglur:

Gildin, sem á að vakta skv. 10. gr., skulu ákvörðuð með því að safna saman viðeigandi gögnum á grundvelli einstakra sjóferða.

Vakta skal meðalorkunýtni með því að nota a.m.k. fjóra vísa: eldsneytisnotkun miðað við vegalengd, eldsneytisnotkun fyrir starfsemi á sviði samgangna, losun gróðurhúsalofttegunda miðað við vegalengd og losun gróðurhúsalofttegunda fyrir starfsemi á sviði samgangna, sem skal reikna út sem hér segir:

Eldsneytisnotkun miðað við vegalengd = heildareldsneytisnotkun á ári/heildarvegalengd

Eldsneytisnotkun fyrir starfsemi á sviði samgangna = heildareldsneytisnotkun á ári/heildarstarfsemi á sviði samgangna

Losun gróðurhúsalofttegunda miðað við vegalengd = heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á ári/heildarvegalengd

Losun gróðurhúsalofttegunda fyrir starfsemi á sviði samgangna = heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á ári/ heildarstarfsemi á sviði samgangna.

Að auki mega skip, ef við á, vakta meðalorkunýtni með því að nota eftirfarandi tvo orkunýtnivísa: eldsneytisnotkun á úthaldstíma á sjó og losun gróðurhúsalofttegunda á úthaldstíma á sjó, sem skulu reiknaðir út sem hér segir:

Eldsneytisnotkun á úthaldstíma á sjó = heildareldsneytisnotkun á ári/heildarúthaldstími á sjó

Losun gróðurhúsalofttegunda á úthaldstíma á sjó = heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á ári/heildarúthaldstími á sjó

Í því skyni að uppfylla þessar reglur geta félög einnig valið að taka með tilteknar upplýsingar sem varða ísflokk skipsins og siglingu í hafís sem og aðrar upplýsingar um eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda, sundurgreint á grundvelli annarra viðmiðana sem tilgreindar eru í vöktunaráætluninni.“

c) Eftirfarandi C-hluta er bætt við:

„C. VÖKTUN Á UPPSAFNAÐRI HEILDARLOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA SEM FELLUR UNDIR TILSKIPUN 2003/87/EB Í TENGSLUM VIÐ SJÓFLUTNINGASTARFSEMI OG Á UPPLÝSINGUM TIL AÐ RÉTTLÆTA UNDANÞÁGUR FRÁ 3. MGR. 12. GR. ÞEIRRAR TILSKIPUNAR (K-LIÐUR 10. GR.)

1. **Reglur um vöktun á uppsafnaðri heildarlosun skips á gróðurhúsalofttegundum á ársgrundvelli sem fellur undir tilskipun 2003/87/EB í tengslum við sjóflutningastarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við þá tilskipun og sem gefa skal skýrslu um samkvæmt þeirri tilskipun**

Félög skulu ákvarða viðeigandi magn hverrar gróðurhúsalofttegundar fyrir sig og samtölu þessa magns, gefið upp sem koltvísýringsígildi.

Félög skulu taka til athugunar magn hverrar eldsneytistegundar sem er notuð fyrir sjóflutningastarfsemi, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2003/87/EB, að því er varðar tímabili sem skipið var á ábyrgð þeirra, með tilliti til skuldbindinganna sem settar eru fram í þeirri tilskipun.

Félög skulu, þegar við á, framkvæma útreikningana sem eru settir fram í lið 1.1. til 1.7, í þeirri röð sem mælt er fyrir um hér á eftir.

1.1. *Almenn meginregla*

Í þeim tilgangi að vakta uppsafnaða heildarlosun skips á gróðurhúsalofttegundum sem gefa skal skýrslu um samkvæmt tilskipun 2003/87/EB skulu félög nota formúlurnar sem settar eru fram í A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð, að teknu tilliti til þeirra tegunda gróðurhúsalofttegunda sem eru losaðar sem falla undir tilskipun 2003/87/EB.

1.2. *Undanþága frá almennu meginreglunni og notkun losunarstuðla skv. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB*

Þrátt fyrir lið 1.1 skulu félög ekki beita reglunum sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð að því er varðar ákvörðun á koltvísýringslosunarstuðlum þegar félagið notar eldsneyti sem uppfyllir viðmiðanirnar um sjálfbærni og viðmiðanirnar um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda að því er varðar notkun á lífmassa, sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 (*), með nauðsynlegum breytingum vegna beitingar eins og sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066. Í slíkum tilvikum skal koltvísýringslosunarstuðull lífmassahluta eldsneytisins vera núll.

Þrátt fyrir lið 1.1 skulu félög ekki beita reglunum sem mælt er fyrir um í A-hluta I. viðauka við þessa reglugerð að því er varðar ákvörðun á koltvísýringslosunarstuðlum ef félagið notar endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna (RFNBO) og endurunnið kolefniseldsneyti (RCF). Í slíkum tilvikum skal ákvarða koltvísýringslosunarstuðulinn í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066.

1.3. *Undanþága frá almennu meginreglunni ef um er að ræða sjóferð milli hafnar, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og hafnar utan lögsögu aðildarríkis*

Í samræmi við landfræðilegt gildissvið, sem um getur í 3. gr. ga í tilskipun 2003/87/EB, skal margfalda magnið, sem reiknað eru út í samræmi við liði 1.1 og 1.2 í þessum hluta, með 50% þegar losun gróðurhúsalofttegunda kemur frá skipi sem leggur annaðhvort upp í sjóferð frá viðkomuhöfn, sem fellur undir lögsögu aðildarríkis, og kemur í viðkomuhöfn utan lögsögu aðildarríkis eða sjóferð sem leggur upp frá viðkomuhöfn utan lögsögu aðildarríkis og kemur í viðkomuhöfn sem fellur undir lögsögu aðildarríkis.

1.4. *Undanþága frá almennu meginreglunni ef um er að ræða koltvísýringslosun sem um getur í 3. mgr. a og 3. mgr. b í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB*

Ef koltvísýringslosun fellur undir gildissvið 3. mgr. a eða 3. mgr. b í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal, þrátt fyrir lið 1.1, margfalda magn slíkrar losunar, sem er reiknað út í samræmi við liði 1.1, 1.2 og 1.3 í þessum hluta, með núlli.

1.5. *Undanþága frá almennu meginreglunni ef um er að ræða losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóferð eða starfsemi sem um getur í 3. mgr. d, 3. mgr. c eða 3. mgr. b í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB*

Ef losun gróðurhúsalofttegunda fellur undir gildissvið 3. mgr. d, 3. mgr. c eða 3. mgr. b í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal, þrátt fyrir lið 1.1, margfalda magnið, sem reiknað er út í samræmi við lið 1.1 til 1.4 í þessum hluta, með núlli.

1.6. *Útreikningur á uppsafnaðri heildarlosun skips á gróðurhúsalofttegundum sem gefa skal skýrslu um samkvæmt tilskipun 2003/87/EB ef félagið vill njóta góðs af undanþágunni sem kveðið er á um í 3. mgr. e í 12. gr. þeirrar tilskipunar*

Félög sem vilja njóta góðs af undanþágunni fyrir skip með ísflokk, sem kveðið er á um í 3. mgr. e í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skulu draga 5% frá magninu sem er reiknað út í samræmi við lið 1.1 til 1.5 í þessum hluta, eftir því sem við á.

1.7. *Útreikningur á uppsafnaðri heildarlosun skips á gróðurhúsalofttegundum sem gefa skal skýrslu um samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, að teknu tilliti til 3. gr. gb í þeirri tilskipun*

Að því er varðar losun fyrir skýrslugjafarárin 2024 og 2025 skulu félög beita prósentutölum úr innleiðingu í áföngum, sem kveðið er á um í 3. gr. gb í tilskipun 2003/87/EB, á magn sem reiknað er út í samræmi við lið 1.1 til 1.6 í þessum hluta, eftir því sem við á. Félög skulu leggja saman magn hverrar lofttegundar til að reikna út uppsafnaða heildarlosun skips á gróðurhúsalofttegundum sem gefa skal skýrslu um samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.

2. **Vöktun á nauðsynlegum upplýsingum til að réttlæta beitingu allra viðkomandi undanþágna frá 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB**

2.1. Ef losun gróðurhúsalofttegunda fellur undir gildissvið 3. mgr. d, 3. mgr. c eða 3. mgr. b í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB skulu félög vakta, fyrir það tímabil sem skipið var á ábyrgð þeirra, eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja tegund undanþágu sem kveðið er á um í þessum ákvæðum, á grundvelli einstakra sjóferða:

a) brottfararhöfn og komuhöfn, þ.m.t dagsetningu og tímasetningu brottfarar og komu,

b) magn og losunarstuðul fyrir hverja eldsneytistegund sem er notuð, að teknu tilliti til ákvæðanna sem mælt er fyrir um í lið 1.2,

c) gróðurhúsalofttegundir sem eru losaðar, reiknað út í samræmi við liði 1.1, 1.2 og 1.3,

d) farna vegalengd,

e) úthaldstíma á sjó.

2.2. Ef öll losun gróðurhúsalofttegunda sem kemur frá skipi á skýrslutímabili fellur undir gildissvið 3. mgr. d, 3. mgr. c eða 3. mgr. b í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB og ef skipið fer fleiri en 300 sjóferðir samkvæmt áætlun þess á því skýrslutímabili skal félaginu ekki skylt að vakta upplýsingarnar, sem um getur í lið 2.1 í þessum hluta, fyrir hverja sjóferð að því er varðar það skip á því skýrslutímabili.

2.3. Ef losun gróðurhúsalofttegunda fellur undir gildissvið 3. mgr. e í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB skulu félög veita upplýsingar sem varða ísflokk skipsins.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82).“